

**ÚRSKURÐUR  
ÓBYGGÐANEFNDAR**

**Mál nr. 1/2022**

**Útmanasveit, Borgarfjörður,  
Víkur og Loðmundarfjörður**



**5. nóvember 2024**



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>MÁLSMEDFERÐ</b> .....	<b>3</b>
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar.....	3
2.2	Austfirðir (svæði 11) teknir til meðferðar .....	3
2.3	Lýstar kröfur og kynning .....	3
2.4	Mál nr. 1/2022, Útmannasveit, Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður.....	4
<b>3</b>	<b>KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>7</b>
3.1	Kröfur íslenska ríkisins .....	7
3.2	Kröfur vegna Sandbrekku í Útmannasveit .....	8
3.3	Kröfur vegna Þórsness í Útmannasveit .....	9
3.4	Kröfur vegna Hrafnabjarga í Útmannasveit .....	9
3.5	Kröfur vegna Njarðvíkur við Borgarfjörð .....	9
3.6	Kröfur vegna Hólalands og Hólalandsbjáleigu í Borgarfirði .....	10
3.7	Kröfur vegna Hvannstóðs í Borgarfirði .....	10
3.8	Kröfur vegna Gilsárvalla og Grundar í Borgarfirði .....	10
3.9	Kröfur vegna Desjarmýrar í Borgarfirði .....	11
3.10	Kröfur vegna Brúnavíkur í Víkum .....	11
3.11	Kröfur vegna Ytri-Álftavíkur í Víkum.....	12
3.12	Kröfur vegna Ness og Neshjáleiga í Loðmundarfirði .....	12
<b>4</b>	<b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>13</b>
4.1	Inngangur .....	13
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	13
4.3	Vettvangsferð .....	14
4.4	Skýrslutökur .....	15
<b>5</b>	<b>SAGA LANDSVÆÐA</b> .....	<b>16</b>
5.1	Landnám.....	16
5.2	Afréttir og afréttarnot .....	17
5.3	Unaós í Útmannasveit .....	19
5.3.1	Heyskálar í Útmannasveit .....	30
5.4	Njarðvík við Borgarfjörð og Njarðvíkirkja.....	32
5.4.1	Borg í Njarðvík .....	47
5.5	Hrafnabjörg í Útmannasveit .....	48
5.6	Sandbrekka í Útmannasveit.....	51
5.6.1	Þórsnes / Hlaupandagerði í Útmannasveit .....	56
5.7	Hjaltastaður í Útmannasveit.....	57
5.7.1	Svínafell í Útmannasveit.....	63
5.7.2	Hraundalur og Kirkjutungur .....	64

5.8	Hólaland í Borgarfirði.....	67
5.8.1	Hólalandshjáleiga í Borgarfirði.....	69
5.9	Hvannstóð/Hvannstöð í Borgarfirði.....	69
5.10	Gilsárvellur/Gilsárvellir í Borgarfirði.....	71
5.10.1	Grund í Borgarfirði (áður Gilsárvallahjáleiga) .....	73
5.11	Desjarmýri í Borgarfirði.....	77
5.11.1	Setberg í Borgarfirði .....	89
5.12	Brúnavík í Víkum.....	92
5.13	Hvalvík í Víkum.....	99
5.14	Húsavík í Víkum .....	107
5.14.1	Hólshús í Víkum .....	127
5.14.2	Dalland í Víkum.....	133
5.14.3	Dallandspartur í Víkum .....	138
5.15	Ytri-Álftavík í Víkum / Glaumbær .....	141
5.16	Nes í Loðmundarfirði.....	147
5.16.1	Neshjáleiga í Loðmundarfirði .....	154
5.16.2	Innri-Álftavík í Víkum.....	157
5.17	Hjálmarströnd í Loðmundarfirði .....	162
5.18	Nærliggjandi jarðir í Útmannasveit og Eiðaðinghá.....	168
5.18.1	Kóreksstaðir í Útmannasveit.....	168
5.18.1.1	Kóreksstaðagerði í Útmannasveit .....	171
5.18.2	Dalir í Útmannasveit.....	172
5.18.3	Ánastaðir í Útmannasveit.....	174
5.18.4	Hreimsstaðir í Útmannasveit.....	177
5.18.5	Hrjótur í Útmannasveit .....	179
5.18.6	Hamragerði í Eiðaðinghá .....	182
5.18.7	Eiðar í Eiðaðinghá og Eiðakirkja.....	184
5.19	Nærliggjandi jarðir í Borgarfirði.....	190
5.19.1	Snotrunes í Borgarfirði .....	190
5.19.1.1	Framnes í Borgarfirði.....	194
5.19.2	Geitavík/Skriðuból í Borgarfirði.....	195
5.19.2.1	Geitland í Borgarfirði.....	199
5.19.2.2	Merki í Borgarfirði.....	200
5.19.3	Bakki/Bakkagerði í Borgarfirði .....	200
5.19.4	Jökulsá í Borgarfirði .....	206
5.19.5	Hvoll í Borgarfirði .....	209
5.19.6	Þrándarstaðir í Borgarfirði .....	212
5.19.7	Hofströnd í Borgarfirði .....	215
5.19.8	Höfn í Borgarfirði .....	217
5.20	Nærliggjandi jarðir í Víkum.....	219

5.20.1	Glettingsnes í Víkum .....	219
5.20.2	Kjólsvík í Víkum .....	224
5.20.3	Stóra-Breiðavík í Víkum.....	228
5.20.4	Litla-Breiðavík í Víkum.....	235
5.21	Nærliggjandi jarðir í Loðmundarfirði .....	240
5.21.1	Seljamýri í Loðmundarfirði .....	240
5.21.2	Stakkahlíð í Loðmundarfirði.....	242
5.21.3	Klyppstaður í Loðmundarfirði .....	246
5.21.4	Úlfsstaðir í Loðmundarfirði .....	253
5.21.5	Bárðarstaðir í Loðmundarfirði .....	257
5.21.6	Árnastaðir í Loðmundarfirði .....	259
5.21.7	Sævarendi í Loðmundarfirði.....	263
5.22	Nærliggjandi jarðir í Seyðisfirði .....	266
5.22.1	Dvergasteinn í Seyðisfirði og Dvergasteinskirkja .....	266
5.22.2	Brimnes í Seyðisfirði .....	274
5.22.3	Selsstaðir í Seyðisfirði .....	276
5.22.4	Kolsstaðir í Seyðisfirði .....	280
5.22.5	Sunnuholt í Seyðisfirði .....	282
5.22.6	Vestdalur í Seyðisfirði .....	282
5.23	Eignir og ítök kirkna .....	285
5.23.1	Vallaneskirkja .....	285
5.23.2	Valbjófsstaður í Fljótsdal.....	292
<b>6</b>	<b>SJÓNARMÍÐ AÐILA.....</b>	<b>296</b>
6.1	Íslenska ríkið .....	296
6.1.1	Ósafrétt og Grasdalur .....	297
6.1.2	Hrafnabjargafrétt .....	298
6.1.3	Sandbrekkufrétt .....	300
6.1.4	Hraundalur og Kirkjutungur .....	301
6.1.5	Afréttarland Hólalands og Hvannstóðs .....	302
6.1.6	Afréttarland Gilsárvala .....	303
6.1.7	Desjarmýrarafrétt .....	304
6.1.8	Hvalvík.....	305
6.1.9	Ytri-Álftavík .....	306
6.1.10	Innri-Álftavík .....	308
6.1.11	Hjálmarströnd .....	310
6.2	Gagnaðilar íslenska ríkisins .....	311
6.2.1	Sandbrekka og Hrafnabjörg í Útmannasveit; Njarðvík, Hólaland og Desjarmýri í Borgarfirði; Brúnavík í Víkum og Nes og Neshjáleiga í Loðmundarfirði....	311
6.2.1.1	Sandbrekka í Útmannasveit .....	313
6.2.1.2	Hrafnabjörg í Útmannasveit.....	316

6.2.1.3	Njarðvík í Borgarfirði .....	319
6.2.1.4	Hólaland og Hólalandshjáleiga í Borgarfirði .....	324
6.2.1.5	Desjarmýri í Borgarfirði.....	325
6.2.1.6	Brúnavík.....	328
6.2.1.7	Nes og Neshjáleiga .....	330
6.2.2	Þórsnes í Útmannasveit.....	333
6.2.3	Gilsárvellir, Grund og Hvannstöð í Borgarfirði.....	341
6.2.3.1	Gilsárvellir og Grund í Borgarfirði .....	343
6.2.3.2	Hvannstöð í Borgarfirði .....	345
6.2.4	Ytri-Álftavík .....	346
<b>7</b>	<b>NIDURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR .....</b>	<b>350</b>
7.1	Inngangur .....	350
7.2	Almenn atriði .....	350
7.2.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar .....	350
7.2.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	350
7.3	Landnám.....	353
7.4	Útmannasveit, Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður .....	353
7.4.1	Ósafrétt og Grasdalur .....	354
7.4.1.1	Afmörkun.....	356
7.4.1.2	Eignarréttarleg staða .....	360
7.4.2	Hrafnabjargafrétt.....	366
7.4.2.1	Afmörkun.....	367
7.4.2.2	Eignarréttarleg staða .....	369
7.4.3	Sandbrekkufrétt.....	373
7.4.3.1	Afmörkun.....	375
7.4.3.2	Eignarréttarleg staða .....	380
7.4.4	Hraundalur og Kirkjutungur .....	384
7.4.4.1	Afmörkun.....	385
7.4.4.2	Eignarréttarleg staða .....	388
7.4.5	Afréttarland Hólalands og Hvannstöðs .....	393
7.4.5.1	Afmörkun.....	394
7.4.5.2	Eignarréttarleg staða .....	396
7.4.6	Afréttarland Gilsárvala .....	399
7.4.6.1	Afmörkun.....	400
7.4.6.2	Eignarréttarleg staða .....	402
7.4.7	Desjarmýrarafétt.....	405
7.4.7.1	Afmörkun.....	406
7.4.7.2	Eignarréttarleg staða .....	410
7.4.8	Hvalvík.....	413
7.4.8.1	Afmörkun.....	414
7.4.8.2	Eignarréttarleg staða .....	416

7.4.9	Ytri-Álftavík .....	419
7.4.9.1	Afmörkun.....	420
7.4.9.2	Eignarréttarleg staða .....	423
7.4.10	Innri-Álftavík.....	426
7.4.10.1	Afmörkun.....	427
7.4.10.2	Eignarréttarleg staða .....	429
7.4.11	Hjálmarströnd .....	434
7.4.11.1	Afmörkun.....	435
7.4.11.2	Eignarréttarleg staða .....	436
7.5	Um málskostnað.....	441
<b>8</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ .....</b>	<b>442</b>
	VIÐAUKI I: ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....	I
	VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR .....	CXXV
	FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ.....	CXXVII
	FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ .....	CXXVIII
	a) Efnisflokkuð skjalaskrá.....	CXXVIII
	b) Skjalaskrá í númeraröð .....	CLXXXV
	FYLGISKJAL III: KORT .....	CCXLV
	a) Úrskurðarkort í máli nr. 1/2022 .....	CCXLV
	b) Yfirlitskort um svæði 11 .....	CCXLV





## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Þriðjudaginn 5. nóvember 2024 er tekið fyrir mál nr. 1/2022, Útmannasveit, Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Allan V. Magnússon, Sigmar Aron Ómarsson og Víðir Smári Petersen.

Aðilar máls eru:<sup>1</sup>

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Edda Andradóttir og Andri Andrason lögmenn.)

Fuglaverndarfélag Íslands vegna Njarðvíkur I í Njarðvík.

Jakob Sigurðsson og Margrét I. Benediktsdóttir vegna Borgar í Njarðvík.

Múlaþing vegna Njarðvíkur III í Njarðvík.

Stóruð ehf. vegna Hrafnabjarga í Útmannasveit.

Sigurður Thoroddsen vegna Sandbrekku í Útmannasveit.

Sigurður Hannes Magnússon, Jökull Magnússon, Jón Már Halldórsson og Árnís Birgitta Georgsdóttir vegna Hólalands í Borgarfirði.

Jón Sveinsson vegna Hólalands hjáleigu í Borgarfirði.

Þjóðkirkjan vegna Desjarmýrar í Borgarfirði.

Múlaþing og db. Jóns Sigurðssonar vegna Brúnavíkur í Víkum.

Gunnhildur Gunnarsdóttir og Einar Baldursson vegna Ness í Loðmundarfirði.

Þórhallur Eyjólfsson vegna Neshjáleigu í Loðmundarfirði.

(Jón Jónsson lögmaður.)

Ágústa Sveinsdóttir, Bjarni Sveinsson, Bóthildur Sveinsdóttir, Geirlaug Sveinsdóttir, Guðrún Hvönn Sveinsdóttir, Ingibjörg Sveinsdóttir, Jón Sveinsson og Karl Sveinsson vegna Hvannstöðs í Borgarfirði.

---

<sup>1</sup> Sjá einnig aðilaskrá (fylgiskjal I). Auk þeirra sem hér eru nefnd var við meðferð málsins lýst kröfum vegna Húsavíkur í Víkum af hálfu Arnar Hrafnssonar, Margeirs Hrafnssonar, Elfars Þórs Tryggvasonar og Þorsteins Ragnarssonar; Dallands í Víkum af hálfu Ingibjarnar Kristinssonar og Skúla Kristinssonar; Dallandsþarts í Víkum af hálfu Elfars Þórs Tryggvasonar; og Hólshúsa í Víkum af hálfu db. Guðrúnar H. Hallgrímsdóttur. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu framangreindir aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfur um málskostnað.

Andrés Björnsson vegna Gilsárvala 1–3 í Borgarfirði.

Jón Sveinsson vegna Grundar 1 og 2 í Borgarfirði.

(Sigmar Páll Jónsson lögmaður.)

Vilborg Magnúsdóttir vegna Þórsness í Útmannasveit.

(Ólafur Björnsson lögmaður.)

Db. Guðrúnar H. Hallgrímsdóttur vegna Ytri-Álftavíkur (Glaumbæjar) í Víkum.

(Bjarki Már Baxter lögmaður.)

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi þjóðlendlög, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

### 2.2 Austfirðir (svæði 11) teknir til meðferðar

Með bréfi dagsettu 20. apríl 2021 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til umfjöllunar svæði 11, Austfirði, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998, og veittur frestur til 8. október 2021 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða. Að beiðni íslenska ríkisins var frestur fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa kröfum á svæðinu framlengdur fimm sinnum, síðast til 25. janúar 2022.

Landsvæði þetta, hið sextánda í röðinni hjá óbyggðanefnd,<sup>2</sup> tekur til sveitarfélaganna Fjarðabyggðar og hluta Múlaþings.

Svæði 11 afmarkast svo við málsmeðferð óbyggðanefndar: Að vestan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi að þeim stað þar sem Gilsá rennur í fljótið. Þaðan fylgja mörkin Gilsá og vesturmörkum Múlaþings gagnvart Fljótsdalshreppi þar til komið er að mörkum Sveitarfélagsins Hornafjarðar en mörkum þess og Múlaþings er síðan fylgt suðaustur til sjávar. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Hlutaðeigandi sýslumannsembætti og sveitarfélögum var tilkynnt um málsmeðferðina þegar kröfur ríkisins höfðu borist og gerð grein fyrir framhaldinu.

### 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11 barst óbyggðanefnd 25. janúar 2022. Kröfulýsingin ásamt kortum var birt á vefsíðu nefndarinnar daginn eftir. Óbyggðanefnd birti síðan tilkynningu um málsmeðferð á svæðinu og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu

---

<sup>2</sup> Upphaflega var meginlandinu skipt í ellefu svæði við málsmeðferð nefndarinnar. Svæðum 7, 8 og 9 var öllum skipt í tvennt á síðari stigum, þ.e. svæði 7A, 7B, 8A, 8B, 9A og 9B. Svæði 10 var síðan skipt í þrennt, þ.e. svæði 10A, 10B og 10C. Svæði 11 var því sextánda og síðasta svæðið á meginlandinu þegar þarna var komið sögu.

1. febrúar 2022, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á landsvæðum sem féllu innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 6. maí 2022. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar í Lög-birtingablaðinu var birtur með auglýsingum í dagblöðum, sbr. fyrrnefnt lagaákvæði, auk þess sem birtar voru auglýsingar í héraðsfréttamiðlum.

Kynningargögn um kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerð aðgengileg almenningi á öllum skrifstofum sýslumannsins á Austurlandi, þ.e. á Seyðisfirði, Eskifirði, Egilsstöðum og Vopnafirði, auk skrifstofu og vefsíðu óbyggðanefndar. Að auki voru gögnin send sveitarfélögum á svæðinu rafrænt með beiðni um að hafa þau aðgengileg. Enn fremur var fréttatilkynning send út um þjóðlendukröfu ríkisins, kröfulýsingarfrest annarra og hvar kynningargögn væru aðgengileg. Ríkisútvarpið, Morgunblaðið og Bændablaðið fjölluðu um þjóðlendukröfurnar 2.–3. febrúar 2022 og Múlaþing kynnti kröfurnar á vefsíðu sinni.

Tilkynningu um kröfugerð ríkisins var þinglýst á fasteignir á svæðinu 8. apríl 2022 í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var framlengdur tvisvar, síðast til 20. júní 2022. Innan frestsins bárust 32 kröfulýsingar, sumar vegna fleiri en einnar jarðar eða svæðis, og eitt erindi að auki.

Gefið var út yfirlit yfir lýstar kröfur ásamt uppdrætti. Lögboðin kynning á heildar-kröfum fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á öllum skrifstofum sýslumannsins á Austurlandi frá 15. nóvember 2022 til og með 15. desember 2022, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 22. desember 2022. Sveitarfélögum á svæðinu, þ.e. Múlaþingi og Fjarðabyggð, voru einnig send kynningargögn rafrænt og þau voru jafnframt aðgengileg á skrifstofu óbyggðanefndar og vefsíðu nefndarinnar. Eitt erindi barst nefndinni með athugasemdum.

Kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, tók upphaflega til 25 skilgreindra svæða en við meðferð málsins féll íslenska ríkið frá kröfum til tveggja þeirra svo að eftir stóðu 23 svæði, auk þess sem gerðar voru breytingar á afmörkun nokkurra kröfusvæða.<sup>3</sup> Á móti bárust 32 kröfulýsingar ýmissa aðila sem sumar sköruðust en eftir fyrrgreindar breytingar á kröfugerð ríkisins voru samtals 25 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins til úrlausnar.

#### 2.4 Mál nr. 1/2022, Útmannasveit, Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður

Við fyrstu fyrirtöku mála á svæði 11, sem haldin var sameiginlega vegna allra málanna 29. mars 2023, var tilkynnt um skiptingu svæðisins í fjögur mál, nr. 1–4/2022, og að mál nr. 1/2022 nefndist *Útmannasveit, Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður*. Gerð var grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málunum og að hana skipuðu í máli nr.

<sup>3</sup> Í máli nr. 3/2022 fólu breytingar á afmörkun eins kröfusvæðis í sér að aukið var við kröfur ríkisins en um málsmeðferð vegna þeirrar breytingar fór skv. 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 eins og gerð er grein fyrir í kafla 2.4 í úrskurði í máli nr. 3/2022.

1/2022 Hulda Árnadóttir, Allan V. Magnússon og Valgerður Sólnes. Þá var gerð grein fyrir mati á sérstöku hæfi nefndarmanna og starfsmanns Þjóðskjalasafns Íslands sem hafði umsjón með gagnaöflun safnsins fyrir nefndina. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemdir við þessi atriði.

Farið var yfir forsögu meðferðar svæðis 11 og stöðu málsmeðferðar. Brýnt var fyrir lögmönnum að skila skriflegum umboðum frá öllum umbjóðendum sínum til skrifstofu óbyggðanefndar og vakin athygli á því að litið væri svo á að einungis þeir sem gefið hefðu slíkt umboð væru aðilar máls, að því frátöldu ef aðilar gættu hagsmuna sinna sjálfir.

Gerð var grein fyrir gagnaöflun nefndarinnar og stöðu hennar. Einnig var greint frá verklagi við framlagningu skjala og lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Sömuleiðis var gerð grein fyrir ýmsum atriðum sem varða málskostnað og greiðslur á útlögðum kostnaði en í því sambandi var vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendlaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Því var beint til lögmanna og annarra fulltrúa aðila að kanna hvort ljúka mætti málinu með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendlaga. Enn fremur var farið yfir framhald málsmeðferðar og m.a. upplýst að vettvangsferðir væru fyrirhugaðar síðsumars eða um haustið. Lögmenn voru beðnir að kanna, í samráði við umbjóðendur sína, hvað þeir teldu helst þurfa að skoða í vettvangsferð og hvernig því yrði best komið við.

Önnur fyrirtaka í málum nr. 1–4/2022 var haldin sameiginlega 18. september 2023. Tilkyntar voru breytingar á skipan nefndarinnar í málunum, sem áður höfðu verið kynntar lögmönnum í tölvupósti, og að nefndina skipuðu í máli nr. 1/2022 Allan V. Magnússon, Sigmar Aron Ómarsson og Víðir Smári Petersen. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemdir við breytta skipan nefndarinnar.

Greint var frá því að lögmaður ríkisins hefði upplýst nefndina um breytingar á kröfugerð ríkisins í málum nr. 1–3/2022 sem fólu í máli nr. 1/2022 í sér að fallið hefði verið frá kröfu til Herjólfsvíkur. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá og gerð grein fyrir stöðu gagnaöflunar, auk þess sem kynnt var fyrirhugað skipulag vettvangsferðar 19.–21. september en lögmönnum höfðu áður verið sendar upplýsingar um þessi atriði í tölvupósti. Þá var gerð grein fyrir framhaldi málsmeðferðar, þar á meðal áformum um greinargerðarfresti málsaðila og samspili þeirra við aðra þætti málsmeðferðar en fram kom að lögmönnum yrði tilkynnt um nákvæma fresti þegar sæi fyrir endann á kerfisbundinni gagnaöflun nefndarinnar.

Vettvangsferð vegna máls nr. 1/2022 fór fram 21. september 2023. Fjallað er um hana í kafla 4.3 hér á eftir.

Með tölvupósti 18. október 2023 voru lögmenn upplýstir um að kerfisbundinni gagnaöflun óbyggðanefndar teldist lokið og greinargerðarfrestir yrðu ákveðnir í framhaldinu. Gögn kynnu að bætast við síðar en þau yrðu þá send lögmönnum jafnóðum og þeim gæfist færi á að tjá sig um þau ef þeim þætti tilefni til. Daginn eftir var lögmönnum svo tilkynnt í tölvupósti að íslenska ríkið hefði frest til 22. nóvember

2023 til að skila greinargerð og að aðrir málsaðilar fengju í framhaldinu frest til 20. desember 2023 til að skila greinargerðum. Síðar var frestur ríkisins framlengdur til 13. desember 2023 og frestur gagnaðila ríkisins var framlengdur tvisvar, síðara sinnið til 12. febrúar 2024.

Aðalmeðferð í málum nr. 1/2022 og 3/2022 var haldin sameiginlega 19. mars 2022. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Bent var á að þótt kerfisbundinni gagnaöflun væri lokið væri hugsanlegt að fleiri skjöl ættu eftir að koma fram síðar en lögmenn og aðrir fulltrúar málsaðila fengju að sjálfsögðu afhent jafnóðum öll skjöl sem kynnu að koma fram, sem og færi á að tjá sig um þau og uppfæra málskostnaðaryfirlit sín ef þeim þætti tilefni til.

Í máli nr. 1/2022 var farið yfir atriði um málsaðild eigenda jarða á svæði þar sem íslenska ríkið hafði fallið frá kröfu. Einnig fóru fram skýrslutökur sem gerð er grein fyrir í kafla 4.4.

Þá voru málin flutt munnlega. Fyrst flutti lögmaður íslenska ríkisins mál nr. 1/2022 og 3/2022 sameiginlega. Lögmaðurinn tók fram að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Þá fluttu lögmenn gagnaðila íslenska ríkisins málin.

Við lok aðalmeðferðar tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar en ef frekari gögn kæmu fram yrðu málin þó tekin fyrir aftur af því tilefni.

Lokafyrirtaka í málum nr. 1–4/2022 var haldin sameiginlega vegna allra málanna 4. nóvember 2024. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá, sem höfðu áður verið gerð aðgengileg lögmönnum og þeir fengið upplýsingar um. Þá gerði formaður grein fyrir því að málskostnaður sem ætlunin hefði verið að úrskurða gagnaðilum íslenska ríkisins í málunum rúmaðist ekki innan fjárheimilda óbyggðanefndar á árinu. Í ljósi þess hefði nefndin ákveðið að úrskurða um málskostnað að hluta samhliða efnislegum úrskurðum í málunum en fresta ákvörðun málskostnaðar að öðru leyti. Málin yrðu síðan endurupptekin í byrjun árs 2025 til að úrskurða um þann málskostnað sem út af stæði. Formaður lýsti því að nefndin teldi þetta ekki heppilegt en þó óhjákvæmilegt svo að unnt væri að kveða upp efnislega úrskurði í málunum á árinu 2024. Að öðrum kosti hefði nefndin þurft að fresta uppkvaðningu alfarið til ársins 2025. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki at-hugasemd við þetta fyrirkomulag. Að því búnu tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar.

### 3 KRÖFUGERÐ<sup>4</sup>

#### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Kröfum fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er skipt í ellefu svæði í máli þessu. Þess er krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðanna.

##### *Ósafrétt og Grasdalur:*

Upphafspunktur er í miðri Knarrará, beint austan við Völsunga (1) og þaðan upp í Geldingaskörð (2). Úr Geldingaskörðum suður með fjallshryggnum umhverfis Njarðvíkurdal og Urðardal á Múla (3) og þaðan niður Innra-Hvannagil (4) í Njarðvíkurá (5) sem er fylgt þar til Seldalsá rennur í hana. Þaðan beint upp á Grjótfjallstind (6) og eftir fjallstindum út fjallshrygginn til norðausturs og niður á Brimnes (7) og þaðan í sjó (8). Meðfram ströndinni vestur fyrir Gripdeild og suður þar til komið er í Nautárós (9) og upp Nautá á Hádegisfjall (10) og þaðan í upphafspunkt.

##### *Hrafnabjargafrétt:*

Upphafspunktur er í miðri Knarrará, beint vestan við Völsunga (1) og þaðan upp í Geldingaskörð (2). Úr Geldingaskörðum suður með fjallshryggnum á Súlur (3) og þaðan í Ytra-Dyrfjall (4). Úr Ytra-Dyrfjalli í mið Dyrfjöll (5) og í upptök Urðardalsár (6) sem er fylgt niður í miðja Jökulsá við hlið Knarrará (7) og þaðan í Knarrará (8) og aftur í upphafspunkt.

##### *Sandbrekkuafrétt:*

Upphafspunktur er á Hraundalsvarpi þar sem vötn falla til beggja hliða (1) og þaðan er Hraundalsá fylgt frá upptökum þar til hún rennur í Bjarglandsá (2) og þaðan eftir Bjarglandsá þar til Sellækur rennur í ána (3). Er læknum fylgt að upptökum (4). Þaðan til norðurs í Jökulsá (5) sem er fylgt að upptökum í Dyrfjalli (6) og þaðan eftir háeggjum aftur í upphafspunkt.

##### *Hraundalur og Kirkjutungur:*

Upphafspunktur er þar sem Hölkná fellur í Bjarglandsá (Hraundalsá) (1) og er Bjarglandsá fylgt að upptökum að vatnaskilum (2). Þaðan er fjallsbrún fylgt til suðurs og austurs í Botnsdalsfjallsröð (3), frá Botnsdalsfjalli yfir Kollu að Hölkná (4) og er Hölkná fylgt aftur í upphafspunkt.

##### *Afréttarland Hólalands og Hvannstóðar:*

Upphafspunktur er þar sem Selá rennur í Fjarðará (1) og er Selá fylgt að upptökum (2) og upp á Tindfell (3). Þaðan vestur á Grjótfjall (4), síðan í Upsahorn (5) og hátind Beinageitarfjalls (6). Frá Beinageitarfjalli suður um Mýrnesskörð og upp á Hvannstóðseggar (7). Þaðan í upptök Lambadalsár og er ánni fylgt norður þar til hún sveigir til austurs í átt að Þverá (8) og þaðan sjónhending í læk þann, er rennur úr Hlaupbotni (9) og eftir honum í upphafspunkt.

##### *Afréttarland Gilsárvalla:*

Upphafspunktur er þar sem Lambadalsá rennur í Þverá (1) og er Lambadalsá fylgt alla leið inn í Lambadal og upp á Hvannstóðseggar (2). Þaðan til austurs á Skúmhattarraðir (3). Síðan í upptök Skúmhattardalsár (4) og er ánni fylgt aftur í upphafspunkt.

##### *Desjarmýrarafrétt:*

Upphafspunktur er þar sem Skúmhattardalsá rennur í Þverá (1) og er Skúmhattardalsá fylgt alla leið inn og suður í fjöll á Skúmhattarraðir (2). Þaðan eftir fjallgarðinum á Náttmálafjall (3), síðan á Húsavíkurheiðarvarp (4) og þaðan beina sjónhending í fremra

<sup>4</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (aðilaskrá) og III (kort).

eða stærra Gæsavatn (5). Úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhnjúka (6). Úr Hvítahnjúk í Urðarhólavatn (7) og þaðan í fossinn í efri Selshúsalæk (8) og aftur eftir Krossá í upphafspunkt.

*Hvalvík:*

Upphafspunktur er í Æðarskerssandi móts við Æðarsker (1). Þaðan upp í fjallsbrún (2) og fjallaröðum fylgt til suðurs á Súlutind (3). Frá Súlutindi til austurs með fjallgarðinum eftir því sem vötnum hallar í Glettingsgjá (4).

*Ytri-Álftavík:*

Upphafspunktur er í sjó við Höfðasand (1) og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll (2). Þaðan eftir fjallshryggnum norðaustur, yfir Hádegishnjúk (3) og niður á Hafnarnes (4) og þaðan í sjó og aftur í upphafspunkt.

*Innri-Álftavík:*

Upphafspunktur er í sjó við svokallaðan Stigaklett (1) og þaðan upp klettinn og á Víð-áttufjall (2). Þaðan eftir fjallshryggnum á Sandskeið (3) og frá Sandskeið til austurs eftir fjallshryggjum á Miðmundarfjallskoll (4) og niður fjallsröð á Höfðasand (5). Frá Höfðasandi í sjó og aftur í upphafspunkt.

*Hjálmarströnd:*

Upphafspunktur er þar sem Grímkelsgil rennur út í sjó (1) og er Grímkelsgili fylgt úr fjöru upp á fjallsbrún (2). Þaðan meðfram fjallsbrúninni eftir því sem vötnum hallar í upptök Hjálmar (3) og meðfram Hjálma niður í sjó (4) og aftur í upphafspunkt.

### 3.2 Kröfur vegna Sandbrekku í Útmannasveit

Af hálfu eiganda Sandbrekku í Útmannasveit er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og krafist staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta, skv. landamerkjabréfi Sandbrekku, dags. 20. júní 1884, að teknu tilliti til þess að hjáleigan Hlaupanda-gerði (síðar nefnd Þórsnes) hefur verið skilin frá landi jarðarinnar:

Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós (1), rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við Arnarsetuhvamm (2); þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann er liggur í Kóreksstaðakíl (3), á hverjum stendur varða við Kíllinn; þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma (4) að sunnan og vestan allt í Selfljót (5), sem ræður að norðan og utan (6); í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi.

Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol (7), eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa (8) og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökul, er liggur undir Dyrfjalli (9); þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða (10-14) allt inn á Hraundalsvarp (15) og ofan aptur Hraundalinn (16) eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir (1).

Land Þórsnes, fellur utan kröfugerðar, en það afmarkast frá Bjarglandsá (6) upp að Sellækjarósi (1) upp á Háubrunn (A) og beina stefnu austur í Álfasteina ytri (B) og úr þeim í Jökulsá (8). Þaðan í Bol (7) og í Selfljót(6).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.



### 3.3 Kröfur vegna Þórsness í Útmannasveit

Af hálfu eiganda Þórsness í Útmannasveit er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi jarðarinnar hafi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt landamerkjabréfi Sandbrekku, dags. 20. júní 1884, þar sem landamerkjum Sandbrekku og Þórsness er lýst saman og einnig samkvæmt landamerkjalýsingu Þórsness, dags. 5. maí 1916.

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til jarðarinnar Þórsness, mótmælt og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.4 Kröfur vegna Hrafnabjarga í Útmannasveit

Af hálfu eiganda Hrafnabjarga í Útmannasveit er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og krafist staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta:

Milli Óss og Hrafnabjarga ræður Knarrará (1a-1d) alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð (2), þaðan inn eggjar (3-5) til upptaka Urðardalsár, ræður þá nefnd á landamerkjum af egg (6) ofan Urðardal.

Þar er aðliggjandi Sandbrekkuland og rennur Urðardalsá (7) í svo nefnda Jökulsá (8), sem ræður landamerkjum ofan fjallið þar til ofan á sléttlendi; þá ræður sá forni farvegur Jökulsár (9) þaðan eins og hann liggur norðvestur í Selfljót (10) – sá áður nefndi forni farvegur Jökulsár er nefndur Bolur. – Selfljót að norðan aðskilur Hrafnabjargaland frá landi Eyjabæja (1).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### 3.5 Kröfur vegna Njarðvíkur við Borgarfjörð

Af hálfu eigenda Njarðvíkur við Borgarfjörð er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og krafist staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta:

Milli Njarðvíkur og Snotruness: Úr Bölmóðshlein (1) beint upp á fjall (2) og inn eftir vörpum.

Milli Njarðvíkur og Geitavíkur: Eftir vörpum þaðan sem Nesland þrýtur (3).

Milli Njarðvíkur og Bakka: Þaðan sem Geitavíkurland þrýtur (4) inn eftir vörpum og eggjum inn undir Dyrfjöll (5) og inn á Mjóadalsvarp (6). Af Mjóadalsvarpi út eggjar norðan megin vikurinnar (7) þangað til Óssland tekur við.

Milli Óss og Njarðvíkur: Þaðan sem Hrafnabjargalandi sleppir (8) út vörp og eggjar út á Gönguskarðsvarp (9), þaðan út Smátindafjall (10), á Grasdalsvarp (11), þaðan út

eggjar norðanmegin dalsins (12) og fram á tanga (13) þann sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan.

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### 3.6 Kröfur vegna Hólalands og Hólalandshjáleigu í Borgarfirði

Af hálfu eigenda Hólalands og Hólalandshjáleigu í Borgarfirði er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og krafist staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta:

Milli Hólalands annarsvegar og Grundar og Gilsárvalldar hins vegar ræður bein lína úr Merkvörðu niður við Fjarðará (1) í krókinn á Merkilæknum (2), þar sem hann fellur úr Hlíðinni. Eftir það ræður lækurinn upp í Mjóadal (3) og þaðan beint upp austan á Tindafellsöxl (4). Þá ráða hæstu fjallaraðir (5–8) inn í Mýnesskörð (9). Þaðan ræður merkjum á milli Hólalands og Hvannstóðs Fjarðaráin, sem fellur úr Mýnesskörðum sunnanvert við aðal Klifið (10) og alla leið út á móts við áður greinda vörðu á Aurnum (1).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### 3.7 Kröfur vegna Hvannstóðs í Borgarfirði

Af hálfu eigenda Hvannstóðs í Borgarfirði er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins í land Hvannstóðs verði hafnað og að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda á landi jarðarinnar í samræmi við þinglýst landamerkjabréf Hvannstóðs frá 24. nóvember 1921 auk annarra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan hnitsettra merkja á framlögðum uppdrætti.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt landeigenda að landi innan lýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum og ám sem og á landi.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

### 3.8 Kröfur vegna Gilsárvalldar og Grundar í Borgarfirði

Af hálfu eigenda Gilsárvalldar og Grundar í Borgarfirði er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins í land Gilsárvalldar og Grundar verði hafnað og viðurkenndur verði beinn óskiptur eignarréttur landeigenda á landi jarðanna í samræmi við þinglýsta landamerkjalyýsingu Gilsárvalldar með Gilsárvalldahjáleigu frá 4. júlí 1884 auk annarra landa-

merkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan hnitsettra merkja á framlögðum uppdrætti.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt landeigenda að landi innan lýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum og ám sem og á landi.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

### 3.9 Kröfur vegna Desjarmýrar í Borgarfirði

Af hálfu eiganda Desjarmýrar í Borgarfirði er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og krafist staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta:

Að sunnanverðu á Desjarmýri land til móts við Húsavík af Skúmhattardalsvarpi (1) yfir Skúmhöttinn (2) og eftir hæstu fjallaröðum út í fjall það er Náttmálafjall (3) heitir og úr Náttmálafjalli eftir Húsavíkurheiðarvarpi (4) upp á Hvítserkshnúk (5).

Landamerki milli Desjarmýrar og Litluvíkur eru bein lína ofan úr Hvítserkshnúk á mitt fremra eða stærra Gæsavatn (6).

Landamerki milli Desjarmýrar og Breiðuvíkur eru bein lína úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhjúka (7) í Gatfjall (8) og þaðan út að Bálkaskarði (9) sem er hluti hæstu fjallaraðar út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru og Litlu Breiðuvíkur og Borgarfjarðar.

Þaðan beint í Hrafnásá (10) og eftir henni niður í Fjarðará (11).

Að norðanverðu ræður Fjarðaráin – milli Desjarmýrar að sunnan og Jökulsár, Hvals og Gilsárvalla að norðan, alt þangað til Þverá fellur í hana (12), en úr því ræður Þverá milli Desjarmýrar að austan og sunnan og Gilsárvalla, Grundar og Hvannstöðs að norðan og vestan, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana (13), en þaðan ræður Skúmhattardalsá milli Desjarmýrar að sunnan og Gilsárvalla að norðan – alla leið inn og suður í Skúmhattardalsbotn (14) og beina línu þaðan upp á Skúmhattardalsvarp (1).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### 3.10 Kröfur vegna Brúnavíkur í Víkum

Af hálfu eigenda Brúnavíkur í Víkum er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og krafist staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta:

Að sunnan úr næsta vog sunnan Gusugilsfjöru (1), í Glettingsbrún, utan við Glettingsgjót (2). Þaðan eftir röðum á Glettingskoll (3). Svo eftir hæstu fjallaröðum á Súlutind (4). Og svo eftir fjallsröð á Gagnheiði (5), þaðan norður Þrándarhrygg (6) í Miðstrýp á Grenishæðum (7). Þaðan út fjallsraðir eftir því sem vötn falla til vikunnar

á Stekkhvatmsfell (8), þaðan austur Almenningsröð (9) og í mitt Almenningsflesjarsund (10).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### 3.11 Kröfur vegna Ytri-Álftavíkur í Víkum

Af hálfu eiganda Ytri-Álftavíkur í Víkum er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi jarðarinnar Ytri-Álftavík samkvæmt eftirfarandi afmörkun:

Upphafspunktur er í sjó við Mávabrík (1) og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundar (Miðdegis) fjallstopp (2). Þaðan eru landamerki út Miðmundarfjallsraðir í Miðmundarþúfu (3), þaðan í norðari Álftavíkurtind (4) og þaðan beint í sjó við Örvasand syðst (5) og aftur í upphafspunkt.

Til vara er krafist viðurkenningar á fullkomnum afnotarétti landeiganda að landi innan framangreindra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati óbyggðanefndar eða framlögðu málskostnaðarreikningi.

### 3.12 Kröfur vegna Ness og Neshjáleiga í Loðmundarfirði

Af hálfu eigenda Ness og Neshjáleigu í Loðmundarfirði er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og krafist staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta:

Frá Merkilækjarútfalli (1) og upp eftir Merkilæk (2) upp í Hrafnagil (3) til fjalls, þar er vötnum hallar (4), síðan eftir fjallseggjum, um Skæling (5) og út Nesháls, á svokallað Sandskeið, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls (6), yfir Nónfjall (7) á Miðmundarfjallskoll (8), þaðan niður Miðmundarfjallsraðir (9) og framan og vestan við svokallaðan Höfðasand, í Mávabrík (10) sem stendur fast við sjó utan við Innri-Álftavík.

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1–20 ásamt undirskjöllum, samtals 1.107 skjöl, auk 12 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái stöð um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta var kynnt lögmonnum og öðrum fulltrúum málsaðila og engar athugasemdir komu fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fulltrúum aðila málsins var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa fulltrúa málsaðila um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru jafnóðum gerð lögmonnum aðgengileg rafrænt og síðan bókuð framlögð við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni (skjals nr. 2), inngangs að sögulegri greinargerð safnsins og minnisblaða þess um tiltekin efni (skjala nr. 3(2)–3(4)), frumgagnayfirlits og jarðalista (hliðsjónargagna nr. 5–6) og minnisblaða um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum (hliðsjónargagna nr. 7–9). Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. II.

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins fimmtudaginn 21. september 2023 í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Jafnframt voru með í för starfsmaður Þjóðskjalasafns Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Vettvangsferðin hófst um á Egilsstaðaflugvelli en þaðan var ekið að Sandbrekku og numið staðar við fjárrétt við Bjarglandsá. Þaðan var horft norður að Þórsnesi og á hluta kröfufsvæðis ríkisins á Sandbrekkuafrétt, en þar sást m.a. að Sellæk sem norðurmörk kröfufsvæðis ríkisins miðast við.

Ekið var aftur út á Þjóðveginn og numið staðar skömmu áður en komið var að Unaósi. Þar sást vel til fjalla austur á kröfufsvæði ríkisins á Sandbrekkuafrétt, t.d. sáust Eiríksdalur og Urðadalur, og einnig Hrafnabjargaafrétt og Ósafrétt.

Haldið var áfram yfir í Njarðvík og numið var staðar við Innra-Hvanngil sem kröfulína ríkisins er dregin um. Þaðan gafst góð yfirsýn um kröfufsvæði ríkisins í Njarðvík.

Svo var ekið yfir í Borgarfjörð og numið staðar við Hvannstóð. Þar var horft inn Hólalands- og Hvannstóðsdal. Þar sást m.a. vel inn að Selá og upp að Nóntindi og Rauðkollutindi. Síðan var ekið eftir vegi F946 sem liggur yfir í Loðmundarfjörð þar til komið var á móts við Lambadal. Þaðan sást vel inn dalinn á mörkum Gilsárvalla og Hvannstóðs. Svo var haldið áfram eftir sama vegi að Neðri-Selhúsalæk. Þar sást einnig vel hvar Krossá og Skúmhattardalsá renna saman og mynda Þverá. Þá var ekið að Efri-Selhúsalæk en þaðan var gott útsýni yfir Desjarmýrarafrétt.

Þaðan var ekið til baka í Bakkagerði í hádegismat. Þar voru skoðaðar ljósmyndir og drónamyndir af nokkrum ágreiningssvæðum málsins. Vegna veðurs og sjólags var ákveðið að hætta við siglingu sem fyrirhuguð hafði verið vegna ágreiningssvæða í Víkum og Loðmundarfirði. Þess í stað var ákveðið að aka í Loðmundarfjörð og staðnæmast á leiðinni til að sjá staðhætti í grennd við Álftavík og horfa yfir að Hjálmárströnd. Að öðru leyti yrði í framhaldinu stuðst við loft- og drónamyndir sem teknar hefðu verið af m.a. Hvalvík og Álftavíkum. Lögmenn aðila voru allir sammála þessari tilhögun og gerðu ekki athugasemdir við hana.

Eftir hádegismat var ekið í Loðmundarfjörð með viðkomu í Húsavík og nálægt Neshálsi. Staðnæmst var við skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs í Húsavík og horft yfir víkina og á Álftavíkurtind en um hann liggur kröfulína ríkisins vegna Ytri-Álftavíkur. Svo var haldið áfram upp úr Húsavík og í Loðmundarfjörð um Nesháls. Numið var staðar í landi Ness en þaðan sást vel yfir fjörðinn á Hjálmárströnd og inn Hjálmárdal. Þá var ekið inn Loðmundarfjörð, að Stakkahlíð, og loks haldið til baka til Egilsstaða þar sem vettvangsferð málsins lauk.

#### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna málsaðila:

- Jón Sveinsson vegna jarða í Borgarfirði. Samhliða skýrslugjöf Jóns voru sýndar drónamyndir af Borgarfirði.
- Stefán Scheving Einarsson vegna Þórsness í Útmannasveit.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum þeirra er vikið í úrskurði þessum eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal hliðsjónargagna málsins.

## 5 SAGA LANDSVÆÐA

Í þessum kafla verður rakin saga svæðanna sem málið varðar. Í fyrstu er greint frá elstu ritheimildum um landnám þar. Því næst verða raktar heimildir um kröfusvæði málsins og nærliggjandi og tengdar jarðir, einkum afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Um fjöllum um þær jarðir sem liggja að ágreiningssvæðunum takmarkast oftast við heimildir um afmörkun. Að mestu er fylgt tímaröð í hverjum kafla.<sup>5</sup>

### 5.1 Landnám

Í Sturlubók og Hauksbók *Landnámu* segir eftirfarandi um landnám í Útmanasveit og Eiðapinghá, Borgarfirði, Víkum og Seyðisfirði:

Uni son Garðars, er fyrst fann Ísland, fór til Íslands með ráði Haralds konungs hárfagra ok ætlaði að leggja undir sik landit, en síðan hafði konungr heitit honum at gera hann jarl sinn. Uni tók land, þar sem nú heitir Unaóss, ok húsaði þar; hann nam sér land til eignar fyrir sunnan Lagarfljót, allt herað til Unalækjar. En er landsmenn vissu ætlan hans, tóku þeir at ýfask við hann ok vildu eigi selja honum kvikfé eða vistir, ok mátti hann eigi þar haldask.

[...]

Vetrliði hét maðr, son Arnbjarnar Ólafssonar langháls, bróðir þeira Lýtings, Þorsteins torfa ok Þorbjarnar í Arnarholti. Óláfr langháls var son Bjarnar reyðarsíðu. Vetrliði nam Borgarfjörð ok bjó þar.

Þórir lína hét maðr, er nam Breiðavík ok bjó þar; hans synir váru þeir Sveinungr ok Gunnsteinn.

[...]

Þorsteinn kleggi nam fyrstr Húsavík ok bjó þar; hans son var Án, er Húsvíkingar eru frá komnir.

[...]

Bjólfr fóstbróðir Loðmundar nam Seyðisfjörð allan ok bjó þar alla ævi; hann gaf Helgu dóttur sína Áni enum ramma, ok fylgði henni heiman öll en nyrðri strönd Seyðisfjarðar til Vestdalsár. Ísólf hét sonr Bjólfs, er þar bjó síðan ok Seyðfirðingar eru frá komnir.<sup>6</sup>

Í Sturlubók segir síðan um landnám í Loðmundarfirði:

Loðmundr enn gamli hét maðr, en annarr Bjólfr, fóstbróðir hans; þeir fóru til Íslands af Vörs af Þulunesi. Loðmundr var rammaukinn mjök ok fjölkunnigr. Hann skaut fyrir borð öndvegissúlum sínum í hafi ok kvazk þar byggja skyldu, sem þær ræki á land. En

<sup>5</sup> Þessi kafla er að mestu byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dagsettri 26. júní 2024, sem lögð var fram sem skjal nr. 3(2), sbr. einnig eldri gerð hennar, skjal nr. 3(1), dags. 14. júlí 2023. Þó hefur verið felld brott eða stytta umfjöllun um sumar heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins, auk þess sem bæst hefur við umfjöllun um gögn sem aflað var annars staðar en á Þjóðskjalasafninu. Í inngangi að greinargerð Þjóðskjalasafnsins er greint frá gagnaflokkum sem leitað var í og tilhögun gagnaöflunar, sbr. einnig yfirlit um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar og jarðalista, hliðsjónargögn nr. 5–6. Einnig skal nefnt að í heildarskilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, skjali nr. 2, og minnisblöðum um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, hliðsjónargögnum nr. 7–9, er gerð grein fyrir fleiri skjölum sem varða jarðir sem fjallað er um hér en ekki þótti tilefni til að leggja fram. Tilvísanir til skjalsnúmera vísa til skjalaskrár í fylgiskjali II en nánari upplýsingar en þar eru skráðar um uppruna skjala er að finna í heildarskilabréfi og greinargerð Þjóðskjalasafnsins.

<sup>6</sup> *Íslensk fornrit* I (1968), bls. 299–300, 302 og 306, skjal nr. 4(7).



þeir fóstbræðr tók Austfjörðu, ok nam <Loðmundr> Loðmundarfjörð ok bjó þar þenna vetr. Þá frá hann til öndvegissúlna sinna fyrir sunnan land [...] hann nam þar land, sem súlurnar höfðu komit, ok á milli Hafrsár ok Fúlalækjar; þat heitir nú Jökulsá á Sólheimasandi. Hann bjó í Loðmundarhvammi ok kallaði þar Sólheima.<sup>7</sup>

Nokkurn veginn samhljóða frásögn er í Hauksbók en þar segir þó að Loðmundur hafi búið þrjá vetur í Loðmundarfirði.<sup>8</sup>

## 5.2 Afréttir og afréttarnot

Samþykkt um melrakkaveiðar í Hjaltastaðarhreppi er dagsett 1. apríl 1833 og árituð af sýslumanni 21. október 1833. Samþykktin inniheldur 25 greinar þar sem fjallað er um grenjaleit, skyttur, aðrar melrakkaveiðar, dýratolla og batur. Í 4. og 5. grein samþykktarinnar er fjallað um hvar leitir skulu fara fram og afréttargöngur en þar segir:

### §4

Leitirnar skulu framfara þannig: millí Lagarflíots og Self[li]jóts frá Tiarnarlandi og Stórasteinsvadi skulu <sup>bændr</sup> sameginlega leyta ár hvört í þeirra löndum frá Ketilstöðum og Bóndastöðum, Frá Ekru og Dratthalastöðum, Frá Hrollaugstöðum Asgrímsstöðum og Víðustöðum, Frá Holí og Holshialeigu, þar er hefur að Nýungu ordíd vart víð Tour þar og vyst ecki í 30 fyrir farandi Ár, þá er þeim uppalaft að gánga eína gaungu í Hrafnabíargar bufiár haga NL. Það sem Knarar Á Rædur að utan, og Lángahlíð að ofan til Krákugíls ár, og að framan þar sem hún fellur í Jökuls á, og Jökuls á í Selflíót; Frá Gagnstöð [og Heys]skalum leití með Os búenda í búfiarhögum þar Víðrunar Gíl rædur Rædur [svo] til Brottubreck[u] að ofan, Brattabrecca til Síonarhrauns brúnar og ur Síonarhrauns brún í Hádeígís fiáll og sv[o] að framan í Ríupnafell[s] enda og svo sem Knarar á Rædur ofan til Selflíóts; Fra Hlaupandagerdí og Sandbrecku búfiarhagar það sem Jökuls á Rædur að utan, frá henni beinleidis í Skemuvatn sýðan í Sandvatn og loksins til Sandár að ofan Sandá rædur að framan til Biarglands ár, og ur því til Selflíóts. Klúku og Eíngilækíar Buendur hafi leit á Eíg Eýum ef þörf krefur, Frá Dolum, Korekstadagerdí † og Kórekstöðum, Biarglands á Rædur að austan og beint ur henni að ofan í Hvannafell að framan í Hrísa beint ur því. Frá Jórviyk, Jórviykurhl<sup>u</sup> Svínafelli og Híaltastad frá Selflíóti að utan og Nordan alt fram að me [svo] Merki þrepí, þaðan að framan austur í merki víð, og þaðan í hris á, að austan, hún rædr þar eptir landi – Frá Raudholti og Anastöðum fyrir framan ur Selflíóti upp merki gard í Nípu og syðan í Slackan á Geitibiörgum fram vert ur Ánastadavatni í merki þrip framanvert víð Hrafnadal og utan verdt víð Háuhraun fremre og svo í Gríóthálsa læk og beinlínis syðan á Hólkna, – Frá Hreímstöðum og Hríót frá Selflíóti að vestan, Nups á Rædur að framan, enn fyrir ~~framan~~ ofan merkígardur ur Núpsá og efrí Falkhamar og merkígardur út merkisund úti Hurdarbaks ar Krók, Þetta Hreímstadalend enn Hríótarland er að framan, framan verdt ur Hríótarvatni og upp fyrir utan Grendals hæðir, þaðan í Holkna að Austan, þá koma til Ánastada landamerki.

### §5

Það Sem Afrettar Gaungur Ahrærir, þá syníst Rétt að byría Grenialeit í Framanverðum Hraundal og Kyrkiutúngum Gángi búendur af 4<sup>th</sup> Bæum sem þar eru Rettlynis Níðurundan NL frá Hríót Hreímstöðum Ketilstöðum og Tiarnarlandi, þessir komi saman að Hríót – Enn að utanverðu Hraundal og Stángarárfíall alt að Sandá, Búendur frá Anastöðum, Raudholti Híaltastad Svínafelli Bóndastöðum Stóra Steínsvadi, Ekru

<sup>7</sup> *Íslensk fornrit* I (1968), bls. 304, 306, skjal nr. 4(7).

<sup>8</sup> *Íslensk fornrit* I (1968), bls. 303, skjal nr. 4(7).

Dratthalastóðum Hrollaugstóðum úr frambæ; þessir komi saman ad ~~fram~~ Anastóðum og byrjie leít ad framanverdu – Frá Sandá til ármóta og þaðann sem Lambamúli Rædur, til Dyrfialls er til ætíad ad Gángi Búendur frá Sandbrecku Hlaupandagerdí Dölum Kórekstadagerdí Kórekstöðum Jórvyk Jorvykurhl<sup>9</sup> út bæ Hrollaugstada Víastóðum; þessir komi saman ad Sandbrecku og byrjie leít ad utan – I afrettar land í Hrafnabiargar, Gángi búendur frá, Hrafnabiörgum Klúku Eíngilæk og Hólsbæum hver takmórk ad eru frá ádur Nefndum ármótum sem Lambamúli Rædur til Dyrfialls sem efftir vörp ad ofan og búfiár hagar ad Nedan alt til Knarar ár þessir kom[i] saman á Hrafnabiörgum og byrjie leít ad utan – I afrettarland udan Osi er til ætíad ad Gángi búendur frá Gagnstóð Asgrímsstodum Hejskálum og Osi Byrjie leít ad Framan, og komi saman á Osi.<sup>9</sup>

Hinn 22. ágúst 1893 var sett reglugerð um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu nr. 102/1893. Þar segir m.a.:

2. gr. Það skal heita afrjettarland, er búsmala er eigi haldið í á sumrum. Skal í hverri sveit aðgreina afrjettarlönd og heimalönd, og ákveða takmórk á milli. [...]

3. gr. Hver búandi er skyldur að reka geldfje sitt og lömb og þeirra, er hjá honum eiga fje, á einhverja sveitarafjett, ef til er, ellegar í afrjett annarra sveita, þar er hann getur fengið leyfi til. Sekt varðar, ef hann sleppir geldfje sínu eða lömbum í heimalandi í óleyfi nágranna sinna.

[...]

7. gr. Hver afrjettarbóndi er skyldur að gefa hreppsnefnd skriflega skýrslu um það á hverju vori, hve margt fje hann hefur tekið á afrjett og af hverjum, svo og hve margra göngumanna hann eigi von í haustgöngur frá fjáreigen[d]um. Varðar það sektum, ef hann vanrækir að gefa skýrsluna.<sup>10</sup>

Í 2. gr. reglugerðar frá árinu 1902 um fjallskil og refaveiðar í Norðurmúlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 74/1902, segir m.a.:

Sveitarstjórnin í hverri deild hefir heimild til að annast um að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir sig, fái upprekstur annarsstaðar. Er hver fjáreigandi skildur til að reka fje sitt á fjall, samkvæmt því sem sveitarstjór[i] kann að skipa fyrir, nema hann hafi útvegað sjer upprekstrarland annarsstaðar.<sup>11</sup>

Samhljóða texti er í fjallskilareglugerðum frá árunum 1918 og 1934.<sup>12</sup>

Hinn 14. maí 1920 skrifaði Hallur Bjarnarson í Hjaltastaðarhreppi bréf til sýslumanns Norður-Múlasýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga. Svar hans var að enginn almenningur og ekkert afréttarland væri í hreppnum sem ekki tilheyrði einhverju lögbýli.<sup>13</sup> J. Baldvin Jóhannesson í Loðmundarfjarðarhreppi svaraði fyrirspurninni á sömu leið með bréfi dagsettu 10. maí 1920 og sama gerðu Hannes Sigurðsson í Borgarfjarðarhreppi, þann 23. júní 1920, og Sigurður Jónsson í Seyðisfjarðarhreppi, þann 25. september 1920.<sup>14</sup>

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið til allra sveitarstjórna fyrirspurnir um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt.<sup>15</sup> Oddviti Seyðisfjarðarhrepps svaraði fyrir-

<sup>9</sup> Skjal nr. 4(108).

<sup>10</sup> Skjal nr. 4(9).

<sup>11</sup> Skjal nr. 4(10).

<sup>12</sup> Skjöl nr. 4(11)–4(12).

<sup>13</sup> Skjal nr. 2(546).

<sup>14</sup> Skjöl nr. 2(547)–2(549).

<sup>15</sup> Skjal nr. 2(664).

spurninni með bréfi dagsettu 5. nóvember sama ár og sagði enga afrétti vera í hreppnum. Sama svar kom frá oddvita Borgarfjarðarhrepps með bréfi dagsettu 8. nóvember sama ár og einnig frá bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar.<sup>16</sup> Í svari oddvita Hjaltastaðarhrepps frá 2. maí 1989 segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa. Um afmörkun segir eftirfarandi:

Að hreppamörkum við Borgarfjörð (Loðmundarfjörð) og Eiðabínghá.<sup>17</sup>

### 5.3 Unaós í Útmannasveit

Í máldaga Vilchins fyrir kirkju Jóhannesar skírara í Vallanesi frá um 1397 segir meðal annar:

Kirkia hins heilaga Jóhannis baptistæ j Wallanesi a heimaland allt oc Hvams land. Sandhaga land allt oc Wíkingstanda land.

[...]

Item skipadi sira Oddur kirkiunni j Wallanesi til eignar jord j Hofn i Borgarfirde. er adur laukst j stadarspioll. og adra jord ad Ose j Vtmannasveit. og skipadi ad þar skyldi kirkiutiund oc prestziund af hvorri sem i sokninni liggur.

fiordung j Osreka er Teitur Sockason gaf.<sup>18</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Vallaneskirkju er Sveinn biskup Pétursson setti 4. september 1471.<sup>19</sup>

Í kaupgjörningi, dagsettum 31. janúar 1539, þar sem Björn Jónsson keypti Gripdeildarreka af Eiríki Móðólfssyni segir að rekinn liggja á milli Selvogssness og Ólafssands í Borgarfirði.<sup>20</sup>

Hinn 5. ágúst 1560 gáfu Jón og Steingrímur Björnssynir Þorvarði bróður sínum Gripdeildarreka, sem lá inn frá Ólafssandi.<sup>21</sup>

Hinn 2. júlí 1598 vitnaði Stefán Jónsson að Hrafnabjörg ættu selför í Heyskálalandi. Þá kvaðst hann hafa heyrt elstu menn segja að Unaós ætti selför í Eiríksdal í landi Hrafnabjarga.<sup>22</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju Jóhannesar skírara að Vallanesi frá 9. ágúst 1641 segir meðal eigna kirkjunnar var jörðin Ós í Útmannasveit.<sup>23</sup>

Hinn 6. maí 1695 lögfesti sr. Bjarni Einarsson eign Mariukirkju undir Ási í Fellum, fjórða hlut af bæði hvala og viðá í öllum rekum og rekaplássum jarðarinnar Óss og lögfesti einnig sextánda hlut Húsavíkurkirkju úr Ósrekum öllum, bæði hvala og viðá.<sup>24</sup>

<sup>16</sup> Skjöl nr. 2(665)–2(667).

<sup>17</sup> Skjal nr. 2(669).

<sup>18</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 204–207, skjal nr. 4(53).

<sup>19</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* V, bls. 629–632, skjal nr. 4(125).

<sup>20</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* X, bls. 405–406, skjal nr. 4(33).

<sup>21</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XIII, bls. 508–509, skjal nr. 4(128).

<sup>22</sup> Skjal nr. 4(112).

<sup>23</sup> Skjal nr. 2(423).

<sup>24</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 273, skjal H-10.

Við manntalsþing að Hjaltastað 10. júní 1785 voru upplesnar tvær lögfestur, dagsettar 6. maí 1785, þar sem sr. J. Stefánsson lögfesti alla jörðina Ós með ábýlinu Heyskálum til ystu ummerkja ásamt öllum reka að undanteknum  $\frac{1}{4}$  hlut sem Ásskirkju tilheyrði. Þá lögfesti hann einnig fjórðung hvalreka á Gripdeild.<sup>25</sup>

Í bréfi sr. Jóns Stefánssonar í Vallanesi, dagsettu 16. júlí 1786 að Vallanesi, til Sigurðar Hallssonar og Hávarðar Guðmundssonar í Njarðvík er fjallað um lagnir og reka. Í bréfinu kemur fram að þeir Sigurður og Hávarður höfðu tekið seli við Gripdeild og Ósafles en ábúandi á Ósi, Guðmundur Ketilsson, hafði lýst yfir óánægju með það selaveiði. Sr. Jón sagði í bréfinu að Gripdeild og Ósafles liggi fyrir landi Óss og þótt Njarðvíkingar ættu  $\frac{1}{4}$  hlut í reka í Gripdeild þá ættu þeir ekki nótlög eða selveiðar fyrir henni. Sr. Jón bauð þeim sátt þannig að þeir hættu að taka nokkuð við Ósland, hvorki reka né veiði, og að þeir myndu eftirláta Guðmundi á Ósi helming af því sem veiddist.<sup>26</sup>

Í skoðun yfir kirkjueignir Vallaness, dagsettri 29. desember 1789, er fjallað um kirkjujarðir hennar og hjáleigur. Fram kemur að Ós og Heyskálar lágu í eyði.<sup>27</sup>

Hinn 4. nóvember 1792 fór fram kaupgjörningur þar sem Eiríkur Hallsson seldi Gísla Halldórssyni hálfu fjöruna milli Ólafssands og Selvogssness sem kallast Gripdeild. Skjalið, sem dagsett er 24. nóvember 1792, var þinglesið á manntalsþingi á Desjarmýri 29. apríl 1793. Einnig kemur fram á skjalinu að 12. maí 1796 seldi sr. Sigfús Guðmundsson á Hjaltastað, fyrir hönd bóndans Jóns Vigfússonar á Ketilsstöðum, Gísla Halldórssyni í Njarðvík hinn helming fjörunnar Gripdeildar. Skjalið var aftur upplesið á manntalsþingi að Desjarmýri 12. maí 1796.<sup>28</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Unaóss metinn 16 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Vallaneskirkja.<sup>29</sup>

Í afriti af vitnisburði, dagsettum 1. apríl 1828, sem Hávarður Vigfússon gaf um Grasdal segir eftirfarandi um dalinn gagnvart Njarðvík við Borgarfjörð og Unaósi í Útmanasveit:

ad eptir því sem eg frekast veit þa á Niardvik allan Grasdal enn Os eckert af firnefndum Dal. enn það heirdi eg ad Os ætti upp undir Vorpinn á Skemmudal og Gaungudal, og ut undir Grasdals Varpid og svo út med Fjallinu ad Nordanverdu.<sup>30</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 8. júlí 1829 var upplesið forboð prófastsins sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi hvar hann fyrirbauð að skotið yrði frá Ósum innanverðum og allt út þangað sem Njarðvíkurland tæki við.<sup>31</sup> Forboð sr. Guttorms var einnig upplesið við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí.<sup>32</sup>

<sup>25</sup> Skjal nr. 2(708).

<sup>26</sup> Skjal nr. 2(212).

<sup>27</sup> Skjal nr. 2(486).

<sup>28</sup> Skjal nr. 2(213).

<sup>29</sup> Skjal nr. 2(96).

<sup>30</sup> Skjal nr. 2(215).

<sup>31</sup> Skjal nr. 2(825).

<sup>32</sup> Skjal nr. 2(679).

Samþykkt um melrakkaveiðar í Hjaltastaðarhreppi er dagsett 1. apríl 1833 og árituð af sýslumanni 21. október 1833. Í 4. og 5. grein samþykktarinnar er fjallað um hvar leitir skulu fara fram og afrettargöngur en sá hluti sem varðar Unaós og nágrenni er svohljóðandi:<sup>33</sup>

## §4

Leitírnar skulu framfara þannig: [...] Frá Gagnstöð [og Heys]skalum leití med Os búenda í búfiarhögum þar Víðrunar Gíl rædur Rædur [svo] til Brottubrekk[u] ad ofan, Brattabrecca til Síónarhrauns brúnar og ur Síónarhrauns brún í Hádeígis fiáll og sv[o] ad framan í Ríúpnafell[s] enda og svo sem Knarar á Rædur ofan til Selflióts [...]

## §5

Þad Sem Afrettar Gaungur Ahrærir [...] I afrettarland udan Osi er til ætlad ad Gángi búendur frá Gagnstóð Asgrímsstodum Hejskálum og Osi Byrie leit ad Framan, og komi saman á Osi.<sup>34</sup>

Í bréfi sr. Guttorms Pálssonar, prófasts í Vallanesi, til sr. Guttorms Þorsteinssonar, prófasts á Hofi í Vopnafirði, dagsettu 24. nóvember 1840, kemur fram að ágreiningur var um hvort Grasdalur tilheyrði Njarðvík eða Ósi. Í bréfinu er vísað í eftirrit af vitnisburði fimm manna frá 1530 um málefnið. Þá eru bréfaskriftir undanfarinna ára vegna ágreiningsins tilgreind. Eigandi Njarðvíkur, eingöngu nefndur herra Sigurður í bréfinu, taldi Grasdal tilheyra jörðinni en sr. Guttormur Pálsson taldi dalinn tilheyra Ósi. Varðandi áreið sem sr. Guttormur Pálsson framkvæmdi á þrætulandið segir:

reid eg ásamt Séra Stepháni og Sigurdi yfir Gaunguskard út Ósfjall og útá hrygg er liggur innanverdt vid Grasdalinn ofan frá sonefndu Tóarfjalli, er liggur nokkud fyrir utan Njarðvíkurbæ og adskilst frá því ytsta felli af fjallgardinum, Skjaldarfjalli, af dalverpi upp á milli fjallanna er nefnist Skjaldardalur og þar úr fallandi á til Njarðvíkurinnar er nefnist Skjaldardalsá, fellur hún beint ofaní sjó nokkud fyrir innan sokallad Skálanes er sýnist vera sá ytsti edur sudur i sjóinn leingst gágangandi tángi er takmarkar Njarðvíkina ad utanverdu. –

Enn þegar komid var á ádurnefndann hrygg, sást ad utan verdt vid Toarfjallid ad nordan fellur ofan á til norvesturs úr fjallgardinum ofaní dalverpi er myndast af ádur nefndum hrygg, hvörr ed geingur og myndar líkt sem gleidann vinkil fyrst til nordurs og sídan til nordausturs og nær á hæðina þar sem hann geingur nordur, hér umbil upp í midt Tóarfjallid enn lækkar svo smásaman þartil hann beygist beint til nordausturs og er þadanaf nokkurnvegin jafnhár; hvaraf sjá má ad Tóar og Skjaldarfjöllin heýra til adal fjallgardinum uppá hvörn Njarðvíkurland nær leingst á nordur Síðuna. – Jafnvel þótt ad bædi jeg og S<sup>ra</sup> Stephán reýndum til ad gjöra Sigurdi skiljanlegt ad hann eptir kálfskinns vitnisburðinum gjæti ei eignad Njarðvík landid leingra nordur enn þángad sem fjallgardurinn væri hædstur, enn ekki nordur á Osfjalls nordurbrún, eptir hvörri hryggurinn geingur út eptir létst hann ekki mögulega géta skilid þad, vegna þess ad Grasdalsáin félli út um þá Fjöru á hvörri Njarðvík eptir vitnisburðinum ætti vafalaust reka, og vill – einsog og bædi hefi feýngid ad vita sídan af ýmislegu, sosem leyfi er hann hefir gefid til lambareksturs á Grasdalinn, forbodi er hann gjörði i Sumar til Ósmanna ad brúka hann og bréfinu til ydar – halda aframm sinum upptekna fjarska og þrái. – Enn fyrir utan þad ad bædi vitnisburðurinn og Lögfesturnar samanbornar vid Situationina, fráskilja Njarðvík Grasdalinn, svo gét eg og leidt vitni til ad sá fyrri eigandi Gisle Sál. Haldórsson afsaladi sér bréflega Grasdalinn sosem heýrandi til Oss

<sup>33</sup> Texta 4. og 5. gr. í heild er að finna í kafla 5.2.

<sup>34</sup> Skjal nr. 4(108).

og Hjaltastada Þingár og neitadi þar grenjaleitum og grenjahreinsun, og þeir fyrri abúendur á Ose hafa gefid mér vitnsburd um, að þeir hafi um 20 ára tíma brúkad Grasdallinn óátalid.<sup>35</sup>

Í bréfi sr. Guttorms Þorsteinssonar á Hofi í Vopnafirði, dagsettu 30. desember 1840, til óþekkts viðtakanda um Grasdall, sem var svar við bréfi frá 11. október 1840, segir meðal annars:

eg álit mióg tvísýnt að Njardvík ur Njardvírkirkju tilheyri Grasdalur sá sem þér umskrifid hvór ekki heldur er nefndur í vitnisburdarskiali því er þér sendud mér. Ræd eg Ydur því einlægliga til að byrja ekki málfærslu í svo vafasamri sök<sup>36</sup>

Hinn 16. mars 1841 vitnaði Þorvarður Gíslason um landamerki og rekamörk Njarðvíkur. Í vitnisburðinum segir:

Reki byriast að sunna verdu við Bölmuds hlein verður að gánga ofan hia Bolmuds hlein fram með í sídsta bás a Niardvíkur reka ogsvo a Jordinn Niardvík Reka kring Vikina og Nordur með alt í bas þann sem er a milli Olafs sands og Gripdeildar, til Lands eda Landa merki er að Sunnann verda að Krossiadri beint upp til Varpa og eptir Vörpumm alt í kring eptir sem Votnum hallar, ásamt dal þeim er kalladr er Grasdall og Liggr Upp frá Niardvík ur Afrétt, hvorn dal Niardvíkur Abuendr fyrir Gripa gaungu Nauta og Saudfiar atolulaust haft hafa<sup>37</sup>

Í vitnisburði Björns Ólafssonar, dagsettum 8. maí 1841, segir eftirfarandi um Grasdall:

Björn Olafsson giörir vitanlegt að eg uppa æru og samvitsku Vitna sem gagnkunnugur og heimilismadur í Njardvík frá 1821 til 1827 að þa verandi bóndi og Eignarmadur Njardvíkur og fjárhalds madur kikjunar þar Gisli sál Haldorsson helt og hafði og sína Eign og kirkiunar haldandi dal þann Er liggur á bak við Skialdarfjall Enn firir sunnann biarg það sem kallad er ós Biarg og Grasdalur Er kalladur og þvíad Eins í <sup>filgi</sup> af sinum og kirkiunar Eignar Retti Lögfesti nefndann dal ásamt ödru Njardvík~~ur~~ tilheirandi landi 1821 þann 24 Juni samqvæmt annari adur giördri af 1530 í því skini <sup>ad</sup> bæga fra annarz ásælni og so til <sup>ad</sup> Vidhalda því Er að fornu og níu hafði undir Niardvík leigid hefur dalur þessi Verid Jafnan geldnauta afrétt Niardvíkinga bædi á firri og seinni tímumm og hafa þeir so vídt eg til veit álitid ser fulla helgi a öllum þeim afnotum Er af dalnum geta ordid höfd Enn aungva (so framt mer er kunnugt) Veit eg þar sem <sup>a</sup> ósi hafa búid í næstu 30 ár hafa brúkad Eda lánad nefndan dal Eptir Eignar Rettar sialfgéfinni fullmagt.<sup>38</sup>

Hinn 31. maí 1841 lögfesti Guttormur Pálsson prestur á Vallanesi kirkjujörðina Una-ós með rekum og ítökum. Lögfestan var fyrst þinglesin á manntalsþingi á Hjaltastað þann 2. júní 1841 og á manntalsþingi á Desjarmýri 4. júní 1841. Lögfestunni var mótmælt af sr. Snorra Sæmundssyni, eiganda Njarðvíkur, á manntalsþingsrétti að Desjarmýri þann 24. júní 1842. Lögfestunni var aftur mótmælt fyrir manntalsþingsrétti þann 10. júlí 1844 á sama stað, af bæði Snorra Sæmundssyni og Hallgrími Ólafssyni í Húsavík. Texti lögfestunnar og greindra mótmæla er eftirfarandi:

Eg Guttormur Pálsson Prestur til Vallaness lögfesti hérmed Vallaness kyrkiujörd Ós á Utmannasveit, með öllum tilheyrandi Gögnum og Giædum, Landi og landsnytiðum,

<sup>35</sup> Skjal nr. 2(217).

<sup>36</sup> Skjal nr. 2(218).

<sup>37</sup> Skjal nr. 2(383).

<sup>38</sup> Skjal nr. 2(219).

Rekum og veidistöðum sem greindri Jördu tilheyra innan hér greindra ummmerkia ad innan frá Knarará, eptir sem hún fellur af vörpum ofan nidr i Selfliót og frá greindu Selflióti og Siáfarströndu austur á Fiallgarda og vörp öll þángad sem Vötn taka ad deilast til Niardvíkur innann frá greindri Knarará allt útá Skialdarfialls ytri enda, og í Sió nidr, Lögfesti eg Reka alla innan frá Knararósi allt út ad Gripdeild, allt i Fiskhelgi, (ad undanteknum Fiórdúngi i Rekunum, er As kyrkiu tilheyrir, og 16d Hlut i hálfum Hval sem Hallormsstada kyrkia á,) Sömuleidis Nót og Netlög öll, med greindri Ströndu og vid ósafles.

Einnig fridlysi eg, greindum Plátsum fyrir óleyfilegum Skotum og Seladrápum, Lögfesti eg Land það og Landsnytiar fyrir Vestan Selfliót, sem tilheyra Osi og Afbylinu Heyskálum, allt frá greindu Flióti og í midjan Bjarglandárós, og þaðann Sióhending til Siáfar.

Hér med Lögfesti eg og þau Itök, er Máldagarnir eigna Vallaness kyrkiu innan Dysjarmyrar og Hialtastadar Þinglaga, nefnilega áttung i Hvalreka i Ófærekum, hálfan Reka vid Sandbreckumenn i 10 hndr. Fiórdúng Hvalreka á Gripdeild, Tólf túng Hvalreka á Hrollaugsstadasandi, annan Tólf túng milli Þeistavogs og Spakárdals og slíkt í Flutningi hvar sem á Land kémur. Fiórdúng i Hvalreka vid Snotrunessmenn undir Vogsfjöllum, sunnan frá Sandi til Gripsgiár, Hálfan Hvalreka á Eyri i Borgarfyrði, milli Drángs og Kams, áttung í Hval i Brúnavik og i Kiólsvik og í hvalreka i hvalvik, Fiórdúng i Svínavig, hvar sem á Land kémur, Stigaás allan og Grindarás allan. Fyrirbyð eg hvörum Manni ad nota sér greint Ós Land, til Slæгна beitar, edr gieldfiárgaungu, samt þau upptöldu hlunnindi og Itök án þess mitt leyfi komi til, edur Oss ábúenda ad svo miklu leiti þeirra Landsnytiium vid kémur allt undir vidliggiandi Lagasektir, ber þeim er nokkud þykast hafa hér i móti ad mæla, ad fram koma med þau Skjöl og Skilriki er þessum Vallaness kyrkiueignum géti hnekkt og þau sömu gyldandi giöra.

Til Stadfestu mitt undirskrifad Nafn

Vallanesi þann 31ta Maii 1841

G Pálsson

[...]

Upplesid fyrir Manntalsþingsrétti ad Desjarmyri þann 24 Junii 1842, og var þessari Lögfestu mótmælt fyrir Hönd Eiganda Niardvíkur af prestinum Sra Snorra Sæmundssyni.

[...]

Upplesid fyrir Manntalsþingsrétti ad Desjarmyri þann 10d Julii 1844, hvar presturinn Sra Snorri Sæmundsson sem fullmektugr Niardvíkur Eiganda protesteradi i kröptuglegasta máta á móti þessari Lögfestu ad svo miklu leiti hún kémr i Strid vid Réttindi tedra Eiganda og sömuleidis protesteradi proprietarius Hallgrimur Olafsson á Húsavik i allan máta á móti tédri Lögfestu ad því leiti Húsavíkur kyrkiu máldagi heimilar nefndri kyrkiu 1/16 hlut i öllum Os Rekum; hvað hérmed vitnast.

J:C: Voigt const.<sup>39</sup>

Hinn 10. júlí 1841 vitnaði Björn Sigurðsson um Grasdal og Gripdeild. Þar segir eftirfarandi:

jeg hef aldrej heyrnt annad enn Grasdalur tilheyri Njardvík, hvor ad hefur Vered Gomul Nauta afrétt Niardvíkinga fra tíð Sigurdar Magnussonar og brodir hans Havardar alt til Gisla Haldorssonar, hvor einnig hafði Nefndan dal fyrir Nauta afrett i mínu minni, og dyrfdist einginn tedan dal ad bruka utan Niardvíkur Eigendur, svo jeg hafi heyrnt um getid.

<sup>39</sup> Skjöl nr. 2(263), 2(699), 2(673), 2(681) og 2(686).

enn Reka Mark Niardvikur heyrði jeg föður minn sæla seigia, væri fra Gripdeild og sudur í Bölmód, og þar til merkis vissi eg aldrei í 9<sup>u</sup> ar sem eg var a Nesi, ad tekin væri ein Spita fyrir Nordann Adgerdarhvamm<sup>40</sup>

Í vitnisburði Jóns Hallgrímssonar, dagsettum 30. október 1841, segir um Grasdal:

Jeg undirskrifadur fluttist Ad Osi med Fostur forelldrúm mínum Kolbeini Saluga Geirmundssyni og Gudbiorgu Jónsdóttir, og var þar í 17 ár, alla tíjd Fiármadur Vetur og Sumur og var Grasdalur að eingu brúkaður þann tíma frá Osi, hvorki léður – ellegar nokkurn tíma á hann Rekið; og það ieg til veit hafa Njardvikingar haldid Grasdal sína Eign, og brúkad hann<sup>41</sup>

Hinn 2. nóvember 1841 vitnaði Þorkell Björnsson um Grasdal en í vitnisburði hans segir:

Jeg er nú kominn á Níundatug Ára barnfæddr og uppalinn í Hialtastadarþinghá var þar í 33<sup>u</sup> ar Hreppstjóri, og sa umm Fiallskil öll þann tíma, og vissi jeg ej til ad oss abuendur í neinu notudu ser landstykki það er Grasdalur heitir, og liggr uppaf Niardvíkr afrétt, hvörki léde hann ödrum fyri Géldfié eda notudu sialfir, enn það vissi eg ad Gísli Sal: Haldorsson brukadi Nefndan Dal fyrir Nauta afrétt, än þess ad sækia Leifi til Óssmanna.<sup>42</sup>

Í vitnisburði Gísla Gíslasonar til Sigurðar Jónssonar, dagsettum 2. nóvember 1841, segir um Grasdal:

Orsökinn Huarfirer Eg undirskrifadur af saladi mier þrætumm urgi og ummtali umm gripa á gang annara á grasdal og Hönumm þar med – var – ad eg Huorki gat eda nenti ad standa í Mála\_urgi umm hann (Jafn)vel. Þo eg sem þeir ed firer mig væru í Niardvík meintu Hann <sup>Niardv.r</sup> sína Eign. Hvad mier fanst og sislu madur Melsted Halda riett meint í lausatali vid mig umm grasdal<sup>43</sup>

Í bréfi dagsettu í nóvember árið 1841 frá Sigurði Jónssyni og Sigurði Gíslasyni til sýslumanns kemur fram að sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi hafi byggt Grasdal undir Vallaneskirkjújörðina Ós, en tvímenningarnir héldu því fram að Grasdalur hafi aftur á móti tilheyrt Njarðvík í árhundruð. Bréfið var tilkynning um að þeir nafnar frá Njarðvík væru búnir að gefa sr. Snorra Sæmundssyni prófasti umboð til að reka málið fyrir þeirra hönd.<sup>44</sup>

Í bréfi dagsettu í nóvember árið 1841 frá Sigurði Jónssyni og Sigurði Gíslasyni til sýslumanns kemur fram að sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi hafi byggt Grasdal undir Vallaneskirkjújörðina Ós, en tvímenningarnir héldu því fram að Grasdalur hafi aftur á móti tilheyrt Njarðvík í árhundruð. Bréfið var tilkynning um að þeir nafnar frá Njarðvík væru búnir að gefa sr. Snorra Sæmundssyni prófasti umboð til að reka málið fyrir þeirra hönd.<sup>45</sup>

Hinn 12. nóvember 1841 var hjá sáttanefnd Þingmúlaumdæmis tekið fyrir mál um Grasdal milli sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi annars vegar og Sigurðar Jónssonar og

<sup>40</sup> Skjal nr. 2(384).

<sup>41</sup> Skjal nr. 2(224).

<sup>42</sup> Skjal nr. 2(385).

<sup>43</sup> Skjöl nr. 2(223) og 2(386).

<sup>44</sup> Skjal nr. 2(220).

<sup>45</sup> Skjal nr. 2(220).



Sigurðar Gíslasonar hins vegar. Ákveðið var að reyna sáttatilraun síðar eða eftir að útskrift af máldögum Njarðvírkirkju kæmi frá biskupi.<sup>46</sup>

Í vitnisburði Guðrúnar Þorsteinsdóttur, dagsettum 29. desember 1841, segir eftirfarandi um Grasdal:

J þaug 5 ar sem ieg undirskrifud var hiá Gudmundi heitnumm Kietilssýni á ósi þá hvurki leifi hann ödrumm úti frá ad brúka grasdal firir afriett og brukad hann eý heldur sialfur firir sinar sképnur<sup>47</sup>

Með tveimur bréfum, dagsettum 10. maí 1842 og 15. maí 1842, skrifaði sr. Snorri Sæmundsson til St. Jónssonar sáttanefndarmanns um þrætuna um Grasdal. Í fyrra bréfinu er lítil teikning eða afstöðukort af Brimnesi, Kögurtanga og fjalli. Fram kemur að sáttatilraun ætti að reyna eftir að landið hafi verið skoðað. Að öðru leyti setti sr. Snorri fram álit sitt:

mundud þér ecki finna orsök til að óreindu ad fráskilja Vallaness kirkju Grasdal? Mín meining er ad það sé óhætt, ecki einúngis vegna Hefdar, heldur vegna Landlagsins, og færi eg til þess Litla Eptirtekt mína í Vetur þegar eg kom sjóveg af Vopnafyrði. – Því ecki einúngis Flesin sem ad sjálfsagt skagar af Landi Leingst út nordan vid Borgarfjörð, heldur eirnig Fjallsgnípunar yfir Kögurtanga skaga Leingst fram vegna Lögunar Fjallsins hjá Brimnesi, sem ad er svo aflendt eins og hér sínir [vísað í teikningu neðst á síðu] Finst mér þá verda audséd ad takmark millum Héradsflóa og Borgarfjardar verður ad vera Flesin og Kögurtangin, eda Fjallgnípan, sem ad fyrst sést og aldrei geingur undir þó fyri sé róid; Þaráofan er frá Landinu Fjallröndin ósundurslitin af Dal, og eg vona i beinastri Stefnu Þadan upp í Landið.<sup>48</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt eintak eða mögulega uppkast að bréfi, dagsettu 1. desember 1842, frá Sigurði Gíslasyni og Sigurði Jónssyni til stiftsyfirvalda vegna ágreinings við sr. Guttorm Pálsson vegna tilkalls hans til að byggja Grasdal undan Njarðvírkirkju. Þeir sögðu dalinn hafa tilheyrt Njarðvírkirkju og nýst sem afrétt en óskuðu eftir frekari upplýsingum frá stiftsyfirvöldum.<sup>49</sup>

Í prófastsvísitasíu Njarðvírkirkju frá 31. júlí 1842 segir að prófasturinn í Vallanesi, Guttormur Pálsson, hafi gert tilkall til nokkurs af heimalandi Njarðvíkur og tileinkað kirkjujörðinni Ósi.<sup>50</sup>

Hinn 7. desember 1842 skrifuðu Sigurður Jónsson og Sigurður Gíslason í Njarðvík bréf til biskups þar sem þeir óskuðu upplýsinga frá stiftsyfirvöldum um eignarhald á Grasdal. Bréfritarar sögðu Guttorm Pálsson prófast í Vallanesi hafa slegið eign sinni, fyrir hönd Vallanesskirkju, á Grasdal sem þeir töldu að væri eign Njarðvírkirkju.<sup>51</sup> Biskup svaraði með bréfi dagsettu 27. mars 1843 og sagði Hoppe stiftamtman hafa gengið í gegnum gögn hjá stiftamtinu og biskupsdæminu án þess að finna upplýsingar um Grasdal. Þá segir að ekkert bréf hafi borist frá sr. Guttormi varðandi efnið.<sup>52</sup>

<sup>46</sup> Skjal nr. 2(221).

<sup>47</sup> Skjal nr. 2(222).

<sup>48</sup> Skjal nr. 2(225).

<sup>49</sup> Skjal nr. 2(228).

<sup>50</sup> Skjal nr. 2(434).

<sup>51</sup> Skjal nr. 2(572).

<sup>52</sup> Skjal nr. 2(605).

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt skjal sem virðist vera uppkast að bréfi frá Sigurði Jónssyni og Sigurði Gíslasyni til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu J. C. Voigt. Í bréfinu segir að prófasturinn í Vallanesi sr. Guttormur Pálsson hafi byggt Grasdal undan Njarðvík og í óþökk ábúenda til ábúanda jarðarinnar Óss. Þá var kvartað yfir því að sáttamenn og prófasturinn hafi rofið samning með því að mæta ekki á sáttafund á tilteknum stað og tíma. Að lokum var spurt hvort ekki megi taka málið til dóms án þess að leitað yrði frekari sátta. Skjalið er ódagsett en er líklega frá árinu 1842 eða 1843.<sup>53</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 23. júní 1843 var upplesin lögfesta fyrir landamerkjum Unaóss sem H. Ólafsson mótmælti vegna Svínavíkur sem máldagar Húsavíkur tileinkuðu henni. Einnig var lesin upp lögfesta fyrir Njarðvíkurlandi sem var hinni gagnstæð.<sup>54</sup>

Hinn 24. júlí 1843 skrifaði sr. Snorri Sæmundsson, umboðsmaður landeigenda í Njarðvík, til sáttanefndar í landaþrætumálinu um Grasdal og fór fram á að sr. Guttormur Pálsson prófastur myndi falla frá kröfu sinni um dalinn. Fram kemur í bréfinu að reynt hafi verið árangurslaust að ná sáttum.<sup>55</sup>

Með bréfi dagsettu 25. mars 1844 tilkynnti biskup sr. Stefáni Árnasyni á Valþjófsstað að eigendur Njarðvíkur hafi sent inn átta skjöl máli sínu til stuðnings varðandi Grasdal. Biskup óskaði eftir álitum sr. Stefáns um málið.<sup>56</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt skjal sem inniheldur afrit af vitnisburðum um Grasdal. Með þeim fyrsta, ódagsettum en líklega frá 1844–1845, vitnuðu Siguríður Ögmundsdóttir og Guðbjörg Jónsdóttir svo:

Eftir beidni Prófastsins S<sup>ra</sup> Guttorms Pálss: í Vallanesi vitnum við undirskrifadar það við vitum, að Grasdalur edur (Spe[ro]dalur) lá alltaf umtalslíted undir okkar þá ábúdarjörd Ós, um þann 20 ára tíma, er við vorum þar.<sup>57</sup>

Í þeim næsta, dagsettum 29. desember 1844, vitnaði Einar Rafnsson svo:

Prfastur S<sup>ra</sup> Guttormur Pálsson hefir óskad af mér undirskrifudum sannleiksvitnisburdar um það, hvör Grasdal notadi og hvurjer þar leitudu Grenja og kostudu til greja-hreinsunar þann tíma sem ég var til heimilis á Ósi og géfst hann svolátandi: Eg kom hérum 18 vetra til födursystur minnar Gudbjargar Jónsdóttir og Kolbeins Geirmundssonar mans hennar, sem þar bjuggu í tvíbíle að Ósi. Hjá tédri födursystur minni var ég 8 ár og á þeim tíma var Grasdalur átölulaustr brúkadur til géldfjargaungu frá Ósi, þadan var líka á hvörju vori leitad grenja, og á einu þessu vori lá ég þar á greni hjá skittunni Magnúsi Péturssyni, er af þáverandi Hjaltastadaþinghár hreppstjóra Jóni Sl. Þorsteínssyni var feinginn til að fara á grenid sem skytta.<sup>58</sup>

Með þeim þriðja, dagsettum 4. janúar 1845, vitnaði Guðrún Þorsteinsdóttir svo:

<sup>53</sup> Skjal nr. 2(227).

<sup>54</sup> Skjal nr. 2(744).

<sup>55</sup> Skjal nr. 2(229).

<sup>56</sup> Skjal nr. 2(614).

<sup>57</sup> Skjal nr. 2(387).

<sup>58</sup> Skjal nr. 2(387).

Eptir beidni herra Prófastsins Guttorms Pálssonar í Vallanesi géf ég honum soleidis Vitnisburð fyrir þann 5 ára tíma, sem ég var á Ósi; að Guðmundur Kétillsson húsbóndi minn sagði mér að Ós ætti Grasdal allann fyrir nordan ána, og brúkadu hann eptir þörfum þann tíma ég til vissi, en síðan eru 50 ár lidinn.<sup>59</sup>

Þá segir eftirfarandi í fjórða vitnisburðinum, þ.e. frá Geirmundi Jónssyni, dagsettum 4. janúar 1845:

Einganveigin gét eg orðid við bön herra Prófasts S<sup>ra</sup> Guttorms Pálssonar í Vallanesi með að gefa honum vitnisburð áhrærandi það hvörjir menn í minni tíð, hafi brúkad Grasdal, utan það að í þau 59 ár, sem ég til man heyrði ég eíngan ágreining brúkadann um fyrrnefndan Grasdal, hvörki af Njarðvíkingum edur Ósbændum, fyrrrenn þeir höfdu jardaskiftin Sigurður Jónsson og Gísli Gíslason<sup>60</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt uppkast að bréfi Sigurðar Jónssonar og Sigurðar Gíslasonar, eigenda Njarðvíkur, til J. C. Voigts sýslumanns varðandi ágreining þeirra við sr. Guttorm Pálsson um Grasdal. Bréfið er dagsett 1. mars 1845. Með bréfinu fylgdi álitsskjal sr. Stefáns Árnasonar um málið, afstöðukort yfir Brúnavík, Borgarfjörð með Njarðvík og jörðina Ós með þeim fjöllum sem aðskildu nefnd pláss hvert frá öðru. Með bréfinu lýstu tvímenningsarnir afstöðu sinni varðandi hvorri jörðinni, Unaósi eða Njarðvík, Grasdalur tilheyrði. Í því er ítarlega lýst túlkun á afstöðukortinu og svæðinu í kringum Grasdal. Kortið sögðu þeir vera óáreiðanlegt. Þá efuðust bréfritarar um kunnugleika sr. Stefáns til að leggja mat sitt á málið og sögðu álitsskjal hans lýsa rangri afstöðu pláss og í sumum tilfellum óglöggri. Sigurður Jónsson og Sigurður Gíslason sendu svo með bréfinu sjö vitnisburði einstaklinga sem lýstu Grasdal sem eign Njarðvíkur. Að öðru leyti sögðu þeir brýnt að landið yrði skoðað af óvilhöllum mönnum.<sup>61</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Ós metin 16 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Vallaneskirkju.<sup>62</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Ós:

Ós

Túnid kvað fódra 2½ kýr, og á útheysi og útbeit framfleitast 40 ær, 50 saudir, 20 lömb og 4 hestar. – Túnið er víða greidt enn heldur í órækt; eingið sem er upp til fjallsins er örðugt og reitingssamt, og sumstaðar undirorpið skémdum af aurskridum, enn hitt þeingið sem er fyrir nordan Selfljót er lítið ummáls og undirorpið vatnayfirgáangi; fjárgeimsla á sumrum erfið og afnot gripa lítil, enn hold vel í meðallagi; hey sem fæst er allgott til afgangi, og beit einkum framanaf vetri kjarngóð, enn mjög er vorhardt; eingin skógur eða hrísrif, og ekkert vita menn um mótak; torfskera slæm; hættur fyrir fé við sjóin; útræði er örðugt fyrir hafnleysi; selveiði er hér nokkur vor og haust enn mjög stopul og erfið, einkum á vorin. – Reki fylgir jörðunni, sem menn álíta að gefi af sér 4<sup>thd</sup> árlega, og afréttarland sem álitid er að gefi bóndanum 4<sup>thd</sup> inntekt á ári hverju. – Til að vinna fyrir gripunum á jörðunni þurfa 4 karlmenn, 2 kvennmenn og smali að auki. – Jörðin var með öllum hlynnindum vyrðt fyrir 500 (: fim hundruð:) rbd.<sup>63</sup>

Í sama jarðamati er ágreinings um Grasdals getið í umfjöllun um Njarðvík. Þar segir:

<sup>59</sup> Skjal nr. 2(387).

<sup>60</sup> Skjal nr. 2(387).

<sup>61</sup> Skjal nr. 2(230).

<sup>62</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 359.

<sup>63</sup> Skjal nr. 2(131).

Á milli Njarðvíkur og jardarinnar Óss í Hjaltastaðþinghá liggur dalverpi nokkurt sem nefnist Grasdalur og bádir jardinar vilja eigna sér. Þar er álitin afrétt fyrir 70 kindur og geta vyrðingarmennirnir ekki hvorri jörðunni sem þrætulandið fylgir matt það meir enn á 16 /sextán/ rbd.<sup>64</sup>

Í prófastsvísitasíu Vallaness frá 24. maí 1850 segir að ágreiningur sé uppi um Grasdal milli Óss og Njarðvíkur og einnig um tilkall kirkjunnar til áttungs í hvalreka í Ófæurekum.<sup>65</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 27. maí 1854, 2. júní 1855, 29. maí 1856, 17. júní 1859 og 26. júní 1860 var friðlýst nótlögum fyrir Óslandi.<sup>66</sup> Við manntalsþing að Desjarmýri 28. júlí 1864 lýstu Njarðvíkurmenn og landeigendur Óss friðhelgi yfir selaveiði fyrir löndum sínum.<sup>67</sup>

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1883–1951 er fært inn skjal frá eigendum Njarðvíkur sem svar við ítakalýsingu prófests í Vallanesi, dagsettri 13. febrúar 1884. Skjal Njarðvíkureigenda er dagsett 27. febrúar 1884 og var þinglesið 2. júlí sama ár. Texti þess er svohljóðandi:

Ítakalýsing kirkjunnar í Vallanesi frá prófasti séra B. Jónssyni, dags. 13. febr. þ.á., svörum vér á þessa leið:

Sjá má af skjölum Njarðvíkurkirkju að Vallanesskyrkja á ¼ af hvalreka í Gripdeild. En enginn veit hér hvar Eyri og Drangur er, en Kamb þekkjá menn að er til. Sama er um Teistuvog og Spakárdal að menn vita eigi um þau örnefni. –

Vér samþykkjum því fjórðung hvalreka í Gripdeild, en hin ítökin eigi. –

Njarðvík, 27. febrúar 1884

Njarðvíkureigendur.<sup>68</sup>

Hinn 11. mars 1884 fór fram fundur hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis um ágreining milli sr. Bergs Jónssonar í Vallanesi og ábúenda í Njarðvík. Ágreiningurinn laut að landamerkjum Unaóss og Njarðvíkur en ábúendur Njarðvíkur höfðu neitað að undirrita merkjalýsingu sem sr. Bergur hafði látið útbúa. Í sáttabók er kröfum málsaðila lýst svo:

að prófasturinn telur æs landamerki milli Óss og Njarðvíkur „eptir öllum vörpum út á svokallað Skjaldarfjalls ytri enda fyrir austan Grasdal, að þau megi haldast eins og verið hefur“, en Njarðvíkingar telja landamerkin eptir vörpum fyrir norðan allan Grasdal og þaðan til sjáfar ~~aus~~ á milli Ólafssands að sunnan og Gripdeildar að norðan.<sup>69</sup>

Fjölmörg skjöl voru lögð fram með vitnisburðum sem öll eignuðu Njarðvík Grasdal en umboðsmaður kæranda kvaðst ekki hafa heimild til að falla frá kröfu hans, sem hann byggði á að landamerki Óss hafi verið tilgreind í byggingarbréfum.<sup>70</sup>

<sup>64</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>65</sup> Skjöl nr. 2(489)–2(490).

<sup>66</sup> Skjöl nr. 2(811) og 2(817)–(820).

<sup>67</sup> Skjal nr. 2(799).

<sup>68</sup> Skjal nr. 2(7).

<sup>69</sup> Skjal nr. 2(344).

<sup>70</sup> Skjal nr. 2(344).

Landamerkjaskrá jarðarinnar Unaóss er dagsett 8. maí 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 2. júní 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Unaóss ásamt afbýlinu Heyskálum eru þessi: Milli Hrafnabjarga og Óss ræður Knarará alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan, eða frá Geldingaskörðum og út eftir eggjum.

Aftur eru mörkin norðan Selfljóts milli Gagnstaðar og Heyskála þessi: Úr Selfljótsbakka móts við miðjan Bjarglandsárós beint í neðsta heysgarð og eftir sömu stefnu til sjávar.

Milli Óss og Njarðvíkur; þaðan sem Hrafnabjargaland sleppur út vörp og eggjar út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall í Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann, sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan.

Eftir máldögum Vilchins og Gísla biskups á Vallanesskirkja fjórðung hvalreka í Gripdeild, er liggur milli Selvogsness og Ólafssands.

Ofanrituð landamerki samþykkir umráðamaður Vallanesskirkju.

Vallanesi, 8. maí 1885.

B. Jónsson.

Ofanskrifaða landamerkjaskrá samþykkjum við undirskrifaðir.

Sigurður Jónsson, Björn Sigurðsson eigendur og ábúendur Njarðvíkur.

Framanskrifuð landamerki milli Hrafnabjarga og Njarðvíkur og svo milli Heyskála og Gagnstaðarlanda samþykki ég undirskrifaður sem eigandi og ábúandi

Stefán Árnason í Gagnstöð.<sup>71</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Unaós var metin á 4.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar, með hjáleigunni Heyskálum, hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðinni fylgi upprekstrarland sem gefi af sér u.þ.b. 20 kr. árlega. Eigandi jarðarinnar var Vallanesskirkja.<sup>72</sup>

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979 er færður inn ódagsettur útdráttur úr lóðarsamningi vegna jarðarinnar Unaóss. Þinglýsingardags er ekki heldur getið en efni hans er svohljóðandi:

Ós (úr landi Unaóss)

í Hjaltast.hr.

Útdráttur úr lóðarsamningi (Ltr. K. 75-6)

Magnús Blöndal Jónsson, prestur að Vallanesi, kunngjörir: að jeg hef selt hlutafélaginu Framtíðin á leigu lóð undir 4 hús, sem það hefur byggt við Óshöfn í landi kirkjujarðarinnar Unaós og sem eru að stærð 12x10 ál., 12x7 ál., 8x10 ál. og 20x10 ál. ásamt nokkru af óbyggðarlóð með þessum skilmálum:

Takmörk lóðarinnar eru: að norðan lína úr efri enda Gjögursins í norðvesturhorn nyrðsta hússins (skúrsins), þá framhlið skúrsins, þá bein lína úr suðvesturhorni þess í suðvesturhorn skemmunnar, þá suðurstafr skemmunnar, og þá bein lína frá suðausturhorni hennar í sjó niður, sem er framlenging af úthliðarvegg hennar.<sup>73</sup>

<sup>71</sup> Skjal nr. 2(5).

<sup>72</sup> Skjal nr. 2(149).

<sup>73</sup> Skjal nr. 2(6).

Árið 2021 friðlýsti umhverfis- og auðlindaráðherra landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð, sbr. auglýsingu nr. 850/2021. Þar segir að ráðherra hafi ákveðið „að friðlýsa jarðirnar Unaós-Heyskála, Hrafnabjörg og hluta Sandbrekku sem landslagsverndarsvæði og náttúruvætti“. Auglýsingunni fylgir kort sem sýnir afmörkun friðlýsta svæðisins.<sup>74</sup>

### 5.3.1 Heyskálar í Útmannasveit

Við manntalsþing að Hjaltastað 10. júní 1785 voru upplesnar tvær lögfestur, dagsettar 6. maí 1785, þar sem sr. J. Stefánsson lögfesti alla jörðina Ós með ábýlinu Heyskálum til ystu ummerkja ásamt öllum reka að undanteknum  $\frac{1}{4}$  hlut sem Ásskirkju tilheyrði. Þá lögfesti hann einnig fjórðung hvalreka á Gripdeild.<sup>75</sup>

Í skoðun yfir kirkjueignir Vallaness, dagsettri 29. desember 1789, er fjallað um kirkjujarðir hennar og hjáleigur. Fram kemur að Ós og Heyskálar lágu í eyði.<sup>76</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Heyskála ekki tilgreindur en jörðin var hjáleiga frá Unaósi.<sup>77</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 5. september 1825 framlagði sr. Guttormur Pálsson á Vallanesi stefnu til Sturla Geirmundssonar á Hóli, Árna Jónssonar á Kóreksstöðum og Bjarna Sigurðssonar á Kóreksstaðagerði sem áttu að svara fyrir hvar landamerki að fornu hafi verið milli Heyskála og Gagnstöðvar. Þorkell Björnsson eigandi Gagnstöðvar var einnig innstefndur til að heyra vitnisburð þessara manna. Þá framlagði sr. Guttormur skriflegan vitnisburð Kristbjargar Kolbeinsdóttur um landamerkin. Sturli forfallaðist en þeir Árni og Bjarni gáfu skýrslu um landamerkin og sögðu eftirfarandi:

Hid innstefnda Vitni Arni Jónsson var þvínæst fyrst látin framkoma fyrir Rettin, og adspurdr

[...]

Hvör Landamerki vissir edr heyrdir þú haldin vera milli Gagnstadar og Heyskála? Svar: Jeg heyrd Sigurd heitin Þorleifsson segia ad Landamerki milli nefndra Jarda væri i Pitt milli midheygards og Nedstaheygards, og væri Skurdr fram úr pittinum; En biallandsárósinn heyrd eg ei nefndan.

[...]

Biarni Sigurdsson í Koreksstadagerde, edr hid annad innstefnda Vitni mætti fyrir Rettinum: og var adspurdr: hvad hann hafi heyrt edr vitad um Landamerki milli ofannefndra Jarda? En hann segist ekkert um þau vita, og vera þeim ókunnugur, utan hann qvedst heyrt hafa ad þau væru úr midium Biallandsárós, og annadhvört i mid- edr nedsta-heygard, en segist ei muna i hvörn þeirra heldr.<sup>78</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Heyskálar ekki metin sérstaklega en er skráð sem hjáleiga frá Unaósi.<sup>79</sup>

<sup>74</sup> Skjal nr. 6(3).

<sup>75</sup> Skjal nr. 2(708).

<sup>76</sup> Skjal nr. 2(486).

<sup>77</sup> Skjal nr. 2(95).

<sup>78</sup> Skjal nr. 2(767).

<sup>79</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 360.

## Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Heyskála:

Heyskálar

hjáleiga undan Ósi talin 4<sup>hndr.</sup>. Á túninu má fœðra 1 kú, á útheysi ~~og útbeit~~ framfleitast 30 ær, 20 lömb, 18 saudir og 2 hestar, því ekki má telja útbeit á vetrum; túnid, eins og líka úthaginn liggur fyrir skemdu af sandroki; eingjar eru opt grasgefnar enn votar og verða ekki notadar fyrir vatni þá rigningar gánga, þó er hey sem fæst sæmilegt til afgjafa; landið er yfrið lítið og afnot gripa léleg á sumrum, og eptir því þrif; fjárvögtun hin auðveldasta; torfrista eingin; skógur eingin enn um mótak vita menn ekki. – Heyskálar eiga tiltölu til afréttar í Óslandi. – Nægilegur mannabli álist að vera 1 karlmaður, 1 kvenmaður og einn únglingur. – Jörðin var vyrðt á 200 (: tvö hundruð:) rbd.<sup>80</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Unaóss ásamt afbýlinu Heyskálum er dagsett 8. maí 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 2. júní 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Unaóss ásamt afbýlinu Heyskálum eru þessi: Milli Hrafnabjarga og Óss ræður Knarará alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan, eða frá Geldingaskörðum og út eftir eggjum.

Aftur eru mörkin norðan Selfljóts milli Gagnstaðar og Heyskála þessi: Úr Selfljótsbakka móts við miðjan Bjarglandsárós beint í neðsta heygarð og eftir sömu stefnu til sjávar.

Milli Óss og Njarðvíkur; þaðan sem Hrafnabjargaland sleppur út vörp og eggjar út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall í Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann, sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan.

Eftir máldögum Vilchins og Gísla biskups á Vallanesskirkja fjórðung hvalreka í Gripdeild, er liggur milli Selvogsness og Ólafssands.

Ofanrituð landamerki samþykkir umráðamaður Vallanesskirkju.

Vallanesi, 8. maí 1885.

B. Jónsson.

Ofanskrifaða landamerkjaskrá samþykkjum við undirskrifaðir.

Sigurður Jónsson, Björn Sigurðsson eigendur og ábúendur Njarðvíkur.

Framanskriðuð landamerki milli Hrafnabjarga og Njarðvíkur og svo milli Heyskála og Gagnstaðarlanda samþykki ég undirskrifaður sem eigandi og ábúandi

Stefán Árnason í Gagnstöð.<sup>81</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Heyskálar var metin á 800 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar, með heimajörðinni Unaósi, hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðinni fylgi ekkert upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Vallanesskirkja.<sup>82</sup>

Árið 2021 friðlýsti umhverfis- og auðlindaráðherra landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stórurð, sbr. auglýsingu nr. 850/2021. Þar segir að ráðherra hafi ákveðið „að friðlýsa jarðirnar Unaós-Heyskála, Hrafnabjörg og hluta Sandbrekku

<sup>80</sup> Skjal nr. 2(131).

<sup>81</sup> Skjal nr. 2(5).

<sup>82</sup> Skjal nr. 2(150).

sem landslagsverndarsvæði og náttúruvætti“. Auglýsingunni fylgir kort sem sýnir afmörkun friðlýsta svæðisins.<sup>83</sup>

#### 5.4 Njarðvík við Borgarfjörð og Njarðvíkurkirkja

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið í Njarðvík.<sup>84</sup>

Í máldaga Njarðvíkurkirkju sem Árni biskup Þorláksson setti haustið 1269 er ekki fjallað um jarðeignir eða ítök.<sup>85</sup>

Í Hítardalsbók frá 1367 segir að Mariúkirkju í Njarðvík eigi svo mikið í heimalandi sem prestskyld tilheyri.<sup>86</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Mariúkirkju í Njarðvík frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

Mariukirkia j niarduik aa suo mikit j hæimalandi sem prestskyýlldh heyrir.

[...]

holmr fylger hænni sa sæm ligger a borgarfyrði oc torfuo skalæ oc þar meðh sknipwist.

fiordongr j hualræka a gripdæildh.<sup>87</sup>

Máldagi Mariúkirkju í Njarðvík frá um 1397 var afritaður af þremur mönnum þann 8. september 1421.<sup>88</sup>

Í Stefánsmáldaga frá 1491–1518 segir að Njarðvíkurkirkja eigi 30 hundruð í heimalandi.<sup>89</sup>

Hinn 17. ágúst 1509 seldi Kolbeinn Ófeigsson, í umboði Þorvarðar lögmanns Erlendssonar, Þorvarði Bjarnasyni jörðina Njarðvík fyrir sex tugi hundruða, með tólf kirkjukúgildum og silfurkaleik er vó hálfra mörk.<sup>90</sup>

Árið 1524 seldi Margrét Þorvarðardóttir Birni Jónssyni jörðina Njarðvík fyrir jörðina Nes í Borgarfirði.<sup>91</sup> Hinn 26. mars 1530 vitnuðu Þorsteinn Finnbogason, Benedikt Einarsson og Teitur Magnússon að þeir hafi verið viðstaddir árið 1524 þegar Margrét Þorvarðsdóttir seldi jörðina Njarðvík til Björns Jónssonar fyrir jörðina Snotrunes.<sup>92</sup>

Hinn 1. apríl 1530 vitnaði Þorvarður Bjarnason að hann hafi haft og haldið, byggt, bælt og tíundað jörðina Njarðvík ítölulausa nema það sem Njarðvíkurkirkja átti í heimalandi. Í skjalinu segir enn fremur:

Þat giorvm vier olafr jndridason. jon eyvindsson. jon eireksson. þorarenn arngeirsson ok jon arnorsson godvm monnum kvnegt med þessv woro opnu brefi. at þat vissum

<sup>83</sup> Skjal nr. 6(3).

<sup>84</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XII, bls. 4, skjal nr. 4(21).

<sup>85</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* II, bls. 65, skjal nr. 4(48).

<sup>86</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* III, bls. 232, skjal nr. 4(137).

<sup>87</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 222, skjal nr. 4(49).

<sup>88</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 296, skjal nr. 4(122).

<sup>89</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* VII, bls. 22, skjal nr. 4(139).

<sup>90</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* VIII, bls. 289, skjal nr. 4(43).

<sup>91</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IX, bls. 253–254, skjal nr. 4(44).

<sup>92</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IX, bls. 253–254, skjal nr. 4(44).



vier fyrir full sanendi at þoruarðr bondi biarnason godrar minningar hiellt ok hafde. bygdi og bæld. tivndadi og sína eign halldandi jordina niarduik er liggj j borgarfirdi jtolvavsa mille fiialz ok fiurv. nema þat sem heilog niarduikirkia a j heimalandi ok Reikum. ok alldre heyrdum vær hier vm tvímæla a vera. fylgia þessir Rekar greindre jordu. nordan fra gripdeilld sudr at bôlmod. enn landeign sua víjd sem vatzfoll deilazt at niarduik. Suo og eigi sidr heyrdum vier fyrr skrifadir menn at sogdu skilvisir dandimenn hinir ellri. ok sua sogduzt þeir heyrt hafa af sinum foruerurum. at niarduikr kirkia ætti holma þann er liggj fyrir hafnar landi j borgarfirdi. ok skala, skipstodu ok ueruist a fiskabiarge. þar sem heiter j Runu er sumer kalla tofaskala ok hier epter vilivm vier sveria ef þurfa þiker.<sup>93</sup>

Í vitnisburði Jóns Arnórssonar, dagsettum 26. maí 1537, um Njarðvírkirkju í Borgarfirði, segir að kirkjan eigi hólma þann í Borgarfirði sem liggir fyrir Hafnarlandi og skipsstöðu á Eyri og Tófaskála, er sumir kalli Rúnuskála.<sup>94</sup>

Í vitnisburði dagsettum 2. júní 1548 segir frá sölu Margrétar Þorvarðsdóttur á jörðinni Njarðvík til Björns Jónssonar.<sup>95</sup>

Hinn 11. september 1552 giftust Þorvarður Björnsson og Guðrún Halldórsdóttir. Þá gáfu Björn Jónsson og Hólmsfríður Þorvarðsdóttir Þorvarði syni sínum jörðina Njarðvík sem hann skyldi meðtaka eftir þeirra dag.<sup>96</sup>

Hinn 30. júlí 1559 keypti Þorvarður Björnsson hluta systkina sinna, Jóns, Steingríms og Guðlaugar, í jörðinni Njarðvík.<sup>97</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Njarðvírkirkju:

Kirkian ad Niardvijk ä suo myked i heimalandi sem prestz skylld heyrer.

[...]

Holmur fylger henne. sä er liggur ä Borgarfirdi og Tofuskäle. thar med skipvivist. fiordungur i hualreka ä Gripdeilld.<sup>98</sup>

Hinn 8. júní 1579 gaf Þorvarður Björnsson syni sínum Magnúsi allar sínar löggjafir, þar á meðal hálfan staðinn Njarðvík.<sup>99</sup>

Hinn 21. júlí 1579 var gerður kaupmáli milli Magnúsar Þorvarðssonar og Herborgar Gottskálksdóttur hvar Gottskálk gifti dóttur sína Herborgu fyrnefndum Magnúsi með svo greindu fiskkaupi að Magnús skyldi hafa til kaups með henni hundrað hundraða, meðal annars í tilgreindum kaupahlutanum í staðnum Njarðvík í Borgarfirði.<sup>100</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 6. ágúst 1645 segir meðal annars um Maríukirkju í Njarðvík:

Anno 1645. 6 Augusti, Marju kyrckja J Niardvyk ä so miked J heimalande sem Prestskylld heyrer, Hölmur fylger henne saa sem liggur aa Borgarfirde, og töuskaale, og þar med skipvivist. fjordungúr J hualreka øg ä gripdeilld<sup>101</sup>

<sup>93</sup> Íslenzkt fornbréfasafn IX, bls. 523–524, skjal nr. 4(45).

<sup>94</sup> Íslenzkt fornbréfasafn X, bls. 104, skjal nr. 4(50).

<sup>95</sup> Íslenzkt fornbréfasafn XI, bls. 643, skjal nr. 4(46).

<sup>96</sup> Íslenzkt fornbréfasafn XII, bls. 467–468, skjal nr. 4(137).

<sup>97</sup> Íslenzkt fornbréfasafn XIII, bls. 434, skjal nr. 4(47).

<sup>98</sup> Íslenzkt fornbréfasafn XV, bls. 687, skjal nr. 4(51).

<sup>99</sup> Skjal nr. 2(656) og *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 266, skjal H-10.

<sup>100</sup> Skjal nr. 2(657) og *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 266, skjal H-10.

<sup>101</sup> Skjal nr. 2(416).

Sömu upplýsingar koma fram í umboði prófasts og biskupsvísitasíum sem birtar voru við Njarðvíkurkirkju 5. september 1697, sem og biskupsvísitasíum frá 3. júlí 1727, 2. ágúst 1748.<sup>102</sup>

Hinn 27. febrúar 1704 auglýstu Magnús Hávarðsson, Bjarni Steingrímsson og Hallur Þorsteinsson að Magnús Arngrímsson hafi tekið hálfu jörðina Njarðvík að erfðum eftir föður sinn, Arngrím Magnússon, og eftir hann hafi svo synir hans, Jón og Páll Magnússynir, tekið jörðina og selt til Magnúasar Einarssonar.<sup>103</sup>

Í eigna- og ítakaskrá Njarðvíkurkirkju frá 4. febrúar 1743 segir eftirfarandi um eignir og réttindi:

Þetta Epterskrifad tilheirer Niardwýkur kirkju hvor ad er Annexia frá Desiarmýre og bönda Eign Hennar Mældagar seigia, ad hun eige so miked i heima lande, sem prestz skylld heirer, hvad ed meinast ad vera helmíngur jardarinnar.

Hun ä Hoolm þann sem liggur a Borgarfyrde og Verstödu og Skälastæde ä Eidabiarqe, fiördung hvalreka i Gripdeilld.<sup>104</sup>

Í skránni segir sr. Gísli Gíslason, sem tók hana saman, að hann viti ekki hvernig kirkjan öðlast þessi ítök og þessa peninga.<sup>105</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 28. maí 1774 kemur fram að bræðurnir Hávarður og Jón Vigfússynir höfðu selt bóndaeignina í jörðinni, hálfu Njarðvík, til Hávarðar Guðmundssonar.<sup>106</sup>

Í bréfi sr. Jóns Stefánssonar í Vallanesi, dagsettu 16. júlí 1786 að Vallanesi, til Sigurðar Hallssonar og Hávarðar Guðmundssonar í Njarðvík er fjallað um lagnir og reka. Í bréfinu kemur fram að þeir Sigurður og Hávarður höfðu tekið seli við Gripdeild og Ósafles en ábúandi á Ósi, Guðmundur Ketilsson, hafði lýst yfir óánægju með það selaveiði. Sr. Jón sagði í bréfinu að Gripdeild og Ósafles liggi fyrir landi Óss og þótt Njarðvíkingar ættu ¼ hlut í reka í Gripdeild þá ættu þeir ekki nótlög eða selveiðar fyrir henni. Sr. Jón bauð þeim sátt þannig að þeir hættu að taka nokkuð við Ósland, hvorki reka né veiði, og að þeir myndu eftirláta Guðmundi á Ósi helming af því sem veiddist.<sup>107</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 19. júní 1788 var upplesið makaskiptabréf dagsett 27. nóvember 1787 þar sem Sigríður Árnadóttir fékk syni sínum Gísla Halldórssyni jörðina Litla-Steinsvað fyrir jörðina Geithellna, 12 hundruð að dýrleika. Í sama skjali voru skráð makaskipti milli Gísla og Sigurðar Hallssonar þar sem Sigurður tók við Litla-Steinsvaði fyrir bóndaeignina í Njarðvík, 10 hundruð að dýrleika.<sup>108</sup>

<sup>102</sup> Skjal nr. 2(417)–2(419).

<sup>103</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII*, bls. 406, skjal H-11.

<sup>104</sup> Skjal nr. 2(354).

<sup>105</sup> Skjal nr. 2(354).

<sup>106</sup> Skjal nr. 2(433).

<sup>107</sup> Skjal nr. 2(212).

<sup>108</sup> Skjal nr. 2(748).

Við manntalsþing að Desjamýri 30. maí 1791 var uppleið uppboðsafsal á 10 hundruðum jarðarinnar Njarðvíkur, dagsett 11. júlí 1789. Kaupandi var Gísli Halldórsson.<sup>109</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Njarðvíkur metinn 40 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Gísli Halldórsson að helmingi og Njarðvíkurkirkja að helmingi. Hólmi í Borgarfirði tilheyrði kirkjuhluta jarðarinnar.<sup>110</sup>

Í lögfestu Gísla Halldórssonar fyrir jörðinni Njarðvík, dagsettri 24. júní 1821, segir eftirfarandi:

eg undirskrifadur Lögfesti hier med Eignar-Jörd mína Niardvík ad medreiknudem kirkju hlutanumm, liggiande i Borgarfirde innann Nordur-Múla sysslu til umm-merkja þeirra sem Mældagar henni eigna, nefnilega ad Nordann úr Gripdeilld, og svo i kring sudur med síó allt til Bølmóds, og til Fialls ad Krossinum, og á bádar sýdur sem vatns-føll deila til Vikurinnar. Lögfeste eg tjedrar Jardar Reka innann greindra takmarka, ásamt Fiórdúng Reka i Gripdeild sem kirkjunni tilheyrir: item allann hálfann Reka samastadar sem mier (:ad Jnnkeyptum ødrumm hluta Gripdeilldar) nú tilheyrir, Fyrerbiódande allt eins einumm og sierhvørjum nockurn Reka þaðann án minnar vitundar og Leyfis burt-taka: Lyka einrig lögfeste og øll þau giæde Landkosti og nytjar til Siós og Lands Túns og haga hvørju nafni sem heita að eingu frá skylldu sem opt greindri minni Landeign Niardvik og kirkjunni samastadar fylgia á, og fylgt hefur ad fornu og Nyu J sama máta Lögfesti eg Hólma þann sem tjedri kirkju tilheyrir og liggur á Borgarfyrði fy[r] Hafnar-lande med øllum þeim giædumm sem hønnum fylgja til Eggvers og grasnytja edur hvørs annars hønnum kann til Herlegheita ad Reiknast undir sama skilyrde er kirkjunni tilheyrandi Skála vist Skipsuppsatur og Naust á Fiskibiargi i Hafnarlandi, Sem henni eignast eptir gömlumm og Nýumm máldögum Hefd og Brúkun<sup>111</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 1. september 1821 var birt lögfesta fyrir Njarðvíkurlandi, dagsett 24. júní 1821.<sup>112</sup>

Í afriti af vitnisburði, dagsettum 1. apríl 1828, sem Hávarður Vigfússon gaf um Grasdál segir eftirfarandi um dalinn gagnvart Njarðvík við Borgarfjörð og Unaósi í Útmanasveit:

ad eptir því sem eg frekast veit þa á Niardvik allan Grasdál enn Os eckert af firmefndum Dal. enn það heirdi eg ad Os ætti upp undir Vorpinn á Skemmudal og Gaungudal, og ut undir Grasdals Varpid og svo út med Fjallinu ad Nordanverdu.<sup>113</sup>

Hinn 27. janúar 1829 seldi Sigurður Jónsson alla sína eign, 10 hundruð að dýrleika, úr jörðinni Hóli í Útmanasveit til Gísla Gíslasonar á móti 10 hundruðum í jörðinni Njarðvík í Borgarfjarðarhreppi. Makaskiptabréfið var þinglesið þann 10. júlí 1829.<sup>114</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 8. júlí 1829 var uppleið forboð prófastsins sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi hvar hann fyrirbauð að skotið yrði frá Ósum innanverðum

<sup>109</sup> Skjal nr. 2(823).

<sup>110</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>111</sup> Skjal nr. 2(214).

<sup>112</sup> Skjöl nr. 2(214) og 2(804).

<sup>113</sup> Skjal nr. 2(215).

<sup>114</sup> Skjöl nr. 2(242) og 2(679).

og allt út þangað sem Njarðvíkurland tæki við.<sup>115</sup> Forboð sr. Guttorms var einnig upplesið við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1829.<sup>116</sup>

Í lögfestu S. Jónssonar og S. Gíslasonar fyrir jörðinni Njarðvík við Borgarfjörð, dagsettri 31. maí 1833, segir eftirfarandi:

Hérmed lögfestumm við Undirskryfadir, Jordina Niardvík 40<sup>tu</sup> hndr. að dírleika, sem half er okkar enn half kyrkiunnar Eign; liggiandi í Borgarfyrði Jnnann Nordur Mula-Sysslu; til ummmerkia þeirra, sem Maldagar henni eigna Fornir og Nyir; Nefnil. að Nordann frá Gripdeild Med Sió, Sudur alt að Bölmód og til Fialls að Krossinum; og á báðar síður, sem Vörp Ráda, og Vatnsföll deila til Víkurinnar; lögfestumm við tiedrar Jardar Reka Jnnann greindra takmarka; item allann svonefndann Gripdeildar reka er liggur milli Olafs Sands og Selvogsness sem eiginlega er okkar Eign; í sama máta logfestumm við Hólma þann sem tédri Niardvíkur kyrkiu tilheirir, og liggur í Borgarfirði fyrir Hafnarlandi, með öllum þeim Giædumm sem honumm Filgia til Eggvers og Grasnitia edur hvors annars honumm kann til Herlegheita að reiknast; Undir sama Skilordi er kyrkjinni tilheirandi Skálavist, Skipsuppsátur, og Nausta a Fiskibiargi í Hafnarlandi; hvar alt tédri kyrkiu Eignast eptir Gömlumm og Niiumm Máldögumm<sup>117</sup>

Í bréfi sr. Guttorms Pálssonar, prófasts í Vallanesi, til sr. Guttorms Þorsteinssonar, prófasts á Hofi í Vopnafirði, dagsettu 24. nóvember 1840, kemur fram að ágreiningur var um hvort Grasdalur tilheyrði Njarðvík eða Ósi. Í bréfinu er vísað í eftirrit af vitnisburði fimm manna frá 1530 um málefnið. Þá eru bréfaskriftir undanfarinna ára vegna ágreiningsins tilgreind. Eigandi Njarðvíkur, eingöngu nefndur herra Sigurður í bréfinu, taldi Grasdal tilheyra jörðinni en sr. Guttormur Pálsson taldi dalinn tilheyra Ósi. Varðandi áreið sem sr. Guttormur Pálsson framkvæmdi á þrætulandið segir:

reid eg ásamt Séra Stepháni og Sigurdi yfir Gaunguskard út Ósfjall og útá hrygg er liggur innanverdt við Grasdalinn ofan frá sonefndu Tóarfjalli, er liggur nokkud fyrir utan Njardvíkurbæ og adskilst frá því ytsta felli af fjallgardinum, Skjaldarfjalli, af dalverpi upp á milli fjallanna er nefnist Skjaldardalur og þar úr fallandi á til Njardvíkurinnar er nefnist Skjaldardalsá, fellur hún beint ofaní sjó nokkud fyrir innan sokallad Skálanes er sýnist vera sá ytsti edur sudur í sjóinn leingst gágangandi tångi er takmarkar Njardvíkina að utanverdu. –

Enn þegar komid var á ádurnefndann hrygg, sást að utan verdt við Toarfjallid að nordan fellur ofan á til norvesturs úr fjallgardinum ofaní dalverpi er myndast af ádur nefndum hrygg, hvörr ed geingur og myndar líkt sem gleidann vinkil fyrst til nordurs og síðan til nordausturs og nær á hæðina þar sem hann geingur nordur, hér umbil upp í midt Tóarfjallid enn lækkar svo smásaman þartil hann beygist beint til nordausturs og er þadanaf nokkurnvegin jafnhár; hvaraf sjá má að Tóar og Skjaldarfjöllin heýra til adal fjallgardinum uppá hvörn Njardvíkurland nær leingst á nordur Síðuna. – Jafnvel þótt að bædi jeg og S<sup>ra</sup> Stephán reyndum til að gjöra Sigurdi skiljanlegt að hann eptir kálfskinns vitnisburdinum gjæti ei eignad Njardvík landid leingra nordur enn þangad sem fjallgardurinn væri hædstur, enn ekki nordur á Osfjalls nordurbrún, eptir hvörri hryggurinn geingur út eptir létst hann ekki mögulega géta skilid það, vegna þess að Grasdalsáin félli út um þá Fjöru á hvörri Njardvík eptir vitnisburdinum ætti vafalaust reka, og vill – einsog og bædi hefi feýngid að vita síðan af ýmislegu, sosem leyfi er hann hefir gefid til lambareksturs á Grasdalinn, forbodi er hann gjörði í Sumar til

<sup>115</sup> Skjal nr. 2(825).

<sup>116</sup> Skjal nr. 2(679).

<sup>117</sup> Skjal nr. 2(216).

Ósmanna að brúka hann og bréfinu til ydar – halda aframm sínum upptekna fjarska og þrái. – Enn fyrir utan það að bæði vitnisburdurinn og Lögfesturnar samanbornar við Situationina, fráskilja Njardvík Grasdalinn, svo gét eg og leidd vitni til að sá fyrri eigandi Gisle Sál. Haldórsson afsaladi sér bréflaga Grasdalinn sosem heyrandi til Oss og Hjaltastada Þingár og neitadi þar grenjaleitum og grenjahreinsun, og þeir fyrri abúendur á Ose hafa géfid mér vitnsburd um, að þeir hafi um 20 ára tíma brúkad Grasdalinn óátalid.<sup>118</sup>

Í bréfi sr. Guttorms Þorsteinssonar á Hofi í Vopnafirði, dagsettu 30. desember 1840, til óþekktis viðtakanda um Grasdal, sem var svar við bréfi frá 11. október 1840, segir meðal annars:

eg álit mióg tvísýnt að Njardvík ur Njardvíkurkirkju tilheyri Grasdalur sá sem þér umskrifid hvór ekki heldur er nefndur í vitnisburdarskiali því er þér sendud mér. Ræd eg Ydur því einlægliga til að byrja ekki málfærslu í svo vafasamri sök<sup>119</sup>

Hinn 16. mars 1841 vitnaði Þorvarður Gíslason um landamerki og rekamörk Njarðvíkur. Í vitnisburðinum segir:

Reki byriast að sunna verdu við Bölmuds hlein verður að ganga ofan hia Bolmodis hlein fram með í sídsta bás a Niardvíkur reka ogsvo a Jordinn Niardvík Reka kring Vikina og Nordur með alt í bas þann sem er a milli Olafs sands og Gripdeildar, til Lands eda Landa merki er að Sunnann verda að Krossiadri beint upp til Varpa og eptir Vörpumm alt í kring eptir sem Votnum hallar, ásamt dal þeim er kalladr er Grasdalr og Ligr Upp frá Niardvík ur Afrétt, hvorn dal Niardvíkur Abuendr fyrir Gripa gaungu Nauta og Saudfiar atolulaust haft hafa<sup>120</sup>

Í vitnisburði Björns Ólafssonar, dagsettum 8. maí 1841, segir eftirfarandi um Grasdal:

Björn Olafsson giörir vitanlegt að eg uppa æru og samvitsku Vitna sem gagnkunnugur og heimilismadur í Njardvík frá 1821 til 1827 að þa verandi bóndi og Eignarmadur Njardvíkur og fjárhalds madur kikjunar þar Gisli sál Haldorsson helt og hafdi og sína Eign og kirkiunar haldandi dal þann Er liggur á bak við Skialdarfjall Enn firir sunnann biarg það sem kallad er ós Biarg og Grasdalur Er kalladur og þvíad Eins í <sup>filgi</sup> af sínum og kirkiunar Eignar Retti Lögfesti nefndann dal ásamt ödru Njardvík~~ur~~ tilheirandi landi 1821 þan 24 Juni samqvæmt annari adur giördri af 1530 í því skini <sup>ad</sup> bæga fra annarz ásælni og so til <sup>ad</sup> Vidhalda því Er að fornu og níu hafdi undir Niardvík leigid hefur dalur þessi Verid Jafnan geldnauta afrétt Niardvíkinga bæði á firri og seinni tímumm og hafa þeir so vídt eg til veit álitid ser fulla helgi a öllum þeim afnotum Er af dalnum geta ordid höfd Enn aungva (so framt mer er kunnugt) Veit eg þar sem <sup>á</sup> ósi hafa búid í næstu 30 ár hafa brúkad Eda lánad nefndan dal Eptir Eignar Rettar sialfgéfinni fullmagt.<sup>121</sup>

Hinn 10. júlí 1841 vitnaði Björn Sigurðsson um Grasdal og Gripdeild. Þar segir eftirfarandi:

jeg hef aldrej heyrt annad enn Grasdalur tilheyri Njardvík, hvor að hefur Vered Gomul Nauta afrétt Niardvíkinga fra tíð Sigurdar Magnussonar og brodir hans Havardar alt til Gisla Haldorssonar, hvor einnig hafdi Nefndan dal fyrir Nauta afrett í mínu minni, og

<sup>118</sup> Skjal nr. 2(217).

<sup>119</sup> Skjal nr. 2(217).

<sup>120</sup> Skjal nr. 2(383).

<sup>121</sup> Skjal nr. 2(219).

dyrfdist einginn tedan dal ad bruka utan Niardvikur Eigendur, svo jeg hafi heyrð um getid.

enn Reka Mark Niardvikur heyrði jeg födur minn sæla seigia, væri fra Gripdeild og sudur i Bölmód, og þar til merkis vissi eg aldrei i 9<sup>u</sup> ar sem eg var a Nesi, ad tekin væri ein Spita fyrir Nordann Adgerdarhvamm<sup>122</sup>

Í vitnisburði Jóns Hallgrímssonar, dagsettum 30. október 1841, segir um Grasdal:

Jeg undirskrifadur fluttist Ad Osi med Fostur forelldrúmm mínumm Kolbeini Saluga Geirmundssyni og Gudbiorgu Jónsdóttir, og var þar í 17 ár, alla tíjd Fiármadur Vetur og Sumur og var Grasdalur að eingu brukaður þann tíma frá Osi, hvorki lédur – ellegar nokkurn tíma á hann Rekið; og það ieg til veit hafa Njardvíkingar haldid Grasdal sína Eign, og brúkad hann<sup>123</sup>

Hinn 2. nóvember 1841 vitnaði Þorkell Björnsson um Grasdal en í vitnisburði hans segir:

Jeg er nú kominn á Niundatug Ára barnfæddr og uppallinn i Hialtastadarþinghá var þar i 33<sup>u</sup> ar Hreppstjóri, og sa umm Fiallskil öll þann tíma, og vissi jeg ej til ad oss abuendur i neinu notudu ser landstykki það er Grasdalur heitir, og liggr uppaf Niardvíkr afrétt, hvörki léde hann ödrum fyri Géldfié eda notudu sialfir, enn það vissi eg ad Gísli Sal: Haldorsson brukadi Nefndan Dal fyrir Nauta afrétt, än þess ad sækia Leifi til Óssmanna.<sup>124</sup>

Í vitnisburði Gísla Gíslasonar til Sigurðar Jónssonar, dagsettum 2. nóvember 1841, segir um Grasdal:

Orsókin Huarfirer Eg undirskrifadur af saladi mier þrætumm urgi og ummtali umm gripa á gang annara á grasdal og Hönumm þar med – var – ad eg Huorki gat eda nenti ad standa i Mála\_urgi umm hann (Jafn)vel. Þo eg sem þeir ed firer mig væru i Niardvík meintu Hann <sup>Niardv.r</sup> sína Eign. Hvad mier fanst og sislu madur Melsted Halda riett meint i lausatali vid mig umm grasdal<sup>125</sup>

Í bréfi dagsettu í nóvember árið 1841 frá Sigurði Jónssyni og Sigurði Gíslasyni til sýslumanns kemur fram að sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi hafi byggt Grasdal undir Vallaneskirkjújörðina Ós, en tvímenningarnir héldu því fram að Grasdalur hafi aftur á móti tilheyrt Njarðvík í árhundruð. Bréfið var tilkynning um að þeir nafnar frá Njarðvík væru búnir að gefa sr. Snorra Sæmundssyni prófasti umboð til að reka málið fyrir þeirra hönd.<sup>126</sup>

Hinn 12. nóvember 1841 var hjá sáttanefnd Þingmúlaumdæmis tekið fyrir mál um Grasdal milli sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi annars vegar og Sigurðar Jónssonar og Sigurðar Gíslasonar hins vegar. Ákveðið var að reyna sáttatilraun síðar eða eftir að útskrift af máldögum Njarðvírkirkju kæmi frá biskupi.<sup>127</sup>

Í vitnisburði Guðrúnar Þorsteinsdóttur, dagsettum 29. desember 1841, segir eftirfarandi um Grasdal:

<sup>122</sup> Skjal nr. 2(384).

<sup>123</sup> Skjal nr. 2(224).

<sup>124</sup> Skjal nr. 2(385).

<sup>125</sup> Skjal nr. 2(223) og 2(386).

<sup>126</sup> Skjal nr. 2(220).

<sup>127</sup> Skjal nr. 2(221).

J þaug 5 ar sem ieg undirskrifud var hiá Gudmundi heitnumm Kietilssýni á ósi þá hvaruki leifi hann ödrumm úti frá ad brúka grasdal firir afriett og brukad hann eý heldur sialfur firir sinar sképnur<sup>128</sup>

Með tveimur bréfum, dagsettum 10. maí 1842 og 15. maí 1842, skrifaði sr. Snorri Sæmundsson til St. Jónssonar sáttanefndarmanns um þrætuna um Grasdal. Í fyrra bréfinu er lítil teikning eða afstöðukort af Brimnesi, Kögurtanga og fjalli. Fram kemur að sáttatilaun ætti að reyna eftir að landið hafi verið skoðað. Að öðru leyti setti sr. Snorri fram álit sitt:

mundud þér ecki finna orsök til að óreindu ad fráskilja Vallaness kirkju Grasdal? Mín meining er ad það sé óhætt, ecki einungis vegna Hefdar, heldur vegna Landlagsins, og færi eg til þess Litla Eptirtekt mína í Vetur þegar eg kom sjóveg af Vopnafyrði. – Því ecki einungis Flesin sem ad sjálfsagt skagar af Landi Leingst út nordan vid Borgarfjörð, heldur eirnig Fjallsgnípunar yfir Kögurtánga skaga Leingst fram vegna Lögunar Fjallsins hjá Brimnesi, sem ad er svo aflendt eins og hér sínir [vísað í teikningu neðst á síðu] Finst mér þá verda audséd ad takmark millum Héradsflóa og Borgarfjardar verður ad vera Flesin og Kögurtágin, eda Fjallgnípan, sem ad fyrst sést og aldrei geingur undir þó fyri sé róid; Þaráofan er frá Landinu Fjallaröndin ósundurslitin af Dal, og eg vona i beinastri Stefnu Þadan upp í Landid.<sup>129</sup>

Í prófastsvísitasíu Njarðvíkurkirkju frá 31. júlí 1842 segir að prófasturinn í Vallanesi, Guttormur Pálsson, hafi gert tilkall til nokkurs af heimalandi Njarðvíkur og tileinkað kirkjuförðinni Ósi.<sup>130</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt eintak eða mögulega uppkast að bréfi, dagsettu 1. desember 1842, frá Sigurði Gíslasyni og Sigurði Jónssyni til stiftsyfirvalda vegna ágreinings við sr. Guttorm Pálsson vegna tilkalls hans til að byggja Grasdal undan Njarðvíkurkirkju. Þeir sögðu dalinn hafa tilheyrt Njarðvíkurkirkju og nýst sem afrétt en óskuðu eftir frekari upplýsingum frá stiftsyfirvöldum.<sup>131</sup>

Hinn 7. desember 1842 skrifuðu Sigurður Jónsson og Sigurður Gíslason í Njarðvík bréf til biskups þar sem þeir óskuðu upplýsinga frá stiftsyfirvöldum um eignarhald á Grasdal. Bréfritarar sögðu Guttorm Pálsson prófast í Vallanesi hafa slegið eign sinni, fyrir hönd Vallanesskirkju, á Grasdal sem þeir töldu að væri eign Njarðvíkurkirkju.<sup>132</sup> Biskup svaraði með bréfi dagsettu 27. mars 1843 og sagði Hoppe stiftamtman hafa gengið í gegnum gögn hjá stiftamtinu og biskupsdæminu án þess að finna upplýsingar um Grasdal. Þá segir að ekkert bréf hafi borist frá sr. Guttormi varðandi efnið.<sup>133</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt skjal sem virðist vera uppkast að bréfi frá Sigurði Jónssyni og Sigurði Gíslasyni til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu J. C. Voigt. Í bréfinu segir að prófasturinn í Vallanesi sr. Guttormur Pálsson hafi byggt Grasdal undan Njarðvík og í óþökk ábúenda til ábúanda jarðarinnar Óss. Þá var kvartað yfir því að sáttamenn og prófasturinn hafi rofið samning með því að mæta ekki á sáttafund

<sup>128</sup> Skjal nr. 2(222).

<sup>129</sup> Skjal nr. 2(225).

<sup>130</sup> Skjal nr. 2(434).

<sup>131</sup> Skjal nr. 2(228).

<sup>132</sup> Skjal nr. 2(572).

<sup>133</sup> Skjal nr. 2(605).

á tilteknum stað og tíma. Að lokum var spurt hvort ekki megi taka málið til dóms án þess að leitað yrði frekari satta. Skjalið er ódagsett en er líklega frá árinu 1842 eða 1843.<sup>134</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt skjal sem mögulega er uppkast að lögfestu fyrir Njarðvík. Skjalið er líklega frá árinu 1843 þar sem texta þess ber að vissu leyti saman við lögfestu Sigurðar Jónssonar og Sigurðar Gíslasonar fyrir Njarðvík, dagsettri 12. júní 1843. Í skjalinu segir eftirfarandi um landamerki o.fl.:

ad sunnanverdu frá Bölmód uppá varp a Nesshalsi þadan inneptir vög<sup>um</sup> inná Mjóadals varp, og svo þadan eptir vörpum á adal Fjallgardinum, ad inni luktum til Njarðvíkur þeim æxlum og hnúkum sem frá adal Fjallgardinum Liggia innad Njarðvík, med svo beirni Línu, sem Fjallgardurinn gefur tilefni til <sup>bak vid alla Dali</sup> allt; út ad gnípu þeirri sem er yfir so kölludum Kögurtánga og á sjó út, einnig Rekaplátsid Gripdeild sem skjalleger er Eign Njarðvíkur, þar hjá Lögfestum vid Hafnar Hólma í Borgarfyrði, med öllum gognum og gjædum, eins og Skálavist Skipsuppsátur, og Naust a Fiskibjargi i Hafnarlandi.<sup>135</sup>

Í lögfestu Sigurðar Jónssonar og Sigurðar Gíslasonar fyrir landamerkjum jarðarinnar Njarðvíkur, dagsettri 12. júní 1843, segir eftirfarandi:

Logfestum vid hérmed Jördina Njarðvík 40 hndr. ad dyrleika, sem half er ockar enn hálf kyrkjunnar Eign, Liggiandi i Borgarfyrði innann Nordur Múla sysslu. til ummerkia þeirra, sem Mældagar og Vitnisburdir Fornir og Nyir ockar og kyrkju ockar vegna Nefnil. ~~ete. ete.~~

Land og Reka Nordann frá Gripdeild og sudur ad Bölmód alt i Kring, efftir sem Vótnum hallar ad Landinu, vid Lögfestumm <sup>sv</sup> frá Bölmód beint upp á varp á Neshálsi þadann jnn efftir Sudurvörpum inná Mjóadals varp, og svo þadann eptir vörpum á adal Fjallgardinum, ad inniluktumm til Niardvíkur þeim oxlumm og hnukumm sem frá adal Fjallgardinum Liggia inn ad Njarðvík, med svo beirni línu, sem Fjallgardurinn Gefur tilefni til, bak vid alla dali alt út á svo nefndann Fialla enda, sem er yfer ~~adur nefndum~~ Ólafs sandi, og nyrdsta Takmark er Njarðvíkurreka

einnig Lögfestumm vid Gripdeildarreka sem skjalleger er ockar eign. Líka Hafnarhólma i Borgarfyrði med øllum Gognumm og Giædumm, eins og Skálavist Skips uppsatur og Naust á Fiskibjargi i Hafnarland. Fyrebjodumm vid því ollumm téd Land og Reka ser ad Helga, edur Nota, án ockar leyfis, under straungustu Lagasektir.

Vid Logfestum þannig ecki annad enn þad sem Niardvík ad fornu og Nyu hefur tilheirt, og med Rettu tilheyri, þo vid kynnum ad hafa rett til ad taka frekar til, ef vid vildumm Nyta annara dæmi, sem vid vilium i þessu tilliti taka ockur til vidvörunar.<sup>136</sup>

Lögfestan var auglýst á kirkjufundi að Hjaltastað hinn 18. júní 1843.<sup>137</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 23. júní 1843 var upplesin lögfesta fyrir landamerkjum Unaóss sem H. Ólafsson mótmælti vegna Svínavíkur sem máldagar Húsavíkur tileinkuðu henni. Einnig var lesin upp lögfesta fyrir Njarðvíkurlandi sem var hinni gagnstæð.<sup>138</sup>

<sup>134</sup> Skjal nr. 2(227).

<sup>135</sup> Skjal nr. 2(226).

<sup>136</sup> Skjal nr. 2(231).

<sup>137</sup> Skjal nr. 2(231).

<sup>138</sup> Skjal nr. 2(744).



Hinn 24. júlí 1843 skrifaði sr. Snorri Sæmundsson, umboðsmaður landeigenda í Njarðvík, til sáttanefndar í landaþrætumálinu um Grasdal og fór fram á að sr. Guttormur Pálsson prófastur myndi falla frá kröfu sinni um dalinn. Fram kemur í bréfinu að reynt hafi verið árangurslaust að ná sáttum.<sup>139</sup>

Með bréfi dagsettu 25. mars 1844 tilkynnti biskup sr. Stefáni Árnasyni á Valþjófsstað að eigendur Njarðvíkur hafi sent inn átta skjöl máli sínu til stuðnings varðandi Grasdal. Biskup óskaði eftir álitum sr. Stefáns um málið.<sup>140</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 var þinglesinn máldagi Gísla Jónssonar biskups frá 1575. Ekki kemur fram fyrir hvaða kirkju, en hugsanlega var það máldagi Njarðvíkurkirkju.<sup>141</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt skjal sem inniheldur afrit af vitnisburðum um Grasdal. Með þeim fyrsta, ódagsettum en líklega frá 1844–1845, vitnuðu Sigríður Ögmundsdóttir og Guðbjörg Jónsdóttir svo:

Eptir beidni Prófastsins S<sup>ra</sup> Guttorms Pálss: í Vallanesi vitnum við undirskrifadar það við vitum, að Grasdalur edur (Spe[ro]dalur) lá alltaf umtalslíted undir okkar þá ábúdarjörd Ós, um þann 20 ára tíma, er við vorum þar.<sup>142</sup>

Í þeim næsta, dagsettum 29. desember 1844, vitnaði Einar Rafnsson svo:

Prfastur S<sup>ra</sup> Guttormur Pálsson hefir óskad af mér undirskrifudum sannleiksvitnisburdar um það, hvör Grasdal notadi og hvurjer þar leitudu Grenja og kostudu til greja-hreinsunar þann tíma sem ég var til heimilis á Ósi og géfst hann svolátandi: Eg kom hérur 18 vetra til födursystur minnar Gudbjargar Jónsdóttir og Kolbeins Geirmundssonar mans hennar, sem þar bjuggu í tvíbíle að Ósi. Hjá tédri födursystur minni var ég 8 ár og á þeim tíma var Grasdalur átölulaust brúkadur til géldfjargaungu frá Ósi, þaðan var líka á hvörju vori leitad grenja, og á einu þessu vori lá ég þar á greni hjá skittunni Magnúsi Péturssyni, er af þáverandi Hjaltastadaþinghár hreppstjóra Jóni Sl. Þorsteínssyni var feinginn til að fara á grenid sem skytta.<sup>143</sup>

Með þeim þriðja, dagsettum 4. janúar 1845, vitnaði Guðrún Þorsteinsdóttir svo:

Eptir beidni herra Prófastsins Guttorms Pálssonar í Vallanesi géf ég honum soleidis Vitnisburd fyrir þann 5 ára tíma, sem ég var á Ósi; að Gudmundur Kétílsson húsbóndi minn sagdi mér að Ós ætti Grasdal allann fyrir nordan ána, og brúkadu hann eptir þörfum þann tíma ég til vissi, en sídan eru 50 ár lidinn.<sup>144</sup>

Þá segir eftirfarandi í fjórða vitnisburðinum, þ.e. frá Geirmundi Jónssyni, dagsettum 4. janúar 1845:

Einganveigin gét eg ordid við bón herra Prófasts S<sup>ra</sup> Guttorms Pálssonar í Vallanesi með að géfa honum vitnisburd áhrærandi það hvörjir menn í minni tíð, hafi brúkad Grasdal, utan það að í þau 59 ár, sem ég til man heyrdi ég eíngan ágreining brúkadann um fyrrnefndan Grasdal, hvörki af Njarðvíkingum edur Ósbændum, fyrrrenn þeir höfdu jarðaskiftin Sigurdur Jónsson og Gísli Gíslason<sup>145</sup>

<sup>139</sup> Skjal nr. 2(229).

<sup>140</sup> Skjal nr. 2(614).

<sup>141</sup> Skjal nr. 2(686).

<sup>142</sup> Skjal nr. 2(387).

<sup>143</sup> Skjal nr. 2(387).

<sup>144</sup> Skjal nr. 2(387).

<sup>145</sup> Skjal nr. 2(387).

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt uppkast að bréfi Sigurðar Jónssonar og Sigurðar Gíslasonar, eigenda Njarðvíkur, til J. C. Voigts sýslumanns varðandi ágreining þeirra við sr. Guttorm Pálsson um Grasdal. Bréfið er dagsett 1. mars 1845. Með bréfinu fylgdi álitsskjal sr. Stefáns Árnasonar um málið, afstöðukort yfir Brúnavík, Borgarfjörð með Njarðvík og jörðina Ós með þeim fjöllum sem aðskildu nefnd pláss hvert frá öðru. Með bréfinu lýstu tvímenniingarnir afstöðu sinni varðandi hvorri jörðinni, Unaósi eða Njarðvík, Grasdalur tilheyrði. Í því er ítarlega lýst túlkun á afstöðukortinu og svæðinu í kringum Grasdal. Kortið sögðu þeir vera óáreiðanlegt. Þá efuðust bréfritarar um kunnugleika sr. Stefáns til að leggja mat sitt á málið og sögðu álitsskjal hans lýsa rangri afstöðu pláss og í sumum tilfellum óglöggri. Sigurður Jónsson og Sigurður Gíslason sendu svo með bréfinu sjö vitnisburði einstaklinga sem lýstu Grasdal sem eign Njarðvíkur. Að öðru leyti sögðu þeir brýnt að landið yrði skoðað af óvilhöllum mönnum.<sup>146</sup>

Í lögfestu Sigurðar Jónssonar og Sigurðar Gíslasonar fyrir landamerkjum jarðarinnar Njarðvíkur, dagsettri 23. maí 1845, segir eftirfarandi:

Vid undirskrifadir Lögfestumm hérmed Jördina Niardvík 40 hndr. ad dyrleika, sem hálf er okkar, enn hálf ~~er~~ Kyrkjunnar Eign – liggjandi i Borgarfyrði jnnann Nordur Múla Sysslu, til ummerkia þeirra sem Máldagar og Vitnisburdir Fornir og Nýir ockur og kyrkju ockar Eigna, Nefnil. – Land og Reka, Nordan frá Gripdeild og Sudur ad Bölmód allt i Kríng, eptir sem vótnumm hallar ad landínu, vid Lögfestum svo frá Bölmód beínt uppá varp á Neshálsi, þadann jnneptir Sudurvörpum, jnn á Mióadalsvarp, Og svo þadann eptir vörpum, á adalfiallgardinumm, ad Inniluktumm til Niardvíkur þeim Øxlum og Hnúkumm, sem frá Adalfiallgardinumm liggia jnn ad Niardvík, med svo beinni Línu, sem Fiallgardurinn Géfur tilefni til, bakvid alla dali, allt út á svonefndann Fiallaenda, sem er Yfir Ólafssandi, og Nirdsta Takmark er, Niardvíkur Reka. –

Einnig Lögfestumm vid Gripdeildarreka, sem Skiallega er okkar Eign. – Líka Hafnarhólma í Borgarfyrði, med öllum Gögnumm og Giædumm, eins og Skálavist, Skips-uppsátur og Naust á Fiskibiargi i Hafnarlandi.<sup>147</sup>

Lögfestan var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 24. maí 1845 án mótmæla.<sup>148</sup>

Hinn 21. apríl 1846 lögfestu Sigurður Jónsson og Sigurður Gíslason land jarðarinnar Njarðvíkur, ásamt reka og ítökum. Lögfestan var þinglesin fyrir manntalsþingsréttum að Hjaltastað hinn 11. júní 1846 og að Desjarmýri hinn 20. júlí sama ár. Texti lögfestunnar er eftirfarandi:

Vid undirskrifadir Lögfestum hérmed Jördina Niardvík 40 hndr. ad dyrleika, sem hálf er okkar, enn hálf kirkiunnar eign, liggjandi i Borgarfirdi innan Nordurmúlasyslu til ummerkia þeirra, sem máldagar og vitnisburdir fornir og nýir okkur og kyrkiu okkar eigna nl. Land og reka, nordan frá Gripdeild og sudur ad Bölmód beint uppá Varp á Neshálsi, þadan inneptir Sudur vörpum, inná Mióadalsvarp, og svo þadan eptir Vörpum á adalfiallgardinum, ad inniluktum til Niardvíkur þeim øxlum og hnúkum, sem frá adalfiallgardinum liggia innad Niardvík, med svo beinni línu, sem fiallgardurinn géfur tilefni til, bak vid alla dali, allt út á svonefndan fiallaenda, sem er yfir Ólafssandi, og

<sup>146</sup> Skjal nr. 2(230).

<sup>147</sup> Skjal nr. 2(232).

<sup>148</sup> Skjöl nr. 2(232) og 2(745).

nyrdsta takmark er, Niardvikurreka. Einnig lögfestum við Gripdeildarreka, sem skjallega er okkar eign, líka Hafnarhólma í Borgarfirði, með öllum gögnum og giædum, einsog Skálavist og Skipsuppsátur og Naust á Fiskibiargi í Hafnarlandi. Fyrirbióðum við því öllum téð land og reka sér að helga edur nota, án okkar leyfis undir straungustu lagasektir.<sup>149</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Njarðvík metin 40 hundruð að dýrleika og skráð eign Njarðvírkirkju að hálfu og bændaeign að hálfu.<sup>150</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 31. maí 1849 var þinglesin lögfesta Njarðvíkur, dagsett 28. maí 1849. Enginn mótmælti henni.<sup>151</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Njarðvík:

Njarðvík

af túninu fæst tada handa 7 kúm og á jörðinni framfleytast 130 ær 150 saudir 80 lömb og 5 hestar. Tún ogreidt vidast, en eingjar greidfærar, hentugt kringum tún til ræktunar; úthey heldur gott afgjafar; meðalærnyt á sumri rumt kvartíl eda 30 pottar rúmlega; meðalkýrnyt snembærrar á sumri hæst 7 merkur; medalsaudur skérst með 14 pundum kvíær með hérum 4 pundum; útbeit stopul á vetrum, en allgóð; sjóarheit eins. Kvistur og líng er í landinu, torfskera brúkandi, reidíngur ekki, grjót gott að fá og nálægt; hellutak nokkurt, en ördugt; vatni má veita víða; mótak sæmilegt og nóg. Jörðin á afrétt nóga og allgóða fyrir sitt fé og gétur lánað öðrum afrétt fyrir herum 200 fjár Reki svo mikill að lítinn við þarf til húsa að kaupa; kópaveidi nokkur og fást optast 5 kópar á ári. Varpholmi fylgir, sem eignadur er Njarðvíkur kirkju og liggur fyrir Hafnarlandi og gétur af sér í meðalári 22 pund af hreinsudum æðardún; sanngjarnleg leiga eptir hólmann álitst að vera 46 rbd, og eptir því hólminn allur 1150 rbd virði. Jörðin liggur vel við sjáfarafra þegar hann adber, og svari aflavonin hérum 2 mannelum. – Eingjar sumar fjarlæggar; skridur og aurlaup víða; Landbrot nokkur; Lending vond og fyrir það afli stopull. Hæfilegt lid á jörðina álitst að vera 7 karlmenn 7 kvennmenn og 2 smalar. Þessi jörð var vyrðt á 2700 /: tuttugu og sjö hundruð /: rbd.

Á milli Njarðvíkur og jardarinnar Óss í Hjaltastaðabínghá liggur dalverpi nokkurt sem nefnist Grasdalur og bádir jardirnar vilja eigna sér. Þar er álitin afrétt fyrir 70 kindur og geta vyrðingarmennirnir ekki hvorri jörðinni sem þrætulandið fylgir matt það meir enn á 16 /sextán/ rbd.<sup>152</sup>

Í prófastsvísitasíu Vallaness frá 24. maí 1850 segir að ágreiningur sé uppi um Grasdal milli Óss og Njarðvíkur og einnig um tilkall kirkjunnar til áttungs í hvalreka í Ófærurekum.<sup>153</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 11. apríl 1850, 11. júlí 1851, 28. maí 1852, 13. júlí 1853, 8. júlí 1854, 4. júní 1855 og 31. maí 1856 var lýst friðhelgi á Hafnarhólma, er lá undir Njarðvík, Æðarskeri sem tilheyrði Brúnavík og Vogaskeri og Krústapa sem heyrðu undir Húsavík. Á síðastnefnda þinginu var einnig friðlýst nótalögum út af Kerlingarfjöru fyrir Bakkalandi. Þá var friðhelgi lýst á æðarvarpsplássum í Hafnarhólma og Æðarskeri við manntalsþing að Dvergasteini 23. júní 1855 og sama var gert við manntalsþing að Desjarmýri 26. júní 1861.<sup>154</sup> Við manntalsþing að Desjarmýri 28.

<sup>149</sup> Skjöl nr. 2(268), 2(761) og 2(826)

<sup>150</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 360.

<sup>151</sup> Skjal nr. 2(827).

<sup>152</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>153</sup> Skjöl nr. 2(489)–2(490).

<sup>154</sup> Skjöl nr. 2(682) og 2(700)–2(707).

júlí 1864 lýstu Njarðvíkurmenn og landeigendur Óss friðhelgi yfir selaveiði fyrir löndum sínum.<sup>155</sup>

Við lögreglurétt að Desjarmýri 29. júní 1883 var haldin rannsókn út af því að æðar-fuglar höfðu verið skotnir og ef til vill hreiður rænd eggjum í friðlýstu æðarvarpi í hólma tilheyrandi Njarðvík. Stefán Benediktsson hreppstjóri og Björn Pétursson á Engilæk gáfu skýrslu en þar vitnaðist að sést hefði til enskra sjómanna við að skjóta í varpinu.<sup>156</sup> Við aukarétt á skrifstofu Norður-Múlasýslu 30. apríl 1884 voru Stefán Benediktsson hreppstjóri og Runólfur Þorsteinsson í Húsavík útnefndir til að meta þær skemmdir sem enskir fiskimenn ollu þann 25. júní 1883 í friðlýstum varphólma Njarðvíkurkirkju í Borgarfirði.<sup>157</sup>

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1883–1951 er fært inn skjal frá eigendum Njarðvíkur sem svar við ítakalýsingu prófests í Vallanesi, dagsettri 13. febrúar 1884. Skjal Njarðvíkureigenda er dagsett 27. febrúar 1884 og var þinglesið 2. júlí sama ár. Texti þess er svohljóðandi:

Ítakalýsing kyrkjunnar í Vallanesi frá prófasti séra B. Jónssyni, dags. 13. febr. þ.á., svörum vér á þessa leið:

Sjá má af skjölum Njarðvíkurkirkju að Vallanesskyrkja á ¼ af hvalreka í Gripdeild. En enginn veit hér hvar Eyri og Drangur er, en Kamb þekkjá menn að er til. Sama er um Teistuvog og Spakárdal að menn vita eigi um þau örnefni. –

Vér samþykkjum því fjórðung hvalreka í Gripdeild, en hin ítökin eigi. –

Njarðvík, 27. febrúar 1884

Njarðvíkureigendur.<sup>158</sup>

Hinn 11. mars 1884 fór fram fundur hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis um ágreining milli sr. Bergs Jónssonar í Vallanesi og ábúenda í Njarðvík. Ágreiningurinn laut að landamerkjum Unaóss og Njarðvíkur en ábúendur Njarðvíkur höfðu neitað að undirrita merkjalýsingu sem sr. Bergur hafði látið útbúa. Í sáttabók er kröfum málsaðila lýst svo:

að prófasturinn telur ~~es~~ landamerki milli Óss og Njarðvíkur „eptir öllum vörpum út á svokallað Skjaldarfjalls ytri enda fyrir austan Grasdal, að þau megi haldast eins og verið hefur“, en Njarðvíkingar telja landamerkin eptir vörpum fyrir norðan allan Grasdal og þaðan til sjáfar ~~aus~~ á milli Ólafssands að sunnan og Gripdeildar að norðan.<sup>159</sup>

Fjölmörg skjöl voru lögð fram með vitnisburðum sem öll eignuðu Njarðvík Grasdal en umboðsmaður kæranda kvaðst ekki hafa heimild til að falla frá kröfu hans, sem hann byggði á að landamerki Óss hafi verið tilgreind í byggingarbréfum.<sup>160</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Njarðvíkur er dagsett 1. júlí 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 14. ágúst 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

<sup>155</sup> Skjal nr. 2(799).

<sup>156</sup> Skjal nr. 2(828).

<sup>157</sup> Skjal nr. 2(829).

<sup>158</sup> Skjal nr. 2(7).

<sup>159</sup> Skjal nr. 2(344).

<sup>160</sup> Skjal nr. 2(344).

Milli Njarðvíkur og Snotruness: Úr Bölmóðshlein beint upp á fjall og inn eftir vörpum.

Milli Njarðvíkur og Geitavíkur: Eftir vörpum þaðan sem Nesland þrýtur.

Milli Njarðvíkur og Bakka: Þaðan sem Geitavíkurland þrýtur inn eftir vörpum og eggjum, inn undir Dyrfjöll og inn á Mjóadalsvarp.

Milli Njarðvíkur og Hrafnabjarga: Af Mjóadalsvarpi út eggjar norðan megin vikurinnar þangað til Óssland tekur við.

Milli Óss og Njarðvíkur: Þaðan sem Hrafnabjargalandi sleppir út vörp og eggjar, út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall á Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann, sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan.

Eftir kaupbréfi frá 1539 á Njarðvíkurkirkja allan reka á Gripdeild, að undanteknum fjórðung hvalreka, sem Vallanesskirkja á eftir máldögum Vilchins og Gísla biskups.

Framanskráð landamerki samþykktum vér undirskrifaðir.

Armann Egilsson, Sigurborg Egilsdóttir, eigendur Snotruness og Geitavíkur.

Stefán Árnason eig. Hrafnabjarga.

Bergur Jónsson umráðamaður Vallanesskirkju.

Stefán Benediktsson meðeigandi Bakka.

Fyrir eigin hönd og meðeigenda:

Njarðvík, 1. júlí 1885.

Sigurður Jónsson.<sup>161</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 30. júlí 1887 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 6. júlí 1886, þar sem Þorvarður Stefánssen seldi Einari Thorlacius sýslumanni og Sigurði Jónssyni hálf tundrað að fornu mati úr Njarðvík ásamt hálfu kirkjuhundraði. Við sama þing var friðlýst æðarvarpi í svonefndum Hafnarhólma, eign Njarðvíkurkirkju.<sup>162</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Njarðvíkurkirkju frá 26. júlí 1890 segir að kirkjan haldi eignum og ítökum sem lýst var í vísitasíu frá 1748. Þá segir að landamerkjaskrá fyrir eignum kirkjunnar og jörðinni Njarvík sé samin, samþykkt og þinglesin.<sup>163</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 17. maí 1894 þinglesin lögfesta fyrir öllu Njarðvíkurlandi ásamt ítökum Njarðvíkurkirkju, dagsett 26. september 1893.<sup>164</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Njarðvík var metin á 32.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin hafi nægilegt upprekstrarland fyrir ábúendur en ekki sé tekið fé frá öðrum. Eigendur jarðarinnar voru dánarbú Þorsteins Magnússonar, Magnús Þorsteinsson, Sigurður Þorkelsson, dánarbú Helgu Sigurðardóttur, Helgi Björnsson, Anna Hallgrímsdóttir og Sigurlaug Björnsdóttir.<sup>165</sup>

<sup>161</sup> Skjal nr. 2(8).

<sup>162</sup> Skjal nr. 2(684).

<sup>163</sup> Skjal nr. 2(420).

<sup>164</sup> Skjal nr. 2(824).

<sup>165</sup> Skjal nr. 2(151).

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Njarðvíkur er dagsett 8. janúar 1922 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

1. Milli Njarðvíkur og Snotruness: Úr Bölmóðshlein beint upp á fjall og inn eftir vörpum.
2. Milli Njarðvíkur og Geitavíkur: Eftir vörpum þaðan sem Nesland þrýtur.
3. Milli Njarðvíkur og Bakka: Þaðan sem Geitavíkurland þrýtur inn eftir vörpum og eggjum, inn undir Dyrfjöll og inn á Mjóadalsvarp.
4. Milli Njarðvíkur og Hrafnabjarga: Af Mjóadalsvarpi út eggjar norðan megin víkurinnar þangað til Óssland tekur við.
5. Milli Óss og Njarðvíkur: Þaðan sem Hrafnabjargalandi sleppir út vörp og eggjar út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall á Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan.

Eftir kaupbrefi frá 1539 á Njarðvíkurkirkja allan reka á Gripdeild, að undanteknum fjórðung hvalreka, sem Vallaneskirkja á eftir máldögum Vilchins og Gísla biskups. Einnig á Njarðvíkurkirkja varphólma liggjandi fyrir Hafnar landi.

Njarðvík 8. janúar 1922.

Eigendur Njarðvíkur

Helgi Björnsson, Magnús Þorsteinsson

Fyrir hönd meðeiganda Bakka H/F Hinar sameinuðu íslenzku verzlunar Bakkagerði

Jón Stefánsson

Fyrir hönd Borgarfjarðarhrepps

Vigfús I. Sigurðsson oddviti

Umráðamaður Ós

Hallur Bjarnason hreppstjóri Hjaltastaðahrepps

Andrés Jónsson, Jón Björnsson eigendur Geitavíkur

Andrés B. Björnsson, Halldór I. Ármannsson umráðamaður og eigandi Snotruness.

Eiríkur Einarsson eigandi Hrafnabjarga.<sup>166</sup>

Landskiptagerð milli jarðanna Njarðvíkur I, II, III og IV er dagsett 10. ágúst 1959 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 1960. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

á milli Njarðvík I-II-III-IV og V. (sjá bls. 101)

Landamerki um land Bóasar Sigurðssonar eru: Girðing meðfram sjó, girðing inn með Njarðvíkurá, heimreið að nýbýli á landi Borgarfj. hr. að vestan og þaðan frá steini, sem settur var í tún, og n-austur í staur, sem settur var í girðingu við sjó.

Gert var ráð fyrir vélgröfnum skurði á landamerkjum að norðan. Land Bóasar, 2 hndr. með stekkjartúni, nam 15.5 hekt. Enn fremur féll í hlut Bóasar svokallað stekkjartún.

Land Borgarfjarðarhrepps takmarkast af landi Bóasar að sunnan, þaðan áfram vestur í staur, sem rekinn var niður, þaðan til norður efst í Þorragarð, þaðan út með fjalli að Stekkárgili og með því að landi Bóasar við sjó. Land Borgarfjarðarhrepps, 3½ hndr., nam 27 hekt.

<sup>166</sup> Skjal nr. 2(9).

Ekki var óskað skifta milli Hafnar- og Sandbrekkusystkina, en í þeirra hlut féll ræktanlegt land frá Króksfjöru inn að innri Hvannagilsá, norðan við Njarðvíkurá, ræktanlegt land frá Göngudalsá inn að Hryggjum og utan við Göngudalsá að landamerkjum um lönd Bóasar Sigurðssonar og Borgarfjarðarhrepps, og að sunnan, að eyrum við Njarðvíkurá alls 109.5 hekt. Mismunur á túnastærð, sem fram hefur komið við skiftin, skal jafnaður samkvæmt gildandi lögum, þegar ábúendaskifti verða.

Hlunnindi og aðra nýttjar jarðarinnar eru óskift.

Skiftum lokið.

Njarðvík 10.-8.-1959

Sigbjörn Guðmundsson

Þorsteinn Magnússon

Eyjólfur Hannesson

Hilmar Jónsson

Bóas S. Eydal

F.h. erfingja Jóhönnu Þorsteinsdóttur, Þorsteinn Sigfússon e.u.

F.h. Borgarfj.hrepps, Ingvar Ingvarsson<sup>167</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 12. júlí 1968 er fjallað um að flytja eignir Njarðvíkurkirkju til Bakkagerðiskirkju, þar á meðal Hafnarhólma sem sé varphólmi fyrir Hafnarlandi.<sup>168</sup> Sama er fjallað um í biskupsvísitasíu frá 19. ágúst 1973.<sup>169</sup>

Hinn 20. september 1973 seldu fjórir eigendur Njarðvíkur og Borgar í Njarðvík eignarhlutdeild sína í Hafnarhólma í Borgarfirði. Ekki er getið um þinglýsingardag en skjalið var fært inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979. Um afmörkun hins selda er vísað í meðfylgjandi uppdrátt, sem ekki er í landamerkjabókinni, en þar segir eftirfarandi:

Nánar tilgreint er hið selda sá hluti Hafnarhólma, er verður vestan og sunnan tveggja beinna lína, sem dregnar eru hornrétt hvor á aðra, á uppdrættinum, og afmarkar athafnasvæði fyrirhugaðrar hafnar.<sup>170</sup>

#### 5.4.1 *Borg í Njarðvík*

Landskiptagerð milli jarðanna Njarðvíkur I, II, III og IV er dagsett 10. ágúst 1959 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 1960. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

á milli Njarðvík I-II-III-IV og V. (sjá bls. 101)

Landamerki um land Bóasar Sigurðssonar eru: Girðing meðfram sjó, girðing inn með Njarðvíkurá, heimreið að nýbýli á landi Borgarfj.hr. að vestan og þaðan frá steini, sem settur var í tún, og n-austur í staur, sem settur var í girðingu við sjó.

Gert var ráð fyrir vélgröfnum skurði á landamerkjum að norðan. Land Bóasar, 2 hndr. með stekkjartúni, nam 15.5 hekt. Enn fremur féll í hlut Bóasar svokallað stekkjartún.

<sup>167</sup> Skjal nr. 2(10).

<sup>168</sup> Skjal nr. 2(435).

<sup>169</sup> Skjal nr. 2(440).

<sup>170</sup> Skjal nr. 2(873).

Land Borgarfjarðarhrepps takmarkast af landi Bóasar að sunnan, þaðan áfram vestur í staur, sem rekinn var niður, þaðan til norður efst í Þorragarð, þaðan út með fjalli að Stekkárgili og með því að landi Bóasar við sjó. Land Borgarfjarðarhrepps, 3½ hndr., nam 27 hekt.

Ekki var óskað skifta milli Hafnar- og Sandbrekkusystkina, en í þeirra hlut féll ræktanlegt land frá Króksfjöru inn að innri Hvannagilsá, norðan við Njarðvíkurá, ræktanlegt land frá Göngudalsá inn að Hryggjum og utan við Göngudalsá að landamerkjum um lönd Bóasar Sigurðssonar og Borgarfjarðarhrepps, og að sunnan, að eyrum við Njarðvíkurá alls 109.5 hekt. Mismunur á túnastærð, sem fram hefur komið við skiftin, skal jafnaður samkvæmt gildandi lögum, þegar ábúendaskifti verða.

Hlunnindi og aðra nytjar jarðarinnar eru óskift.

Skiftum lokið.

Njarðvík 10.-8.-1959

Sigbjörn Guðmundsson

Þorsteinn Magnússon

Eyjólfur Hannesson

Hilmar Jónsson

Bóas S. Eydal

F.h. erfingja Jóhönnu Þorsteinsdóttur, Þorsteinn Sigfússon e.u.

F.h. Borgarfj.hrepps, Ingvar Ingvarsson<sup>171</sup>

## 5.5 Hrafnabjörg í Útmannasveit

Hinn 2. júlí 1598 vitnaði Stefán Jónsson að Hrafnabjörg ættu selför í Heyskálalandi. Þá kvaðst hann hafa heyrt elstu menn segja að Unaós ætti selför í Eiríksdal í landi Hrafnabjarga.<sup>172</sup>

Hinn 22. ágúst 1602 vitnaði Markús Þorvaldsson að hann hefði aldrei heyrt annað en að Hrafnabjörg ættu selför í Heyskálalandi. Í vitnisburði Markúsar er einnig getið um landamerki en þar segir:

Enn Landamerke J mille KnararAar og Jokulssaar Er siönhending Vr Vpptankning Greyndrar Knararar ~~og Jokulssaar~~ og Sioonhendýng Vr Vptokum greyndrar A J fiall up og Þar fra Alla Suulna hialla allt J Vrdudal og fjrrsagda JokulS Aa<sup>173</sup>

Hinn 23. febrúar 1649 keypti Hjalti Jónsson, í umboði Brynjólfs biskups Sveinssonar, jörðina Hrafnabjörg af Oddi Teitssyni og Katrínu konu hans. Á móti fékk Oddur þrjú hundruð í Sandvík í Skorrastaðarkirkjusókn og tvö hundruð og fjörutíu eða fimmtíu álnir í jörðinni Fannardal í Norðfirði.<sup>174</sup>

Hinn 29. janúar 1659 keypti Brynjólfur biskup Sveinsson jörðina Hrafnabjörg af Bjarna Ögmundssyni.<sup>175</sup>

<sup>171</sup> Skjal nr. 2(10).

<sup>172</sup> Skjal nr. 4(112).

<sup>173</sup> Skjal nr. 4(112).

<sup>174</sup> Skjal nr. 4(113).

<sup>175</sup> Skjal nr. 4(114).



Hinn 2. september 1660 var Bjarna Ögmundssyni byggð jörðin Hrafnabjörg. Um landamerki segir eftirfarandi í skjalinu:

Landamerke þeirrar Jardar greinast að utann ut Selflioti uppepter Knararæ Þangad sem hun klífur Riupna fell. Og alla Sulna hialla meðfylgandi Jordanne, og J urdardals á rædur hun so upp J fioll, enn að framann rædur Jokulzä fylger allur Eyreksdalur Hrafnabjörgum að Jokulsa enn hun ofan J gegn J Selfliot. til Þessara landamerkia skal Biarni augmundson lande under Jordina hallda og Þar að auk Þui J taki sinu meigenn fliotz J heýskala landi sem Jnnsiglut bref menn fullnast að fylgt hafi bæde Selfor og Þriar dælur til slægna.<sup>176</sup>

Hinn 28. nóvember 1662 keypti Hjalti Jónsson, í umboði Brynjólfs biskups Sveinsonar, jörðina Hrafnabjörg af Bjarna Ögmundssyni með samþykki konu hans, Guðrúnar Þorkeldsdóttur. Í skjalinu að þann dag hafi verið samið og sett niður sú miðsklið og sá ágreiningur sem orðið hafði milli Bjarna og Hjalta um kaup á Hrafnabjörgum. Þá segir að Bjarni skyldi njóta frís ábýlis á Hrafnabjörgum um sína lífdaga.<sup>177</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hrafnabjarga metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Jón Björnsson.<sup>178</sup>

Hinn 18. apríl 1820 lýsti Þórunn Jónsdóttir brígðum á sölu Hrafnabjarga í Útmanna-sveit til Guðríðar Þórðardóttur á Gilsá í Breiðdal. Brigðalýsingin var auglýst Guðríði Þórðardóttur þann 24. apríl 1820 og þinglesin á manntalsþingsrétti að Hjaltastað 15. maí sama ár.<sup>179</sup>

Samþykkt um melrakkaveiðar í Hjaltastaðarhreppi er dagsett 1. apríl 1833 og árituð af sýslumanni 21. október 1833. Í 4. og 5. grein samþykktarinnar er fjallað um hvar leitir skulu fara fram og afréttargöngur en sá hluti sem varðar Hrafnabjörg og nágrenni er svohljóðandi:<sup>180</sup>

#### §4

Leitirnar skulu framfara þannig: millí Lagarflióts og Selflióts frá Tiarnarlandi og Stórasteinsvadi skulu bændr sameginlega leyta ár hvört í þeirra löndum frá Ketilstöðum og Bóndastöðum, Frá Ekru og Dratthalastöðum, Frá Hrollaugstöðum Asgrímsstöðum og Víðustöðum, Frá Holí og Holshialeigu, Þar ej hefur að Nýungu ordíd vart víd Tour þar og vyst ecki í 30 fyrir farandi Ár, þá er þeim uppálagt að gánga eína gaungu í Hrafnabíargar bufiár haga NL. Það sem Knarar Á Rædur að utan, og Lángahlíð að ofan til Krákugíls ár, og að framan þar sem hún fellur í Jökuls á, og Jökuls á í Selfliót [...]

#### §5

Það Sem Afrettar Gaungur Ahrærir [...] I afrettar land í Hrafnabíargar, Gángi búendur frá, Hrafnabíörgum Klúku Eingilæk og Hólsbæum hver takmórk að eru frá ádur Nefndum ármótum sem Lambamúli Rædur til Dyrfialls sem efttir vörp að ofan og búfiár hagar að Nedan alt til Knarar ár þessir kom[i] saman á Hrafnabíörgum og byrie leit að utan<sup>181</sup>

<sup>176</sup> Skjal nr. 4(115).

<sup>177</sup> Skjal nr. 4(116).

<sup>178</sup> Skjal nr. 2(97).

<sup>179</sup> Skjöl nr. 2(238) og 2(787).

<sup>180</sup> Texta 4. og 5. gr. í heild er að finna í kafla 5.2.

<sup>181</sup> Skjal nr. 4(108).

Hinn 24. apríl 1843 afhenti Guðmundur Benediktsson Finni Guðmundssyni sex hundruð í jörðinni Hrafnabjörgum fyrir fjögur hundruð í jörðinni Fremraseli. Maka-skiptabréfið var þinglesið þann 11. maí 1844. Í athugasemd með færslunni vottaði St. Jónsson sýslumaður meðal annars, að Eiríkur hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir jörðinni Hrafnabjörgum.<sup>182</sup> Bréfið var einnig þinglesið við manntalsþing að Hjaltastað 1. júní 1844.<sup>183</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hrafnabjörg metin sex hundruð að dýr-leika og skráð sem bændaeign.<sup>184</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hrafnabjörg:

Hrafnabjörg

Túnid fóðrar 1½ kýr, og á útheyi og útbeit framfleitast 40 ær, 40 saudir, 20 lömb og 3 hestar. – Túnir er víða greidt, enn eingjar örðugar og útheyskapur heldur reitingssamur þó heyið sé gott til afgjafa; málmyta er heldur lítil á sumrum, enn þrif á skepnum í betra lagi; vetrarþing kjarngóð og snapaseigt; kolskógur eyddur og hrísrif ekkert; um mótak vita menn ekki; torfskera slæm. – Hættur eru í landinu þarsem fé á vetrum opt hrapar fram af björgum; í afréttartollum gjaldast bóndanum árlega hérumbil 2<sup>rd</sup>. – gjört er að þurfi 3 karlmenn, 2 kvenmenn og smala á jörðinni. – Jörðin var vyröt á 300 (: þrjú hundruð:) rbd.<sup>185</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 26. maí 1852 var þinglýst lóðseðli Guðrúnar Jónsdóttur sem heimildarskjali fyrir einu hundraði og 36 álnum í jörðinni Hrafnabjörgum.<sup>186</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 19. júní 1863 var þinglýst kaupbréfi frá H. Jónssyni til P. Ásmundssonar fyrir einu hundraði úr jörðinni Hrafnabjörgum.<sup>187</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 4. júlí 1878 var þinglýst lögfestu fyrir Hrafnabjörgum, dagsettri 16. júní 1878.<sup>188</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hrafnabjarga er dagsett 7. maí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 2. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Hrafnabjarga og aðliggjandi jarða:

1. Milli Óss og Hrafnabjarga ræður Knarará alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan inn eggjar til upptaka Urðardalsár, ræður þá nefnd á landamerkjum af egg ofan Urðardal.
2. Þar er aðliggjandi Sandbrekkuland og rennur Urðardalsá í svo nefnda Jökulsá, sem ræður landamerkjum ofan fjallið þar til ofan á sléttlendi; þá ræður sá forni farvegur Jökulsár þaðan eins og hann liggur norðvestur í Selfljót – sá áður nefndi forni farvegur Jökulsár er nefndur Bolur. – Selfljót að norðan aðskilur Hrafnabjargaland frá landi Eyjabæja.

Til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn.

<sup>182</sup> Skjal nr. 2(256).

<sup>183</sup> Skjal nr. 2(772).

<sup>184</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 359.

<sup>185</sup> Skjal nr. 2(131).

<sup>186</sup> Skjal nr. 2(781).

<sup>187</sup> Skjal nr. 2(782).

<sup>188</sup> Skjal nr. 2(788).

Skrifað 7. maímán. 1884.

Stefán Árnason eigandi Hrafnabjarga.

Halldór Magnússon eig. Sandbrekku.

B. Jónsson umráðamaður Vallaness.

Þorsteinn Þorleifsson bónda á Ósi.<sup>189</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hrafnabjörg var metin á 1.300 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðinni fylgi upprekstrarland fyrir u.þ.b. 500 fjár, en engar tekjur hafi fengist af því undanfarin ár. Eigandi jarðarinnar var H/f Framtíðin Seyðisfirði.<sup>190</sup>

Árið 2021 friðlýsti umhverfis- og auðlindaráðherra landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð, sbr. auglýsingu nr. 850/2021. Þar segir að ráðherra hafi ákveðið „að friðlýsa jarðirnar Unaós-Heyskála, Hrafnabjörg og hluta Sandbrekku sem landslagsverndarsvæði og náttúruvætti“. Auglýsingunni fylgir kort sem sýnir afmörkun friðlýsta svæðisins.<sup>191</sup>

## 5.6 Sandbrekka í Útmannasveit

Hinn 26. júlí 1562 var lýst kaupmála milli Einars Eyjólfssonar og Vilborgar Bjarnadóttur á Ketilsstöðum á Völlum á brúðkaupsdegi þeirra, en samkvæmt honum gaf Bjarni Erlendsson Vilborgu dóttur sinni meðal annars jarðirnar Eskifjörð og Viðfjörð fyrir 40 hundruð og Sandbrekku fyrir 25 hundruð.<sup>192</sup>

Hinn 17. maí 1580 fóru fram skipti á arfi Guðríðar Þorsteinsdóttur til dætra hennar, Vilborgar og Málfríðar Bjarnardætra. Skiptin urðu þannig að Vilborg fékk meðal annars jarðirnar Sandfell, Þorvaldsstaði, Geitdal, Sandbrekku, Eskifjörð, hálfu Ketilsstaði og Tunghaga, en Málfríður fékk meðal annars hálfan Mjóafjörð, hálfu Ketilsstaði og Útnyrðingsstaði.<sup>193</sup>

Árið 1589 fór fram gjörningur hvar hjónin Einar Ásmundsson og Málfríður Bjarnadóttir létu til sonar síns Jóns Einarssonar í arfskipti meðal annars jarðirnar Ketilsstaði á Völlum og Útnyrðingsstaði. Einnig sögðust hjónin hafa selt Jóni jörðina Sandbrekku.<sup>194</sup>

Árið 1604 gaf Indriði Þorvarðarson vitnisburð um landamerki á milli jarðanna Dala og Sandbrekku í Útmannasveit. Í afriti af vitnisburðinum segir um landamerkin:

So feldan vitnisburð ber eg Indriði Þorvarðsson um landamerki á millum Dala og Sandbrekku, hvörjar jarðir at liggja í Hjaltastaða kirkjusókn á Utmannasveit, og hef eg búið þar í samfleytt xii ár, og landamerki fyrgreindrar Sandbrekku haldin verið alt í þann garð, sem liggur á millum Dala og fyrgreindrar jarðar, hver garður at liggur fyrir

<sup>189</sup> Skjal nr. 2(4).

<sup>190</sup> Skjal nr. 2(148).

<sup>191</sup> Skjal nr. 6(3).

<sup>192</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XIII, bls. 758–759, skjal nr. 4(136).

<sup>193</sup> Skjal nr. 2(658).

<sup>194</sup> Skjal nr. 2(663).

framan Arnarsetuhvamm austur í á, og at þessum fyrgreindum landamerkjum fann Jón heitinn Skúlason aldrei hver þá átti fyrnefnda Dali.<sup>195</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 5. ágúst 1641 er sagt frá skjölum sem voru hjá kirkjunni. Þar er meðal annars fjallað um kaupbréf frá 1470 fyrir Ánastöðum og fimm hundruðum í Sandbrekku.<sup>196</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Sandbrekku metinn 24 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Árni Þorsteinsson prestur.<sup>197</sup>

Samþykkt um melrakkaveiðar í Hjaltastaðarhreppi er dagsett 1. apríl 1833 og árituð af sýslumanni 21. október 1833. Í 4. og 5. grein samþykktarinnar er fjallað um hvar leitir skulu fara fram og afréttargöngur en sá hluti sem varðar Sandbrekku og nágrenni er svohljóðandi:<sup>198</sup>

## §4

Leitirnar skulu framfara þannig: [...] Fra Hlaupandagerdi og Sandbrecku búfiárhagar það sem Jökuls á Rædur ad utan, frá henni beinleidis í Skemuvatn sýdan í Sandvatn og loksins til Sandár ad ofan Sandá rædur ad framan til Biarglands ár, og ur því til Selflíots. [...]

## §5

Þad Sem Afrettar Gaungur Ahrærir [...] Frá Sandá til ármóta og þaðann sem Lambamúli Rædur, til Dyrfialls er til ætlad ad Gángi Búendur frá Sandbrecku Hlaupandagerdi Dölum Kórekstadagerdi Kórekstöðum Jórvyk Jorvykurhl<sup>u</sup> út bæ Hrollaugstada Víðastöðum; þessir komi saman ad Sandbrecku og byrie leit ad utan<sup>199</sup>

Hinn 26. maí 1845 komu fram mótmæli við lögfestu Guttorms Þorsteinssonar á Hofi, að því sem hún snerti Hraundal fyrir utan á þá sem eftir honum rennur. Lögfestan var þinglesin á manntalsþingsrétti á sama stað og tíma, undir mótmælum Kjartans Jónssonar hreppstjóra á Sandbrekku. Texti mótmælanna og andmælanna gegn þeim er eftirfarandi:

Vid undirskrifadir gjörum hverium kunnugt ad vid hermed mótmælum Lögfestu prófastsins S<sup>r</sup> Guttorms Þorsteinssonar á Hofi, ad þvíleiti sem áhrærir Hraundal fyrir utan á þá sem eptir honum rennur, því eptir skikkanlegra og eldstu manna Vitnisburdum ásamt almennings ordromi, var Hraundalur fyrir utan Ána sagdr og átölulaustr brúkadur til allrar þeirrar notkunar sem í þá daga var tidkanleg sem Hialtastadar Hreppsmanna saméginleg Eign edr almenningr þángad til Prófastur sál S<sup>r</sup> Arni Þórsteinsson Lögfesti nefndan Hraundal edr Almenningsstykkid undir Sandbrecku og hafa Leigulidar þar haldid því sídan, þó Hreppsmenn hafi verid óánægdir med það. Þar þessi áminsti Hraundalur er svona óréttvislega undan Hreppnum geingin sérilagi þeim til Skada sem ei hafa Afrétt fyrir Fé sitt i sínum Leigu londum og verda þessvegna ad kaupa géldfiárgaungu ad ödrum, giörum vid hermed i dag Tilkall til ádrnefnds Hraundals edr Almennings Lands stykkis nefnilega af Hraundals Varpi allt út í Ytristángará, frá lá þeirri sem eptir Dalnum rennur austur á Vörp sem Vötnum halla til Hérads.

<sup>195</sup> Skjal nr. 2(198).

<sup>196</sup> Skjal nr. 2(421). Sjá einnig *Íslenzkt fornbréfasafn IX*, bls. 38, skjal nr. 4(131).

<sup>197</sup> Skjal nr. 2(99).

<sup>198</sup> Texta 4. og 5. gr. í heild er að finna í kafla 5.2.

<sup>199</sup> Skjal nr. 4(108).

Staddir á Hialtastad þann 26<sup>t</sup> Maí 1845.

Skúli Björnsson, Arni Bjarnason Björn Olafsson Jón Jónsson Þ. Gunnarsson, Björn Kolbeinsson, Einar Hálfðanarson.

Upplesid fyrir Manntalsþingsrétti að Hialtastad þann 26<sup>t</sup> Maí 1845, hvar hreppstíóri Kiartan Jónsson á Sandbrecku protesteradi í kröftugasta mata móti þessu Skiali, og taldi HraunDalin sem vafalausa Eign nefndrar Ábýlisjardar sinnar.

J.C. Voigt.<sup>200</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Sandbrekka metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeygn.<sup>201</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Sandbrekku:

Sandbrekka

með hjáleigunni Hlaupandagerði. – Á töðu má hafa 6 kýr, á úheyi og útbeit 90 ær, 110 saudi, 80 lömb og 7 hesta. – Túnid á heimajörðunni er greidt, enn á hjáleigunni fremur þýft; úteingi á heimajörðinni optast lítið, votlendt og undirorpið vatna yfirgáangi, þó er heyið sem fæst gott til afgjafa. – Á hjáleigunni er heyskapur mestur í kríngum bæin, að mestu leiti á vallendi, sem opt er heldur snögg og seinunnið þá þurkar gánga; stareingi gott er nálægt hjáleigutúninu. Málnya er í meðallagi bæði á heimajörðunni og hjáleigunni, enn útbeit er hér kjarnbetri og verst leingur á vetrum, skógur fæst ekki til kola, enn hrísrif er ennþá til eldsneitis; mótak finnst ekki í landinu; bæði tún og eingjar hjáleigunnar er undirorpið skémdum af vatna yfirgáangi, þegar mikill vöxtur hleipur í Bjarglandsána. – Jörðunni fylgir afrétt á milli Bjarglandsár og Jökulsár sem géfur af sér í afréttartollum 4<sup>rbd</sup> á ári, líka heyra til jardarinnar 2 rekasandar nefnil. ½ Sandbrekkusandur og ½ Eyrarreki sem bádir eru 500 faðmar og álíta vyrðingarmennirnir að 4<sup>rbd</sup> sé sanngjarnleg ársleiga eptir téda sanda. – Hæfilegt fólkshald vyrdist að vera á heimajörðinni 3 karlmenn 3 kvenmenn og 1 léttingur, enn á hjáleigunni 2 karlmenn og 1 kvenmaður. – Jörðin með afbýlinu og hlunnindum sínum var vyrðt á 1025 (: eitt þúsund tuttugu og fim:) rbd. Hjáleigan hefir afskipt tún og eingi og væri hún skoduð útaf fyrir sig með því landi og landsnytjum sem henni fylgja, álíta vyrðingarmennirnir að hana ætti að meta á 275<sup>rbd</sup>.<sup>202</sup>

Hinn 9. apríl 1852 lögfesti Björg Guttormsdóttir land jarðarinnar Sandbrekku með hjáleigunni Hlaupandagerði með vísun í lögfestu frá 1798. Texti lögfestunnar er svoljóðandi:

Með bréfi þessu lögfesti eg undirskrifuð land það sem tilheyrir eignarjörðu minni Sandbrekku og hjáleigunni Hlaupandagerði í Hjaltaðarþinghá innan eptir nefndra takmarka: Að framan úr svokallaðri Dalarétt við Bjarglandsá ræður garður sá til hvörrs enn sjest merki allt á Dalatjörn austanverða, þá ræður úr greindri Dalatjörn garður sá sem leggur úr henni norður til Kellingar að vestanverðu úr téðri Kellingu beinleiðis og sjónhendingu ofaní blána, allt í garð þann sem liggur í Kóreksstaða kíll, og þaðan rétta stefnu norður í Selfljót, þá ræður greint fljót landamerkjum að norðanverðu í hverju að liggur hólmi sá sem flathólmi kallast og Sandbrekku tilheyrir; að utanverðu úr téðu Selfljóti réttlínis í svokallaðann Bol eður þann gamla farveg Hrafnabjargarar allt í hana sjálfa þá hún þareptir ræður landamerkjum allt uppá Eiríksdalsvarp og svo þaðan í Hraundalsvarp og ofan aptur á Hraundalinn allt eptir því sem Bjarglandsá rennur úteptir sem skamtar landamerki allt til fyrstgreindu takmarka móts við Dalarétt. – Sömuleiðis lögfesti eg hérmeð nefndrar jarðar Sandbrekku reka nefnil. hálfann Eyrar reka og halfann Sandbrekku sand innan takmarka þeirra sem hingaðtil hafa átölulaust haldin

<sup>200</sup> Skjal nr. 2(267) og 2(789).

<sup>201</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 359.

<sup>202</sup> Skjal nr. 2(131).

verið. Lögfesta þessi er grundvölluð svovel á lögfestu frá 1798 sem öðrum bæði eldri og yngri landamerkjaskjölum er eg hefi í höndum og hverjum enginn enn hefir með nokkrum rökum hrundið, hversvegna eg hérmeð banna einum og sérhverjum, undir landnáms- og lagasektir að nota nokkuð af hérgreindu landi eður reka án minnar vitundar og leyfis eður þeirra manna hverjum jörðin er byggð.<sup>203</sup>

Lögfestan var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 26. maí 1852.<sup>204</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 19. júní 1863 var þinglýst kaupbréfi B. Guttormsdóttur til H. Magnússonar á Húsey fyrir jörðinni Sandbrekku og Hlaupandagerði með tilheyrandi rekasandi fyrir 3.300 ríkisdali.<sup>205</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 1. júní 1870 var þinglýst landskiptabréfi milli jarðanna Sandbrekku og Dala í Útmannasveit, dagsettu 17. júní 1869.<sup>206</sup>

Hinn 6. júní 1872 lögfesti Halldór Magnússon land jarðarinnar Sandbrekku. Texti lögfestunnar er svohljóðandi:

Jeg undirskrifaður lögfesti hér í dag eignar- og ábýlisjörð mína, Sandbrekku í Hjaltastaðarþinghá og Norðurmúlasýslu, með öllum hennar tilheyrandi gagnsemdum, til nota og nytja hverju nafni sem heita innan eptir ritaðra takmarka. –

Að framanverðu úr Dalarétt beina stefnu í svokallaða kellingu; að vestanverðu úr téðri kerlingu beinlínis sjónhendingu ofan í blána allt í garð þann, sem liggur í Kóreksstaða kýl og þaðan rétta stefnu norður í Selfljót; þá ræður greint fljót landamerkjum að norðanverðu, í hverju að liggur Hólmi sá, er flathólmi kallast og liggur undir Sandbrekku. Að utanverðu úr téðu Selfljóti réttlínis í svo kallaðan Bol eður þann gamla farveg Jökulsáar allt í Jökulsána sjálfa og ræður þareptir hin jökullitaða á landamerkjum að upptökum sínum undir jöklinum neðan við fremra dýrfjall, og frá því takmarki ræður bein stefna uppá há Eyriksdalsvarp, og svo þaðan á Hraundalsvarp, og ofan aptur í Hraundalinn, allt eptir því sem Bjarglandsá rennur út eptir sem deilir löndum til fyrst greindra takmarka út á mots við Dalarétt. –

Alla framanskriafaða landeign, sem er innan þeirra tilteknu landamerkja, lögfesti jeg að orðfullu og lögmáli réttu og fyrirbýð jeg öllum Sandbrekku land innan téðra vébanda að yrkja eða nota téða eign hverki til slægna, beitar, skógaryrkju, veiðiskapar, grasa, eða afréttar eða til nokkurra nytja hverju nafni sem heitir, utan mitt lof eða leyfi komi til, og skal hver sá, sem ætlar að brúka þetta land án míns leyfis, verða sekur við landnám undir straungustu lagasektir, samkvæmt réttu lögmáli og alls herjar lögum.

Þessari lögfestu er til staðfestu mitt nafn

Sandbrekka 6. júní 1872

Halldór Magnússon<sup>207</sup>

Lögfestan var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 1. júlí 1872.<sup>208</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Sandbrekku er dagsett 20. júní 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 2. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerkjaskrá: Landamerki milli jarðarinnar Sandbrekku og nærliggjandi jarða: Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós, rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við

<sup>203</sup> Skjal nr. 4(104).

<sup>204</sup> Skjöl nr. 2(781) og 4(104).

<sup>205</sup> Skjal nr. 2(782).

<sup>206</sup> Skjal nr. 2(843).

<sup>207</sup> Skjal nr. 4(105).

<sup>208</sup> Skjöl nr. 2(849) og 4(105).

Arnarsetuhvamm; þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann, er liggur í Kóreksstaðakíl, á hverjum stendur varða við Kílinn; þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma að sunnan og vestan allt í Selfljót, sem ræður að norðan og utan; í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi. –

Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr téðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökul, er liggur undir Dyrfjalli; þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.

Sandbrekku, 20. júní 1884.

Halldór Magnússon, eigandi Sandbrekku

Stefán Árnason eig. Gagnstaðar og Hrafnabjarga

Jón Einarsson eigandi Dala.

Björn Einarsson bóndi á Kóreksstöðum

Þorkell Bjarnarson bóndi á Klúku.

Rekamörk Sandbrekkusands:

1. Milli Sandbrekkusands að norðan og Gagnstaðarsands að austan, þegar maður stendur í meðal flóðgöngu, á há kollur á Svartlingum að bera mitt á milli tveggja grárra ráka í Ósbjargi fyrir innan Selvogsnæs og kallaður hefur verið stigi. –
2. Milli Sandbrekkusands að austan og Kliptasands að norðan, þar sem yzta Kliptin í Hrafnabjargafjalli gefur sig frá Valsungaendanum, svo aðeins sjáist í lopt á milli; þar byrjar Kliptasandur.
3. Milli Kliptasands að austan og Eyrareka að norðan, þá er Stórásendi upp af Hlaupandagerði hverfur undir Hrafnabjargið, svo ekki verður að deilt hvort frá öðru; þar byrjar Eyrarreki, en Selfljótsós ræður að austan.

Halldór Magnússon eig. Sandbrekku.

Stefán Árnason eigandi Gagnstaðarreka og umsjónarmaður Klyptasands.<sup>209</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Sandbrekka hafi verið metin á 3.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðinni fylgi stórt upprekstrarland sem gefi af sér 14 kr. upprekstartoll árlega. Eigendur jarðarinnar voru Halldór Stefánsson, Sigfús Gíslason og börn Sigfúsar Halldórssonar.<sup>210</sup>

Árið 2021 friðlýsti umhverfis- og auðlindaráðherra landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð, sbr. auglýsingu nr. 850/2021. Þar segir að ráðherra hafi ákveðið „að friðlýsa jarðirnar Unaós-Heyskála, Hrafnabjörg og hluta Sandbrekku sem landslagsverndarsvæði og náttúruvætti“. Auglýsingunni fylgir kort sem sýnir afmörkun friðlýsta svæðisins.<sup>211</sup>

<sup>209</sup> Skjal nr. 2(2).

<sup>210</sup> Skjal nr. 2(146).

<sup>211</sup> Skjal nr. 6(3).

### 5.6.1 Þórsnes / Hlaupandagerði í Útmanasveit<sup>212</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hlaupandagerðis ekki tilgreindur en það var hjáleiga frá Sandbrekku.<sup>213</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hlaupandagerði ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga Sandbrekku.<sup>214</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 er Hlaupandagerði metið sem hjáleiga með Sandbrekku. Fram kemur að hjáleigan hafi afskipt tún og engi. Skráð er að væri hjáleigan skoðuð útaf fyrir sig þá væri hún metin á 275 ríkisbankadali.<sup>215</sup>

Hinn 9. apríl 1852 lögfesti Björg Guttormsdóttir land jarðarinnar Sandbrekku með hjáleigunni Hlaupandagerði með vísun í lögfestu frá 1798. Texti lögfestunnar er svohljóðandi:

Með bréfi þessu lögfesti eg undirskrifuð land það sem tilheyrir eignarjörðu minni Sandbrekku og hjáleigunni Hlaupandagerði í Hjaltastaðarþinghá innan eptir nefndra takmarka: Að framan úr svokallaðri Dalarétt við Bjarglandsá ræður garður sá til hvörrs enn sjest merki allt á Dalatjörn austanverða, þá ræður úr greindri Dalatjörn garður sá sem leggur úr henni norður til Kellingar að vestanverðu úr téðri Kellingu beinleiðis og sjónhendingu ofaní blána, allt í garð þann sem liggur í Kóreksstaða kíl, og þaðan rétta stefnu norður í Selfljót, þá ræður greint fljót landamerkjum að norðanverðu í hverju að liggur hólmi sá sem flathólmi kallast og Sandbrekku tilheyrir; að utanverðu úr téðu Selfljóti réttlínis í svokallaðann Bol eður þann gamla farveg Hrafnabjargarár allt í hana sjálfa þá hún þareptir ræður landamerkjum allt uppá Eiríksdalsvarp og svo þaðan í Hraundalsvarp og ofan aptur á Hraundalinn allt eptir því sem Bjarglandsá rennur úteptir sem skamtar landamerki allt til fyrstgreindu takmarka móts við Dalarétt. – Sömuleiðis lögfesti eg hérmeð nefndrar jarðar Sandbrekku reka nefnil. hálfann Eyrar reka og halfann Sandbrekku sand innan takmarka þeirra sem hingaðtil hafa átölulaust haldin verið. Lögfesta þessi er grundvölluð svoel á lögfestu frá 1798 sem öðrum bæði eldri og yngri landamerkjaskjölum er eg hefi í höndum og hverjum enginn enn hefir með nokkrum rökum hrundið, hversvegna eg hérmeð banna einum og sérhverjum, undir landnáms- og lagasektir að nota nokkuð af hérgreindu landi eður reka án minnar vitundar og leyfis eður þeirra manna hverjum jörðin er byggð.<sup>216</sup>

Lögfestan var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 26. maí 1852.<sup>217</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 19. júní 1863 var þinglýst kaupbréfi B. Guttormsdóttur til H. Magnússonar á Húsey fyrir jörðinni Sandbrekku og Hlaupandagerði með tilheyrandi rekasandi fyrir 3.300 ríkisdali.<sup>218</sup>

Í landamerkjaskrá Sandbrekku, dagsettri 20. júní 1884 og þinglesinni 2. júlí 1884, er Hlaupandagerðis getið í tengslum við rekamörk Sandbrekkusands.<sup>219</sup> Þar segir eftirfarandi:

<sup>212</sup> Jörðin Þórsnes var upphaflega hjáleiga frá Sandbrekku og nefndist þá Hlaupandagerði.

<sup>213</sup> Skjal nr. 2(98).

<sup>214</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 359.

<sup>215</sup> Skjal nr. 2(131).

<sup>216</sup> Skjal nr. 4(104).

<sup>217</sup> Skjöl nr. 2(781) og 4(104).

<sup>218</sup> Skjal nr. 2(782).

<sup>219</sup> Í landamerkjabréfinu er heildarkerkjum Sandbrekku lýst, sjá umfjöllun um jörðina framar, án þess að Hlaupandagerðis sé getið sérstaklega að öðru leyti.



3. Milli Kliptasands að austan og Eyrareka að norðan, þá er Stórasendi upp af Hlaupandagerði hverfur undir Hrafnabjargið, svo ekki verður að deilt hvort frá öðru; þar byrjar Eyrarreki, en Selfjósós ræður að austan.<sup>220</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Þórsness<sup>221</sup> er dagsett 10. nóvember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing að Kóreksstöðum 19. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Að sunnan ræður Sellækur þaðan sem hann fellur í Bjarglandsá og upp á Háubrun. Síðan beina stefnu úr Sellæk, þar sem hann fellur af Háubrun og austur í Álfasteina ytri og úr þeim í Jökulsá.

Að austan ræður Jökulsá alt þar til hennar gamli farvegur, er Bolur nefnist, liggur úr henni norður í Bjarglandsá. Í honum eru mörkin.

Að norðan og vestan ræður Bjarglandsá.

Þórsnesi 10. nóv. 1921

Eiríkur Þorkelsson

Landamerki þessi teljum við undirritaðir rétt vera.

H. Stefánsson

Jón Eiríksson<sup>222</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Þórsnes var metin á 1.100 kr. Fram kemur að jörðinni fylgi upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda. Eigandi jarðarinnar var Björn Geirmundsson. Um landamerki segir eftirfarandi:

III. Landamerki eru ekki innfærð í Landam.bók N.m.s., en samkvæmt landamerkjalytingu dagsettri að Þórsnesi 5. maí 1916, undirritaðri af Jóni Halldórssyni fyrverandi eiganda að Þórsnesi og 2 vottum: Snorra Þórólfssyni og H. Stefánssyni, eru landamerki jarðarinnar þessi: 1. Að framan ræður Sellækur frá Bjarglandsá uppá Háubrun, þaðan bein lína í Álfasteina ytri. 2. Að vestan og norðan ræður Bjarglandsá. 3. Að utan ræður gaddavírsgirðing frá Selfjóti í Jökulsá uppá árósum Eiríksdals og Urðardals-áa.<sup>223</sup>

## 5.7 Hjaltastaður í Útmannasveit

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið á Hjaltastað.<sup>224</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Maríukirkju á Hjaltastað frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

Mariukirkia a Hialltastodumm a heimaland allt.

Skogarteig j Hreinstada lands merki.<sup>225</sup>

<sup>220</sup> Skjal nr. 2(2).

<sup>221</sup> Leyfisbréfi um nafnbreytingu Hlaupandagerðis, sem fékk nafnið Þórnæs, var þinglýst 16. júlí 1916, sbr. skjal nr. 4(81).

<sup>222</sup> Skjal nr. 2(3).

<sup>223</sup> Skjal nr. 2(147).

<sup>224</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XII, bls. 4, skjal nr. 4(21).

<sup>225</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 221, skjal nr. 4(34).

Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Hjaltastaðarkirkju frá 1367.<sup>226</sup> Í máldaga Stefáns biskups Jónssonar frá 1491–1518 segir að kirkjan að Hjaltastöðum eigi allt heimaland.<sup>227</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Hjaltastaðarkirkju:

Kirkian ä Hialltastöðum ä heimaland allt. skogarteig i Hreimsstada landzmerkium.<sup>228</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Mariúkkirkju að Hjaltastað frá 5. ágúst 1645 segir meðal annars:

Anno 1645. 5. Augusti Marjukyrckja Aa hialltastöðum Aa heimaland allt, Skögarteig J Hreimstada landa merckjum,

[...]

Meinar .S. Sigurdur Magnusson brieff liggia a Kjetelstodum Aa Vóllum er ahrære Rekaspott Kyrckjunnar.<sup>229</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 23. ágúst 1779 og 5. ágúst 1850 og prófastsvísitasíum frá 30. maí 1763, 1. júní 1774, 14. júlí 1790, 4. maí 1823, 25. júní 1832, 17. júlí 1842, 14. ágúst 1844 og 11. september 1851, en þar er einnig fjallað um verstöðu við Ósa, þ.e. í hvammi hjá Fossvík sem kallist Hjaltastaðarver, Hjaltastaðarsand og skógarrétt í Hreimsstaðalandi sem semja þurfti um við landeiganda Hreimsstaða.<sup>230</sup>

Í bréfi Kristjáns Mullers amtmanns til Björns Péturssonar sýslumanns, frá 6. júlí 1699, er fjallað um rekapláss Hjaltastaðar sem þyrfti að mæla út svo ekkert gangi undan kirkjunni.<sup>231</sup>

Við manntalsþingsrétt að Hjaltastað 17. maí 1773 var rætt um drag af útlensku skipi er rak á land í sandbugtinni árið 1768, ástand þess og meðhöndlun ásamt hversu mikið presturinn á Hjaltastað hafði tekið af rekanum.<sup>232</sup>

Í vísitasíu fyrir Hjaltastaðarkirkju frá 2. júní 1749 segir meðal annars:

Hun beheldur Sýnu Inventario kviku og dauðu, Eignummm og Jtókumm sem henne fylgt hefur og fylgia ber, hvar med þo ecke meinast framannskrifadur Sandpartur, hvors kyrkiann hefur þö ecke i morg fyrerfarande är noted

[...]

Framar er þess ad gieta ad kyr[k]iann ä land og Selför ä Hraundal, effter gömlumm lögfestum og vitnisburdumm sem ä henne liggia, hvort Jtak velnefundur Stadarhalldar-enn, skal hier effter færa Sier til Riettvyslegra nota, og vel tilsä ad Eckert undann kyrkiunne gange fyrer brukunar leyse, sem henne med Riettu fylgia ber.<sup>233</sup>

<sup>226</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 239, skjal nr. 4(120).

<sup>227</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 22, skjal nr. 4(139).

<sup>228</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 686, skjal nr. 4(35).

<sup>229</sup> Skjal nr. 2(402).

<sup>230</sup> Skjöl nr. 2(403)–2(404), 2(452)–2(457), 2(459) og 2(461).

<sup>231</sup> Skjal nr. 2(345).

<sup>232</sup> Skjal nr. 2(768).

<sup>233</sup> Skjal nr. 2(451).

Við manntalsþing að Hjaltastað 19. ágúst 1786 var auglýst lögfesta sr. Sigfúsar Guðmundssonar fyrir Hjaltastaðarkirkjulandi, reka og verstöðu.<sup>234</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hjaltastaðar metinn 20 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Hjaltastaðarkirkja.<sup>235</sup>

Hinn 22. febrúar 1826 skrifaði sr. Hjörleifur Þorsteinsson á Hjaltastað í Útmanna-sveit biskupi og óskaði upplýsinga um hvað máldagar og biskupsvísitásiur segðu um stærð og takmörk skógarteigs í landi Hreimsstaða sem var ítak Hjaltastaðarkirkju. Hann leitaði álits biskups vegna ítaksins sem landeigandi Hreimsstaða meinaði honum að nýta.<sup>236</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 3. júní 1833 mætti Þorsteinn Gunnarsson, eigandi Hreimsstaða, ásamt tveimur mönnum sem vitnuðu hvað þeir vissu um skógarteig þann er Hjaltastaðarkirkja átti eftir máldögum sínum í Hreimsstaðalandi. Sr. Jón Guðmundsson á Hjaltastað var einnig við þingið. Vitnin Þorkell Björnsson, húsmaður í Njarðvík, og Ísleifur Ásmundsson voru næst spurðir um skógarteiginn og sögðu hann vera nærri landamerkjum Rauðholts. Ísleifur kvað hann ekki hafa náð austar en á axlinar, þ.e. Sjónaröxl og Merkiöxl fram undir Hundsklifið.<sup>237</sup>

Hinn 14. janúar 1835 skrifuðu Jón Guðmundsson prestur á Hjaltastað í Útmannasveit og Þorsteinn Gunnarsson eigandi Hreimsstaða í sömu sveit sameiginlega bréf til biskups þar sem þeir tilkynntu um samning sín á milli vegna skógarítaks Hjaltastaðar í landi Hreimsstaða.<sup>238</sup>

Við manntals- og skattaþing að Egilsstöðum 24. júní 1836 var þinglesið skiptaakt þar sem sjö hundruð í jörðinni Hjaltastað voru útlögð til Vilhjálms Árnasonar og sjö hundruð til ekkjunnar Málfríðar Árnadóttur. Við sama manntalsþing var þinglesinn friðfjörusamningur, dagsettur 21. júlí 1835, þar sem greind Málfríður afhenti sama Vilhjálmi sjö hundruð í jörðinni Hjaltastað.<sup>239</sup>

Í yfirliti yfir eignir og ítök Hjaltastaðarkirkju frá 31. desember 1843 segir eftirfarandi:

Hjaltastaðar-Prestakalli og Kirkju tilheira eptirfylgjandi Eignir og Itök. –

1. Lambafóður, Tiundir og Ljóstollar af öllum bæum í kirkjusókninni, milli Hleinargarðs og Njarðvíkur. –
2. Heimaland alt, eptir Visitium og Lögfestum, sem liggja við kirkjunnar Skjalasafn. –
3. Jörðin Svínafell 6 hndr. að dírleika, bigð úr Heimalandi kirkjunnar; jörð þessi er í fullri biggingu, og filgir henni eitt kúgildi. –
4. Land og Selför á Hraundal, eptir gömlum Lögfestum, sem liggja á kirkjunni. –
5. Verstöðu vid Osa, í sjálfrar hennar kirkjusókn í Hvamminum hjá Fossvík.

<sup>234</sup> Skjal nr. 2(769).

<sup>235</sup> Skjal nr. 2(104).

<sup>236</sup> Skjal nr. 2(551).

<sup>237</sup> Skjal nr. 2(770).

<sup>238</sup> Skjal nr. 2(560).

<sup>239</sup> Skjal nr. 2(771).

6. Sand hefir kirkjan átt 200 faðma að leingd, og er það að sjá af Lögfestum og Visitatium, að hann hafi legið milli Kóreksstaða- og Kétilsstaða-Sands þess gétur og Máldagabréf Stepháns biksups af 1500, þegar hann „setti Halfkirkjuna á Kétilsstöðum“. –

7. Skógarteig í Hreimsstaða landamerkjum, hvurt Itak – eptir Samningi af 14<sup>da</sup> Januar 1835 – þannig notast: að Hreimsstaða Abúandi „árl. gjörir til, flitur heim að Hjaltastað og afhendir Prestinum eina kola Tunnu“<sup>240</sup>

Hinn 31. maí 1844 lögfesti Jón Guðmundsson konungs- og kirkjujörðina Hjaltastað í Útmanasveit. Lögfestan var þinglesin þann 1. júní 1844, en texti lögfestunnar er eftirfarandi:

Jeg Jón Guðmundsson Lögfesti hér í Dag konungsins og krónunnar Beneficium Hjaltastad á Utmanasveit, Tödr Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og Veidistadi og allar þær Landsnytiar er fyrrgreindum Hialtastad éga að fylgia og fylgt hafa að fornu og nýu, að öllu tilskyldu, enn eingu fráteknu, til ummerkia þeirra sem adrer menn eiga til i móti honum, og hann vard fremst Eigandi að bædi að ordfullu og lögfullu og lögmáli rettu.

Sömuleidis lögfesti eg undir hér greinda Hialtastadar kyrkiu þann Reka sem, sem hún á eptir innsigludu bréfi og liggr nærst Koreksstadasandi að nordann. Einnig lögfesti eg kyrkiunnar verstödu vid Ósa í Oss Vallaness Stadar kyrkiujardarlandi enn siálfrar Hialtastadar kyrkiu-kyrkisókn med allri þeirri brúkun sem almennilega vidliggur.

Sömuleidis lögfesti eg Hraundalsland fyrir nordan Ána, sem eptir dalnum flóar frá því Vötnum hingat frá Hraundalsvarpi hallar allt úti Tungu Spordinn, þar sem á sú er fellur undir Botndalsfiallinu rennr út í Biarglandsana. Lögfesti eg kyrkiunnar land til ummerkia þessara: i Merkigardin er liggur austur frá Stadaránni og í kýrhöfðan á milli Hialtastadar og Jórvíkur og þaðann rétt synis i Midenni fyrir utan Kolluhraun; Úr Midenni í Skollagrenisklettin fyrir utan Töduvallagerdi; ur þeim Skollaklett út og norðr um Merkivikina ytri, allt i Selfliót, rædr svo Selfliót allt framm i Forvadaklett á milli Vidirness og Alptaness, ur þeim Forvadaklett réttisynis nordan um þvera Ása yfir Raudholtsdalin í Þrephiellan lánga utan undir stóru vördunni háu fyrir austan Raudholtsdalin (sem nú er að likindum fallin) sidan eptir endilaungum þeim hialla allt i ytri Endan á Stórahólmanum framm í breidublánni, ur hennar fremri Enda austur i Geitabiargalækin og svo framm eptir dalnum fyrir austan lækin framm undir Merki þrep þar upp og austr yfir Ásin i Merkikerid, sem stendur hiá Stóra steini i Assendanum; austur frá kerinu rædr Sund það, er liggr alla leid austur og ofaní ána, frá anni rædr gamall gardr uppundir Hraunfell fyrir framan Hrúgustadi. Legg eg vid þessa mína Lögfestu löglega fimtarstefnu, hvörri þeir andsvara hafa, sem greind Hialtastadarkyrkiu Itök og Egindóma (eptir þessa lands ædsta yfirvalds Skikkun) áfrýa vilja edr kyrkiunnar Landi med valdi edr ofriki i óleifi veita.

Fyrirbýd eg héðan af hvörium manni i að vinna edr hér að nýta edr nokkurt gagn af að hafa utan mitt sé Lof edr Last til að vitni þeirra allra er ord mín méga heyra.<sup>241</sup>

Í prófastsvisitasíu fyrir Hjaltastaðarkirkju frá 6. september 1845 segir að kirkjan haldi skógarítaki sínu í Hreimsstaðalandi sem hafi verið lögfest á manntalsþingi.<sup>242</sup> Í prófastsvisitasíu frá 12. júní 1875 segir að skógarteigurinn í Hreimsstaðalandi sé genginn undan kirkjunni.<sup>243</sup>

<sup>240</sup> Skjal nr. 2(458).

<sup>241</sup> Skjal nr. 2(257) og 2(772).

<sup>242</sup> Skjal nr. 2(460).

<sup>243</sup> Skjal nr. 2(462).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hjaltastaður ekki með tilgreindan dýrleika, en er skráð sem eign kirkjunnar (beneficium). Í neðanmálgrein kemur fram að 1696 og 1804 hafi staðurinn verið talinn 20 hundruð að dýrleika.<sup>244</sup>

Skýrsla um skóga og skógarítök Hjaltastaðarkirkju er dagsett 20. ágúst 1848 en í henni segir að Hjaltastaðarkirkja átti lítilfjörlegan skóg í heimalandi og þá átti hún skógarteig í landi Hreimsstaða. Þó væri hætt að nota hann þar sem búíð væri að gera samning við ábúanda Hreimsstaða um slíkt og í staðinn fengi Hjaltastaðarkirkja eina kolatunnu á ári.<sup>245</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hjaltastað:

Hjaltastaður

með hjáleigunni Svínafelli sem talin er 6<sup>hndr</sup>. Á töðu má hafa vel 4 kýr og á útheysi og útbeit 100 ær, 100 saudi, 50 lömb og 6 hesta; túnið er allt illþýft og seinunnið; úteingi mest mýrlendt og opt erfídt; hey í meðallagi til afgangi, og afnot gripa í meðallagi; kolaskógur er farin enn nógur sprekavidur fæst til eldsneitis; torfskéra ekki góð. – Eptir máldögum kyrkjunnar fylgir jörðunni afréttarland framá Hraundal er nefnist Kyrkju-túngur, enn er til lítilla afnota, því snjó tekur seint upp og afrétt þarf að kaupa fyrir gélðfé á sumrum; jörðunni fylgja annars eingin ítök eda hlynnindi. – Jörðina með hjáleigunni vyrða jarðamatsmennirnir á 1000 (þúsund) rbd. Landi er skipt á milli heima-jardarinnar og hjáleigunnar einungis að túni og eingjum, og álíta skoðunarmennirnir að hjáleigan með því sem henni fylgir eigi að vyrðast á 300<sup>rbd</sup> enn heimajörðin á 700<sup>rbd</sup>.<sup>246</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hjaltastaðar er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 2. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Hjaltastaðar og aðliggjandi jarða.

Milli Hjaltastaðar og Rauðholts: Frá Selfljóti á ytri Forvaða framan við Víðirnes beint yfir Forvaðaöxl og Stekkhöfða utanverðan á Merkihjúk. Þaðan beint yfir Rauðholtsdal, Miðþrep, Breiðablá og Litla-Hólma í opið á Geitabjargadal; þar næst upp með læk í dalnum þangað til kemur að svo kölluðu neðra Merkiþrepi.

Milli Hjaltastaðar og Ánastaða: Úr Geitabjargardal yfir Merkiþrep neðra og efra, yfir Merkiker og Miðáshæð utan undir Brattahöfða beint austur í Kúabotnahöfða utan verða. Þaðan yfir Staðará beint á fremsta Hrúgustaðaklett yzt, upp utan undir Stóru-Kinn og í Grenisöxl utanverða. Þaðan beint yfir Vallará í Hrisárbug, þar sem Hrisá kemur af hálsnum ofan.

Milli Hjaltastaðar og Kóreksstaða: Mörkum ræður Hrisá úr Hrisárbug allt í Hrisárós. Þaðan liggja merkin beint yfir klett í Markmó að Staðará í framanverðan hvamm austan við ána, þar sem Grafargerðislækur kemur í ána að vestan.

Milli Hjaltastaðar og Jórvíkur. Frá Staðará eptir gömlu garðlagi í Sauðahraunamýri beint utan undir Kýrhöfða, yfir Lækjardal og Miðenni utan undir Kolluhrauni, yfir Magnúsarvörðuás beint í Merkivík, yfir Húsaklett og Miðhala beint á gamalt garðlag á austari Selfljótsbakka.

Milli Hjaltastaðar og Hrollaugstaða: Merkjum ræður Selfljót.

Milli Hjaltastaðar og Bóndastaða: Merkjum ræður Selfljót.

<sup>244</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 359.

<sup>245</sup> Skjal nr. 2(577).

<sup>246</sup> Skjal nr. 2(131).

Hjaltastaður á ennfremur afréttarlandið Hraundal að framan og Kyrkjutungur. Ræður þar mörkum að utan Bjarglandsá, að ofan efstu fjallaeggjar, að framan bein stefna úr ytri Botndalsfjallsröð yfir Kolluups að Hölnkná; og að neðan Hölnkná.

Þessi merki samþykjum vér undirskrifaðir:

Stefán Pétursson, prestur á Hjaltastað.

Ármann Egilsson, bóndi í Rauðholti.

Jón Magnússon, bóndi á Ánastöðum.

Björn Einarsson, bóndi á Kóreksstöðum.

Páll Ólafsson umboðsmaður.

Eiríkur Vilhjálmsson, R. Danielsson, Ásgrímur Guðmundsson bændur í Jórvík.

Magnús Einarsson, M. Jónsson, Ísleifur Sæbjörnsson búendur á Hrollaugstöðum.

Bjarni Pálsson á Bóndastöðum

Halldór Magnússon á Sandbrekku

Magnús Jónsson á Hríót

Magnús Rafnsson á Hamragerði.<sup>247</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 25. júlí 1890 segir að landamerkjalyking fyrir eignir kirkjunnar sé samín, samþykkt og þinglesin.<sup>248</sup>

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Hjaltastaðarprestakalls, dagsettri 26. febrúar 1899, segir að hlunnindi Hjaltastaðar séu engin en jörðinni fylgi hjáleigan Svínafell. Um afréttarland segir:

2. Tekjur og ískyldum ítökum og hlunnindum

a. Notuð af prestinum sjálfum:

Afréttarlandið Hraundalur fyrir framan Bjarglandsá með Kirkjutungum.

Lítið notað. 4 kr. 50 a<sup>249</sup>

Hinn 10. ágúst 1909 skrifaði sr. Vigfús Þórðarson beiðni til Stjórnarráðs Íslands um kaup á jörðinni Hjaltastað. Fram kemur í beiðninni að jörðin hafi verið vel til fallin fyrir sauðfjárrækt, landrými talsvert og engjar allgóðar, en langt frá bæ, og á votviðrasumrum mjög erfiðar til heyskapar. Þá segir að jörðinni fylgi engin hlunnindi önnur en afréttarland sem sjaldan væri hægt að nota til uppreksturs sökum þess að þar leysi vanalega seint snjó á vorin.<sup>250</sup>

Við aukarétt Norður-Múlasýslu 19. mars 1917 voru Hallur Björnsson, hreppstjóri á Kóreksstöðum, og Þórarinn Jónsson, sýslunefndarmaður í Jórvík, útnefndir til að lýsa og meta til peningaverðs kirkjujörðina Hjaltastað með hjáleigunni Svínafelli.<sup>251</sup>

Í virðingargjörð á jörðinni Hjaltastað með hjáleigunni Svínafelli, dagsettri 30. júní 1917, segir að prestssetrið Hjaltastaður sé 23 hundruð að dýrleika eftir gildandi jarðamati. Einnig segir að jörðin liggi skammt fyrir austan Selfljót og að útengi hennar sé

<sup>247</sup> Skjal nr. 2(1).

<sup>248</sup> Skjal nr. 2(405).

<sup>249</sup> Skjal nr. 2(585).

<sup>250</sup> Skjal nr. 2(868).

<sup>251</sup> Skjal nr. 2(773).

mest allt nokkuð langt frá bænum meðfram Selfljóti. Að lokum var jörðin metin án húsa á 3.450 kr. Hjáleigan Svínafell var eftir sömu virðingargjörð sögð verra 9,9 hundruð að dýrleika eftir gildandi jarðamati. Einnig var jörðin sögð liggja skammt frá heima-jörðinni þar sem Staðará rann á milli bæjanna. Land jarðarinnar var óskipt úr landi Hjaltastaða. Að lokum var jörðin metin á 1.089 kr.<sup>252</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hjaltastaður var metin á 3.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar ásamt hjáleigunni Svínafelli hafi verið þinglýst. Eigandi var Hjaltastaðarkirkja. Fram kemur að jörðinni fylgi upprekstrarland en ekki er getið um hvar.<sup>253</sup>

Hinn 29. janúar 1918 skrifaði Stjórnarráðið til biskups um að ákveðið hafi verið að selja ekki prestssetrið Hjaltastað og hjáleiguna Svínafell.<sup>254</sup>

Í afriti af bréfi bæjarfógeta Seyðisfjarðarkaupstaðar og sýslumanns Norður-Múlasýslu, dagsettu 10. september 1965, er fjallað um reikninga um sýsluvegagjöld fyrir árið 1965, skv. 23. gr. vegalaga nr. 71/1963. Eftirtaldar fasteignir ríkisins í sýslunni eru taldar upp í bréfinu: Jórvík, Hróttur, Glettinganes, Hjálmárströnd, Hjaltastaður I, Svínafell, Klyppstaður og Bæjarstæði.<sup>255</sup>

### 5.7.1 Svínafell í Útmannasveit

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Svínafells ekki tilgreindur. Eigandi jarðarinnar var Hjaltastaðarkirkja.<sup>256</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Svínafell ekki metin sérstaklega en er skráð sem hjáleiga Hjaltastaðar.<sup>257</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 er Svínafell metið með Hjaltastað og skráð sem hjáleiga staðarins, sex hundruð að dýrleika.<sup>258</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Svínafell var metin á 1.100 kr. Tilgreint er að landið sé óskipt úr Hjaltastaðarlandi. Eigandi var Hjaltastaðarkirkja.<sup>259</sup> Í umfjöllun um Hjaltastað í undirmati fasteignamatsins segir að landamerkjum jarðarinnar ásamt hjáleigunni Svínafelli hafi verið þinglýst.<sup>260</sup>

Við aukarétt Norður-Múlasýslu 19. mars 1917 voru Hallur Björnsson, hreppstjóri á Kóreksstöðum, og Þórarinn Jónsson, sýslunefndarmaður í Jórvík, útnefndir til að lýsa og meta til peningaverðs kirkjujörðina Hjaltastað með hjáleigunni Svínafelli.<sup>261</sup>

<sup>252</sup> Skjal nr. 2(544).

<sup>253</sup> Skjal nr. 2(140).

<sup>254</sup> Skjal nr. 2(545).

<sup>255</sup> Skjal nr. 2(649).

<sup>256</sup> Skjal nr. 2(103).

<sup>257</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 359.

<sup>258</sup> Skjal nr. 2(131).

<sup>259</sup> Skjal nr. 2(141).

<sup>260</sup> Skjal nr. 2(140).

<sup>261</sup> Skjal nr. 2(773).

Hinn 15. maí 1917 skrifaði Sigfús Jónsson á Svínafelli til Stjórnarráðs Íslands og óskaði eftir úrskurði Stjórnarráðsins um hvort hann ætti forkaupsrétt á ábúðarjörð sinni.<sup>262</sup>

Í virðingargjörð á jörðinni Hjaltastað með hjáleigunni Svínafelli, dagsettri 30. júní 1917, segir að prestssetrið Hjaltastaður sé 23 hundruð að dýrleika eftir gildandi jarðamati. Einnig segir að jörðin liggja skammt fyrir austan Selfljót og að útengi hennar sé mest allt nokkuð langt frá bænum meðfram Selfljóti. Að lokum var jörðin metin án húsa á 3.450 kr. Hjáleigan Svínafell var eftir sömu virðingargjörð sögð verra 9,9 hundruð að dýrleika eftir gildandi jarðamati. Einnig var jörðin sögð liggja skammt frá heima-jörðinni þar sem Staðará rann á milli bæjanna. Land jarðarinnar var óskipt úr landi Hjaltastaða. Að lokum var jörðin metin á 1.089 kr.<sup>263</sup>

Hinn 29. janúar 1918 skrifaði Stjórnarráðið til biskups um að ákveðið hafi verið að selja ekki prestssetrið Hjaltastað og hjáleiguna Svínafell.<sup>264</sup>

Í afriti af bréfi bæjarfógeta Seyðisfjarðarkaupstaðar og sýslumanns Norður-Múla-sýslu, dagsettu 10. september 1965, er fjallað um reikninga um sýsluvegagjöld fyrir árið 1965, skv. 23. gr. vegalaga nr. 71/1963. Eftirtaldar fasteignir ríkisins í sýslunni eru taldar upp í bréfinu: Jórvík, Hrjótur, Glettinganes, Hjálmarströnd, Hjaltastaður I, Svínafell, Klyppstaður og Bæjarstæði.<sup>265</sup>

### 5.7.2 Hraundalur og Kirkjutungur

Í vísitasíu fyrir Hjaltastaðarkirkju frá 2. júní 1749 segir meðal annars:

Hun behelldur Sýnu Inventario kviku og dauðu, Eignumum og Jtókumm sem henne fylgt hefur og fylgia ber, hvar med þo ecke meinast framannskrifadur Sandpartur, hvors kyrkiann hefur þö ecke i morg fyrerfarande är noted

[...]

Framar er þess ad gieta ad kyr[k]iann ä land og Selför ä Hraundal, effter gömlumm lögfestum og vitnisburdumm sem ä henne liggja, hvort Jtak velnefndur Stadarhalldarenn, skal hier effter færa Sier til Riettvýslegra nota, og vel tilsia ad Eckert undann kyrkiunne gange fyrer brukunar leyse, sem henne med Riettu fylgia ber.<sup>266</sup>

Samþykkt um melrakkaveiðar í Hjaltastaðarhreppi er dagsett 1. apríl 1833 og árituð af sýslumanni 21. október 1833. Í 4. og 5. grein samþykktarinnar er fjallað um hvar leitir skulu fara fram og afréttargöngur en sá hluti sem varðar Hjaltastað, Hraundal og nágrenni er svohljóðandi:<sup>267</sup>

#### §4

Leitirnar skulu framfara þannig: [...] Frá Dolum, Korekstadagerdi J og Kórekstöðum, Bíarglands á Rædur ad austan og beint ur henni ad ofan í Hvannafell ad framan í Hrisá

<sup>262</sup> Skjal nr. 2(543).

<sup>263</sup> Skjal nr. 2(544).

<sup>264</sup> Skjal nr. 2(545).

<sup>265</sup> Skjal nr. 2(649).

<sup>266</sup> Skjal nr. 2(451).

<sup>267</sup> Texta 4. og 5. gr. í heild er að finna í kafla 5.2.



beint ur því. Frá Jörvök, Jörvökurhl<sup>u</sup> Svínafelli og Híaltastad frá Selflíóti ad utan og Nordan alt fram ad me [svo] Merki þrepí, þadan ad framan austur í merkí víd, og þadan í hrís á, ad austan, hún rædr þar eptír landí – Frá Raudholti og Anastöðum fyrir framan ur Selflíóti upp merkí gard í Nípu og sydan í Slackan á Geitibiörgum fram vert ur Ánastadavatní í merkí þrip framanvert víd Hrafndal og utan verdt víd Háuhraun fremre og svo í Gríóthálsa læk og beinlínís sydan á Hölkna, – Frá Hreímstöðum og Hríót frá Selflíóti ad vestan, Nups á Rædur ad framan, enn fyrir ~~framan~~ ofan merkígardur ur Núpsá og efrí Falkhamar og merkígardur út merkisund úti Hurdarbaks ar Krók, Þetta Hreímstadaland enn Hríótarland er ad framan, framan verdt ur Hríótarvatní og upp fyrir utan Grendals hæðir, þadan í Holkna ad Austan, þá koma til Ánastada landamerki.

## §5

Þad Sem Afrettar Gaungur Ahrærir, þá syníst Rétt ad byría Grenialeít í Framanverðum Hraundal og Kyrkiútungum Gángi búendur af 4<sup>m</sup> Bæum sem þar eru Rettlynís Nídurundan Nl. frá Hríót Hreímstöðum Ketilstöðum og Tiarnarlandí, þessir komi saman ad Hríót – Enn ad utanverdu Hraundal og Stángarárfall alt ad Sandá, Búendur frá Anastöðum, Raudholti Híaltastad Svínafelli Bóndastöðum Stóra Steínsvadí, Ekru Dratthalastöðum Hrollaugstöðum ur frambæ; þessir komi saman ad ~~fram~~ Anastöðum og byrie leít ad framanverdu [...]<sup>268</sup>

Í yfirliti yfir eignir og ítök Hjaltastaðarkirkju frá 31. desember 1843 segir eftirfarandi:

Hjaltastaðar-Prestakalli og Kirkju tilheira eptirfilgjandi Eignir og Itök. –

1. Lambafóður, Tiundir og Ljóstollar af öllum bæum í kirkjusókninni, milli Hleinargarðs og Njarðvíkur. –
2. Heimaland alt, eptir Visitium og Lögfestum, sem liggja við kirkjunnar Skjalasafn. –
3. Jörðin Svínafell 6 hndr. að dirleika, bigð ur Heimalandi kirkjunnar; jörð þessi er í fullri biggingu, og filgir henni eitt kúgildi. –
4. Land og Selför á Hraundal, eptir gömlum Lögfestum, sem liggja á kirkjunni. –
5. Verstöðu víd Osa, í sjálfrar hennar kirkjusókn í Hvamminum hjá Fossvík.
6. Sand hefir kirkjan átt 200 faðma að leingd, og er það að sjá af Lögfestum og Visitatium, að hann hafi legið milli Kóreksstaða- og Kétilsstaða-Sands þess gétur og Máldagabréf Stepháns biksups af 1500, þegar hann „setti Halfkirkjuna á Kétilsstöðum“. –
7. Skógarteig í Hreimsstaða landamerkjum, hvurt Itak – eptir Samningi af 14<sup>da</sup> Januar 1835 – þannig notast: að Hreimsstaða Abúandi „árl. gjörir til, flitur heim að Hjaltastað og afhendir Prestinum eina kola Tunnu“<sup>269</sup>

Hinn 26. maí 1845 komu fram mótmæli við lögfestu Guttorms Þorsteinssonar á Hofi, að því sem hún snerti Hraundal fyrir utan á þá sem eftir honum rennur. Lögfestan var þinglesin á manntalsþingsrétti á sama stað og tíma, undir mótmælum Kjartans Jónssonar hreppstjóra á Sandbrekku. Texti mótmælanna og andmælanna gegn þeim er eftirfarandi:

Víd undirskrifadir gjörum hverium kunnugt ad víd hermed mótmælum Lögfestu prófastsins S<sup>f</sup> Guttorms Þorsteinssonar á Hofi, ad þvíleiti sem áhrærir Hraundal fyrir utan á þá sem eptir honum rennur, því eptir skikkanlegra og eldstu manna Vitnisburðum ásamt almennings ordromi, var Hraundalur fyrir utan Ána sagdr og átölulaust brúkadr

<sup>268</sup> Skjal nr. 4(108).

<sup>269</sup> Skjal nr. 2(458).

til allrar þeirrar notkunar sem í þá daga var tidkanleg sem Hialtastadar Hreppsmanna samégínleg Eign edr almenningr þángad til Prófastur sál S<sup>r</sup> Arni Thórsteinsson Lögfesti nefndan Hraundal edr Almenningsstykkid undir Sandbrecku og hafa Leigulidar þar haldid því sídan, þó Hreppsmenn hafi verid óánægdir með það. Þar þessi áminsti Hraundalur er svona óréttvislega undan Hreppnum geingin sérilagi þeim til Skada sem ei hafa Afrétt fyrir Fé sitt í sínum Leigu londum og verda þessvegna ad kaupa géldfiárgaungu ad öðrum, giörum vid hermed i dag Tilkall til ádrnefnds Hraundals edr Almennings Lands stykkis nefnilega af Hraundals Varpi allt út í Ytristágará, frá lá þeirri sem eptir Dalnum rennur austur á Vörp sem Vötnum halla til Hérads.

Staddir á Hialtastad þann 26<sup>t</sup> Maii 1845.

Skúli Björnsson, Arni Bjarnason Björn Olafsson Jón Jónsson Þ. Gunnarsson, Björn Kolbeinsson, Einar Hálfðanarson.

Upplesid fyrir Manntalsþingsrétti ad Hialtastad þann 26<sup>t</sup> Maii 1845, hvar hreppstíori Kiartan Jónsson á Sandbrecku protesteradi i kröftugasta mata móti þessu Skiali, og taldi Hraundalin sem vafalaus Eign nefndrar Ábýlisjardar sinnar.

J.C. Voigt.<sup>270</sup>

Í umfjöllun um Hjaltastað í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 er Hraundals og Kirkjutungna getið. Þar segir eftirfarandi:

Eptir máldögum kyrkjunnar fylgir jörðinni afréttarland framá Hraundal er nefnist Kyrkjutúngur, enn er til lítilla afnota, því snjó tekur seint upp og afrétt þarf ad kaupa fyrir géldfé á sumrum; jörðinni fylgja annars eingin ítök eda hlynnindi. – Jörðina með hjáleigunni vyrða jarðamatsmennirnir á 1000 (þúsund) rbd. Landi er skipt á milli heimajardarinnar og hjáleigunnar einúngis ad túni og eingjum, og álíta skoðunarmennirnir ad hjáleigan með því sem henni fylgir eigi ad vyrðast á 300<sup>rbd</sup> enn heimajörðin á 700<sup>rbd</sup>.<sup>271</sup>

Í ódagsettri landamerkjaskrá jarðarinnar Hjaltastaðar er Hraundals og Kirkjutungna getið. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing ad Hjaltastað 2. júlí 1884 en þar segir:

Hjaltastaður á ennfremur afréttarlandið Hraundal ad framan og Kyrkjutungur. Ræður þar mörkum ad utan Bjarglandsá, ad ofan efstu fjallaeggjar, ad framan bein stefna úr ytri Botndalsfjallsröð yfir Kolluups ad Hölná; og ad neðan Hölná.<sup>272</sup>

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Hjaltastaðarprestakalls, dagsettri 26. febrúar 1899, segir ad hlunnindi Hjaltastaðar séu engin en jörðinni fylgi hjáleigan Svínafell. Um afréttarland segir:

2. Tekjur og ískyldum ítökum og hlunnindum

a. Notuð af prestinum sjálfum:

Afrjettarlandið Hraundalur fyrir framan Bjarglandsá með Kirkjutungum.

Lítið notað. 4 kr. 50 a<sup>273</sup>

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið til allra sveitarstjórna fyrirspurnir um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt.<sup>274</sup> Oddviti Hjaltastaðarhrepps svaraði fyrir-

<sup>270</sup> Skjal nr. 2(267) og 2(789).

<sup>271</sup> Skjal nr. 2(131).

<sup>272</sup> Skjal nr. 2(1).

<sup>273</sup> Skjal nr. 2(585).

<sup>274</sup> Skjal nr. 2(664).

spurninni með bréfi dagsettu 2. maí sama ár. Þar segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa. Um afmörkun segir eftirfarandi:

Að hreppamörkum við Borgarfjörð (Loðmundarfjörð) og Eiðapinghá.<sup>275</sup>

## 5.8 Hólaland í Borgarfirði

Hinn 18. mars 1540 fór fram kaupgjörningur þar sem Cecilia Loftsdóttir seldi Birni Jónssyni jörðina Egilsstaði á Völlum fyrir jörðina Hólaland í Borgarfirði.<sup>276</sup>

Hinn 2. júlí 1618 seldi Jón Björnsson Pétri Pálssyni jörðina Lýtingsstaði í Skagafirði, 60 hundruð að dýrleika, fyrir Húsavík, 30 hundruð að dýrleika, Breiðavík hina minni, Hólaland, tíu hundruð að dýrleika, Hvol, átta hundruð að dýrleika og Hvannstóð, sex hundruð að dýrleika. Þessar jarðir fylgdu eiginkonu Péturs, Þorbjörgu sálugu Bjarnadóttur, á giftingardeggi þeirra.<sup>277</sup>

Í jarðabók 1693–1697 kemur fram að sýslumaðurinn í Árneshöfði, Vigfús Hannesson, eigi jarðirnar Brúnavík, Hólaland, Hvalvík, Kjólsvík og Breiðavík.<sup>278</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hólalands metinn 10 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Petersen sýslumaður.<sup>279</sup>

Hinn 24. febrúar 1844 afhenti Jón Árnason ellefu hundruð í jörðinni Bárðarstöðum til Jóns Thorarenssonar og fékk á móti 10 hundruð í jörðinni Hólalandi. Makaskipta-bréfið var þinglesið þann 10. júlí sama ár.<sup>280</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hólaland metin 10 hundruð að dýrleika og skráð sem bænda eign.<sup>281</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hólaland:

Hólaland

Túnid fóðrar 3 kýr utheyid með vetrarþeiti 60 ær 50 saudi 40 lömb 4 hesta, tún og eingi greitt. Hey allgott afgjafar. Mikid má rækta kríngum tún. Medalærnyt á sumri 30 pottar medalkýrnyt í mál á vetri hæst 10 merkur. Medalsaudur skérst með 13 pundum kvíær með 3 pundum. útbeit sæmileg þá skjaldan til hennar nær. Kvistur eingin. Lýng nóg. Torfskéra notandi, reidíngur vondur, grjót má fá, hellu ekki, vatni má veita, um mótak vita menn ekki, afrétt saman við heimaland ekki nóg handa fénadi jardarinnar. Ná má til sjáfarafra þegar hann kémur. Svári þriðjungi manneldis. Gripahættur eru miklar til lands. Heyskadar stundum á sumrum fyrir vedrum. Aurrennsli víða úr melum. Tún kíll stundum á vorum af uppistöduvatni. Hestagaungu þarf að kaupa á sumrum i annara land. Til að vinna fyrir gripunum á jörðunni þykir þurfa 3 karlmenn 3 kvennmenn og 1 smala. Þessi jörð var virdt á 500 /:fimmhundruð:/ rbd.<sup>282</sup>

<sup>275</sup> Skjal nr. 2(669).

<sup>276</sup> *Íslenskt fornbréfasafn X*, bls. 514–515, skjal nr. 4(37).

<sup>277</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 272, skjal H-10.

<sup>278</sup> Skjal nr. 13(3).

<sup>279</sup> Skjöl nr. 2(84) og 2(686).

<sup>280</sup> Skjal nr. 2(260).

<sup>281</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 360.

<sup>282</sup> Skjal nr. 2(132).

Hinn 22. janúar 1864 fór fram fundur hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis þar sem tekið var fyrir mál Abrahams Ólafssonar, bónda á Bakka, gegn leiguliða sínum, Sigurði Árnasyni bónda á Hólalandi. Sigurður neitaði að segja lausri ábúð sinni á Hólalandi og hlýtti ekki útbyggingarbréfi Abrahams. Sátt náðist þannig að Sigurður bauðst til að greiða frekar fyrir ábúð sína en næðu þeir ekki samkomulagi um ábúð eða afgang jarðarinnar þá skyldu fjórir óvilhallir menn meta mál þeirra í millum.<sup>283</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hólalands er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerkjaskrá fyrir landamörkum jarðarinnar Hólalands.

Að neðan ræður Fjarðará inn í Mýrnesskörð, síðan fjallgarðurinn alla leið þar sem vötn að draga út á ytri Tindfellsöxl; frá Tindfellsöxl ytri beint ofan í Mjóadal framan við háa Krók; þaðan ræður lækur merkjum ofan að Aur, þangað sem hann fellur í Krók út eptir; síðan úr þeim krók beina stefnu í vörðu, sem stendur við Fjarðará.

Hólalandi, 4. júlí 1884.

Sigurður Arnason í umboði eigandans

Stefán Jónsson í umboði eigandans.

Þessi landamerki samþykkjum við undirskrifaðir:

Jón Stefánsson á Gilsársvelli

Þorsteinn Ólafsson á Gilsársvelli.<sup>284</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Hólalands er dagsett 27. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerkjum

milli Hólalands annarsvegar og Grundar og Gilsárvallda hins vegar ræður bein lína úr merkivörðu niður við Fjarðará í krókinn á Merkilæknum, þar sem hann fellur úr Hlíðinni. Eftir það ræður lækurinn upp í Mjóadal og þaðan beint upp austan á Tindfellsöxl. Þá ráða hæstu fjallaraðir inn í Mýrnesskörð. Þaðan ræður merkjum á milli Hólalands og Hvannstóðs Fjarðaráin, sem fellur úr Mýrnesskörðum sunnanvert við aðal klifið og alla leið út á móts við áður greinda vörðu á Aurnum.

Geitavík 27. desember 1921

Margrét Jóhannesdóttir eigandi Hólalands.

Árni Isaksson eigandi Hólalandshjáleigu.

Framanskráðum landamerkjum milli Grundar og Hólalands er eg samþykkur

H. Ásgrímsson eigandi Grundar

Framanskráðum landamerkjum milli Hvannstóðs og Hólalands er eg fyrir hönd eiganda Hvannstóðs – Benedikts Jónssonar á Seyðisfirði – samþykkur

Jón Stefánsson

Jón Stefánsson, Magnús Þorsteinsson eigendur Gilsárvallar.<sup>285</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hólaland var metin á 2.200 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þing-

<sup>283</sup> Skjal nr. 2(343).

<sup>284</sup> Skjal nr. 2(27).

<sup>285</sup> Skjal nr. 2(28).

lýst. Fram kemur að jörðin hafi nægjanlegt upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Margrét Jóhannesdóttir.<sup>286</sup>

### 5.8.1 Hólalandshjáleiga í Borgarfirði

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hólalandshjáleiga var metin á 1.200 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar séu sameiginleg með Hólalandi, aðeins túni og engjum hafi verið skipt. Eigandi jarðarinnar var Árni Ísaksson.<sup>287</sup>

## 5.9 Hvannstóð/Hvannstöð í Borgarfirði

Hinn 2. júlí 1618 seldi Jón Björnsson Pétri Pálssyni jörðina Lýtingsstaði í Skagafirði, 60 hundruð að dýrleika, fyrir Húsavík, 30 hundruð að dýrleika, Breiðavík hina minni, Hólaland, tíu hundruð að dýrleika, Hvol, átta hundruð að dýrleika og Hvannstóð, sex hundruð að dýrleika. Þessar jarðir fylgdu eiginkonu Péturs, Þorbjörgu sálugu Bjarnadóttur, á giftingardegi þeirra.<sup>288</sup>

Hinn 13. október 1644 var gerður kaupmáli þar sem Jón Björnsson taldi syni sínum, sr. Einari Jónssyni, til kaups og konumundar 60 hundruð í föstu 25 hundruð í Húsavík. Á móti lofaði sr. Bjarni Ormsson dóttur sinni Sesselju 30 hundruð í föstu Hvannstöði, sex hundruð að dýrleika.<sup>289</sup>

Hinn 13. júní 1673 seldi Bjarni Einarsson eldri, með samþykki foreldra sinna sr. Einars Jónssonar undir Ási í Fellum og Cecilíu Bjarnadóttur, Brynjólfi biskupi Sveinsyni jörðina Hvannstöð í Borgarfirði eystra, sex hundruð að dýrleika.<sup>290</sup>

Í skjali, dagsettu 9. júní 1704, yfir jarðeignir Björns Péturssonar kemur fram að meðal eigna hans voru jarðirnar Eyjólfsstaðir á Völlum, Hellisfjörður, Bakki í Borgarfirði, Hvannstöð, Breiðavík við Borgarfjörð og Hamragerði.<sup>291</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 29. apríl 1790 var upplesið makaskiptabréf Péturs Þorsteinssonar sýslumanns og Guðmundar Guðmundssonar bónda á Gilsárvallahjáleigu, dagsett 6. nóvember 1789, þar sem Guðmundur eftirlét Pétri jörðina Ekru í Útmanasveit, 10 hundruð að dýrleika, fyrir jarðirnar Jökulsá, sex hundruð, og Hvannstöð, sex hundruð.<sup>292</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hvannstöðs metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Magnús Magnússon.<sup>293</sup>

<sup>286</sup> Skjal nr. 2(159).

<sup>287</sup> Skjal nr. 2(160).

<sup>288</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 272, skjal H-10.

<sup>289</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 273, skjal H-10.

<sup>290</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 268, skjal H-10.

<sup>291</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII*, bls. 410–413, skjal H-11.

<sup>292</sup> Skjal nr. 2(796).

<sup>293</sup> Skjal nr. 2(83).

Við manntalsþing að Desjarmýri 23. júlí 1814 var uppleið kaupbréf Halls Jónssonar hreppstjóra, dagsett 13. maí 1814, fyrir jörðinni Hvannstöði. Jörðina seldi St. Ólafsson hreppstjóri fyrir hönd ómagans og þrotsins Magnúsar Magnússonar honum til uppheldis.<sup>294</sup>

Hinn 11. apríl 1840 afsalaði Þorsteinn Gunnarsson sex hundruðum í jörðinni Hvannstöði til Péturs Péturssonar á Hákonarstöðum. Afsalsbréfið var þinglesið þann 11. apríl 1840.<sup>295</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hvannstöð metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.<sup>296</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hvannstöð:

Hvannstöð

Túnid fodrar 2 kyr ~~uthe~~ utheyid 40 ær 20 saudi 30 lömb 3 hesta tún og eingi heldur greid; útheye sæmil. afgiefa, eingið liggur sumt hátt í fialli og sprettur ekki þegar gaddur liggur á þeim eptir vorum; Medal ærnyt á sumri 35 pottar medal kyrnyt á mál á sumri 5-6 merkur; saudir skérast með 13 pundum til jafnadar, kvíær með 5 pundum; hentugt er kríngum tún til ræktunar; lyng er nokkud á landinu, kvistur einginn; torfskéra sæmileg, griót nóg, hellu má fá, vatni má veita; mór hefi ekki fundist; Jörðin á rekabás dalitinn á Snotruness landi; hún á afrétt fyrir sitt fé og gétur tekid af öðrum herumbil 150 kyndur; þángað er borguð hestaganga frá Hólalandi; reidíngur fæst ekki, þar eru víða aurlaup og landhættur nokkrar, vetrarríki er þar einna verst í sveitinni. Til að vinna upp jordina þykir þurfa 2 karlmenn 2 kvenmenn og einn smaladreing. Þessi jörd var vyrdt á 350 /.þriú hundrud og fimtíu./ rbd.<sup>297</sup>

Við aukarétt 24. október 1892 voru að beiðni Ólafs Abrahamssonar útnefndir tveir óvilhallir menn til þess að virða jörðina Hvannstöð. Útnefndir voru þeir Þorsteinn Magnússon, hreppstjóri á Höfn, og Ármann Egilsson á Snotrunesi. Fram kom að tilefni gjörðarbeiðanda var að sækja um lán úr Landsbankanum og veðsetja nefnda jörð.<sup>298</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hvannstöð var metin á 1.800 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar séu ekki innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu og engar upplýsingar fáist um þau. Fram kemur að jörðin hafi nægjanlegt upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Hallgrímur Jónsson.<sup>299</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hvannstöðs er dagsett 24. nóvember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Að norðan ræður forn landamerkjagarður er nær á milli Fjarðará og Þverá; að austan ræður Þverá og síðan Lambadalsá uppá fjallseggar; að vestan ræður Fjarðará frá áður umgetnum merkjagarði og uppí svonefnd Mýrnesskörð, síðan ráða að sunnan fjallseggar milli Fjarðará og Lambadalsár.

Jörðin á reka í svonefndum Hvannstöðsbas í Snotruneslandi í sama hreppi.

<sup>294</sup> Skjal nr. 2(797).

<sup>295</sup> Skjal nr. 2(249).

<sup>296</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>297</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>298</sup> Skjal nr. 2(844).

<sup>299</sup> Skjal nr. 2(161).

Seyðisfirði 24. nóvember 1921

Benedikt Jónasson (eigandi jarðarinnar)

Vér undirritaðir eigendur og umráðamenn jarða þeirra, er að landi jarðarinnar „Hvannstóð“ liggja, erum samþykkir framanskráðum landamerkjum, og staðfestum það með undirskrift vorri.

Borgarfirði 23. desember 1921

Vigfús I. Sigurðsson (umráðamaður Desjarmýrarkirkju)

Fyrir hönd eiganda Hólalands – Margrétar Jóhannesdóttur – Andrés Jónsson.

Vegna Gilsárvalla erum vér, undirritaðir eigendur jarðarinnar, landamerkjum þessum samþykkir.

Jón Stefánsson, Magnús Þorsteinsson, H. Ásgrímsson

Árni Ísaksson, eigandi Hólalandshjáleigu.<sup>300</sup>

### 5.10 Gilsárvellur/Gilsárvellir í Borgarfirði

Hinn 26. maí 1485 seldi Gunnlaugur Teitsson sr. Páli Grímssyni hálfu jörðina Gilsárvell fyrir lausafé.<sup>301</sup>

Hinn 31. maí 1574 seldi Jón Arnfinnsson Þorvarði Björnssyni tíu hundruð í jörðinni Gilsárvellum.<sup>302</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Gilsárvallar metinn 20 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru Stefán Ólafsson og Páll Ólafsson.<sup>303</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Gilsárvellur metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálgrein kemur fram að sýslumaður telji Gilsárvallahjáleigu vera átta hundruð af dýrleika jarðarinnar.<sup>304</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Gilsárvell:

Gilsárvellur

með Gilsárvallahjál. sem talin hefir verið 8<sup>hndr.</sup> Túnid fóðrar 5½ kú, útheið með útbeitinni fóðrar 100 ær 80 saudi 80 lömb; túnið er víðast ogreitt eingið greitt. Úthey allgott afgjafa, hentugt kríngum túnið til ræktunar. Meðalærnyt á sumri 34 pottar meðalkýrnyt í mál á sumri hæst 6 merkur, meðalsaudur skérst með 13 pundum og kvíær með 6 mörkum, utbeit allgóð þá sjaldan til hennar nær. Kvistur einginn lyng nokkurt, torfskéra sæmileg, reidíngur fæst notandi, grjót má fá langt burtu. Hella er til fjærri, vatni má veita, mótak allgott, afrétt nog fyrir jörðina, og má taka i hana ad auk hérum 120 kindur, rekastufur fylgir jörðinni, og heldur vid 2 úthýsum, ná má til sjáfarafra þegar hann géfst, svari hálfu manneli, jörðin er heldur hættusöm til lands. Heyskadar stundum á sumrum af vedrum og vatni, aurlaup víða og grjótrennsli af lækjum <sup>tún</sup> skémmist á veturnum af skara. Lidsafla til ad vinna fyrir gripunum sem jörðin ber öll þykir þurfa 6 karlmenn 6 kvenmenn og 2 smala. Þessi jörd var metin 1000 /eittþúsund/ rbd.<sup>305</sup>

<sup>300</sup> Skjal nr. 2(29).

<sup>301</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XII, bls. 61–62, skjal nr. 4(32).

<sup>302</sup> Skjal nr. 2(662).

<sup>303</sup> Skjal nr. 2(85).

<sup>304</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 360.

<sup>305</sup> Skjal nr. 2(132).

Við manntalsþing að Hjaltastað 27. júní 1883 var þinglýst gjafabréfi, dagsettu 17. júlí 1882, þar sem Ólafur Stefánsson í Klúku gaf og afhenti Guðnýju dóttur sinni fimm hundruð að fornu mati úr jörðinni Gilsársvelli í Borgarfirði.<sup>306</sup> Gjafabréfið var einnig þinglesið við manntalsþing að Desjarmýri 29. júní 1883.<sup>307</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Gilsársvalla er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki jarðarinnar Gilsársvallar með Gilsársvallahjáleigu: Milli Hvolls og Gilsársvalla ræður lækur frá Fjarðará upp í Mælisgarð, upp Mælishrygg upp austan í Dyrfjall. Milli Hólalands og Gilsársvalla eru landamerki úr vörðu á Aurnum upp í krókinn á Merkilæknum, þar sem hann fellur úr hlíðinni, eptir það ræður lækurinn upp í Mjóadal og þaðan beint upp austan á Tindfellsöxl. Tunguna milli Fjarðará og Þverár á Gilsársvöllum einn að Merkigarði. – Afréttarland á Gilsársvöllum milli Lambadalsár og Skúmhattuár inn á vörp. – Rekastykki á Gilsársvöllum í Hofstrandarkrök, frá Hvíthelli norður þangað sem hólminn kemur fram undan Láhamrinum niður við sjávarmál. –

Ólafur Stefánsson, Jón Árnason, Eyjólfur Þorkelsson, Kristín Jónsdóttir, Gísli Benediktsson, eigendur jarðarinnar.

Jón Stefánsson, ábúandi Gilsársvalla.

Samþykkt af undirskrifuðum:

Sveinn Guðmundsson í Döllum.

Sigurður Árnason á Hólalandi sem fullmektugur eigandans

Guðrún Stefánsdóttir á Setbergi.

Stefán Benediktsson fyrir hönd Desjarmýrarprests.<sup>308</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Gilsársvöllum var metin á 2.700 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst en að þau séu sameiginleg með Grund, fornri hjáleigu Gilsársvallar. Fram kemur að jörðin hafi upprekstrarland fyrir sig. Eigendur jarðarinnar voru Jón Stefánsson og erfingjar Stefáns Einarssonar.<sup>309</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Gilsársvalla með Gilsársvallahjáleigu (nú Grund) er dagsett 20. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

jarðarinnar Gilsársvallar með Gilsársvallarhjáleigu – (nú Grund)

Milli Gilsársvalla og Hvols ræður lækur frá Fjarðará en frá upptökum hans bein stefna upp í Mælisgarð, þaðan upp Mælishrygg upp austan í Dyrfjall. Milli Gilsársvalla og Hólalands eru landamerki úr vörðu, sem er á aurnum upp í krókinn á Merkilæknum, þar sem hann fellur úr Hlíðinni, eptir það ræður lækurinn upp í Mjóadal, og þaðan beint upp austan á Tindafellsöxl.

Milli Gilsársvalla og Desjarmýrar ræður Þverá og svo Skúmhattudalsá inn á varp. En á milli Gilsársvalla og Hvannstöðs ræður merkigarður, sem er á Tungunum. –

<sup>306</sup> Skjal nr. 2(757).

<sup>307</sup> Skjal nr. 2(758).

<sup>308</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>309</sup> Skjal nr. 2(157).



Afréttarland á Gilsárvöllur milli Lambadalsár og Skúmhattudalsár inn á vörp.

Rekafjöru á Gilsárvöllur í Hofstrandarkrök, frá Hvíthellu og norður þangað sem Hafnarhólmi kemur fram undan Lághamrinum niður við sjávarmál.

Gilsárvöllum 20. des. 1921

Jón Stefánsson, Magnús Þorsteinsson, H. Ásgrímsson eigendur jarðarinnar.

Rekaítakið í Hofstrandarkrök samþykkur:

Sigfús Gíslason eigandi Hofstrandar.

Framanskráðum landamerkjum milli Desjarmýrar og Gilsárvallar er eg undirritaður samþykkur.

Vigfús I. Sigurðsson – prestur að Desjarmýri

Framanskráðum landamerkjum milli Hvannstöð og Gilsárvallar er eg, fyrir hönd eiganda Hvannstöðs – Benedikts Jónssonar Seyðisfirði – samþykkur.

Jón Stefánsson verzlunarstjóri Borgarfirði.

Framanrituðum landamerkjum milli Hólalands og Gilsárvallar og Grundar er eg, fyrir hönd eiganda Hólalands – Margrétar Jóhannesdóttur, Geitavík – samþykkur.

Andrés Jónsson

Framanskráðum landamerkjum milli Hvals og Gilsárvallar er eg fyrir hönd eigandans – Þorsteins M. Jónssonar Akureyri – samþykkur.

H. Ásgrímsson kaupfélagsstjóri.<sup>310</sup>

### 5.10.1 Grund í Borgarfirði (áður Gilsárvallahjáleiga)

Við manntalsþing að Desjarmýri 17. ágúst 1786 voru upplesinn tvö kaupbréf Guðmundar Kolbeinssonar fyrir jörðinni Gilsárvallahjáleigu, dagsett 2. júlí 1785 og 11. júlí 1785. Jörðin Fram kemur að jörðin var átta hundruð að dýrleika en kaupverðið var 48 ríkisdalir.<sup>311</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 30. maí 1792 var upplesið kaupbréf Gróu Eiríksdóttur, dagsett 14. febrúar 1792, fyrir átta hundruðum að forngildi í Gilsárvallahjáleigu frá Túnis Guðmundssyni.<sup>312</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Gilsárvallahjáleigu ekki tilgreindur. Jörðin var hjáleiga frá Gilsárvöllum. Eigendur jarðarinnar voru Stefán Ólafsson og Páll Ólafsson.<sup>313</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Gilsárvöllur metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Gilsárvallahjáleiga er ekki metin sérstaklega en hún er skráð sem hjáleiga frá Gilsárveli. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður telji Gilsárvallahjáleigu vera átta hundruð af dýrleika jarðarinnar.<sup>314</sup>

<sup>310</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>311</sup> Skjal nr. 2(756).

<sup>312</sup> Skjal nr. 2(676).

<sup>313</sup> Skjal nr. 2(86).

<sup>314</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 360.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 er í umfjöllun um Gilsársvöll getið Gilsárvallahjáleigu. Þar segir að með Gilsárvallahjáleigu hafi jörðin verið metin átta hundruð að dýrleika. Hún var svo metin á 1.000 ríkisbankadali.<sup>315</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. júlí 1853 voru þinglesnir sex lóðseðlar barna Sigfúsar Pálssonar á Gilsárvallahjáleigu þar sem hverju þeirra er útlagt 42 álnir og 6/7 hlutar úr alin í jörðinni Gilsárvallahjáleigu.<sup>316</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki jarðarinnar Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu: Milli Hvolls og Gilsárvallar ræður lækur frá Fjarðará upp í Mæliskarð, upp Mælishrygg upp austan í Dyrfjall. Milli Hólalands og Gilsárvallar eru landamerki úr vörðu á Aurnum upp í krókinn á Merkilæknum, þar sem hann fellur úr hlíðinni, eptir það ræður lækurinn upp í Mjóadal og þaðan beint upp austan á Tindfellsöxl. Tunguna milli Fjarðará og Þverár á Gilsársvöllur einn að Merkigarði. – Afréttarland á Gilsársvöllur milli Lambadalsár og Skúmhettuár inn á vörp. – Rekastykki á Gilsársvöllur í Hofstrandarkrök, frá Hvíthellu norður þangað sem hólminn kemur fram undan Láhamrinum niður við sjávarmál. –

Ólafur Stefánsson, Jón Árnason, Eyjólfur Þorkelsson, Kristín Jónsdóttir, Gísli Benediktsson, eigendur jarðarinnar.

Jón Stefánsson, ábúandi Gilsárvallar.

Samþykkt af undirskrifuðum:

Sveinn Guðmundsson í Dölum.

Sigurður Árnason á Hólalandi sem fullmektugur eigandans

Guðrún Stefánsdóttir á Setbergi.

Stefán Benediktsson fyrir hönd Desjarmýrarprests.<sup>317</sup>

Með kaupbréfi dagsettu 19. apríl 1887 seldu Jón Sigurðsson og Magnús Einarsson, fyrir hönd Kristínar Jónsdóttur, fjögur hundruð í Gilsárvallahjáleigu til Eyjólf Þorkelssonar.<sup>318</sup>

Hinn 30. júlí 1887 fór fram uppboðsþing þar sem tekið var fyrir að selja fjögur hundruð úr Gilsárvallahjáleigu fremri. Hæstbjóðandi var Sigurður Jónsson kaupmaður.<sup>319</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu (nú Grund) er dagsett 20. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

jarðarinnar Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu – (nú Grund)

Milli Gilsárvallar og Hvols ræður lækur frá Fjarðará en frá upptökum hans bein stefna upp í Mælisskarð, þaðan upp Mælishrygg upp austan í Dyrfjall. Milli Gilsárvallar og Hólalands eru landamerki úr vörðu, sem er á aurnum upp í krókinn á Merkilæknum,

<sup>315</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>316</sup> Skjal nr. 2(703).

<sup>317</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>318</sup> Skjal nr. 2(299).

<sup>319</sup> Skjal nr. 2(298).

þar sem hann fellur úr Hlíðinni, eftir það ræður lækurinn upp í Mjóadal, og þaðan beint upp austan á Tindafellsöxl.

Milli Gilsárvala og Desjarmýrar ræður Þverá og svo Skúmhattudalsá inn á varp. En á milli Gilsárvala og Hvanntóðs ræður merkigarður, sem er á Tungunum. –

Afréttarland á Gilsárvöllum milli Lambadalsár og Skúmhattudalsár inn á vörp.

Rekafjöru á Gilsárvöllum í Hofstrandarkrók, frá Hvíthellu og norður þangað sem Hafnarhólmi kemur fram undan Lághamrinum niður við sjávarmál.

Gilsárvöllum 20. des. 1921

Jón Stefánsson, Magnús Þorsteinsson, H. Ásgrímsson eigendur jarðarinnar.

Rekaítakið í Hofstrandarkrók samþykkur:

Sigfús Gíslason eigandi Hofstrandar.

Framanskráðum landamerkjum milli Desjarmýrar og Gilsárvallar er eg undirritaður samþykkur.

Vigfús I. Sigurðsson – prestur að Desjarmýri

Framanskráðum landamerkjum milli Hvanntóð og Gilsárvallar er eg, fyrir hönd eiganda Hvanntóðs – Benedikts Jónssonar Seyðisfirði – samþykkur.

Jón Stefánsson verzlunarstjóri Borgarfirði.

Framanrituðum landamerkjum milli Hólalands og Gilsárvallar og Grundar er eg, fyrir hönd eiganda Hólalands – Margrétar Jóhannesdóttur, Geitavík – samþykkur.

Andrés Jónsson

Framanskráðum landamerkjum milli Hvals og Gilsárvallar er eg fyrir hönd eigandans – Þorsteins M. Jónssonar Akureyri – samþykkur.

H. Ásgrímsson kaupfélagsstjóri.<sup>320</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Gilsárvöllum var metin á 2.700 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst en að þau séu sameiginleg með Grund, fornri hjáleigu Gilsárvallar. Fram kemur að jörðin hafi upprekstrarland fyrir sig. Eigendur jarðarinnar voru Jón Stefánsson og erfingjar Stefáns Einarssonar.<sup>321</sup> Í fasteignamatinu kemur fram að jörðin Grund var metin á 2.000 kr. Þá segir að jörðin hafi upprekstrarland fyrir sig. Eigandi jarðarinnar var Ásgrímur Guðmundsson.<sup>322</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Gilsárvala og Grundar (áður Gilsárvallahjáleiga) er dagsett 20. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

jarðarinnar Gilsárvallar með Gilsárvallarhjáleigu – (nú Grund)

Milli Gilsárvala og Hvals ræður lækur frá Fjarðará en frá upptökum hans bein stefna upp í Mælishrygg, þaðan upp Mælishrygg upp austan í Dyrfjall. Milli Gilsárvala og Hólalands eru landamerki úr vörðu, sem er á aurnum upp í krókinn á Merkilæknum,

<sup>320</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>321</sup> Skjal nr. 2(157).

<sup>322</sup> Skjal nr. 2(158).

þar sem hann fellur úr Hlíðinni, eftir það ræður lækurinn upp í Mjóadal, og þaðan beint upp austan á Tindafellsöxl.

Milli Gilsárvala og Desjarmýrar ræður Þverá og svo Skúmhattudalsá inn á varp. En á milli Gilsárvala og Hvannstóðs ræður merkigarður, sem er á Tungunum. –

Afréttarland á Gilsárvöllum milli Lambadalsár og Skúmhattudalsár inn á vörp.

Rekafjöru á Gilsárvöllum í Hofstrandarkrók, frá Hvíthellu og norður þangað sem Hafnarhólmi kemur fram undan Lághamrinum niður við sjávarmál.

Gilsárvöllum 20. des. 1921

Jón Stefánsson, Magnús Þorsteinsson, H. Ásgrímsson eigendur jarðarinnar.

Rekátakið í Hofstrandarkrók samþykkur:

Sigfús Gíslason eigandi Hofstrandar.

Framanskráðum landamerkjum milli Desjarmýrar og Gilsárvallar er eg undirritaður samþykkur.

Vígfús I. Sigurðsson – prestur að Desjarmýri

Framanskráðum landamerkjum milli Hvannstóð og Gilsárvallar er eg, fyrir hönd eiganda Hvannstóðs – Benedikts Jónssonar Seyðisfirði – samþykkur.

Jón Stefánsson verzlunarstjóri Borgarfirði.

Framanrituðum landamerkjum milli Hólalands og Gilsárvallar og Grundar er eg, fyrir hönd eiganda Hólalands – Margrétar Jóhannesdóttur, Geitavík – samþykkur.

Andrés Jónsson

Framanskráðum landamerkjum milli Hvals og Gilsárvallar er eg fyrir hönd eigandans – Þorsteins M. Jónssonar Akureyri – samþykkur.

H. Ásgrímsson kaupfélagsstjóri.<sup>323</sup>

Landskiptagerð vegna jarðanna Grundar I og II er dagsett 8. september 1970 en þinglýsingardags er ekki getið. Efni hennar er svohljóðandi:

Grund (I og II <sup>III</sup>)

í Borgarfj.hr

Grund takmarkast að utan af bókfærðum landamerkjum Gilsárvala og Merkilækjar, að innan á mótí Hólalandi og við Gilsárvallablá að neðan. Sameiginlegt upprekstrarland með Gilsárvöllum í Innfjöllum. Grund skiptist þannig innbyrðis í Grund I og Grund II:

Gamla túninu skiptir Bæjarlækur ofantil, en gamli lækjarfarvegurinn neðar, og á Grund I ytri hlutann, en Grund II þann fremri. Blánni er skipt í miðju með framræzluskurði og á Grund I ytri hlutann en Grund II þann fremri.

Hagatúninu skiptir Hagalækur, á Grund I fremra túnið ásamt tveim afmörkuðum stykkjum neðan brekku, Grund II á ytra túnið ásamt tveim afmörkuðum stykkjum neðar. Milli heimatúns og Hagatúns eru tvö útmæld stykki og eru mörkin beint úr skurði neðan brekkunnar. Á Grund I ytra stykkið en Grund II það fremra.

Engjum skiptir Hagalækur, og á Grund I ytri Ennin og efri og neðri Græfur að Gilsárvallamörkum og Grund II á fremri Ennin og Fosslækjarmýrar að Merkilæk og niður að Gilsárvallablá. Ennfremur fjallið að sömu mörkum.

<sup>323</sup> Skjal nr. 2(25).

Tungumnar skiptast þvert yfir milli Fjarðarár og Þverár á milli Grundarbæja, úr ytra Áslækjargili í dý yzt á Víðáreyrum, og á Grund I ytri hlutann að mörkum Gilsárvalla, en Grund II fremri hlutann að mörkum Hvannstóðs.

Borgarfirði, 8.9. 1970

Aðalsteinn Sveinsson Grund I

Hannes Árnason Grund II

Friðjón Árnason Hólalandi

Sigurður Árnason Hólalandshjáleigu

Ólafur Jónsson Gilsárvöllum<sup>324</sup>

## 5.11 Desjarmýri í Borgarfirði

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið á Desjarmýri.<sup>325</sup>

Í máldaga Desjarmýrarkirkju frá 1354 segir meðal annars:

kirkian æ land allt æ desiarmyre til motz vid husuijkinga. so sem med fornu hefer stadid. og allan hrafnsdal oc ut til motz vid hofstrandar land.

þridiung i vidreka under oxafalle.

allann vidreka j hellisvik fra drang þeim er gegnt stendur runuskala. og inn til þess drangs er næstr er ut fra laxa.

Hualreka i Hellisviyk oc suo huar sem kiemur inn til drangsins.

vidreka allann oc suo hualreka. j mariubæs.

Salltfiara i geitavijk ut æ millum lækia.

Halfann hualreka og vidreka vta sande nordann fra jokulsæ reka og austur ad Helgæ.

jtem æ kirkian tveggia manna agaungu æ hval j kiolsviyk.

jtem hun æ allann vidreka oc halfann hualreka æ eyre ut fra drang oc til kamb.

Hun æ niundu hveria vætt j hualreka j mariufioru inn fra laxa.

[...]

Jtem æ kirkiann fiskevist ad aullduhamre. er Olafur prestr liet sveria. oc xxx. sauda haufn j hafnar land og hellis skiol er Olafur prestr liet sveria. Saudabeit vt a sand.

Jtem æ kirkiann attatye sauda beit i Haukinn i ness lande uppa manud oc tueggia hrossa gaungu i backa þyfe og taka ei undann folaulld.

Jtem a kirkiann fiortan fota torfgrauf j jokulsær lande ærliga. og hun æ attundu hueriu uætt j hual æ uxafallsfioru.<sup>326</sup>

Í Hítardalsbók frá 1367 segir að Maríukirkju á Desjarmýri eigi heimaland allt og allan Hrafnsdal.<sup>327</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Maríukirkju á Desjarmýri frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

<sup>324</sup> Skjal nr. 2(26).

<sup>325</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XII, bls. 4, skjal nr. 4(21).

<sup>326</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* III, bls. 96–98, skjal nr. 4(23).

<sup>327</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* III, bls. 232, skjal nr. 4(137).

Mariukirkia a Desiarmyri a heimaland allt med gognum oc giædumm og allann Hrafnaldal motz vid Hofstrandar land.

Þridiung j vidreka vnder Oxafalli.

allann vidreka j Hellisvíjk frá dräng þeim er stendur giegnt Runoskåla oc inn til þess er næstur (er) vt (fra) Laxä.

Hualreka halfann i Hellisvíjk oc so huar sem kiemur inn til Drangs.

vidreka halfann i Mariubåse oc so hualreka.

Salltfioru j Geitavíjk milli lækia.

[...]

fiskivist ad Ollduhamri.

Saudabeit vt a Sand.

xxx sauda beit i Hafnar land oc Hellisskiol.

Hun a halfann hualreka oc vidreka ut a Sandi.

Hun a tveggia manna agongu a hval j Kiolsvíjk. Hun a hina ix hveriu vætt i hualreka j Mariufiöru inn frá Laxä. Hun a skog j Setbergi.

Hun a allann vidreka oc halfann hualreka vt frá Drang oc til Kambs.<sup>328</sup>

Í Stefánsmáldaga um Desjarmýrarkirkju frá 1491–1518 segir að kirkjan hafi átt allt heimaland.<sup>329</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Desjarmýrarkirkju:

Kirkian a Mjirstad i Borgarfjrdi. ä heimaland. med gognum og giædum og allan Hrafnaldal til mötz vid Hoffstrandar land.

thridiung i vidreka vnder Vxafalle. allann vidreka i Hellisvíjk. frá Dräng theim er stendur giegntt Runu skåla og Jnn til thess Drangs er næstur er vt Laxä(!).

hualreka hälfann i Hellisvíjk. og suo huar sem kiemur Jnn til Drängs. vidreka allan i Mariubåse og suo hualreka. Salltfiöru i Geitavíjk mille lækia.

[...]

fiskevist ad Øllduhamri. [er] [Olafur prestur [liet] sveria under.

Saudabeit vt ä sand. xxx saudabeit i Haffnarland. og Hellis skiöl.

hun ä hälfann vidreka vt ä Sande. hun ä tueggia manna ágongu ä hual. i Kiolsvíjk. ix hueria vætt i hualreka. i Mariufiöru. Jnn frá Laxä.

Skög i Setbergi. hun ä allann vidreka. og hälfann hualreka vt frá Drang oc til Kambs.<sup>330</sup>

Í afriti af afhendingu Desjarmýrarkirkju frá 1574 þegar Þorgeir prestur Þorsteinsson tók við segir eftirfarandi um jarðeignir kirkjunnar:

Kirkiann a desearymyre ä ~~ætt~~ heimaland alltt med gögnum og giædum. til motz vid husvíjkinga suo sem ad fögnu hefer stadid. og allan Hrafnaldal. og ut til motz vid hofstrandar land.<sup>331</sup>

<sup>328</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 222–223, skjal nr. 4(24).

<sup>329</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 22, skjal nr. 4(139).

<sup>330</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 687–688, skjal nr. 4(25).

<sup>331</sup> Skjal nr. 2(660). Sjá einnig *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 787–788, skjal nr. 4(119).

Í biskupsvísitasíu frá 6. ágúst 1645 segir að Maríukirkju að Desjarmýri eigi allan Hrafnisdal til móts við Hofstrandarland. Fjallað er um rekaréttindi á ýmsum svæðum, fiskivist, sauðabeit og skógarrétt. Þá segir eftirfarandi um landamerkjavitnisburði og Setberg:

Skilur biskup, að landa Merckja Vittnessburder sieu tekner epter heffdarhallde og Sennder J Skalhollt. Kyrckjan aa Setberg, og Skumhattardal halfann að heffdarhallde<sup>332</sup>

Hinn 24. ágúst 1672 settu Brynjólfur biskup Sveinsson og sr. Einar Jónsson og staðfestu landamerki milli jarðanna Stóru-Breiðuvíkur og Litlu-Breiðuvíkur. Í landamerkjalyýsingunni er getið landamerkja Desjarmýrar. Skjalið er svohljóðandi í afriti frá 31. ágúst 1843:

ad su varda, sem hlaðin var fyrir ofan flæðarmál, skyldi ráða landa og fiöru mörkum midli þessara jarða, sem hun hefur að fornu og nyu radid, sidan skylldi landamerkium rada rett sionhendíng ur fyrrskrifadri vördu, sem sa gardur tilvisar sem vid hana hlaðinn var í vor 1672, 25 Maji, vid votta í eignarmannanna umbodsmanna vidurvist: Hiallta Jonssonar vegna biskupsins M. Bryniolfs Sveinssonar en Biarna Einarssonar ýngra vegna Sira Einarssonar í vidurvist Árna Thomassonar, Sigvardar Bárðarssonar og Odds Gudmundssonar, uppi melshornid vid ána, og so upp eptir ánni í háfiöll j móts uid Desjarmýrar landamerki, so sem vötn deyla; höfdu fyrir skrifadir menn fullnadar handsöl her uppá að þessi skylldu æfinlig landamerki þessara jarða i milli, og obrygdanlega haldast í allan mata<sup>333</sup>

Með bréfi dagsettu 1. apríl 1724 svaraði Jón Árnason Skálholtsbiskup fyrirspurn sr. Gísla Gíslasonar á Desjarmýri varðandi ítök Desjarmýrarkirkju í hvalreka í Kjólsvík. Biskup sagði meðal annars að máldagi kirkjunnar segði að hún ætti tveggja manna ágang, þ.e.a.s. að tveir menn mættu fríir ganga að hvalnum og skera hann.<sup>334</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 1. júlí 1727 segir að Desjarmýrarkirkja eigi hvalreka í Hellisvík og hvar sem kemur inn til Drangs, allan viðarreka og hvalreka í Maríubás.<sup>335</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 3. ágúst 1748 er fjallað um ýmis reka- og skógarréttindi Desjarmýrarkirkju.<sup>336</sup> Sama kemur fram í biskupsvísitasíu frá 26. febrúar 1780.<sup>337</sup>

Hinn 31. maí 1772 lögfesti sr. Halldór Gíslason Desjarmýri með landi Setbergs, hálfum Skúmhattardal, öllum Hrafnisdal og Mosdal auk ítaka Desjarmýrarkirkju. Lögfestan var upplesin við Desjarmýrarkirkju 31. maí 1772, 30. maí 1773 og þinglesin þann 10. júlí 1844, en texti hennar er eftirfarandi:

Eg Halldor p. Gislason, lögfesti hér i Dag Desjarmýrarkyrkiu Eign, með ollu Setbergs Landi, hálfann Skúmhattardal og svo sudr á Husavíkurheidi, þar til Vötnum hallar, og allt útá Fossabrekkur fyrir utan Giæsarvötn, allan Mosdal, og allan Hrafnisdal og svo allt útá Þrándarhriegg, i þann Tind sem stendst á vid Folaldsgröf, og svo þversynis ofan i Fiardará, ogsvo allt hid nedra i Þverá, akra og Tödur, Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og veidistadi, og allar Landsnytiar, þær er því Landi eígu að fylgia og fylgt hafa,

<sup>332</sup> Skjal nr. 2(388).

<sup>333</sup> Skjal nr. 2(285).

<sup>334</sup> Skjal nr. 2(350).

<sup>335</sup> Skjal nr. 2(389).

<sup>336</sup> Skjal nr. 2(390).

<sup>337</sup> Skjal nr. 2(391).

til ummerkia þeirra, er adrir Menn eiga i móti tedar kyrkiu Landeign. Fyrirbíd eg hédan af hvöríum Manni i ad vinna edr sér ad nýta, til Skógarnáms, Grasatekiu, hagbeitar Gripagaungu, edur nokkurra annara afnota, nema mitt sé leyfi til. I sama máta lögfesti eg eptirskrifud Itök undir Desjarmýrarkyrkiu, þridiungi vidreka undir Uxafelli, allan Vidreka i Hellirsvík, frá Dráng frá Dráng [svo] þeim er stendr geingt Runuskála og inn til þess er nærstur er út Laxá, Hvalreka i Hellirsvík, og svo hvar sem kémur inn til drángs; allan vidreka i Mariubási og svo Hvalreka, Saltfioru i beitavik milli Lækia. Saudabeit út á Sandi, 30 Saudabeit i Hafnar, halfan Hvalreka og vidreka út á Sandi Tveggiamanna ágáng á Hval i Kiólsvik. Níundu hvöria vætt i Mariufiöru. Vidreka allan og hálfan hvalreka út frá dráng til kamb. Fiskivist ad Øltuhamri, 80 Sauda beit um Mánud i Snotruness Landi, Husakinn og Skiól i Olafsborg, 2ia hrossa gaungu i Bakkaþýfum. Öll þessi Itök, lögfesti eg ad ord fullu og lögmáli rettu, Til merkis mitt undirskrifad nafn ad Desjarmýri þann 31t Maii 1772<sup>338</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Desjarmýrar metinn 20 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Desjarmýrarkirkja. Fram kemur að eyðihjáleigurnar Setberg og Þrándarstaðir hafi tilheyrt Desjarmýri.<sup>339</sup>

Hinn 4. júní 1820 skrifaði sr. Engilbert Þórðarson á Desjarmýri í Borgarfirði biskupi og óskaði eftir að sér yrði veitt embætti sóknarprests í Þingmúla í Skriðdal í stað Desjarmýrar. Sr. Engilbert lýsti landkostum á Desjarmýri sem lélegum og bar sig illa yfir afkomu sinni. Búskapur var erfiður og hlunnindi sem fylgja áttu kirkjunni voru ýmist undan henni gengin eða arðlaus.<sup>340</sup>

Hinn 16. desember 1835 skrifaði sr. Benedikt Þórarinsson á Desjarmýri í Borgarfirði biskupi vegna rekaítaka Desjarmýrarkirkju. Sr. Benedikt vitnaði til máldaga um rekaítökin og staðsetningu þeirra. Hann leitaði jafnframt úrskurðar biskups á því hvort tilgreindur hluti rekaítakanna væri sameiginlegur með Valþjófsstaðarkirkju.<sup>341</sup>

Með bréfi dagsettu 11. mars 1836 sem Steingrímur Jónsson biskups skrifaði til sr. Benedikts Þórarinssonar á Desjarmýri fylgdu staðfest afrit af Vilchins og Gísla máldögum Desjarmýrarkirkju. Í bréfinu er einnig fjallað um rekaréttindi í Borgarfirði og í Víkum.<sup>342</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. apríl 1840 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjulandi en henni mótmælti proprietarius Hallgrímur Ólafsson á Hólshúsum fyrir hönd Húsavíkurkirkju.<sup>343</sup>

Hinn 18. júní 1841 skrifaði biskup til sr. Guttorms Þorsteinssonar varðandi þrætuna um Efri-Fitjar. Í bréfinu er vísað í bréf sr. Snorra Sæmundssonar frá 24. nóvember 1840 og lögfestu sr. Halldórs Gíslasonar á Desjarmýri frá 31. maí 1772, vitnisburð frá 1684, biskupavísitásiur frá 1645, 1727, 1734, 1748, 1763 og 1780 og máldaga Vilchins og Gísla biskups Jónssonar. Í bréfinu kallaði biskup eftir frekari upplýsingum varðandi not á þessu landi en sendi útdrætti úr Vilchins- og Gíslamáldögum.<sup>344</sup>

<sup>338</sup> Skjöl nr. 2(261) og 2(346).

<sup>339</sup> Skjal nr. 2(82).

<sup>340</sup> Skjal nr. 2(552).

<sup>341</sup> Skjal nr. 2(561).

<sup>342</sup> Skjal nr. 2(351).

<sup>343</sup> Skjal nr. 2(722).

<sup>344</sup> Skjal nr. 2(611).



Hinn 14. júlí 1840 óskaði sr. Snorri Sæmundsson á Desjarmýri eftir að sáttafundur yrði haldinn hjá sáttanefnd Borgarfjarðarsáttaumdæmis vegna landaþrættunnar um Efri-Fitjar. Hann var haldinn 2. október 1840 en reyndist árangurslaus.<sup>345</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Desjarmýri frá 15. ágúst 1841 er fjallað um ágreining milli sr. Snorra Sæmundssonar vegna Desjarmýrar og Hallgríms Ólafssonar vegna Húsavíkur um landstykki sem báðir vildu tileinka sínum kirkjum. Um staðsetningu landsins segir eftirfarandi:

landstykki ofan fra Husavík, er heldur varpi nidur ad Selshúsalæk efra frá Kroka ad vestanverdu og til Gjæsirvatna ad austanverdu<sup>346</sup>

Hinn 3. september 1841 skrifaði sr. Guttormur Þorsteinsson, prófastur á Hofi, til sr. Snorra Sæmundssonar um þrættulandið Efri-Fitjar. Sr. Guttormur kvaðst hafa leitað í gögnum um Desjarmýri en sagðist ekkert finna um þrættulandið. Hann lét þó með bréfinu fylgja máldaga Vilchins og Gísla biskups Jónssonar.<sup>347</sup>

Hinn 8. október 1841 vitnaði Jón Ögmundsson að hann hafi aldrei heyrt Efri-Fitjar tileinkaðar Húsavík heldur hafi þurft að leita leyfis hjá presti á Desjarmýri við að tína þar fjallagrös og norður við Efri-Fitjar og Krossmela ofan af Húsavíkurheiðarvarpi. Þá kvaðst hann hafa munað að fólk hefði haft tjaldstæði undir svokölluðu Magnúsarhrauni, örskammt frá fjallsrót Hvítserks eða hér um bil fyrir miðjum Efri-Fitjum frá austri til vesturs. Þá bætti hann við að gamalt heystæði stæði á Efri-Fitjum hjá Krossá sem væri tileinkað Desjarmýrarprestinum sr. Hávarði, líklega Sigurðssyni sem var prestur þar 1632–1661. Sama vitnuðu Stefán Ólafsson á Gilsárvelli og Páll Ólafsson á Gilsárvallahjáleigu. Með vitnisburði dagsettum 26. október 1841 sögðu Björn Skúlason og Björn Björnsson að þeir sem ábúendur Setbergs 1829–1836 hafi brúkað Efri-Fitjar til slæгна og hagbeitar sem eign Desjarmýrarkirkju.<sup>348</sup>

Hinn 28. október 1841 skrifaði Snorri Sæmundsson, prestur á Desjarmýri, biskupi vegna þrættu Desjarmýrarkirkju og Húsavíkurkirkju um landstykkið Efri-Fitjar. Sr. Snorri taldi umrætt stykki tilheyra Desjarmýrarkirkju og að ábúendur hjáleigunnar Setbergs hefðu nýtt það átölulaust af hálfu landeigenda Húsavíkur. Hann lagði fram fjóra vitnisburði máli sínu til stuðnings, lýsti staðháttum á svæðinu allítarlega, vitnaði til máldaga og kvartaði yfir ágengni eigenda Húsavíkur. Landsvæðinu lýsti sr. Snorri svo:

Máldagarnir hafa hvörugur nein landa merki til fjallsins nema þar þeir til taka hálfan Skúmhattardal, semad er nordvestur undir á landinu, liggur og dalur sá uppí Húsavíkur Fjallgardin, semad liggur hlickjalaus ad mestu millum landanna, og svo nordaustur sidan hvar tiltekid er ad kyrkjan eigi Hrafndal til móts vid Hofströnd, eru og þessi takmörkin óglöggust þessvegna: ad allstadar annarstadar eru Fjallahriggir eda Ár, hvad mer sínist medal annars færa líkur til: ad Húsavíkurheidar varp ecki undanskiljist því.  
– Nú hefur Proprietarie látid á sér merkja ad landstycki þetta tilheýri kyrkjukotinu

<sup>345</sup> Skjöl nr. 2(343) og 2(567).

<sup>346</sup> Skjal nr. 2(436).

<sup>347</sup> Skjal nr. 2(347).

<sup>348</sup> Skjöl nr. 2(348)–2(349) og 2(568).

Litlubreiduvík, (Húsavíkur kyrkju Eign) sem mér vyrðist eins ósangjarnt þegar adgjætt er: ad Breidavík adgreinist frá Efri og Nedri-fitjum med lágheidi, af hvorri ad renna lækir suduraf til Breiduvíkur, og norvesturaf til Borgarfjardar edur fitjanna. – Sínist og órímilegt ad Húsavíkur kyrkjukot Litlubreidavík 6 hndr. ad dýrleika eigi land fyrir innan heidi Skackhýrning úr annarra landi, þegar Jörðin Stórabreiduvík 12 hndr. sem liggur í sömu víkinni, og hefir innan víkur – jafnvel minna land, eptir dýrleikanum helduren kotid, aldrei hefur helgad sér land leingra enn þángad, sem vötnum hallar.<sup>349</sup>

Hinn 12. nóvember 1841 skrifaði Stefán Árnason, prófastur á Valþjófsstað, biskupi vegna þrætustykkisins Efri-Fitja sem Húsavíkurkirkja og Desjarmýrarkirkja gerðu báðar tilkall til. Stefán tilgreindi ekki staðsetningu umrædds þrætustykkis en taldi sr. Snorra Sæmundsson á Desjarmýri hafa meira til síns máls en eigendur Húsavíkurkirkju.<sup>350</sup> Biskup svaraði sr. Stefáni með bréfi dagsettu 14.apríl 1842 og skýrði honum frá hvernig lagaframgang presturinn á Desjarmýri þyrfti að fara fram á.<sup>351</sup>

Hinn 23. júlí 1842 var á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis tekin fyrir landþræta milli sr. Snorra Sæmundssonar á Desjarmýri og Hallgríms Ólafssonar í Húsavík ásamt Kjartani Ólafssyni á Dallandi vegna landstykkisins Efri-Fitja. Sátt komst á milli aðila þannig að sr. Snorri féll frá orðatiltæki sem fram kemur í lögfestu Desjarmýrarkirkju frá 1772 eða eins og skráð er í sáttabók umdæmisins:

komst nú lox Sáttasamningur á málspartanna á milli þannig, ad presturinn finnur orsök til ad fráfalla ordatiltækinu ad presturinn finnur orsök til ad fráfalla ordatiltækinu Fossárbrekkur í lögfestu Disjarmýrarkirkju af 1772, þared í sömu lögfestu er tilgreint þar sem vötnum halli millum Breiduvíkna og Disjarmýrar, vegna þess ad ur fremra Gjæsirvatni falla lækjardrög til beggja plátsanna, og vyrðist því sjálft fremra Gjæsirvatn eiga ad helmíngast og verda takmark Plátsanna á milli; enn til ad fá Stefnu mid antaka bádir hlutadeigendur ad skuli vera hædsti hnúkur á svokölluðu Náttmálafjalli hvadan lína takist yfir úr Fjallgardinum sem skéri midt greint vatn og þar sem hún vill lenda á gagnstandandi Fjalli. – Þessi Samningur hlutadeiganda sendist Stipts yfir völdunum frá beggja hendi med <sup>undirgefni</sup>osk um Stadfestingu.<sup>352</sup>

Hinn 24. október 1842 skrifaði biskup til sr. Stefáns Árnasonar á Valþjófsstað um Efri-Fitjar. Biskup óskaði eftir að fá skjöl sem eigandi Húsavíkur hafi látið þinglýsa og upplýsingar um hversu mikið hey stykkið gæfi af sér árlega.<sup>353</sup>

Hinn 15. maí 1843 skrifuðu sr. Snorri Sæmundsson, S. Ólafsson, V. Stefánsson og Björn Björnsson biskupi bréf vegna landamerkja Desjarmýrar og Húsavíkur, þ.e. þrætunnar um Efri-Fitjar. Í því segir að stiftsyfirvöld hafi verið treg að samþykkja hin nýju landamerki frá sáttagerðinni 23. júlí 1842. Bréfritarar töldu ljóst að Desjarmýrarkirkja myndi ekki missa nothæft land og gáfu eftirfarandi skýringar á nokkrum atriðum sem gætu hafa leitt til misskilnings:

ad Disjarmýrar Kyrkja heldur öllu notanlegu Landi af þrætulandinu Efrifitjum eptir þeim ný áqveðnu landamerkjum, nefnilega línun í gegnum midt fremra Gjæsirvatn ad stefna á Náttmálafjalls Hnúk sem er öllu leiti samqvæm Lögfestunni fyrir Disjarmýrar

<sup>349</sup> Skjal nr. 2(566).

<sup>350</sup> Skjal nr. 2(565).

<sup>351</sup> Skjal nr. 2(610).

<sup>352</sup> Skjal nr. 2(333).

<sup>353</sup> Skjal nr. 2(612).

Kyrkju landareign af 1772, nema ef þess lína kan að skera fjallgardin Sudaustanvið Efrifitjar að nedantil ecki eins þvert eins og greind Lögfesta meinar, þó það sé óvíst og ecki af Lögfestunni að ráða, enda er sá Fjallgardur nidur að sléttu ecki annað en urdir og Melar, líka kynni vera Miskilningi undirkastad hvað greind Lögfesta meinar með Örnefninu Fossárbrekkur, sem nockrir taka einúngis brattan Hjalla austan í víknaheidi, en fleirstir – og þarámedal við lídandi Fláa þar uppaf upp undir eystra enda greinds Vatns, og <sup>hardt</sup>nær einúngis eru (Fláamir-) Moldar rof, grjót Hriggir, og urdir; Má best ráða, að vatnid liggir rétt á Varpi þessarrar lítlu heidar, að úr austur enda þess rennur lækur eptir greindum Fláum austur til Breiduvíkur, en úr vestur enda vatnsins annar Lækur vestur í gegnum Efrifitjar til Borgarfjardar. – Væri nú svo: að tédir Fláar ecki meintust með í nafninu Fossárbrekkur, (hvað við einsog á er vikid ecki höldum) þá er það plats, bædi svo lítid og ófrjósamt eins og við höfum líst, að ockur vörðist <sup>ei</sup> mismunandi, hvors Eign þeir kallast. – Eins lítid gétum við líka metid Disjarmyrar Kyrkju til neins Skada, þó landamerkja línan <sup>ný</sup> ská skéri Fjallgardin að nedan, hvör Fjallgardur stendur rétt við Gjæsirvatn, svo að línan strax lendir fyrir ofan alla Grasrót, þarhá þikur ockur líkast að einmidt þessi Stefna hljóti að vera meind í optnefndri Lögfestu.<sup>354</sup>

Sr. Stefán Árnason, prófastur á Valþjófsstað, áframsendi bréf sama efnis frá sr. Snorra, dagsett 14. maí 1843, til stiftsyfirvalda með bréfi dagsettu 29. júní 1843.<sup>355</sup> Sáttagerðin var staðfest af stiftsyfirvöldum þann 12. ágúst 1843.<sup>356</sup> Hún var svo þinglesin þann 10. júlí 1844, en texti hennar er eftirfarandi í afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819–1847:

Ár 1842 þann 23ia Julii mætti ásamt Hlutadeigendum fyrir Sáttafundi að Desjarmyri – Presturinn að Hialtastad Sr Jón Gudmundsson, sem af Amtinu ádr var settur til, ásamt þeim öðrum reglulega Forlíkunarmanni að semia milli Prestsins Sr Snorra Sæmundssonar á Dysjarmyri, og proprietari H. Olafssonar á Húsavík, samt Kiartans Olafssonar á Dallandi, hvar Landapræta hefir upprisid millum Disjarmyrar og Húsavíkur kyrkna, útaf Landsstykkinu Efrifitium, hvört Pláts bádir kyrkiu veriarar vilja helga Kyrkiunum, studdir af Lögfestum og Vitnisburdum eldri og yngri, komst nú loksins Sáttasamningr á Málspartanna á milli, þannig að presturinn finnur orsök til að fráfalla ordatiltækinu Fossárbrekkur í Lögfestu Desjarmyrar Kyrkiu af 1772, þared í sömu Lögfestu er tilgreint þarsem Vötnum halli millum Breiduvíkna og Disjarmyrar vegna þess að úr fremra Gjæsirvatni falla Lækiadrög til beggia Plátsanna, og vörðist því hálf fremra Gjæsirvatn éga að helfmingast, og verda Takmark Plátsanna á milli, enn til að fá Stefnumid, antaka bádir Hlutadégendr að skuli vera hædsti Hnúkur á svököllu Náttmálafialli, hvadan Lína takist yfir úr Fjallgardinum, sem sker midt greint Vatn, og þarsem hún vill lenda á gagnstandandi Fialli. Þessi Samningur Hlutadeigenda sendist Stiftsyfirvöldunum frá beggia Hendi, með úndirgefnust ósk um Stadfestingu. Að þannig sömdu, skyldu Hlutadegande sattir. ut supra

Jón Guðmundsson H. Olafsson

Sem sáttir

S: Sæmundsson. H. Olafsson. K. Olafsson.<sup>357</sup>

Í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854 er skráð að við manntalsþing að Desjarmyri 10. júlí 1844 hafi verið þinglesin lögfesta frá Halldóri Gíslasyni, dagsett 23.

<sup>354</sup> Skjal nr. 2(570).

<sup>355</sup> Skjal nr. 2(571).

<sup>356</sup> Skjöl nr. 2(569) og 2(613).

<sup>357</sup> Skjal nr. 2(262).

maí 1772, fyrir Desjarmýrarkirkjueign með öllu Setbergslandi og með þar tilheyrandi afskrift úr sáttabók Borgarfjarðarhrepps, dagsettri 23. júlí 1842.<sup>358</sup>

Í yfirliti sr. Snorra Sæmundssonar, dagsettu 9. desember 1843, yfir eignir Desjarmýrarkirkju segir eftirfarandi:

1 Disjarmýri óþektur dýrleiki Á land til afréttar hálfan Skúmhattardal uppá vörp, þadan austur á hædsta Hnjuk á svoköllumdu Nattmálafjalli, þadan í beirmi línu í midt gjæsir vatn og gégnum það yfir viknaheidi í mótstandandi Fjallgard, þadan eptir vörpum á Þrándarhrigg, og eptir hönum í klett þann, sem stendst á við Folaldsgrov, þadan beinlínis nidur í Fjardará, eptir henni inn til þverár og þartil hún mætir Skúmhattardalsá sem ádur er á vikid. – Allt innan tédra takmarka er Disjarmýrar landareign, á hvörju standa 2 Hjábíli, hvorjum helgast eptir byggingu fyrir nærverandi tíð.<sup>359</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 var þinglesinn máldagi Gísla Jónssonar biskups frá 1575. Ekki kemur fram fyrir hvaða kirkju, en hugsanlega var það máldagi Desjarmýrarkirkju.<sup>360</sup>

Í prófastsvísitasíu Desjarmýrarkirkju frá 12. ágúst 1844 er getið ágreinings um Efri-Fitjar en fram kemur að málið hafi verið útkljáð með sáttasamningi.<sup>361</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Desjarmýri ekki metin að dýrleika en hún er skráð sem kirkjueign (beneficium). Í neðanmálgrein kemur fram að árin 1696 og 1804 hafi Desjarmýri verið talin 20 hundruð að dýrleika.<sup>362</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Desjarmýri:

Desjarmýri

með hiáleigunni Þrándarstöðum og sem talin er 4<sup>hndr</sup> og eydibylinu Setbergi, sem einnig hefir talid verid 4<sup>hndr</sup>. Túnin fódra 5 kyr útheyid með vetrarheit 110 ær 100 saudi 70 lömb og 6 hesta. Túnin mestöll ógreid eingi greitt, úthey í medallagi afgiafar; óhentugt kríngum tún til ræktunar; Medalærnyt á sumri 32 pottar; medalkyrnyt í mál á sumri hærst 6 merkur medalsaudur skérst med 13 pundum kvíær med 7-8 mörkum útbeit sæmileg þegar til hennar nær; lyng nóg í landinu, Kvistur Eingin; torfskéri sæmileg reidíngur notandi; griót nóg en fiærri, hellu má fá langt inni afrétt; vatni má veita á einstöku stöðum. Mótak sæmilegt og nóg; jörðin á afrétt fyrir siálfa sig og má taka á hana að auki 240 fjár; kyrkjan á rekaitök í Hafnar og Hofstrandar löndum; fiskivist að Ølduhamri að Hofströnd, tveggja manna ágang í hval á Kjólsvík, en önnur ítök kyrkjunnar eru sum farin sum afnotalaus og verða ekki metin; til siófaraflla má ná, þar í 1 mannelid, jörðin lánar kúagongu Jokulsár búendum; aurhlaup á eingjar og þær mjög blautar og heyskapur sumpart lángsóttar; eingjar liggja mjög fyrir gripaágöngu fremur enn annarstar. Til ad vinna fyrir gripunum sem jörðin ber og nota dálítið sióargós og þykir þurfa 7 karlmenn 7 kvenmenn og 2 smala. – Jörðin með báðum bylunum var vyrdt á 1050 (: eitt þúsund og fimtíu) rbd. Þess ber gétid ad eingin viss takmörk væru ámilli Desjarmýrar og Setbergs og ad þessi jörð hefdi optast verid í eydi.<sup>363</sup>

<sup>358</sup> Skjöl nr. 2(346) og 2(686).

<sup>359</sup> Skjal nr. 2(437).

<sup>360</sup> Skjal nr. 2(686).

<sup>361</sup> Skjal nr. 2(438).

<sup>362</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>363</sup> Skjal nr. 2(132).

Í prófstsvísitasíu frá 9. september 1852 kemur fram að Desjarmýrarkirkja hélt öllum sínum eignum og ítökum að frátöldum rekaítaki í Uxafallsfjöru, sauðabeit í Hafnar- og Snotruneslöndum, hrossagöngu á Bakkapýfum og mógröf í Jökulsárlandi.<sup>364</sup>

Í skýrslu um tekjur Desjarmýrarprestakalls, dagsettri 7. ágúst 1854, er lýst landi Desjarmýrar. Þar segir meðal annars að afréttarland sé dágott og nóg fyrir geldfé staðarins, áfast við heimaland. Þá er talað um hjáleigur, ítök og hlunnindi. Um hjáleiguna Setberg segir:

stendur í miðju landi prestssetursins og landamerki öllum ókunnug, nema hvað landsdrottinn hafa byggt kotið til slægna að vissum ummerkjum og þó sinn með hverju móti.<sup>365</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1855 var auglýst lögfesta, dagsett 2. júní 1855, fyrir jörðinni Húsavík og mótmælti umboðsmaður Skriðuklausturs henni hvað Innri-Álftavík snerti. Þá mótmælti einnig presturinn á Desjarmýri að því leyti sem snerti stefnulínuna af Húsavíkurheiðarvarpi í mitt Gæsavatn, því hún skæri horn af Desjarmýrarlandi þeim megin fjallseggja, þótt hann játaði að það land væri engri skepnu til nota.<sup>366</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Desjarmýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi er dagsett 17. maí 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 29. júní 1891. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki jarðarinnar Desjarmýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi eru þessi:

Að sunnanverðu til móts við Húsavík úr fjalli því, er „Náttmálafjall“ heitir beint á Húsavíkurheiðarvarp og eptir því eins og vötnum deilir, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn. Úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda „Hvítuhjúka“, og þaðan út öll vörp út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru- og Litlu-Breiðuvíkur og Borgarfjarðar. Þaðan skilur svonefndur „Þrándarhryggur“ land Desjarmýrar frá Brúnavík. Landamerki milli Desjarmýrar og Hofstrandar eru úr mið strípnum á svonefndum Grenishæðum, sjónhending ofan í miðja Folaldsgjót, og þaðan beint í Fjarðará.

Að norðanverðu ræður Fjarðará, allt þangað til Þverá fellur í hana, en úr því ræður Þverá, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá alla leið inn og suður í fjöll.

Kirkjan að Desjarmýri á samkvæmt máldögum Vilchins, Gísla, visitatiu Brynjólfs biskups Sveinssonar 1645 þessi ítök: Þriðjung í viðreka undir Uxafelli, allan viðreka í Hellisvík frá drang þeim, er stendur gegnt Rúnaskála, og inn til þess drangs, sem næstur út Laxá. Hvalreka hálfann í Hellisvík, og svo hvar sem kemur inn til drangs; viðreka allan og allan hvalreka í Mariubás. Saltfjöru í Geitavík milli lækja. Fiskivist að Ölduhamri, Sauðabeit út á sand. XXX Sauðabeit í Hafnarlandi og hellisskjól. Hálfan viðreka og hvalreka út á sandi. Hún á tveggja manna ágöngu á hval í Kjólsvík. Hún á 4. hverja vætt í hvalreka í Maríufjöru frá Laxá. Hún á allan viðreka og hálfan hvalreka út frá drang og inn til Kambs. Kirkjan á ennfremur 30 sauðabeit í Háukinn í Snotrunesslandi og tveggja hrossagöngu í Bakkapýfi og taka ei undan folöld. Hún á einnig 14 feta torfgröf í Jökulsárlandi árlega og 8. hverja vætt í hval í Uxafallsfjöru.

<sup>364</sup> Skjal nr. 2(439).

<sup>365</sup> Skjal nr. 2(581).

<sup>366</sup> Skjöl nr. 2(363) og 2(705).

Desjarmýri, 17. maí 1890.

Sem umráðamaður Desjarmýrarkirkju

Einar Vigfússon.

Framanskriðuð landamerki Desjarmýrar til móts við Húsavík og Stóru-Breiðuvík samþykki jeg

Dvergasteini 22. apríl 1890

Björn Þorláksson

Framanskriðuð landamerki milli Desjarmýrar og Litluvíkur samþykki jeg hjer með.

Vestdalseyri, 19. júní 1890

fyrir hönd Jóns Arnesens Sigurður Jónsson.

Framanskriðuð landamerki samþykki jeg sem eigandi Dallands.

Dallandi, 22. júní 1890.

Ólafur Kjartansson.

Framanskriðuð landamerki samþykki jeg hjer með

Dallandsparti, júní 23/6 90

Jón Björnsson

Þessi landamerki samþykkjast hjer með.

Hofströnd, 11. júlí 1890.

Guðlaug Sigfúsdóttir

Framangreind landamerki samþykki jeg sem eigandi Brúnavíkur.

Brúnavík, 25. júlí 1890.

Steinn Sigurðsson.

Þessi landamerkjaskrá samþykki jeg sem eigandi og umráðamaður Snotruness.

Snotrunesi, 11. júlí 1890

Ármann Egilsson.

Framanritaða ítakaskrá samþykki jeg

Geitavík, 26. júlí 1890.

Jóhannes Jónsson.

Framanskriðuð ítök samþykkjum við sem sameigendur Bakka.

Runólfur Þorsteinsson, Egill Árnason.

Þessa landamerkjaskrá samþykki jeg sem umráðamaður og eigandi Gilsárvalla.

p.t. Desjarmýri, 27. júlí 1890

Jón Stefánsson.

Fyrir hönd sóknarprestsins í Vallanesi, séra Bergs Jónssonar

Þorsteinn Magnússon eptir fullmakt.

Hjer með gef jeg herra hreppstjóra Þorsteini Magnússyni í Höfn fullmakt til fyrir mína hönd að undirskrifa ítakaskrá Desjarmýrar kirkju í Borgarfirði; hvað snertir hvalreka í Maríufjöru í Hafnarlandi á þann hátt sem til er tekið í Wilchinsmáldaga, þar sem svo er tiltekið að Desjarmýrarkirkja eigi fjórðu hverja vætt hvalreka í Maríufjöru, en aptur er sagt í visitatíu Brynjólfs biskups Sveinssonar að Desjarmýrarkirkja eigi 9<sup>du</sup> hverja

vætt í hvalreka í Mariufjöru, og ber þetta ekki saman við Wilchinsmáldaga, en með þessu er þó gefin viðurkenning um, að kirkjan eigi hvalreka í Mariufjöru.

Vallanesi, 25. júnímán. 1890

B. Jónsson.<sup>367</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 27. júlí 1890 segir að Desjarmýrarkirkja haldi öllum sínum eignum og ítökum. Þá segir að landamerkjaskrá hafi verið samin og samþykkt og biði þinglesturs á næsta manntalsþingi.<sup>368</sup>

Hinn 20. apríl 1899 sendi sr. Einar Jónsson í Kirkjubæ í Hróarstungu skýrslur um mat Desjarmýrar-, Valþjófsstaðar- og Hofsprestakalla. Sr. Einar gerði athugasemdir við skýrslu um Desjarmýri, meðal annars að Setberg hafi verið talin kirkjufjörð en í öðrum gögnum sé Setberg skráð sem hjáleiga.<sup>369</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Desjarmýri var metin á 3.800 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin hafi nægjanlegt upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Desjarmýrarkirkja.<sup>370</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Desjarmýrar, með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi, er dagsett 10. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 16. júlí 1923. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

jarðarinnar Desjarmýri með hjáleigunum Þrándarstöðum – og – Setbergi

Að sunnanverðu á Desjarmýri land til móts við Húsavík af Skúmhattardalsvarpi yfir Skúmhöttinn og eftir hæstu fjallaröðum út í fjall það, er Náttmálafjall heitir og úr Náttmálafjalli eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnúk.

Landamerki milli Desjarmýrar og Litluvíkur eru bein lína ofan úr Hvítserkshnúk í mitt fremra eða stærra Gæsavatn.

Landamerki milli Desjarmýrar og Breiðuvíkur eru bein lína úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhnúka í Gattfjall og þaðan út hæstu fjallaraðir út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru og Litlu Breiðuvíkur og Borgarfjarðar.

Landamerki milli Desjarmýrar og Brúnavíkur eru bein lína af Gagnheiði í efri enda á svonefndum Þrándarhrygg og eftir honum meðan hann nær og síðan beint úr honum í Miðstrýp á svonefndum Grenishæðum.

Landamerki milli Desjarmýrar og Hofstrandar eru úr Miðstrýp á Grenishæðum beint ofan í miðja Folaldsgjót að ofan og úr henni miðri að neðan beina línu í Fjarðará móts við landamerki Jökulsár og Bakkagerðis.

Að norðanverðu ræður Fjarðaráin – milli Desjarmýrar að sunnan og Jökulsár, Hvals og Gilsárvalla að norðan, frá merkivörðu, sem er á norðurbakka Fjarðarár utan Grjótár – alt þangað til Þverá fellur í hana; en úr því ræður Þverá milli Desjarmýrar að austan og sunnan og Gilsárvalla, Grundar og Hvannstöðs að norðan og vestan, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá milli Desjarmýrar að

<sup>367</sup> Skjal nr. 2(30).

<sup>368</sup> Skjal nr. 2(392).

<sup>369</sup> Skjal nr. 2(587).

<sup>370</sup> Skjal nr. 2(162).

sunnan og Gilsárvala að norðan – alla leið inn og suður í Skúmhattardalsbotn og beina línu þaðan upp á Skúmhattardalsvarp.

Kirkjan að Desjarmýri (nú prestssetrið Desjarmýri) á samkvæmt máldaga sínum frá 1354, endurrituðum 24. maí 1724, svo og máldögum Vilchins biskups frá 1397, Gísla biskups Jónssonar frá 1575 og vísitazíu Brynjólfs biskups Sveinssonar 1645 þessi ítök:

Priðjung í viðreka undir Uxafalli í Hafnarlandi.

Allan viðreka í Hellisvík (Hellisfjöru) í Hafnarlandi frá drang þeim er stendur gegnt Runuskála og inn til þess drangs er næstur er út frá Laxá.

Hvalreka hálfan í Hellisvík og svo hvar sem kemur inn til drangsins.

Viðreka allan og allan hvalreka í Mariúbás í Hofstrandarlandi.

Saltfjöru í Geitavík milli lækja.

Fiskivist að Ölduhamri og sauðfjárbeit út á Hofstrandarsand. 30 sauðabeit í Hafnarlandi og hellisskjól.

Hálfan hvalreka og viðreka út á Hofstrandarsandi norðan frá Jökulsárreka, þar sem Lómstjarnarkíll bugar beint að innan út að sandinum og austur að Gilsárvallareka, þar sem Hafnarhólmi hverfur undir Lághamarinn við sjávarmál.

Hún á tveggja manna ágöngu á hval í Kjólsvík.

Hún á fjórðu hverja vætt í hvalreka á Mariúfjöru frá Laxá í Hafnarlandi.

Hún á allan viðreka og hálfan hvalreka á Eyri út frá Drang og til Kambs.

Kirkjan á ennfremur 30 sauða beit í Háukinn í Snotrunesslandi og tveggja hrossa göngu í Bakkaþýfi og taka eigi undan folöld.

Hún á einnig 14 feta mógröf í Jökulsárlandi árlega og hún á 8. hverja vætt í hval á Uxafallsfjöru.

Desjarmýri 10. desember 1921

sem umráðamaður Desjarmýrar Vigfús I. Sigurðsson

Ofanritað ítak í jörðinni Snotrunesi samþykki við undirritaðir.

Snotrunesi 22. desember 1921

Halldór I. Ármannsson, Andrés B. Björnsson

Framanritað landamerki til móts við Húsavík samþykki við undirritaðir.

Húsavík 26. desember 1921

Árni J. Sigurðsson – eigandi Húsavíkur.

Björn Sveinsson – eigandi Dallandsparts.

Sveinn Pálsson – eigandi Dallands.

Elís Guðjónsson (ábúandi Hólshúsa)

Framanritað ítak í jörðinni Kjólsvík samþykki ég undirritaður

Kjólsvík 28. desember 1921

Guðmundur Magnússon eigandi Kjólsvíkur.

Framanritað landamerki milli Breiðuvíkur og Desjarmýrar samþykki eg undirritaður

Njarðvík 28. desember 1921

Fyrir hönd eiganda Stóru-Breiðuvíkur – Jóns Sveinssonar – Páll Sveinsson



Framanskráð landamerki milli Grundar og Desjarmýrar er eg undirskrifaður samþykkur

H. Ásgrímsson

Framanrituð landamerki milli Hvannstóðs og Desjarmýrar samþykki eg fyrir hönd Benedikts Jónassonar eiganda Hvannstóðs.

Bakkagerði 30. desember 1921

Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki milli Litlu-Breiðuvíkur og Desjarmýrar samþykki eg fyrir hönd Jóns F.C. Arnesens, eiganda Litlu-Breiðuvíkur

Bakkagerði 30. desember 1921

Jón Stefánsson

Framanrituðum landamerkjum milli Desjarmýrar og Gilsárvallda, erum við undirritaðir samþykkir.

Jón Stefánsson – Magnús Þorsteinsson eigendur Gilsárvallda

Að Desjarmýrarkirkja muni eiga rekaítak í Hellisfjöru viðurkenni eg undirritaður.

Magnús Þorsteinsson (eigandi að Höfn)

Framanrituð landamerki milli Brúnavíkur og Desjarmýrar samþykki eg undirritaður sem eigandi Brúnavíkur.

S. Filippusson

Framanritað ítak í Geitavíkurlandi samþykkjum við undirritaðir.

Jón Björnsson meðeigandi Geitavíkur

Sigurður Einarsson meðeigandi Geitavíkur

pr. Kaupfjellag Borgarfjarðar H. Ásgrímsson

Framanskráðum landamerkjum milli Desjarmýrar og Hvals er undirritaður samþykkur f.h. Þorsteins M. Jónssonar, H. Ásgrímsson

Framanrituð landamerki ásamt rekaítökum í Maríubás og á Hofstrandarsandi er eg undirritaður samþykkur

Sigfús Gíslason (eigandi Hofstrandar).

Framanritað ítak samþykkjum við undirritaðir umráðamenn Bakka.

pr. h/f Hinar samein. ísl. verzlani, Jón Stefánsson

Vigfús Í. Sigurðsson oddviti Borgarfjarðarhrepps.<sup>371</sup>

### 5.11.1 *Setberg í Borgarfirði*

Í biskupsvísitasíu Desjarmýrarkirkju frá 6. ágúst 1645 segir eftirfarandi um landamerkjavitnisburði og Setberg:

Skilur biskup, að landa Merckja Vittnessburder sieu tekner epter heffdarhallde og Sennder J Skalhollt. Kyrckjan aa Setberg, og Skumhattardal halffann að heffdarhallde<sup>372</sup>

<sup>371</sup> Skjal nr. 2(31).

<sup>372</sup> Skjal nr. 2(388).

Í biskupsvísitasíu um Desjarmýrarkirkju frá 3. ágúst 1748 segir að Setberg hafi lengi legið í eyði.<sup>373</sup>

Hinn 31. maí 1772 lögfesti sr. Halldór Gíslason Desjarmýri með landi Setbergs, hálfum Skúmhattardal, öllum Hrafnsdal og Mosdal auk ítaka Desjarmýrarkirkju. Lögfestan var upplesin við Desjarmýrarkirkju 30. maí 1773 og þinglesin þann 10. júlí 1844, en þar segir m.a.:

Eg Halldor p. Gislason, lögfesti hér i Dag Desjarmýrarkyrkiu Eign, med ollu Setbergs Landi, hálfann Skúmhattardal og svo sudr á Husavikurheidi, þar til Vötnum hallar, og allt útá Fossabrekkur fyrir utan Giæsarvötn, allan Mosdal, og allan Hrafnsdal og svo allt útá Þrándarhriegg, i þann Tind sem stendst á vid Folaldsgröf, og svo þversynis ofan i Fiardará, ogsvo allt hid nedra i Þverá, akra og Tödur, Eingiar og Skóga, holt og haga, Vötn og veidistadi, og allar Landsnytiar, þær er því Landi eigu ad fylgia og fylgt hafa, til ummerkia þeirra, er adrir Menn eiga i móti tedar kyrkiu Landeign. Fyrirbid eg héðan af hvöríum Manni i ad vinna edr sér ad nýta, til Skógarnáms, Grasatekiu, hagbeitar Gripagaungu, edur nokkurra annara afnota, nema mitt sé leyfi til.<sup>374</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 kemur fram að eyðihjáleigurnar Setberg og Þrándarstaðir hafi tilheyrt Desjarmýri.<sup>375</sup>

Í yfirliti sr. Snorra Sæmundssonar, dagsettu 9. desember 1843, yfir eignir Desjarmýrarkirkju er fjallað um Setberg. Þar segir eftirfarandi:

a Setberg. – gamalt Eidibýli med óþektum dýrleik, var byggt fyri innan 20 árum med 3 hndr. landskuld, án húsa og kúgýldis med um merkjum Efri Selshúsálækur og Mýrká ad nordan og sunnan. Fjallgardurin og Þverá ad vestan og austan, en Formadur minn setti landskuld 4 hndr. eptir svar (40 al) en bætti vid landid nordur ad Mariulæk til haga og slægna, hvört nú er byggt um sin med því eptirsvari. —<sup>376</sup>

Í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1842–1854 er skráð að við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 hafi verið þinglesin lögfesta frá Halldóri Gíslasyni, dagsett 23. maí 1772, fyrir Desjarmýrarkirkjueign með öllu Setbergslandi og með þar tilheyrandi afskrift úr sáttabók Borgarfjarðarhrepps, dagsettri 23. júlí 1842.<sup>377</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Setberg ekki metin sérstaklega en er skráð sem eign Desjarmýrarkirkju. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1804 hafi Setberg talist eyðihjáleiga Desjarmýrar en árið 1696 hafi Setberg verið metið á átta hundruð.<sup>378</sup>

Í skýrslu um tekjur Desjarmýrarprestakalls, dagsettri 7. ágúst 1854, er lýst landi Desjarmýrar. Þar segir meðal annars að afréttarland sé dagott og nóg fyrir geldfé staðarins, áfast við heimaland. Þá er talað um hjáleigur, ítök og hlunnindi. Um hjáleiguna Setberg segir:

<sup>373</sup> Skjal nr. 2(390).

<sup>374</sup> Skjal nr. 2(261).

<sup>375</sup> Skjal nr. 2(82).

<sup>376</sup> Skjal nr. 2(437).

<sup>377</sup> Skjal nr. 2(686).

<sup>378</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

stendur í miðju landi prestssetursins og landamerki öllum ókunnug, nema hvað landsdrottinn hafa byggt kotið til slægna að vissum ummerkjum og þó sinn með hverju móti.<sup>379</sup>

Í byggingarbréfi Ásmundar Ásmundssonar fyrir jörðinni Setbergi í Borgarfirði, dagsettu 2. apríl 1855 og útgefnu af Sigurði Gunnarssyni, segir eftirfarandi um landamerki:

Með þessu brefi byggi eg Ásmundi bonda Ásmundssyni hjáleigu Mýrastaðar Setberg í Borgarfirði 4 hndr. að dyrleika. Landamerki Setbergs tel eg Myrká að utan Þverá að neðan og innan og svo Krossá, en að ofan úr Hvítahnúk í Urðarhólavati og þaðan í fossinn í efri Selshúsálæk.<sup>380</sup>

Þá segir í bréfinu að jörðin eigi ókeypissáfrétt saman við Desjarmýri.<sup>381</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Desjarmýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi er dagsett 17. maí 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 29. júní 1891. Þar segir m.a.:

Landamerki jarðarinnar Desjarmýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi eru þessi:

Að sunnanverðu til móts við Húsavík úr fjalli því, er „Náttmálafjall“ heitir beint á Húsavíkurheiðarvarp og eptir því eins og vötnum deilir, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatni. Úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda „Hvítuhjúka“, og þaðan út öll vörp út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru- og Litlu-Breiðuvíkur og Borgarfjarðar. Þaðan skilur svonefndur „Þrándarhryggur“ land Desjarmýrar frá Brúnavík. Landamerki milli Desjarmýrar og Hofstrandar eru úr mið strípnum á svonefndum Grenishæðum, sjónhending ofan í miðja Folaldsgjót, og þaðan beint í Fjarðará.

Að norðanverðu ræður Fjarðará, allt þangað til Þverá fellur í hana, en úr því ræður Þverá, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá alla leið inn og suður í fjöll.<sup>382</sup>

Hinn 20. apríl 1899 sendi sr. Einar Jónsson í Kirkjubæ í Hróarstungu skýrslur um mat Desjarmýrar-, Valþjófsstaðar- og Hofsprestakalla. Sr. Einar gerði athugasemdir við skýrslu um Desjarmýri, meðal annars að Setberg hafi verið talin kirkjujörð en í öðrum gögnum sé Setberg skráð sem hjáleiga.<sup>383</sup>

Í virðingargjörð á kirkjuhjáleigunni Setbergi í Borgarfjarðarhreppi, dagsettri 15. júlí 1915, segir að jörðin sé fjögur hundruð að fornu mati. Einnig segir að hún liggja sunnan megin Borgarfjarðar, hér um bil mílu frá sjó. Landamerkjum er lýst þannig:

Ummerki jarðarinnar fynnast hjer hvergi skrásett, enn að sögn gamalla skilríkja ábúanda eru þau þannig:

Að austan ræður Mirká til Hvítuhnúka. Að sunnan ræður bein lína úr Hvítuhnúkum í bugðu á efri Selshúsálæk ofan við efra leiti, þá ræður lækur þessi inn í Krossá, svo Krossá að vestan og Þverá að norðan.<sup>384</sup>

<sup>379</sup> Skjal nr. 2(581).

<sup>380</sup> Skjal nr. 2(353).

<sup>381</sup> Skjal nr. 2(353).

<sup>382</sup> Skjal nr. 2(30). Landamerkjabréfið í heild er að finna í umfjöllun um Desjarmýri hér framar.

<sup>383</sup> Skjal nr. 2(587).

<sup>384</sup> Skjal nr. 2(532).

Að lokum var jörðin metin með því sem henni fylgdi á 600 kr.<sup>385</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Setberg hafi verið metin á 800 kr. Jörðin var þá búin að vera í eyði í nokkur ár, öll hús niðurrifin og jörðin sjálf ásamt kúgildum lögð undir Desjarmýri. Fram kemur að jörðinni fylgdi ekkert upprekstrarland. Eigandi hennar var Desjarmýrarkirkja. Um landamerki segir eftirfarandi:

Landamerki eru sögð þessi: „Að austan ræður „Myrka“ til Hvítuhnúku. Að sunnan ræður bein lína úr „Hvítuhnúkum“, í bugðu á Efra-Selhúslæk, ofan við Efra-Leiti þá ræður Selhúslækur inn í Krossa að vestan og Þverá að norðan.“<sup>386</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Desjarmýrar, með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi, er dagsett 10. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 16. júlí 1923. Þar segir m.a.:

Landamerki

jarðarinnar Desjarmýri með hjáleigunum Þrándarstöðum – og – Setbergi

Að sunnanverðu á Desjarmýri land til móts við Húsavík af Skúmhattardalsvarpi yfir Skúmhöttinn og eftir hæstu fjallaröðum út í fjall það, er Náttmálafjall heitir og úr Náttmálafjalli eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnúk.

Landamerki milli Desjarmýrar og Litluvíkur eru bein lína ofan úr Hvítserkshnúk í mitt fremra eða stærra Gæsavatn.

Landamerki milli Desjarmýrar og Breiðuvíkur eru bein lína úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhnúka í Gatfjall og þaðan út hæstu fjallaraðir út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru og Litlu Breiðuvíkur og Borgarfjarðar.

Landamerki milli Desjarmýrar og Brúnavíkur eru bein lína af Gagnheiði í efri enda á svonefndum Þrándarhrygg og eftir honum meðan hann nær og síðan beint úr honum í Miðstrýp á svonefndum Grenishæðum.

Landamerki milli Desjarmýrar og Hofstrandar eru úr Miðstrýp á Grenishæðum beint ofan í miðja Fólaldsgjót að ofan og úr henni miðri að neðan beina línu í Fjarðará móts við landamerki Jökulsár og Bakkagerðis.

Að norðanverðu ræður Fjarðaráin – milli Desjarmýrar að sunnan og Jökulsár, Hvals og Gilsárvalla að norðan, frá merkivörðu, sem er á norðurbakka Fjarðarár utan Grjótár – alt þangað til Þverá fellur í hana; en úr því ræður Þverá milli Desjarmýrar að austan og sunnan og Gilsárvalla, Grundar og Hvannstöðs að norðan og vestan, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá milli Desjarmýrar að sunnan og Gilsárvalla að norðan – alla leið inn og suður í Skúmhattardalsbotn og beina línu þaðan upp á Skúmhattardalsvarp.<sup>387</sup>

## 5.12 Brúnavík í Víkum

Hinn 27. maí 1659 ritaði sr. Hávarður Sigurðsson bréf til Brynjólfs biskups Sveinssonar um jörðina Brúnavík. Í bréfinu segir meðal annars að Brúnavík hafi verið 16 hundruð að dýrleika og að hún ætti allt land ítölulaust innan víkur.<sup>388</sup>

<sup>385</sup> Skjal nr. 2(533).

<sup>386</sup> Skjal nr. 2(163).

<sup>387</sup> Skjal nr. 2(31). Landamerkjabréfið í heild er að finna í umfjöllun um Desjarmýri hér framar.

<sup>388</sup> Skjal nr. 4(109).

Í skýrslu sr. Þorsteins Jónssonar á Eiðum yfir kúgildi og inntektir á jörðum biskups, þ.e. Brynjólfs Sveinssonar, í Borgarfirði og Seyðisfirði 1672–1673 segir eftirfarandi um jörðina Brúnavík:

Brúnavík á allt sitt land ítölulaust fram á Þrándarhrigg og upp á hædstu fiöll á bádar síður þar til vötnum hallar. Reka allan fyrir sínu landi ítölulausan, í midian Ædasand fyrir Ædaskeri, á móts við Hvalvík að austan. en að nordan í almennings fiöru.<sup>389</sup>

Í jarðabók 1693–1697 kemur fram að sýslumaðurinn í Árneshöfði, Vigfús Hannesson, eigi jarðirnar Brúnavík, Hólaland, Hvalvík, Kjólsvík og Breiðavík.<sup>390</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Brúnavíkur metinn 16 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Árni Þorsteinsson prestur.<sup>391</sup>

Hinn 24. október 1811 lögfesti sr. Árni Þorsteinsson land og reka jarðarinnar Brúnavíkur ásamt Hvalvík. Texti lögfestunnar er svohljóðandi:

Her með Lögfeste eg underskrifadur Landeign og Reka Eignar-Jardar minnar Brúnavíkur við Borgarfjörð, sem er 10 hndr. að dýrleika, ásamt þar meðfylgjande Hvalvíkur 4 hndr., innann eftir fylgjande Reka og Landamerkia; Nefnelega úr Fiallskerdingu utann til á Almennings-Fialle, og í midia Fles, og svo meðframm Síó, allt í Gusugil, fyrir nordan Glettinganess, síðann eftir Eggjum sem hallar á Þrándar Hrigg, enn þaðann í Glettings-Koll allt í kring. – Fyrirbyd eg hvörum manne, að nota ser edur bruka – an mins leyfis – tédrar Brúnavíkur Landeign edur reka, innann tiltekkinna ummerkia, til skips uppsáturs, triavidar töku, Selaveidar, hvalreka afnota, beitar, slægna, edur grasatekiu, edur Nockurs þess, sem Landsnytiar edur Fiörugiaede Nefnast Kunna, allt under Frekustu Sektir; sem Lög áskilia – Stendur þesse min Lögfesta í fullu gilde nærstu 12 mánudi, [og] frammeigis Leingur, verde henne ecke að Lögum hneckt.

Til merkis mitt Nafn að Kyrkiubæ þann 24<sup>da</sup> octobr 1811

Arne Thorsteinsson<sup>392</sup>

Hinn 26. mars 1842 lögfesti sr. Stefán Árnason land jarðarinnar Brúnavíkur með afbýlinu Hvalvík. Texti lögfestunnar er svohljóðandi:

Sem Umbodsmadur Jarðarinnar Brúnavíkur ved Borgarfjörð, Lögfeste eg <sup>Underskrifadur</sup> hermed tedrar Jarðar Brunavíkur ásamt ~~asamt~~ sínu meðfylgjande afbýli Hvalvíkur Landeign og Rekaplats innan epterfylgjandi Reka- og Landamerkia nl. að Sunnanverdu frá Gusugili fyrir nordan Glettinganes, uppa Glettings-Koll, síðan <sup>epter sem votnum hallar til vikurinnar</sup> epter fjallaeggjum – og vörpum á Þrándarhrigg, ~~þaðan~~ fyrir víkur botninn, og ut Fialla-Eggjar og vörp úti Jadarinn edur Rödina, a því svokallada Almennings-Fjalli, og <sup>svo rétta</sup> Stefni-Linu epter henni ofaní Sjó; og reka allann edur Rekaplats með Síó, ~~með þe~~ frá þessum ummerkjum að nordanverdu, og allt um kring vikurnar – Brunavik og Hvalvik – sudur að Gusugili. – Er þessi min Lögfesta byggd á 30 ára gamalli Lögfestu, er eg í höndum hefi, og serilagi á Besigtelses Lovrettingu þeirre sem epter Amts-orden frá 15<sup>da</sup> Apr 1786, gjord var þann 23<sup>ia</sup> Juni f.á af Sýslumanni Sál. Jóni Sveinssyni, yfir Jordina Brunavik ásamt abýlinu Hvalvík; Fyrirbyd eg hvörjum Manni að nóta ser edur brúka – an mins edur Egandans Leyfis ~~Jfr. Þordýsar Systur minnar~~ – tedrar Brúnavíkur Landeign edur Reka, innann tiltekkinna ummerkja, til Skips uppsáturs, trjávidar tekju Selaveidar, hvalreka-afnota, beitar, slægna, grasatekju, edur nokkurs þess, sem

<sup>389</sup> Skjal nr. 2(286).

<sup>390</sup> Skjal nr. 13(3).

<sup>391</sup> Skjal nr. 2(79).

<sup>392</sup> Skjal nr. 4(106).

Landsnytjar edur Fjörugjædi nefnast kunna, allt undir frekustu Sektir sem utgefin og hereptir útgefandi Lög áskilja. – Stendur þessi mín Lögfesta í fullu gyldi í nærstu 12 mánuði frá því hun er Löglega Auglyst, og framveigis, allt svo leingi, sem ei ad Lögum hnekkkt verður.

Valþjófstad þann 26<sup>ta</sup> Martz 1842.

St. Arnason<sup>393</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842 var þinglesin lögfesta fyrir jörðinni Brúnavík.<sup>394</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Brúnavík metin 16 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaæign.<sup>395</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Brúnavík:

Brúnavík

med eydibylinu Hvalvík, túnid fóðrar 3½ kyr, útheyid med fiöru og landbeit 70 ær 100 saudi 50 lömb 4 hesta; tún ógreitt og grýtt, eingi greitt enn grýtt; hey í medallagi afgiafar hentugt kríngum tún til ræktunar; ærnyt á sumri 40 pottar, kynyt á sumri 60 merkur hærst; sauidr skérast med 14 pundum til jafnadar kvíær med 4 pundum; nokkud lyng er i landinu, kvistur ekki; griót nóg hnöttótt, hella nóg en fiærri uppí fialli; vatni má veita á tún; motak er til en lítt neytandi, útbeit vid sjó all góð og eins á landi þegar til hennar nær; jörðin á afrétt fyrir heimafé og 200 fjár ad auki. – Reki heldur uppí húsum allt að bordvid; sjáfargagn svari alltad 2 mannelum; kópar má ná herumbil 3 á ári, torfskéra næstum ónyt; reidíngur eingin; griphættur miklar á landi og vid sió; aurhlaup og skridur mjög vída, eingiar sumar fiærri; bæarstædi mjög vondt, þokur eru þar miklar og óþurkar sem alla [fúga...] og skémdum á heyi; hæfilegt folkshald vyrdist vera 5 karlmenn 4 kvennmenn og 1 smali. Jörðin med eydibylinu var vyrdt á 700 (siö hundrud.) rbd.<sup>396</sup>

Í ódagsettu bréfi, líklega frá um 1855 og ritað af Benóný Guðlaugssyni, er óskað eftir því að börn bréfitara fái að vera á Glettingsnesi með sömu kjörum og hann, hvort sem hann lifi eða deyi. Þá segir um þrætuland að það þurfi að leggjast til Glettingsness því annars sé ólifandi þar og að munur hafi verið þegar Björn Björnsson hafi verið í Brúnavík því þá hafi bréfitari mátt hafa þau afnot af Hvalvík sem hann gat haft.<sup>397</sup>

Hinn 6. apríl 1855 vitnaði Magnús Jónsson á Glettingsnesi um landamerki Hvalvíkur og Glettingsness. Í vitnisburði hans er lýst mælingu sem framkvæmd var með vaturpassa en vitnisburðurinn hljóðar svo:

Ég fór á sjó norður á skjer það fram-undann sem liggur framundann svo nefndu gusugili, eður glettjngs gjá, og tókumm við mæljngu eptir watur <sup>passa</sup>, frá sjómáli beina stefnu uppí mel þann, er liggur í brúninni fyrir ofann tjéða gjá að norðann verðu, og svo þaðann beina stefnu norðann við tind þann, er stendur á há fjalsbruninni, hvalvíkur meiginn.<sup>398</sup>

<sup>393</sup> Skjal nr. 4(107).

<sup>394</sup> Skjal nr. 2(699).

<sup>395</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>396</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>397</sup> Skjal nr. 2(620).

<sup>398</sup> Skjal nr. 2(623).

Sama vitnaði E. Einarsson á Þrándarstöðum með vitnisburði dagsettum 6. apríl 1855.<sup>399</sup>

Í skjalasafni Skriðuklausturs er ódagsettur uppdráttur af svæðinu milli Brúnavíkur og Glettingsness, líklega frá 1855, en þar má meðal annars sjá þrætuland milli jarðanna. Uppdrátturinn var gerður af Benóný Guðlaugssyni en á honum koma fyrir örnefni Kjólsvíkurá, Kjólsvíkursandur, Fálkatindur, Glettingskollur syðri, Glettingskollur nyrðri, Nónfjall, Súlutindur, Geldingaskörð, Eiturtindur og Bæjartindur. Þrætulandið er afmarkað með línunum og markað við ákveðin örnefni, einkum Glettingskoll syðri, Glettingskoll nyrðri og Gusugil eða Gusugilstanga.<sup>400</sup> Annar uppdráttur gerður af Benóný er varðveittur í sama skjalasafni, dagsettur 5. júlí 1855. Á hann hafa Einar Einarsson, Egill Árnason og Björn Björnsson ritað nöfn sín til að staðfesta að uppdrátturinn sé réttur. Efst á honum er færður inn texti til skýringa, s.s. á afmörkun og mælingaraðferðum. Neðst eru svipaðar skýringar um ýmis örnefni en einkum um mælingu á svæðinu. Þá er á miðjum uppdrættinum gerð grein fyrir staðsetningu ýmissa örnefna og þeim gerð nánari skil. Texti sem skráður er milli örnefnanna „Hvalbás“ og „Löngumalar“ segir að þar séu landamerki Kjólsvíkur og Glettingsness. Um þrætulandið segir eftirfarandi:

[Texti ofan við afmörkun þrætulands] Þrætuland þetta er hier stendur i efre hlu'a glettings fialls þessa, uppifir nesi þessu; er a hæd ofann af kolls brun og á upgaungu 400 hundrud fadmar, en á breidd, eitt hundrad og 70 fadmar. glettings gjá; eda nu kölluð gusu gils gja, er a hæd eda leing<sup>d</sup> ofan fra upptökumm gils eda gjáar, 3 hundrud fad<sup>m</sup>ar, enn breidd hennar firir stafninn, 100<sup>g</sup> 3 fadmar. ofan i stafn hennar a dipt eru 100 fadmar og litid gr[e]inir þa ofan eptir færirst

[Texti innan afmörkunar þrætulandsins] A. hier er glettings kollurinn sem þetta þrætustikki liggur austann i, hier i hvollfinu eda efre hluta glettings Fiallsins; þessum landsblett sinist ad vil<sup>a</sup> kalla til nessinns þa stadder hia kofanum) glétting<sup>b</sup>úninn hvalvíkur meiginn er so mikid hærrí enn hammra rødinn eda bruninn uppifir glettings nesi [hin ...] lægre mikid, sem sia ma, þar sem tølustafirnir 1234 standa firir ofann línu<sup>n</sup>ar) líka er það ad sia þa menn horfa til af sio og so líka af landi) ad þræt<sup>l</sup>landi þessu þa vel er ad giætt hallar ad glettings gja þerri er liggur aust an undir hvalvík er nær Fra tøluni 4<sup>o</sup> og 5 allt ofann i sio nidur ad tølustafnum 4ir nefnilega Fra

[...]

Þessi strik sina hvørt þess landi hallar sem eru vatns rasir eptir hrida<sup>f</sup> a sumrumm

hier er sliett lendid a flaa þessum

tølustafurinn 3 stendur uppifir uppgaunguklauf þeirri<sup>d</sup> er Skuli biörnso<sup>n</sup> vill hafa landamerki sin og ætlast til ad það skulu gia vera köllud stafurinn B er stendur i uppgaungu klauf þessari hun er a hæd 203 fadmar en a breidd 15 fadmar

Þetta land er uppdreigid 1855

1234 Framan a þessari rød eda hamrabrun stendur þessi kofi (1 golf a stærð) hann siest ecki fra glettinganesi

3 hier er grasklauf su er Skuli vill [eyga]<sup>401</sup>

<sup>399</sup> Skjal nr. 2(624).

<sup>400</sup> Skjal nr. 2(621). Mynd af uppdrættinum er aftast í kafla 5.13.

<sup>401</sup> Skjal nr. 2(622). Mynd af uppdrættinum er aftast í kafla 5.13.

Á uppdráttinn er skráður inn texti varðandi afstöðu Hvalvíkur. Þar segir meðal annars:

[Texti efst, í kringum Súlutind] hier endar glettinganes

nonfiall

Þettað heitir sulutindur er stendur firir hvalvíkur stafninum

[...]

[Ritað á hlið] hier er glettingsbrunn<sup>inn</sup> hvalvýkur meiginn

[Ritað á hlið] þettað hallast ad hvalvík

hvalvík á, allt sitt land fialla tinda i milli austur j glettings gja, seigir Brini<sup>lfur</sup> biskup, i tuttugustu brefa Bok sinni 16 h. 72 1673<sup>402</sup>

E. Einarsson á Þrándarstöðum skrifaði vitnisburð 9. febrúar 1856 um þrætulandið utan í fjallinu yfir Glettingsnesi og lýsti því þannig:

Þar eð Benóný Guðlaugsson biður mig um alit mitt skriflegt um það, hvorjum mér vírdist til heira það þrætuland það, er liggur utan í fjallinu uppyfir Glettingsnesi, fyrir austan hvalvík, og Brúnavíkur á búandi Sk: B: S: vill að henni til heiri ásamt með reka fjöru sem liggur niður undan austari brún á téðu þrætu landi, þeim megin sem veit að glettingsnesi. Þá læt<sup>gef</sup> ég undir skrifaður alit mitt þanninn. að mér vírdist allur efri partur lands þessa horfa að nesinu hér um 2 þriðju partar rumir, enn einn part<sup>inn</sup> þess sem er sá neðsti og norðasti, sínist mér muni liggja að því stóra hamragíli eða gja er hefur sín upptök í miðjufjalli þessu, sem skírsla fjrir Hvalvík vísar að séu landamerki.<sup>403</sup>

Að ósk Benónýs Guðlaugssonar á Glettingsnesi skoðuðu Bjarni Jónsson á Breiðuvík og Guðmundur Eiríksson á Kjósavík land sem liggur upp af Glettingsnesi og sem Skúli Björnsson á Brúnavík vildi að tilheyrði Hvalvík. Vitnisburður Bjarna og Guðmundar, dagsettur 5. mars 1856, um skoðun sína hljóðar svo:

bóndinn Benóný Guðlaugsson á Glettings nesi, hefur beðið okkur undirskrifaða að fjirlita Land það er Liggur upp af Glettingsnesi, utan i fiallinu, er bóndinn Skúli Björnsson a Brúnavík, Vill að heiri til Hvalvíkur Lands, okkur Sínist að Efri og meiri partur Lands þessa lúti að nesinu, jafn Vel þó Vatns Rásirnar Liggi að So nefndu gusugilili, Enn neðri og minni hluti Lands þessa Snúi til Síóar, og Liggur að nokkruleiti fjrir norðann Stefnu af niður landi nessins, So nefndur gusugils Sandur Liggur fjrir Sunnann firr nefnt gusugil þar sem það kémur að Sjónum<sup>404</sup>

Hinn 9. mars 1856 vitnuðu Bjarni Jónsson og Guðmundur Eiríksson um mælingu sem framkvæmd var á landamerkjum Glettingsness og Hvalvíkur. Þeir sögðust hafa á vissum stað á klöppinni fyrir austan Gusugilssand borið upp þráð með lóðs þannig að hann vísaði beina stefnu úr Gusugilsþröng við sjóinn og á Hádegistind, sunnan Hvalvíkur. Að þeirra sögn var mælingin gerð að ósk Benónýs Guðlaugssonar á Glettingsnesi.<sup>405</sup>

<sup>402</sup> Skjal nr. 2(622).

<sup>403</sup> Skjal nr. 2(625).

<sup>404</sup> Skjal nr. 2(626).

<sup>405</sup> Skjal nr. 2(627).



Hinn 29. mars 1856 vitnaði Björn Björnsson á Bóndastöðum um landa- og rekamörk Glettingsness og Hvalvíkur. Fram kemur að Hvalvík hafi verið afbýli tilheyrandi jörðinni Brúnavík en vitnisburður Björns hljóðar svo:

Þegar Eg firir 27 árumm fluttist í borgarfjörð þá hafði Hiorleifur Sál Arnason verandi a Snotrunesi nefndt glettingsnes til allra nota og Efftirgialds og hafði haft það umm í mörg ár átölulaust í allastaði úr gusugilsgjá Sem Er á milli Hvalvíkur og Glettingsness. og að Sunnann á moti Kiólsvíkur Eigendumm í Klöppina Sunnann við laungumöl og úr báduumm þessum örnefnumm að nedann og á tinda upp, næstur Hiörleifi Sál tók það til biggingar og Sömu nota Jón Sal Einarss. umm 5 ar hann var þá bóndi á litlúvík. Efftir hann fekk þessa Sömu klaustursins Eign til bigíngar Proprietarius Hallgrímur Olafsson á Húsavík umm 5 ár og honumm næstur fekk Benóní Gudlaugsson Nesid til allra leigulida afnota og hafði hann þá í fullu leifi Hallgríms algjörlega flutt þángað bigd Sína og hefur Sídan búid þar umm næstl. 15 ár,

Jón nokkur Petursson Sem var í Brúnavík ifir í 50 ár first Sem vinnumadur og Sidann firir búi þar, og Seinast skiólstædingur og deidi þar áttædur arid 1843. Einar Sál Biarnarson Sem næstur á undan mér bió á Brúnavýk og var þar lidug 30 ár og jeg Sem þar dvaldi Sem búfastur í 11<sup>æ</sup> við höfduumm aldrey neina vidleitni til (þvj vid visumum Ekki nokkura stædu) að vefeingia hid minsta lands Edur rekamörk millum Hvalvíkur og glettingsness þar Einginn tvjmæli léku á að þaug Ekki væru í allastaði Rett

jeg hefi Séð og lesið 2<sup>æ</sup> lögfestur firir Brúnavík aðra af 1840 og hina dáterada nálægt næstl. aldamótumm og þessar lögfestur öldungis Samhljóða og bigðar á Besictelsisforrettingu giörðri nálægt miðri 18<sup>du</sup> öld og í alla stadi mun vera lögformleg uppá þá tidkanlegann hátt þvj þá var Brúnavýk Sett niður umm 4 hndr. Efftir úrskurði við komandi ifirvalda vegna Serlegra landbrota Sem á Jörduinni skédu<sup>406</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 11. apríl 1850, 11. júlí 1851, 28. maí 1852, 13. júlí 1853, 8. júlí 1854, 4. júní 1855 og 31. maí 1856 var lýst friðhelgi á Hafnarhólma, er lá undir Njarðvík, Æðarskeri sem tilheyrði Brúnavík og Vogaskeri og Krústapa sem heyrðu undir Húsavík. Á síðastnefnda þinginu var einnig friðlýst nótalögum út af Kerlingarfjöru fyrir Bakkalandi. Þá var friðhelgi lýst á æðarvarpsplássum í Hafnarhólma og Æðarskeri við manntalsþing að Dvergasteini 23. júní 1855 og sama var gert við manntalsþing að Desjarmýri 26. júní 1861.<sup>407</sup>

Hinn 11. júlí 1856 skrifaði Pétur Havsteen amtmaður til umboðsmanns Skriðuklausturs, Björns Skúlasonar, vegna landaþrætu milli Glettingsness og Brúnavíkur. Meðfylgjandi voru 10 skjöl frá Benóný Guðlaugssyni, þar á meðal tveir uppdrættir yfir land Glettingsness.<sup>408</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Brúnavíkur er dagsett 3. júlí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþingsrétt að Desjarmýri 4. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Brúnavíkur að innan, eru af Gagnheiði ofan Þrándarhrygg, þaðan út á Svartafell og svo út allar fjallaraðir eptir því sem vötn falla til Víkurinnar og svo út Almenningsröð í mitt Flesjarsund. Og svo að sunnan af Gagnheiði og út fjallaraðir í Æðarsker. Hvalvík á allt sitt land ítölulaust fjallatinda á milli austur í Glettingsgjá. –

Reka norður í Æðarsker, en að austan í vog niður undan Glettingsbrún.

<sup>406</sup> Skjal nr. 2(628).

<sup>407</sup> Skjöl nr. 2(682) og 2(700)–2(707).

<sup>408</sup> Skjal nr. 2(629).

Brúnavík, 3. júlí 1884.

Steinn Sigurðsson.

Samþykkir þessum landamerkjum eru:

Þorsteinn Magnússon í Höfn.

Magnús Benóníson á Glettingsnesi.

Guðni Stefánsson í Kjólsvík.

Einar Sigfússon í Breiðuvík.

Páll Geirmundsson í Breiðuvík

Gísli Benediktsson á Hofströnd

Snjólfur Sveinsson á Þrándarstöðum.<sup>409</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Brúnavík var metin á 5.600 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin hafi gott upprekstrarland og hrossabeit í Hvalvík. Eigendur jarðarinnar voru Stefán og Sigurður Filippussynir.<sup>410</sup>

Landamerkjaskrá jarðanna Hvalvíkur og Brúnavíkur er dagsett 25. janúar 1922 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svo-  
hljóðandi:

Landamerkjabref.

Landamerki Brúnavíkur og Hvalvíkur sem er sameign, eru þessi:

Að sunnan úr næsta vog sunnan við Gusugilsfjöru, í Glettingsbrún, utan við Glettingsgrjót. Þaðan eftir röðum á Glettingskoll. Svo eftir hæstu fjallaröðum á Súlutind. Og svo eftir fjallsröð á Gagnheiði, þaðan norður Þrándarhrygg í miðtind strýp á Grenishæðum. Þaðan út fjallsraðir eftir því sem vötn falla til víkurinnar á Stekkhvammsfell; þaðan austur Almenningsröð og í mitt Almenningsflesjarsund.

Brúnavík 25. janúar 1922

S. Filippusson eigandi

Eigendi Hofstrandar: Sigfús Gíslason

Magnús Þorsteinsson eigandi að Höfn

Guðmundur Magnússon eigandi Kjólsvíkur

Vigfús I. Sigurðsson prestur á Desjarmýri.

Fyrir hönd eiganda Breiðuvíkur Bjarni Sveinsson

Undirskrift vantar frá forsvarsmanni Glettingsness

Bjargi 31. janúar 1922.

Hannes Sigurðsson<sup>411</sup>

---

<sup>409</sup> Skjal nr. 2(36).

<sup>410</sup> Skjal nr. 2(167).

<sup>411</sup> Skjal nr. 2(37).

Einnig er vísað sameiginlega til Brúnavíkur og Hvalvíkur í landamerkjaskrá jarðarinnar Kjólsvíkur sem er dagsett 31. janúar 1922 og var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922, en þar segir:

Á milli Kjólsvíkur og Brúnavíkur (Hvalvíkur) úr Súlutindi út hæstu fjallaraðir á Glettingskoll þar sem hann er hæstur.<sup>412</sup>

### 5.13 Hvalvík í Víkum

Hinn 7. apríl 1670 skrifaði Brynjólfur biskups Sveinsson til Gísla Finnssonar um kaup á hálfri jörðinni Hvalvík. Brynjólfur biskup bauð á móti þrjú hundruð í jörðinni Mýnesi.<sup>413</sup>

Í skýrslu sr. Þorsteins Jónssonar á Eiðum yfir kúgildi og inntektir á jörðum biskups, þ.e. Brynjólfs Sveinssonar, í Borgarfirði og Seyðisfirði 1672–1673 segir eftirfarandi um Hvalvík:

Hvalvík á allt sitt land ítölulaust fiallatinda á milli austr á Glettingsgiá. Reka nordur í Ædasker. Ad austan í vog nidur undan Glettingsbrún.<sup>414</sup>

Sama lýsing kemur fram í tuttugustu bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, fyrir árin 1672 og 1673, samkvæmt afriti sr. Jóns Austfjörð frá 1846.<sup>415</sup>

Í jarðabók 1693–1697 kemur fram að sýslumaðurinn í Árnesþingi, Vigfús Hannesson, eigi jarðirnar Brúnavík, Hólaland, Hvalvík, Kjólsvík og Breiðavík.<sup>416</sup>

Í umfjöllun um Stóru-Breiðuvík í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 segir að eyðijarðirnar Kjólsvík og Hvalvík hafi verið nýttar sem beitiland.<sup>417</sup>

Hinn 24. október 1811 lögfesti sr. Árni Þorsteinsson land og reka jarðarinnar Brúnavíkur ásamt Hvalvík. Texti lögfestunnar er svohljóðandi:

Her med Lögfeste eg underskrifadur Landeign og Reka Eignar-Jardar minnar Brúnavíkur vid Borgarfiórd, sem er 10 hndr. ad dyrleika, ásamt þar medfylgiande Hvalvíkur 4 hndr., innann eptir fylgiande Reka og Landamerkia; Nefnelega úr Fiallskerdingu utann til á Almennings-Fialle, og í midia Fles, og svo medframm Sió, allt í Gusugil, fyrir nordann Glettinganess, sidann eptir Eggium sem hallar á Þrándar Hrigg, enn þadann í Glettings-Koll allt í kríng. – Fyrirbyd eg hvöríum manne, ad nota ser edur bruka – an mins leyfis – tédrar Brúnavíkur Landeign edur reka, innann tiltekinna ummerkia, til skips uppsáturs, triavidar töku, Selaveidar, hvalreka afnota, beitar, slægna, edur grasatekiu, edur Nockurs þess, sem Landsnytiar edur Fiörugiæde Nefnast Kunna, allt under Frekustu Sektir; sem Lög áskilia – Stendur þesse min Lögfesta í fullu gilde nærstu 12 mánudi, [og] frammveigis Leingur, verde henne ecke ad Lögum hneckt.

Til merkis mitt Nafn ad Kyrkiubæ þann 24<sup>da</sup> octobr 1811

Arne Thorsteinsson<sup>418</sup>

<sup>412</sup> Skjal nr. 2(39).

<sup>413</sup> Skjal nr. 4(110).

<sup>414</sup> Skjal nr. 2(286).

<sup>415</sup> Skjal nr. 2(619).

<sup>416</sup> Skjal nr. 13(3).

<sup>417</sup> Skjal nr. 2(78).

<sup>418</sup> Skjal nr. 4(106).

Hinn 26. mars 1842 lögfesti sr. Stefán Árnason land jarðarinnar Brúnavíkur með afbýlinu Hvalvík. Texti lögfestunnar er svohljóðandi:

Sem Umbodsmadur Jarðarinnar Brúnavíkur ved Borgarfjord, Lögfeste eg <sup>Underskrifadur</sup> hermed tedrar Jarðar Brunavíkur asamt ~~asamt~~ sinu medfylgjande afbyli Hvalvikur Landeign og Rekaplats innan epterfylgjandi Reka- og Landamerkia nl. ad Sunnanverdu frá Gusuguli fyrir nordan Glettinganes, uppa Glettings-Koll, síðan <sup>epter sem votnum hallar til vikurinnar</sup> epter fjallaeggjum – og vörpum á Þrandarhrigg, þáðan fyrir vikur botninn, og ut Fialla-Eggjar og vörp úti Jadarinn edur Röðina, a því svokallada Almennings-Fjalli, og <sup>svo rétta</sup> Stefni-Linu epter henni ofaní Sjó; og reka allann edur Rekaplats med Sió, ~~med þe~~ frá þessum ummerkjum ad nordanverdu, og allt um kring vikurnar – Brunavik og Hvalvik – sudur ad Gusugili. – Er þessi min Lögfesta byggd á 30 ára gamalli Lögfestu, er eg í höndum hefi, og serilagi á Besigtelses Lovrettingu þeirre sem epter Amts-orden frá 15<sup>da</sup> Apr 1786, gjord var þann 23<sup>ia</sup> Juni f.á af Syslumanni Sál. Jóni Sveinssyni, yfir Jordina Brunavik ásamt abýlinu Hvalvík; Fyrirbyd eg hvörjum Manni ad nóta ser edur brúka – an míns edur Egandans Leyfis Jfr. Þordysar Systur minnar – tedrar Brúnavíkur Landeign edur Reka, innann tiltekinna ummerkja, til Skips uppsáturs, trjávidar tekju Selaveidar, hvalreka-afnota, beítar, slægna, grasatekju, edur nokkurs þess, sem Landsnytjar edur Fjörugjædi nefnast kunna, allt undir frekustu Sektir sem utgefin og hereptir útgefandi Lög áskilja. – Stendur þessi mín Lögfesta í fullu gyldi í nærstu 12 mánudi frá því hun er Löglega Auglyst, og framveigis, allt svo leingi, sem ei ad Lögum hnekkst verður.

Valþjófstad þann 26<sup>ta</sup> Martz 1842.

St. Arnason<sup>419</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842 var þinglesin lögfesta fyrir jörðinni Brúnavík.<sup>420</sup>

Í neðanmálgrein í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er vísað til þess að Hvalvík sé bændaeign sem sé í eyði.<sup>421</sup>

Í ódagsettu bréfi, líklega frá um 1855 og ritað af Benóný Guðlaugssyni, er óskað eftir því að börn bréfrítara fái að vera á Glettingsnesi með sömu kjörum og hann, hvort sem hann lifi eða deyi. Þá segir um þrætuland að það þurfi að leggjast til Glettingsness því annars sé ólifandi þar og að munur hafi verið þegar Björn Björnsson hafi verið í Brúnavík því þá hafi bréfrítari mátt hafa þau afnot af Hvalvík sem hann gat haft.<sup>422</sup>

Hinn 6. apríl 1855 vitnaði Magnús Jónsson á Glettingsnesi um landamerki Hvalvíkur og Glettingsness. Í vitnisburði hans er lýst mælingu sem framkvæmd var með vaturpassa en vitnisburðurinn hljóðar svo:

Ég fór á sjó norður á skjer það fram undann sem liggur framundann svo nefndu gusugili, edur glettjngs gjá, og tókumm við mæljngu eptir watur <sup>passa</sup>, frá sjómáli beina stefnu uppí mel þann, er liggur í brúninni fyrir ofann tjéða gjá að norðann verðu, og svo þaðann beina stefnu norðann við tind þann, er stendur á há fjalsbruninni, hvalvíkur meiginn.<sup>423</sup>

<sup>419</sup> Skjal nr. 4(107).

<sup>420</sup> Skjal nr. 2(699).

<sup>421</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>422</sup> Skjal nr. 2(620).

<sup>423</sup> Skjal nr. 2(623).

Sama vitnaði E. Einarsson á Þrándarstöðum með vitnisburði dagsettum 6. apríl 1855.<sup>424</sup>

Í skjalasafni Skriðuklausturs er ódagsettur uppdráttur af svæðinu milli Brúnavíkur og Glettingsness, líklega frá 1855, en þar má meðal annars sjá þrætuland milli jarðanna. Uppdrátturinn var gerður af Benóný Guðlaugssyni en á honum koma fyrir örnefni Kjólsvíkurá, Kjósvíkursandur, Fálkatindur, Glettingskollur syðri, Glettingskollur nyrðri, Nónfjall, Súlutindur, Geldingaskörð, Eiturtindur og Bæjartindur. Þrætulandið er afmarkað með línunum og markað við ákveðin örnefni, einkum Glettingskoll syðri, Glettingskoll nyrðri og Gusugil eða Gusugilstanga.<sup>425</sup> Annar uppdráttur gerður af Benóný er varðveittur í sama skjalasafni, dagsettur 5. júlí 1855. Á hann hafa Einar Einarsson, Egill Árnason og Björn Björnsson ritað nöfn sín til að staðfesta að uppdrátturinn sé réttur. Efst á honum er færður inn texti til skýringa, s.s. á afmörkun og mælingaraðferðum. Neðst eru svipaðar skýringar um ýmis örnefni en einkum um mælingu á svæðinu. Þá er á miðjum uppdrættinum gerð grein fyrir staðsetningu ýmissa örnefna og þeim gerð nánari skil. Texti sem skráður er milli örnefnanna „Hvalbás“ og „Löngumalar“ segir að þar séu landamerki Kjólsvíkur og Glettingsness. Um þrætulandið segir eftirfarandi:

[Texti ofan við afmörkun þrætulands] Þrætuland þetta er hier stendur i efre hlu'a glettings fialls þessa, uppifir nesi þessu; er a hæd ofann af kolls brun og á upgaungu 400 hundrud fadmar, en á breidd, eitt hundrad og 70 fadmar. glettings gjá; eda nu kölluð gusu gils gja, er a hæd eda leing<sup>d</sup> ofan fra upptökum gils eda gjáar, 3 hundrud fad<sup>m</sup>ar, enn breidd hennar firir stafninn, 100<sup>o</sup>g 3 fadmar. ofan i stafn hennar a dipt eru 100 fadmar og litid gr[e]inir þa ofan eptir færirst

[Texti innan afmörkunar þrætulandsins] A. hier er glettings kollurinn sem þetta þrætustikki liggur austann i, hier i hvollfinu eda efre hluta glettings Fiallsins; þessum landsblett sinist ad vil<sup>a</sup> kalla til nessinns þa stadder hia kofanum) glétting<sup>b</sup>úninn hvalvíkur meiginn er so mikid hærrí enn hammra rødinn eda bruninn uppifir glettings nesi [hin ...] lægre mikid, sem sia ma, þar sem tølustafirnir 1234 standa firir ofann línun<sup>r</sup>ar) líka er það ad sia þa menn horfa til af sio og so líka af landi) ad þræt<sup>l</sup>landi þessu þa vel er ad giætt hallar ad glettings gja þerri er liggur aust an undir hvalvík er nær Fra tøluni 4<sup>o</sup> og 5 allt ofann i sio nidur ad tølustafnum 4ir nefnilega Fra

[...]

Þessi strik sina hvørt þess landi hallar sem eru vatns rasir eptir hrida<sup>f</sup> a sumrumm

hier er sliett lendid a flaa þessum

tølustafurinn 3 stendur uppifir uppgaunguklauf þeirri<sup>i</sup> er Skuli biörnss<sup>o</sup> vill hafa landamerki sin og ætlast til ad það skulu gia vera köllud stafurinn B er stendur i uppgaungu klauf þessari hun er a hæd 203 fadmar en a breidd 15 fadmar

Þetta land er uppdreigid 1855

1234 Framan a þessari rød eda hamrabrun stendur þessi kofi (1 golf a stærð) hann siest ecki fra glettinganesi

3 hier er grasklauf su er Skuli vill [eyga]<sup>426</sup>

<sup>424</sup> Skjal nr. 2(624).

<sup>425</sup> Skjal nr. 2(621). Mynd af uppdrættinum er aftast í kaflanum.

<sup>426</sup> Skjal nr. 2(622). Mynd af uppdrættinum er aftast í kaflanum.

Á uppdráttinn er skráður inn texti varðandi afstöðu Hvalvíkur. Þar segir meðal annars:

[Texti efst, í kringum Súlutind] hier endar glettinganes  
nonfiall

Þettað heitir sulutindur er stendur firir hvalvíkur stafninum

[...]

[Ritað á hlið] hier er glettingsbrunn<sup>inn</sup> hvalvýkur meiginn

[Ritað á hlið] þettað hallast að hvalvík

hvalvík á, allt sitt land fialla tinda i milli austur j glettings gja, seigir Brini<sup>lfur</sup> biskup,  
i tuttugustu brefa Bok sinni 16 h. 72 1673<sup>427</sup>

E. Einarsson á Þrándarstöðum skrifaði vitnisburð 9. febrúar 1856 um þrætulandið utan í fjallinu yfir Glettingsnesi og lýsti því þannig:

Þar eð Benóný Guðlaugsson biður mig um alit mitt skriflegt um það, hvorjum mér vírdist til heira það þrætuland það, er líggur utan í fjallinu uppyfir Glettingsnesi, fyrir austan hvalvík, og Brúnavíkur á búandi Sk: B: S: vill að henni til heiri ásamt með reka fjöru sem líggur niður undan austari brún á téðu þrætu landi, þeim megin sem veit að glettingsnesi. Þá læt<sup>gef</sup> ég undír skrifaður alit mitt þanninn. að mér vírdist allur efri partur lands þessa horfa að nesinu hér um 2 þriðju partar rumir, enn einn part<sup>inn</sup> þess sem er sá neðsti og norðasti, sínist mér muni lígga að því stóra hamragíli eða gja er hefur sín upptök í miðjufjalli þessu, sem skírsla fjrir Hvalvík vísar að séu landamerki.<sup>428</sup>

Að ósk Benónýs Guðlaugssonar á Glettingsnesi skoðuðu Bjarni Jónsson á Breiðuvík og Guðmundur Eiríksson á Kjósavík land sem líggur upp af Glettingsnesi og sem Skúli Björnsson á Brúnavík vildi að tilheyrði Hvalvík. Vitnisburður Bjarna og Guðmundar, dagsettur 5. mars 1856, um skoðun sína hljóðar svo:

bóndinn Benóný Guðlaugsson á Glettingsnesi, hefur beðið okkur undirskrifaða að fjirlita Land það er Líggur upp af Glettingsnesi, utan i fjallinu, er bóndinn Skúli Björnsson a Brúnavík, Vill að heiri til Hvalvíkur Lands, okkur Sínist að Efri og meiri partur Lands þessa lúti að nesinu, jafn Vel þó Vatns Rásirnar Líggi að So nefndu gusugilili, Enn neðri og minni hluti Lands þessa Snúi til Síóar, og Líggur að nokkruleiti fjrir norðann Stefnu af niður landi nessins, So nefndur gusugils Sandur Líggur fjrir Sunnann firr nefnt gusugil þar sem það kémur að Sjónum<sup>429</sup>

Hinn 9. mars 1856 vitnuðu Bjarni Jónsson og Guðmundur Eiríksson um mælingu sem framkvæmd var á landamerkjum Glettingsness og Hvalvíkur. Þeir sögðust hafa á vissum stað á klöppinni fyrir austan Gusugilssand borið upp þráð með lóðs þannig að hann vísaði beina stefnu úr Gusugilsþröng við sjóinn og á Hádegistind, sunnan Hvalvíkur. Að þeirra sögn var mælingin gerð að ósk Benónýs Guðlaugssonar á Glettingsnesi.<sup>430</sup>

<sup>427</sup> Skjal nr. 2(622).

<sup>428</sup> Skjal nr. 2(625).

<sup>429</sup> Skjal nr. 2(626).

<sup>430</sup> Skjal nr. 2(627).

Hinn 29. mars 1856 vitnaði Björn Björnsson á Bóndastöðum um landa- og rekamörk Glettingsness og Hvalvíkur. Fram kemur að Hvalvík hafi verið afbýli tilheyrandi jörðinni Brúnavík en vitnisburður Björns hljóðar svo:

Þegar Eg firir 27 árum fluttist í borgarfiörd þá hafði Hiorleifur Sál Arnason verandi a Snotrunesi nefndt glettingsnes til allra nota og Efftirgialds og hafði haft það umm í mörg ár átölulaust í allastadi úr gusugilsgjá Sem Er á milli Hvalvíkur og Glettingsness. og að Sunnann á moti Kiólsvíkur Eigendumm í Klöppina Sunnann við laungumöl og úr bádu þessum örnefnum að nedann og á tinda upp, næstur Hiörleifi Sál tók það til biggingar og Sömu nota Jón Sal Einarss. umm 5 ar hann var þá bóndi á litlúvík. Efftir hann fekk þessa Sömu klaustursins Eign til bigingar Proprietarius Hallgrímur Olafsson á Húsavík umm 5 ár og honum næstur fekk Benóní Gudlaugsson Nesid til allra leigulida afnota og hafði hann þá í fullu leifi Hallgríms algjörlega flutt þágangad bigd Sína og hefur Sídan búid þar umm næstl. 15 ár,

Jón nokkur Petursson Sem var í Brúnavík ifir í 50 ár first Sem vinnumadur og Sidann firir búi þar, og Seinast skiólstædingur og deidi þar áttædur arid 1843. Einar Sál Biarnarson Sem næstur á undan mér bió á Brúnavýk og var þar lidug 30 ár og jeg Sem þar dvaldi Sem búfastur í 11<sup>æ</sup> við höfdumm aldrey neina vidleitni til (þvj vid vissumm Ekki nokkura stædu) að vefeingia hid minsta lands Edur rekamörk millum Hvalvíkur og glettingsness þar Einginn tvjmæli léku á að þaug Ekki væru í allastadi Rett

jeg hefi Séð og lesið 2<sup>æ</sup> lögfestur firir Brúnavík aðra af 1840 og hina dáterada nálægt næstl. aldamótumm og þessar lögfestur öldungis Samhljóða og bigðar á Besictelsisforrettingu gjörðri nálægt miðri 18<sup>du</sup> öld og í alla stadi mun vera lögformleg uppá þá tidkanlegann hátt þvj þá var Brúnavýk Sett niður umm 4 hndr. Efftir úrskurði við komandi ifirvalda vegna Serlegra landbrota Sem á Jördunni skédu<sup>431</sup>

Hinn 11. júlí 1856 skrifaði Pétur Havsteen amtmaður til umboðsmanns Skriðuklausturs, Björns Skúlasonar, vegna landaþrætu milli Glettingsness og Brúnavíkur. Meðfylgjandi voru 10 skjöl frá Benóný Guðlaugssyni, þar á meðal tveir uppdrættir yfir land Glettingsness.<sup>432</sup>

Fjallað er um Hvalvík í landamerkjaskrá jarðarinnar Brúnavíkur sem er dagsett 3. júlí 1884 og var þinglesin við manntalsþingsrétt að Desjarmýri 4. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Brúnavíkur að innan, eru af Gagnheiði ofan Þrándarhrygg, þaðan út á Svartafell og svo út allar fjallaraðir eptir því sem vötn falla til Víkurinnar og svo út Almenningsröð í mitt Flesjarsund. Og svo að sunnan af Gagnheiði og út fjallaraðir í Æðarsker. Hvalvík á allt sitt land ítölulaust fjallatinda á milli austur í Glettingsgjá. –

Reka norður í Æðarsker, en að austan í vog niður undan Glettingsbrún.

Brúnavík, 3. júlí 1884.

Steinn Sigurðsson.

Samþykkir þessum landamerkjum eru:

Þorsteinn Magnússon í Höfn.

Magnús Benóníson á Glettingsnesi.

Guðni Stefánsson í Kjólsvík.

Einar Sigfússon í Breiðuvík.

<sup>431</sup> Skjal nr. 2(628).

<sup>432</sup> Skjal nr. 2(629).

Páll Geirmundsson í Breiðuvík  
Gísli Benediktsson á Hofströnd  
Snjólfur Sveinsson á Þrándarstöðum.<sup>433</sup>

Landamerkjaskrá jarðanna Hvalvíkur og Brúnavíkur er dagsett 25. janúar 1922 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svo-  
hljóðandi:

Landamerkjabref.

Landamerki Brúnavíkur og Hvalvíkur sem er sameign, eru þessi:

Að sunnan úr næsta vog sunnan við Gusugilsfjöru, í Glettingsbrún, utan við Glettings-  
grjót. Þaðan eftir röðum á Glettingskoll. Svo eftir hæstu fjallaröðum á Súlutind. Og svo  
eftir fjallsröð á Gagnheiði, þaðan norður Þrándarhrygg í miðtind strýp á Grenishæðum.  
Þaðan út fjallsraðir eftir því sem vötn falla til víkurinnar á Stekkhvammsfell; þaðan  
austur Almenningsröð og í mitt Almenningsflesjarsund.

Brúnavík 25. janúar 1922

S. Filippusson eigandi

Eigendi Hofstrandar: Sigfús Gíslason

Magnús Þorsteinsson eigandi að Höfn

Guðmundur Magnússon eigandi Kjólsvíkur

Vigfús I. Sigurðsson prestur á Desjarmýri.

Fyrir hönd eiganda Breiðuvíkur Bjarni Sveinsson

Undirskrift vantar frá forsvarsmanni Glettingsness

Bjargi 31. janúar 1922.

Hannes Sigurðsson<sup>434</sup>

Einnig er vísað sameiginlega til Brúnavíkur og Hvalvíkur í landamerkjaskrá jarðar-  
innar Kjólsvíkur sem er dagsett 31. janúar 1922 og var þinglesin við manntalsþing á  
Borgarfirði 17. júlí 1922, en þar segir:

Á milli Kjólsvíkur og Brúnavíkur (Hvalvíkur) úr Súlutindi út hæstu fjallaraðir á  
Glettingskoll þar sem hann er hæstur.<sup>435</sup>


---

<sup>433</sup> Skjal nr. 2(36).

<sup>434</sup> Skjal nr. 2(37).

<sup>435</sup> Skjal nr. 2(39).





Uppdráttur af svæðinu milli Brúnavíkur og Glettingsness  
 eftir Benóný Guðlaugsson, ódagsettur  
 en líklega frá 1855. Skjal nr. 2(621).



## 5.14 Húsavík í Víkum

Í máldaga Vilchins fyrir Húsavíkurkirkju frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

Kirkia j Hvsavíjk a heimaland halftt oc Dal land. Skalanes. Breidavíjk med gognumm oc giædumm.

[...]

Hinn xvj hlut j Osreka oc attung sudur frá Greipsgjä til Almenningarfiöru vnder vogsiollumm og alla Kallasteinsfiöru. Oc kirkiann a i ollumm samreka firir helming hiona j Hvsavíjk oc helming firir Dallannd. Allann reka j Svijnavíjk.<sup>436</sup>

Í Stefánsmáldaga um Húsavíkurkirkju frá 1491–1518 segir eftirfarandi:

Kirkian ad husavíjk a xvj<sup>c</sup>: jord med víjknvm<sup>437</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Húsavíkurkirkju:

Kirkian i Husavíjk. ä heimaland hälftt og Dalland. Skälanes. Breidavíjk med öllum giædum hinn sextanda hlut i Osreka og ättung. Sudur frá Greipsgia til almenningarfiöru vnder Vxafiollum og alla Kallasteinsfiöru. og kirkian ä i ollum smä reka. fjirer helming hiona. i Husavíjk. og helming fjirer Dalsland. allann reka l Suijnavíjk.

[...]

Jtem vj hundrada kot bijgdt.

[...]

bönda hluten xxx hundrudum.

[Jtem heila koted Breidavíjk landskyllid x. aurar.<sup>438</sup>

Hinn 2. júlí 1618 seldi Jón Björnsson Pétri Pálssyni jörðina Lýtingsstaði í Skagafirði, 60 hundruð að dýrleika, fyrir Húsavík, 30 hundruð að dýrleika, Breiðavík hina minni, Hólaland, tíu hundruð að dýrleika, Hvol, átta hundruð að dýrleika og Hvannstóð, sex hundruð að dýrleika. Þessar jarðir fylgdu eiginkonu Péturs, Þorbjörgu sálugu Bjarnadóttur, á giftingardegi þeirra.<sup>439</sup>

Hinn 13. október 1644 var gerður kaupmáli þar sem Jón Björnsson taldi syni sínum, sr. Einari Jónssyni, til kaups og konumundar 60 hundruð í föstu 25 hundruð í Húsavík. Á móti lofaði sr. Bjarni Ormsson dóttur sinni Sesselju 30 hundruð í föstu Hvannstóð, sex hundruð að dýrleika.<sup>440</sup>

Hinn 23. október 1644 seldi Jón Björnsson syni sínum, sr. Einari Jónssyni syni, fimm hundruð í Húsavík fyrir fimm hundruð í Skjöldólfsstöðum.<sup>441</sup>

Í biskupsvísitasíu um Húsavíkurkirkju frá 8. ágúst 1645 segir að meðal annars

8. Augusti Kyrckjan ad Husavíjk aa heimaland hälftt og dalland Skaalanes, Breidavíjk med gógnum og giædum, enn xvj hlut J Osreka, og attung Sudur fra Greipsgjä til

<sup>436</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 223, skjal nr. 4(38).

<sup>437</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 23, skjal nr. 4(139).

<sup>438</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 688, skjal nr. 4(39).

<sup>439</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 272, skjal H-10.

<sup>440</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 273, skjal H-10.

<sup>441</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 273, skjal H-10.

almennijngar fjóru Vnder Vogs fjóllum og alla Kallasteins fjóru, Kyrckjan aa J óllum samreka fyrir helmijng hjöna J Husavyk, og helmijng fyrir dalland allann Reka J Suijnavijk,<sup>442</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 1. júlí 1727 og 4. ágúst 1748 og prófastsvísitasíum 26. ágúst 1791, 29. október 1832.<sup>443</sup>

Hinn 6. maí 1695 lögfesti sr. Bjarni Einarsson eign Mariúkkirkju undir Ási í Fellum, fjórða hlut af bæði hvala og víða í öllum rekum og rekaplássum jarðarinnar Óss og lögfesti einnig sextánda hlut Húsavíkkirkju úr Ósrekum öllum, bæði hvala og víða.<sup>444</sup>

Hinn 2. ágúst 1705 lögfesti sr. Bjarni Einarsson kirkjustaðinn Húsavík í Borgarfirði. Lögfestan var upplestin í viðurvist safnaðarins. Aðeins hefur varðveist brot úr lögfestunni en þar segir:

Jeg Biarne prestur Einarsson lögfeste hier i Dag Eign mýna kyrkiastadenn Húsavýk liggjande vid Borgarfjórd og själfrar sinnar kyrkiusökn: med öllum filgiande Gognum og Giædum, Jnnann þessara tiltekinna landa merkia: Ad Sunnanverdu Riettvyslega til Ness Lands i Lodmundarfirde, fyrir Jnnann Alftavýk [þ]adann ä fiall upp til þess vötnu[m] hallar, sydann framm og nordur efter fiallgördum þar til vötnum hallar ad Borgarfirde; Sýdann üt efter sömu äföstu häfiallgördum, þar til vötnum hallar ad Breida výkum, sem virdast mun ad tiltaka hiä fremra Giæsar Vatne, og so efter þeirre a sem fellur mille Breida výkna til þess hæsta mels horns, sem nýrdst og ýdst ad sunnanverdu vid äna er, og rietta Siönhending ur sama [mels horne] i Sió ut; ä hverre Siönhending, á landölddunne fyrir ofann flædarmäl Lands og Reka merkis varda, med vidlögdum Garde til viss merkess staded hefur og standa á, efter þa[r] umm giördu Insigludu Kälfskinn[s] Brefe hvert sier lýkast hermer

Og sydann frá nefndre vördu Sud[ur] med Siönum til riettra ädurnefndra Landa merkia mille A[l]ftavýk<sup>445</sup>

Varðveitt er afrit af lögfestu sr. Bjarna frá 1705, dagsett 1. maí 1798 og 29. maí 1843. Í afritinu segir eftirfarandi:

Jeg Bjarne (prestur) Einarsson, laugfeste hier i Dag Eign mýna Kyrkjustadin Husavyk, liggjande vid Borgarfjord og själfrar sinnar Kirkju sokn med öllum fylgjandi gögnum og gjædum innan þessarra tiltekinna Landamerkjja, ad sunanverdu rettvýslega til Nesslands i Lodmundarfyrði j Stallklett fyrir innan Alftavýkur, þadan a fjall upp til þess vötnum hallar, sýdan fram og nordur eptir fjallgördum þartil vötnum hallar ad Borgarfyrði, sidan üt og ofan i Krossá, og so i Selshusa Læk sem rennur ür fremra Gjæsarvatni, og so eptir þeirri a sem fellur millum Breiduvíkna til þess stærsta mels-horns, sem nýrdst og ytst ad sunnanverdu vid äna er, og rétta Sjonhending ür sama mels horni i Sjó út; á hvorri Sjonhending a Land auldunni fyrir ofan Flædarmäl Lands og Reka merkis varda med vid laugdum gardi til viss merkis stadid hefur og standa á eptir þarum giördu innsigludu Kalfskins bréfi, hvört sier líkast hermir og sidan frá nefndri vordu sudur med Sjönum til rettra adurnefndra Landamerkjja milli Alftavýkna og Ness i Lodmundarfyrði, Logfeste eg Land og Reka, skér og úteýar, Eggvarp og Eydihólma, Hus og Heimile öll, Taudur og akra og Eyngjar, Hollt og Haga, Votn og veidistadi, Skóga og skamvidi, grös og gjædi aull sem greindri Landeign fylgir og fylgja ber med réttu, og ey er med Laugum frákomid, fyrirbíd eg hvörjum manni greinda Landeýgn med því sem henni tilheýrir sér ad nýta, yrkja eda i ad vinna, utan mitt sé Lof edur

<sup>442</sup> Skjal nr. 2(406).

<sup>443</sup> Skjöl nr. 2(407)–2(408).

<sup>444</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 273, skjal H-10.

<sup>445</sup> Skjal nr. 2(354).

Leyfi fyrir, nema þeir sem so vilja gjöra, bevisi edur rigtug Skjöl og Skilmála auglýsi ad rétt til hafi.<sup>446</sup>

Hinn 17. júní 1722 auglýsti sr. Bjarni Einarsson að Skálanes við Húsavík væri, skv. máldaga Vilchins, eign Húsavíkurkirkju en ekki kristfjárfjörð. Í bréfinu er fjallað um framfærsluskyldur gagnvart ómögum sem Húsavíkurkirkju bar að standa undir ásamt þeim jörðum sem voru undir kirkjunni, Hólshúsum, Dallandi og Skálanesi<sup>447</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Húsavíkurkirkju frá 25. september 1778 kemur fram að bóndinn á Nesi í Loðmundarfirði vilji hafa öll afnot af Ytri-Álftavík, sem tilheyri þó Húsavík. Prófastur tilsagði að takmarki kirkjunnar í Álftavík yrði haldið undir hana.<sup>448</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 12. ágúst 1784 kemur fram að Húsavíkurkirkja hélt öllum sínum eignum og ítökum. Einnig segir að óvissa hafi verið um hvar örnefni Greipsgjá, Vogsfjöll og Kallasteinsfjöru væri að finna.<sup>449</sup>

Í kirknaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt skjal varðandi sölu Hólshúsa og Húsavíkur. Á skjalinu segir að hinn 8. maí 1790 hafi farið fram kaupgjörningur þar sem Evert Wium seldi Ólafi Hallgrímssyni jörðina Hólshús í Húsavíkursókn, sex hundruð að dýrleika. Þá segir að þann 9. október 1790 hafi annar kaupgjörningur orðið milli sömu manna þar sem Evert seldi Ólafi jörðina Húsavík, 14 hundruð að dýrleika. Evert kvittaði svo árið 1793 að kaupverðið hafi að fullu verið greitt.<sup>450</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 8. september 1790 koma fram sömu upplýsingar um eignir og ítök og áður er getið. Fram kemur að jörðin Breiðavík sé nú nefnd Litla-Breiðavík og Kallasteinsfjara sé kölluð Kaldasteinsfjara.<sup>451</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 26. ágúst 1791 kemur fram að Ólafur Hallgrímsson hafi með kaupbréfi, dagsettu 9. október 1790, keypt Húsavíkurkirkju og allt sem henni fylgdi.<sup>452</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 15. maí 1795 voru upplesin kaupbréf Ó. Hallgrímssonar, dagsett 8. maí 1790 og 9. október 1790, fyrir Hólshúsum, sex hundruð að dýrleika, og Húsavík, 14 hundruð að bóndaeignar forngildi, af Evert Wium. Við sama þing var birt annað skjal, dagsett 16. maí 1791, áhrærandi það slæma ásigkomulag túns, húsa og engja Húsavíkur þegar umræddur kaupgjörningur átti sér stað.<sup>453</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Húsavíkur metinn 40 hundruð. Eigendur jarðarinnar var Ólafur Hallgrímsson að hálfu og Húsavíkurkirkja að hálfu. Fram kemur að eyðijörðin Dalland tilheyri Húsavík.<sup>454</sup>

Hinn 31. ágúst 1825 gaf Ólafur Hallgrímsson í Húsavík syni sínum Abraham fjórðungsgjöf og þar með talið fjórðung úr jörðinni Húsavík í Víkum. Gjafabréfið var

<sup>446</sup> Skjal nr. 2(358).

<sup>447</sup> Skjal nr. 2(368).

<sup>448</sup> Skjal nr. 2(463).

<sup>449</sup> Skjal nr. 2(464).

<sup>450</sup> Skjal nr. 2(359).

<sup>451</sup> Skjal nr. 2(465).

<sup>452</sup> Skjal nr. 2(466).

<sup>453</sup> Skjal nr. 2(786).

<sup>454</sup> Skjal nr. 2(75).

innfært í afsals- og veðmálabók þann 7. september 1825, en ekki getið um dagsetningu þinglesturs.<sup>455</sup>

Hinn 1. nóvember 1829 lögfesti Ólafur Hallgrímsson kirkjustaðinn Húsavík. Í lögfestunni segir:

Jeg Ólafur Hallgrímsson lögfeste hier í dag eign mína kyrkiustaden Husavík liggande vid Borgarfjörð og siálfrar sinnar kyrkiu sókn, med öllum hennar afbýlum bigdum og óbigdum henni fylgjande, samt gögnum og giæðum, innan þessara eftirskrifadra tiltekinna landamerkia, sem fylgir: Ad sunnanverdu, riecttvýslega til Ness lands í Lodmundarfyrde í Stallklett, sem nú kallast Stígie, fyrer innann Innri<sup>2</sup> Alfta<sup>3</sup>výk<sup>4</sup> sokállada, og þadan riecttlínes á fiáll upp og eftir sem vötnum hallar, á Sandskeid, þadan á fjall upp Skjæling kallad, og so fram og nordur, eftir fiállgördum, allt á fiáll Skúmhött kallad, og þadan riecttlínes efter sem vötnum hallar til Borgarfjardar og á Náttmalafiáll, af Natmmálafialle í Krossá, í efri Selshúsalæk, úr efri Selshúsalæk í fremra Giæsarvatn /:þetta allt af beirni sjónhendingu:/ og so efter á þeirre sem fellur á mille Breiduvýkna til þess stædsta melshorns sem nyrdst og ytst ad sunnanverdu vid ána er, og riecta sjóhendíng úr sama melshorne í síó út, og sídan á sjó út alt í löglega fiskhelgi sudur med lande öllu alt til riecttra ádurnefndra landamerkia mille Alftavýkur og Ness í Lodmundarfyrde; lögfeste eg land og reka (:landfastann og á flote:), skier og úteyar, eggvarp og eydehólma, hús og heimile öll, tödur og akra, eingjar, holt, haga, vötn og veidestödur, skóga og skammvide, grös og giæde öll, sem greindre landeign fylger og fylgia ber med riecttu og ej er med lögum frákomed; fyrerbýd eg hvöríum manni greinda landeign med því sem henni til heyrir sier að nýta, yrkia edur í ad vinna, utann mitt sie lof edur leife fyrir, nema þeir sem svo vilja giöra bevíse edur riecttug skjöl og skilmála auglýse ad riectt til hafe; tilskiljande ad þesse mýn lögfesta sie eignarhalds auglýsingarskjal greindrar fasta eignar; fyrer hvörja lögfestu sem og tiltekna landeign med því sem tilheyrer, eg legg lög og dóm, vilie nockur ágáng óriecttvysann veita, og sekter vid efter lögum, á rangre og ólöglegri brúkun; lögfesti eg ad ordfullu, og eptir minni hyggiu og vitund lögfullu og lögmáli riecttu; í sama laganna frelse, sem framanskrifada lögfesta, lýsi eg og tilskil ítök Húsavýkur kyrkiu innann tiedra merkia sem fylger: nefnelega hinn 16<sup>da</sup> hlut ~~úr Os reka~~ í öllum Os reka og áttunda part í öllum reka sudur frá Greipsgíá til Almenníngs fiöru under Vogsfíöllum, allann reka á Kaldasteinsfiöru og allann reka á Svýnavýk; fyrerbýd eg öllum hier nockud ad nýta án mýns leifis af ofanskrifudum kyrkiu ítökum<sup>456</sup>

Í ódagsettu uppkasti að greinargerð um skiptingu kirkjujarðarinnar Húsavíkur milli eigendanna, Hallgríms og Kjartans Ólafssona, líklega frá fyrri hluta níttjándu aldar, segir að jörðin öll sé metin 60 hundruð, hvar af kirkjan átti helming. Hún hafi svo verið metin og seld Ólafi Hallgrímssyni fyrir 40 hundruð og eftir því skipt á milli hans erfingja, hvar af bændaeginn var metin á 20 hundruð.<sup>457</sup>

Hinn 14. mars 1832 makaskipti og afhenti Einar Hjörleifsson á Ketilsstöðum sjö hundruð í jörðinni Bakka í Borgarfirði til Abrahams Ólafssonar fyrir átta og hálf hundruð í jörðinni Húsavík. Meðal nánari skilmála makaskiptanna var að þegar þáverandi ábúandi Álftavíkur viki úr kotinu skilji hann við húsin í leigufæru ásigkomulagi. Makaskiptagjörningurinn var þinglesinn þann 7. júní 1833.<sup>458</sup>

<sup>455</sup> Skjal nr. 2(240).

<sup>456</sup> Skjal nr. 2(360).

<sup>457</sup> Skjal nr. 2(362).

<sup>458</sup> Skjal nr. 2(244).

Hinn 21. apríl 1832 skrifaði sr. Einar Hjörleifsson á Ketilsstöðum í Útmannasveit bréf til biskups vegna eignarhalds á Húsavík í Víkum eftir andlát Ólafs Hallgrímssonar. Einar lýsti eignarhaldi og skiptingu jarðarinnar svo:

Fyrirverandi Proprietarius til Husavíkur Ólafur Hallgrímsson – sem saladist á nærstl. Hausti – skipti í lífanda lífi bondaEigninni í tedri Jörðu milli 3<sup>ia</sup> Sona sinna Abrahams Kjartans og Hallgríms, soleidis: að Abraham feck 8½ hndr. úr HeimaJordunni Husavík – sem Kyrkjan stendur á – Kjartan 5½ hndr. úr somu Jörðu, enn Hallgrímur Kotid Hólshús liggjandi í Husavíkur KyrkjuSokn 6 hndr. að dyrleika<sup>459</sup>

Einar kvaðst hafa fyrir bón Abrahams haft makaskipti á jarðarparti sem hann átti fyrir hlut Abrahams í Húsavík og gert samning við Kjartan þar sem hann afsalaði sér allri ábyrgð og afnotum kirkjueignarinnar eftir tiltölu. Hallgrímur héldi því hins vegar fram að sér bæri hlutdeild í kirkjuhluta jarðarinnar eftir tiltölu. Sr. Einar óskaði eftir áliti biskups um eignarhald Hallgríms, þar sem hann segðist hafa umráð yfir kirkjuhlutanum í Húsavík að jafnri tiltölu við bóndaeignina, líklega vegna þess að Hólshús hafi verið óskipt úr Húsavík.<sup>460</sup>

Hinn 10. desember 1832 skrifaði Abraham Ólafsson á Bakka í Borgarfirði biskupi vegna eignarhalds á Húsavík í Víkum og hjáleigu hennar Hólshúsum. Abraham vitnaði í bréfinu til tveggja kaupbréfa því til stuðnings að hann væri réttmætur eigandi bónda-eignarinnar í Húsavík og jafnframt umráðamaður kirkjueignarinnar í sömu jörð.<sup>461</sup>

Hinn 24. desember 1832 skrifaði Kjartan Ólafsson á Dallandi í Víkum biskupi vegna eignarhalds á Húsavík í Víkum. Kjartan sendi biskupi tvö skjöl varðandi málið. Annars vegar skjal um arf- og makaskipti og hins vegar samning við sóknarprestinn um þann hluta kirkjueignarinnar sem fylgdi hans eignarhluta í heimajörðinni Húsavík.<sup>462</sup>

Með bréfi sýslumanns P. Melsteds, dagsettu 28. desember 1832, var Hallgrími Ólafssyni tilkynnt að hann hafi samið og sent til prófasts undir nafni Hallgríms tilkynningu eftir bréf sr. Einars.<sup>463</sup>

Hinn 28. desember 1832 skrifaði Hallgrímur Ólafsson eigandi Hólshúsa í Víkum bréf til biskups vegna eignarhalds á Húsavík í Víkum. Hallgrímur lýsti bæjaskipan Húsavíkur, Hólshúsa, Dallands og Álftavíkur og þá er Litluvíkur og Skálaness getið. Í bréfinu segir:

Húsavíkr Torfan, sem alkunnugt er, er öllu sömum 40 hndr. að Dyrleika, þaraf er Helfingurinn eða 20 hndr. Bóna Eign, enn hinn helfingurinn er Eign Kyrkjunnar, sem á Lódinni stendr. A þessari Torfu eru fyrir nær verandi Tíð fylgjandi bygd Byli: Húsavík og Hólshús, hvorra Tún liggja samann og ná að Sjó nidur; Dalland innar í Víkinni bærleidarkorn frá Sjó; Alptavík uppbygd á ny fyrir fáum árum sidann, á Nesi, sunnann til við Húsavíkina og Litlavík nordann til við Húsavíkina. Af þessum bylum er nú óskipt Land milli Húsavíkur, Hólshúsa, og Dallands, enn Litlavík og Alptavík eru afdeild við nattúrleg Takmörk, nefnil: Fjallsveggjar og Skridur. Ejdibílid Skálanes, er S<sup>ra</sup> Einar Hjörleifsson gétur umm, hefr leigid Húsavíkur meiginn á Nesi því, er liggur

<sup>459</sup> Skjal nr. 2(559).

<sup>460</sup> Skjal nr. 2(559). Sjá einnig afrit bréfsins í skjali nr. 2(369).

<sup>461</sup> Skjal nr. 2(554).

<sup>462</sup> Skjal nr. 2(555).

<sup>463</sup> Skjal nr. 2(370).

milli Húsavíkur og Litluvíkur, enn reiknast nú með til Húsavíkur Lands og brúkast nú, mest til Saudfjár beitar, sameiginlega frá Húsavík og Hólshúsum, og þegar áliggr, frá Dallandi Kyrjunnar Eign er litlavík 6 hndr., Dalland 6 hndr., eptir munnmælum Skálanes, er eg heirt hefi að verid hafi 4 hndr., og þessvegna 4 hndr. í Húsavík, í alt 20 hndr.; Bóndaeign er: Hólshús 6 hndr., Alptavík 4 hndr. og 10 hndr. í Húsavík, hvar hjá þess er að géta, að í daglegu tali, og eins í Skiptunum eptir Födur minn sáluga, er Alptavíkur reki gétid, en hennar Hundrada tal er reiknad til Húsavíkur: A allri þessari Lód, stendr nú Kyrkjann með þeim Skildaga, að henni og hennar Inventario sé öllu við haldid og henni þarad auki gjördr réttir Reikningur og skil á hennar portjions Inntektum, samt að Prestinum sé svarad sinu Salarjo, er nú, í því lánga Tid er menn til vita, 6 f: Smjörs<sup>464</sup>

Hallgrímur hafnaði því að samningur sá er Einar Hjörleifsson prestur gerði við Kjartan Ólafsson á Dallandi, bróður sinn, hefði nokkurt gildi.<sup>465</sup>

Hinn 16. janúar 1833 skrifaði Páll Melsted á Ketilsstöðum biskupi um eignarhald á Húsavík í Víkum. Páll lýsti eignarhaldi og skiptingu jarðarinnar svo:

I fyrra Haust deydi i Husavík bóndi að Nafni Olafr Hallgrímsson, sem átti svokallada Husavíkr Eign 40 hndr., hvaraf helfmíngur nær 20 hndr. heyrir til Kyrkjunnar, en hinn Helfmíngur er bóndaEign. Eptir Olaf skiptist svo, að Abraham Sonur hans fekk 9 <sup>8</sup> ½ hndr. í Husavík, Kjartan elsti Sonr 5½ hndr. en Hallgrímur næstelsi Sonur 6 hndr., hvaruppi hann kaus Hólshús, Hjáleigu í Husavíkr Túni, með óskiptu Landi öllu frá Húsavík.<sup>466</sup>

Páll sagði ósætti hafa verið meðal bræðranna sem leiddi til að Abraham seldi sr. Einari Hjörleifssyni sinn hlut í Húsavík. Sr. Einar hafi með hörku og stuðningi Abrahams náð undir sig kirkjuhluta eignar Kjartans en Hallgrímur hafnað samsvarandi samningi vegna Hólshúsa.<sup>467</sup>

Hinn 21. janúar 1833 skrifaði Guttormur Þorsteinsson prófastur biskupi vegna eignarhalds á Hólshúsum í Víkum. Guttormur bað biskup um afrit allra gagna stiftsins er snertu eignir Húsavíkurkirkju, einkum varðandi dýrleika heimajarðar kirkjunnar og eignarhlut kirkjunnar í henni.<sup>468</sup> Biskup svaraði með bréfi dagsettu 7. mars 1833 og sendi afrit af máldögum og vísitasíum varðandi dýrleika heimajarðar Húsavíkurkirkju og um dýrleika Skálaness.<sup>469</sup> Biskup sendi annað bréf til sr. Guttorms þann 12. nóvember 1833 og svaraði fyrirspurn um hvort Hólshús, sex hundruð að dýrleika, gætu átt tiltölu til umráða kirkjueignarinnar í Húsavík. Biskup sagði óneitanlegt að Hólshús væru einn hluti af Húsavíkurbændaeign, sem teldist 20 hundruð móti jafnstórri kirkjueign.<sup>470</sup>

Hinn 14. júlí 1833 skrifaði Guttormur Þorsteinsson prófastur biskupi vegna eignarhalds á Húsavík í Víkum og hjáleigum hennar. Guttormur sagði deildar meiningar vera

<sup>464</sup> Skjal nr. 2(556).

<sup>465</sup> Skjal nr. 2(556).

<sup>466</sup> Skjal nr. 2(558).

<sup>467</sup> Skjal nr. 2(558).

<sup>468</sup> Skjal nr. 2(553).

<sup>469</sup> Skjal nr. 2(599).

<sup>470</sup> Skjal nr. 2(601).



milli Hallgríms Ólafssonar og sr. Einars Hjörleifssonar um eignarhald á landi Húsavíkur og taldi Hólshús, eignarjörð Hallgríms, alfarið vera bóndaeign.<sup>471</sup>

Hinn 4. október 1833 seldi og afsalaði Einar Hjörleifsson kapelán átta og hálfu hundraði úr jörðinni Húsavík til Hallgríms Ólafssonar á Hólshúsum. Afsalsbréfið var þinglesið þann 29. júlí 1834.<sup>472</sup>

Hinn 20. maí 1835 lögfesti Hallgrímur Ólafsson kirkjustaðinn Húsavík. Lögfestan var þinglesin við manntalsþingsrétt að Húsavík sama dag en í henni segir:

Jeg Hallgrímur Olafsson lögfesti hér í dag eign mína, og fyrir géfna fullmakt af öðrum kyrkjustaðinn Húsavík, liggjandi við Borgarfjörð og sjálfrar sinnar kyrkjusókn, með öllum hennar afbýlum, byggdum og óbyggdum henni fylgjandi, samt gögnum og giædum innan þessara tilteknu landamerka sem fylgir:

Ad sunnanverdu réttvíslega til Ness lands í Lodmundarfyrði í Stigaklett, sem áður kalladist Stallklettur fyrir innan svokallada innri Alftavík, og þaðan réttlínis á fjall upp, og eptir sem vötnum hallar á Sandskeid, þaðan uppá fjall kallað Skjæling, og svo fram og norður eptir fjallgörðum öllum fyrir innan adurnefnda Húsavík allt á Náttmálafjall, af Náttmálafjalli á Húsavíkurheidar varp, þaðan beina sjónhendingu í fremra Gæsavatn, og svo beint í á þá er fellur á millum Breidavíkna, og eptir henni til þess stærsta melshorns sem er nyrdst og ytst við ána ad sunnanverdu og rétta sjónhendingu úr sama melshorni á sjó út, allt í löglegt fiskhelgi, síðan sudur með öllu landi, allt til réttra adurnefndra landamerka millum Ness og Alftavíkur. – Lögfesti eg land og reka – landfastann og á floti – skjer og úteyar, eggvarp og eydihólma, hús og heimili öll, tödur og akra, eingjar, holt, haga, vötn og veidistödur, skóga og skammvidi, grös og gjædi öll, sem greindri landeign fylgja ber og fylgt hefir með réttu og ei er með lögum frákomid. Fyrirbýd eg hvörjum manni greinda landeign með því sem henni tilheyrir, sér að nýta, yrkja edur í að vinna, utan mitt sie lof edur leyfi fyrir; nema þeir er svo vilja gjöra, bevísi edur rigtug skjöl og skilmála auglýsi ad rétt til hafi; tilskiljandi ad þessi mín lögfesta sé eignarhalds og lýsingarskjal greindrar fasteignar; fyrir hvörja lögfestu, sem og tiltekna landeign ~~eg legg lög og dóm~~ með því sem henni tilheyrir eg legg lög og dóm, vilji nokkur órettvísann ágang veita, og sektir vid eptir lögum, á rángri og ólöglegri brúkun. Lögfesti eg ad ordfullu og eptir minni hyggju og vitund lögfullu og lögmáli réttu.

I sama laganna frelsi sem framanskrefada lögfestu, lýsi eg og tilskil ítök Húsavíkur kyrkju innan tédra merkja sem fylgir, nefnilega: hinn 16<sup>da</sup> hlut í öllum Os-reka og 8<sup>da</sup> part í öllum reka sudur frá Greipsgjá til Almenningsfjöru undir Vogsfjöllum, allann reka á Kaldasteinsfjörum og allann reka á Svínavík. – Fyrirbýd eg öllum sér nokkud ad nota án míns leyfis, af ofanskrefudum kyrkju ítökum ad allra þeirra vitni sem þessa mína lögfestu heyra og vita hvar þessi kyrkju ítök eru.<sup>473</sup>

Hinn 1. júlí 1837 skrifaði sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi til stiftamtmanns og biskups varðandi réttindi Vallaneskirkju í Ósrekum. Fram kemur að ágreiningur var milli hans og Hallgríms Ólafssonar í Húsavík og réttindi Húsavíkurkirkju, en sr. Guttormur sagði máldaga Húsavíkur aldrei hafa verið þinglesna. Sr. Guttormur óskaði eftir gögnum og stuðningi yfirvalda til að verja rétt Vallaneskirkju.<sup>474</sup> Biskup svaraði sr. Guttormi með bréfi dagsettu 24. ágúst 1837 og sendi staðfest afrit af máldögum Húsa-

<sup>471</sup> Skjal nr. 2(557).

<sup>472</sup> Skjal nr. 2(246).

<sup>473</sup> Skjal nr. 2(361).

<sup>474</sup> Skjal nr. 2(590).

víkurkirkju. Þá bætti hann við að ekkert benti til annars í gögnunum en að Húsavíkurkirkja mætti njóta 1/16 hluta rekans í Ósrekum.<sup>475</sup>

Í prófastsvisitasíu frá 16. ágúst 1837 kemur fram að Húsavíkurkirkja hélt öllum sínum eignum og ítökum, en einnig er getið ágreinings um Innri-Álftavík sem liggja á landamerkjum Húsavíkur annars vegar og Ness í Loðmundarfirði hins vegar.<sup>476</sup> Sama kemur fram í prófastsvisitasíu frá 14. júlí 1842. Þar segir einnig að upp sé kominn ágreiningur um hval sem rak upp fyrir landi Stóru-Breiðuvíkur.<sup>477</sup> Í prófastsvisitasíu frá 14. ágúst 1841 segir að ágreiningarnir séu til lykta leiddir.<sup>478</sup>

Hinn 23. maí 1839 skrifaði Hallgrímur Ólafsson í Húsavík biskupi vegna rekaítaka Húsavíkurkirkju, nánar tiltekið svokallaðs Ósreka. Hallgrímur óskaði úrskurðar biskups um hvar nákvæmlega viðkomandi rekaítak væri og kvartaði yfir því að aðrir umráðamenn kirkjuhluta Húsavíkurjarðar hafi hirt reka og ekki deilt með sér.<sup>479</sup> Biskup skrifaði Hallgrími þann 15. ágúst 1839 og sagði honum að þetta félli undir úrskurð dómstóla.<sup>480</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. apríl 1840 var upplesin lögfesta fyrir Desjarmýrarkirkjulandi en henni mótmælti proprietarius Hallgrímur Ólafsson á Hólshúsum fyrir hönd Húsavíkurkirkju.<sup>481</sup>

Hinn 14. júlí 1840 óskaði sr. Snorri Sæmundsson á Desjarmýri eftir að sáttafundur yrði haldinn hjá sáttanefnd Borgarfjarðarsáttaumdæmis vegna landaþrættunnar um Efri-Fitjar. Hann var haldinn 2. október 1840 en reyndist árangurslaus.<sup>482</sup>

Hinn 18. júní 1841 skrifaði biskup til sr. Guttorms Þorsteinssonar varðandi þrætuna um Efri-Fitjar. Í bréfinu er vísað í bréf sr. Snorra Sæmundssonar frá 24. nóvember 1840 og lögfestu sr. Halldórs Gíslasonar á Desjarmýri frá 31. maí 1772, vitnisburð frá 1684, biskupavísitasíur frá 1645, 1727, 1734, 1748, 1763 og 1780 og máldaga Vilchins og Gísla biskups Jónssonar. Í bréfinu kallaði biskup eftir frekari upplýsingum varðandi not á þessu landi en sendi útdrætti úr Vilchins- og Gíslamáldögum.<sup>483</sup>

Í prófastsvisitasíu fyrir Desjarmýri frá 15. ágúst 1841 er fjallað um ágreining milli sr. Snorra Sæmundssonar vegna Desjarmýrar og Hallgríms Ólafssonar vegna Húsavíkur um landstykki sem báðir vildu tileinka sínum kirkjum. Um staðsetningu landsins segir eftirfarandi:

landstykki ofan fra Husavík, er heldur varpi nidur ad Selshúsalæk efra frá Kroka ad vestanverdu og til Gjæsirvatna ad austanverdu<sup>484</sup>

<sup>475</sup> Skjal nr. 2(617).

<sup>476</sup> Skjal nr. 2(468).

<sup>477</sup> Skjal nr. 2(470).

<sup>478</sup> Skjal nr. 2(469).

<sup>479</sup> Skjal nr. 2(562).

<sup>480</sup> Skjal nr. 2(609).

<sup>481</sup> Skjal nr. 2(722).

<sup>482</sup> Skjöl nr. 2(331) og 2(567).

<sup>483</sup> Skjal nr. 2(611).

<sup>484</sup> Skjal nr. 2(436).

Hinn 8. október 1841 vitnaði Jón Ögmundsson að hann hafi aldrei heyrt Efri-Fitjar tileinkaðar Húsavík heldur hafi þurft að leita leyfis hjá presti á Desjarmýri við að tína þar fjallagrös og norður við Efri-Fitjar og Krossmela ofan af Húsavíkurheiðarvarpi. Þá kvaðst hann hafa munað að fólk hefði haft tjaldstæði undir svokölluðu Magnúsarhrauni, örskammt frá fjallsrót Hvítserks eða hér um bil fyrir miðjum Efri-Fitjum frá austri til vesturs. Þá bætti hann við að gamalt heystæði stæði á Efri-Fitjum hjá Krossá sem væri tileinkað Desjarmýrarprestinum sr. Hávarði, líklega Sigurðssyni sem var prestur þar 1632–1661. Sama vitnuðu Stefán Ólafsson á Gilsársvelli og Páll Ólafsson á Gilsárvalla-hjáleigu. Með vitnisburði dagsettum 26. október 1841 sögðu Björn Skúlason og Björn Björnsson að þeir sem ábúendur Setbergs 1829–1836 hafi brúkað Efri-Fitjar til slægna og hagbeitar sem eign Desjarmýrarkirkju.<sup>485</sup>

Hinn 28. október 1841 skrifaði Snorri Sæmundsson, prestur á Desjarmýri, biskupi vegna þrætu Desjarmýrarkirkju og Húsavíkurkirkju um landstykkið Efri-Fitjar. Sr. Snorri taldi umrætt stykki tilheyrja Desjarmýrarkirkju og að ábúendur hjáleigunnar Setbergs hefðu nýtt það átölulaust af hálfu landeigenda Húsavíkur. Hann lagði fram fjóra vitnisburði máli sínu til stuðnings, lýsti staðháttum á svæðinu allitarlega, vitnaði til máldaga og kvartaði yfir ágengni eigenda Húsavíkur. Landsvæðinu lýsti sr. Snorri svo:

Máldagarnir hafa hvörugur nein landa merki til fjallsins nema þar þeir til taka hálfan Skúmhattardal, semad er nordvestur undir á landinu, liggur og dalur sá uppí Húsavíkur Fjallgardin, semad liggur hlickjalaus ad mestu millum landanna, og svo nordaustur sidan hvar tiltekid er ad kyrkjan eigi Hrafndal til móts vid Hofströnd, eru og þessi takmörkin óglöggust þessvegna: ad allstadar annarstadar eru Fjallahriggir eda Ár, hvad mer sínist medal annars færa líkur til: ad Húsavíkurheidar varp ecki undanskiljst því. – Nú hefur Proprietarie látid á sér merkja ad landstycki þetta tilheýri kyrkjukotinu Litlubreiduvík, (Húsavíkur kyrkju Eign) sem mér vyrdist eins ósangjarnt þegar adgjætt er: ad Breidavík adgreinist frá Efri og Nedri-fitjum med lágheidi, af hvorri ad renna lækir suduraf til Breiduvíkur, og norvesturaf til Borgarfjardar edur fitjanna. – Sínist og órimilegt ad Húsavíkur kyrkjukot Litlabreidavík 6 hndr. ad dýrleika eigi land fyrir innan heidi Skackhýrning úr annarra landi, þegar Jörðin Stórabreiduvík 12 hndr. sem liggur í sömu víkinni, og hefir innan víkur – jafnvel minna land, eptir dýrleikanum helduren kotid, aldrei hefur helgad sér land leingra enn þangad, sem vötnum hallar.<sup>486</sup>

Hinn 12. nóvember 1841 skrifaði Stefán Árnason, prófastur á Valþjófsstað, biskupi vegna þrætustykkisins Efri-Fitja sem Húsavíkurkirkja og Desjarmýrarkirkja gerðu báðar tilkall til. Stefán tilgreindi ekki staðsetningu umrædds þrætustykkis en taldi sr. Snorra Sæmundsson á Desjarmýri hafa meira til síns máls en eigendur Húsavíkurkirkju.<sup>487</sup> Biskup svaraði sr. Stefáni með bréfi dagsettu 14. apríl 1842 og skýrði honum frá hvernig lagaframgang presturinn á Desjarmýri þyrfti að fara fram á.<sup>488</sup>

Hinn 23. júlí 1842 var á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis tekin fyrir landþræta milli sr. Snorra Sæmundssonar á Desjarmýri og Hallgríms Ólafssonar í Húsavík ásamt Kjartani Ólafssyni á Dallandi vegna landstykkisins Efri-Fitja. Sátt komst á milli

<sup>485</sup> Skjöl nr. 2(348)–2(349) og 2(568).

<sup>486</sup> Skjal nr. 2(566).

<sup>487</sup> Skjal nr. 2(565).

<sup>488</sup> Skjal nr. 2(610).

aðila þannig að sr. Snorri féll frá orðatiltæki sem fram kemur í lögfestu Desjarmýrar-kirkju frá 1772 eða eins og skráð er í sáttabók umdæmisins:

komst nú lox Sáttasamningur á málspartanna á milli þannig, að presturinn finnur orsök til að fráfalla ordatiltækinu að presturinn finnur orsök til að fráfalla ordatiltækinu Fossárbrekkur í lögfestu Disjarmýrarkirkju af 1772, þar sem í sömu lögfestu er tilgreint þar sem vötnum halli millum Breiduvíkna og Disjarmýrar, vegna þess að ur fremra Gjæsirvatni falla lækjardrög til beggja plátsanna, og myndist því sjálft fremra Gjæsirvatn eiga að helmíngast og verða takmark Plátsanna á milli; enn til að fá Stefnu mid antaka bádir hlutadeigendur ad skuli vera hægðsti hnúkur á svokölluðu Náttmálafjalli hvadan lína takist yfir úr Fjallgardinum sem skéri midt greint vatn og þar sem hún vill lenda á gagnstandandi Fjalli. – Þessi Samningur hlutadeiganda sendist Stipts yfir völdunum frá beggja hendi með <sup>undirgefni</sup> osk um Stadfestingu.<sup>489</sup>

Hinn 24. október 1842 skrifaði biskup til sr. Stefáns Árnasonar á Valþjófsstað um Efri-Fitjar. Biskup óskaði eftir að fá skjöl sem eigandi Húsavíkur hafi látið þinglýsa og upplýsingar um hversu mikið hey stykkið gæfi af sér árlega.<sup>490</sup>

Hinn 15. maí 1843 skrifuðu sr. Snorri Sæmundsson, S. Ólafsson, V. Stefánsson og Björn Björnsson biskupi bréf vegna landamerkja Desjarmýrar og Húsavíkur, þ.e. þrætunnar um Efri-Fitjar. Í því segir að stiftsyfirvöld hafi verið treg að samþykkja hin nýju landamerki frá sáttagerðinni 23. júlí 1842. Bréfritarar töldu ljóst að Desjarmýrarkirkja myndi ekki missa nothæft land og gáfu eftirfarandi skýringar á nokkrum atriðum sem gætu hafa leitt til misskilnings:

ad Disjarmýrar Kyrkja heldur öllu notanlegu Landi af þrætulandinu Efrifitjum eptir þeim ný áqveðnu landamerkjum, nefnilega línun í gegnum midt fremra Gjæsirvatn ad stefna á Náttmálafjalls Hnúk sem er öllu leiti samqvæm Lögfestunni fyrir Disjarmýrar Kyrkju landareign af 1772, nema ef þess lína kan ad skéra fjallgardin Sudaustanvid Efrifitjar ad nedantil ecki eins þvert eins og greind Lögfesta meinar, þó það sé óvíst og ecki af Lögfestunni ad ráða, enda er sá Fjallgardur nidur ad sléttu ecki annat en urdir og Melar, líka kynnri vera Miskilningi undirkastad hvad greind Lögfesta meinar med Örnefninu Fossárbrekkur, sem nockrir taka einungis brattan Hjalla austan í víknaheidi, en fleirstir – og þarámedal vid lídandi Fláa þar uppaf upp undir eystra enda greinds Vatns, og <sup>hardtær</sup> einungis eru (Fláarnir-) Moldar rof, grjót Hriggir, og urdir; Má best ráða, ad vatnid liggi rétt á Varpi þessarrar litlu heidar, ad ur austur enda þess rennur lækur eptir greindum Fláum austur til Breiduvíkur, en ur vestur enda vatnsins annar Lækur vestur í gegnum Efrifitjar til Borgarfjardar. – Væri nú svo: ad tédir Fláar ecki meintust med í nafninu Fossárbrekkur, (hvat vid einsog á er vikid ecki höldum) þá er það plats, bædi svo lítid og ófrjósamt eins og vid höfum list, ad ockur vörðist <sup>eij</sup> mismunandi, hvors Eign þeir kallast. – Eins lítid gétum vid líka metid Disjarmýrar Kyrkju til neins Skada, þó landamerkja línan <sup>nýa</sup> ská skéri Fjallgardin ad nedan, hvör Fjallgardur stendur rétt vid Gjæsirvatn, svo ad línan strax lendir fyrir ofan alla Grasrót, þarhá þikur ockur líkast ad einmidt þessi Stefna hljóti ad vera meind í optnefndri Lögfestu.<sup>491</sup>

Sr. Stefán Árnason, prófastur á Valþjófsstað, áframsendi bréf sama efnis frá sr. Snorra, dagsett 14. maí 1843, til stiftsyfirvalda með bréfi dagsettu 29. júní 1843.<sup>492</sup>

<sup>489</sup> Skjal nr. 2(333).

<sup>490</sup> Skjal nr. 2(612).

<sup>491</sup> Skjal nr. 2(570).

<sup>492</sup> Skjal nr. 2(571).

Sáttagerðin var staðfest af stiftsyfirvöldum þann 12. ágúst 1843.<sup>493</sup> Hún var svo þinglesin þann 10. júlí 1844, en texti hennar er eftirfarandi í afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu 1819–1847:

Ar 1842 þann 23ia Julii mætti ásamt Hlutadeigendum fyrir Sáttafundi ad Desjarmyri – Presturinn ad Hialtastad Sr Jón Gudmundsson, sem af Amtinu ádr var settur til, ásamt þeim öðrum reglulega Forlikunarmanni ad semia milli Prestsins Sr Snorra Sæmundssonar á Dysjarmyri, og proprietari H. Olafssonar á Húsavík, samt Kiartans Olafssonar á Dallandi, hvar Landapræta hefr upprisid millum Disjarmyrar og Húsavíkur kyrkna, útaf Landsstykkinu Efrifitium, hvört Pláts bádir kyrkiu veriarar vilja helga Kyrkiunum, studdir af Lögfestum og Vitnisburdum eldri og yngri, komst nú loksins Sáttasamningr á Málspartanna á milli, Þannig ad presturinn finnur orsök til ad fráfalla ordatiltækinu Fossárbreckur í Lögfestu Desjarmyrar Kyrkiu af 1772, þared i sömu Lögfestu er tilgreint þarsem Vötnum halli millum Breiduvíkna og Disjarmyrar vegna þess ad úr fremra Giæsirvatni falla Lækiadrög til beggia Plátsanna, og vyrdist því hálf fremra Giæsirvatn éga ad helfmingast, og verda Takmark Plátsanna á milli, enn til ad fá Stefnamid, antaka bádir Hlutadégendr ad skuli vera hædsti Hnúkur á svököllu Náttmálafialli, hvadan Lína takist yfir úr Fiallgardinum, sem sker midt greint Vatn, og þarsem hún vill lenda á gagnstandandi Fialli. Þessi Samningur Hlutadeigenda sendist Stiftsyfirvöldunum frá beggia Hendi, med úndirgefnum ósk um Stadfestingu. Ad þannig sömdu, skyldu Hlutadegande sattir. ut supra

Jón Guðmundsson H. Olafsson

Sem sáttir

S: Sæmundsson. H. Olafsson. K. Olafsson.<sup>494</sup>

Hinn 18. september 1842 skrifaði sr. Jón Austfjörð á Klyppstað biskupi bréf með beiðni um að fá senda útdrætti úr biskupsvísitasium viðvíkjandi rekaítökum í landi Stóru-Breiðuvíkur í Víkum. Forráðamaður Húsavíkurkirkju gerði tilkall til nefndra ítaka sem Jón taldi tilheyra Klyppstaðarkirkju.<sup>495</sup> Biskup svaraði sr. Jóni með bréfi dagsettu 15. nóvember 1842. Í bréfinu er vitnað í máldaga Vilchins og Gísla biskups Jónssonar varðandi rekaréttindi Húsavíkurkirkju. Einnig er vitnað í vísitasíur. Þá segir frá skjali í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar um landa- og fjörumerki Stóru- og Litlu-Breiðuvíkur frá 1672 sem og reka- og landamerki Breiðuvíkur, Kjólsvíkur, Hvalsvíkur og Brimsvíkur, líklega átt við Brúnavík.<sup>496</sup>

Hinn 22. maí 1843 skrifaði sr. Jón Austfjörð á Klyppstað í Loðmundarfirði biskupi bréf vegna deilu hans við forráðamenn Húsavíkurkirkju um rekaítök í landi Stóru-Breiðuvíkur. Sr. Jón kvartaði yfir því að forráðamenn Húsavíkurkirkju hefðu heimildarlaust hagnýtt sér hvalreka á fjöru sem hann áleit tilheyra Klyppstaðakirkju. Svæðið sem um var deilt náði norðan frá Kallasteinsfjöru og suður til Svínavíkur.<sup>497</sup> Sr. Jón skrifaði biskupi annað bréf 25. maí 1843 með fylgigögnum til stuðnings málshöfðun sinni á hendur forráðamönnum Húsavíkurkirkju fyrir ólöglega hagnýtingu á hval er rak í bás norðan við Kallasteinsfjöru í landi Stóru-Breiðuvíkur í Víkum. Sr. Jón

<sup>493</sup> Skjöl nr. 2(569) og 2(613).

<sup>494</sup> Skjal nr. 2(262).

<sup>495</sup> Skjal nr. 2(573).

<sup>496</sup> Skjal nr. 2(604).

<sup>497</sup> Skjal nr. 2(574).

óskaði eftir stuðningi biskups við málareksturinn.<sup>498</sup> Biskup skrifaði til amtmanns þann 12. ágúst 1843 og skýrði honum frá málinu auk þess að tilkynna að sr. Jón á Klyppstað hafi óskað eftir gjafsókn. Biskup lagði til að kölluð yrðu til vitni og gert yrði afstöðukort af svæðinu.<sup>499</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 23. júní 1843 var upplesin lögfesta fyrir landamerkjum Unaóss sem H. Ólafsson mótmælti vegna Svínavíkur sem máldagar Húsavíkur tileinkuðu henni. Einnig var lesin upp lögfesta fyrir Njarðvíkurlandi sem var hinni gagnstæð.<sup>500</sup>

Á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis 10. júlí 1843 var tekið fyrir mál Gunnhildar Jónsdóttur á Snotrunesi gegn bræðrunum Hallgrími og Kjartani Ólafssonum vegna hvals sem rak undir Grenmó sumarið áður, þ.e. á pláss sem Sveinn Snjólfsson, maður Gunnhildar, tileinkaði Snotrunesi. Hallgrímur og Kjartan tilkeinuðu hins vegar Húsavíkurkirkju rekaítakið og náðist engin sátt um málið.<sup>501</sup>

Með vitnisburði, dagsettum 30. júlí 1843, sem Hallgrímur Ólafsson í Húsavík í Víkum hafði óskað eftir vegna ágreinings um Svínavík og Kallasteinsfjörur, vitnaði Árni Þórðarson svo:

eg heirdi Svinavik kallada á á milli Litlaness og Stóraness bædi til lands og síoar. –  
Enn Kaldasteinsfjörur Utan Undir Grenmó<sup>502</sup>

Hinn 5. ágúst 1843 sendi Hallgrímur Ólafsson þrjá vitnisburði til Stefáns Jónssonar á Úlfsstöðum, meðal annars áðurnefndan vitnisburð Árna Þórðarsonar.<sup>503</sup>

Hinn 8. september 1843 sendi biskup bréf til amtmanns varðandi Húsavík í Víkum játaði að hafa sent þann 20. júní 1843 rangan útdrátt yfir máldaga, en sá hafi verið fyrir Húsavík á Tjörnesi. Sendingin var nú leiðrétt með útdrætti úr máldögum Vilchins og Gísla biskups Jónssonar fyrir Húsavíkurkirkju í Víkum.<sup>504</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 var þinglesinn máldagi Gísla Jónssonar biskups frá 1575. Ekki kemur fram fyrir hvaða kirkju, en hugsanlega var það máldagi Húsavíkurkirkju.<sup>505</sup> Við sama þing voru teknar fyrir vitnaleiðslur í sökinni milli sr. Jóns Austfjörð á Klyppstað og bræðranna Hallgríms Ólafssonar í Húsavík og Kjartans Ólafssonar á Dallandi vegna hvalreka í bás við Kallasteinsfjöru. Sr. Jón lagði fram nokkur skjöl en Hallgrímur og Kjartan kölluðu til nokkur vitni sem gáfu skýrslu um reka á svæðinu. Einnig voru framlagðir skriflegir vitnisburðir. Vitnin voru meðal annars spurð um afmörkun Kallasteinsfjöru en fram kom að Ólafur heitinn í Húsavík hafi eignað Húsavík reka á svæðinu, allt suður í Svínavík. Þá var við réttinn framlagt

<sup>498</sup> Skjal nr. 2(575).

<sup>499</sup> Skjal nr. 2(606).

<sup>500</sup> Skjal nr. 2(744).

<sup>501</sup> Skjal nr. 2(334).

<sup>502</sup> Skjal nr. 2(371).

<sup>503</sup> Skjal nr. 2(372).

<sup>504</sup> Skjal nr. 2(608).

<sup>505</sup> Skjal nr. 2(686).

kort af svæðinu sem vitni höfðu merkt inn á þekkt örnefni. Málinu var frestað.<sup>506</sup> Það var tekið fyrir að nýju við aukarétt að Stóru-Breiðuvík 18. júlí 1843. Fjöldmörg skjöl voru lögð fram og þá voru nokkur vitni innstefnd. Rétturinn færðist og var settur að nýju á sjó við þrætustaðinn þar sem hinir umhöndluðu staðir og rekamerki voru skoðuð. Að því loknu var rétturinn settur að nýju í Stóru-Breiðuvík. Vitni gáfu skýrslu um rekamörk og örnefni. Í dóma- og þingbókina eru eingöngu skráð svörin en ekki spurningarnar sjálfar. Í réttinn var framlagt kort af svæðinu sem vitnin kynntu sér og staðfestu með eiði. Sr. Jón Austfjörð bað um að málinu yrði frestað þar til búið væri að fá afrit af skjölum frá Kaupmannahöfn. Málinu var í framhaldinu frestað.<sup>507</sup> Málið var að nýju tekið fyrir 25. júlí 1844, 26. september 1844 og 10. október 1844 þar sem lögð voru fram ný skjöl og vitni gáfu skýrslu. Einkum var leitað upplýsinga um svokallaðan Kallastein en einnig vitnaðist að þeir hafi verið tveir í samnefndri fjöru.<sup>508</sup> Meðal gagna málsins var dýptarmæling sem framkvæmd var þann 14. september 1844 en þar var mælt dýpi undir klettinum milli nyrðri hvalfjörunnar og báss þess sem hvalinn rak í árið 1842.<sup>509</sup> Að loknum aukaréttinum 10. október 1844 var málið tekið upp til dóms.<sup>510</sup>

Við aukarétt 21. nóvember 1844 var kveðinn upp dómur í sökinni milli sr. Jóns Austfjörð og bræðranna Hallgríms Ólafssonar í Húsavík og Kjartans Ólafssonar á Dallandi áhrærandi hvalreka. Í dómmum er farið yfir málsatvik þar sem segir að Hallgrímur hafi látið skera hvalkálfs sem rak upp þann 4. júlí 1842 en sr. Jón Austfjörð gerði tilkall til hans þar sem hann hafi rekið á land Stóru-Breiðuvíkur, kirkjujarðar Klyppstaðar. Þá er fjallað um rekaréttindi Vallaness- og Valþjófsstaðarkirkna á svæðinu, einkum í Svínavík, og farið yfir vitnisburði og önnur gögn sem lögð hafi verið fram í málinu. Samhliða rekamálinu voru tekin fyrir orð sr. Jóns um Ólaf, föður Hallgrím og Kjartan, sem ráns- og gripdeildarmaður og dæmd dauð og marklaus. Að lokum var dæmt í málinu og eru dómsorðin svohljóðandi:

Jörðin Stórabreiðuvík í Borgarfyrði sem er Tillagsjörð til Klifstadar Prestakalls dæmist að hafa Rétt til allra Rekaplátsa fyrir sinu Landi frá Landamerkiunum milli hennar og Jardarinnar Kiólsvíkur og allt sudur að þeim Grióthaug sem stendur á Sandinum fyrir sunnan Litlanes að undantekinni allri Kaldasteins eda Kallasteinsfjöru eda þeim 2 Fjörum eda Básunum sem kalladir eru nyrðri og Sydri Hvalfiara og Svínavíkinni frá Litlanesi að Skipavogunum, hvör Rekapláts tildæmast Husavíkur Kyrkiu í Borgarfyrði hvar hiá þeir Innstefndu Proprietairus Hallgrímur Ólafsson á Húsavík og Kiartan Ólafsson á Dallandi eiga enn fyrir báda og bádir fyrir einn að borga til Prestsins Síra Gudmundar Erlendssonar sem beneficiato til Klifstadar 6/8 parta af virði þess Hvalkálfs sem Sumarid 1842 rak upp í Bás nokkurn undir Grenmo eptir óvidkomandi af Réttinum útnefndra Manna álitu.

Að því leiti Stefndandinn hefur giört uppástand um að fá ser til dæmda hina 2/8 Parta af Hvalsverdinu frávisast Sökinni.<sup>511</sup>

<sup>506</sup> Skjal nr. 2(686).

<sup>507</sup> Skjal nr. 2(714).

<sup>508</sup> Skjöl nr. 2(715)–2(717).

<sup>509</sup> Skjal nr. 2(290).

<sup>510</sup> Skjal nr. 2(717).

<sup>511</sup> Skjal nr. 2(718).

Í prófastsvísitasíu Desjarmýrarkirkju frá 12. ágúst 1844 er getið ágreinings um Efri-Fitjar en fram kemur að málið hafi verið útkljáð með sáttasamningi.<sup>512</sup>

Hinn 19. maí 1845 lögfesti Sigurður Guðmundsson land klausturjarðarinnar Ness. Lögfestan var þinglesin fyrir manntalsrétti að Dvergasteini þann 22. maí sama ár og aftur að Desjarmýri 24. maí undir mótmælum Hallgríms Ólafssonar í Húsavík.<sup>513</sup>

Í prófastsvísitasíu Húsavíkurkirkju frá 21. ágúst 1847 segir að rekamál milli Húsavíkureiganda og prests á Klyppstað sé útkljáð og að Húsavík hafi verið útdæmdar svokallaðar Kallasteinsfjörur, annars nefndar nyrðri og syðri Hvalfjara.<sup>514</sup> Sama kemur fram í prófastsvísitasíu Klyppstaðarkirkju frá 20. ágúst 1847.<sup>515</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Húsavík metin 60 hundruð að dýrleika og skráð sem bænda eign að hálfu og eign Húsavíkurkirkju að hálfu. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1696 hafi hjáleigan Dalland verið metin sex hundruð.<sup>516</sup>

Hinn 23. september 1848 var á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir rekamál prófastanna sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi og sr. Stefáns Árnasonar á Valþjófsstað annars vegar og bræðranna Hallgríms og Kjartans Ólafssona hins vegar vegna tilkalls þeirra fyrrnefndu til áttungs úr hval sem rekið hafði þann 4. júlí 1842 í bás undir Grenmó í landi Stóru-Breiðuvíkur. Fram kemur að 6/8 hlutar hvalsins höfðu verið dæmdir til Klyppstaðarkirkju með dómi dagsettum 21. nóvember 1844. Ýmis skjöl voru lögð fyrir sáttafundinn, meðal annars um að skipa þyrfti nýja sáttanefnd þar sem hinir upprunalegu nefndarmenn hefðu of mikil tengsl við málsaðila. Bræðurnir Hallgrímur og Kjartan neituðu að greiða til sækjenda tvo áttunga úr hvalnum og umboðsmaður prófastanna kvaðst enga heimild hafa til að gefa eftir kröfur þeirra. Málinu var því vísað frá nefndinni til úrskurðar dómstóla.<sup>517</sup>

Við aukarétt 31. maí 1849 var tekið fyrir annað mál tengt hvalnum sem rak upp við Grenmó í landi Stóru-Breiðuvíkur árið 1842. Prófastarnir Guttormur Pálsson í Vallanesi og Stefán Árnason á Valþjófsstað gerðu tilkall til Hallgríms og Kjartans Ólafssona um að fá greidda 2/8 hluta af andvirði hvalsins.<sup>518</sup> Málinu var framhaldið við aukarétti 16. júlí, 15. ágúst og 21. september 1849 en var að lokum vísað frá.<sup>519</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Húsavík:

Húsavík

med hiáleigunum Hólshúsum og Dallandi, sem hver um sig er talin 6<sup>hndr</sup> ad dýrleika; túnin fódra 7 kyr, útheyid med siáfarbeit og landbeit 160 ær 180 saudi 90 lömb og 8 hesta, túnin ad miklu leiti ógreid, eingi vidast greidt, úthey allgott afgiafar; heldur óhentugt kríngum túnin til ræktunar; ærnyt á sumri 35 pottar og kyrnyt í mál á sumri 7 merkur, sauidir skérast til jafnadar med 15 pundum, kvíær med 5 til 6 pundum, lyng er

<sup>512</sup> Skjal nr. 2(438).

<sup>513</sup> Skjöl nr. 2(266) og 2(745).

<sup>514</sup> Skjal nr. 2(471).

<sup>515</sup> Skjal nr. 2(483).

<sup>516</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>517</sup> Skjal nr. 2(335).

<sup>518</sup> Skjal nr. 2(833).

<sup>519</sup> Skjöl nr. 2(719)–2(721).



til en kvistur ekki; griót má fá en óhentugt, hella fæst en vond; vatni má veita sumstadar, mótak brúkanði; landbeit þó skialdan til nær allgóð en síáfarbeit ágíæt; jörðin á nóga afrétt fyrir sig. Reki fyrir landi jardarinnar heldur að miklu leiti við húsum; þaradauki eru Húsavíkur kyrkiu eignud rekaítök fyrir Stórubreiðuvíkur landi og lítid ítak fyrir Hafnar landi sem menn álíta géfi af ser til jafnadar 1<sup>rd</sup>48s. á ári; síáfarafli svari hérumbil 4 manndum; lending allgóð; torfskéra slæm; reidíngur eingin, gripahættur miklar á landi og við síó; brádafár nokkurt liggur þar á landi; landbrot skadleg á heimatúninu; aurlaup og skridur víða, eingiar sumar miög fiærri; þokur miklar og óþurkar, lid til af nota jarðirnar þykir þurfa 10 karlmenn 9 kvennmenn og 3 smalar. Jörðin með báðum hiáleigunum var vyrðt á 1875 (eitt þúsund átta hundrud og síötíu og fimm.) rbd.<sup>520</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 11. apríl 1850, 11. júlí 1851, 28. maí 1852, 13. júlí 1853, 8. júlí 1854, 4. júní 1855 og 31. maí 1856 var lýst friðhelgi á Hafnarhólma, er lá undir Njarðvík, Æðarskeri sem tilheyrði Brúnavík og Vogaskeri og Krústapa sem heyrðu undir Húsavík. Á síðastnefnda þinginu var einnig friðlýst nótalögum út af Kerlingarfjöru fyrir Bakkalandi. Þá var friðhelgi lýst á æðarvarpsplássum í Hafnarhólma og Æðarskeri við manntalsþing að Dvergasteini 23. júní 1855 og sama var gert við manntalsþing að Desjarmýri 26. júní 1861.<sup>521</sup>

Hinn 2. júní 1855 lögfesti Hallgrímur Ólafsson kirkjustaðinn Húsavík. Lögfestan er svohljóðandi:

Eg Hallgrímur Olafsson lögfesti hér í dag eign mína, kirkjustaðinn Húsavík, liggjandi við Borgarfjörð og sjálfrar sinnar kyrkjusókn, með öllum hennar afbýlum, byggðum og óbyggðum henni fylgjandi samt gögnum og giæðum, innan þessara tilteknu landamerkja sem fylgir: að sunnanverðu réttvíslega til Ness lands í Loðmundarfyrði í Stigaklett /:sem áður kallaðist Stallklettur:/ fyrir innan svokallaða innri Alftavík, og þaðan réttlínis á fjall upp, og eptir sem vötnum hallar á Sandskeið, þaðan uppa fjall kallað Skjæling, og svo fram og norður eptir fjallgörðum öllum fyrir innan áðurnefnda Húsavík, allt á Náttmálafjall, af Náttmálafjalli á Húsavíkur heiðarvarp, þaðan beina sjónhendíngu í fremra Giæsavatn, og svo beint í á þá er fellur ámillum Breiðavíkna, og eptir henni til þess stærsta melshorns sem er nyrðst og ytst við ána að sunnanverðu, og rétta sjónhendíng úr sama melshorni í sjó út, allt í löglega fiskhelgi, síðan suður með öllu landi, allt til réttra aðurgreindra landamerkja millum Ness og Alftavíkur; lögfesti eg land og reka – landfastann og á floti – skér og úteyar, eggvarp og eyðihólma, hús og heimili öll, töður og akra, engiar, holt, haga, vötn og veiðistöður, skóga og skammviði, grös og giæði öll, sem greindri landeign fylgja ber, og fylgt hefir með réttu, og ei er enn með lögum frákomíð. – Fyrirbýð eg hvörjum manni greinda landeign, með því sem henni tilheyrir sér að nýta, yrkja eður í að vinna, utan mitt sé lof eður leyfi fyrir; nema þeir sem svo vilja giöra bevísi eður rigtug skjöl og skilmála auglýsi að rétt til hafi. – Tilskiljandi að þessi mín lögfesta sé eignarhalds auglýsingar skjál greindrar fasteignar; fyrir hvörja lögfestu, sem og tiltekna landeign með því sem henni til heyrir, ég legg lög og dóm, vilji nokkur órettvísann ágang veita, og sektir við eptir lögum á rángri og ólöglegri brúkun. –

Lögfesti eg að orðfullu, og eptir minni hyggju og vitund, lögfullu og lögmáli réttu. –

J sama laganna frelsi sem framan skrifaða lögfestu, lýsi eg og tilskil ítök Húsavíkur kyrkju innan téðra merkja sem fylgir, nefnilega: hinn 16<sup>da</sup> hlut í öllum Os-reka, og 8<sup>da</sup> part í öllum reka suður frá Greipsgjá til Almenníngar fjöru undir Vogsfjöllum, allann reka a Kaldasteinsfjöru, og allann reka á Svínavík. –

<sup>520</sup> Skjál nr. 2(132).

<sup>521</sup> Skjöl nr. 2(682) og 2(700)–2(707).

Fyrirbýð ég öllum sér nokkuð að nota án míns leyfis af ofan skrifuðum kyrkju ítökum, að allra þeirra vitni, sem þessa mína lögfestu heyra, og vita hvar þessi kyrkiu ítök eru.<sup>522</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1855 var auglýst ofangreind lögfesta, dagsett 2. júní 1855, fyrir jörðinni Húsavík og mótmælti umboðsmaður Skriðuklausturs henni hvað Innri-Álftavík snerti. Þá mótmælti einnig presturinn á Desjarmýri að því leyti sem snerti stefnulínuna af Húsavíkurheiðarvarpi í mitt Gæsavatn, því hún skæri horn af Desjarmýrarlandi þeim megin fjallseggja, þótt hann játaði að það land væri engri skepnu til nota.<sup>523</sup>

Hinn 8. nóvember 1854 kærði Hallgrímur Ólafsson til sáttanefndar að Eiríkur Einarsson á Álftavík hafi ekki farið aðf jörðinni þrátt fyrir auglýsta útbyggingu.<sup>524</sup> Við aukarétt að Desjarmýri 5. júní 1855 var tekin fyrir sök milli Hallgríms Ólafssonar, sjálfseignarbónda í Húsavík, og Eiríks Einarssonar, bónda í Álftavík. Sátt náðist milli þeirra sem fólst í því að Eiríkur lofaði að flytja frá Álftavík á fardögum 1856 gegn því að Hallgrímur krefðist ekki landskuldar fyrir hið nýbyrjaða fardagaár.<sup>525</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 3. júní 1856 var Jóni Árnasyni byggður jarðarpartur í heimalandi Húsavíkur, þ.e. upp á tvö hundruð að dýrleika. Fram kemur að jörðin var í eigu bræðranna Ólafs og Þorgríms Kjartanssona.<sup>526</sup>

Hinn 2. júní 1858 fór fram fundur hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis þar sem tekið var fyrir mál Hallgríms Ólafssonar gegn Kjartani Ólafssyni á Dallandi og sonum hans Ólafi og Þorgrími. Málið var risið af því að Kjartan hafði of seint sagt upp ábúð Hallgríms á parti í Húsavík. Sættir náðust ekki og var málinu vísað til laga.<sup>527</sup> Málið var tekið fyrir að nýju á fundi sáttanefndar þann 3. júní 1859 en var þó að vissu leyti tvíþætt þar sem það fjallaði einnig um bygginu Ólafs Péturssonar frá Álftavík á hluta í heimatúni Húsavíkur. Bræðurnir Ólafur og Þorgrímur Kjartanssynir höfðu byggt Ólafi þann hluta í heimatúni Húsavíkur sem þeir áttu en Kjartan faðir þeirra hafði sagt upp ábúð Hallgríms bróður síns á öðrum hluta í túninu sem var í hans eigu. Hallgrímur var ósáttur við þá framkvæmd og kærði málið til sáttanefndar árið 1858 og vildi nú á ný gera sáttatilraun. Fyrst var rætt um byggingu Ólafs Péturssonar þar sem Dallandsmenn, þ.e. bræðurnir Ólafur og Þorgrímur, höfðu byggt honum sinn part í Húsavík. Umboðsmaður Hallgríms, Jón Árnason faktor á Seyðisfirði, kvaðst ekki mótmæla þeirri byggingu. Um útbyggingu Hallgríms hins vegar lagði hann fram samning frá 13. mars 1838 milli Kjartans og sr. Einars Hjörleifssonar, sem þá átti mikinn hluta í Húsavík. Í samningnum segði að Kjartan gæfi sr. Einari öll byggingarumráð yfir sínum hluta í heimajörðinni og öll afnot, gegn því að þurfa ekki að gjalda neitt af Dallandi. Jón faktor vildi meina að af þessum samningi hefði Hallgrímur umráð yfir hluta Dallandsmanna.

<sup>522</sup> Skjal nr. 2(363).

<sup>523</sup> Skjöl nr. 2(363) og 2(705).

<sup>524</sup> Skjal nr. 2(294).

<sup>525</sup> Skjal nr. 2(802).

<sup>526</sup> Skjal nr. 2(380).

<sup>527</sup> Skjal nr. 2(339).

Sáttanefnd var þó ekki sammála gildi samnings milli bræðranna á Dallandi og Hallgríms líkt og hann hafi líkleg gert milli Kjartans og sr. Einars þegar þeir áttu jörðina saman. Þá er skráð í sáttabókina að samningurinn hafi sjaldan verið haldinn og að flestu leyti byggður á misskilningi um réttindi Húsavíkursameigenda. Sáttanefnd kvaðst því ekki geta reynt sátt byggða á samningnum. Vísir að sátt milli aðila komst hins vegar á þegar Ólafur Kjartansson kvaðst myndi láta umboðsmann Hallgríms hafa öll ráð yfir hlutum í jörðinni til næstu fjögurra ára, með því móti að hann yrði forsvaranlega hirtur og að eigendur fengju af honum jafna landskuld. Umboðsmaður kvaðst á móti reyna koma því í verk að útlagðir væru úr Húsavíkurengjum samsvarandi engjapartar til ábýlis Ólafs Péturssonar og einnig lofaði hann að reyna að sjá til þess að Dallandsbræður fengju til stuðnings nautum sínum einhvern blett, helst inni í Húsavíkurengi í Gunnhildardal.<sup>528</sup>

Á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis 2. júní 1859 var tekið fyrir mál Hallgríms Ólafssonar, óðalsbónda í Húsavík, gegn Ólafi Péturssyni, bónda á Dallandi í Húsavík. Málið var risið vegna vangoldinna skulda meðan Ólafur bjó í Álftavík og ýmsum ónotum í nágrenninu. Meðal krafna á hendur Ólafi var að hann skyldi greiða þrjá ríkisdali sem honum hafði verið gert að leggja ofan á helming Álftavíkur. Sátt náðist milli aðila þannig að Ólafur lofaðist til að greiða álag við skemmubyggingu og þá var hann einnig sáttur við verkakaup sitt. Aðrir liðir voru felldir niður.<sup>529</sup>

Hinn 5. júní 1861 fór fram úttekt á jörðinni Húsavík vegna ábúendaskipta. Frávíkjandi var Ingibjörg Bjarnardóttir og viðtakandi Einar Jónsson. Ingibjörg fékk leyfi til að nota fjárborgir þær sem Einar tók í álag fyrir sínar kindur eftir þörfum.<sup>530</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu í fardögum 1877 var Runólfi Þorsteinssyni byggð jörðin Húsavík, 33 hundruð að dýrleika að fornu mati en 36,16 hundruð að nýju mati. Í bréfinu er einkum fjallað um rekaréttindi sem fylgdu byggingunni.<sup>531</sup>

Með gjafabréfi, dagsettu 31. ágúst 1885, gaf Óli Carl Ferdinand Arnesen systur sinni, Guðrúnu Sigríði á Skorrastað jörðin Húsavík í Borgarfirði, 33 hundruð að dýrleika. Fram kemur að Óli hafi fengið jörðina í arf frá Ingibjörgu Björnsdóttur heitinni.<sup>532</sup>

Með bréfi dagsettu 24. febrúar 1887 sendi amtmaður landshöfðingja skýrslu og fylgiskjöl varðandi nokkrar landamerkjaprætur milli jarða í Loðmundarfirði. Amtmaður ritaði umsögn og tillögu um prætumál varðandi þjóðjörðina Nes og bændakirkjújörðina Húsavík en ágreiningurinn snerist um Innri-Álftavík. Amtmaður lagði til að ekki yrði látið undan kröfum eiganda Húsavíkur og ritaði eftirfarandi um málið:

Að endingu er ágreiningur um landamerki þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði og Húsavíkur, sem er bændakirkjújörð, eða hjáleigunnar þaðan Álptavíkur, og er ágreiningsefni Álptavík (Alptavík Innri), sem er afrjett góð og beitiland, og er undir því komið, hvort landamerkin eru miðuð við Stafklett eða Stiga (Stalkklett). Það er eigi

<sup>528</sup> Skjal nr. 2(342).

<sup>529</sup> Skjal nr. 2(340).

<sup>530</sup> Skjal nr. 2(355).

<sup>531</sup> Skjal nr. 2(381).

<sup>532</sup> Skjal nr. 2(365).

annað að ráða af vitnisburðum þeim, sem hjermeð fylgja, og lögfestu umboðsmanns Skriðuklausturs, Sigurðar Guðmundssonar á Eyjólfstöðum, 19. maí 1845, en að þræta hafi verið fyrir hjer um bil 40 árum um Álptavík þessa, og ganga vitnisburðirnir allir í þá átt, að vikin hafi um langan tíma verið notuð af Nesbændum, og verið álitin heyra undir Nes, en málgögn Húsavíkureiganda eru eigi fram komin öðru vísi, en að þau eru nefnd í brjefi umboðsmannsins, 30 f.m., sem hjermeð fylgir og áður er nefnt; meðal þeirra er talin útskrift úr máldögum Wilchins biskups og Gísla Jónssonar, sem hjermeð fylgir, en þessi útskrift nefnir ekki Álptavík, eins og umboðsmaður drepur á, en á þetta atriði legg jeg enga áherzlu, þarsem það þó er ómótmælt, að Hjáleiga ein frá Húsavík nefnist Álptavík. Með því nú samt margir vitnisburðir eru fyrir því, að Álptavík (Innri) heyri til Nesi, verð jeg að álíta það rjettast, að láta eigi undan kröfum eiganda Húsavíkur, heldur leggja agreininginn í dóm.<sup>533</sup>

Landshöfðingi svaraði með bréfi dagsettu 7. maí 1887 og samþykkti tillögur amtmanns um málsframvindu.<sup>534</sup> Frekari bréfsendingar gengu síðan milli amtmanns og landshöfðingja í júní 1887 um málgögnin.<sup>535</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Húsavíkur er dagsett 17. maí 1887 en hún var þinglesin við manntalsþing að Seyðisfjarðaröldu 2. júní 1893 og að Desjarmýri 24. júní 1893. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði – en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álptavík og Litla-Breiðavík – eru þessi:

að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álptavík beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjallið Skæling, og þar næst fram og norður eptir fjallgördum á fjall, er heitir Skúmhöttur, að því búnu eptir vatnalínu á fjallgördunum innan við Húsavík beina leið til Borgarfjarðar allt á Náttmálafjall, þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunna við ána, og því næst beint til sjóar eptir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar, yfir Melshornið eða Bringu.

Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla, visitaziubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðarþinghá, og áttung suður frá Greipsgjá til almenningafjöru (þetta er hvortveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins- eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svinavík (þetta hvortveggja í Stóru-Breiðuvík)

Dvergasteini, 17. maí 1887.

Fyrir hönd síra Jónasar Hallgrímssonar á Skorrastað, eiganda Húsavíkur, Hólshúsa og Álptavíkur

Björn Þorláksson

Dallandi og Dallandsparti, 21. júní 1887.

Ólafur Kjartansson eigandi Dallands.

<sup>533</sup> Skjal nr. 2(495).

<sup>534</sup> Skjal nr. 2(496).

<sup>535</sup> Skjöl nr. 2(497)–2(498).

Kristín Sæbjörnsdóttir eigandi Dallandsparts.

Vestdalseyri, 17. maí 1887.

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens

Sigurður Jónsson.

Af hálfu Desjarmýrarkirkju, er á land á löngu svæði til móts við Húsavík, samþykkist hið framanritaða

Desjarmýri, 18. maí 1887.

Einar Vigfússon.

Sem umsjónarmaður Klyppstaðarkirkju, er á land til móts við Húsavík á fleirum stöðum, samþykki jeg hið framanritaða.

Klyppstað, 21. júní 1887

Finnur Þorsteinsson.

Lagt fram í aukarjetti Norður-Múlasýslu 27. júní 1889 –

Einar Thorlacius.<sup>536</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 28. júlí 1890 segir að landamerkjaskrá hafi verið samin en ekki samþykkt af öllum hlutaðeigendum og því ekki þinglesin.<sup>537</sup>

Með bréfi dagsettu 9. apríl 1891 sendi amtmaður landshöfðingja afrit af tveimur landamerkjadómum, uppkveðnum 29. og 30. ágúst 1890. Annað málið varðaði Álftavík þar sem ágreiningur var milli eiganda Húsavíkur og umboðsmanns þjóðjarðarinnar Ness. Amtmaður lagði til að dómnum yrði þinglýst og hann færður inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Að öðru leyti ræddi amtmaður upphæðir málskostnaðar í bréfi sínu.<sup>538</sup> Landshöfðingi ritaði amtmanni bréf þann 6. maí 1891 og samþykkti tillögur amtmanns um viðbrögð við landamerkjadómunum og endursendi afrit þeirra.<sup>539</sup>

Í virðingargjörð á  $\frac{3}{4}$  hlutum jarðarinnar Húsavíkur, dagsettri 19. júlí 1902 og framkvæmdri að ósk eigandans Jónasar Hallgrímssonar, segir að jörðin var metin að fornu mati á 12 hundruð en að nýju mati á 27 hundruð. Í athugasemdum sem skrifaðar voru á virðingargjörðina segir hins vegar að hundraðatal sé vitlaust og að heimajörðin Húsavík hafi að fornu verið metin 44 hundruð og hinir  $\frac{3}{4}$  hlutar því verið 33 forn hundruð. Þá fylgdi jörðinni kirkja sem allir Húsvíkingar, þ.e. einnig á Dallandsparti, Hólshúsum og Dallandi, áttu að halda við.<sup>540</sup>

Með kaupsamningi, dagsettum 8. nóvember 1908, seldi Jónas P. Hallgrímsson Gunnari Jónssyni jörðina Húsavík í Borgarfirði með öllum húsum fyrir 3.000 kr. Í samningnum er jörðin nefnd Heima-Húsavík, 33 hundruð að dýrleika.<sup>541</sup> Afsalsbréf fyrir eigninni er dagsett 1. júlí 1909.<sup>542</sup>

<sup>536</sup> Skjal nr. 2(43).

<sup>537</sup> Skjal nr. 2(409).

<sup>538</sup> Skjal nr. 2(504).

<sup>539</sup> Skjal nr. 2(505).

<sup>540</sup> Skjal nr. 2(356).

<sup>541</sup> Skjal nr. 2(366).

<sup>542</sup> Skjal nr. 2(367).

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Húsavík var metin á 6.000 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar séu innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu ásamt landamerkjum Hólshúsa, Dallands, Dallandsparts, Álftavíkur og Litluvíkur. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Árni Jón Sigurðsson.<sup>543</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Húsavíkur, með jörðunum Hólshúsum, Dallandi og Dallandsparti, er dagsett 26. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavík í Borgarfirði

– en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland og Dallandspartur – eru þessi:

Að sunnanverðu af Örvasandi syðst, beina línu upp í Álftavíkurtind og þaðan eftir hæstu fjallaröðum inn Álftavíkureggjar í Miðmundapúfu. Úr Miðmundapúfu í Miðdegisfjall og þaðan eftir Fossadalsvarpi, yfir Nónfjall, eftir Neshálsi og upp á fjallið Skæling; þar næst fram og norður eftir fjallgörðum á fjall er heitir Skúmhöttur, að því búnu eftir hæstu fjallaröðum út á svokallað Náttmálafjall og þaðan eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnúk. Því næst út fjallsraðir á Leirufjall og þaðan í Sólfjall og úr Sólfjallstindi beina stefnu í Gríðarnestá, er skagar lengst í sjó fram.

Kirkjan í Húsavík (en kirkjuna eiga jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álftavík og Litlavík, hlutfallslega eftir hundraðatali) á samkvæmt máldögum Vilchins, Gísla, vísitaziubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðapínghá og áttung suður frá Greipsgjá til Almenningsfjöru (þetta er hvort tveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svínavík (þetta hvort tveggja í Stóru-Breiðuvík).

Húsavík 26. desember 1921

Arni J. Sigurðsson eigandi Húsavíkur

Björn Sveinsson eigandi Dallandsparti

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens, Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki milli Desjarmýrar og Húsavíkur samþykki eg undirritaður.

Desjarmýri 28. desember 1921

Vígfús I. Sigurðsson (prestur á Desjarmýri)

Seljamýri 15. janúar 1922

Jón Jónsson (eigandi Seljamýrar)

15. janúar 1922

Halld. Pálsson (eigandi Ness.)

Undirskrift forsvarsmanns Álftavíkur og Hólshúsa vantar, eiganda Dallands, forsvarsmanns Óss í Hjaltastaðapínghá, eiganda Hafnar og forsvarsmanns Breiðuvíkur.

Bjargi 31. janúar 1922

<sup>543</sup> Skjal nr. 2(172).

Hannes Sigurðsson

[...]

Ítök reka, haga og fjörubeitar.

Jörðin Húsavík í Borgarfjarðarhreppi á 5/8 – fimm áttundu – úr öllum reka Húsavíkureignarinnar, en það eru jarðirnar Húsavík, Dallandspartur, Hólshús og Dalland, en úr haga og fjörubeit téðrar eignar eftir hundraðatali (sem er fyrir 1000 – eitt þúsund – fjár og 30 – þrjátíu – stórgripi) samkvæmt gerðri áreið.

Árni J. Sigurðsson eigandi Húsavíkur.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Makaskiftasamningur.

Vjer undirritaðir gerum svofeldan samning:

Eg Sveinn Pálsson bóndi á Dallandi í Borgarfjarðarhreppi læt Árna Jón Sigurðsson bónda í Húsavík í Borgarfjarðarhreppi fá til eignar og allra afnota slægjuland það og hestabeit, er eg á á Skálanesi. Fyrir þetta fæ eg hjá téðum Árna Jóni Sigurðssyni engjastykki, er heitir Þrætutunga og er afmarkað af engjastykkinu Dallandsparti að utan, en læk, sem rennur úr Tröllgili að framan.

Til staðfestu eiginhanda nöfn okkar í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Dallandi 20. janúar 1922

Sveinn Pálsson

Árni J. Sigurðsson

Vitundarvottar:

Bjarni Jónsson

Ásgrímur Jónsson<sup>544</sup>

### 5.14.1 Hólshús í Víkum

Í kirknaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt skjal varðandi sölu Hólshúsa og Húsavíkur. Á skjalinu segir að hinn 8. maí 1790 hafi farið fram kaupgjörningur þar sem Evert Wium seldi Ólafi Hallgrímssyni jörðina Hólshús í Húsavíkursókn, sex hundruð að dýrleika. Þá segir að þann 9. október 1790 hafi annar kaupgjörningur orðið milli sömu manna þar sem Evert seldi Ólafi jörðina Húsavík, 14 hundruð að dýrleika. Evert kvittaði svo árið 1793 að kaupverðið hafi að fullu verið greitt.<sup>545</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 15. maí 1795 voru upplestin kaupbréf Ó. Hallgrímssonar, dagsett 8. maí 1790 og 9. október 1790, fyrir Hólshúsum, sex hundruð að dýrleika, og Húsavík, 14 hundruð að bóndaeignar forngildi, af Evert Wium. Við sama þing var birt annað skjal, dagsett 16. maí 1791, áhrærandi það slæma ásigkomulag túns, húsa og engja Húsavíkur þegar umræddur kaupgjörningur átti sér stað.<sup>546</sup>

<sup>544</sup> Skjal nr. 2(44).

<sup>545</sup> Skjal nr. 2(359).

<sup>546</sup> Skjal nr. 2(786).

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hólshúsa ekki tilgreindur. Jörðin var hjáleiga frá Húsavík. Eigandi jarðarinnar var ekki tilgreindur.<sup>547</sup>

Hinn 21. apríl 1832 skrifaði sr. Einar Hjörleifsson á Ketilsstöðum í Útmanasveit bréf til biskups vegna eignarhalds á Húsavík í Víkum eftir andlát Ólafs Hallgrímssonar. Einar lýsti eignarhaldi og skiptingu jarðarinnar svo:

Fyrrverandi Proprietarius til Husavíkur Olafur Hallgrímsson – sem saladist á nærstl. Hausti – skipti í lifanda lífi bondaEigninni í tedri Jörðu milli 3<sup>ia</sup> Sona sinna Abrahams Kjartans og Hallgríms, soleidis: ad Abraham feck 8½ hndr. úr HeimaJordunni Husavík – sem Kyrkjan stendur á – Kjartan 5½ hndr. úr somu Jörðu, enn Hallgrímur Kotid Hólshús liggjandi í Husavíkur KyrkjuSokn 6 hndr. ad dyrleika<sup>548</sup>

Einar kvaðst hafa fyrir bón Abrahams haft makaskipti á jarðarparti sem hann átti fyrir hlut Abrahams í Húsavík og gert samning við Kjartan þar sem hann afsalaði sér allri ábyrgð og afnotum kirkjueignarinnar eftir tiltölu. Hallgrímur héldi því hins vegar fram að sér bæri hlutdeild í kirkjuhluta jarðarinnar eftir tiltölu. Sr. Einar óskaði eftir álitu biskups um eignarhald Hallgríms, þar sem hann segðist hafa umráð yfir kirkjuhlutanum í Húsavík að jafnri tiltölu við bóndaeignina, líklega vegna þess að Hólshús hafi verið óskipt úr Húsavík.<sup>549</sup>

Hinn 10. desember 1832 skrifaði Abraham Ólafsson á Bakka í Borgarfirði biskupi vegna eignarhalds á Húsavík í Víkum og hjáleigu hennar Hólshúsum. Abraham vitnaði í bréfinu til tveggja kaupbréfa því til stuðnings að hann væri réttmætur eigandi bóndaeignarinnar í Húsavík og jafnframt umráðamaður kirkjueignarinnar í sömu jörð.<sup>550</sup>

Hinn 28. desember 1832 skrifaði Hallgrímur Ólafsson eigandi Hólshúsa í Víkum bréf til biskups vegna eignarhalds á Húsavík í Víkum. Hallgrímur lýsti bæjaskipan Húsavíkur, Hólshúsa, Dallands og Álftavíkur og þá er Litluvíkur og Skálaness getið. Í bréfinu segir:

Húsavíkr Torfan, sem alkunnugt er, er öllu sömum 40 hndr. ad Dyrleika, þaraf er Helfingurinn eda 20 hndr. Bóna Eign, enn hinn helfingurinn er Eign Kyrkjunnar, sem á Lóðinni stendr. A þessari Torfu eru fyrir nær verandi Tid fylgjandi bygd Byli: Húsavík og Hólshús, hvorra Tún liggja samann og ná ad Sjó nidur; Dalland innar í Vikinni bæarleidarkorn frá Sjó; Alptavík uppbygd á ny fyrir fáum árum sidann, á Nesi, sunnann til vid Húsavíkina og Litlavík nordann til vid Húsavíkina. Af þessum bylum er nú óskipt Land milli Húsavíkur, Hólshúsa, og Dallands, enn Litlavík og Alptavík eru afdeild vid nattúrleg Takmörk, nefnil: Fjallsveggjar og Skridur. Ejdibilid Skálanes, er S<sup>ia</sup> Einar Hjörleifsson gétur umm, hefr leigid Húsavíkur meiginn á Nesi því, er liggur milli Húsavíkur og Litluvíkur, enn reiknast nú med til Húsavíkur Lands og brúkast nú, mest til Saudfjár beitar, sameiginlega frá Húsavík og Hólshúsum, og, þegar áliggr, frá Dallandi Kyrjunnar Ejgn er litlavík 6 hndr., Dalland 6 hndr., eptir munnmælum Skálanes, er eg heirt hefi ad verid hafi 4 hndr., og þessvegna 4 hndr. í Húsavík, i alt 20 hndr.; Bóndaejgn er: Hólshús 6 hndr., Alptavík 4 hndr. og 10 hndr. í Húsavík, hvar hjá þess er ad géta, ad i daglegu tali, og eins í Skiptunum eptir Födur minn sáluga, er Alptavíkur reki gétid, en hennar Hundrada tal er reiknad til Húsavíkur: A allri þessari Lód, stendr

<sup>547</sup> Skjal nr. 2(76).

<sup>548</sup> Skjal nr. 2(559).

<sup>549</sup> Skjal nr. 2(559). Sjá einnig afrit bréfsins í skjali nr. 2(369).

<sup>550</sup> Skjal nr. 2(554).



nú Kyrkjann með þeim Skildaga, að henni og hennar Inventario sé öllu við haldid og henni þarad auki gjördr rétr Reikningur og skil á hennar portjóns Inntektum, samt að Prestinum sé svarad sinu Salarjo, er nú, í því lánga Tid er menn til vita, 6 f: Smjör's<sup>551</sup>

Hallgrímur hafnaði því að samningur sá er Einar Hjörleifsson prestur gerði við Kjartan Ólafsson á Dallandi, bróður sinn, hefði nokkurt gildi.<sup>552</sup>

Hinn 21. janúar 1833 skrifaði Guttormur Þorsteinsson prófastur biskupi vegna eignarhalds á Hólshúsum í Víkum. Guttormur bað biskup um afrit allra gagna stiftsins er snertu eignir Húsavíkurkirkju, einkum varðandi dýrleika heimajarðar kirkjunnar og eignarhlut kirkjunnar í henni.<sup>553</sup> Biskup svaraði með bréfi dagsettu 7. mars 1833 og sendi afrit af máldögum og vísitasíum varðandi dýrleika heimajarðar Húsavíkurkirkju og um dýrleika Skálaness.<sup>554</sup> Biskup sendi annað bréf til sr. Guttorms þann 12. nóvember 1833 og svaraði fyrirspurn um hvort Hólshús, sex hundruð að dýrleika, gætu átt tiltölu til umráða kirkjueignarinnar í Húsavík. Biskup sagði óneitanlegt að Hólshús væru einn hluti af Húsavíkurbændaeign, sem teldist 20 hundruð móti jafnstórri kirkjueign.<sup>555</sup>

Hinn 14. júlí 1833 skrifaði Guttormur Þorsteinsson prófastur biskupi vegna eignarhalds á Húsavík í Víkum og hjáleigum hennar. Guttormur sagði deildar meiningar vera milli Hallgríms Ólafssonar og sr. Einars Hjörleifssonar um eignarhald á landi Húsavíkur og taldi Hólshús, eignarjörð Hallgríms, alfarið vera bóndaeign.<sup>556</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 1 júní 1841 var Guðmundi Andræssyni og Sigurði Guðmundssyni byggð jörðin Hólshús, sex hundruð að dýrleika. Í bréfinu segir að landsetar skuldbindi sig til að bægja gripum frá svokölluðu Stekkárholti sem tilheyrði jarðeiganda.<sup>557</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 16. júlí 1844 var Stefáni Pálssyni byggð hálf jörðin Hólshús.<sup>558</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hólshús ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga frá Húsavík.<sup>559</sup>

Í umfjöllum um Húsavík í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir að hjáleigan Hólshús sé talin sex hundruð að dýrleika. Jörðin með hjáleigunum Hólshúsum og Dallandi var svo metin á 1.875 ríkisbankadali.<sup>560</sup>

Hinn 3. júní 1859 fór fram fundur hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis þar sem tekið var fyrir mál ekkjunnar Önnu Jónsdóttur gegn ónefndum aðila. Ákærði mætti ekki á fundinn en bað um að honum yrði frestað og að hann yrði haldinn í Húsavík. Kærandi

<sup>551</sup> Skjal nr. 2(556).

<sup>552</sup> Skjal nr. 2(556).

<sup>553</sup> Skjal nr. 2(553).

<sup>554</sup> Skjal nr. 2(599).

<sup>555</sup> Skjal nr. 2(601).

<sup>556</sup> Skjal nr. 2(557).

<sup>557</sup> Skjal nr. 2(378).

<sup>558</sup> Skjal nr. 2(379).

<sup>559</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>560</sup> Skjal nr. 2(132).

féllst á frestunina en ekki tilfærslu fundarstaðar. Málið snérist um svik hins kærða við Önnu um ábúð á Hólshúsum.<sup>561</sup>

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Húsavíkur, sem er dagsett 17. maí 1887, er Hólshúsa, Dallands, Dallandsparts, Álftavíkur og Litlu-Breiðuvíkur getið. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing að Seyðisfjarðaröldu 2. júní 1893 og að Desjarmýri 24. júní 1893. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði – en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álptavík og Litla-Breiðavík – eru þessi:

að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álptavík beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjallið Skæling, og þar næst fram og norður eptir fjallgördum á fjall, er heitir Skúmhöttur, að því búnu eptir vatnalínu á fjallgördunum innan við Húsavík beina leið til Borgarfjarðar allt á Náttmálafjall, þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatni, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíknna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunna við ána, og því næst beint til sjóar eptir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar, yfir Melshornið eða Bringu.

Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla, visitaziubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðarþinghá, og áttung suður frá Greipsgjá til almenningafjöru (þetta er hvorttveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins- eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svinavík (þetta hvorttveggja í Stóru-Breiðuvík)

Dvergasteini, 17. maí 1887.

Fyrir hönd síra Jónasar Hallgrímssonar á Skorrastað, eiganda Húsavíkur, Hólshúsa og Álptavíkur

Björn Þorláksson

Dallandi og Dallandsparti, 21. júní 1887.

Ólafur Kjartansson eigandi Dallands.

Kristín Sæbjörnsdóttir eigandi Dallandsparts.

Vestdalseyri, 17. maí 1887.

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens

Sigurður Jónsson.

Af hálfu Desjarmýrarkirkju, er á land á löngu svæði til móts við Húsavík, samþykkist hið framanritaða

Desjarmýri, 18. maí 1887.

Einar Vigfússon.

Sem umsjónarmaður Klyppstaðarkirkju, er á land til móts við Húsavík á fleirum stöðum, samþykki jeg hið framanritaða.

<sup>561</sup> Skjal nr. 2(341).

Klyppstað, 21. júní 1887

Finnur Þorsteinsson.

Lagt fram í aukarjetti Norður-Múlasýslu 27. júní 1889 –

Einar Thorlacius.<sup>562</sup>

Í virðingargjörð á  $\frac{3}{4}$  hlutum jarðarinnar Húsavíkur, dagsettri 19. júlí 1902 og framkvæmdri að ósk eigandans Jónasar Hallgrímssonar, segir að jörðin var metin að fornu mati á 12 hundruð en að nýju mati á 27 hundruð. Í athugasemdum sem skrifaðar voru á virðingargjörðina segir hins vegar að hundradatal sé vitlaust og að heimajörðin Húsavík hafi að fornu verið metin 44 hundruð og hinir  $\frac{3}{4}$  hlutar því verið 33 forn hundruð. Þá fylgdi jörðinni kirkja sem allir Húsvíkingar, þ.e. einnig á Dallandsparti, Hólshúsum og Dallandi, áttu að halda við.<sup>563</sup>

Hinn 27. júlí 1912 veitti séra Jónas P. Hallgrímsson bóndanum á Nesi í Loðmundarfirði umboð til að sjá um jarðirnar Hólshús og Álftavík, eða eins og segir í afriti af umboðinu:

Jeg undirritaður Jónas Pjetur Hallgrímsson prestur á Kolfreyjustað, gef hjer með, herra Steffáni Þorsteinssyni bónda á Nesi í Loðmundarfirði, umboð mitt, til að sjá um eignarjörðir mínar Hólshús og Álftavík í Borgarfjarðarhreppi í Norðurmúlasýslu, sjá um byggingu þeirra áreiðanlegum mönnum, heimta inn landskuldir og leigur, sjá um að jarðirnar með fylgjandi jarðarhúsum gangi ei af sjer og standi mjer reikningsskil af þeim haust hvert [...] Hann skal sjá um að undan nefndum jörðum gangi ei neitt á sjó, eða landi, sem þeim að lögum fylgir og fylgja ber.<sup>564</sup>

Sams konar umboð veitti Guðrún S. Jónsdóttir, ekkja séra Jónasar P. Hallgrímssonar, bóndanum á Nesi 5. júní 1914.<sup>565</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hólshús var metin á 2.000 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar séu skráð með landamerkjum Húsavíkur. Fram kemur að jörðin á upprekstrarland í sameiningu með Húsavík. Eigendur jarðarinnar voru erfingjar sr. Jónasar Hallgrímssonar.<sup>566</sup> Í umfjöllun um Húsavík í fasteignamatinu segir að landamerki jarðarinnar séu innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu ásamt landamerkjum Hólshúsa, Dallands, Dallandsparts, Álftavíkur og Litluvíkur.<sup>567</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Húsavíkur, með jörðunum Hólshúsum, Dallandi og Dallandsparti, er dagsett 26. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavík í Borgarfirði

<sup>562</sup> Skjal nr. 2(43).

<sup>563</sup> Skjal nr. 2(356).

<sup>564</sup> Skjal nr. 15(3).

<sup>565</sup> Skjal nr. 15(3).

<sup>566</sup> Skjal nr. 2(174).

<sup>567</sup> Skjal nr. 2(172).

– en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland og Dallandspartur – eru þessi:

Að sunnanverðu af Örvasandi syðst, beina línu upp í Álftavíkurtind og þaðan eftir hæstu fjallaröðum inn Álftavíkureggjar í Miðmundapúfu. Úr Miðmundapúfu í Miðdegisfjall og þaðan eftir Fossadalsvarpi, yfir Nónfjall, eftir Neshálsi og upp á fjallið Skæling; þar næst fram og norður eftir fjallgördum á fjall er heitir Skúmhöttur, að því búnu eftir hæstu fjallaröðum út á svokallað Náttmálafjall og þaðan eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnúk. Því næst út fjallsraðir á Leirufjall og þaðan í Sólfjall og úr Sólfjallstindi beina stefnu í Gríðarnestá, er skagar lengst í sjó fram.

Kirkjan í Húsavík (en kirkjuna eiga jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álftavík og Litlavík, hlutfallslega eftir hundraðatali) á samkvæmt máldögum Vilchins, Gísla, vísitaziubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðapínghá og áttung suður frá Greipsgjá til Almenningsfjöru (þetta er hvort tveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svínavík (þetta hvort tveggja í Stóru-Breiðuvík).

Húsavík 26. desember 1921

Arni J. Sigurðsson eigandi Húsavíkur

Björn Sveinsson eigandi Dallandsparti

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens, Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki milli Desjarmýrar og Húsavíkur samþykki eg undirritaður.

Desjarmýri 28. desember 1921

Vígfús I. Sigurðsson (prestur á Desjarmýri)

Seljamýri 15. janúar 1922

Jón Jónsson (eigandi Seljamýrar)

15. janúar 1922

Halld. Pálsson (eigandi Ness.)

Undirskrift forsvarsmanns Álftavíkur og Hólshúsa vantar, eiganda Dallands, forsvarsmanns Óss í Hjaltastaðapínghá, eiganda Hafnar og forsvarsmanns Breiðuvíkur.

Bjargi 31. janúar 1922

Hannes Sigurðsson

[...]

Ítök reka, haga og fjörubeitar.

Jörðin Húsavík í Borgarfjarðarhreppi á 5/8 – fimm áttundu – úr öllum reka Húsavíkureignarinnar, en það eru jarðirnar Húsavík, Dallandspartur, Hólshús og Dalland, en úr haga og fjörubeit téðrar eignar eftir hundraðatali (sem er fyrir 1000 – eitt þúsund – fjár og 30 – þrjátíu – stórgripi) samkvæmt gerðri áreið.

Arni J. Sigurðsson eigandi Húsavíkur.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Makaskiftasamningur.

Vjer undirritaðir gerum svofeldan samning:

Eg Sveinn Pálsson bóndi á Dallandi í Borgarfjarðarhreppi læt Árna Jón Sigurðsson bónda í Húsavík í Borgarfjarðarhreppi fá til eignar og allra afnota slægjuland það og hestabeit, er eg á á Skálanesi. Fyrir þetta fæ eg hjá téðum Árna Jóni Sigurðssyni engjastykki, er heitir Þrætutunga og er afmarkað af engjastykkinu Dallandsparti að utan, en læk, sem rennur úr Tröllgili að framan.

Til staðfestu eiginhanda nöfn okkar í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Dallandi 20. janúar 1922

Sveinn Pálsson

Árni J. Sigurðsson

Vitundarvottar:

Bjarni Jónsson

Ásgrímur Jónsson<sup>568</sup>

### 5.14.2 *Dalland í Víkum*

Í máldaga Vilchins fyrir Húsavíkurkirkju frá um 1397 segir að kirkjan í Húsavík eigi jörðina Dalland.<sup>569</sup> Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar.<sup>570</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Húsavíkurkirkju frá 26. ágúst 1791 kemur fram að Dalland, sex hundruð að dýrleika, var í niðurníðslu og óbyggilegt.<sup>571</sup>

Í umfjöllun um Húsavík í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 kemur fram að eyðijörðin Dalland tilheyrði Húsavík.<sup>572</sup>

Við úttekt á Húsavíkurkirkju 29. október 1832 kom fram að Kjartan Ólafsson hafði aftur byggt jörðina Dalland.<sup>573</sup>

Hinn 28. desember 1832 skrifaði Hallgrímur Ólafsson eigandi Hólshúsa í Víkum bréf til biskups vegna eignarhalds á Húsavík í Víkum. Hallgrímur lýsti bæjaskipan Húsavíkur, Hólshúsa, Dallands og Álftavíkur og þá er Litluvíkur og Skálaness getið. Í bréfinu segir:

Húsavíkr Torfan, sem alkunnugt er, er öllu sömum 40 hndr. að Dyrleika, þaraf er Helfingurinn eða 20 hndr. Bónða Eign, enn hinn helfingurinn er Eign Kyrkjunnar, sem á Lóðinni stendr. A þessari Torfu eru fyrir nær verandi Tíð fylgjandi bygd Byli: Húsavík og Hólshús, hvorra Tún liggja samann og ná að Sjó nidur; Dalland innar í Vikinni bærleidarkorn frá Sjó; Alptavík uppbygd á ny fyrir fáum árum síðan, á Nesi, sunnan til við Húsavíkina og Litlavík nordan til við Húsavíkina. Af þessum bylum er nú óskipt Land milli Húsavíkur, Hólshúsa, og Dallands, enn Litlavík og Alptavík eru afdeild við nattúrleg Takmörk, nefnil: Fjallsveggjar og Skridur. Ejdibílid Skálanes, er S<sup>ra</sup> Einar Hjörleifsson gétur umm, hefr leigid Húsavíkur meiginn á Nesi því, er liggur milli Húsavíkur og Litluvíkur, enn reiknast nú með til Húsavíkur Lands og brúkast nú,

<sup>568</sup> Skjal nr. 2(44).

<sup>569</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 223, skjal nr. 4(38).

<sup>570</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 688, skjal nr. 4(39).

<sup>571</sup> Skjal nr. 2(466).

<sup>572</sup> Skjal nr. 2(75).

<sup>573</sup> Skjal nr. 2(467).

mest til Saudfjár beitar, sameiginlega frá Húsavík og Hólshúsum, og þegar áliggr, frá Dallandi Kyrjunnar Ejgn er litlavík 6 hndr., Dalland 6 hndr., eptir munnmælum Skálanes, er eg heirt hefi að verid hafi 4 hndr., og þessvegna 4 hndr. í Húsavík, í alt 20 hndr.; Bónðaejgn er: Hólshús 6 hndr., Alptavík 4 hndr. og 10 hndr. í Húsavík, hvar hjá þess er að gétu, að í daglegu tali, og eins í Skiptunum eptir Födur minn sáluga, er Alptavíkur reki gétid, en hennar Hundrada tal er reiknad til Húsavíkur: A allri þessari Lód, stendr nú Kyrkjann með þeim Skildaga, að henni og hennar Inventario sé öllu við haldid og henni þarad auki gjördr rétr Reikningur og skil á hennar portjóns Inntektum, samt að Prestinum sé svarad sinu Salarjo, er nú, í því lánga Tid er menn til vita, 6 f: Smjör<sup>574</sup>

Hallgrímur hafnaði því að samningur sá er Einar Hjörleifsson prestur gerði við Kjartan Ólafsson á Dallandi, bróður sinn, hefði nokkurt gildi.<sup>575</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Dalland ekki metin sérstaklega, en skráð sem hjáleiga frá Húsavík. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1696 hafi Dalland verið metið sex hundruð að dýrleika sem hjáleiga Húsavíkur.<sup>576</sup>

Í umfjöllum um Húsavík í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir að hjáleigan Dalland sé talin sex hundruð að dýrleika. Jörðin með hjáleigunum Hólshúsum og Dallandi var svo metin á 1.875 ríkisbankadali.<sup>577</sup>

Hinn 2. júní 1858 fór fram fundur hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis þar sem tekið var fyrir mál Hallgríms Ólafssonar gegn Kjartani Ólafssyni á Dallandi og sonum hans Ólafi og Þorgrími. Málið var risið af því að Kjartan hafði of seint sagt upp ábúð Hallgríms á parti í Húsavík. Sættir náðust ekki og var málinu vísað til laga.<sup>578</sup> Málið var tekið fyrir að nýju á fundi sáttanefndar þann 3. júní 1859 en var þó að vissu leyti tvíþætt þar sem það fjallaði einnig um bygginu Ólafs Péturssonar frá Álftavík á hluta í heimatúni Húsavíkur. Bræðurnir Ólafur og Þorgrímur Kjartanssynir höfðu byggt Ólafi þann hluta í heimatúni Húsavíkur sem þeir áttu en Kjartan faðir þeirra hafði sagt upp ábúð Hallgríms bróður síns á öðrum hluta í túninu sem var í hans eigu. Hallgrímur var ósáttur við þá framkvæmd og kærði málið til sáttanefndar árið 1858 og vildi nú á ný gera sáttatilaun. Fyrst var rætt um byggingu Ólafs Péturssonar þar sem Dallandsmenn, þ.e. bræðurnir Ólafur og Þorgrímur, höfðu byggt honum sinn part í Húsavík. Umboðsmaður Hallgríms, Jón Árnason faktor á Seyðisfirði, kvaðst ekki mótmæla þeirri byggingu. Um útbyggingu Hallgríms hins vegar lagði hann fram samning frá 13. mars 1838 milli Kjartans og sr. Einars Hjörleifssonar, sem þá átti mikinn hluta í Húsavík. Í samningnum segði að Kjartan gæfi sr. Einari öll byggingarumráð yfir sínum hluta í heimatúni og öll afnot, gegn því að þurfa ekki að gjalda neitt af Dallandi. Jón faktor vildi meina að af þessum samningi hefði Hallgrímur umráð yfir hluta Dallandsmanna. Sáttanefnd var þó ekki sammála gildi samningins milli bræðranna á Dallandi og Hallgríms líkt og hann hafi líkleg gert milli Kjartans og sr. Einars þegar þeir áttu jörðina saman. Þá er skráð í sáttabókina að samningurinn hafi sjaldan verið haldinn og að flestu leyti

<sup>574</sup> Skjal nr. 2(556).

<sup>575</sup> Skjal nr. 2(556).

<sup>576</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>577</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>578</sup> Skjal nr. 2(339).

byggður á misskilningi um réttindi Húsavíkursameigenda. Sáttanefnd kvaðst því ekki geta reynt sátt byggða á samningnum. Vísir að sátt milli aðila komst hins vegar á þegar Ólafur Kjartansson kvaðst myndi láta umboðsmann Hallgríms hafa öll ráð yfir hlutum í jörðinni til næstu fjögurra ára, með því móti að hann yrði forsvaranlega hirtur og að eigendur fengju af honum jafna landskuld. Umboðsmaður kvaðst á móti reyna koma því í verk að útlagðir væru úr Húsavíkurengjum samsvarandi engjapartar til ábylis Ólafs Péturssonar og einnig lofaði hann að reyna að sjá til þess að Dallandsbræður fengju til stuðnings nautum sínum einhvern blett, helst inni í Húsavíkurengi í Gunnhildardal.<sup>579</sup>

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Húsavíkur, sem er dagsett 17. maí 1887, er Hólshúsa, Dallands, Dallandsparts, Álftavíkur og Litlu-Breiðuvíkur getið. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing að Seyðisfjarðaröldu 2. júní 1893 og að Desjarmýri 24. júní 1893. Efni hennar er svohljóðandi:

#### Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði – en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dal-land, Dallandspartur, Álptavík og Litla-Breiðavík – eru þessi:

að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álptavík beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjallið Skæling, og þar næst fram og norður eptir fjallgörðum á fjall, er heitir Skúmhöttur, að því búnu eptir vatnalínu á fjallgörðunum innan við Húsavík beina leið til Borgarfjarðar allt á Náttmálafjall, þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunna við ána, og því næst beint til sjóar eptir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar, yfir Melshornið eða Bringu.

Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla, visitaziubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðarþinghá, og áttung suður frá Greipsgjá til almenningafjöru (þetta er hvortveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins- eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svinavík (þetta hvortveggja í Stóru-Breiðuvík)

Dvergasteini, 17. maí 1887.

Fyrir hönd síra Jónasar Hallgrímssonar á Skorrastað, eiganda Húsavíkur, Hólshúsa og Álptavíkur

Björn Þorláksson

Dallandi og Dallandsparti, 21. júní 1887.

Ólafur Kjartansson eigandi Dallands.

Kristín Sæbjörnsdóttir eigandi Dallandsparts.

Vestdalseyri, 17. maí 1887.

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens

Sigurður Jónsson.

<sup>579</sup> Skjal nr. 2(342).

Af hálfu Desjarmýrarkirkju, er á land á löngu svæði til móts við Húsavík, samþykkist hið framanritaða

Desjarmýri, 18. maí 1887.

Einar Vigfússon.

Sem umsjónarmaður Klyppstaðarkirkju, er á land til móts við Húsavík á fleirum stöðum, samþykki jeg hið framanritaða.

Klyppstað, 21. júní 1887

Finnur Þorsteinsson.

Lagt fram í aukarjetti Norður-Múlasýslu 27. júní 1889 –

Einar Thorlacius.<sup>580</sup>

Í virðingargjörð á  $\frac{3}{4}$  hlutum jarðarinnar Húsavíkur, dagsettri 19. júlí 1902 og framkvæmdri að ósk eigandans Jónasar Hallgrímssonar, segir að jörðin var metin að fornu mati á 12 hundruð en að nýju mati á 27 hundruð. Í athugasemdum sem skrifaðar voru á virðingargjörðina segir hins vegar að hundradatal sé vitlaust og að heimajörðin Húsavík hafi að fornu verið metin 44 hundruð og hinir  $\frac{3}{4}$  hlutar því verið 33 forn hundruð. Þá fylgdi jörðinni kirkja sem allir Húsvíkingar, þ.e. einnig á Dallandsparti, Hólshúsum og Dallandi, áttu að halda við.<sup>581</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Dalland var metin á 2.000 kr. Ekki er getið um landamerki. Fram kemur að jörðinni fylgi upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda. Eigandi jarðarinnar var Sveinn Pálsson.<sup>582</sup> Í umfjöllun um Húsavík í fasteignamatinu segir að landamerki jarðarinnar séu innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu ásamt landamerkjum Hólshúsa, Dallands, Dallandsparts, Álftavíkur og Litluvíkur.<sup>583</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Húsavíkur, með jörðunum Hólshúsum, Dallandi og Dallandsparti, er dagsett 26. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavík í Borgarfirði

– en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland og Dallandspartur – eru þessi:

Að sunnanverðu af Örvasandi syðst, beina línu upp í Álftavíkurtind og þaðan eftir hæstu fjallaröðum inn Álftavíkureggjar í Miðmundaþúfu. Úr Miðmundaþúfu í Miðdegisfjall og þaðan eftir Fossadalsvarpi, yfir Nónfjall, eftir Neshálsi og upp á fjallið Skæling; þar næst fram og norður eftir fjallgördum á fjall er heitir Skúmhöttur, að því búnu eftir hæstu fjallaröðum út á svokallað Náttmálafjall og þaðan eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnúk. Því næst út fjallsraðir á Leirufjall og þaðan í Sólfjall og úr Sólfjallstindi beina stefnu í Gríðarnestá, er skagar lengst í sjó fram.

<sup>580</sup> Skjal nr. 2(43).

<sup>581</sup> Skjal nr. 2(356).

<sup>582</sup> Skjal nr. 2(175).

<sup>583</sup> Skjal nr. 2(172).



Kirkjan í Húsavík (en kirkjuna eiga jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álftavík og Litlavík, hlutfallslega eftir hundraðatali) á samkvæmt máldögum Vilchins, Gísla, vísitaziubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðaþinghá og áttung suður frá Greipsgjá til Almenningsfjöru (þetta er hvort tveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svínavík (þetta hvort tveggja í Stóru-Breiðuvík).

Húsavík 26. desember 1921

Arni J. Sigurðsson eigandi Húsavíkur

Björn Sveinsson eigandi Dallandsparti

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens, Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki milli Desjarmýrar og Húsavíkur samþykki eg undirritaður.

Desjarmýri 28. desember 1921

Vígfús I. Sigurðsson (prestur á Desjarmýri)

Seljamýri 15. janúar 1922

Jón Jónsson (eigandi Seljamýrar)

15. janúar 1922

Halld. Pálsson (eigandi Ness.)

Undirskrift forsvarsmanns Álftavíkur og Hólshúsa vantar, eiganda Dallands, forsvarsmanns Óss í Hjaltastaðaþinghá, eiganda Hafnar og forsvarsmanns Breiðuvíkur.

Bjargi 31. janúar 1922

Hannes Sigurðsson

[...]

Ítök reka, haga og fjörubeitar.

Jörðin Húsavík í Borgarfjarðarhreppi á 5/8 – fimm áttundu – úr öllum reka Húsavíkur-eignarinnar, en það eru jarðirnar Húsavík, Dallandspartur, Hólshús og Dalland, en úr haga og fjörubeit téðrar eignar eftir hundraðatali (sem er fyrir 1000 – eitt þúsund – fjár og 30 – þrjátíu – stórgripi) samkvæmt gerðri áreið.

Árni J. Sigurðsson eigandi Húsavíkur.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Makaskiftasamningur.

Vjer undirritaðir gerum svofeldan samning:

Eg Sveinn Pálsson bóndi á Dallandi í Borgarfjarðarhreppi læt Árna Jón Sigurðsson bónda í Húsavík í Borgarfjarðarhreppi fá til eignar og allra afnota slægjuland það og hestabeit, er eg á á Skálanesi. Fyrir þetta fæ eg hjá téðum Árna Jóni Sigurðssyni engjastykki, er heitir Þrætutunga og er afmarkað af engjastykkinu Dallandsparti að utan, en læk, sem rennur úr Tröllgili að framan.

Til staðfestu eiginhanda nöfn okkar í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Dallandi 20. janúar 1922

Sveinn Pálsson

Árni J. Sigurðsson

Vitundarvottar:

Bjarni Jónsson

Ásgrímur Jónsson<sup>584</sup>

### 5.14.3 *Dallandspartur í Víkum*

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Húsavíkur, sem er dagsett 17. maí 1887, er Hólshúsa, Dallands, Dallandsparts, Álftavíkur og Litlu-Breiðuvíkur getið. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing að Seyðisfjarðaröldu 2. júní 1893 og að Desjarmýri 24. júní 1893. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði – en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álptavík og Litla-Breiðavík – eru þessi:

að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álptavík beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjallið Skæling, og þar næst fram og norður eptir fjallgördum á fjall, er heitir Skúmhöttur, að því búnu eptir vatnalínu á fjallgördunum innan við Húsavík beina leið til Borgarfjarðar allt á Náttmálafjall, þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunna við ána, og því næst beint til sjóar eptir línu eða beinni stefnu úr Báلكi eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar, yfir Melshornið eða Bringu.

Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla, visitaziubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðarþinghá, og áttung suður frá Greipsgjá til almenningafjöru (þetta er hvortveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins- eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svinavík (þetta hvortveggja í Stóru-Breiðuvík)

Dvergasteini, 17. maí 1887.

Fyrir hönd síra Jónasar Hallgrímssonar á Skorrastað, eiganda Húsavíkur, Hólshúsa og Álptavíkur

Björn Þorláksson

Dallandi og Dallandsparti, 21. júní 1887.

Ólafur Kjartansson eigandi Dallands.

Kristín Sæbjörnsdóttir eigandi Dallandsparts.

Vestdalseyri, 17. maí 1887.

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens

Sigurður Jónsson.

Af hálfu Desjarmýrarkirkju, er á land á löngu svæði til móts við Húsavík, samþykkist hið framanritaða

<sup>584</sup> Skjal nr. 2(44).

Desjarmýri, 18. maí 1887.

Einar Vigfússon.

Sem umsjónarmaður Klyppstaðarkirkju, er á land til móts við Húsavík á fleirum stöðum, samþykki jeg hið framanritaða.

Klyppstað, 21. júní 1887

Finnur Þorsteinsson.

Lagt fram í aukarjetti Norður-Múlasýslu 27. júní 1889 –

Einar Thorlacius.<sup>585</sup>

Í virðingargjörð á  $\frac{3}{4}$  hlutum jarðarinnar Húsavíkur, dagsettri 19. júlí 1902 og framkvæmdri að ósk eigandans Jónasar Hallgrímssonar, segir að jörðin var metin að fornu mati á 12 hundruð en að nýju mati á 27 hundruð. Í athugasemdum sem skrifaðar voru á virðingargjörðina segir hins vegar að hundruðatal sé vitlaust og að heimajörðin Húsavík hafi að fornu verið metin 44 hundruð og hinir  $\frac{3}{4}$  hlutar því verið 33 forn hundruð. Þá fylgdi jörðinni kirkja sem allir Húsvíkingar, þ.e. einnig á Dallandsparti, Hólshúsum og Dallandi, áttu að halda við.<sup>586</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Dallandspartur var metin á 2.000 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar séu skráð með landamerkjum Húsavíkur. Fram kemur að jörðin á upprekstrarland að tiltölu við Húsavík. Eigendur jarðarinnar voru Björn Sveinsson og Kristján Guðmundsson.<sup>587</sup> Í umfjöllun um Húsavík í fasteignamatinu segir að landamerki jarðarinnar séu innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu ásamt landamerkjum Hólshúsa, Dallands, Dallandsparts, Álftavíkur og Litluvíkur.<sup>588</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Húsavíkur, með jörðunum Hólshúsum, Dallandi og Dallandsparti, er dagsett 26. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavík í Borgarfirði

– en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland og Dallandspartur – eru þessi:

Að sunnanverðu af Örvasandi syðst, beina línu upp í Álftavíkurtind og þaðan eftir hæstu fjallaröðum inn Álftavíkureggjar í Miðmundapúfu. Úr Miðmundapúfu í Miðdegisfjall og þaðan eftir Fossadalsvarpi, yfir Nónfjall, eftir Neshálsi og upp á fjallið Skæling; þar næst fram og norður eftir fjallgördum á fjall er heitir Skúmhöttur, að því búnu eftir hæstu fjallaröðum út á svokallað Náttmálafjall og þaðan eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnúk. Því næst út fjallsraðir á Leirufjall og þaðan í Sólfjall og úr Sólfjallstindi beina stefnu í Gríðarnestá, er skagar lengst í sjó fram.

<sup>585</sup> Skjal nr. 2(43).

<sup>586</sup> Skjal nr. 2(356).

<sup>587</sup> Skjal nr. 2(173).

<sup>588</sup> Skjal nr. 2(172).

Kirkjan í Húsavík (en kirkjuna eiga jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álftavík og Litlavík, hlutfallslega eftir hundraðatali) á samkvæmt máldögum Vilchins, Gísla, vísitíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðaðinghá og áttung suður frá Greipsgjá til Almenningsfjöru (þetta er hvort tveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svínavík (þetta hvort tveggja í Stóru-Breiðuvík).

Húsavík 26. desember 1921

Arni J. Sigurðsson eigandi Húsavíkur

Björn Sveinsson eigandi Dallandsparti

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens, Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki milli Desjarmýrar og Húsavíkur samþykki eg undirritaður.

Desjarmýri 28. desember 1921

Vígfús I. Sigurðsson (prestur á Desjarmýri)

Seljamýri 15. janúar 1922

Jón Jónsson (eigandi Seljamýrar)

15. janúar 1922

Halld. Pálsson (eigandi Ness.)

Undirskrift forsvarsmanns Álftavíkur og Hólshúsa vantar, eiganda Dallands, forsvarsmanns Óss í Hjaltastaðaðinghá, eiganda Hafnar og forsvarsmanns Breiðuvíkur.

Bjargi 31. janúar 1922

Hannes Sigurðsson

[...]

Ítök reka, haga og fjörubeitar.

Jörðin Húsavík í Borgarfjarðarhreppi á 5/8 – fimm áttundu – úr öllum reka Húsavíkureignarinnar, en það eru jarðirnar Húsavík, Dallandspartur, Hólshús og Dalland, en úr haga og fjörubeit téðrar eignar eftir hundraðatali (sem er fyrir 1000 – eitt þúsund – fjár og 30 – þrjátíu – stórgripi) samkvæmt gerðri áreið.

Árni J. Sigurðsson eigandi Húsavíkur.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Makaskiftasamningur.

Vjer undirritaðir gerum svofeldan samning:

Eg Sveinn Pálsson bóndi á Dallandi í Borgarfjarðarhreppi læt Árna Jón Sigurðsson bónda í Húsavík í Borgarfjarðarhreppi fá til eignar og allra afnota slægjuland það og hestabeit, er eg á á Skálanesi. Fyrir þetta fæ eg hjá téðum Árna Jóni Sigurðssyni engjastykki, er heitir Prætutunga og er afmarkað af engjastykkinu Dallandsparti að utan, en læk, sem rennur úr Tröllgili að framan.

Til staðfestu eiginhanda nöfn okkar í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Dallandi 20. janúar 1922

Sveinn Pálsson

Árni J. Sigurðsson

Vitundarvottar:

Bjarni Jónsson

Ásgrímur Jónsson<sup>589</sup>

## 5.15 Ytri-Álftavík í Víkum / Glaumbær

Hinn 2. ágúst 1705 lögfesti sr. Bjarni Einarsson kirkjustaðinn Húsavík í Borgarfirði. Landamerkjalyking lögfestunnar tekur m.a. til Álftavíkur en hún er svohljóðandi:

Ad Sunnanverdu Riettvyslega til Ness Lands í Lodmundarfirde, fyrer Jnnann Alftavýk [þ]adann ä fiall upp til þess vótnu[m] hallar, sydann framm og nordur efter fiallgórdum þar til vótnum hallar ad Borgarfirde; Sýdann üt efter sómu äföstu häfiallgórdum, þar til vótnum hallar ad Breida výkum, sem virdast mun ad tiltaka hiä fremra Giæsar Vatne, og so efter þeirre ä sem fellur mille Breida výkna til þess hæsta mels horns, sem nýrdst og ýdst ad sunnannverdu vid ana er, og rietta Siönhending ur sama [mels horne] i Sió ut; ä hverre Siönhending, á landölldunne fyrer ofann flædarmäl Lands og Reka merkis varda, med vidlógdum Garde til viss merkess staded hefur og standa á, efter þa[r] umm gjördu Insigludu Kälfskinn[s] Brefe hvert sier lýkast hermer

Og sydann frá nefndre vórdu Sud[ur] med Siönum til riettra ädurnefndra Landa merkia mille A[l]ftavýk<sup>590</sup>

Varðveitt er afrit af lögfestu sr. Bjarna frá 1705, dagsett 1. maí 1798 og 29. maí 1843. Þar segir um landamerkin:

ad sunanverdu rettvýslega til Nesslands í Lodmundarfýrði j Stallklett fyrir innan Alftavýkur, þadan a fjall upp til þess vötnum hallar, sýdan fram og nordur eptir fjallgórdum þartil vötnum hallar ad Borgarfýrði, sidan üt og ofan í Krossá, og so í Selshusa Læk sem rennur ür fremra Gjæsarvatni, og so eptir þeirri ä sem fellur millum Breiduvíkna til þess stærsta melshorns, sem nýrdst og ytst ad sunnanverdu vid ana er, og rétta Sjonhending ür sama mels horni í Sjó út; á hvorri Sjonhending a Land auldunni fyrir ofan Flædarmäl Lands og Reka merkis varda med vid laugdum gardi til viss merkis stadid hefur og standa á eptir þarum gjördu innsigludu Kalfskins bréfi, hvört sier líkast hermir og sidan frá nefndri vordu sudur med Sjónum til rettra adurnefndra Landamerkja milli Alftavýkna og Ness í Lodmundarfýrði<sup>591</sup>

Í prófastsvisitasíu fyrir Húsavíkurkirkju frá 25. september 1778 kemur fram að bóndinn á Nesi í Loðmundarfirði vilji hafa öll afnot af Ytri-Álftavík, sem tilheyrir þó Húsavík. Prófastur tilsagði að takmarki kirkjunnar í Álftavík yrði haldið undir hana.<sup>592</sup>

Hinn 14. mars 1832 makaskipti og afhenti Einar Hjörleifsson á Ketilsstöðum sjö hundruð í jörðinni Bakka í Borgarfirði til Abrahams Ólafssonar fyrir átta og hálf hundruð í jörðinni Húsavík. Meðal nánari skilmála makaskiptanna var að þegar þáverandi ábúandi Álftavíkur viki úr kotinu skilji hann við húsinn í leigufæru ásigkomulagi. Makaskiptagjörningurinn var þinglesinn þann 7. júní 1833.<sup>593</sup>

<sup>589</sup> Skjal nr. 2(44).

<sup>590</sup> Skjal nr. 2(354).

<sup>591</sup> Skjal nr. 2(358).

<sup>592</sup> Skjal nr. 2(463).

<sup>593</sup> Skjal nr. 2(244).

Hinn 28. desember 1832 skrifaði Hallgrímur Ólafsson eigandi Hólshúsa í Víkum bréf til biskups vegna eignarhalds á Húsavík í Víkum. Hallgrímur lýsti bæjaskipan í víkinni og fjallaði í því sambandi einnig um Álftavík. Í bréfinu segir m.a.:

Húsavíkr Torfan, sem alkunnugt er, er öllu sömum 40 hndr. ad Dyrleika, þaraf er Helfingurinn eda 20 hndr. Bónða Eign, enn hinn helfingurinn er Eign Kyrkjunnar, sem á Lódinni stendr. A þessari Torfu eru fyrir nær verandi Tid fylgjandi bygd Byli: Húsavík og Hólshús, hvorra Tún liggja samann og ná ad Sjó nidur; Dalland innar i Vikinni bæarleidarkorn frá Sjó; Alptavík uppbygð á ny fyrir fáum árum sidann, á Nesi, sunnann til vid Húsavíkina og Litlavík nordann til vid Húsavíkina. Af þessum bylum er nú óskipt Land milli Húsavíkur, Hólshúsa, og Dallands, enn Litlavík og Alptavík eru afdeild vid nattúrleg Takmörk, nefnil: Fjallsveggjar og Skridur. [...] Bónðaejgn er: Hólshús 6 hndr., Alptavík 4 hndr. og 10 hndr. í Húsavík, hvar hjá þess er ad géta, ad i daglegu tali, og eins í Skiptunum eptir Födur minn sáluga, er Alptavíkur reki gétid, en hennar Hundrada tal er reiknad til Húsavíkur.<sup>594</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Álftavík ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga Húsavíkur.<sup>595</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Álftavík:

Alptavík

hiáleiga undan Húsavík talin 4<sup>hndr</sup>. Túnid föðrar vetrúng, útheyid med fiöru og landbeit 25 ær 25 saudi 8 lömb; tún og eingi greidt en grýtt. Úthey gott afgiafar; hentugt kringum tún til ræktunar; medalærnyt 30 pottar, kyrnyt á sumri í mal 5-6 merkur; saudir skérast med 15 pundum til jafnadar og kvíær med 4-5 pundum; griót fæst all gott; siáfarbeit góð landbeit eins; reki heldur uppi húsum alltad þiljum; siáfargagn svari 1½ mannelði; mór er til lítt nytur; lyng ekkert eingin kvistur, torfskéra eingi nema á túninu; reidíngur eingin hella ekki; afrétt adkeypt og heimaland mjög lítið og hrióstrugt; hættur ekki miklar; skridur og grjótkast mikid og landbrot vid síoin; lending slæm; til ad nota jördina þykir þurfa 2 karlmenn og 2 kvenmenn. Jörd þessi var vyrðt á 225 (. tvö hundrud tuttugu og fimm.) rbd.<sup>596</sup>

Hallgrímur Ólafsson skrifaði til sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis 23. september 1854 um óánægju sína með ábúð Eiríks Einarssonar í Álftavík sem hann sem sæti þar enn þrátt fyrir útbyggingu. Nefndin tók mál þeirra fyrir 12. október 1854 en engin sátt komst á milli þeirra.<sup>597</sup> Þann 14. maí 1855 skrifaði Hallgrímur til sýslumanns og tilkynnti honum þrásetu Eiríks á Álftavík. Hann óskaði eftir að sýslumaður tæki málið fyrir.<sup>598</sup>

Hinn 8. nóvember 1854 kærði Hallgrímur Ólafsson til sáttanefndar að Eiríkur Einarsson á Álftavík hafi ekki farið aðf jörðinni þrátt fyrir auglýsta útbyggingu.<sup>599</sup> Við aukarétt að Desjarmýri 5. júní 1855 var tekin fyrir sök milli Hallgríms Ólafssonar, sjálfseignarbónða í Húsavík, og Eiríks Einarssonar, bónda í Álftavík. Sátt náðist milli

<sup>594</sup> Skjal nr. 2(556).

<sup>595</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>596</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>597</sup> Skjal nr. 2(292).

<sup>598</sup> Skjal nr. 2(293).

<sup>599</sup> Skjal nr. 2(294).

þeirra sem fólst í því að Eiríkur lofaði að flytja frá Álftavík á fardögum 1856 gegn því að Hallgrímur krefðist ekki landskuldar fyrir hið nýbyrjaða fardagaár.<sup>600</sup>

Með byggingarbréfi frá apríl 1856 var Magnúsi Sæbjörnssyni byggð hjáleigan Álftavík. Um landamerki segir eftirfarandi í bréfinu:

að sunnann réttvíslega til neslands í sonefndan stiga eður stallklett innanverðt við sokallaða innri Alptavík, og þaðan eptir afstöðu á fjall upp til efstu brúna enn að norðan til þeirra ~~merkja~~ landamerkja sem viðtekin hafa verið hingað til millum Alpta og Húsavíkur.<sup>601</sup>

Með byggingunni fylgdi einnig mó- og torfskurður auk hagbeitar í Húsavíkurlandi.<sup>602</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 31. desember 1856 var Ólafi Péturssyni byggð hjáleigan Álftavík, sex hundruð að dýrleika. Um landamerki segir eftirfarandi í bréfinu:

að sunnan réttvíslega til Neslands í svonefndann Stiga, eður Stallklett innanverðt við svo kallaða innri Alptavík, og þaðan eptir söðlum á fjall upp til efstu brúna; en að norðan til þeirra landamerkja, sem viðtekin hafa verið hingað til millum Alpta- og Húsavíkur<sup>603</sup>

Með byggingunni fylgdi einnig mó- og torfskurður í Húsavíkurlandi og hagbeita á Skálanesi og í Húsavíkurlandi.<sup>604</sup>

Á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis 2. júní 1859 var tekið fyrir mál Hallgríms Ólafssonar, óðalsbónda í Húsavík, gegn Ólafi Péturssyni, bónda á Dallandi í Húsavík. Málið var risið vegna vangoldinna skulda meðan Ólafur bjó í Álftavík og ýmsum ónotum í nágrenninu. Meðal krafna á hendur Ólafi var að hann skyldi greiða þrjá ríkisdali sem honum hafði verið gert að leggja ofan á helming Álftavíkur. Sátt náðist milli aðila þannig að Ólafur lofaðist til að greiða álag við skemmubyggingu og þá var hann einnig sáttur við verkakaup sitt. Aðrir liðir voru felldir niður.<sup>605</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 16. mars 1861 var Jóni Guðmundssyni byggð hálflenda Álftavíkur móti Magnúsi Sæbjörnssyni. Um landamerki segir eftirfarandi í bréfinu:

að innanverðu, réttvíslega til Nesslands, í svonefndann Stallklett eður Stiga, innanverðt, við innri Alftavík, og þaðan eptir afstöðu á fjall upp til efstu brúna, og eptir þeim norður til þeirra landamerkja er viðtekin hafa hingaðtil verið millum Alftavíkur og Húsavíkur<sup>606</sup>

Með jörðinni fylgdi einnig mó- og torfskurður auk hagbeitar í Húsavíkurlandi.<sup>607</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 6. júní 1867 var Magnúsi Sæbjörnssyni byggð jörðin Álftavík. Um landamerki segir eftirfarandi í bréfinu:

<sup>600</sup> Skjal nr. 2(802).

<sup>601</sup> Skjal nr. 2(374).

<sup>602</sup> Skjal nr. 2(374).

<sup>603</sup> Skjal nr. 2(373).

<sup>604</sup> Skjal nr. 2(373).

<sup>605</sup> Skjal nr. 2(340).

<sup>606</sup> Skjal nr. 2(375).

<sup>607</sup> Skjal nr. 2(375).

Stallklettur í flugunum fyrir innan innri Álftavík, og af honum beint á fjall upp, norður að þeim landamerkjum sem gilda millum Alfta og Húsavíkur<sup>608</sup>

Með jörðinni fylgdi ókeypis torfskurður og móstunga í Húsavíkurlandi, einnig slægjur mót endurgjaldi ef Húsavíkurbóndi mátti þær missa.<sup>609</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 29. desember 1881 var Jóel Steinssyni byggð Álftavík í Borgarfjarðarhreppi, 7,4 hundruð að dýrleika. Í bréfinu segir eftirfarandi um landamerki:

að sunnan til Neslands í „stiga“ eða „stallklett“ innan við innri Alftavík – Þaðan, beint áfjall til efstu brúnar, svo eptir þeim, eða eggjunum milli Húsa og Olafsvíkur á sjó útá Hafnarnesi<sup>610</sup>

Í byggingarbréfinu er einnig minnst á þrætuland milli Álftavíkur og Ness og ábyrgð Jóels gagnvart því, en þar segir:

Einnig skal hann annast um að ekkert gangi það undan jörðinni sem henni hefur fylgt, fyrir brúkunarleysi hans; er það einkum þrætulandið inni Alftavík sem Nesmenn vilja einnig helga sér<sup>611</sup>

Í skjali frá eiganda Álftavíkur, J. P. Hallgrímssyni, dagsettu 14. desember 1884, er fjallað um landamerki milli Álftavíkur og Ness. Þar segir:

Milli Álftavíkur lands og Nesslands í Loðmundarfirði er bein lína frá fjalli til fjöru um Stallklett öðru nafni „Stigi“ sem er fyrir innan innri Alftavíkur, og ræður sú lína og fjörumörkum þeirra jarða.<sup>612</sup>

Í skjalinu segir einnig frá þremur samhljóða lögfestum fyrir Álftavík frá 2. ágúst 1705, 1. nóvember 1829 og 20. maí 1835, en þær segi eftirfarandi:

Milli Álftavíkur lands og Nesslands í Loðmundarfirði er lína sú sem bein<sup>ast</sup> verður dregin frá fjöru til fjalls sem Stallklett, (öðru nafni Stigi) ~~klettur~~ sem er fyrir innan Innri Álftavíkur, og ræður sú lína og rekamörkum við sjó.<sup>613</sup>

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Húsavíkur, sem er dagsett 17. maí 1887, er Hólshúsa, Dallands, Dallandspartur, Álftavíkur og Litlu-Breiðuvíkur getið. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing að Seyðisfjarðaröldu 2. júní 1893 og að Desjarmýri 24. júní 1893. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði – en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álftavík og Litla-Breiðavík – eru þessi:

að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álftavíkur beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjallið Skæling, og þar næst fram og norður eptir fjallgörðum á fjall, er heitir Skúmhöttur, að því búnu eptir vatnalínu á fjallgörðunum innan við Húsavík beina leið til Borgarfjarðar allt á Náttmálafjall, þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða

<sup>608</sup> Skjal nr. 2(376).

<sup>609</sup> Skjal nr. 2(376).

<sup>610</sup> Skjal nr. 2(377).

<sup>611</sup> Skjal nr. 2(377).

<sup>612</sup> Skjal nr. 2(364).

<sup>613</sup> Skjal nr. 2(364).



stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunna við ána, og því næst beint til sjóar eptir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar, yfir Melshornið eða Bringu.

Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla, visitaziubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðarþinghá, og áttung suður frá Greipsgjá til almenningafjöru (þetta er hvortveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins- eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svinavík (þetta hvortveggja í Stóru-Breiðuvík)

Dvergasteini, 17. maí 1887.

Fyrir hönd síra Jónasar Hallgrímssonar á Skorrastað, eiganda Húsavíkur, Hólshúsa og Álptavíkur

Björn Þorláksson

Dallandi og Dallandsparti, 21. júní 1887.

Ólafur Kjartansson eigandi Dallands.

Kristín Sæbjörnsdóttir eigandi Dallandsparts.

Vestdalseyri, 17. maí 1887.

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens

Sigurður Jónsson.

Af hálfu Desjarmýrarkirkju, er á land á löngu svæði til móts við Húsavík, samþykkist hið framanritaða

Desjarmýri, 18. maí 1887.

Einar Vigfússon.

Sem umsjónarmaður Klyppstaðarkirkju, er á land til móts við Húsavík á fleirum stöðum, samþykki jeg hið framanritaða.

Klyppstað, 21. júní 1887

Finnur Þorsteinsson.

Lagt fram í aukarjetti Norður-Múlasýslu 27. júní 1889 –

Einar Thorlacius.<sup>614</sup>

Hinn 27. júní 1889 var tekið fyrir landamerkjámál Jónasar P. Hallgrímssonar, eiganda Álftavíkur, gegn Páli Ólafssyni, umboðsmanni þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði. Framlögð voru skjöl og þá voru menn nefndir í landamerkjádóm áður en málinu var frestað.<sup>615</sup> Málinu var framhaldið 1. ágúst 1890 þar sem gengið var á merkin og frekari skjöl voru lögð fram.<sup>616</sup> Það var svo tekið fyrir að nýju 29. ágúst 1890 þar sem málsaðilar lögðu málið í dóm.<sup>617</sup>

<sup>614</sup> Skjal nr. 2(43).

<sup>615</sup> Skjal nr. 2(845).

<sup>616</sup> Skjal nr. 2(846).

<sup>617</sup> Skjal nr. 2(847).

Hinn 29. ágúst 1890 var við aukarétt Norður-Múlasýslu kveðinn upp dómur í landamerkjamáli Jónasar P. Hallgrímssonar, eiganda Álftavíkur, og Páls Ólafssonar, umráðamanns þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði. Í dómsmála- og lögregluréttarbók Norður-Múlasýslu 1888–1896 er farið yfir rök málsaðila og gögn málsins. Dómurinn var þinglesinn við manntalsþing á Seyðisfirði 16. júní 1892 og færður inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Hann hljóðar svo:

Landamerki milli Álptavíkur í Borgarfirði og Ness í Loðmundarfirði skulu vera þessi: Úr „Stallkletti“, sem stendur fast við sjó, utan við svokallaða „Innri-Álptavík“, en framan eða vestan við svokallaðann „Höfðasand“ og þaðan beint upp fjallsröð upp á „Miðmundarfjallskoll“, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallað „Sandskeið“, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.

Af málskostnaði, sem er 58 kr. 91 eyrir, borgi sóknaraðili helminginn, eða 29 kr. 46 aur., en varnaraðili hinn helminginn, eða 29 kr. 46 aura. –

Hið ídæmda ber að greiða innan 15 daga frá löglegri birtingu dómsins. Undir aðför að lögum.

Einar Thorlacius

Sig. Stefánsson, Björn Hermannsson, Runólfur Þorsteinsson, Einar Eiríksson

Dómur þessi var hátt upplesinn í rjettinum, er síðan var sagt upp. –

Einar Thorlacius.

Sig. Stefánsson, Björn Hermannsson, Runólfur Þorsteinsson, Einar Eiríksson

Rjetta útskrift staðfestir

Einar Thorlacius<sup>618</sup>

Með bréfi dagsettu 9. apríl 1891 sendi amtmaður landshöfðingja afrit af tveimur landamerkjadómum, uppkveðnum 29. og 30. ágúst 1890. Annað málið varðandi Álftavík þar sem ágreiningur var milli eiganda Húsavíkur og umboðsmanns þjóðjarðarinnar Ness. Amtmaður lagði til að dómnum yrði þinglýst og hann færður inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Að öðru leyti ræddi amtmaður upphæðir málskostnaðar í bréfi sínu.<sup>619</sup> Landshöfðingi ritaði amtmanni bréf þann 6. maí 1891 og samþykkti tillögur amtmanns um viðbrögð við landamerkjadómunum og endursendi afrit þeirra.<sup>620</sup>

Hinn 27. júlí 1912 veitti séra Jónas P. Hallgrímsson bóndanum á Nesi í Loðmundarfirði umboð til að sjá um jarðirnar Hólshús og Álftavík, eða eins og segir í afriti af umboðinu:

Jeg undirritaður Jónas Pjetur Hallgrímsson prestur á Kolfreyjustað, gef hjer með, herra Steffáni Þorsteinssyni bónda á Nesi í Loðmundarfirði, umboð mitt, til að sjá um eignarjörðir mínar Hólshús og Álftavík í Borgarfjarðarhreppi í Norðurmúlasýslu, sjá um byggingu þeirra áreiðanlegum mönnum, heimta inn landskuldir og leigur, sjá um að jarðirnar með fylgjandi jarðarhúsum gangi ei af sjer og standi mjer reikningskil af

<sup>618</sup> Skjöl nr. 2(46), 2(528) og 2(848)

<sup>619</sup> Skjal nr. 2(504).

<sup>620</sup> Skjal nr. 2(505).

þeim haust hvert [...] Hann skal sjá um að undan nefndum jörðum gangi ei neitt á sjó, eða landi, sem þeim að lögum fylgir og fylgja ber.<sup>621</sup>

Sams konar umboð veitti Guðrún S. Jónsdóttir, ekkja séra Jónasar P. Hallgrímssonar, bóndanum á Nesi 5. júní 1914.<sup>622</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Álftavík hafi verið metin á 600 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar séu skráð með landamerkjum Húsavíkur. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigendur jarðarinnar voru erfingjar sr. Jónasar Hallgrímssonar.<sup>623</sup> Í umfjöllun um Húsavík í fasteignamatinu segir að landamerki jarðarinnar séu innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu ásamt landamerkjum Hólshúsa, Dallands, Dallandsparts, Álftavíkur og Litluvíkur.<sup>624</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Ytri-Álftavíkur er dagsett 30. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki milli Álftavíkur og Innri Álftavíkur er Mávabrík, upp raðir í Miðmundarfjallstopp. Milli Álftavíkur og Húsavíkur eru landamerki út Miðmundarfjallsraðir í norðari Álftavíkurtind og þaðan beint í sjó norðan við Örvasand.

Hólshúsum 30. desember 1921

Elís Guðjónsson (eigandi Álftavíkur)

Halldór Pálsson (eigandi Innri Álftavíkur)

Sveinn Pálsson (eigandi Dallands) Elís Guðjónsson – samkvæmt umboði

Umboð

Hjer með gef jeg Elíss Guðjónssyni bónda á Hólshúsum í Borgarfjarðarhreppi umboð til að undirskrifa landamerkjabréf Álftavíkur í Borgarfj.hr., fyrir mína hönd.

Sómastaðagerði 20/1 '22

Stefán Þorsteinsson

Vottar:

Sigurbjörg Árnadóttir

Sigríður Bech<sup>625</sup>

## 5.16 Nes í Loðmundarfirði

Í máldaga Desjarmýrarkirkju frá 1354 segir meðal annars:

Jtem æ kirkiann attatye sauda beit i Haukinn i ness lande uppa manud oc tueggja hrossa gaungu i backa þyfe og taka ei undann folaulld.<sup>626</sup>

<sup>621</sup> Skjal nr. 15(3).

<sup>622</sup> Skjal nr. 15(3).

<sup>623</sup> Skjal nr. 2(176).

<sup>624</sup> Skjal nr. 2(172).

<sup>625</sup> Skjal nr. 2(45).

<sup>626</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 96–98, skjal nr. 4(23).

Hinn 29. júlí 1497 gaf Björn Guðnason og seldi Ragnhildi Bjarnadóttur konu sinni jarðir fyrir þær jarðir sem hún átti á Austfjörðum. Þeirra á meðal voru jarðirnar Nes, Seljamýri, Bárðarstaðir, Sellátrar og Helgustaðir. Þá segir einnig að með hafi fylgt í Hlíð 80 álna partur annars hundraðs í Kjólsvík.<sup>627</sup>

Hinn 1. júlí 1498 urðu jarðaskipti milli Narfa priors á Skriðu og Gríms Pálssonar þannig að Narfi seldi Grími nokkrar jarðir sem á móti seldi Narfa meðal annars jörðina Brimnes og 11 hundruð í Nesi.<sup>628</sup>

Hinn 30. ágúst 1506 sendi Þorvarður prior á Skriðuklaustri Þorvarði Bjarnasyni jarðir, þeirra á meðal allt Snotrunes í Borgarfirði en á móti seldi Þorvarður Bjarnason Þorvarði prior meðal annars jarðirnar Nes og Úlfsstaði í Loðmundarfirði.<sup>629</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótssdal frá 5. ágúst 1641 er sagt frá skjölum sem voru hjá kirkjunni. Þar er meðal annars fjallað um kaupbréf Narfa prior á Skriðu frá 1498 fyrir jörðunum Brimnesi og Nesi.<sup>630</sup> Sama kemur fram í biskupsvísitasíu frá 28. ágúst 1706. Þar segir einnig frá lögfestu Skriðuklaustursjarða í Loðmundarfirði frá 1688.<sup>631</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Ness metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Skriðuklaustursumboð.<sup>632</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 1. ágúst 1825 var jörðin Nes í Loðmundarfirði byggð Hallgrími Ólafssyni til afnota undir sitt bú yfir fardagaárið 1825.<sup>633</sup>

Hinn 26. apríl 1828 tók sáttanefnd Brimnesumdæmis fyrir kæru Hallgríms Ólafssonar á Nesi gegn Túnis Sigmundssyni á sama stað. Túnis vildi ekki rýma af þeim fjórum hundruðum sem hann sat á í jörðinni þegar Hallgrímur kom til hennar. Engin sátt náðist milli þeirra.<sup>634</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum voru jarðirnar Nes og Neshjáleiga skoðaðar 10. september 1828. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki þeirra:

Landamerki hennar ásamt Híaleigunar segir abúandinn að seu eptir sem hann heyrtr hafi, – að framan verdu úr Merkilæk við Sió, upp til Fialls í Hrafnagil, enn að utanverdu úr svonefndum Stafklett við Sió, og svo beint uppá Varp.<sup>635</sup>

Úttektarmennirnir Jón Jónsson og Jón Árnason staðfestu úttektir sínar á Skriðuklaustursjörðum við aukarétt að Ketilsstöðum 2. október 1828. Í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829 var þann 12. mars 1829 skráð að Johnson amtmaður hafi með bréfi dagsettu 21. febrúar 1829 lýst sig óánægðan með úttektirnar. Sýslumaðurinn

<sup>627</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 368–370, skjal nr. 4(133).

<sup>628</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 393–394, skjal nr. 4(134).

<sup>629</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 119–120, skjal nr. 4(135).

<sup>630</sup> Skjal nr. 2(421).

<sup>631</sup> Skjal nr. 2(422).

<sup>632</sup> Skjal nr. 2(120).

<sup>633</sup> Skjal nr. 2(634).

<sup>634</sup> Skjal nr. 2(327).

<sup>635</sup> Skjal nr. 2(675).

Páll Melsted skráði svo að réttur amtsins væri að taka þær til rannsóknar og álits á kostnað Bergvins Þorbergssonar umboðsmanns og dánarbús Guðmundar Pálssonar.<sup>636</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 2. september 1832 var jörðin Nes í Loðmundarfirði byggð Magnúsi Einarssyni.<sup>637</sup>

Við úttekt á Skriðklaustursjörðum var jörðin Neshjáleiga skoðuð 15. apríl 1841. Engar upplýsingar koma fram um landamerki en skráð er að hlunnindi hafi verið sjávarafli. Sama dag var jörðin Nes skoðuð en þar segir eftirfarandi um landamerki hennar og Neshjáleigu:

Landamerki <sup>beggia Jarðanna</sup> eru að framan Merki lækur úr Sjó upp til Fialls í Hrafnagil, en að utan úr svonefndum Stafkletti við Sjó, og so beint uppá vörp.<sup>638</sup>

Í ódagsettu skjali, líklega frá fyrri hluta nítjándu aldar og sem lagt var fram við auka-rétt Norður-Múlasýslu 30. ágúst 1890, segir eftirfarandi um Nes og Neshjáleigu:

Nes og Neshjáleiga

Landamerki <sup>beggia jarðanna</sup> eru að framan Merkilækur úr sjó upp til fjalls í Hrafnagil – en að utan úr svonefndum Stafkletti við sjó og svo beint uppá vörp<sup>639</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 3. júní 1842 var jörðin Nes í Loðmundarfirði byggð Bergsveini Sveinbjörnssyni.<sup>640</sup>

Hinn 19. maí 1845 lögfesti Sigurður Guðmundsson land klausturjarðarinnar Ness. Lögfestan var þinglesin fyrir manntalsrétti að Dvergasteini þann 22. maí sama ár og aftur að Desjarmýri 24. maí undir mótmælum Hallgríms Ólafssonar í Húsavík. Texti lögfestunnar og greindra mótmæla er eftirfarandi:

Sigurður Guðmundsson umbodsmadur Skriðklausturs Lögfesti hérmed Skriðklaustursjörðina Nes liggjandi í Loðmundarfíardar Hrepp og Klippstadarkyrkiu sókn, með öllu landi og Landsnyti sem tédri Jörðu tilheyrja, frá Merkilæk að framan úr síó upp til Fialls í Hrafnagil, enn að utan úr svonefndum Stafkletti við Síó, fyrir nordan Sydri Alptavík og svo beint upp á Vörp móts við ádurnefndt Gil. Lögfesti eg Holt og Haga Tödr og Eingiar, Reka allan fyrir greindu Landi, Þáng og Þara, og hvörjar adrar Landsnytiar er vera kunna innan tédra ummerkia.

Fyrirbíd eg einum sem öllum þær að nota og sér að eigna, nema þeim sem leyfi hafa til af klaustursins réttu Umbodsmönnum, legg eg Lögsókn við ef i móti er giört og bíd öllum er i grend búa að áfrýa Lögfestu þessa ef þeir þykiastr þurfa. Enn henni til Stadfestu er mitt undirskrifad nafn og hiáþrykkt Signet.

Eyólfstödum á Völlum þann 19d Maii 1845

Sig: Guðmundsson L.S.

[...]

Upplesid fyrir manntalsþingsrétti að Desjarmyri þann 24d Maii 1845 og mótmælti bóndin Hallgrímur Ólafsson á Húsavík þessari Lögfestu vegna nefndrar Eignar og abúdarjarðar sinnar.<sup>641</sup>

<sup>636</sup> Skjal nr. 2(675).

<sup>637</sup> Skjal nr. 2(635).

<sup>638</sup> Skjal nr. 2(647).

<sup>639</sup> Skjal nr. 2(302).

<sup>640</sup> Skjal nr. 2(636).

<sup>641</sup> Skjöl nr. 2(266), 2(745) og 2(822).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Nes metin 16 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Skriðuklaustursumboðs. Í neðanmálgrein er bent á að líklega sé það ritvilla að Nes hafi verið metið sex hundruð að dýrleika í jarðamatinu 1804<sup>642</sup>

Við manntalsþing að Dvergasteini 31. maí 1848 var spurt hvort arfur sem enginn erfingi væri að, skipströnd, bætur eða annað hafi til fallið á svæðinu frá yfirstandandi fardögum. Þar vitnaðist um 19 álna langan bjálka sem rekið hafði á klausturjörðina Nes í Loðmundarfirði.<sup>643</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Nes:

Nes

med Neshjáleigu sem talin er 4<sup>hndr</sup> ad dýrleika; túnin fóðrar 5 kyr og á útheyi land og fiörubeit framfleytast 80 ær, 80 saudir, 40 lomb og 5 hestar, tún á heimajörðinni er þyft en á hiáleigunni greidfært; bædi eru sæmil. grasgefin. Eingjar vídslægar og greidar en fremur snöggvar, málnya leleg en þrif sæmileg á öllum sképnum fiöru og landbeitt á vetrum all góð; afrétt eingi og heimaland heldur lítið; útræði bjargvænlegt; reki lítill; nokkurt lyng fæst í landinu en um mótak vita menn ekki; torfskéra er til en slæm; nokkur partur eingianna liggur fyrir skémdum af skriduhlaupi. Til að nota jörðina þykir þurfa 5 karlmenn, 5 kvenmenn og 2 smala. Þessi jörð með hjáleigunni var vyrðt á 800 (.átta hundrud.) rbd.<sup>644</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 12. maí 1868 var jörðin Nes í Loðmundarfirði byggð Rustikus Jónssyni.<sup>645</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 29. desember 1881 var Jóel Steinssyni byggð Álftavík í Borgarfjarðarhreppi, 7,4 hundruð að dýrleika. Í bréfinu segir eftirfarandi um landamerki:

að sunnan til Neslands í „stiga“ eða „stallklett“ innan við innri Alftavík – Þaðan, beint áfjall til efstu brúnar, svo eptir þeim, eða eggjunum milli Húsa og Olafsvíkur á sjó útá Hafnarnesi<sup>646</sup>

Í byggingarbréfinu er einnig minnst á þrætuland milli Álftavíkur og Ness og ábyrgð Jóels gagnvart því, en þar segir:

Einnig skal hann annast um að ekkert gangi það undan jörðinni sem henni hefur fylgt, fyrir brúkunarleysi hans; er það einkum þrætulandið inni Alftavík sem Nesmenn vilja einnig helga sér<sup>647</sup>

Í skjali frá eiganda Álftavíkur, J. P. Hallgrímssyni, dagsettu 14. desember 1884, er fjallað um landamerki milli Álftavíkur og Ness. Þar segir:

Milli Álftavíkur lands og Nesslands í Loðmundarfirði er bein lina frá fjalli til fjöru um Stallklett öðru nafni „Stigi“ sem er fyrir innan innri Alftavík, og ræður sú lina og fjörumörkum þeirra jarða.<sup>648</sup>

<sup>642</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>643</sup> Skjal nr. 2(831).

<sup>644</sup> Skjal nr. 2(133).

<sup>645</sup> Skjal nr. 2(637).

<sup>646</sup> Skjal nr. 2(377).

<sup>647</sup> Skjal nr. 2(377).

<sup>648</sup> Skjal nr. 2(364).

Í skjalinu segir einnig frá þremur samhljóða lögfestum fyrir Álftavík frá 2. ágúst 1705, 1. nóvember 1829 og 20. maí 1835, en þær segi eftirfarandi:

Milli Álptavíkur lands og Nesslands í Loðmundarfirði er lína sú sem bein<sup>ast</sup> verðr dregin frá fjöru til fjalls sem Stallklett, (öðru nafni Stígi) ~~klettur~~ sem er fyrir innan Innri Álptavík, og ræður sú lína og rekamörkum við sjó.<sup>649</sup>

Með bréfi dagsettu 24. febrúar 1887 sendi amtmaður landshöfðingja skýrslu og fylgiskjöl varðandi nokkrar landamerkjaprætur milli jarða í Loðmundarfirði. Amtmaður ritaði umsögn og tillögu um þrætumál varðandi þjóðjarðina Nes og bændakirkjufjörðina Húsavík en ágreiningurinn snerist um Innri-Álftavík. Amtmaður lagði til að ekki yrði látið undan kröfum eiganda Húsavíkur og ritaði eftirfarandi um málið:

Að endingu er ágreiningur um landamerki þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði og Húsavíkur, sem er bændakirkjufjörð, eða hjáleigunnar þaðan Álptavíkur, og er ágreiningsefni Álptavík (Alptavík Innri), sem er afrjett góð og beitiland, og er undir því komið, hvort landamerkin eru miðuð við Stafklett eða Stiga (Stallklett). Það er eigi annað að ráða af vitnisburðum þeim, sem hjermeð fylgja, og lögfestu umboðsmanns Skriðuklausturs, Sigurðar Guðmundssonar á Eyjólfsstöðum, 19. maí 1845, en að þræta hafi verið fyrir hjer um bil 40 árum um Álptavík þessa, og ganga vitnisburðirnir allir í þá átt, að vikin hafi um langan tíma verið notuð af Nesbændum, og verið álitin heyra undir Nes, en málgögn Húsavíkureiganda eru eigi fram komin öðru vísi, en að þau eru nefnd í brjefi umboðsmannsins, 30 f.m., sem hjermeð fylgir og áður er nefnt; meðal þeirra er talin útskript úr máldögum Wilchins biskups og Gísla Jónssonar, sem hjermeð fylgir, en þessi útskript nefnir ekki Álptavík, eins og umboðsmaður drepur á, en á þetta atriði legg jeg enga áherzlu, þarsem það þó er ómótmælt, að Hjáleiga ein frá Húsavík nefnist Álptavík. Með því nú samt margir vitnisburðir eru fyrir því, að Alptavík (Innri) heyri til Nesi, verð jeg að álíta það rjettast, að láta eigi undan kröfum eiganda Húsavíkur, heldur leggja ágreininginn í dóm.<sup>650</sup>

Landshöfðingi svaraði með bréfi dagsettu 7. maí 1887 og samþykkti tillögur amtmanns um málsframvindu.<sup>651</sup> Frekari bréfsendingar gengu síðan milli amtmanns og landshöfðingja í júní 1887 um málgögnin.<sup>652</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 12. júní 1888 var jörðin Nes í Loðmundarfirði byggð Valtý Valtýssyni.<sup>653</sup>

Hinn 27. júní 1889 var tekið fyrir landamerkjamála Jónasar P. Hallgrímssonar, eiganda Álftavíkur, gegn Páli Ólafssyni, umboðsmanni þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði. Framlögð voru skjöl og þá voru menn nefndir í landamerkjadóm áður en málinu var frestað.<sup>654</sup> Málinu var framhaldið 1. ágúst 1890 þar sem gengið var á merkin og frekari skjöl voru lögð fram.<sup>655</sup> Það var svo tekið fyrir að nýju 29. ágúst 1890 þar sem málsaðilar lögðu málið í dóm.<sup>656</sup>

<sup>649</sup> Skjal nr. 2(364).

<sup>650</sup> Skjal nr. 2(495).

<sup>651</sup> Skjal nr. 2(496).

<sup>652</sup> Skjöl nr. 2(497)–2(498).

<sup>653</sup> Skjal nr. 2(638).

<sup>654</sup> Skjal nr. 2(845).

<sup>655</sup> Skjal nr. 2(846).

<sup>656</sup> Skjal nr. 2(847).

Hinn 29. ágúst 1890 var við aukarétt Norður-Múlasýslu kveðinn upp dómur í landamerkjamáli Jónasar P. Hallgrímssonar, eiganda Álftavíkur, og Páls Ólafssonar, umráðamanns þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði. Í dómsmála- og lögregluréttarbók Norður-Múlasýslu 1888–1896 er farið yfir rök málsaðila og gögn málsins. Dómurinn var þinglesinn við manntalsþing á Seyðisfirði 16. júní 1892 og færður inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Hann hljóðar svo:

Landamerki milli Álptavíkur í Borgarfirði og Ness í Loðmundarfirði skulu vera þessi: Úr „Stallkletti“, sem stendur fast við sjó, utan við svokallaða „Innri-Álptavík“, en framan eða vestan við svokallaðann „Höfðasand“ og þaðan beint upp fjallsröð upp á „Miðmundarfjallskoll“, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallað „Sandskeið“, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.

Af málskostnaði, sem er 58 kr. 91 eyrir, borgi sóknaraðili helminginn, eða 29 kr. 46 aur., en varnaraðili hinn helminginn, eða 29 kr. 46 aura. –

Hið ídæmda ber að greiða innan 15 daga frá löglegri birtingu dómsins. Undir aðför að lögum.

Einar Thorlacius

Sig. Stefánsson, Björn Hermannsson, Runólfur Þorsteinsson, Einar Eiríksson

Dómur þessi var hátt upplesinn í rjettinum, er síðan var sagt upp. –

Einar Thorlacius.

Sig. Stefánsson, Björn Hermannsson, Runólfur Þorsteinsson, Einar Eiríksson

Rjetta útskrift staðfestir

Einar Thorlacius<sup>657</sup>

Með bréfi dagsettu 9. apríl 1891 sendi amtmaður landshöfðingja afrit af tveimur landamerkjadómum, uppkveðnum 29. og 30. ágúst 1890. Annað málið varðandi Álftavík þar sem ágreiningur var milli eiganda Húsavíkur og umboðsmanns þjóðjarðarinnar Ness. Amtmaður lagði til að dómnum yrði þinglýst og hann færður inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Að öðru leyti ræddi amtmaður upphæðir málskostnaðar í bréfi sínu.<sup>658</sup> Landshöfðingi ritaði amtmanni bréf þann 6. maí 1891 og samþykkti tillögur amtmanns um viðbrögð við landamerkjadómunum og endursendi afrit þeirra.<sup>659</sup>

Í byggingarbréfi Páls Ólafssonar fyrir jörðinni Nesi, dagsettu 18. maí 1894, segir eftirfarandi um landamerki jarðarinnar:

Milli Álftavíkur í Borgarfirði og Ness eru þessi: Úr Sallkletti [svo], sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álftavík, en framan eða vestan við svokallaðan Höfðasand og þaðan beint upp í Miðmundarfjallskoll, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inneftir fjallseggjum inn á svokallað Sandskeið, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls. –

<sup>657</sup> Skjöl nr. 2(46), 2(528) og 2(848)

<sup>658</sup> Skjal nr. 2(504).

<sup>659</sup> Skjal nr. 2(505).



Milli Seljamýrar og Ness byrja merkin við sjó við Merkilækjarútfall og liggja upp eftir Merkilæk upp í Hrafnagil til fjalls þar er vötnum hallar.<sup>660</sup>

Hinn 25. júní 1894 skráðu J. B. Jóhannesson, Jón Þorleifsson og Einar Eiríksson niður afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi. Þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16. maí 1894 með vísan í reglugjörð um fjallskil í Norður-Múlasýslu, staðfestri af amtsráðinu 22. ágúst 1893. Í afréttarland Ness og Neshjáleigu mátti reka 140 kindur en afréttarlandið skyldi vera Innri-Álftavík með Nesflugum.<sup>661</sup>

Með bréfi dagsettu 18. febrúar 1895 óskaði Páll Ólafsson, ábúandi Ness, við sýslumann Norður-Múlasýslu að fá að kaupa jörðina Nes og Neshjáleigu.<sup>662</sup> Hinn 7. maí 1895 skrifaði sýslumaður Norður-Múlasýslu til landshöfðingja og sendi með þrjú skjöl varðandi beiðni Páls Ólafssonar um að fá keypta jörðina Nes og Neshjáleigu.<sup>663</sup>

Í lýsingu J. Baldvins Jóhannessonar, dagsettri 28. febrúar 1895, um jörðina Nes og Neshjáleigu segir að jörðin öll sé metin 16 hundruð að dýrleika en eftir nýju mati sé hún 26,3 hundruð. Að öðru leyti segir eftirfarandi í lýsingunni:

Eptir dýrleika er jörðin landlítill í samanburði við aðrar jarðir hér um hverfis. Tún heimajarðarinnar er stórt – nálægt 10 □ teigum – og fremur grasgefið, en allt saman þýft, nema smá blettir sem sléttaðir hafa verið, er því seinlegt að vinna á því. Í meðalári mun það fódra 3–4 kýr. Tún hjáleigunnar er nokkuð minna, nálægt 6 □ teigum, allt að helmingi þess er þýft, en þó ekki eins illa þýft og heimatúnið. Í meðalári mun það fódra 2 kýr. Engjar eru fremur snöggar, bæði á heimajörðinni og hjáleigunni, en greiðfærar eru þær og nálægar. Á heimajörðinni má í meðalári framfleyta um 150 fjár og 3 hestum, en á hjáleigunni 70 fjár og 2 hestum. Vetrararbeit til landsins er ekki teljandi, en sjávararbeit allgóð. Afréttarland fylgir jörðinni, en illt er að nota það, vegna þess að ekki verður komist þangað, nema hættulega leið, eptir mjög miklum bratta og klettum. Útræði er þar bezt í sveitinni, þó er lendingin slæm, og brimsamt, einkum þegar á líður sumar.<sup>664</sup>

Sýslunefnd Norður-Múlasýslu samþykkti á fundi sínum 4.–6. mars 1895 sölu jarðarinnar Ness með Neshjáleigu til Páls Ólafssonar fyrir 3.300 kr.<sup>665</sup>

Ólafur Runólfsson ritaði landshöfðingja 29. ágúst 1896 og tilkynnti að Páll Ólafsson hafi veitt sér umboð til að annast fyrir sína hönd kaup á þjóðjörðinni Nesi með Neshjáleigu.<sup>666</sup>

Með bréfi dagsettu 1. september 1896 lagði landshöfðingi til að þjóðjörðin Nes með Neshjáleigu yrði seld.<sup>667</sup>

Hinn 10. maí 1898 óskaði Ólafur Runólfsson eftir að afsal yrði gefið út vegna Ness og Neshjáleigu til handa Páli Ólafssyni.<sup>668</sup> Hinn 12. maí 1898 sendi landshöfðingi afsalsbréf fyrir Nesi og Neshjáleigu til landfógeta. Afsalið var ætlað Páli Ólafssyni,

<sup>660</sup> Skjal nr. 2(639).

<sup>661</sup> Skjal nr. 2(319).

<sup>662</sup> Skjal nr. 2(511).

<sup>663</sup> Skjal nr. 2(510).

<sup>664</sup> Skjal nr. 2(512).

<sup>665</sup> Skjal nr. 2(513).

<sup>666</sup> Skjal nr. 2(516).

<sup>667</sup> Skjal nr. 2(515).

<sup>668</sup> Skjal nr. 2(524).

fyrir umboðsmanni, en átti að afhendast Ólafi Runólfssyni bókhaldara eftir að hann væri búinn að greiða ¼ hluta kaupverðsins í umboði fyrir Pál.<sup>669</sup>

Í skrá yfir seldar þjóðjarðir 1884–1890 kemur fram að jörðin Nes var seld árið 1898 fyrir 3.300 kr.<sup>670</sup>

Hinn 8. mars 1901 rituðu Jón Baldvin Jóhannesson hreppstjóri og Jón Þorsteinsson hreppsnefndarmaður í Loðmundarfirði til landshöfðingja til að greina frá áhyggjum sínum af meðferð jarðanna Ness og Neshjáleigu vegna langvarandi fjarveru ábúanda. Fram kemur að hjáleigan hafi stundum staðið í eyði en að nafninu til hafi verið búið á jörðinni. Þá segir að húsin hafi sum fallið niður og jörðin almennt í niðurníðslu. Jón Baldvin og Jón lýstu áhyggjum yfir að jörðin færi í eyði og að slíkt hefði neikvæð áhrif fyrir þeirra sveitarfélag. Þeir lögðu að lokum til að full ástæða væri til að landssjóður tæki aftur jörðina.<sup>671</sup>

Hinn 26. júní 1901 ritaði amtmaður til landshöfðingja og sagði frá athugun á meðferð og eignarhaldi Ness og Neshjáleigu vegna áhvílandi láns. Meðfylgjandi var bréf frá sýslumanni um efnið, dagsett 17. júní 1901. Fram kemur að Páll Ólafsson hafi gert kaupsamning við ónafngreindan mann um kaup á Nesi að hjáleigunni undanskildri fyrir 2.900 kr. Álit sýslumanns og amtmanns var að ekki skyldi segja upp láninu.<sup>672</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Nes var metin á 4.600 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að upprekstrarland sé nægjanlegt fyrir afréttarfé ábúanda. Eigendur jarðarinnar voru Stefán Þorsteinsson og Halldór Pálsson.<sup>673</sup>

### 5.16.1 Neshjáleiga í Loðmundarfirði

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Neshjáleigu ekki tilgreindur. Jörðin er skráð sem hjáleiga frá Nesi. Eigandi jarðarinnar var Skriðuklaustursumboð.<sup>674</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 29. ágúst 1822 var jörðin Neshjáleiga í Loðmundarfirði byggð Oddi Bjarnarsyni frá fardögum 1822 til jafnlengdar árið 1823.<sup>675</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum voru jarðirnar Nes og Neshjáleiga skoðaðar 10. september 1828. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki þeirra:

Landamerki hennar ásamt Hiáleigunar segir abúandinn að seu eptir sem hann heyrir hafi, – að framan verdu úr Merkilæk við Sió, upp til Fialls í Hrafnagil, enn að utanverdu úr svonefndum Stafklett við Sió, og svo beint uppá Varp.<sup>676</sup>

Úttektarmennirnir Jón Jónsson og Jón Árnason staðfestu úttektir sínar á Skriðuklaustursjörðum við aukarétt að Ketilsstöðum 2. október 1828. Í dóma- og þingbók

<sup>669</sup> Skjal nr. 2(523).

<sup>670</sup> Skjal nr. 2(527).

<sup>671</sup> Skjal nr. 2(526).

<sup>672</sup> Skjal nr. 2(525).

<sup>673</sup> Skjal nr. 2(185).

<sup>674</sup> Skjal nr. 2(121).

<sup>675</sup> Skjal nr. 2(640).

<sup>676</sup> Skjal nr. 2(675).

Norður-Múlasýslu 1804–1829 var þann 12. mars 1829 skráð að Johnson amtmaður hafi með bréfi dagsettu 21. febrúar 1829 lýst sig óánægðan með úttektirnar. Sýslumaðurinn Páll Melsted skráði svo að réttur amtsins væri að taka þær til rannsóknar og álits á kostnað Bergvins Þorbergssonar umboðsmanns og dánarbús Guðmundar Pálssonar.<sup>677</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 22. apríl 1829 var jörðin Neshjáleiga í Loðmundarfirði byggð Ögmundi Oddssyni.<sup>678</sup>

Við úttekt á Skriðklaustursjörðum var jörðin Neshjáleiga skoðuð 15. apríl 1841. Engar upplýsingar koma fram um landamerki en skráð er að hlunnindi hafi verið sjávarafli. Sama dag var jörðin Nes skoðuð en þar segir eftirfarandi um landamerki hennar og Neshjáleigu:

Landamerki <sup>beggia Jarðanna</sup> eru að framan Merki lækur úr Sjó upp til Fialls í Hrafnagil, en að utan úr sonefndumm Stafklett við Sjó, og so beint uppá vörp.<sup>679</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Neshjáleiga ekki metin sérstaklega en hún var hjáleiga frá Nesi.<sup>680</sup>

Neshjáleigu er getið í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 sem hjáleigu frá Nesi. Þar segir eftirfarandi:

Nes

með Neshjáleigu sem talin er 4<sup>hndr</sup> að dyrleika; túnin fóðrar 5 kyr og á útheysi land og fiörubeit framfleytast 80 ær, 80 saudir, 40 lomb og 5 hestar, tún á heimajörðinni er þyft en á hiáleigunni greidfært; bædi eru sæmil. grasgefin. Eingjar vídslægar og greidar en fremur snöggar, málnya leleg en þrif sæmileg á öllum sképnum fiöru og landbeiti á vetrum all góð; afrétt eingi og heimaland heldur lítið; útræði bjargvænlegt; reki lítill; nokkurt lyng fæst í landinu en um mótak vita menn ekki; torfskera er til en slæm; nokkur partur eingianna liggur fyrir skémdum af skriduhlaupi. Til að nota jörðina þykir þurfa 5 karlmenn, 5 kvenmenn og 2 smala. Þessi jörð með hjáleigunni var vyrðt á 800 (átta hundrud.) rbd.<sup>681</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 12. júní 1873 var jörðin Neshjáleiga í Loðmundarfirði byggð Ólafi Péturssyni.<sup>682</sup> Hún var síðan byggð Jóhanni Þorbergssyni með byggingarbréfi dagsettu 29. apríl 1886,<sup>683</sup> Ólafi Péturssyni með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1887,<sup>684</sup> Ólafi Ásgeirssyni með byggingarbréfi dagsettu 4. febrúar 1890,<sup>685</sup> og Páli Ólafssyni með byggingarbréfi dagsettu 18. maí 1894.<sup>686</sup>

Hinn 25. júní 1894 skráðu J. B. Jóhannesson, Jón Þorleifsson og Einar Eiríksson niður afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi. Þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16. maí 1894 með vísan í reglugjörð um fjallskil í Norður-Múlasýslu, staðfestri af amts-

<sup>677</sup> Skjal nr. 2(675).

<sup>678</sup> Skjal nr. 2(641).

<sup>679</sup> Skjal nr. 2(647).

<sup>680</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>681</sup> Skjal nr. 2(133).

<sup>682</sup> Skjal nr. 2(642).

<sup>683</sup> Skjal nr. 2(643).

<sup>684</sup> Skjal nr. 2(644).

<sup>685</sup> Skjal nr. 2(645).

<sup>686</sup> Skjal nr. 2(646).

ráðinu 22. ágúst 1893. Í afréttarland Ness og Neshjáleigu mátti reka 140 kindur en afréttarlandið skyldi vera Innri-Álftavík með Nesflugum.<sup>687</sup>

Með bréfi dagsettu 18. febrúar 1895 óskaði Páll Ólafsson, ábúandi Ness, við sýslumann Norður-Múlasýslu að fá að kaupa jörðina Nes og Neshjáleigu.<sup>688</sup> Hinn 7. maí 1895 skrifaði sýslumaður Norður-Múlasýslu til landshöfðingja og sendi með þrjú skjöl varðandi beiðni Páls Ólafssonar um að fá keypta jörðina Nes og Neshjáleigu.<sup>689</sup>

Í lýsingu J. Baldvins Jóhannessonar, dagsettri 28. febrúar 1895, um jörðina Nes og Neshjáleigu segir að jörðin öll sé metin 16 hundruð að dýrleika en eftir nýju mati sé hún 26,3 hundruð. Að öðru leyti segir eftirfarandi í lýsingunni:

Eptir dýrleika er jörðin landlítill í samanburði við aðrar jarðir hér um hverfis. Tún heimajarðarinnar er stórt – nálægt 10 □ teigum – og fremur grasgefið, en allt saman þýft, nema smá blettir sem sléttaðir hafa verið, er því seinlegt að vinna á því. Í meðalári mun það fódra 3-4 kýr. Tún hjáleigunnar er nokkuð minna, nálægt 6 □ teigum, allt að helmingi þess er þýft, en þó ekki eins illa þýft og heimatúnið. Í meðalári mun það fódra 2 kýr. Engjar eru fremur snöggar, bæði á heimajörðinni og hjáleigunni, en greiðfærar eru þær og nálægar. Á heimajörðinni má í meðalári framfleyta um 150 fjár og 3 hestum, en á hjáleigunni 70 fjár og 2 hestum. Vetrararbeit til landsins er ekki teljandi, en sjávararbeit allgöð. Afréttarland fylgir jörðinni, en illt er að nota það, vegna þess að ekki verður komist þangað, nema hættulega leið, eptir mjög miklum bratta og klettum. Útræði er þar bezt í sveitinni, þó er lendingin slæm, og brimsamt, einkum þegar á líður sumar.<sup>690</sup>

Sýslunefnd Norður-Múlasýslu samþykkti á fundi sínum 4.–6. mars 1895 sölu jarðarinnar Ness með Neshjáleigu til Páls Ólafssonar fyrir 3.300 kr.<sup>691</sup>

Hinn 21. ágúst 1896 vitnaði Þorbjörg Pálsdóttir að Sigurður Einarsson frá Sævarenda og Páll umboðsmaður Ólafsson hafi samið hvaða hluta Sigurður skyldi fá til afnota úr túni Neshjáleigu. Þorbjörg gat ekki sagt til um hvaða hlut úr túninu Sigurður fékk.<sup>692</sup>

Ólafur Runólfsson ritaði landshöfðingja 29. ágúst 1896 og tilkynnti að Páll Ólafsson hafi veitt sér umboð til að annast fyrir sína hönd kaup á þjóðjörðinni Nesi með Neshjáleigu.<sup>693</sup>

Með bréfi dagsettu 1. september 1896 lagði landshöfðingi til að þjóðjörðin Nes með Neshjáleigu yrði seld.<sup>694</sup>

Hinn 10. maí 1898 óskaði Ólafur Runólfsson eftir að afsal yrði gefið út vegna Ness og Neshjáleigu til handa Páli Ólafssyni.<sup>695</sup> Hinn 12. maí 1898 sendi landshöfðingi afsalsbréf fyrir Nesi og Neshjáleigu til landfógeta. Afsalið var ætlað Páli Ólafssyni, fyrrum umboðsmanni, en átti að afhendast Ólafi Runólfssyni bókhaldara eftir að hann væri búinn að greiða ¼ hluta kaupverðsins í umboði fyrir Pál.<sup>696</sup>

<sup>687</sup> Skjal nr. 2(319).

<sup>688</sup> Skjal nr. 2(511).

<sup>689</sup> Skjal nr. 2(510).

<sup>690</sup> Skjal nr. 2(512).

<sup>691</sup> Skjal nr. 2(513).

<sup>692</sup> Skjal nr. 2(308).

<sup>693</sup> Skjal nr. 2(516).

<sup>694</sup> Skjal nr. 2(515).

<sup>695</sup> Skjal nr. 2(524).

<sup>696</sup> Skjal nr. 2(523).

Hinn 8. mars 1901 rituðu Jón Baldvin Jóhannesson hreppstjóri og Jón Þorsteinsson hreppsnefndarmaður í Loðmundarfirði til landshöfðingja til að greina frá áhyggjum sínum af meðferð jarðanna Ness og Neshjáleigu vegna langvarandi fjarveru ábúanda. Fram kemur að hjáleigan hafi stundum staðið í eyði en að nafninu til hafi verið búið á jörðinni. Þá segir að húsin hafi sum fallið niður og jörðin almennt í niðurníðslu. Jón Baldvin og Jón lýstu áhyggjum yfir að jörðin færi í eyði og að slíkt hefði neikvæð áhrif fyrir þeirra sveitarfélag. Þeir lögðu að lokum til að full ástæða væri til að landssjóður tæki aftur jörðina.<sup>697</sup>

Hinn 26. júní 1901 ritaði amtmaður til landshöfðingja og sagði frá athugun á meðferð og eignarhaldi Ness og Neshjáleigu vegna áhvílandi láns. Meðfylgjandi var bréf frá sýslumanni um efnið, dagsett 17. júní 1901. Fram kemur að Páll Ólafsson hafi gert kaupsamning við ónafngreindan mann um kaup á Nesi að hjáleigunni undanskildri fyrir 2.900 kr. Álit sýslumanns og amtmanns var að ekki skyldi segja upp láninu.<sup>698</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Neshjáleiga var metin á 1.800 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar séu innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Fram kemur að jörðina skorti upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Kristján Guðmundsson.<sup>699</sup>

### 5.16.2 Innri-Álftavík í Víkum<sup>700</sup>

Hinn 2. ágúst 1705 lögfesti sr. Bjarni Einarsson kirkjustaðinn Húsavík í Borgarfirði. Landamerkjalyking lögfestunnar tekur m.a. til Álftavíkur en hún er svohljóðandi:

Ad Sunnanverdu Riettvyslega til Ness Lands i Lodmundarfirde, fyrir Jnnann Alftavök [þ]adann ä fiall upp til þess vótneu[m] hallar, sydann framm og nordur efter fiallgórdum þar til vótneu hallar ad Borgarfirde; Sýdann üt efter sómu äföstu häfiallgórdum, þar til vótneu hallar ad Breida vökum, sem virdast mun ad tiltaka hiä fremra Giäsar Vatne, og so efter þeirre ä sem fellur mille Breida vökna til þess hästa mels horns, sem nýrdst og ýdst ad sunnanverdu vid ana er, og rietta Siönhending ur sama [mels horne] i Sió ut; ä hverre Siönhending, á landølldunne fyrer ofann flædmäl Lands og Reka merkis varda, med vidlógdum Garde til viss merkess staded hefur og standa á, efter þa[r] umm görðu Insigludu Kälfskinn[s] Brefe hvert sier lýkast hermer

Og sydann frá nefndre vórdu Sud[ur] med Siönum til riettra ädurnefndra Landa merkia mille A[l]ftavök<sup>701</sup>

Varðveitt er afrit af lögfestu sr. Bjarna frá 1705, dagsett 1. maí 1798 og 29. maí 1843. Þar segir um landamerkin:

ad sunanverdu rettvyslega til Nesslands i Lodmundarfyrði j Stallklett fyrir innan Alftavökur, þadan a fjall upp til þess vótneu hallar, sýdan fram og nordur eptir fjallgórdum þartil vótneu hallar ad Borgarfyrði, sidan üt og ofan i Krossá, og so i

<sup>697</sup> Skjal nr. 2(526).

<sup>698</sup> Skjal nr. 2(525).

<sup>699</sup> Skjal nr. 2(186).

<sup>700</sup> Heimildir sem nefna „Álftavík“ án þess að tilgreint sé hvort um ytri eða innri víkina er að ræða varða almennt Ytri-Álftavík sem tengdist lengi Húsavík. Upplýsingar um hluta þeirra heimilda eru þó einnig birtar í þessum kafla um Innri-Álftavík vegna ágreinings um landamerki á svæðinu.

<sup>701</sup> Skjal nr. 2(354).

Selshusa Læk sem rennur úr fremra Gjæsarvatni, og so eptir þeirri æ sem fellur millum Breiðuvíkna til þess stærsta melshorns, sem nýrdst og ytst að sunnanverdu við ána er, og rétta Sjonhending úr sama mels horni í Sjó út; á hvorri Sjonhending a Land auldunni fyrir ofan Flæðarmál Lands og Reka merkis varda með við laugdum gardi til viss merkis stadid hefur og standa á eptir þarum gjördu innsigludu Kalfskins bréfi, hvört sier líkast hermir og sidan frá nefndri vordu sudur með Sjónum til rettra adurnefndra Landamerkjia milli Álftavykna og Ness í Lodmundarfyrði<sup>702</sup>

Hinn 28. desember 1832 skrifaði Hallgrímur Ólafsson eigandi Hólshúsa í Víkum bréf til biskups vegna eignarhalds á Húsavík í Víkum. Hallgrímur lýsti bæjaskipan í víkinni og fjallaði í því sambandi einnig um Álftavík. Í bréfinu segir m.a.:

Húsavíkr Torfan, sem alkunnugt er, er öllu sömum 40 hndr. að Dyrleika, þaraf er Helfingurinn eða 20 hndr. Bóna Eign, enn hinn helfingurinn er Eign Kyrkjunnar, sem á Lóðinni stendr. A þessari Torfu eru fyrir nær verandi Tíð fylgjandi bygd Byli: Húsavík og Hólshús, hvorra Tún liggja samann og ná að Sjó niður; Dalland innar í Víkinni bæarleidarkorn frá Sjó; Alptavík uppbygð á ny fyrir fáum árum sidann, á Nesi, sunnann til við Húsavíkina og Litlavík nordann til við Húsavíkina. Af þessum bylum er nú óskipt Land milli Húsavíkur, Hólshúsa, og Dallands, enn Litlavík og Alptavík eru afdeild við nattúrleg Takmörk, nefnil: Fjallsveggjar og Skridur. [...] Bónaæjgn er: Hólshús 6 hndr., Alptavík 4 hndr. og 10 hndr. í Húsavík, hvar hjá þess er að géta, að daglegu tali, og eins í Skiptunum eptir Födur minn sáluga, er Alptavíkur reki gétid, en hennar Hundrada tal er reiknad til Húsavíkur.<sup>703</sup>

Hinn 6. apríl 1837 gaf Björn Skúlason, að beiðni Hallgríms Ólafssonar, vitnisburð um nytjar í Innri-Álftavík í Víkum. Í vitnisburðinum segir:

ad áred átiánhundrud tólf þegar eg var edur fór að Nesi J Lodmundarf. þá heirde eg ecki nefnt umm áltavyk Hid minsta ad hun ey heyrde til mier Semm ábuanda á Nesi til allra Ummráða enn firer þá Skulld ad Broder minn M<sup>r</sup> SkSs var þá á Húsavyk þá mætti Gieta vered þó hann liete mier óuppatalad þó eg Brúkade þessa ummtalada Innre Áltavyk ad hann hafi Giört það, bæde vegna þess ad hann hefur ey þvj midur, haft nockur Skiöl ~~haft~~ firer Húsavy edur hann hann hefde giört það vegna Bródurlegs kíerleika við mig veyt eg Sliettey, Jafnvel þó eg heyrde tvystædu Margbreitta Umm þetta mál<sup>704</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 16. ágúst 1837 kemur fram að Húsavíkurkirkja hélt öllum sínum eignum og ítökum, en einnig er getið ágreiningis um Innri-Álftavík sem liggja á landamerkjum Húsavíkur annars vegar og Ness í Loðmundarfirði hins vegar.<sup>705</sup> Sama kemur fram í prófastsvísitasíu frá 14. júlí 1842. Þar segir einnig að upp sé kominn ágreiningur um hval sem rak upp fyrir landi Stóru-Breiðuvíkur.<sup>706</sup> Í prófastsvísitasíu frá 14. ágúst 1841 segir að ágreiningarnir séu til lykta leiddir.<sup>707</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842 voru þinglesin mótmæli frá administrator S. Guðmundssyni um að Syðri-Álftavík skyldi notuð frá Húsavík.<sup>708</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um Innri-Álftavík:

<sup>702</sup> Skjal nr. 2(358).

<sup>703</sup> Skjal nr. 2(556).

<sup>704</sup> Skjal nr. 2(211).

<sup>705</sup> Skjal nr. 2(468).

<sup>706</sup> Skjal nr. 2(470).

<sup>707</sup> Skjal nr. 2(469).

<sup>708</sup> Skjal nr. 2(699).

Innri alptavík

heitir þrætuland milli Alptavíkur og jardarinnar Ness í Lodmundarfirði sem er afrétt fyrir 30 til 40 kyndur; þar er dálítið lyngsrif og lítil rekafiara. Þetta land var vyrðt á 16<sup>rd</sup>.<sup>709</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1855 var auglýst lögfesta, dagsett 2. júní 1855, fyrir jörðinni Húsavík og mótmælti umboðsmaður Skriðuklausturs henni hvað Innri-Álftavík snerti. Þá mótmælti einnig presturinn á Desjarmýri.<sup>710</sup>

Með byggingarbréfi frá apríl 1856 var Magnúsi Sæbjörnssyni byggð hjáleigan Álftavík, þ.e. Ytri-Álftavík. Vísað er til Innri-Álftavíkur í merkjalýsingu sem er svohljóðandi:

að sunnann rettvíslega til neslands í sonefndan stiga eður stallklett innanverðt við sokallaða innri Alptavík, og þaðan eptir afstöðu á fjall upp til efstu brúna enn að norðann til þeirra merkja landamerkja sem viðtekin hafa verið hingað til millum Alpta og Húsavíkur.<sup>711</sup>

Samhljóða merkjalýsingar eru í byggingarbréfum fyrir Álftavík, dagsettum 31. desember 1856 og 16. mars 1861.<sup>712</sup> Í byggingarbréfi fyrir Álftavík dagsettu 6. júní segir síðan um landamerki:

Stallklettur í flugunum fyrir innan innri álftavík, og af honum beint á fjall upp, norður að þeim landamerkjum sem gilda millum Alfta og Húsavíkur<sup>713</sup>

Enn fremur segir um landamerki í byggingarbréfi fyrir Álftavík, dagsettu 29. desember 1881:

að sunnan til Neslands í „stiga“ eða „stallklett“ innan við innri Alptavík – Þaðan, beint áfjall til efstu brúnar, svo eptir þeim, eða eggjunum milli Húsa og Olafsvíkur á sjó útá Hafnarnesi<sup>714</sup>

Í síðastnefnda byggingarbréfinu, dagsettu 29. desember 1881, er einnig minnst á þrætuland milli Álftavíkur og Ness og ábyrgð ábúanda gagnvart því, en þar segir:

Einnig skal hann annast um að ekkert gangi það undan jörðinni sem henni hefur fylgt, fyrir brúkunarleysi hans; er það einkum þrætulandið inni Álftavík sem Nesmenn vilja einnig helga sér<sup>715</sup>

Í skjali frá eiganda Álftavíkur, J. P. Hallgrímssyni, dagsettu 14. desember 1884, er fjallað um landamerki milli Álftavíkur og Ness. Þar segir:

Milli Álptavíkur lands og Nesslands í Loðmundarfirði eru bein lina frá fjalli til fjöru um Stallklett öðru nafni „Stigi“ sem er fyrir innan innri Alptavík, og ræður sú lina og fjörumörkum þeirra jarða.<sup>716</sup>

<sup>709</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>710</sup> Skjal nr. 2(705).

<sup>711</sup> Skjal nr. 2(374).

<sup>712</sup> Skjal nr. 2(373) og 2(375).

<sup>713</sup> Skjal nr. 2(376).

<sup>714</sup> Skjal nr. 2(377).

<sup>715</sup> Skjal nr. 2(377).

<sup>716</sup> Skjal nr. 2(364).

Í skjalinu segir einnig frá þremur samhljóða lögfestum fyrir Álftavík frá 2. ágúst 1705, 1. nóvember 1829 og 20. maí 1835, en þær segi eftirfarandi:

Milli Álptavíkur lands og Nesslands í Loðmundarfirði er lína sú sem bein<sup>ast</sup> verðr dregin frá fjöru til fjalls sem Stallklett, (öðru nafni Stígi) ~~klettur~~ sem er fyrir innan Innri Álptavík, og ræður sú lína og rekamörkum við sjó.<sup>717</sup>

Með bréfi dagsettu 24. febrúar 1887 sendi amtmaður landshöfðingja skýrslu og fylgiskjöl varðandi nokkrar landamerkjaprætur milli jarða í Loðmundarfirði. Amtmaður ritaði umsögn og tillögu um þrætumál varðandi þjóðjörðina Nes og bændakirkjufjörðina Húsavík en ágreiningurinn snerist um Innri-Álftavík. Amtmaður lagði til að ekki yrði látið undan kröfum eiganda Húsavíkur og ritaði eftirfarandi um málið:

Að endingu er ágreiningur um landamerki þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði og Húsavíkur, sem er bændakirkjufjörð, eða hjáleigunnar þaðan Álptavíkur, og er ágreiningsefni Álptavík (Alptavík Innri), sem er afrjett góð og beutiland, og er undir því komið, hvort landamerkin eru miðuð við Stafklett eða Stiga (Stallklett). Það er eigi annað að ráða af vitnisburðum þeim, sem hjermeð fylgja, og lögfestu umboðsmanns Skriðuklausturs, Sigurðar Guðmundssonar á Eyjólfsstöðum, 19. maí 1845, en að þræta hafi verið fyrir hjer um bil 40 árum um Álptavík þessa, og ganga vitnisburðirnir allir í þá átt, að vikin hafi um langan tíma verið notuð af Nesbændum, og verið álitin heyra undir Nes, en málgögn Húsavíkureiganda eru eigi fram komin öðru vísi, en að þau eru nefnd í brjefi umboðsmannsins, 30 f.m., sem hjermeð fylgir og áður er nefnt; meðal þeirra er talin útskrift úr máldögum Wilchins biskups og Gísla Jónssonar, sem hjermeð fylgir, en þessi útskrift nefnir ekki Álptavík, eins og umboðsmaður drepur á, en á þetta atriði legg jeg enga áherzlu, þarsem það þó er ómótmælt, að Hjáleiga ein frá Húsavík nefnist Álptavík. Með því nú samt margir vitnisburðir eru fyrir því, að Alptavík (Innri) heyri til Nesi, verð jeg að álíta það rjettast, að láta eigi undan kröfum eiganda Húsavíkur, heldur leggja ágreininginn í dóm.<sup>718</sup>

Landshöfðingi svaraði með bréfi dagsettu 7. maí 1887 og samþykkti tillögur amtmanns um málsframvindu.<sup>719</sup> Frekari bréfsendingar gengu síðan milli amtmanns og landshöfðingja í júní 1887 um málgögnin.<sup>720</sup>

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Húsavíkur, sem er dagsett 17. maí 1887, er m.a. getið Álftavíkur. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing að Seyðisfjarðaröldu 2. júní 1893 og að Desjarmýri 24. júní 1893. Sá hluti sem varðar Álftavík er svohljóðandi:

Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði – en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álptavík og Litla-Breiðavík – eru þessi:

að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álptavík beint á fjall upp<sup>721</sup>

Hinn 27. júní 1889 var tekið fyrir landamerkjamáli Jónasar P. Hallgrímssonar, eiganda Álftavíkur, gegn Páli Ólafssyni, umboðsmanni þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði. Framlögð voru skjöl og þá voru menn nefndir í landamerkjadóm áður en málinu

<sup>717</sup> Skjal nr. 2(364).

<sup>718</sup> Skjal nr. 2(495).

<sup>719</sup> Skjal nr. 2(496).

<sup>720</sup> Skjöl nr. 2(497)–2(498).

<sup>721</sup> Skjal nr. 2(43). Landamerkjabréfið í heild er í köflum 5.14 og 5.15 um Húsavík og Ytri-Álftavík.



var frestað.<sup>722</sup> Málinu var framhaldið 1. ágúst 1890 þar sem gengið var á merkin og frekari skjöl voru lögð fram.<sup>723</sup> Það var svo tekið fyrir að nýju 29. ágúst 1890 þar sem málsaðilar lögðu málið í dóm.<sup>724</sup>

Hinn 29. ágúst 1890 var við aukarétt Norður-Múlasýslu kveðinn upp dómur í landamerkjamáli Jónasar P. Hallgrímssonar, eiganda Álftavíkur, og Páls Ólafssonar, umráðamanns þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði. Í dómsmála- og lögregluréttarbók Norður-Múlasýslu 1888–1896 er farið yfir rök málsaðila og gögn málsins. Dómurinn var þinglesinn við manntalsþing á Seyðisfirði 16. júní 1892 og færður inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Hann hljóðar svo:

Landamerki milli Álftavíkur í Borgarfirði og Ness í Loðmundarfirði skulu vera þessi: Úr „Stallkletti“, sem stendur fast við sjó, utan við svokallaða „Innri-Álftavík“, en framan eða vestan við svokallaðann „Höfðasand“ og þaðan beint upp fjallsröð upp á „Miðmundarfjallskoll“, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallað „Sandskeið“, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.

Af málskostnaði, sem er 58 kr. 91 eyrir, borgi sóknaraðili helminginn, eða 29 kr. 46 aur., en varnaraðili hinn helminginn, eða 29 kr. 46 aura. –

Hið ídæmda ber að greiða innan 15 daga frá löglegri birtingu dómsins. Undir aðför að lögum.

Einar Thorlacius

Sig. Stefánsson, Björn Hermannsson, Runólfur Þorsteinsson, Einar Eiríksson

Dómur þessi var hátt upplesinn í rjettinum, er síðan var sagt upp. –

Einar Thorlacius.

Sig. Stefánsson, Björn Hermannsson, Runólfur Þorsteinsson, Einar Eiríksson

Rjetta útskrift staðfestir

Einar Thorlacius<sup>725</sup>

Með bréfi dagsettu 9. apríl 1891 sendi amtmaður landshöfðingja afrit af tveimur landamerkjadómum, uppkveðnum 29. og 30. ágúst 1890. Annað málið varðandi Álftavík þar sem ágreiningur var milli eiganda Húsavíkur og umboðsmanns þjóðjarðarinnar Ness. Amtmaður lagði til að dómnum yrði þinglýst og hann færður inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Að öðru leyti ræddi amtmaður upphæðir málskostnaðar í bréfi sínu.<sup>726</sup> Landshöfðingi ritaði amtmanni bréf þann 6. maí 1891 og samþykkti tillögur amtmanns um viðbrögð við landamerkjadómunum og endursendi afrit þeirra.<sup>727</sup>

Hinn 25. júní 1894 skráðu J. B. Jóhannesson, Jón Þorleifsson og Einar Eiríksson niður afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi. Þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16.

<sup>722</sup> Skjal nr. 2(845).

<sup>723</sup> Skjal nr. 2(846).

<sup>724</sup> Skjal nr. 2(847).

<sup>725</sup> Skjal nr. 2(46), 2(528) og 2(848).

<sup>726</sup> Skjal nr. 2(504).

<sup>727</sup> Skjal nr. 2(505).

maí 1894 með vísan í reglugjörð um fjallskil í Norður-Múlasýslu, staðfestri af amtsráðinu 22. ágúst 1893. Í afréttarland Ness og Neshjáleigu mátti reka 140 kindur en afréttarlandið skyldi vera Innri-Álftavík með Nesflugum.<sup>728</sup>

Í landamerkjabókum Norður-Múlasýslu er ekki að finna sérstaka landamerkjaskrá fyrir Innri-Álftavík, en merkja hennar er getið í landamerkjalýsingu Ytri-Álftavíkur, dagsettri 30. desember 1921 og þinglesinni við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki milli Álftavíkur og Innri Álftavíkur er Mávabírk, upp raðir í Miðmundarfjallstopp. Milli Álftavíkur og Húsavíkur eru landamerki út Miðmundarfjallsraðir í norðari Álftavíkurtind og þaðan beint í sjó norðan við Örvasand.

Hólshúsum 30. desember 1921

Elís Guðjónsson (eigandi Álftavíkur)

Halldór Pálsson (eigandi Innri Álftavíkur)

Sveinn Pálsson (eigandi Dallands) Elís Guðjónsson – samkvæmt umboði

Umboð

Hjer með gef jeg Elíss Guðjónssyni bónda á Hólshúsum í Borgarfjarðarhreppi umboð til að undirskrifa landamerkjabréf Álftavíkur í Borgarfj.hr., fyrir mína hönd.

Sómastaðagerði 20/1 '22

Stefán Þorsteinsson

Vottar:

Sigurbjörg Árnadóttir

Sigríður Bech<sup>729</sup>

### 5.17 Hjálmárströnd í Loðmundarfirði

Í máldaga Vilchins fyrir Mariukirkju að Dvergasteini frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

Mariukirkia að Dvergasteini a so micid j lanndi sem presti heyrer.

[...]

Hialmarströnd alla milli Hialmár oc Grijmkelzgil.<sup>730</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í Stefánsmáldaga um Dvergasteinskirkju frá 1491–1518, máldaga frá 1549, máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og biskupsvísitasíu frá 9. ágúst 1645.<sup>731</sup>

<sup>728</sup> Skjal nr. 2(319).

<sup>729</sup> Skjal nr. 2(45).

<sup>730</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 224–225, skjal nr. 4(27).

<sup>731</sup> Skjal nr. 2(393); og *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 23–24; XI, bls. 718–719; XV, bls. 689–690, skjöl nr. 4(28)–4(29) og 4(139).

Í máldaga Valþjófsstaðarkirkju frá 1471 segir að hún hafi átt allan reka í básum fyrir utan Hjálmárströnd.<sup>732</sup>

Í afriti af skjali sem varðveitt er í Landsbókasafni og skráð er árið 1601 er fjallað um eignir Klyppstaðarkirkju þegar sr. Þórður Jónsson tók við kirkjunni. Skráð er efst í afritið að það hafi verið þann 28. júní 1574. Meðal eigna og ítaka kirkjunnar var fjórðungur úr reka á Hjálmárströnd.<sup>733</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Mariúkirkju á Klyppstað frá 8. ágúst 1645 segir að kirkjan eigi fjórðung í reka frá Grímkelsgili til Hjálmár og allan reka frá Hjálmá til Melrakkaþúfu. Einnig segir að hún eigi þriðjung í öllum reka milli Hjálmár og Hraunár.<sup>734</sup> Sama kemur fram í prófastsvísitasíu Klyppstaðarkirkju frá 9. september 1790.<sup>735</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Mariúkirkju að Dvergasteini frá 9. ágúst 1645 segir eftirfarandi um Hjálmárströnd:

9 Augusti. Marjúkyrkja ad Duergasteine, aa so miked J lande sem Preste heyrer, Hjalmar Strönd alla Mille Hjálmár og Griymkjelsgils<sup>736</sup>

Í máldaga Dvergasteinskirkju frá 1666, sem tekinn var saman eftir máldagabók Vilchins og vísitasíubók Gísla biskups Jónssonar, segir eftirfarandi um Hjálmárströnd:

Mariukyrkia ad Dvergasteine, ä effter Wilchens Mäldaga, og Visitatiubokinne, so miked i Landi sem preste heyrer, það vtskyra adrar skrär so, ad hun eige prest skylldu J Lande, adrar so, hun ä sex hundrada kot Hialmarströnd alla J midle Hialmarsär og Grímkelsgils, Enn ecke er greint hvört su prestskyllda sie j Heimaland, eda i Vtland, nema su Hialmarströnd sie það vj hndr. kot sem fyrer prestskyll dunne stendur, og Mäldagar henne eigna, þar skal vera prestur.<sup>737</sup>

Í kirkjustól Dvergasteins 1808–1855 er fært inn afrit af makaskiptabréfi Brynjólfs Sveinssonar og Bjarna Oddssonar á jörðunum Dvergasteini annars vegar og Fremri-Hlíð og Gröf í Vopnafirði hins vegar. Bréfið er dagsett 7. júlí 1666 og lýsir makaskiptunum sem áttu sér stað 6. maí 1666. Þar seldi Bjarni Brynjólfi allan staðinn Dvergastein með Selsstöðum og Kolsstöðum gegn jörðunum Fremri-Hlíð og Gröf í Vesturárdal í Vopnafirði. Í bréfinu segir eftirfarandi um Dvergastein og Dvergasteinskirkju:

Dvergasteins landamerki eru, hid ytra i midli Brimness og Dvergasteins i Markhellu, ur Markhellu rettsynis upp eptir fjallinu, uppi það hædst sem vötnum hallar, en fra i midli Dvergasteins og Vestdals rædur Grytua, nedan fra sjó upp eptir i háfjall.

Dvergasteinskirkja a Hjalmarströnd alla i midli Hjalmaraldalsár og Grimkelsgils. Þessi merki öll efa og þrætulaus i allan máta<sup>738</sup>

Með gjafabréfi frá 11. apríl 1678 gaf Torfi Jónsson í Gaulverjabæ kaupahlutann í Dvergasteini, Selsstöðum og Kolsstöðum til uppheldis fyrir sóknarprest í Seyðisfjarðar- og Mjóafjarðarþingum. Kaupahluturinn var 12 hundruð að dýrleika og var það á ábyrgð

<sup>732</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn V*, bls. 634.

<sup>733</sup> Skjal nr. 2(661).

<sup>734</sup> Skjal nr. 2(410).

<sup>735</sup> Skjal nr. 2(474).

<sup>736</sup> Skjal nr. 2(393).

<sup>737</sup> Skjal nr. 2(394).

<sup>738</sup> Skjöl nr. 2(442) og 2(295).

biskups að úthluta honum til sóknarprests. Fjallað er um skilmála með gjöfinni og þar er meðal annars getið Hjálmárstrandar:

Fyrst að þesse statur Duergsteirn me[d] kyrkiunne, hennar Inventario og utensilibus sieæ nu uttekinn effter næstkomande fardaga þessa Ars Anni 1678 ad forlagi Virdulegs Biskups Skalhollts Stifftis M. Þordar Thorlakssonar aff profastenum J Mulaþynge Heidurlegum S<sup>ra</sup> Stephane Olafssyne edur þeim sem þeir þar um bioda og leggiest upp hiedan til æfenlegs presta adseturs og Beneficium þeim prestum sem þiona J Seidar og Miöafiarda þyngum til upphelldiss, enn utsuarest af mýnum umbods manne J Mulaþynge, erlegum ungum manne Biarna Elldra Einarssýne, so sem hann er nu standande ad kyrkiunne sialfre, heima Jardarhusunum og tilliggiande Jarda og utlanda Selstada Kolstada og Hialmarstrandar, huortt þær eru nu bygdar edur J eyde, med fiorum mattgilldum kugilldum Aanalls älags uppbootar og portiu reiknings

[...]

J þridia mata skil eg til ad af þe[s]sum Tolfhundrudum kaupahlutans J Duergasteine s[e]ju æfenlega greiddar og gollðnar alla Tyunder effter þessa giof, sem ädur, sinn fiordungur hiorjum sem hafa skal, nema preststyunden fellur til hans sialfs, vil eg og endelega ad [prest]jurinn sialfur [...] [o]g sitie a Jordunne Duergasteine, helldur enn odrum by[g]ge þuý so mun helldur kyrkiann endurbætast, og Jardarhusinn eflast og vidriettast. Huad ky[rk]junne hafe eignad verid nefnelege Hialmarstrond oll midlum Hialmár og Grymkiels gils [m]jed odru[m] eignum og Jtokum greina Maldagar sem Virdulegur Biskupinn mun prestenum J tie läta, Eigi veit eg logmætt klogumal liggia a þessare Jordu, þuý hun hefur ad vysu Tuttugu Är, Atölulaus leiged J eign þess sæla herra M: Brynjolfs Sueinssonar, enn kome það upp, þa verdur þuý sa ad gegna sem not hefur Duergasteins, og hallda lagasuorum fyrer. Enn lagariffthyngum lofa eg huorke uppa mig nie myna erfyngia ad suara þö afgang<sup>739</sup>

Í biskupsvísitásiu Klyppstaðarkirkju frá 30. júní 1727 segir að kirkjan eigi allan reka milli Hjálmár og Hraunár. Þá eigi hún jörðina Sævarenda.<sup>740</sup>

Við manntalsþing að Brimnesi í Seyðisfirði 12. júní 1797 var upplestin lögfesta Skúla Skúlasonar, dagsett 12. júní 1797, þar sem hann lögfesti Hjálmárströnd með öllum hennar herlegheitum frá Grímkelsgili að utan og inn í Hjálmá þar til vötnum hallar.<sup>741</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er skráð að dýrleiki Hjálmárstrandar sé óviss en að hún sé kirkjujörð frá Dvergasteini. Þá segir að Skúli Skúlason hreppstjóri hafi nýtt Hjálmárströnd.<sup>742</sup>

Hinn 19. janúar 1833 skrifaði sr. Ólafur Indriðason á Dvergasteini til biskups og sagði að þegar hann hafi komið þangað árið 1823 hafi kirkjukotið Hjálmárströnd legið um langan tíma í eyði og menn hafi nýtt það að eigin vild, s.s. til hagbeitar og afréttar. Sr. Ólafur kvaðst þó hafa komið því í byggingu árið 1826. Að þremur árum liðnum fór leiguliðinn og skyldi eftir hús sem hann hafði þar byggt, baðstofu, búr og eldhús. Annar maður hafi svo tekið við byggingu og nefndum húsum og sagði sr. Ólafur að kotið Hjálmárströnd væri því nú sem stendur nokkurn veginn byggilegt. Sr. Ólafur spurði hvort kirkjan ætti ekki að kaupa nefnd hús til að reyna halda kotinu í byggð.<sup>743</sup> Hinn

<sup>739</sup> Skjal nr. 2(382).

<sup>740</sup> Skjal nr. 2(412).

<sup>741</sup> Skjal nr. 2(780).

<sup>742</sup> Skjal nr. 2(113).

<sup>743</sup> Skjal nr. 2(588).

29. ágúst 1833 skrifaði sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi til biskups og sagði presta-kallið bíða stóran skaða af byggingu Hjálmárstrandar svo að hvorki Dvergasteinn né Selsstaðir hefðu undanfæri með afrétt fyrir geldfé, sem nefnd Hjálmárströnd hafi frá gömlum tíðum verið brúkuð. Sr. Guttormur sagði álit sitt að það væri síður gjörlegt fyrir prest og kirkju á Dvergasteini að kaupa húsin.<sup>744</sup> Biskup svaraði sr. Guttormi með bréfi dagsettu 10. október 1833 og sagði að þar sem sr. Ólafur væri vikinn burt frá Dvergasteini og að húsin hafi verið seld til Árna Guðmundssonar, ábúanda á Hjálmárströnd, þá væri húsatilboðið fallið niður.<sup>745</sup>

Í skýrslu sr. Einars Hjörleifssonar á Dvergasteini, dagsettri 12. júní 1839, yfir inntektir og útgjöld Dvergasteins- og Fjarðarprestakalls segir að dýrleiki jarðarinnar sé óviss, en eftir jarðabók hafi hann verið sex hundruð. Hins vegar hafi biskupsvísitásiu Brynjólfs biskups Sveinssonar sagt jörðina vera 12 hundruð með Kolsstöðum og Selsstöðum. Þá er Hjálmárstrandar getið í skýrslunni eða eins og fram kemur:

Prest Setrid Dvergasteinn er ovist að dýrleika eptir Jarðabokini skal hun vera anfærd fyrir 6 hndr. enn eptir kyrkjunnar Maldögum, og serilagi visitatiu mag Brinjólfs biskups – sem sjálfur gaf Jordina og gjörði að Beneficio, er Dvergasteinn með Kolstöðum og Selsstöðum reiknadr 12 hndr., þaradruk er kyrkjuni eignadr 6 hndr. kot er sumir utleggja fyrir Part úr Heima Jördunni, er þa hefði átt að vera auk bóndaEignarinnar, en sumir firi Hjálmárströnd sem er kyrkjuni tilheyrand afréttarland fra Hjálmá að Grímkelsgili, og hvar Fátæklingar einstöku sinnum hafa lafad vid kofa fá ár í senn; Fyrri meiningin er synist mér miklu likari og þa hefði Stadirin átt að fornu að vera með kyrkjuhlutanum 12 hndr. Engin Itök á Stadir eda Kyrkja, sem nockud af sér géfa, er nein Herlegheit til natur eda Sjáfar nema Reka milli Þorissvogs og Stáls, hvar stokusinum og kastar upp Spítu.<sup>746</sup>

Í uppteiknan yfir eignir og ítök Klyppstaðarkirkju frá 23. desember 1843 er fjallað um kirkjujarðir, skógarítök og rekaítök. Um reka við Hjálmárströnd segir eftirfarandi:

Eptir ádurgreindumm skilrikjum er kyrkjuni eignadr  $\frac{1}{4}$ ungur úr öllum Reka á Hjálmárströnd, að sönnu hefur þar ekkert rekið sidann eg kom hingad, enn i tid formanns mins hafði þar tré ad landi borid, og hann átölulaust feingid úr því sinn hluta, og itakid, er ad minni vitund, vidurkennt af Dvergasteins prestum Klippstadar kyrkju eign.<sup>747</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 segir í neðanmálgrein um jörðina Selsstaði að bóndi þar hafi um tíma brúkað Hjálmárströnd. Þá segir að viðarreki sé þar nokkur en Dvergasteinskirkja eigi  $\frac{3}{4}$  hluta hans á móti  $\frac{1}{4}$  hlut Klyppstaðarkirkju.<sup>748</sup>

Hinn 3. júní 1849 lögfesti sr. Einar Hjörleifsson kirkjustaðinn Dvergastein með Selsstöðum og Kolsstöðum. Einnig er Hjálmárstrandar getið í lögfestunni en efni hennar er svohljóðandi:

Eg undirskrifaður prestur til Dvergasteins og Fjarðar lögfesti hermeð kirkjustaðinn Dvergastein með tilheyrandi jörðum eða hjáleigum Selsstöðum og Kolstöðum innan

<sup>744</sup> Skjal nr. 2(589).

<sup>745</sup> Skjal nr. 2(616).

<sup>746</sup> Skjal nr. 2(595).

<sup>747</sup> Skjal nr. 2(480).

<sup>748</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 362.

þeirra landamerkja: hið ytra imiðli Brimness og Dvergasteins í Markhelli, ur Markhelli rettsynis upp eptir fjallinu, uppi það hæðzt sem vötnum hallar; en innfrá, miðli Dvergasteins og Vestdals ræður Grytuá, neðan frá sjó upp eptir í hafjall; sömuleiðis lögfesti eg Hjálmarströnd alla milli Grímkelsgils og Hjálmar, einnin reka imiðli Þórisvogs og suður að stáli og reka millum Hamarsnefs og Gullsteins. Fyrirbyð eg einum og serhvörjum að nota sér áðurgreint land til nokkurskonar afnota hvörju nafni sem heitir til sjós og lands undir alvarlegustu lagasekkir, solengi sem ecki framkoma sannanir fyrir að þessi landamerki séu afhermd.<sup>749</sup>

Lögfestan var lesin við manntalsþing að Dvergasteini 5. júní 1849 og þá var einnig lesin friðlýsing fyrir nótalögum í Dalalandi.<sup>750</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hjálmarströnd:

Hjálmarströnd

ymist talin 4<sup>hndr</sup> ymist 2<sup>hndr</sup> að dyrleika; hefir jörðin opt legið í eydi og er nú nylega tekin til ábúdar; þar er dálítill rekavon en jörðin landid sagt hentugt fyrir afrétt og med tilliti til þess var það vyrðt á 100 (eitt hundrað.) rbd.<sup>751</sup>

Í skýrslu sr. J. J. Björnson á Dvergasteini, dagsettri 30 september 1854, um tekjur og útgjöld Dvergasteinsprestakalls eftir fimm ára meðaltali frá fardögum 1849 til fardaga 1854 segir að heimajörðin sé sex hundruð að dyrleika. Um hjáleigur segir eftirfarandi

b. Hjáleigur heimajarðarinnar:

1. Hjálmsárströnd (afréttarpláts) Landskuld 400 al. geldst öll í Kaupstad með 4<sup>um</sup> Ríkisdöllum. 4 rbd.
2. Selstaður með eyðibylinu Kolstöðum, 6 hndr. að dyrleika<sup>752</sup>

Hjálmarstrandar er getið í landamerkjaskrá jarðarinnar Dvergasteins sem dagsett er 3. júní 1884, en hún var þinglesin við manntalsþing að Dvergasteini 10. júní 1884. Í dómsmálabók Norður-Múlasýslu 1880–1884 segir í texta um manntalsþingið að Dvergasteini 10. júní 1884, þegar þinglesin voru landamerki fyrir Dvergasteini með hjáleigunni Selsstöðum og enn fremur fyrir Hjálmarströnd, að Hjálmarströnd sé byggð úr Dvergasteinslandi.<sup>753</sup> Í landamerkjalyðingunni er að finna lýsingu á landamerkjum Dvergasteins gagnvart Brimnesi frá 26. september 1883, dómsorð um landamerki Dvergasteins og Vestdals, einnig frá 26. september 1883, og loks landamerkjalyðingu Hjálmarstrandar frá 3. júní 1884. Efni skjalsins varðandi Hjálmarströnd er svohljóðandi:

Dvergasteinskyrkja á Hjálmarströnd alla í Loðmundarfirði í milli Hjálmar og Grímkelsgils, og eru þessi landamerki skýrt mynduð af náttúrinni og geta því aldrei orðið vafa undirorpin. Sömuleiðis þessi ítök: „reka milli Hamarsnefs og Gullsteins“ – þau örnefni bæði til og vafalaus í Þórarinsstaðalandi, ennfremur „reka milli Þórisvogs (vængs) og suður að Stáli“ í Skálanesslandi og vervist á Sleitunausti (í Brimnesslandi) með öllum flutningi (afflutningi). – Samkvæmt máldögum Vilchins og Gísla (1397 og

<sup>749</sup> Skjal nr. 2(295).

<sup>750</sup> Skjal nr. 2(711).

<sup>751</sup> Skjal nr. 2(133).

<sup>752</sup> Skjal nr. 2(592).

<sup>753</sup> Skjal nr. 2(729).

1575), kaupbréfi frá 1666 og lögfestu þinglýstri frá 1849, auk hins áðurnefnda merkjadóms.

Seyðisfirði 3. júní 1884.

Jón Bjarnason

til nærkomandi fardaga kst. prestur í Dvergasteinsprestakalli. –

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykktir.

Einar Hinriksson bóndi í Vestdal.

Einar Eiríksson bóndi á Sævarenda.<sup>754</sup>

Hinn 25. júní 1894 skráðu J. B. Jóhannesson, Jón Þorleifsson og Einar Eiríksson niður afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi. Þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16. maí 1894 með vísan í reglugjörð um fjallskil í Norður-Múlasýslu, staðfestri af amtsráðinu 22. ágúst 1893. Í afréttarland Hjálmárstrandar mátti reka 150 kindur en afréttarlandið skyldi annars vegar vera frá Grímkelsgili að utan í Tóará og beina línu í ytra Rjúpnafell og hins vegar Hjálmárdalurinn sunnan Hjálmár frá efri Strandarbrekku.<sup>755</sup>

Hinn 8. janúar 1898 vitnaði Hallgrímur Metúsalemsson á Hjálmárströnd að þegar faðir hans, Metúsalem Guttormsson, bjó á Hjálmárströnd hafi hann fengið leyfi til að taka árlega svörð í Sævarendalandi eftir að Einar Eiríksson varð ábúandi í Sævarenda og án borgunar, nema Einar hafi í eitt skiptið rekið lömb í Hjálmárstrandarland.<sup>756</sup> Með vitnisburði dagsettu 27. janúar 1898 vottaði Hallgrímur Metúsalemsson, ábúandi á Hjálmárströnd, að hafa lánað Einari Eiríkssyni á Sævarenda hagagöngu fyrir lömb og einnig rjúpnaveiði í leigulandi sínu í skiptum fyrir mótak.<sup>757</sup>

Hinn 26. mars 1898 var tekið fyrir mál sr. Björns Þorlákssonar gegn Einari Eiríkssyni á Sævarenda vegna ábúðar hans á jörðinni. Sr. Björn fór fram á að Einar flytti burt af jörðinni. Meðal vitna sem kölluð voru fyrir var Hallgrímur Metúsalemsson á Hjálmárströnd. Hann var meðal annars spurður hve mörg ár faðir hans, Metúsalem Guttormsson, hafi búið á Hjálmárströnd eftir fardaga 1888 og hvort hann hafi léð Einari á Sævarenda upprekstur fyrir lömb etir að sr. Björn varð prestur til Klyppstaðar. Þá var hann spurður hvort annar eldiviður hafi verið brúkaður á Hjálmárströnd en svörður úr Sævarendalandi. Enn fremur var Hallgrímur spurður um rjúpnaveiði í landinu. Hallgrímur sagði föður sinn hafa búið tvö ár á Hjálmárströnd eftir fardaga 1888 en að hann hafi ekki léð Einari upprekstur. Þá sagði Hallgrímur að eitthvað af sauðataði hafi verið brúkað með en megnið af því hafi verið borið á tún. Varðandi rjúpnaveiði kvaðst Hallgrímur hafa léð Finni Einarssyni veiðina um tvo vetur. Hallgrímur var spurður frekari spurninga, s.s. hvort Einar hafi fengið vetrarheit í svonefndri Tó í Hjálmárstrandarlandi sem Hallgrímur kvaðst ekki vita.<sup>758</sup>

<sup>754</sup> Skjöl nr. 2(55) og 2(729).

<sup>755</sup> Skjal nr. 2(319).

<sup>756</sup> Skjal nr. 2(314).

<sup>757</sup> Skjal nr. 2(316).

<sup>758</sup> Skjal nr. 2(318).

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hjálmárströnd var metin á 500 kr. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Vestdalseyrarkirkja. Um landamerki segir:

III. Landamerki eru: Hjálmá að framan og Grimkelsgil að utan og fjallseggar að ofan. Sjá að öðrul. landam.lysingu Dvergasteins.<sup>759</sup>

Í afriti af bréfi Stjórnarráðs Íslands til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dagsettu 16. október 1964, er fjallað um upphæðir á sýsluvegagjaldi ákveðinna jarða. Þar eru meðal annars taldar upp jarðirnar Jórvík, Hróttur, Glettinganes, Hjálmárströnd og Klyppstaður.<sup>760</sup>

Í afriti af bréfi bæjarfógeta Seyðisfjarðarkaupstaðar og sýslumanns Norður-Múlasýslu, dagsettu 10. september 1965, er fjallað um reikninga um sýsluvegagjöld fyrir árið 1965, skv. 23. gr. vegalaga nr. 71/1963. Eftirtaldar fasteignir ríkisins í sýslunni eru taldar upp í bréfinu: Jórvík, Hróttur, Glettinganes, Hjálmárströnd, Hjaltastaður I, Svínafell, Klyppstaður og Bæjarstæði.<sup>761</sup>

## 5.18 Nærliggjandi jarðir í Útmannasveit og Eiðarþinghá

### 5.18.1 Kóreksstaðir í Útmannasveit

Í máldaga Vilchins frá um 1397 er fjallað um kristféð á Kóreksstöðum. Ekkert segir um eignir og ítök nema að þar fylgi fjögurra hundraða reki.<sup>762</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 27. maí 1797 var greint frá vogreki uppbornu á Hólsand sem tilheyrði Eiðakirkju, öðru á Kóreksstaðasand og þriðja á Jórvíkurreka.<sup>763</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Kóreksstaða metinn 20 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru Hjaltastaðar-, Eiða- og Vallahreppar en jörðin var fátækra-jörð.<sup>764</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kóreksstaðir ekki metin sérstaklega en skráð sem fátækraeign. Í neðanmálgrein kemur fram að árin 1696 og 1804 sé jörðin talin eign fátækra í Hjaltastaðar-, Eiða- og Vallahreppum og talin 20 hundruð að dýrleika.<sup>765</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kóreksstaði:

Kóreksstaðir

með hjáleigunum Kóreksstaðagérði og Hjalla (: hin fyrri hjáleiga er talin 4<sup>hndr</sup> enn hin síðari 2<sup>hndr</sup>:). Á töðu má hafa 5½ kýr, og á útheysi og útbeit 120 ær, 110 saudi, 110 lömb og 9 hesta; tún er mjög ógreidd og seinunnið; eingið stórt og mjög grasgéfíð, enn vatna-yfirgáangur gjörir opt skada; málmyta á sumrin er lítil, þó meina menn að hún mætti vera töluvert meiri, ef selför væri höfð í fjallendinu; útbeit á vetrum fyrir ær og lömb nær

<sup>759</sup> Skjal nr. 2(177).

<sup>760</sup> Skjal nr. 2(648).

<sup>761</sup> Skjal nr. 2(649).

<sup>762</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 221, skjal nr. 4(42).

<sup>763</sup> Skjal nr. 2(790).

<sup>764</sup> Skjal nr. 2(101).

<sup>765</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 359.



eingin, eins líka fyrir hesta; kolskógur nær gjörfallinn, enn eldiviðarskógur nægur; um mótak vita menn ekki; torfskéra sæmleg; hættur fyrir saudfé opt miklar; afrétt fyrir géldfé á sumrum aðkeipt. – Jörðunni fylgir 400 faðma rekasandur, og þykir sanngjarnleg ársleiga vera af honum 4<sup>td</sup>. – Menn til þess að vinna fyrir gripunum á jörðunni með hjáleigunum þurfa 7 karlmenn, 6 kvenmenn og smalar að auk. – Jörðina með hjáleigunum vyrda menn á 950 (: níu hundruð og fimtíu:) rbd.<sup>766</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 18. maí 1854 var Sveini Jónssyni byggð jörðin Kóreksstaðir.<sup>767</sup>

Hinn 1. september 1856 sendi sr. Stefán Árnason á Valþjófsstað biskupi bréf hvar hann brást við beiðni biskups um álit á ósk ábúanda kristfjárjarðarinnar Kóreksstaða í Útmannasveit um að fá að byggja Kóreksstaðagerði er sú jörð losnaði. Stefán lagðist gegn beiðni ábúandans.<sup>768</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 24. nóvember 1862 var Jóhannesi Sveinssyni byggð jörðin Kóreksstaðir ásamt meðfylgjandi hjáleigum Kóreksstaðagerði og Hjalla.<sup>769</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Kóreksstaða er dagsett í apríl og maí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 2. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Kóreksstaða og aðliggjandi jarða:

1. Milli Kóreksstaða og Ánastaða: Bein stefna úr Hölknárós, þar sem hún rennur í Bjarglandsá yfir Hvannafell og í Hrísfárfoss, eptir það ræður Hrísa í Hrísfarbug.
2. Milli Kóreksstaða og Hjaltastaðar: Merkjum ræður Hrísa úr Hrísfarbug allt í Hrísfarós. Þaðan liggja merkin beint yfir klett í Markmó að Staðará í framanverðan hvamm austan við ána, þar sem Grafargerðislækur kemur í ána að vestan. –
3. Milli Kóreksstaða og Jórvíkur: Merkjum ræður Staðará alla leið í Selfjót.
4. Milli Kóreksstaða og Klúku: Merkjum ræður Selfjót úr Staðararós allt í Sandbrekkukílsós.
5. Milli Kóreksstaða og Sandbrekku: Merkin liggja úr Sandbrekkukílsós, eptir Kílnum allt að vörðu við Kóreksstaðakíl, þaðan beint í vörðu í Krossblá og beina stefnu í vörðu á Vörðuhrauni.
6. Milli Kóreksstaða og Dala: Merkjum ræður bein stefna úr vörðu á Vörðuhrauni á neðri Mannsás, þaðan beinlínis í Söðulklett við Bjarglandsá.
7. Milli Kóreksstaða og Sandbrekkuafréttar: Merkjum ræður Bjarglandsá.

Þessi merki samþykkjum vér undir skrifaðir.

Í apríl og maí mánuðum 1884

Jón Magnússon á Ánastöðum.

Björn Þorláksson prestur á Hjaltastað.

Eiríkur Vilhjálmsson bóndi í Jórvík.

Þorkell Bjarnarson bóndi í Klúku.

Halldór Magnússon eigandi Sandbrekku.

<sup>766</sup> Skjal nr. 2(131).

<sup>767</sup> Skjal nr. 2(583).

<sup>768</sup> Skjal nr. 2(582).

<sup>769</sup> Skjal nr. 2(584).

Jón Einarsson eigandi Dala.

Björn Einarsson, bóndi á Kóreksstöðum.

Rekamörk fyrir Kóreksstaðasandi.

Undirskrifaðir hafa samþykkt þessi rekamörk, nefnil. milli Kóreksstaðasands að austan, Kóreksstaðasands að norðan: maður skal standa í meðalflóðgöngu og þá svonefnd Miðþúfa miðuð á norðvestanverða Dalafjallsbrún, þar sem hún er hæst og nefndur er Snasi. Austurmörk Kóreksstaðasands við Gagnstaðarsand eru þessi: maður skal standa í meðal flóðgöngu, og þar á sandi sem Sönghofsfallið er orðið svo hátt að það hylur Dyrfjallstindinn upp að svokölluðu Sæti, sem er efst á tindinum, eru mörkin.

Takmörk milli rekaeigenda og landeiganda í rekalegu tilliti eru bein lína um yztu Melþúfur þar sem mellandið fer að þéttast utanvert við Lónaleirur allar.

Sigurður Hallgrímsson, Sigríður Árnabjarnardóttir, eigendur Ketilsstaðasands.

Stefán Árnason umsjónarmaður Ketilsst.sands.

Ármann Egilsson í Rauðholti hreppsnefndaroddviti.

Björn Einarsson bóndi á Kóreksstöðum.<sup>770</sup>

Hinn 15. október 1902 var við gestarétt að Hjaltastað tekið fyrir mál hreppsnefndar Eiða- og Vallahrepps gegn hreppsnefnd Hjaltastaðarhrepps, út af ágreiningi um eignarétt á kristfjárjörðinni Kóreksstöðum með Kóreksstaðagerði.<sup>771</sup> Málinu var framhaldið við gestarétti 12. mars 1903, 20. maí 1903 og 20. ágúst 1903.<sup>772</sup> Loks var dæmt í því þann 3. október 1903. Eiða- og Vallahreppir vildu vera viðurkenndir meðeigendur Hjaltastaðarhrepps að jörðinni, að sínum þriðjungum hver hreppur. Dómur féll hins vegar þannig að Hjaltastaðarhreppur var sýknaður af kröfu hinna hreppanna.<sup>773</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Kóreksstaðir var metin á 3.200 kr. Tilgreint er að landamerkjum hafi verið þinglýst. Fram kemur að upprekstrarland fylgi jörðinni, en ekki hvar, og að það sé ekki nægilegt. Eigandi jarðarinnar var Hjaltastaðarhreppur.<sup>774</sup>

Með afsalsbréfi dagsettu 17. desember 1974 seldi Ingvar Guðjónsson Sigurjóni Sævari Ingvarssyni eignarjörð sína Kóreksstaðagerði að undanskildum hluta þess í upplandi Kóreksstaða, sem var 1/3 hluti hins upphaflega og þá óskipta lands á mótum Kóreksstöðum og Hjarðarhvoli. Í skjalinu er tilgreind neðri afmörkun um hið sameiginlega uppland og svo afmörkun hins selda lands:

Mörk þessa sameiginlega upplands, eru að neðan frá landamerkjavörðu á Neðri-Mannás í beinni línu í Hrásarsveig neðan við Neðrasel. Hið selda land afmarkast því af hér tilgreindri línu, þaðan niður með Hrásá í Gerðisá. Síðan með Gerðisá uns hún sveigir fyrir Stóratanga til norðvesturs. Þaðan með Hlíðarhólsengi í beinni línu að Brotakeldu og með henni til austurs að mörkum Dala og með þeim til suðurs um Hlíðarhól, Vörðuhraun í áðurnefnda vörðu á Neðrimannás.<sup>775</sup>

<sup>770</sup> Skjal nr. 2(71).

<sup>771</sup> Skjal nr. 2(812).

<sup>772</sup> Skjöl nr. 2(813)–2(815).

<sup>773</sup> Skjal nr. 2(816).

<sup>774</sup> Skjal nr. 2(143).

<sup>775</sup> Skjal nr. 2(651).

### 5.18.1.1 Kóreksstaðagerði í Útmannasveit

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Kóreksstaðagerði ekki tilgreindur en jörðin var hjáleiga Kóreksstaða.<sup>776</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kóreksstaðagerði metin fjögur hundruð að dýrleika og skráð sem hjáleiga Kóreksstaða.<sup>777</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 er Kóreksstaðagerði metið með Kóreksstöðum og metið fjögur hundruð að dýrleika. Kóreksstaðir með hjáleigunum Kóreksstaðagerði og Hjalla voru síðan metnir á 950 ríkisbankadali.<sup>778</sup>

Hinn 1. september 1856 sendi sr. Stefán Árnason á Valþjófsstað biskupi bréf hvar hann brást við beiðni biskups um álit á ósk ábúanda kristfjárjarðarinnar Kóreksstaða í Útmannasveit um að fá að byggja Kóreksstaðagerði er sú jörð losnaði. Stefán lagðist gegn beiðni ábúandans.<sup>779</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 24. nóvember 1862 var Jóhannesi Sveinssyni byggð jörðin Kóreksstaðir ásamt meðfylgjandi hjáleigum Kóreksstaðagerði og Hjalla.<sup>780</sup>

Engin landamerkjaskrá fyrir Kóreksstaðagerði er skráð í landamerkjabækur Norður-Múlasýslu.

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Kóreksstaðagerði var metin á 1.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum hafi verið þinglýst. Eigandi jarðarinnar var Hjaltastaðarhreppur.<sup>781</sup>

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979 er færður inn sölu- og landaskiptasamningur vegna jarðarinnar Kóreksstaðagerði, dagsettur 30. desember 1972. Þinglýsingardags er ekki getið en efni hans er svohljóðandi:

Sölu- og landaskiptasamningur.

D III. 280

Ingvar Guðjónsson, bóndi í Dölum í Hjaltastaðarþinghá, og hreppsnefnd Hjaltastaðarhrepps gera með sér svofelldan samning:

Hjaltastaðarhreppur selur Ingvari Guðjónssyni jörð sína Kóreksstaðagerði með húsum og öðrum mannvirkjum, er henni fylgja, ásamt þeim hluta úr landi Sigtúns, sem liggur austan þess skurðar, sem flytur að hluta rennsli Gerðisár um Kóreksstaðaengjar í Kóreksstaðakýl til Selfljóts. Undanskilinn í sölu þessari er sá þriðjungur óskipts upphaflega upplands Kóreksstaða og Kóreksstaðagerðis, er nú tilheyrir Sigtúni. Hið sameiginlega uppland takmarkast að neðan af línu, sem dregin er sjónhending úr landamerkjavörðu á Mannsás í Hrisárkrók, neðan við Neðra-sel.

Ábúandi á Kóreksstöðum eða Sigtúni skal hafa rétt til umferðar um hið selda land, vegna nytja síns hluta upplandsins.

<sup>776</sup> Skjal nr. 2(102).

<sup>777</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 359.

<sup>778</sup> Skjal nr. 2(131).

<sup>779</sup> Skjal nr. 2(582).

<sup>780</sup> Skjal nr. 2(584).

<sup>781</sup> Skjal nr. 2(144).

Einnig er lögrétt sveitarinnar undanskilin við þessa landssölu og réttur áskilinn til endurbyggingar hennar á hinu selda landi.

Þá eru og undanskildar í sölnunni þær girðingar, sem ábúandi Sigtúns hefur gert á áður-greindu landi austan Gerðisár.

Hér tilgreindar jarðeignir greiðir Ingvar Guðjónsson á eftirfarandi hátt:

1. Með þeim hluta úr eignarjörð sinni Kóreksstöðum, ásamt túni og girðingum, sem liggur vestan Gerðisár og áðurnefnds skurðar.
2. Í peningum kr. 140.000.00 – eitt hundrað og fjórtíu þúsund <sup>00/100</sup> –, er greiðist við afsal.

Engin veðbönd eru á þeim jarðeignum, sem samningur þessi fjallar um.

Til staðfestu skulu nöfn aðila rituð í viðurvist votta.

Dölum 30. des. 1972

f.h. Hjaltastaðarhrepps, Sævar Sigbjarnarson – oddviti

Samþykkur sem kaupandi Ingvar Guðjónsson

Vottar:

Ingvar Halldórsson

Stefán Sigurðsson<sup>782</sup>

Með afsalsbréfi dagsettu 17. desember 1974 seldi Ingvar Guðjónsson Sigurjóni Sævari Ingvarssyni eignarjörð sína Kóreksstaðagerði að undanskildum hluta þess í upp-landi Kóreksstaða, sem var 1/3 hluti hins upphaflega og þá óskipta lands á móti Kóreksstöðum og Hjarðarhvoli. Í skjalinu er tilgreind neðri afmörkun um hið sameiginlega uppland og svo afmörkun hins selda lands:

Mörk þessa sameiginlega upplands, eru að neðan frá landamerkjavörðu á Neðri-Mannás í beinni línu í Hrásarsveig neðan við Neðrasel. Hið selda land afmarkast því af hér tilgreindri línu, þaðan niður með Hrásá í Gerðisá. Síðan með Gerðisá uns hún sveigir fyrir Stóratanga til norðvesturs. Þaðan með Hlíðarhólsengi í beinni línu að Brotakeldu og með henni til austurs að mörkum Dala og með þeim til suðurs um Hlíðarhól, Vörðuhraun í áðurnefnda vörðu á Neðrimannás.<sup>783</sup>

### 5.18.2 Dalir í Útmannasveit

Árið 1604 gaf Indriði Þorvarðarson vitnisburð um landamerki á milli jarðanna Dala og Sandbrekku í Útmannasveit. Í afriti af vitnisburðinum segir um landamerkin:

So feldan vitnisburð ber eg Indriði Þorvarðsson um landamerki á millum Dala og Sandbrekku, hvörjar jarðir at liggja í Hjaltastaða kirkjusókn á Utmannasveit, og hef eg búið þar í samfleytt xii ár, og landamerki fyrgreindrar Sandbrekku haldin verið alt í þann garð, sem liggur á millum Dala og fyrgreindrar jarðar, hver garður at liggur fyrir framan Arnarsetuhvamm austur í á, og at þessum fyrgreindum landamerkjum fann Jón heitinn Skúlason aldrei hver þá átti fyrnefnda Dali.<sup>784</sup>

<sup>782</sup> Skjal nr. 2(72).

<sup>783</sup> Skjal nr. 2(651).

<sup>784</sup> Skjal nr. 2(198).

Við manntalsþing að Hjaltastað 10. júní 1785 var upplesið kaupbréf, dagsett 6. október 1784, þar sem Vilhjálmur Sæmundsson keypti jörðina Dali í Hjaltastaðapinghá, sex hundruð að fornu gildi.<sup>785</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 9. júní 1788 var upplesin kaupbréf, dagsett 26. júní 1787, hvar sr. Sigfús Guðmundsson seldi Eiríki Hallssyni hálfu jörðina Dali.<sup>786</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 27. maí 1791 var upplesið kaupbréf, dagsett 27. mars 1791, hvar sr. Sigfús Guðmundsson seldi Eiríki Hallssyni eitt og hálfu hundruð í jörðinni Dölum.<sup>787</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Dala metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Eiríkur Hallsson.<sup>788</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Dalir metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeygn.<sup>789</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Dali:

Dalir

Túnid fóðrar 3 kýr, og á úthei og nokkurri útbeit framfleitast 50 ær, 40 lömb, 40 saudir og 4 hestar; túnid mestpart illþýft, eingi optast grasgæfið og heygott, enn liggur fyrir skémdum af vatna yfirgáangi í rigningum; afnot gripa um sumartímamann eru í meðallagi og þrif eins; útbeit er nokkur og liggur haganlega við; fénadargeimsla ekki ördu; kolskógur eingin, enn hrisrif nokkuð; torfskera í meðallagi; afrétt þarf að kaupa fyrir géldfê á sumrum. – Hæfilegt fólkshald vyrðist að vera 2 karlmenn, 2 kvenmenn og 1 únglingur. – Jörðin var vyrðt á 400 (: fjögur hundruð:) rbd.<sup>790</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 1. júní 1870 var þinglýst landskiptabréfi milli jarðanna Sandbrekku og Dala í Útmanasveit, dagsettu 17. júní 1869.<sup>791</sup>

Við manntalsþing að Þingmúla 4. júní 1880 var þinglesið makaskiptabréf, dagsett 18. apríl 1880, fyrir einu hundruði úr Þorvaldsstöðum gegn einu hundruði úr Dölum.<sup>792</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 28. júní 1882 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 25. júní 1880, fyrir einu hundruði úr jörðinni Dölum frá Birni Runólfssyni til Jóns Einarssonar.<sup>793</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Dala er dagsett 2. júlí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 2. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerkjaskrá fyrir landamerkjum Dala og nærliggjandi jarða: Milli Kóreksstaða og Dala: Úr Söðulkletti við Bjarglandsá beina stefnu í vörðu á nyrðri Mannsás, þaðan beint í vörðu á Vörðuhrauni, þaðan beint í vörðu í Krossblá, frá þeirri vörðu beint í Kerlingu, frá Kerlingu beint í Sellækjarós; þaðan skilur Bjarglandsá Sandbrekkuland og Dalaland frá Sellækjarósi og inn á móts við Söðulklett.

<sup>785</sup> Skjal nr. 2(708).

<sup>786</sup> Skjal nr. 2(709).

<sup>787</sup> Skjal nr. 2(710).

<sup>788</sup> Skjal nr. 2(100).

<sup>789</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 359.

<sup>790</sup> Skjal nr. 2(131).

<sup>791</sup> Skjal nr. 2(843).

<sup>792</sup> Skjal nr. 2(712).

<sup>793</sup> Skjal nr. 2(713).

Dölum, 2. dag júlímánaðar 1884

Jón Einarsson eigandi Dala.

Halldór Magnússon eigandi Sandbrekku

Björn Einarsson bóndi á Kóreksstöðum.<sup>794</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Dalir var metin á 1.900 kr. Tilgreint er að landamerkjum hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðinni fylgi ekkert upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Jónína Jónsdóttir.<sup>795</sup>

Í afriti af bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 11. ágúst 1939, til Þorsteins Jónssonar, fyrir hönd Ingvars Guðjónssonar, kemur fram að beiðni um að Jarðkaupasjóður ríkisins neyti forkaupsréttar á Dölum var hafnað.<sup>796</sup>

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979 er færður inn útdráttur úr afsali vegna jarðarinnar Dala II, dagsettu 20. ágúst 1946. Þinglýsingardags er ekki getið en fjallað er um landamerki jarðarinnar:

Dalir II

í Hjaltast.hr.

Útdráttur úr afsali (Ltr I II. 4)

Land það, er hér um ræðir, afmarkast af fjárgirðingu, er liggur í Dalalandi úr Bjarglandsá í túngirðingu í Dölum og þaðan af beinni línu utan í – norðan í – svonefndan Háa-hól í Dalatúni í skurð við þjóðveg og síðan með þeim skurði í Dalalæk.

Að öðru leyti afmarkast umrætt landsvæði af mörkum Hjarðarhvals, Kóreksstaða og Bjarglandsá.

(Síðar í afsalinu stendur að landið sé um 24 ha.)

p.t. Seyðisfirði, 20. ágúst 1966

Ingvar Guðjónsson

Vitundarvottar:

Sigfús Árnason

Jón Erlendsson<sup>797</sup>

### 5.18.3 *Ánastaðir í Útmannasveit*

Í biskupsvísitاسیو fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 5. ágúst 1641 segir að kirkjunni hafi verið gefin jörðin Ánastaðir af Koðráni Jónssyni árið 1500. Einnig er sagt frá skjölum sem voru hjá kirkjunni. Þar er meðal annars fjallað um kaupbréf frá 1470 fyrir Ánastöðum og fimm hundruðum í Sandbrekku.<sup>798</sup>

<sup>794</sup> Skjal nr. 2(69).

<sup>795</sup> Skjal nr. 2(145).

<sup>796</sup> Skjal nr. 2(652).

<sup>797</sup> Skjal nr. 2(70).

<sup>798</sup> Skjal nr. 2(421).

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Ánastaða metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Skriðuklaustursumboð.<sup>799</sup>

Við úttekt á Skriðklostursjörðum var jörðin Ánastaðir skoðuð 12. september 1828. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Um merki Lands hennar tilgreinir abúandinn þessi: að framan úr Anastada Vatni uppi Merkihöfða, þaðan á Fosshialla utanverdt við grenishöfða, og þaðan í Hölná. Að utan: af merki þrepi, og austr í Mósdög, þaðan í Merkiurd, síðan í Mid hraunfell, hvadan rædr Hrísa til brúna, utan verdt við Hvammafell, og þaðan í Biarglandsá. Að nedan rædr svo kalladr Geitibiarga Lækur, og fram beinleidis í Hríótarblá.<sup>800</sup>

Úttektarmennirnir Jón Jónsson og Jón Árnason staðfestu úttektir sínar á Skriðuklaustursjörðum við aukarétt að Ketilsstöðum 2. október 1828. Í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829 var þann 12. mars 1829 skráð að Johnson amtmaður hafi með bréfi dagsettu 21. febrúar 1829 lýst sig óánægðan með úttektirnar. Sýslumaðurinn Páll Melsted skráði svo að réttur amtsins væri að taka þær til rannsóknar og álits á kostnað Bergvins Þorbergssonar umboðsmanns og dánarbús Guðmundar Pálssonar.<sup>801</sup>

Við úttekt á Skriðklostursjörðum var jörðin Ánastaðir skoðuð 18. apríl 1841. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Landamerki að framan úr Anastada Vatni uppi Merkihöfða, þaðan á Foss Hialla utanverdt við Grenishöfða, og þaðan í Hölná; Að utan á Merki þrep og [au]stur á Mósdög, þaðan í Merki urd, síðan í Midhraun fell; þaðan rædur Hrísa til brúna utan við Hvannafell og þaðan í Biarglandsá; Að nedan rædur Geitabiargar lækur og framm í Hríótar blá.<sup>802</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 2. júní 1841 var tekin fyrir klaga gegn Pétri Þorlákssyni bónda á Ánastöðum fyrir ólöglega aðferð hans við fjallgöngu árið áður. Framlagður var gönguseðill frá hreppstjóra, dagsettur 20. september 1840, þar sem hrepps-bændum hafi verið skikkað til að hreinsa afréttina af fé og reka tí lögréttar á Sandbrekku. Þá sagði hreppstjórinn St. Jónsson að sér hefði verið tjáð að Pétur hefði skilið sitt fé frá öðru afréttarfé við svokallaðan Rauðalæk, út við Bjallandsá, hvert landspláss væri frekar að álíta fyrir afrétt en búfjárhaga. Þá var Runólfur Einarsson, vinnupiltur á Svínafelli, yfirheyrður. Hann lýsti göngum þar sem hann, Pétur og fleiri skiptu sér niður á landið uns þeir mættust við svokallaðar Rauðalækjarár, sem væri í Króksstaðalandi. Þar hafi Pétur tekið fé sitt úr hópnum. Málinu var svo frestað.<sup>803</sup> Það var tekið fyrir að nýju við aukarétt 23. júlí 1842. Pétur kom þar fyrir réttinn og skýrði frá að hann kannaðist við gönguseðil hreppstjóra og að hann hafi sjálfur farið að heimta fjallið á ákveðnum stöðum, þ.e. í hálsunum fyrir ofan Hríótarbæ og svo út eftir. Þá sagði Pétur að við svokallaðan Rauðalæk, sem rynni uppi í fjallinum fyrir utan og ofan bæ hans Ánastaði, hafi honum komið til hugar að fría fé sitt frá hrakningum með því að taka það

<sup>799</sup> Skjal nr. 2(106).

<sup>800</sup> Skjal nr. 2(675).

<sup>801</sup> Skjal nr. 2(675).

<sup>802</sup> Skjal nr. 2(647).

<sup>803</sup> Skjal nr. 2(673).

úr í stað þess að reka það til lögréttar að Sandbrekku. Pétur sagði kindurnar hafa verið sex eða sjö talsins. Hann játaði að skýrt hafi staðið á gönguseðlinum að reka skyldi allt fé til lögréttar. Hann bað um að vera laus undan dómi en bauðst til að greiða bætur sem amtmaður teldi hæfa.<sup>804</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Ánastaðir metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem eign Skriðuklaustursumboðs.<sup>805</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Ánastaði:

Ánastaðir

Túnið fódrar vel 3 kýr, og á útbeit og heyi má hafa 50 ær, 50 saudi, 40 lömb og 4 hesta; túnið er nokkuð þýft; útheyskapur töluverdur og ekki ördugur, enn hey heldur létt; útbeit kjarngóð á vetrum og verst nokkuð; málmyta í betra lagi og þrif eins; enn fénaðargeimsla heldur örðug og hættur opt miklar; kolaskógur lítill en sprek til eldividar; um mótak vita menn ekki; torfrista heldur slæm; afrétt hefir bóndinn fyrir sjálfan sig. Til að vinna fyrir gripunum þurfa 3 karlmenn, 2 kvennmenn og únglingur. – Þessi jörð var vyrðt á 450 (:fjögur hundruð og fimtíu.) rbd.<sup>806</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Ánastaða er dagsett 28. febrúar 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 14. júní 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki milli Ánastaða og Hjaltastaðar.

Úr Geitabjargadal yfir Merki-þrep neðra og efra, yfir Merkiker og Miðásháls utan undir Brattahöfða beint austur í Kúabotnahöfða utanverða, þaðan yfir Staðará beint á fremsta Hrugustaðaklett yzt, upp út undir Stórukinn og í Grenisöxl utan verða; þaðan beint yfir Vallará í Hrísaþug þar sem Hrísa kemur af hálsnum ofan.

Milli Ánastaða og Kóreksstaða:

Úr fyrnefndum Hrísaþug í Hrísaþfoss á Hrísaþbrún; þaðan af fossinum beina stefnu suður yfir Hvannafellshala í Hölnársós, þar sem hún fellur saman við Bjarglandsá.

Milli Ánastaða og Hríjótar:

Skurður er nýlega er grafinn úr Ánastaðavatni norðan verðu. Þar sem skurðurinn byrjar við vatnið eru landamerki milli Ánastaða og Hríjótar, þaðan austur yfir vatnið yfir Rjettarás og á Merkihöfða fyrir ofan Hríjótará; þaðan beina stefnu í svonefndan Goðrúnarstein uppá hálsabrún. Þaðan eptir sömu stefnu sjónhending austur í Hölná.

Milli Hreimstaða og Ánastaða:

Merkjum ræður Geitabjargadalur, eptir honum miðjum eru landamerki.

Milli Ánastaða og Rauðholts:

Merkjum ræður Geitabjargadalur, eptir honum miðjum eru landamerki. Ítök á enginn í landi jarðarinnar nje hún í annara landi.

Hallfreðarstöðum 28. febrúar 1890.

Páll Ólafsson<sup>807</sup>

Sama landamerkjalyking er skráð í byggingarbréf Stefáns Sigurðssonar fyrir jörðinni, dagsettu 28. febrúar 1890, nema þar er talað um Miðáshæð en ekki Miðásháls og

<sup>804</sup> Skjal nr. 2(674).

<sup>805</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 359.

<sup>806</sup> Skjal nr. 2(131).

<sup>807</sup> Skjal nr. 2(66).



þar sem í landamerkskránni segir að merkin fari upp út undir Stórukinn segir í byggingarbréfinu að þau séu upp utan undir. Þá segir í byggingarbréfinu að enginn eigi ítök í landi jarðarinnar og að hún eigi engin ítök í annarra landi.<sup>808</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Ánastaðir var metin á 1.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Eigandi var Múlasýslumboð.<sup>809</sup>

Í virðingargjörð fyrir Ánastaði, dagsettri 17. júlí 1923, segir að jörðin sé samkvæmt fasteignamati frá 1922 alls 31 hundrað að dýrleika. Enn fremur segir:

Beitiland jarðarinnar telst gott. Sumar og vetrararbeit kjarngóð og nærtæk en fremur snjóþungt á vetrum, með því að jörðin liggur við fjall.

Smáskógur er nokkur í landi jarðarinnar.

Afrjettarland hefur jörðin nægilegt, en um önnur sjerstök hlunnindi er ekki að ræða.<sup>810</sup>

Loks var jörðin metin án húsa á 2.220 kr.<sup>811</sup> Sveinn Ólafsson, umboðsmaður Múlasýslumboðs, sendi virðingargerðina til Stjórnarráðs Íslands með bréfi dagsettu 1. desember 1923. Sveinn taldi matið á jörðinni of lágt og þá taldi hann kauprétt umsækjanda vafasaman þar sem hann hefði ekki formlega byggingu á jörðinni.<sup>812</sup>

#### 5.18.4 Hreimsstaðir í Útmannasveit

Við manntalsþing að Hjaltastað 27. maí 1797 var upplesið kaupbréf Ásmundar Einarssonar, dagsett 15. júní 1785, fyrir jörðinni Hreimsstöðum. Kaupbréfið var undirskrifað af L. A. Thodal stiftamtmani sem forvaltara yfir dánarbúi Jóns Árnasonar. Fram kemur að börn kaupandans, Ísleifur og Margrét, lánuðu föður sínum fyrir kaupunum sem vottaðist í skjali dagsettu 18. apríl 1797.<sup>813</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hreimsstaða ekki tilgreindur. Eigendur jarðarinnar voru Ísleifur Ásmundsson og Runólfur Ásmundsson. Fram kemur að eyðihjáleigan Hurðarbak heyri undir Hreimsstaði.<sup>814</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 5. september 1807 voru upplesin kaup- og maka-skiptabréf, eitt dagsett 16. júní 1806, þar sem systkinin Ísleifur, Runólfur og Margrét Ásmundsbörn afsala og láta af hendi óðalsjörð sína Hreimsstaði, 16 hundruð að dýrleika, til Halls Jónssonar. Hvar á móti Hallur afsalar og lætur af hendi óðalsjörð sína Fögruhlíð með afbýlunum Hnitbjörgum og Hlíðarhúsum, samtals 10 hundruð og greiddi Hallur mismuninn. Við sama þing var upplesin lögfesta jarðarinnar Hreimsstaða, dagsett 4. september 1807, þar sem Hallur Jónsson bannaði hverjum manni að nota eða hagnýta nokkuð af því landi sem lögfestan náði yfir án hans samþykkis að

<sup>808</sup> Skjal nr. 2(630).

<sup>809</sup> Skjal nr. 2(138).

<sup>810</sup> Skjal nr. 2(540).

<sup>811</sup> Skjal nr. 2(540).

<sup>812</sup> Skjal nr. 2(541).

<sup>813</sup> Skjal nr. 2(790).

<sup>814</sup> Skjal nr. 2(108).

viðlögðum sektum.<sup>815</sup> Kaup- og makaskiptabréfið var einnig upplesið við manntalsþing við trébrúna að Fossvöllum 11. júlí 1808.<sup>816</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 3. júní 1833 mætti Þorsteinn Gunnarsson, eigandi Hreimsstaða, ásamt tveimur mönnum sem vitnuðu hvað þeir vissu um skógarteig þann er Hjaltastaðarkirkja átti eftir máldögum sínum í Hreimsstaðalandi. Sr. Jón Guðmundsson á Hjaltastað var einnig við þingið. Vitnin Þorkell Björnsson, húsmaður í Njarðvík, og Ísleifur Ásmundsson voru næst spurðir um skógarteiginn og sögðu hann vera nærri landamerkjum Rauðholts. Ísleifur kvað hann ekki hafa náð austar en á axlinar, þ.e. Sjónaröxl og Merkiöxl fram undir Hundsklifið.<sup>817</sup>

Hinn 14. janúar 1835 skrifuðu Jón Guðmundsson prestur á Hjaltastað í Útmannasveit og Þorsteinn Gunnarsson eigandi Hreimsstaða í sömu sveit sameiginlega bréf til biskups þar sem þeir tilkynntu um samning sín á milli vegna skógarítaks Hjaltastaðar í landi Hreimsstaða.<sup>818</sup>

Í prófastsvisitasíu fyrir Hjaltastaðarkirkju frá 6. september 1845 segir að kirkjan haldi skógarítaki sínu í Hreimsstaðalandi sem hafi verið lögfest á manntalsþingi.<sup>819</sup> Í prófastsvisitasíu frá 12. júní 1875 segir að skógarteigurinn í Hreimsstaðalandi sé genginn undan kirkjunni.<sup>820</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hreimsstaðir metin 16 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.<sup>821</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hreimsstaði:

Hreimsstaðir

Vyrðingarmenn álíta að túnið fóðri 3½ enn á útbeit og heyi framfleytist 50 ær, 80 saudir, 4 lömb, og 4 hestar. Túnid er greidt og tödufall allgott, útheyskapur reitingsamur og hey heldur slæmt, gripir heldur gagnslitlir á sumrin og lélegir til holda, útbeit allgóð; skógur nær allur fallinn en samt eldsneyti nóg; torfrista slæm og hættur opt miklar. jörðin á afrettarland fyrir lömb til að vinna upp jörðina, þykir þurfa 3 karlmenn 2 kvenmenn og smala að auk. Þar einn af vyrðingarmönnum n. Þorsteinn Gunnarsson er eigandi þessarar jarðar, vyrða hana einungis hinir 2, og þykir þeim sanngjarlegt að meta hana á 600 (:sex hundruð:) rbd.<sup>822</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 20. júní 1864 var þinglesið umboð Snjólaugar Jónsdóttur á Hreimsstöðum til Þorsteins Vilhjálmssonar á Fremraseli til að selja Halldóri Magnússyni á Húsey tvö hundruð úr jörðinni Hreimsstöðum og einnig var þinglesið kaupbréf frá Þorsteini til Halldórs.<sup>823</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hreimsstaða er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 2. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

<sup>815</sup> Skjal nr. 2(791).

<sup>816</sup> Skjal nr. 2(792).

<sup>817</sup> Skjal nr. 2(770).

<sup>818</sup> Skjal nr. 2(560).

<sup>819</sup> Skjal nr. 2(460).

<sup>820</sup> Skjal nr. 2(462).

<sup>821</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 359.

<sup>822</sup> Skjal nr. 2(131).

<sup>823</sup> Skjal nr. 2(793).

Landamerki Hreimsstaða og aðliggjandi jarða:

1. Milli Hreimsstaða og Hjartarstaða: Merkin liggja frá Gilsá upp eptir Núpsá í garð er liggur þvert upp yfir Timburhöfða og Fálkahamar í Merkigarð norðan við Núpsgerðisblá.
2. Milli Hreimsstaða og Hamragerðis: Merkjum ræður Merkigarður beina stefnu eptir Merkisundi í Hurðarbaksá og spölkorn þaðan eptir ánni.
3. Milli Hreimsstaða og Hrójótar: Merkjum ræður Hurðarbaksá, þar næst Merkikelda og þaðan bein stefna eptir Hrójótarblá í Geitabjargadal.
4. Milli Hreimsstaða og Ánastaða: Merkjum ræður Geitabjargadalur.
5. Milli Hreimsstaða og Rauðholts: Merkin liggja úr slakka í Geitabjörgum beint norður yfir þvera ása, utan undir Merkiöxl í Merkigarð að Selfljóti.
6. Milli Hreimsstaða og Ketilsstaða: Merkjum ræður Selfljót.
7. Milli Hreimsstaða og Hleinargarðs: Merkjum ræður Selfljót að Bergvaði og þaðan Gilsá.

Merki þessi samþykkjum vér undirskrifaðir.

Sigurður Magnússon á Hjartarstöðum.

Magnús Rafnsson bóndi í Hamragerði.

Magnús Jónsson á Hrójóti.

Jón Magnússon á Ánastöðum.

Ármann Egilsson í Rauðholti.

Páll Þorsteinsson á Ketilsstöðum.

Þorvaldur Stefánsson á Ketilsstöðum.

Magnús Jónsson í Hleinargarði.<sup>824</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hreimsstaðir var metin á 2.400 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðinni fylgi ekkert upprekstrarland. Eigandi hennar var Jón Jónsson.<sup>825</sup>

### 5.18.5 Hrójótur í Útmannasveit

Hinn 22. október 1500 gáfu Þorvarður Bjarnason og Ingibjörg Ormsdóttir Skriðuklaustri jörðina Hrójóti og hálfan Hamragerð í Hjaltastaðarkirkjusókn.<sup>826</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 5. ágúst 1641 segir að árið 1500 hafi jörðin Hrójóti verið gefin Skriðuklaustri.<sup>827</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hrójótar metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Skriðuklaustursumboð.<sup>828</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Hrójóti skoðuð 12. september 1828. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

<sup>824</sup> Skjal nr. 2(65).

<sup>825</sup> Skjal nr. 2(136).

<sup>826</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* VII, bls. 525–526, skjal nr. 4(130).

<sup>827</sup> Skjal nr. 2(421).

<sup>828</sup> Skjal nr. 2(107).

Merki Lands hennar qvedst abúandinn heyrta hafa að væru: að utan er gamall merkigardr úr Anastada Vatni hann liggur upp og heldst sú Stefna til Fjalls, enn að framan rædr gamall gardr úr hurdarbaksá uppi Hríótar Vatn framann til, þadan uppi Merkistein og svo beint til Fjalls.<sup>829</sup>

Úttektarmennirnir Jón Jónsson og Jón Árnason staðfestu úttektir sínar á Skriðuklaustursjörðum við aukarétt að Ketilsstöðum 2. október 1828. Í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829 var þann 12. mars 1829 skráð að Johnson amtmaður hafi með bréfi dagsettu 21. febrúar 1829 lýst sig óánægðan með úttektirnar. Sýslumaðurinn Páll Melsted skráði svo að réttur amtsins væri að taka þær til rannsóknar og álits á kostnað Bergvins Þorbergssonar umboðsmanns og dánarbús Guðmundar Pálssonar.<sup>830</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Hríótur skoðuð 17. apríl 1841. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Landamerki jardarinnar að framan kvedst abúandi hafa heyrta að seu fremur merki jardar ur Hurdarbaksá uppi Hríótarvatn framantil, þadan beint upp til fjals eptir stefnu gardsins. að nedan Merkikelda beint uti læk norður úr Anastadavatni. enn að utan gamall gardur úr Anastada [svo] vatni til fjals, enn þessi gardur getur nu valla sést og eru því Landamerkin talin úr fyrnefndum lækjar os norður úr Anastadavatni beint uppi Godrúnarstein er stendur uppa hálsun.<sup>831</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 25. júní 1842 var uppleið bann administrators S. Guðmundssonar þar sem hann bannaði abúanda Hamragerðis að nota land lengra út til Hríótarlands en í fremri merkigardinn.<sup>832</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hríótur metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem eign Skriðuklaustursumboðs.<sup>833</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hríót:

Hríótur

Túnið kvað fódra 2 kýr enn vera heldur í órækt, á úttheyi og útbeit framfleitast 50 ær, 40 sauðir, 20 lömb og 4 hestar. – Túnið er stórt og mikið greidt, úteingi víðslægt enn örðugt til aðflutnings; útbeit kjarngóð, og verst nokkuð, enn smalamennska heldur örðug skógur til kola farin enn nógur til eldsneitis; torfrista slæm og hættur opt miklar; um mótak vita menn ekki; afrétt hefir bóndinn fyrir sjálfann sig. Að vinna fyrir gripunum þurfa 3 karlmenn, 2 kvennmenn og smali. – Jörð þessi var vyrðt á 350 (þrjú hundruð og fimmtíu) rbd.<sup>834</sup>

Landamerkjaskrá jardarinnar Hríóts er dagsett 29. apríl 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hjaltastað 14. júní 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

Milli Hríótar og Ánastaða

Skurður er nýlega er grafinn úr Ánastaðavatni norðanverðu, þar sem skurðurinn byrjar við vatnið eru landamerki milli Ánastaða og Hríótar, þadan austur yfir vatnið yfir Rjéttarás og á Merkihöfða fyrir ofan Hríótará, þadan beina stefnu í svo nefndan Godrúnarstein upp á hálsabrún, þadan eptir sömu stefnu sjónhending austur í Höltnaá.

<sup>829</sup> Skjal nr. 2(675).

<sup>830</sup> Skjal nr. 2(675).

<sup>831</sup> Skjal nr. 2(647).

<sup>832</sup> Skjal nr. 2(765).

<sup>833</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 359.

<sup>834</sup> Skjal nr. 2(131).

Milli Hríjotar og Hamragerðis:

Úr Hurðarbaksá í fremri Merkigarð neðan við Hríjotarvatn, úr þessum Merkigarði beina stefnu í vörðu sem hlaðin er á eystri Sjónarásbrún, úr þessari vörðu beina stefnu í Hríjotarárbug út undir svo kölluðum Gröndalshæðum, þaðan eptir sömu stefnu austur í Höltná.

Milli Hríjotar og Hreimstaða:

Úr Geitibjargadal miðjum beina stefnu í Merkikeldu neðan við Sandvaðskletta.

Ítök á enginn í landi jarðarinnar nje hún í annara landi.

Hallfreðarstöðum 29. dag aprílm. 1890.

Páll Ólafsson.<sup>835</sup>

Sama landamerkjalyásing er skráð í þrjú byggingarbréf fyrir jörðinni Hríjoti, þ.e. til Óla Hallgrímssonar, dagsettu 30. apríl 1890, til Eiríks Hallssonar, dagsettu 22. apríl 1896, og til Árna Ísakssonar, dagsettu 10. maí 1898, nema í þeim er talað um Guðrúnarstein sem í landamerkjalyásingunni er kallaður Goðrúnarsteinn.<sup>836</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hríjótur var metin á 1.400 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Eigandi var Múlasýsluumboð.<sup>837</sup>

Við aukarétt á Seyðisfirði 10. júní 1920 voru Þórarinn Jónsson í Jórvík og Stefán Bjarnason í Klúku útnefndir til að skoða og meta til peningaverðs þjóðjörðina Hríjót.<sup>838</sup>

Í virðingargjörð á ríkisjörðinni Hríjót, dagsettri 26. júní 1920, segir að jörðin sé 11,5 hundruð að dýrleika eftir gildandi jarðamati. Bærinn stóð undir Nónfjalli og jörðinni fylgdu engin sérstök hlunnindi. Landamerki jarðarinnar eru skráð þannig:

Vestan ræður Hurðarbaksá í Keldufall hjá svo kölluðum Sandvaðsklettum. Þaðan í Ánastaðavatn, að norðan úr Ánastaðavatni í Goðrúnarstein; þaðan í Höltná. Austan ræður Höltná svo langt sem landið nær, og úr henni aftur að sunnan í Húsabæ, úr Húsabæ í Merkiklett, úr Merkikletti í Hurðarbaksá.<sup>839</sup>

Loks var jörðin metin án húsa og kúgilda á 1.250 kr.<sup>840</sup>

Með bréfi dagsettu 28. október 1920 sendi Sveinn Ólafsson, umboðsmaður Múlasýsluumboðs, skjöl til Stjórnarráðsins varðandi jörðina Hríjót vegna beiðni ábúanda um kaup á henni. Hann taldi að yrði jörðin seld mætti kaupverðið ekki vera undir 3.800 kr.<sup>841</sup>

Við manntalsþing fyrir Eiddahrepp 2. júlí 1923 var þinglesið skjal var Malen Guttormsdóttir gaf Guttormi Sigurðssyni ¼ hlut úr jörðinni Hleinargarði.<sup>842</sup>

Í afriti af bréfi Stjórnarráðs Íslands til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dagsettu 16. október 1964, er fjallað um upphæðir á sýsluvegagjaldi ákveðinna jarða. Þar eru meðal

<sup>835</sup> Skjal nr. 2(64).

<sup>836</sup> Skjöl nr. 2(631)–2(633).

<sup>837</sup> Skjal nr. 2(137).

<sup>838</sup> Skjal nr. 2(794).

<sup>839</sup> Skjal nr. 2(538).

<sup>840</sup> Skjal nr. 2(538).

<sup>841</sup> Skjal nr. 2(539).

<sup>842</sup> Skjal nr. 2(688).

annars taldar upp jarðirnar Jórvík, Hróttur, Glettinganes, Hjálmarströnd og Klyppstaður.<sup>843</sup>

Í afriti af bréfi bæjarfógeta Seyðisfjarðarkaupstaðar og sýslumanns Norður-Múla-sýslu, dagsettu 10. september 1965, er fjallað um reikninga um sýsluvegagjöld fyrir árið 1965, skv. 23. gr. vegalaga nr. 71/1963. Eftirtaldar fasteignir ríkisins í sýslunni eru taldar upp í bréfinu: Jórvík, Hróttur, Glettinganes, Hjálmarströnd, Hjaltastaður I, Svínafell, Klyppstaður og Bæjarstæði.<sup>844</sup>

### 5.18.6 Hamragerði í Eiðapinghá

Hinn 22. október 1500 gáfu Þorvarður Bjarnason og Ingibjörg Ormsdóttir Skriðuklaustri jörðina Hrótt og hálfan Hamragerð í Hjaltastaðarkirkjusókn.<sup>845</sup>

Í skjali, dagsettu 9. júní 1704, yfir jarðeignir Björns Péturssonar kemur fram að meðal eigna hans voru jarðirnar Eyjólfstaðir á Völlum, Hellisfjörður, Bakki í Borgarfirði, Hvannstöð, Breiðavík við Borgarfjörð og Hamragerði.<sup>846</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hamragerði metinn fjögur hundruð og sem hluti af mati Hjartarstaða. Eigandi jarðarinnar var Árni Þorsteinsson prestur.<sup>847</sup>

Við manntalsþing að Egilsstöðum á Völlum 2. júlí 1819 var þinglýst landaskiptagjörningi milli Hamragerðis og Hjartarstaða, dagsettum 18. maí 1819.<sup>848</sup>

Hinn 22. febrúar 1826 skrifaði sr. Hjörleifur Þorsteinsson á Hjaltastað í Útmanna-sveit biskupi og óskaði upplýsinga um hvað máldagar og biskupsvísitásiur segðu um stærð og takmörk skógarteigs í landi Hreimsstaða sem var ítak Hjaltastaðarkirkju. Hann leitaði álits biskups vegna ítaksins sem landeigandi Hreimsstaða meinaði honum að nýta.<sup>849</sup>

Hinn 17. apríl 1842 lögfesti St. Árnason land Hamragerðis. Lögfestan var þinglesin á Egilsstöðum þann 9. maí 1842 og er texti hennar eftirfarandi:

Eg undirskrifadr gjöri hermed vitanlegt ad eg hermed Lögfesti Landeygn Eygnarjardarinnar [svo] Hamragerdis, – liggjandi i Eyda Sókn innan Sudur Mula Sysslu, á móts vid Hreimsstada- og Hrótt-Lönd innan þessara Takmarka: nl. ad vestanverdu úr Tjörn þeirri sem er ad nordan undir Nupagerdisás út eptir gardi þeim sem fra Tiðminni liggir í svokolludu Merkisundi út ad Hurdarbaksá þadan frá Anni úti gard þann sem liggir uppá Hróttarvatni frammarlega (þann ytri gardin en ei þann fremri sem liggir uppá vatnsfætinum) – þadan austr í svokalladan Merkistein austan til á Sjónarásnum svo Sjónhending austr í Merkisund fyrir ofan Hurdarbaksá og beint þadan framanvert vid Geldingshamar í kletta þá sem kallast Húsabær svo retta Stefnu austr yfir Hólkná í Mel þan sem kallast Kollups og sídan Sjónhending í rödina utan á Botndalsfiallinu.

Fyrirbíd eg hvörjum manni og serílagi Hróttar Abuendum – undir lagatiltal og Laga-sektir ad brúka edr nota í nokkurn handa Máta Hamragerdis land innan þessara

<sup>843</sup> Skjal nr. 2(648).

<sup>844</sup> Skjal nr. 2(649).

<sup>845</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* VII, bls. 525–526, skjal nr. 4(130).

<sup>846</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 410–413, skjal H-11.

<sup>847</sup> Skjal nr. 2(122).

<sup>848</sup> Skjal nr. 2(763).

<sup>849</sup> Skjal nr. 2(551).

Takmarka edr Landamerkia ad utan verdu er eg nú hefi lögfest undir Hamragerdi nema mitt leyfi komi til edr þeir hafi löglegt Skilríki fyrir ad þeir egi land það er eg lögfest hefi hvört land Hamragerdi fylgt hefir síðan Arid 1819 ad Hamragerdis Landi var skipt úr Hjartarstaða; og er Skiptagiörningrin upplesin fyrir Manntalsþingrettinum á Egilsstöðum þann 2<sup>a</sup> Julii sama Ár, án nokkurra Mótmæla, gyldir þessi mín lögfesta í næstu tólf Mánudí og framvegis alt svo leingi hún ad Löögum er ófriud edr Akiærd<sup>850</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 25. júní 1842 var uppleið bann administrators S. Guðmundssonar þar sem hann bannaði ábúanda Hamragerðis að nota land lengra út til Hríjótárlands en í fremri merkigardinn.<sup>851</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hamragerði ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga Hjartarstaða. Í neðanmálgrein kemur fram að sýslumaður telji fjögur hundruð af jarðarmati Hjartarstaða til hjáleigunnar Hamragerðis.<sup>852</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hamragerði:

17 Hamragerði

hjáleiga talin 4<sup>hndr</sup>. Túnið er gott; slægjur í meðallagi og landgott. Þessa jörd meta vyrðingarmenn saméginlega 224<sup>tbl</sup>.<sup>853</sup>

Hinn 25. júní 1870 afhenti Hallur Einarsson Sigríði Halldórsdóttur fjögur hundruð í jörðinni Hamragerði fyrir fjögur hundruð og 44 álnir, að fornu mati, í jörðinni Rangá í Kirkjubæjarsókn. Makaskiptabréfið var þinglesið á Egilsstöðum 10. júní 1871. Athugasemd var gerð með færslunni um þinglesnar eignarheimildir fyrir hinum makaskiptu jörðum.<sup>854</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hamragerðis er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 6. júlí 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

Að utan verðu milli Hríjótá, úr fremri merkigardsenda neðan við Hríjótárvatn framanvert í vörðu, sem hlaðin er á eystri „Sjónarásbrún“ þaðan beina stefnu í efri árbug utan við svo kallaðar „Gröndalshæðir“, þaðan eptir sömu stefnu yfir hálsana í „Holtná“; en að neðanverðu milli Hreimstaða, úr „Hurðarbaksá“ inn „Langgarð“ norðanundir „Núpsgerðisás“ í vörðu ytri, sem stendur á straxnefndum ás, sem er landamerkjavarða milli Hjartarstaða og Hamragerðis, þaðan til fjalls í vörðu, sem stendur á hamrinum fram og upp af Hamragerði svo í vörðu, sem stendur á hamrinum uppvið „Hurðarbaksá“, þaðan uppí vörðu þá, sem er fyrir ofan slægjulönd hverjar fjórar vörður næsttaldar standa í beinni línu frá annari, þaðan sjónhending á fjall austur þangað sem vötnum hallar að hjeraði.

Eigandi Hamragerðis

Magnús Rafnsson

Hlutaðeigandi

Magnús Jónsson ábúandi Hríjótá.

Vígfús Jónsson Hreimstöðum.

<sup>850</sup> Skjöl nr. 2(272) og 2(764).

<sup>851</sup> Skjal nr. 2(265).

<sup>852</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 369.

<sup>853</sup> Skjal nr. 2(135).

<sup>854</sup> Skjöl nr. 2(281) og 2(875).

Sigurður Magnússon eigandi Hjartarstaða.

Staddur á Egilsstöðum 6. júlí 1885

Samþykkir Páll Ólafsson.<sup>855</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hamragerði var metin á 1.400 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin hafði nægjanlegt upprekstrarland. Eigendur jarðarinnar voru erfingjar Magnúsar Rafnssonar.<sup>856</sup>

### 5.18.7 *Eiðar í Eiðaþinghá og Eiðakirkja*

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið á Eiðum.<sup>857</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Mariúkirkju að Eiðum frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

Mariúkirkia ad Eidumm a heimaland halft med gognumm oc giædum oc Hols land halft med ollum gognumm oc giædumm þeim sem þar fylgia. fiordung j Ormstodumm.

[...]

Karl Arnorsson lagdi til xiije og v<sup>o</sup> firir skogarspell oc jord a Holi.<sup>858</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Eiðakirkju:

Kirkian ä Eidum ä heimaland hälft med gøgnum og giædum og Holzland hälft med öllum giædum. fiordung i Ormsstödum. Grenmo. Grøff. Tokastade og Thuridarstade.<sup>859</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Mariúkirkju að Eiðum frá 16. ágúst 1645 segir meðal annars:

16. Augusti Marjukjrckia ad Eidum ä heimaland halft med gaungum og giædum, og höls land halft med öllum gógnum og giædum x hndr., Grænmö 4 hndr. Ormstade 12 hndr. Grof 6 hndr. Tokastade 6 hndr. Þurijdarstade, eideiord 12 hndr. skipstödu ä fiskabiarge i Borgarfirde, effter mäldógum Skalhollts kjrckiu samanbornum vid Jnncigladan Maldaga Biskups Augmundar, og heffdenne siidan, Jtem ad hefd og halde allan reka ä kolbeinsfióru J Borgar firde i Hafnarlande, Atian hundrada sand med Grænmösande, Verstödu i Oslande.<sup>860</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíu frá 3. september 1697, og prófastsvísitasíum frá 18. júlí 1842 og 8. ágúst 1844.<sup>861</sup>

Hinn 1. september 1651 seldi sr. Ívar Haraldsson, í umboði Brynjólfs biskups Sveinssonar, Guðrúnu Árnadóttur hálfa jörðina Eiða, 15 hundruð að dýrleika, fyrir

<sup>855</sup> Skjal nr. 2(62).

<sup>856</sup> Skjal nr. 2(192).

<sup>857</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 4, skjal nr. 4(21).

<sup>858</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 220–221, skjal nr. 4(30).

<sup>859</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 686, skjal nr. 4(31).

<sup>860</sup> Skjal nr. 2(397).

<sup>861</sup> Skjöl nr. 2(398) og 2(448)–2(449).



Egilsstaði í Norður-Múlasýslu, 16 hundruð að dýrleika, og Ytri-Kleif, níu hundruð að dýrleika.<sup>862</sup>

Samkvæmt máldagatilvísan frá 20. júní 1703 átti Mariúkirkja að Eiðum hálf t heimaland með gögnum og gæðum, Hólsland hálf, Grænmó, Ormsstaði, Gröf og eyðijörðina Þuríðarstaði.<sup>863</sup>

Hinn 4. nóvember 1778 undirrituðu Everth Wium og Þórður Árnason kaupbréf fyrir Eiðum í Eiðapinghá hvar Everth seldi Þórði bóndaeign Eiða, alls 30 hundruð. Auk þess fylgdu með hálf jörðin Hóll í Útmannasveit, Gröf, Ormsstaðir, Tókastaðir og Þuríðarstaðir allar í Eiðapinghá. Á móti seldi Þórður Everth Mjóanes í Vallahreppi með afbýlinu Gunnlaugsstöðum alls 20 hundruð og átta hundruð í Breiðuvík í Borgarfirði.<sup>864</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 27. maí 1797 var greint frá vogreki uppbornu á Hólsand sem tilheyrði Eiðakirkju, öðru á Kóreksstaðasand og þriðja á Jórvíkurreka.<sup>865</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Eiða metinn 60 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru Eiðakirkja að helmingi og Vigfús Björnsson prestur og Jón Hallgrímsson, sameiginlega að helmingi.<sup>866</sup>

Við aukarétt 16. maí 1809 voru teknar fyrir vitnaleiðslur um rekamörk milli Eiða- og Hrollaugsstaðasanda. Nokkur vitni voru yfirheyrð, meðal annars um Markþúfu sem annaðhvort hafði færst austar eða horfið.<sup>867</sup>

Við manntalsþing að Egilsstöðum 15. september 1825 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 22. september 1822, þar sem jarðeigandi Þórður Jónsson makaskipti og afhenti Benedikt Vigfússyni hálf bóndaeignina Eiða með tilheyrandi bæjum Ormsstöðum, Tókastöðum og hálfum Þuríðarstöðum fyrir jarðirnar hálfan Fjörð með Fjarðarseli í Seyðisfirði, 15 hundruð að fornu gildi.<sup>868</sup>

Við manntals- og skattaþing að Egilsstöðum 24. júní 1836 var þinglesið kaupbréf, dagsett 5. ágúst 1831, þar sem Benedikt Vigfússon prestur seldi Pétri Jónssyni presti 30 hundruð í Eiðatorfu.<sup>869</sup>

Hinn 1. mars 1847 fór fram aukaréttur að Ketilsstöðum á Völlum til að halda próf um erfðaskrá og síðasta vilja prestsekkjunnar Guðrúnar Eyvindsdóttur á Eiðum, að kröfu Þorsteins Mikaelssonar, en hún hafði ánafnað dóttur Þorsteins, Steinunni, sex hundruðum úr jörðinni Eiðum en Þorsteinn hélt því fram að hún ætti að fá sjö hundruð. Vitni staðfestu kröfu Þorsteins með eiði.<sup>870</sup>

<sup>862</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 277, skjal H-10.

<sup>863</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII*, bls. 405–406, skjal H-11.

<sup>864</sup> Skjal nr. 2(550).

<sup>865</sup> Skjal nr. 2(790).

<sup>866</sup> Skjal nr. 2(128).

<sup>867</sup> Skjal nr. 2(730).

<sup>868</sup> Skjal nr. 2(731).

<sup>869</sup> Skjal nr. 2(771).

<sup>870</sup> Skjal nr. 2(732).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Eiðar metin 60 hundruð að dýrleika og skráð sem bænda eign að helmingi og eign kirkjunnar, eða beneficium, að helmingi.<sup>871</sup>

Hinn 1. júlí 1848 kunngerði Þorsteinn Jónsson sýslumaður að hin svokallaða Eiðatorfa hefði verið seld á uppboði þann 15. maí 1848 til Jóhanns Péturssonar á Arnórstöðum. Eiðatorfan samanstóð af jörðunum Eiðum, Ormsstöðum, Gröf, Tókastöðum og Þuridarstöðum í Eiðahreppi og Hóli (með Grenmó) í Hjaltastadahreppi, samtals 60 hundruð að dýrleika. Kaupbréfið var þinglesið á Egilsstöðum þann 14. maí 1849.<sup>872</sup> Í dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1848–1855 er skráð að við manntalsþing að Egilsstöðum 14. maí 1849 hafi verið lesið afsalsbréf, dagsett 15. júlí 1848, fyrir jörðinni Eiðum með undirliggjandi hjáleigum til Jónatans Péturssonar.<sup>873</sup>

Í skýrslu um skóga og skógaritök Eiðakirkju dagsettri 29. september 1848 segir að fram til ársins 1837 hafi verið mikill birkiskógur í landi Eiða. Nú væru hins vegar 2/3 hlutar hans niður fallnir.<sup>874</sup>

Í vitnisburði Jónatans Péturssonar, dagsettum 17. mars 1849, segir eftirfarandi um landamerkin milli jarðanna Eiða og Ormsstaða:

Þar nú að udannfögnu hafa verið ógreinileg Landamerki, milli Jarðanna Eyda og Ormsstada, og tölu verður vafi um hvað þessum Jörðum hvörri fyrir sig með réttu tilheirdi: Þá hefi jeg undirskrifadur nu verandi eigandi og umsjónarmadur ádur nefndra Jarda – í nærveru Prestsins Sira Bergvins Þorbergssonar og bóndans Jóns Einarssonar á Snjóholti skipt Löndunum svoleidis: að Eydar skulu hedann í frá eiga land, að utann verdu, upp að svo nefndu Helgu vadi, (á Gilsá) og þaðann beina línu af sjónhendning framm í Helfmínigatjörn, enn Ormsstadir þar fyrir ofann, frá ádur nefndu Helguvadi, allt fram í Grundarlæk, uppad gardi þeim sem liggur út í Mjóavatn.<sup>875</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Eiða:

12 Eiðar

Túnid er að stærð og giædum í betralagi, út heyskapur ekki sérlega mikill, enn fremur gódur; eingiar sumar liggja fyrir hlaupum; útbeit allgóð og landrími. Rekaítak fylgir í svonefndri Kolbeinsfiöru í Borgarfirði, sem hálf tilheyrir Eyda kyrkiu; líka er jörðunni til gyldis að telia lítillfiörlega sílúngsveidi. Þessa jörd meta vyrðingarmenn saméginlega fyrir 700<sup>rd</sup>.<sup>876</sup>

Við aukarétt 20. september 1879 voru útnefndir Gísli Jónsson hreppstjóri og Jóhannes Sveinsson bóndi til að verðmeta eignina Eiðastólinn í Eiðahreppi.<sup>877</sup>

Í ódagsettum vitnisburði Th. Guðmundssonar um landamerki jarðarinnar Eiða, líklega frá um 1880, sem hann ritaði að beiðni sr. Björns Þorlákssonar og Guttorms Vigfússonar segir:

Að jeg gæfi þeim skrifleg Landamerki þaug er Jónathan Petursson sagði mér er hann var hiá mér firsta árið sem jeg var á Eyðum eru þessi að Utan verðu frá Lagar Fljóti jfir

<sup>871</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 369.

<sup>872</sup> Skjöl nr. 2(200) og 2(279).

<sup>873</sup> Skjal nr. 2(692).

<sup>874</sup> Skjal nr. 2(578).

<sup>875</sup> Skjal nr. 2(201).

<sup>876</sup> Skjal nr. 2(135).

<sup>877</sup> Skjal nr. 2(733).

miðan Stór ás firir utan fiski Læk og í Eyða vatn, þaðann Ur Eyða vatni utan til ræður merki garður í Gíslá enn að framan ferðu frá Lagarfljóti utan við klett sem stendur skamt frá fljótinu á jfe hesteyum og þaðann beint jfir hesteyrar eftir Steinum sem hafa verið Lagðir Upp í flata klopp en ofan við Eirarnar þaðan í Törn sem er framan til í Geitagerðis sundi, (Þess þ skal getið að J Petursson sagði mér að Oddur bóndi á sem þá var á Fljotsbakka vildi hafa Utan í Geitagerðis sundið dálítið, enn Jonathan sagð mer að hann ætti ekkert í því svo Ur firnefndir Törn beint í Jllutörn, þaðann í klofa steina og beina línu í Helminga törn, svo sagði hann að það væri ekki viss mörk frá törninni í merkigard er hann kallaði frá mjóa vatninu og framm í Grundarlæk (að Eyðalæk) enn það heirði jeg á Jonathan að hann vildi Eyga mest allar breyðurnar<sup>878</sup>

Álitsgjörð, dagsett 8. maí 1880 að Ásgeirsstöðum, varðandi landamerki milli jarðanna Eiða, Ásgeirsstaða og Snjóholts var tekin saman af Halldóri Magnússyni, Haraldi Péturssyni og Jóni Þorsteinssyni, að beiði Ármanns Egilssonar á Rauðholti og eiganda Ásgeirsstaða, í nærveru Friðriks Guðmundssonar á Eiðum og Hallgríms Péturssonar á Ásgeirsstöðum. Í henni kemur meðal annars fram:

Þareð bændurnir Friðrik bóndi Guðmundsson á Eyðum Hallgrímur bóndi Pjetursson á Ásgeirsstöðum og Armann bóndi Egilsson eigandi Ásgeirsst. sem allir voru þar til staðar, höfðu eingin skírteini fyrir landamerkjum tjeðra jarða, önnur en þau, að svonefnd Helminga tjörn aðskilji Ásgeirsstaða land að vestan frá Snjóholts og Eyða löndum, en þaðan vissu þeir óglöggt um landamerki milli Eyða og Ásgeirsstaða.

Nú með því kunnugustu menn seigja að landamerki milli Eyða og Ormstaða sjeu um svonefndann Helguvaðsklett við Gílsá og þaðan beint inn eptir: þá virðist það koma í rjetta stefnu við áðurnefnda Helmingatjörn.

Eptir þessu ofanskriða verðum við undirskriðir, að láta það álit okkar í ljósi, að sanngjarnast væri að landamerki Ásgeirsst. að norðan, væru frá Helmingatjörn útað landamerkjum Eyða og Ormstaða við svokallaðan Vallnaás.<sup>879</sup>

Í álitsgjörðina er skráð að Ármann Egilsson hafi að lokum lýst því yfir að hann myndi lögfesta landamerki Ásgeirsstaða eftir þessum landamerkjum.<sup>880</sup>

Við manntalsþing að Egilsstöðum 15. júní 1880 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 18. janúar 1879, þar sem Friðrik Guðmundsson seldi Sigurði Jónssyni verslunarstjóra Eiðatorfuna.<sup>881</sup>

Í vitnisburði Guðmundar Guðmundssonar, dagsettum 10. júlí 1880, um landnýtingu á milli Eiða og Ormsstaða og um staðsetningu merkjagarðs segir eftirfarandi:

Jeg undirskryfaður var 3 ár Vinnumaður á Ormstöðum hjá Þorbergi Bergvinsyni og notuðu feðgarnir land á milli Eyða og Ormstaða í sameinígu, 1 árið vorum við 2 vinnu-menn að slá í sundinu fyrir neðan hraungarð, nl: Vigfús Pétursson með mjer, og var hann uppalin á Eyðum, garður liggur Eptir sundinu framan úr Mjóavatni og úti gílsá spurði jeg hann hvort þettað mundi vera merkigardur, og sagðst hann hafa heirt að þar hefði verið morkin til forna milli Eyða og Ormstaða<sup>882</sup>

<sup>878</sup> Skjal nr. 2(206).

<sup>879</sup> Skjal nr. 2(205).

<sup>880</sup> Skjal nr. 2(205).

<sup>881</sup> Skjal nr. 2(752).

<sup>882</sup> Skjal nr. 2(233).

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt eintak af landamerkjaskrá Eiða með Ormsstöðum, dagsettri 16. júní 1883 og undirritaðri af Guttormi Vigfússyni, en þar segir eftirfarandi um landamerki:

Að utanverðu (milli Grafar og Eyða) frá Lagarfljóti austur yfir miðjann Stóraás, utan við Fiskilæk, í vörðu að norðanverðu við Eyðavatn, þá skilur <sup>garður</sup>, sem liggur úr Eyðavatni utan <sup>til</sup> (~~verðu~~) austur í Gilsá, milli Eyða og Hleinargarðs, þaðan ræður Gilsá mörkum uppá Gilsárdal, þangað sem að merkjalínan kemur að neðan milli Ormsstaða og Ásgeirsstaða. –

Að framanverðu (milli Eyða og Fljótsbakka) Frá Lagarfljóti utanvert við klettshorn merkt yfir þverar Hesteyrar í flata klöpp ofan við áður nefndar eyrar, þaðan beina línu að merkjavörðu <sup>austan</sup> við Illutjörn, þaðan í miðja Klofasteina og <sup>svo</sup> beina línu utaní Þorgeirshöfða í merkjavörðu við austanverða Helmingatjörn, þaðan beina stefnu yfir Grundarlæk þar sem merkjagarðurinn liggur að honum, síðan eptir nefndum garði beint úti Mjóa vatnsenda; frá Mjóavatnsenda fremi beina línu til fjalls í þverárfoss, þaðan í Merkilækarfoss [svo] og svo sömu stefnu að Gilsá.<sup>883</sup>

Á skjalið eru undirskriftir Ármanns Egilssonar, vegna Ásgeirsstaða, og Sigfúsar Oddssonar, umráðamanns Fljótsbakka, um að þeir hafi verið ósamþykkir ofangreindum landamerkjum.<sup>884</sup> Með bréfi dagsettu 21. september 1883 skrifaði Guttormur Vigfússon til sáttanefndar í Hjaltastaðaumdæmi um að hún tæki fyrir ágreining um landamerki milli Eiða og Ásgeirsstaða.<sup>885</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Eiða með hjáleigunni Ormsstöðum er dagsett 16. júní 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 10. júní 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

búnaðarskólajarðarinnar Eiða í Eiðaþinghá, með hjáleigunni Ormsstöðum, eru þessi:

Að utanverðu milli Grafar og Eiða frá Lagarfljóti austur yfir miðjan Stóraás utan við Fiskilæk í vörðu að norðanverðu við Eiðavatn; þá skilur gardur, sem liggur úr Eiðavatni utan til austur í Gilsá milli Eiða og Hleinagards, þaðan ræður Gilsá mörkum uppá Gilsárdal, þangað sem að merkjalínan kemur að neðan milli Ormsstaða og Ásgeirsstaða.

Að framanverðu: milli Eiða og Fljótsbakka, úr klöppinni við Lagarfljót á Hesteyrum þvert upp í Flötuklökk þar fyrir ofan, þaðan beina línu að merkjavörðu austan við Illutjörn, og þvínæst í miðja Klofasteina, þaðan beina línu utan í Þorgeirshöfða í merkjavörðu á Einbúa um miðja helmingatjörn. Síðan beina stefnu yfir Grundarlæk, yfir merkjagarðinn úti Mjóavatnsenda; frá Mjóavatnsenda fremri beina línu til fjalls í Þverárfoss, þaðan í Merkilækjarfoss og svo sömu stefnu að Gilsá.

Eiðum 16. júní 1883

Guttormur Vigfússon.

Landamerkjum milli Eiða og Hleinagards er alveg samþykkur. –

Magnús Jónsson (handsalað)

<sup>883</sup> Skjal nr. 2(202).

<sup>884</sup> Skjal nr. 2(202).

<sup>885</sup> Skjal nr. 2(203).

Undirskrifadur er samþykktur ofanskrifudum landamerkjum fyrir Gilsárteigslandi.

Staddur á Eiðum 2. júní 1890

Jón Þorsteinsson.

Undirskrifadur er samþykktur ofanskrifudum landamerkjum fyrir Snjóholtslandi.

Sigfús Jónsson (hands.)

Undirskrifadur er samþykktur ofanskrifudum landamerkjum fyrir Ásgeirsstaðalandi.

Staddur á Eiðum 2. júní 1890

Oddur Hildibrandsson (handsalað)

Rjett eptirrit staðfestir

Jónas Eiríksson (umráðamaður Eiðastólsjarða).<sup>886</sup>

Í landamerkjadómi Suður-Múlasýslu 6. júlí 1886 náðist sátt um landamerki milli Eiða og Fljótsbakka. Landamerkin eru svohljóðandi:

Að landamerki milli Eyða og Fljótsbakka skuli framvegis vera þannig: úr klöpinni við Lagarfljót þvert yfir Hesteyrar í Flötuklökk þarfyrr ofan, þaðan beina stefnu í Klofa-  
steina þó þannig að Fljótsbakkabóndi má aldrei byggja beitarhús fyrir utan Hesteyrar-  
læk.<sup>887</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Eiðakirkju frá 24. júlí 1890 kemur fram að jörðin með kirkjunni var orðin eign Norður- og Suður-Múlasýslufélaga.<sup>888</sup>

Við manntalsþing fyrir Eiða- og Vallnahreppa að Miðhúsum 7. júlí 1891 var þinglesin friðlýsing fyrir æðarvarpi á eyjum frá Eiðum undan Gröf.<sup>889</sup>

Við manntalsþing á Egilsstöðum 10. júlí 1907 var friðlýst varpi og skógi í hólum í Lagarfljóti og í Eiðavatni.<sup>890</sup> Sama fór fram á manntalsþingi á Eyvindará þann 16. júní 1908.<sup>891</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Eiðar var metin á 5.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst með hjáleigunni Ormsstöðum. Fram kemur að jörðin hafði upprekstrarland í landi eyðjarðarinnar Þuríðarstaða. Jörðin var Búnaðarskólajörð og höfuðból Eiðastóls. Eigandi hennar var Sýslufélag Múlasýslna.<sup>892</sup>

Hinn 13. júní 1960 var tekið fyrir að úthluta landi til prestsseturs á Eiðum. Ekki er að sjá af lýsingu að svæðið varði þjóðlendukröfur í máli nr. 1/2022.<sup>893</sup>

<sup>886</sup> Skjöl nr. 2(58) og 2(734).

<sup>887</sup> Skjal nr. 2(204).

<sup>888</sup> Skjal nr. 2(401).

<sup>889</sup> Skjal nr. 2(762).

<sup>890</sup> Skjal nr. 2(735).

<sup>891</sup> Skjal nr. 2(736).

<sup>892</sup> Skjal nr. 2(196).

<sup>893</sup> Skjal nr. 2(450).

## 5.19 Nærleggjandi jarðir í Borgarfirði

### 5.19.1 Snotrunes í Borgarfirði

Hinn 30. ágúst 1506 sendi Þorvarður príor á Skriðuklaustri Þorvarði Bjarnasyni jarðir, þeirra á meðal allt Snotrunes í Borgarfirði en á móti seldi Þorvarður Bjarnason Þorvarði príor meðal annars jarðirnar Nes og Úlfsstaði í Loðmundarfirði.<sup>894</sup>

Árið 1524 seldi Margrét Þorvarðardóttir Birni Jónssyni jörðina Njarðvík fyrir jörðina Nes í Borgarfirði.<sup>895</sup> Hinn 26. mars 1530 vitnuðu Þorsteinn Finnbogason, Benedikt Einarsson og Teitur Magnússon að þeir hafi verið viðstaddir árið 1524 þegar Margrét Þorvarðsdóttir seldi jörðina Njarðvík til Björns Jónssonar fyrir jörðina Snotrunes.<sup>896</sup>

Hinn 16. maí 1527 vitnaði sr. Jón Koðránsson að Þorvarður Bjarnarson hafi fimmtudaginn eftir Maríumessu gefið Hólmfriði dóttur sinni jörðina Snotrunes í Borgarfirði.<sup>897</sup>

Hinn 30. júlí 1559 keypti Þorvarður Björnsson hluta systkina sinna, Jóns, Steingríms og Guðlaugar, í jörðinni Njarðvík.<sup>898</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt afrit af vitnisburði um að Ingibjörg Sigurðardóttir hafi árið 1595 gefið syni sínum, Bjarna Jónssyni, 20 hundruð í jörðinni Snotrunesi. Í sama skjali er skráð afrit af gjafabréfi Ingibjargar frá 1586 þar sem hún gaf Bjarna syni sínum jörðina Snotrunes árið 1586. Mögulega eru pennaglöp í öðru skjalinu og að Ingibjörg hafi gefið Bjarna jörðina árið 1585, sem svo hafi verið vitnað um árið 1586. Í gjafabréfinu er landamerka getið. Þar segir:

med aullum þeim gaugnum og giædum sem greindre jórdu fylger og fylgt hefr at fornu oc nyiu boyde til sios og landz, ad tilteknum takmórkum til fialls og fiour, frá grafgile kallad er, ut frá geita vijk, og nordur at baulmöd, ecki skiemra<sup>899</sup>

Við manntalsþing að Desjamýri 30. maí 1791 var uppleið uppboðsafsál á bónda-eigninni Snotrunesi, 20 hundruð að dýrleika, dagsett 16. maí 1791. Kaupendur voru Hjörleifur og Jón Árnasyni.<sup>900</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 15. maí 1795 var uppleið kaupbréf bræðranna Hjörleifs og Jóns Árnasona fyrir jörðinni Snotrunesi, 20 hundruð að forngildi. Jörðina höfðu þeir keypt á uppboði.<sup>901</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Snotruness metinn 20 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Hjörleifur Árnason hreppstjóri.<sup>902</sup>

Hinn 23. apríl 1834 afhenti Sveinn Snjólfsson sex hundruð og áttatíu álnir úr jörðinni Starmýri í Álftafirði til Stefáns Hjörleifssonar og Guðrúnar Þórsteinsdóttur fyrir hálf

<sup>894</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn VIII*, bls. 119–120, skjal nr. 4(135).

<sup>895</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn IX*, bls. 253–254, skjal nr. 4(44).

<sup>896</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn IX*, bls. 253–254, skjal nr. 4(44).

<sup>897</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn IX*, bls. 408–409, skjal nr. 4(132).

<sup>898</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn XIII*, bls. 434, skjal nr. 4(447).

<sup>899</sup> Skjal nr. 2(235).

<sup>900</sup> Skjal nr. 2(823).

<sup>901</sup> Skjal nr. 2(786).

<sup>902</sup> Skjal nr. 2(91).

Snotrunes í Borgarfirði, tíu hundruð að fornu mati. Makaskiptabréfið var þinglesið þann 29. júlí 1834.<sup>903</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 14. maí 1836 var upplesin lögfesta, dagsett 5. maí 1836, fyrir jörðinni Geitavík útgefin af Jóni Jónssyni hreppstjóra sem fjárhaldsmanni barnanna Einars og Margrétar Guðmundsbarna. Sveinn Snjólfsson á Nesi mótmælti lögfestunni og upplas lögfestu fyrir sinni jörð.<sup>904</sup>

Hinn 18. september 1837 tók sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis fyrir mál milli Jón Jónssonar og Sveins Snjólfssonar til að reyna sættir um landstykki milli Snotruness og Geitavíkur, sem Jón vildi meina að tilheyrði Geitavík en Sveinn sagði að tilheyrði Snotrunesi. Fram fór skoðun á þrætustaðnum en engin sátt náðist og var málið vísað til réttargangs.<sup>905</sup>

Á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis 10. júlí 1843 var tekið fyrir mál Gunnhildar Jónsdóttur á Snotrunesi gegn bræðrunum Hallgrími og Kjartani Ólafssonum vegna hvals sem rak undir Grenmó sumarið áður, þ.e. á pláss sem Sveinn Snjólfsson, maður Gunnhildar, tileinkaði Snotrunesi. Hallgrímur og Kjartan tilkeinuðu hins vegar Húsavíkurkirkju rekaítakið og náðist engin sátt um málið.<sup>906</sup>

Hinn 2. maí 1846 makaskipti Stefán Hjörleifsson, fyrir hönd bróðurdóttur sinnar Bjargar Árnadóttur, hálfu Snotrunesi fyrir þrjú hundruð og einn þriðja hundraðs í Star-mýri. Makaskiptabréfið var þinglesið á Djúpavogi þann 20. júní 1846.<sup>907</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Snotrunes metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.<sup>908</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Snotrunes:

Snotrunes

Túnid fóðrar 3 kýr og vetrúng og á jörðinni má hafa 60 ær 60 saudi 40 lömb 2 hesta. Túnid er ógreidt, en hentugt kringum það til ræktunar, eingið mest ógreidt allt hey sæmilegt afgjafar. Meðalærnyt á sumri 28 potta, meðalkýrnyt hærst 7 merkur, meðalsaudur skérst með 11 pundum; kvíær með 1½ pundi; vetrararbeit stopul en seig; sjóarbeit lítil nema flúdir á vorum; grjót má fá heldur fjærri; vatni má veita á tún, mótak lítid og erfídt. Reki til húsa vidurhalds nema á þil og lopt. Sjáfaraflí svári hálfu öðru manneldi, Jörðin er hættusöm fyrir saudfé vid sjó. einginn kvistur er í landinu líng mjög lítid torfskéra vond reidíngur fæst ekki hella ekki <sup>afírétt eingin og mjög svo landþraungt</sup>. Aur rennur sumstadar á tún og eingjar. Lending óll. Hæfilegur mannaflí á jörðina álítst ad vera 3 karlmenn 3 kvennmenn og smaladreingur. Þessi jörð var metin á 600 /sex hundruð:/ rbd.<sup>909</sup>

<sup>903</sup> Skjal nr. 2(245).

<sup>904</sup> Skjal nr. 2(743).

<sup>905</sup> Skjal nr. 2(328).

<sup>906</sup> Skjal nr. 2(334).

<sup>907</sup> Skjal nr. 2(275).

<sup>908</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 360.

<sup>909</sup> Skjal nr. 2(132).

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. júlí 1853 var þinglýst lóðseðli eftir Guðrúnu Sveinsdóttur þar sem Gunnari Frímanni Sigbjörnssyni var lagt út eitt hundrað í Snotrunesi og 40 álnir í Kjólsvík.<sup>910</sup>

Hinn 12. maí 1855 fór fram fundur hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis um þrætuland milli Snotruness og Geitavíkur. Fram kemur að um þrætulandið hafði verið gert samkomulag vorið 1852 þannig að landspildunni var skipt í jafna parta milli jarðanna og að það myndi halda nema skýlaus rök kæmu fram um annað. Jón Jónsson lagði nú fram vitnisburði um að Geitavík ætti þrætulandið. Hann áfrýjaði því samkomulaginu frá 1852 og óskaði sáttatilaunar við eigendur Snotruness. Framlagðir voru vitnisburðir manna sem ýmist sögðu landið hafa tilheyrt Geitavík eða Snotrunesi. Í sumum vitnisburðunum kom einnig fram að áður hafi verið deilt um landamerki jarðanna. Engin sátt náðist milli aðila og var málinu vísað til aðgerða yfirvalda.<sup>911</sup>

Við aukarétt 20. maí 1856 var tekið fyrir landamerkjамál milli Snotruness og Geitavíkur. Við réttinn var mættur Þorvarður Gíslason sem spurður um landamerki jarðanna. Í dómsmálabók Suður-Múlasýslu 1855–1858, þar sem fyrirtaka málsins er skráð, kemur fram að Þorvarður var spurður a.m.k. 11 spurninga. Aðeins eru skráð niður svör Þorvarðar. Þar er meðal annars getið ummæla um að Geitavíkurmenn hafi viljað eiga landamerki út í Þúfulá inn til fjalls og Nesmenn fram í Grafgil.<sup>912</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Snotrunes er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Snotruness: Landamerki milli Ness og Geitavíkur eru þessi: Úr vörðu, sem er á bökkunum milli Þúfulágar og Grafgils, frá henni í Grafgilsups, upp miðjan Stórskriðnadal upp á vörp; svo eru þau landamerki út fjallaraðir. Að neðan úr Böðmálshlein beint upp í fjallstíndinn.

Ármann Egilsson, Sigurborg Egilsdóttir eigendur Snotruness.

Samþykkja: Sigurborg Egilsdóttir, Sigurður Jónsson, Helgi Jónsson, Björn Sigurðsson bændur í Njarðvík.<sup>913</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að hálf jörðin Snotrunes var metin á 2.300 kr. og hinn helmingurinn á sömu upphæð. Tilgreint er að landamerkjum beggja jarðarluta hafi verið þinglýst. Fram kemur að jarðarluta Björns vanti upprekstrarland en ekkert er um það getið varðandi hluta Ármanns. Eigendur jarðarinnar voru Björn Jónsson að hálfu og Ármann Egilsson að hálfu.<sup>914</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Snotrunes er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

<sup>910</sup> Skjal nr. 2(703).

<sup>911</sup> Skjal nr. 2(336).

<sup>912</sup> Skjal nr. 2(747).

<sup>913</sup> Skjal nr. 2(11).

<sup>914</sup> Skjal nr. 2(152).



Landamerki milli Snotrunes og Geitavíkur eru þessi:

Úr vörðu, sem er á sjávarbakkanum milli Þúfulágar og Grafar-gilsups upp miðjan Stórskriðnadal upp á vörp.

Milli Snotrunes og Njarðvíkur: Úr Bölmóðshlein undir Njarðvíkurskriðum beint upp í fjallstindinn, þaðan inn eftir efstu fjallaröðum þangað til Snotrunesland þrýtur.

Desjarmýri á beit fyrir 30 sauði í Háukinn í Snotruneslandi. Hvannstóð á hálfan tréreka í Hvannstóðsbás fyrir Neslandi móti fjárupprekstri í afréttarland Hvannstóðs.

Halldór I. Ármannsson, Björn Jónsson eigendur Snotrunes.

Samþykking:

Fyrir hönd Njarðvíkur Helgi Björnsson, Magnús Þorsteinsson

Jón Björnsson meðeigandi Geitavíkur

Sigurður Einarsson meðeigandi Geitavíkur

pr. Kaupfélag Borgarfjarðar, meðeigandi Geitavíkur – H. Ásgrímsson

Andrés Jónsson<sup>915</sup>

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979 er færður inn útdráttur úr yfirlýsingu vegna jarðanna Snotruness I og II. Hannd er dagsettur 19. mars 1945 en þinglýsingardags er ekki getið. Efni hans er svohljóðandi:

Snotrunes I og II

í Borgarfj.hr.

Útdráttur úr yfirl. um ættaróðul (Ltr. Ö. 78)

sjá bls. 102 (Ekki fullkomin lýsing)

Ef lýsa á landareign jarðarinnar Snotrunes II í Borgarfjarðarhreppi, verður ekki komist hjá að lýsa um leið landareign Snotrunes I, því raunverulega er þetta ein jörð, skipt í sundur til helminga, en þó þannig að hvorugri landareigninni er hægt að lýsa, nema gefa um leið lýsingu af hinni.

Beitiland er allt óskipt og liggur meiri hluti þess til fjalls, en engjar eru skiptar, og eru þær í 16 pörtum og tilheyra 8 partar hvorri hálfleðu.

Tún eru að mestu leyti fráskilin hvort öðru, en þó æði skák af túni Snotrunes I, sem er eins og smeygt inn í tún Snotruness II.

Snotrunes er yzti bær að norðanverðu við Borgarfjörð eystri. Landamerki eru: Að sunnan eftir skurði, sem liggur neðan af sjávarbakka fyrir utan Geitavík upp eftir mýrinni og úr skurðsendanum beint upp eftir fjallinu upp á vörp, en að norðan úr Bölmóðshlein í Njarðvíkurskriðum, beint upp í fjallstindinn. Þaðan inn eftir vörpum að miðjum Stórskriðnadal. Mun láta nærri, að strandlengjan með sjó fram sé 3–3½ km. Meðfram allri ströndinni er mikill skerjaklasi og flúðir, sem koma upp um fjörur. Sauðfé sækir mjög á þessar flúðir og er því flæðihætta mikil fyrir það. Lending er mjög vond, enda liggur hún alveg fyrir opnu hafi. Undirlendi er frá 100–300 m. á breidd, þó er ekkert undirlendi nyrzt, en þar er klettabelti og skriður í sjó fram, sundurskorið af giljum en grasivaxnir jaðrar á milli.

Eins og áður er getið er beitiland mest í fjallinu og svo á undirlendi því, sem nyrzt er og kallast landsendi „Landsendi“ og „Jaðrar“ og er það allt til samans mikill meirihluti landareignarinnar.

<sup>915</sup> Skjal nr. 2(12).

Engjar liggja báðum megin út frá túninu. Þær eru mest mýrar, en þó eru vallendisblettir til og frá á milli, má segja þær séu allar þýfðar, ekkert véltækt og eins og áður getur tilheyrta 8 engjastykki hvorri hálfendu. Má segja þær séu í meðallagi grasgefnar, eftir því sem gerist um engjar hér í sveit. Meðalheyskapur á ári 5 síðustu árin er um 150 hestar á hálfendunni. Tún er um 14 dagsláttur að stærð, af því hafa komið að meðaltali 5 síðustu árin 175 hestar (Snotrunes II). Það er að mestu leyti slétt með dálitlum halla. Þó er það ekki allt nógu slétt fyrir sláttuvél (gamla sléttur, missigið), þar að auki eru 5 dagsláttur í ræktun, sem væntanlega verður tún á næsta ári. Það er girt sérstaklega með gaddavír og skurðum, en er ekki áfast við eldra túnið. Gaddavírsgirðing er um tún og engjar, en er orðin gömul og af sér gengin. Hún er um 1800 m. löng, það, sem tilheyrir Snotrunesi. (Samgirðing við Geitavík). Meðaláhöfn 5 síðustu árin hefur verið 120 fjár, 3 nautgripir og 3 hestar.

Reykjavík, 19. marz 1945

f.h. Halldórs Ármannssonar, Páll Zóphóniásson e.u.

Vitundarvottar:

Ólafía Einarasdóttir

Kristinn Stefánsson<sup>916</sup>

Hinn 17. mars 1945 afsalaði landbúnaðarráðherra, fyrir hönd Jarðakaupasjóðs ríkisins, jörðinni Snotrunesi II til Halldórs Ármannssonar.<sup>917</sup>

#### 5.19.1.1 Framnes í Borgarfirði

Landamerkjaskrá jarðarinnar Framness er dagsett 5. febrúar 1957 en þinglýsingardags er ekki getið. Efni hennar er svohljóðandi:

„Að innan eru landamerkin á milli Geitavíkur og Snotruness eins og hér segir: Landamerkjaskurður af sjávarbakka fyrir utan Grafgil beint uppeftir þangað, sem landsvegurinn liggur inn eftir norðurbyggð og síðan sömu línu að fjallsrótum. Að ofan ráða fjallsraðir út að Torflæk. Að utan ræður Torflækur milli fjalls og fjöru. Þar að auki fylgi nýbýlinu ræktunarland á svonefndum Landsenda þrjú hektarar að stærð, og liggja velgrafnir skurðir kringum spilduna.

Helming beitilands Snotruness I fær nýbýlið – en beitilandi þó ekki skipt.

Fjörubeit skiptist á sama hátt. Reki skiptist til helminga.

Snotrunesi, 5. febrúar 1957

Andrés Björnsson

Halldór Ármannsson

Vitundarvotta:

Halldór Ármannsson

Margrét Á. Halldórsd.<sup>918</sup>

<sup>916</sup> Skjal nr. 2(13).

<sup>917</sup> Skjal nr. 2(654).

<sup>918</sup> Skjal nr. 2(14).

### 5.19.2 Geitavík/Skriðuból í Borgarfirði

Við manntalsþing að Desjarmýri 9. júlí 1756 var uppleið kaupbréf, dagsett 17. ágúst 1754, þar sem sr. Halldór Gíslason keypti fimm hundruð og 46 álnir í jörðinni Geitavík af Sveini Péturssyni.<sup>919</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Geitavíkur metinn átta hundruð. Eigandi jarðarinnar var Sigríður Árnadóttir.<sup>920</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 29. júní 1813 var uppleið kaupbréf fyrir Geitavík þar sem Einar Gíslason keypti jörðina, átta hundruð að dýrleika, af Ragnheiði Halldórsdóttur og Margréti Halldórsdóttur.<sup>921</sup> Kaupbréfið var einnig uppleið við manntalsþing að Desjarmýri 31. júlí 1813. Um það þing er í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu heiti jarðarinnar skráð Gautavík.<sup>922</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 16. júní 1828 var þinglesið makaskipta- og kaupbréf, dagsett 8. janúar 1828, þar sem Guðmundur Þorsteinsson seldi og makaskipti níu og hálfu hundruði úr jörðinni Stóra-Steinsvaði til Halldórs stjúpsonar síns fyrir jörðina Geitavík, átta hundruð að dýrleika.<sup>923</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 14. maí 1836 var upplesin lögfesta, dagsett 5. maí 1836, fyrir jörðinni Geitavík útgefin af Jóni Jónssyni hreppstjóra sem fjárhaldsmanni barnanna Einars og Margrétar Guðmundsbarna. Sveinn Snjólffsson á Nesi mótmælti lögfestunni og upplas lögfestu fyrir sinni jörð.<sup>924</sup>

Hinn 18. september 1837 tók sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis fyrir mál milli Jón Jónssonar og Sveins Snjólffssonar til að reyna sættir um landstykki milli Snotruness og Geitavíkur, sem Jón vildi meina að tilheyrði Geitavík en Sveinn sagði að tilheyrði Snotrunesi. Fram fór skoðun á þrætustaðnum en engin sátt náðist og var málið vísað til réttargangs.<sup>925</sup>

Hinn 12. desember 1841 kunngerði Eiríkur Einarsson að hann hefði selt og afhent Einari Guðmundssyni á Bót tvö hundruð og tvo þriðju hluta hundraðs í jörðinni Geitavík í Borgarfirði. Skjalið var þinglesið þann 24. júní 1842. Sýslumaður gat þess að Eiríkur Einarsson hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir hinum selda jarðarparti.<sup>926</sup>

Hinn 8. mars 1843 seldu bræðurnir Jón og Eiríkur Jónssynir Einari Guðmundssyni á Bót eignarjörð sína Egilssel, sex hundruð að dýrleika, fyrir jörðina Geitavík með Geitavíkurhjáleigu, átta hundruð að dýrleika. Makaskiptabréfið var þinglesið þann 16. maí 1843. Sýslumaður gat þess að Einar Guðmundsson hafi ekki áður haft þinglýst eignar-

<sup>919</sup> Skjal nr. 2(740).

<sup>920</sup> Skjal nr. 2(90).

<sup>921</sup> Skjal nr. 2(741).

<sup>922</sup> Skjal nr. 2(678).

<sup>923</sup> Skjal nr. 2(742).

<sup>924</sup> Skjal nr. 2(743).

<sup>925</sup> Skjal nr. 2(328).

<sup>926</sup> Skjöl nr. 2(253) og 2(699).

skjal fyrir Geitavík með undirliggjandi hjáleigu.<sup>927</sup> Bréfið var einnig þinglesið við manntalsþing að Desjarmýri 23. júní 1843.<sup>928</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 var þinglesinn lóðseðill, dagsettur 14. desember 1843, sem heimild Guðlaugar Jónsdóttur fyrir fjórum hundruðum í jörðinni Geitavík.<sup>929</sup>

Hinn 13. maí 1847 makaskipti Jarþrúður Eiríksdóttir fjórum hundruðum í Geitavík til Halldórs Einarssonar fyrir fjögur hundruð í Eyvindará. Makaskiptabréfið var þinglesið á Egilsstöðum þann 26. maí 1847.<sup>930</sup>

Hinn 19. maí 1847 afhenti Einar Guðmundsson, fyrir hönd Guðlaugar Jónsdóttur, fjögur hundruð í Egilsstöðum til Halldórs Einarssonar fyrir fjögur hundruð í Geitavík. Makaskiptabréfið var þinglesið að Egilsstöðum þann 26. maí 1847.<sup>931</sup>

Við manntalsþing að Egilsstöðum 26. maí 1847 voru þinglesin tvö makaskiptabréf. Hið fyrra var dagsett 13. maí 1847 þar sem ekkjan Jarþrúður Eiríksdóttir makaskipti fjórum hundruðum í Geitavík til Halldórs Einarssonar fyrir fjögur hundruð í Eyvindará. Hið síðara var dagsett 19. maí 1847 þar sem H. Einarsson hreppstjóri makaskipti fjórum hundruðum í Geitavík til Guðlaugar Jónsdóttur fyrir fjögur hundruð í Egilsstöðum á Völlum.<sup>932</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Geitavík metin átta hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálgrein kemur fram Geitavíkurhjáleiga hafi verið ætluð þrjú hundruð af dýrleika jarðarinnar.<sup>933</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Geitavík:

Geitavík

með Geitavíkurhjal. sem talin er 3<sup>hndr.</sup> Túnid fodrar 3 kúr, útheyið með sjáfar og Landbeit – 50 ær 60 saudi 40 lömb, 3 hesta, tún víðast greidt, hentugt kríngum þau til ræktunar; heyfall létt. – Meðalærnyt á sumrin 25 pottar; meðalkýrnyt hærst 6 merkr medal-saudur skérst með 12 pundum; kvíær með 3 mörkum. Sjóarbeit góð. Landbeit stopul lítil og létt, torfskéra allgöð, reidíng má fá; grjót allgott og nærri, hellutak sæmilegt en erfídt; vatni má veita. Mótak notandi reki dálítill viðheldur hérum 3 úthýsum; Lending sæmileg. Kvistur einginn í Landinu, líng mjög lítid, afrétt eingin, og mjög svo Landþraungt. – Storgripagaungu þarf að kaupa á sumrum. Gripahættur til Lands. Únglömb deya ætíð á vorum, þegar ær ganga við sjó fyrir sumar. Hey fýkur opt í sjóinn. Sjáfarafli svari hálfu öðru manneli. Til að vinna upp jörðina þykir þurfa 3 karlmenn 3 kvennmenn og smali. Jörd þessi var metin á 400 /fjögur hundruð:/ rbd. –

Milli jarðanna Snotruness og Geitavíkur liggur eingjastykki sem þræta eru um á milli tédra jarða; fást af því til jafnadar á ári hvörju 10 hestar af góðu útheyi og var það metid á 6 /sex/ rbd.<sup>934</sup>

<sup>927</sup> Skjöl nr. 2(255) og 2(738).

<sup>928</sup> Skjal nr. 2(744).

<sup>929</sup> Skjal nr. 2(686).

<sup>930</sup> Skjal nr. 2(277).

<sup>931</sup> Skjal nr. 2(278).

<sup>932</sup> Skjal nr. 2(746).

<sup>933</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 360.

<sup>934</sup> Skjal nr. 2(132).

Hinn 12. maí 1855 fór fram fundur hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis um þrætuland milli Snotruness og Geitavíkur. Fram kemur að um þrætulandið hafði verið gert samkomulag vorið 1852 þannig að landspildunni var skipt í jafna parta milli jarðanna og að það myndi halda nema skýlaus rök kæmu fram um annað. Jón Jónsson lagði nú fram vitnisburði um að Geitavík ætti þrætulandið. Hann áfrýjaði því samkomulaginu frá 1852 og óskaði sáttatilaunar við eigendur Snotruness. Framlagðir voru vitnisburðir manna sem ýmist sögðu landið hafa tilheyrð Geitavík eða Snotrunesi. Í sumum vitnisburðunum kom einnig fram að áður hafi verið deilt um landamerki jarðanna. Engin sátt náðist milli aðila og var málinu vísað til aðgerða yfirvalda.<sup>935</sup>

Við aukarétt 20. maí 1856 var tekið fyrir landamerkjumál milli Snotruness og Geitavíkur. Við réttinn var mættur Þorvarður Gíslason sem spurður um landamerki jarðanna. Í dómsmálabók Suður-Múlasýslu 1855–1858, þar sem fyrirtaka málsins er skráð, kemur fram að Þorvarður var spurður a.m.k. 11 spurninga. Aðeins eru skráð niður svör Þorvarðar. Þar er meðal annars getið ummæla um að Geitavíkurmenn hafi viljað eiga landamerki út í Þúfulá inn til fjalls og Nesmenn fram í Grafgil.<sup>936</sup>

Hinn 20. ágúst 1856 var á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir rekamál milli Abrahams Ólafssonar á Bakka og Jóns Magnússonar í Geitavík. Jón hafði tekið spýtu á reki og kvað Abraham hana hafa verið skemmst frá Kiðubjörgum en Jón sagði rekamart ekki vera lengra frá landi en 200 faðmar. Lengd í Kiðubjörg hafi að minnsta kosti verið 400 faðmar. Málinu var frestað en málsaðilar voru sammála um að spyrja yfirvaldið um fiskhelgi og láta rannsaka hvort fisk sæi á borði þar sem spýtan var.<sup>937</sup> Málið var tekið fyrir að nýju á fundi sáttanefndar þann 17. mars 1858 en var í framhaldinu vísað til aðgerða yfirvalda.<sup>938</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Geitavíkur er dagsett 8. febrúar 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Geitavíkur: Landamörk milli Geitavíkur og Bakka eru þessi: Merki-lækurinn frá fjöru upp í Tjarnarbotna og þaðan bein stefna úr honum upp í varp framan undir Geitavíkurbúfu. Að ofan ráða fjallavörp landamerkjum. Milli Geitavíkur og Snotruness eru landamerki frá sjó í vörðu, sem er á bökkunum milli Þúfulágar og Grafgils, frá henni stefnan í Grafgilsups, svo upp miðjan Stórskriðnadal upp í vörp.

Geitavík, 8. febrúar 1884.

Sigurborg Egilsdóttir eigandi Geitavíkur.

Samþykkir: Stefán Benidiktsson, Þorvaldur Stefánsson, Egill Árnason eigendur og ábúendur Bakka.

Ármann Egilsson meðeig. Snotruness.<sup>939</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Geitavík var metin á 5.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum hafi verið þinglýst. Fram

<sup>935</sup> Skjal nr. 2(336).

<sup>936</sup> Skjal nr. 2(747).

<sup>937</sup> Skjal nr. 2(337).

<sup>938</sup> Skjal nr. 2(338).

<sup>939</sup> Skjal nr. 2(15).

kemur að jörðina vanti upprekstrarland. Þurrabúðarhúsið Merki stóð þá á landi jarðarinnar, á landamerkjum Geitavíkur og Bakka. Eigendur jarðarinnar voru Andrés Jónsson, Jón Björnsson, Gunnar Jónsson og Sigurður Einarsson.<sup>940</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Geitavíkur er dagsett 20. febrúar 1922 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamörk milli Geitavíkur og Bakka eru þessi: Merkilækurinn frá fjöru upp í Tjarnarbotna og þaðan bein stefna úr honum upp í varp framanundir Geitavíkurþúfu. Að ofan ráða fjallavörp landamerkjum.

Milli Geitavíkur og Snotrunes eru landamerki frá sjó í vörðu, sem er á bökkunum milli Þúfulágar og Grafgils, frá henni stefnan í Grafærgilsups, svo upp miðjan Stórskriðnadal upp í vörp.

Geitavík 20. febrúar 1922

Sigurður Einarsson, Jón Björnsson, Andrés Jónsson

pr. Kaupfélag Borgarfjarðar – H. Ásgrímsson

Samþykking fyrir hönd Snotrunes

Halldór I. Ármannsson, Björn Jónsson

Fyrir hönd meðeiganda Bakka

pr. H/F Hinar sameinuðu íslensku verzlani

Jón Stefánsson

Vegna Borgarfjarðarhrepps, Sigfús Gíslason<sup>941</sup>

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979 er færð inn landskiptagerð á landi jarðarinnar Geitavíkur. Hún er dagsett 1. júlí 1956 en þinglýsingardags er ekki getið. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

fyrir hluta úr Geitavík I Borgarfirði

Lýsing á úrskiptum hluta Sigurðar Pálssonar úr jörðinni Geitavík I í Borgarfjarðarhreppi Norður-Múlasýslu.

Landamörk – Að vestan: Þvergirðing meðfram fjalli.

Að sunnan: Þar eru öll landamörk sameiginleg norðurmörkum nýbýlisins Geitlands, og eru sem her segir: Neðan þjóðvegur: Skurðgröfuskurður. Ofan vegar: Skurður meðfram túni á Geitlandi, en er honum sleppir girðing í beinni stefnu úr skurðinum og í þvergirðingu með fjalli, sem áður er nefnd.

Að austan: Sameiginleg landamerki með Merki. – Bein lína úr landamerkjaskurði Geitlands og Merkis um efstu svarðargrafir í skurð á suðurmörkum Geitavíkur II.

Að norðan: Þar eru landamerki sameiginleg með Bláar og Ennahluta Geitavíkur II og eru sem her segir: Skurðgröfuskurður upp undir neðstu Enni, úr honum bein lína í markstein við þjóðveg norðan Stekkjalækjar, þaðan úr vegaræsi þar sem Stekkalækur fer undir þjóðveg og bein lína í markahnaus í Háennum, og úr honum eins og stefnandi lína í markahnaus við áður nefnda þvergirðingu meðfram fjalli. Stærð þessa lands er

<sup>940</sup> Skjal nr. 2(153).

<sup>941</sup> Skjal nr. 2(16).

sem hér segir: Ofan vegar 120.000 m<sup>2</sup> eða 12 ha. Neðan vegar 131.660m<sup>2</sup> eða 13.166 ha.

Þá fylgir hluta Sigurðar Pálssonar og eftirgreint land – I. Feta innan marka Geitavíkur I. Spilda milli annars og þriðja þverskurðar, talið frá þjóðvegi, liggur að skurði sunnan túns í Geitavík I að norðan, og í mörk Bláarluta Geitavíkur II að sunnan, og spilda er takmarkast af þjóðvegi að neðan vestan, að norðan af skurði er tengir 1. og annan þverskurð talið frá vegi, að austan af 2. skurði frá vegi og að sunnan af mörkum í Bláarluta Geitavíkur II – Stærð þessa lands er sem hér segir: Fyrir talin spilda 16.100m<sup>2</sup> = 1.61 ha. – Síðar talin spilda 5950m<sup>2</sup> = 0,6 ha (tæpir): Allt landið er því:

120.000 m<sup>2</sup>

131.660m<sup>2</sup>

16.100m<sup>2</sup>

5950m<sup>2</sup>

273.710m<sup>2</sup>

eða 27.371 ha.

Jarðarhluta þessum fylgir hlutfallslegt beutiland til jafns við aðra hluta Geitavíkur, hlutfallslegur reki, fjörubeit og aðstaða til útræðis og uppsáturs. – Einnig fylgir þessum hluta óúrskipt land í Geitavík I. að stærð 2.3 ha.

Geitavík 1. júlí 1956

Sigurður Pálsson

Að rétt sé hermt framanskráð

vottar:

Daníel Pálsson<sup>942</sup>

### 5.19.2.1 Geitland í Borgarfirði

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979 er færð inn landskiptagerð á landi jarðarinnar Geitavíkur. Hún er dagsett 1. júlí 1956 en þinglýsingardags er ekki getið. Í henni er fjallað um mörk nýbýlisins Geitlands en þar segir:

Landamerki

fyrir hluta úr Geitavík I Borgarfirði

Lysing á úrskiptum hluta Sigurðar Pálssonar úr jörðinni Geitavík I í Borgarfjarðarhreppi Norður-Múlasýslu.

Landamörk – Að vestan: Þvergriðing meðfram fjalli.

Að sunnan: Þar eru öll landamörk sameiginleg norðurmörkum nýbýlisins Geitlands, og eru sem hér segir: Neðan þjóðvegur: Skurðgröfuskurður. Ofan vegar: Skurður meðfram túni á Geitlandi, en er honum sleppir girðing í beinni stefnu úr skurðinum og í þvergriðingu með fjalli, sem áður er nefnd.

Að austan: Sameiginleg landamerki með Merki. – Bein lína úr landamerkjaskurði Geitlands og Merkis um efstu svarðargrafir í skurð á suðurmörkum Geitavíkur II.

<sup>942</sup> Skjal nr. 2(17).

Að norðan: Þar eru landamerki sameiginleg með Bláar og Ennahluta Geitavíkur II og eru sem her segir: Skurðgröfuskurður upp undir neðstu Enni, úr honum bein lína í markstein við þjóðveg norðan Stekkjalækjar, þaðan úr vegaræsi þar sem Stekkalækur fer undir þjóðveg og bein lína í markahnaus í Háennum, og úr honum eins og stefnandi lína í markahnaus við áður nefnda þvergirðingu meðfram fjalli. Stærð þessa lands er sem hér segir: Ofan vegar 120.000 m<sup>2</sup> eða 12 ha. Neðan vegar 131.660m<sup>2</sup> eða 13.166 ha.<sup>943</sup>

### 5.19.2.2 Merki í Borgarfirði

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979 er færð inn landskiptagerð á landi jarðarinnar Geitavíkur. Hún er dagsett 1. júlí 1956 en þinglýsingardags er ekki getið. Í henni er fjallað um sameiginleg merki með Merki en þar segir:

Landamerki

fyrir hluta úr Geitavík I Borgarfirði

Lysing á úrskiptum hluta Sigurðar Pálssonar úr jörðinni Geitavík I í Borgarfjarðarhreppi Norður-Múlasýslu.

Landamörk – Að vestan: Þvergirðing meðfram fjalli.

Að sunnan: Þar eru öll landamörk sameiginleg norðurmörkum nýbýlisins Geitlands, og eru sem her segir: Neðan þjóðvegur: Skurðgröfuskurður. Ofan vegar: Skurður meðfram túni á Geitlandi, en er honum sleppir girðing í beinni stefnu úr skurðinum og í þvergirðingu með fjalli, sem áður er nefnd.

Að austan: Sameiginleg landamerki með Merki. – Bein lína úr landamerkjaskurði Geitlands og Merkis um efstu svarðargrafir í skurð á suðurmörkum Geitavíkur II.

Að norðan: Þar eru landamerki sameiginleg með Bláar og Ennahluta Geitavíkur II og eru sem her segir: Skurðgröfuskurður upp undir neðstu Enni, úr honum bein lína í markstein við þjóðveg norðan Stekkjalækjar, þaðan úr vegaræsi þar sem Stekkalækur fer undir þjóðveg og bein lína í markahnaus í Háennum, og úr honum eins og stefnandi lína í markahnaus við áður nefnda þvergirðingu meðfram fjalli. Stærð þessa lands er sem hér segir: Ofan vegar 120.000 m<sup>2</sup> eða 12 ha. Neðan vegar 131.660m<sup>2</sup> eða 13.166 ha.<sup>944</sup>

### 5.19.3 Bakki/Bakkagerði í Borgarfirði

Í kaupbréfi fyrir jörðinni Bakka í Borgarfirði, dagsettu 12. september 1569, þar sem Hjálmur Sveinsson seldi Magnúsi Björnssyni alla jörðina segir að Magnús hafi greitt 22 hundruð fyrir hana.<sup>945</sup>

Hinn 16. október 1671 seldi Pétur Einarsson Brynjólfi biskupi Sveinssyni átta hundruð í jörðinni Bakka í Borgarfirði eystra fyrir átta hundruð í jörðinni Gagnstöð á Héraði og að auki Gagnstaðarsand. Sama dag seldi Pétur, í umboði Steinunnar Pétursdóttur, Brynjólfi tvö hundruð í jörðinni Bakka fyrir 24 ríkisdali.<sup>946</sup>

<sup>943</sup> Skjal nr. 2(17).

<sup>944</sup> Skjal nr. 2(17).

<sup>945</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XV, bls. 310–311, skjal nr. 4(22).

<sup>946</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 268, skjal H-10.



Í skjali, dagsettu 9. júní 1704, yfir jarðeignir Björns Péturssonar kemur fram að meðal eigna hans voru jarðirnar Eyjólfstaðir á Völlum, Hellisfjörður, Bakki í Borgarfirði, Hvannstóð, Breiðavík við Borgarfjörð og Hamragerði.<sup>947</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 30. maí 1792 var upplesið kaupbréf sr. Hjörleifs Þorsteinssonar fyrir fjórum hundruðum í jörðinni Bakka frá ekkjunnni Steinunni Guðmundsdóttur.<sup>948</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Bakka metinn 13 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Hjörleifur Þorsteinsson prestur. Fram kemur að eyðihjáleigan Gerði fylgi Bakka.<sup>949</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 19. nóvember 1811 var upplesið kaup- og makaskiptabréf sr. Hjörleifs Þorsteinssonar og Einars Gíslasonar þar sem Hjörleifur makaskipti jörðinni Bakka, þrettán hundruð að dýrleika, fyrir ellefu hundruð og  $\frac{3}{4}$  hluta úr hundraði í jörðinni Stóra-Steinsvaði og jörðina Hvol, átta hundruð að dýrleika sem byggð var fyrir sex hundruð.<sup>950</sup> Við manntalsþing að Desjarmýri 31. júlí 1813 var framlagt bréf sr. Hjörleifs Þorsteinssonar og Einars Gíslasonar bónda, dagsett 14. júní 1813, þar sem þeir gerðu kunnugt að þeir gerðu kaup- og makaskiptagjörning frá 7. janúar 1811 að engu og hvor um sig tók aftur við sinni eign. Hjörleifur tók aftur við Bakka og Einar tók aftur við Stóra-Steinsvaði og Hvoli.<sup>951</sup>

Hinn 10. september 1828 seldu sr. Þorkell Árnason á Stöð og Helga Hjörleifsdóttir þrjú hundruð úr jörðinni Bakka í Borgarfirði til sr. Einars Hjörleifssonar á Ketilsstöðum. Afsals- og kaupgjörningurinn var þinglesinn þann 10. júlí 1829.<sup>952</sup>

Hinn 14. mars 1832 makaskipti og afhenti Einar Hjörleifsson á Ketilsstöðum sjö hundruð í jörðinni Bakka í Borgarfirði til Abrahams Ólafssonar fyrir átta og hálf hundrað í jörðinni Húsavík. Meðal nánari skilmála makaskiptanna var að þegar þáverandi ábúandi Álftavíkur viki úr kotinu skilji við hann húsin í leigufæru ásigkomulagi. Makaskiptagjörningurinn var þinglesinn þann 7. júní 1833.<sup>953</sup>

Hinn 9. október 1832 seldi Páll Melsted sýslumaður, fyrir hönd Þórðar Gunnlaugssonar á Ási, Abraham Ólafssyni þrjú hundruð í jörðinni Bakka í Borgarfjarðarhreppi að undangengnu uppboði. Afsalsbréfið var þinglesið á Desjarmýri þann 7. júní 1833.<sup>954</sup>

Hinn 10. september 1836 seldi Margrét Hjörleifsdóttir fimm hundruð að fornu mati í jörðinni Bakka til Sigurðar Jónssonar á Hofi. Kaupbréfið var þinglesið þann 13. maí 1839.<sup>955</sup> Við manntalsþing að Desjarmýri 13. maí 1839 var upplesið afsalsbréf, dagsett 10. september 1836, fyrir fjórða part úr jörðinni Bakka frá M. Hjörleifsdóttur til

<sup>947</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 410–413, skjal H-11.

<sup>948</sup> Skjal nr. 2(676).

<sup>949</sup> Skjal nr. 2(89).

<sup>950</sup> Skjal nr. 2(677).

<sup>951</sup> Skjal nr. 2(678).

<sup>952</sup> Skjöl nr. 2(241) og 2(679).

<sup>953</sup> Skjal nr. 2(244).

<sup>954</sup> Skjal nr. 2(243).

<sup>955</sup> Skjal nr. 2(248).

Sigurðar Jónssonar, hver jörð var 20 hundruð að forngildi. Abraham hreppstjóri lýsti strax fyrir réttinum brigðum á nefnd jarðarhundruð og taldi sig sem ábúanda jarðarinnar hafa átt forkaupsrétt en sér hafi ekki verið boðið að kaupa hana.<sup>956</sup>

Hinn 14. október 1837 tók sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis fyrir mál varðandi rekaítak Valþjófsstaðarkirkju í landi Efri- og Neðri-Bakka skv. máldaga Gísla biskups Jónssonar frá 1575, sem væri nú jörðin Bakki og eyðibýlið Bakakgerði. Sátt náðist þannig að Abraham Ólafsson, hreppstjóri á Bakka, lofaði að gjalda til Valþjófsstaðarkirkju allan hálfan viðarreka en ef hval bæri að landi þá yrði rekaplássinu skipt milli Bakka og Bakkagerðis. Abraham kvaðst einnig vilja að ítakið fyrir Neðri-Bakka yrði hér eftir skilið sem ítak fyrir landi Bakkagerðis. Að lokum sagðist Abraham vilja að hvalreki með Áskellsá væri í Fjarðarárósnum sem tilheyrði Valþjófsstaðarkirkju.<sup>957</sup>

Hinn 4. apríl 1840 seldi Sigurður Ólafsson á Hofi Abraham Ólafssyni á Bakka þrjú hundruð í jörðinni Bakka í Borgarfirði.<sup>958</sup> Það var þinglesið við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1841.<sup>959</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Bakki metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálgrein kemur fram að árin 1760 og 1804 hafi eyðihjáleigan Bakkagerði verið talin sérstaklega og að dýrleiki Bakka hafi þá verið 13 hundruð.<sup>960</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Bakka:

Bakki

Túnid fóðrar 3 kýr og vetrúng; útheyid með sjáfar og landbeit fóðrar herum 80 ær 100 saudi 60 lömb 4 hesta. Túnid er íllþýft og votlendt, eingjar greidar; uthey mikid létt, óhentugt kríngum tún til ræktunar. Meðalærnyt á sumri 30 pottar kýrnyt 6 merkur; medalsaudur skérst með 12 pundum kvíær með 5 til 6 mörkum. Sjáfarbeit sæmíleg þó heldur létt. Landbeit stopul en í meðallagi góð, torfskéra brúkandi, grjót gott að fá hnöttótt; vatni má veita á tún og eingi. Mótak notandi. Reki lítill heldur við 3 úthýsum. Sjáfargagns svari hálfu öðru mannelði, eingin afrétt og heimaland lítið. Reidíngur einginn hella ekki. Gripahættur mjög miklar á landi. Heyskadar optast á hvörju sumri; Rokgrjót skémmir nokkuð eingi sumstadar. Tún rýfur opt til mikilla skémda af skara. Lidsafli til að vinna upp og nota jörðina álítst hæfilegur 4 karlmenn 4 kvennmenn og smali. – Meðal ókosta má telja lambadauda á vorum þegar ær gánga við sjó fyrir sumar-mál. Jörðin var metin á 700 /sjö hundruð/ rbd.<sup>961</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 31. maí 1856 var friðlýst nótalögum út af Kerlingarfjöru fyrir Bakkalandi.<sup>962</sup>

Hinn 20. ágúst 1856 var á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir rekamál milli Abrahams Ólafssonar á Bakka og Jóns Magnússonar í Geitavík. Jón hafði tekið spýtu á reki og kvað Abraham hana hafa verið skemmst frá Kiðubjörgum en Jón

<sup>956</sup> Skjal nr. 2(680).

<sup>957</sup> Skjal nr. 2(329).

<sup>958</sup> Skjal nr. 2(252).

<sup>959</sup> Skjal nr. 2(252) og 2(681).

<sup>960</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 360.

<sup>961</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>962</sup> Skjal nr. 2(682).

sagði rekamart ekki vera lengra frá landi en 200 faðmar. Lengd í Kiðjubjörg hafi að minnsta kosti verið 400 faðmar. Málinu var frestað en málsaðilar voru sammála um að spyrja yfirvaldið um fiskhelgi og láta rannsaka hvort fisk sæi á borði þar sem spýtan var.<sup>963</sup> Málið var tekið fyrir að nýju á fundi sáttanefndar þann 17. mars 1858 en var í framhaldinu vísað til aðgerða yfirvalda.<sup>964</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 30. júní 1875 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 24. apríl 1872, fyrir einu hundraði að fornu mati úr Bakkagerði frá Stefáni Björnssyni til Stefáns Hrólfssonar.<sup>965</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Bakka er dagsett 24. maí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Bakka með Bakkagerði: Landamerki milli Bakka, Bakkagerðis og Geitavíkur eru þessi: Merkilækurinn frá sjó upp í Tjarnarbotna og úr honum þar beint upp í vörp framanvið Geitavíkurþúfu. Að neðan er Fjarðaráin landamerki. Að framan: Úr Grænutópt upp í Merkiþúfuna á Mounum, úr henni bein stefna í yzta Grjótárbug, svo ræður Grjótáin upp í Brandsbalalækjarósinn, svo er Brandsbalalækurinn landamerki upp úr Brandsláginni, og svo beint úr honum upp í Grjótárgilið, svo er Grjótáin merki-lína upp í fjallavörpin. Að ofan eru efstu fjallavörp landamerki, frá ytra Dyrfjalli út undir Geitavíkurþúfu.

Ítök eða önnur hlunnindi vitum við eigi að aðrar jarðir eigi hér í, eða fyrir þessum jörðum okkar og eigi heldur þær í annara jörðum eða fyrir þeim.

Bakka, 24. maí 1884.

Stefán Benidiktsson, Þorvarður Stefánsson, Egill Árnason eigendur og ábúendur Bakka.

Gísli Jónsson meðeig. Jökulsár.

Sigurborg Egilsdóttir meðeig. Geitavíkur.

Gísli Benidiktsson á Hofströnd.<sup>966</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 30. júlí 1887 var friðlýst kríuvarpi fyrir Bakka-landi.<sup>967</sup>

Hinn 23. júní 1897 var við aukarétt að Desjarmýri tekið fyrir mál Egils Árnasonar gegn Runólfi Þorsteinssyni um jarðirnar Bakka og Bakkagerði. Við réttinn gerðist svohljóðandi samningur milli aðila:

Landamerki milli Bakka og Bakkagerðis eru ákveðin þannig: Að austan ræður Fjarðará frá ós hennar inneptir í Grænutópt svokallaða, utan við Grjótárós þar sem hún fellur í Fjarðará; úr Grænutópt beina sjónhengingu upp í Lírittarpúfu, þaðan sömu línu upp í reiðgötur, sem er gamall og nýr vegur milli Bakka og Jökulsár; síðan úteptir reiðgötum í vesturhornið á Bakkamel, þaðan beina línu út og austur yfir melinn í stóran, jarðfastan stein, er stendur á út og austurhorni melsins, úr honum út og austur mýrina í keldu, sem liggur ofan með Bólatúni og Bólarana og síðan beint út fyrir neðan Bólarana út í Bakkaá, svo ræður hún til sjávar.

<sup>963</sup> Skjal nr. 2(337).

<sup>964</sup> Skjal nr. 2(338).

<sup>965</sup> Skjal nr. 2(683).

<sup>966</sup> Skjal nr. 2(18).

<sup>967</sup> Skjal nr. 2(684).

Sækjandi Egill Árnason áskilur sjer rjett til fjörubeitar og vetrarbeitar í Bakkagerðislandi fyrir gripi sína og rjett hjer eptir til lóðargjalds eptir verzlunarhús og þurrabúðir er nú eru og síðar verða byggðar í Bakkagerðislandi utan túns, að rjettri tiltölu við hundraðatal í báðum jörðunum Bakka og Bakkagerði, svo og rjett til að taka svörð handa heimli sínu í Bakkagerðislandi, en aptur skal hann láta stefnda fá hæfilegan engjablett í staðinn fyrir jarðarnámið. Á hinn bóginn hafa ábúendur Bakkagerðis rjett til sumarbeitar í Bakkalandi, en þó ekki í engjum. Ennfremur skuldbindur stefndi sig til að greiða stefnandanum 64 kr. til þess að öll þræta sje til lykta leidd og 2 kr. 50 aura í málskostnað.

Ennfremur fráfellur stefnandi og afsalar sjer öllu eignartilkalli og rjettindum til Bakkagerðis að öðru leyti en því, sem að framan er ákveðið.<sup>968</sup>

Með skjali dagsettu 15. maí 1905 setti Einar Þórðarson fram skýringar á máli sem hann höfðaði með sáttakæru, fyrir hönd Egils Árnasonar áður á Bakka, gegn Þorsteini Jónssyni, kaupmanna á Bakkagerði. Skjalið var lagt fram við aukarétt að Bakkagerði 23. maí 1905 en í því er vísað í samning fyrrverandi eigenda jarðarinnar frá 23. júní 1897. Áður en að samningnum kom hafi Egill átt 8,5 hundrað í heimajörðinni Bakka, Runólfur Þorsteinsson 7,5 hundruð og hálf Bakkagerði eða tvö hundruð forn og Lars Imsland kaupmaður hálf Bakkagerði. Bakkagerði hafi verið hjáleiga Bakka og landinu að sönnu skipt til slægna en ekkert ákveðið um hlunnindi. Tekjur af hjáleigunni hafi hins vegar vaxið, meðal annars með því að löggiltur var verslunarstaður á Bakkagerði þann 13. desember 1895, sem Egill hafi ekki unað við og það mál endað með ádur-nefndum samningi. Síðar hafi orðið ágreiningur um lóðargjöld á Bakka og Bakkagerði en Einar, sem umboðsmaður Egils, gerði kröfu um vangoldin lóðargjöld fyrir tveggja ára tímabil.<sup>969</sup>

Hinn 1. desember 1907 afsalaði sr. Einar Þórðarson á Bakka forkaupsrétti sínum að sjö og hálfu hundraði í Bakka og hálfu Bakkagerði til hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps.<sup>970</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Bakki með þurrabúðarlóðum var metin á 21.000 kr. og Bakkagerði með þurrabúðarlóðum var metið á 5.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum beggja jarða hafi verið þinglýst. Fram kemur að báðar jarðir vanti upprekstrarland. Eigendur jarðarinnar Bakka voru Borgarfjarðarhreppur og Hinar sameinuðu íslensku verslanir. Eigendur Bakkagerðis voru Hinar sameinuðu íslensku verslanir og Lars Imsland.<sup>971</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Bakka er dagsett 20. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki milli Bakka og Jökulsár eru þessi: Úr merkípúfu, sem stendur rétt neðan við sýsluvegin skamt fyrir utan Grjótána, beina stefnu upp í yzta Grjótárbug. Ræður svo Grjótáin upp í Brandsbalalækjarósinn, síðan er Brandsbalalækurinn landamerki upp úr Brandslaginni, síðan beint upp úr honum í Grjótárgilið, svo er Grjótáin merkilína upp í fjallavörpin. Að ofan eru fjallavörp landamerki frá ytra Dyrfjalli út undir Geita-

<sup>968</sup> Skjöl nr. 2(322) og 2(842).

<sup>969</sup> Skjal nr. 2(321).

<sup>970</sup> Skjal nr. 2(291).

<sup>971</sup> Skjal nr. 2(154).

víkurbúfu. Milli Bakka og Bakkagerðis eru þessi landamerki: Úr merkibúfunni sem stendur rétt neðan við sýsluveginn, skamt utan við Grjótána, beina stefnu í merkibúfu neðan við sýsluveginn rétt innan við Leirgrófina. Úr henni beina sjónhendingu í stóran jarðfastan stein, er stendur á út og austurhorninu á Bakkamel, úr honum beina línu í markið sem er við vesturhornið á Bólarana við sýsluveginn. Þaðan beina línu út í Bakkaá, svo ræður hún til sjávar. Milli Bakka og Geitavíkur eru landamerki: Merki-lækurinn frá sjó upp í Tjarnarbotna og úr honum þar beint upp í vörp framandið Geitavíkurbúfu.

Jörðin á rétt til fjöru- og vetrarþéttar í Bakkagerðislandi og rétt til lóðargjalds eftir verzlunarhús og þurrabúðir að réttri tiltölu við hundraðatal í báðum jörðunum, Bakki og Bakkagerði. Á hinn bóginn hafa ábúendur Bakkagerðis rétt til sumarþéttar í Bakkalandi, en þó ekki í engjum.

Bakkagerði 20. desember 1921

Fyrir hönd Borgarfjarðarhrepps, Vigfús I. Sigurðsson oddviti

pr. H/F Hinar sameinuðu íslensku verzlunar

Jón Stefánsson (meðeig. Bakka og Bakkagerðis.)

Vjer undirritaðir eigendur og umráðamenn jarða þeirra, er að landi jarðarinnar „Bakki“ liggja, erum samþykkir ofanrituðum landamerkjum og staðfestum með undirskrift vorri.

Borgarfirði 30. des. 1921

Jón Björnsson (meðeig. Geitavíkur)

Andrés Jónsson (meðeig. Geitavíkur)

Sigurður Einarsson (meðeig. Geitavíkur)

pr. Kaupfélag Borgarfjarðar – H. Ásgrímsson (meðeig. Geitavíkur)

Helgi Björnsson meðeigandi Njarðv.

Sigfús Gíslason (eigandi Jökulsár)

Í umboði L. Imslands, Eiríkur Sigfússon<sup>972</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Bakkagerðis er dagsett 25. ágúst 1922 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 16. júlí 1923. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki milli Bakkagerðis og Hofstrandar eru: Fjarðaráin frá ós hennar inneftir í merkivörðu við Grænutópt á Fjarðarárbökkum. Milli Bakkagerðis og Jökulsár eru þessi landamerki: Úr nefndri merkivörðu beina línu upp í merkibúfu uppi á mounum, þaðan sömu línu upp í merkibúfu neðan við sýsluveginn, rétt utan við Grjótána.

Milli Bakkagerðis og Bakka eru landamerki: Úr síðarnefndri merkibúfu beina línu í merkibúfu neðan við sýsluveginn rétt innan við Leirgrófina, úr henni beina sjónhendingu í stóran jarðfastan stein, er stendur á út og austurhorninu á Bakkamel, úr honum beina línu í markið, sem er við vesturhornið á Bólarana við sýsluveginn, þaðan beina línu út í Bakkaá, svo ræður hún til sjávar.

Jörðin Bakki á rétt til fjörubeitar og vetrarþéttar í Bakkagerðislandi og rétt til lóðargjalda eftir verzlunarhús og þurrabúðir utan tús, að réttri tiltölu við hundraðatal í báðum jörðunum Bakki og Bakkagerði. Á hinn bóginn hafa ábúendur Bakkagerðis rétt til sumarþéttar í Bakkalandi, en þó ekki í engjum.

<sup>972</sup> Skjal nr. 2(19).

Bakkagerði 25. ágúst 1922

L.J. Imsland meðeig. Bakkagerðis

pr. H/F Hinar sameinuðu íslensku verðlanir, Jón Stefánsson (meðeig. Bakkagerðis)

Vjer undirritaðir eigendur og umráðamenn jarða þeirra, er að landi jarðarinnar „Bakkagerði“ liggja, erum samþykkir framanrituðum landamerkjum og staðfestum þau með undirskrift vorri.

Bakkagerði 25. ágúst 1922

Fyrir hönd Borgarfjarðarhrepps, Vigfús I. Sigurðsson, oddviti

Sigfús Gíslason (eigandi Hofstrandar og Jökulsár)<sup>973</sup>

#### 5.19.4 Jökulsá í Borgarfirði

Í máldaga Desjarmýrarkirkju frá 1354 segir meðal annars:

Item a kirkiann fiortan fota torfgrauf j jokulsar lande aarlíga. og hun æ attundu hueriu uætt j hual æ uxafallsfioru.<sup>974</sup>

Hinn 6. september 1622 vitnaði Einar Magnússon lögréttumaður í Njarðvík um landamerki Jökulsár í Borgarfirði. Í vitnisburðinum segir eftirfarandi:

Það medkennist eg Einar Magnusson að hefi heyrt af frömum mómnum mer elldri að Jórdin Jokulsä, liggjandi J Borgarfirdi J Desiarmyrar kyrkiusökn væri vj hndr. að dýrleika með tveggja hundrada sandj er hennar landeign J þä ä, sem fellur ofann undann dyrfióllum og kóllud er Jökulsä, effter því sem hun rennur ofann J fiärdarä og so üt með änni þar sem endar torf hvamm, J þann ysta torfgard, er þar landamerki milli Backa og Jökulsär, og stendst á vid það takmark, sem kollud er folallds gróf, hvad að eru landamerki milli Desiarmyrar og Hofstrendur, og so þvert J þä Lyrittur þufu sem þar stendur J móinum og so J fiall upp J þann ysta ärbug ä þeirri ä sem Griötä er kollud og so nordur ä varp til möts vid Niardvik, enn hennar sandur hefur verid halldinn ij hndr. fadma, og var so stikadur sidast J minu ungdæmi af Þorgeiri presti Þorsteinssyni, er hellt Desiarmyri, liggur þessi sandur hart nær allur fyrer Backalandi, rædur fiärdarär ösinn merkium að nordann, hver ecki kann leingra nordur að briöta enn sydri merkinn J þä griöthruðu sem stendur fyrer sunnann þä melþufu er stendur ä sandinum, Eirmin telia þeir til verstödu J Backalandi þö eignarmenn Backa hafi þar ä möti mællt því þar siest einginn Skälatöpt að gömlu lagi, enn ecki hef eg meinast vid fätæka menn, þö þar hafi bät hafft, sidann eg ätti með. Se þessi Jord Jtölulaus utann Desiarmyrar kyrkia ä þar xiiij fota torf. gróf J torfhvammi, enn Jökulsä afftur Skögarpurt J Stadarins land, og er eg nu siötíu og sio ära, er eg þennann vitnisburd ut gaf, og so J sannleika er, set eg mitt nafn her unnder med eigin hendi<sup>975</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 29. apríl 1790 var upplesið makaskiptabréf Péturs Þorsteinssonar sýslumanns og Guðmundar Guðmundssonar bónda á Gilsárvalla-hjáleigu, dagsett 6. nóvember 1789, þar sem Guðmundur eftirlét Pétri jörðina Ekru í Útmannasveit, 10 hundruð að dýrleika, fyrir jarðirnar Jökulsá, sex hundruð, og Hvannstóð, sex hundruð.<sup>976</sup>

<sup>973</sup> Skjal nr. 2(20).

<sup>974</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* III, bls. 96–98, skjal nr. 4(23).

<sup>975</sup> Skjal nr. 4(111).

<sup>976</sup> Skjal nr. 2(796).

Við manntalsþing að Desjarmýri 28. maí 1800 var þinglýst kaupbréfi Gísla Halldórssonar á Njarðvík, dagsettu 10. júlí 1799, fyrir jörðinni Jökulsá. Seljandi var Vigdís Björnsdóttir í Höfn.<sup>977</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Jökulsár metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Gísli Halldórsson.<sup>978</sup>

Hinn 26. júní 1821 seldi Gísli Halldórsson í Njarðvík Þorkeli Björnssyni á Gagnstöð jörðina Jökulsá, sex hundruð að dýrleika, með einu ásauðar kúgildi. Kaupbréfið var þinglesið þann 1. september sama ár.<sup>979</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 14. júní 1822 var þinglýst brigðalýsingu Guðmundar Þorsteinssonar bónda á Stóra-Steinsvaði, vegna stjúpsonar síns Halldórs Einarssonar, í jörðina Jökulsá í Borgarfirði.<sup>980</sup>

Árið 1844, hinn fyrsta dag ótilgreinds mánaðar, lögfesti Einar Bjarnason land Jökulsár í Borgarfirði. Lögfestan var þinglesin þann 10. júlí sama ár en henni var mótmælt af Ólafi Stefánssyni, fyrir hönd Stefáns Ólafssonar eiganda jarðarinnar Hvols. Texti lögfestunnar er eftirfarandi:

Eg Einar bóndi Bjarnason búandi á Sturluflöt í Fliotsdal, lögfesti hér í dag Eignarjörd mína Jökulsá liggjandi í Borgarfyrði og Desjarmyrar sókn og allar þær landsnytiar, er þessari Jördu fylgt hafa og fylgia ega í móti mér, sem er á þá einu síðu edr millum nefndrar Jarðar og Jarðarinnar Bakka af Griótdalsvarpi þarsem það er lægst utan undir ytra Dyrfjallinu, þaðan rétt ofan Griótdalin og í Griótargil utan undir leinihialla, þaðan beina Stefnu ofaní Líríttaþúfu svokallaða og svo réttlínis í Fiarðará; Enn á sína síðu eda milli Hvols og Jökulsár úr Fossunum utan undir Hvolsbrúninni og ofan í Slakkan í miðium Ærhól þaðan beina stefnu í Fiarðará til háfialla, lögfesti eg Jökulsdalinn undir dimmadalsvarp. – Fyrirbíd eg héreptir hvörum manni í að vinna edr sér í nokkurn máta af þessari minni, innan tédra takmarka, lögfestu landareign, að nota, nema þeim einungis er eg hana leigt hafi, eda leigia kann framvegis, edr þeim sem mitt hiálagt leyfi þar til fá kynni<sup>981</sup>

Hinn 10. apríl 1846 seldi Eiríkur Einarsson Hrólfi Guðmundssyni þrjú hundruð í jörðinni Jökulsá í Borgarfirði. Kaupbréfið var þinglesið á manntalsþingi að Desjarmýri hinn 10. apríl 1847. Sýslumaður gat þess að Eiríkur hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir þeim seldu þremur hundruðum úr Jökulsá.<sup>982</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Jökulsá metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.<sup>983</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Jökulsá:

Jökulsá

Túnid fóðrar 1 kú og vetrúng. Útthey með landbeit 32 ær 32 s. 30 lömb 2 hesta, tún heldur ogreidt eingi greidt hentugt kríngum túnid til ræktunar; meðalærnyt sumarlángt 30 pottar meðalkýrnyt hæst 6 merkur í mál á sumrum. – Saudir skérast með 12 pundum

<sup>977</sup> Skjal nr. 2(803).

<sup>978</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>979</sup> Skjöl nr. 2(239) og 2(804).

<sup>980</sup> Skjal nr. 2(805).

<sup>981</sup> Skjöl nr. 2(258) og 2(686).

<sup>982</sup> Skjöl nr. 2(269) og 2(806).

<sup>983</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 360.

til jafnadar kvíær með 6 mörkum; kvistur einginn; en lýng nokkurt til beitar í landinu, torfskéra góð; reidíngur fæst notandi; grjót má fá fjærri, vatni má veita á tún og eingi sumstaðar, mótak sæmilegt; vetrarþeiti stopul en réttgóð þegar gefst; rekasandur dálítill heldur við héraum 2 úthysum. – Þott jörðin eigi ekki land við sjó er hægt að ná til sjáfar afla, þegar hann adber. – og svari sjáfangagn fjórðungi manneldis. – Jörðin er mjög landlítill og á einga afrétt. Heyskaðar opt á sumrum fyrir vedrum. Aurhlaup víða og nokkur landbrot. Kúabeiti þarf að kaupa á sumrum; Til að nota jörðina þykir þurfa 2 karlmenn 2 kvenmenn og var þessi jörð metin á 230 /:tvö hundruð og þrjátíu/ rbd.<sup>984</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 28. júlí 1864 var lesin lögfesta St. Benediktssonar, Stefáns Pálssonar, Unu Guðlaugar Sigfúsdóttur og Jóns Stefánssonar fyrir jörðunum Jökulsá og Hvoli.<sup>985</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Jökulsár er dagsett 30. maí 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 4. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Jökulsár og nærliggjandi jarða skulu eptirleiðis vera þessi:

Milli Bakka, Bakkagerðis og Jökulsár: Úr svokallaðri Grænutópt sem er á Fjarðar-árþökkunum – í Merkiþúfu upp á móunum, úr henni bein stefna í yzta Grjótárbug, þá Grjótáin úr yzta bug hennar upp í Brandsbalalækjárós, hann er landamerki jarðanna upp fyrir Brandsbalalágina, svo bein stefna þar úr honum upp í Grjótárgilið, eptir það er Grjótáin landamerki upp Grjótaldal upp í varp utan undir Dyrfjallinu.

Milli Desjarmýrar og Jökulsár: er Fjarðaráin frá Grænutópt, sem er á Fjarðarárþakkanum utan við Grjótárósinn og í landamerki milli Hvals og Jökulsár. Milli Hvals og Jökulsár eru landamerki úr djúpu láginni, sem er fyrir framan Mels-hornið framan við Jökulsána, og í vörðu upp af henni (láginni) á börðunum ofan við eyrarnar, bein stefna í lágina utan við Ærhólinn, og úr henni upp í Jökulsána utan undir Strípahrauni; þar fyrir ofan er Jökulsáin landamerki upp Jökulsdalinn í miðja Þverhryggi og upp í Jökulbotn, sem er í sveifinni framan og neðan undir ytra Dyrfjallinu.

Rekaítak á Jökulsá frá Fjarðararósi á Sandinum austur á móts við Lónstjarnarkíl, þar sem hann bugar beint að innan út að Sandinum.

Önnur hlunnindi vitum við ekki að Jökulsá eigi í öðrum jörðum og eigi heldur aðrar jarðir í Jökulsárlandi.

Jökulsá, 30. maí 1883.

Stefán Hrólfsson, Gísli Jónsson eigendur Jökulsár.

Samþykkt af undirskrifuðum

Stefán Benediktsson, Þorvarður Stefánsson Egill Árnason, Jón Stefánsson eigendur og ábúendur jarðanna Bakka og Bakkagerðis.

Samþykkt af eigendur jarðarinnar Hvals:

Samþykkt af eiganda jarðarinnar Hofstrandar rekaítakið Gísla Benediktsyni.<sup>986</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Jökulsá var metin á 1.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið

<sup>984</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>985</sup> Skjal nr. 2(799).

<sup>986</sup> Skjal nr. 2(21).



þinglýst. Fram kemur að jörðina skorti upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Sigfús Gíslason.<sup>987</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Jökulsár er dagsett 25. ágúst 1922 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 16. júlí 1923. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki milli Jökulsár og Bakkagerðis eru: Úr merkivörðu við Grænutópt á Fjarðarárbökkum beina línu upp í merkiþúfu uppi á mounum, þaðan sömu línu upp í merkiþúfu neðan við sýsluveginn, rétt utan við Grjótána.

Milli Jökulsár og Bakka eru þessi landamerki: Úr síðastnefndri merkiþúfu beina stefnu í yzta Grjótárbug. Ræður svo Grjótáin upp í Brandsbalalækjarósinn, síðan er Brandsbalalækurinn landamerki upp úr Brandsláginni, síðan beint úr honum upp í Grjótárgilið, svo er Grjótáin merkilína upp í fjallavörpin.

Milli Desjarmýrar og Jökulsár ræður Fjarðaráin, eins og hún hefur runnið síðastliðin ár frá landamerkjum Jökulsár og Hvols að landamerkjum Jökulsár og Bakkagerðis.

Milli Hvols og Jökulsár eru landamerki: Úr Fjarðará fram undan djúpuláginni, sem er á börðunum fyrir framan melshornið, framan við Jökulsána, úr henni (djúpuláginni) bein stefna í fossinn í Jökulsánni utan undir Strípuhrauni. Þar fyrir ofan er Jökulsáin landamerki upp Jökuldalinn í miðja Þverhryggi og upp í Jökulbotn, sem er í sveifinni framan og neðan undir ytra Dirfjallinu.

Hofströnd 25. ágúst 1922

Sigfús Gíslason (eigandi Jökulsár)

Framanskráðum landamerkjum milli Jökulsár, Bakka og Bakkagerðis er ég fyrir hönd h/f Hinar samein. ísl. verzl. Borgarfirði samþykkur.

Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki milli Jökulsár og Desjarmýrar samþykki eg undirritaður

Vígfús I. Sigurðsson (sóknarprestur)

Framanskráðum landamerkjum milli Hvols og Jökulsár er eg undirritaður samþykkur

H. Ásgrímsson – eigandi Hvols<sup>988</sup>

### 5.19.5 *Hvoll í Borgarfirði*

Hinn 2. júlí 1618 seldi Jón Björnsson Pétri Pálssyni jörðina Lýtingsstaði í Skagafirði, 60 hundruð að dýrleika, fyrir Húsavík, 30 hundruð að dýrleika, Breiðavík hina minni, Hólaland, tíu hundruð að dýrleika, Hvol, átta hundruð að dýrleika og Hvanntóð, sex hundruð að dýrleika. Þessar jarðir fylgdu eiginkonu Péturs, Þorbjörgu sálugu Bjarnadóttur, á giftingardegi þeirra.<sup>989</sup>

Hinn 29. ágúst 1672 seldi Loftur Torfason, með samþykki eiginkonu sinnar Ingi-bjargar Pálsdóttur, Brynjólfi biskupi Sveinssyni tíu hundruð í Firði í Seyðisfirði fyrir jörðina Hvol og sex hundruð í lausafé.<sup>990</sup>

<sup>987</sup> Skjal nr. 2(155).

<sup>988</sup> Skjal nr. 2(22).

<sup>989</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 272, skjal H-10.

<sup>990</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 268, skjal H-10.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hvals metinn átta hundruð. Eigandi jarðarinnar var Gróa Egilsdóttir.<sup>991</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 19. nóvember 1811 var uppleið kaup- og maka-skiptabréf sr. Hjörleifs Þorsteinssonar og Einars Gíslasonar þar sem Hjörleifur maka-skipti jörðinni Bakka, þrettán hundruð að dýrleika, fyrir ellefu hundruð og  $\frac{3}{4}$  hluta úr hundraði í jörðinni Stóra-Steinsvaði og jörðina Hvol, átta hundruð að dýrleika sem byggð var fyrir sex hundruð.<sup>992</sup> Við manntalsþing að Desjarmýri 31. júlí 1813 var fram-lagt bréf sr. Hjörleifs Þorsteinssonar og Einars Gíslasonar bónda, dagsett 14. júní 1813, þar sem þeir gerðu kunnugt að þeir gerðu kaup- og makaskiptagjörning frá 7. janúar 1811 að engu og hvor um sig tók aftur við sinni eign. Hjörleifur tók aftur við Bakka og Einar tók aftur við Stóra-Steinsvaði og Hvoli.<sup>993</sup>

Hinn 1. febrúar 1841 seldi Brynjólfur Evertsson átta hundruð í jörðinni Hvoli til Stefáns Ólafssonar á Gilsársvelli fyrir jörðina hálf Hof í Fellum, 10 hundruð að dýrleika. Makaskiptabréfið var þinglesið þann 6. maí 1841 og 4. júní 1841. Sýslumaður gat þess að Stefán hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir hálfendunni Hofi og samkvæmt framlögðu afsalsbréfi frá 24. ágúst 1840 hafi Brynjólfur aðeins átt sjö hundruð í greindri jörð.<sup>994</sup>

Hinn 24. ágúst 1840 afsalaði Gísli Þorvarðarson á Höskuldsstöðum í Breiðdal sjö hundruðum úr jörðinni Hvoli í Borgarfirði til Brynjólfs Evertssonar. Afsalsbréfið var þinglesið þann 4. júní 1841.<sup>995</sup>

Árið 1844, hinn fyrsta dag ótilgreinds mánaðar, lögfesti Einar Bjarnason land Jökulsár í Borgarfirði. Lögfestan var þinglesin þann 10. júlí sama ár en henni var mótmælt af Ólafi Stefánssyni, fyrir hönd Stefáns Ólafssonar eiganda jarðarinnar Hvals. Texti lögfestunnar er eftirfarandi:

Eg Einar bóndi Bjarnason búandi á Sturluflöt í Flíotsdal, lögfesti hér í dag Eignarjörd mína Jökulsá liggandi í Borgarfyrði og Desjarmyrar sókn og allar þær landsnytiar, er þessari Jördu fylgt hafa og fylgia ega í móti mér, sem er á þá einu síðu edr millum nefndrar Jarðar og Jarðarinnar Bakka af Griótdalsvarpi þarsem það er lægst utan undir ytra Dyrfjallinu, þaðan rétt ofan Griótdalin og í Griótargil utan undir leinihialla, þaðan beina Stefnu ofaní Líríttaþúfu svokallaða og svo réttlínis í Fiarðará; Enn á sína síðu eda milli Hvals og Jökulsár úr Fossunum utan undir Hvalsbrúninni og ofan í Slakkan í miðium Ærhól þaðan beina stefnu í Fiarðará til háfialla, lögfesti eg Jökulsdalinn undir dimmadalsvarp. – Fyrirbid eg héreptir hvöríum manni í ad vinna edr sér í nokkurn máta af þessari minni, innan tédra takmarka, lögfestu landareign, ad nota, nema þeim einúngis er eg hana leigt hafi, eda leigia kann framvegis, edr þeim sem mitt hiálagt leyfi þar til fá kynni<sup>996</sup>

<sup>991</sup> Skjal nr. 2(87).

<sup>992</sup> Skjal nr. 2(677).

<sup>993</sup> Skjal nr. 2(678).

<sup>994</sup> Skjöl nr. 2(250), 2(681) og 2(798).

<sup>995</sup> Skjal nr. 2(251).

<sup>996</sup> Skjöl nr. 2(258) og 2(686).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hvoll metin átta hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.<sup>997</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hvol:

Hvoll

Túnid fóðrar hálfra adra kú og jörðin framfleytir 40 á 40 sautum 40 lömbum og 2 hestum. Eingi greidt en tún ekki. Úthey afgjafa sæmilegt, lítid hentugt kríngum tún til ræktunar. Meðalærnyt á sumri 30 pottar meðalkýrnyt í mál á sumri 5 til 6 merkur Saudir skérast með 12 pundum til jafnadar. Kvíær með 5 mörkum beitoland allgott þá skjaldan til þess nær, kvistur enginn en lýng nokkurt, torfskéra sæmileg; grjót má fá nærri; vatni má veita; mótak er til í meðallagi, ná má til sjafarafla þegar hann gefst og svari fjórdúngi manneldis jörðin á einga afrétt og heldur lítið heimaland, reidíngur fæst ekki hella ekki, heyskadar verða opt á sumrum fyrir vedrum aurlaup eru þar víða stórgripagaungu þarf að kaupa að nokkru leyti á sumrum; tún skemmist á vetrum af skara. Til að vinna fyrir gripunum sem jörðin ber þykir þurfa 2 karlmenn 2 kvenmenn og 1 smala. – Þessi jörð var metin á 300 (þrjúhundruð) rbd.<sup>998</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 28. júlí 1864 var lesin lögfesta St. Benediktssonar, Stefáns Pálssonar, Unu Guðlaugar Sigfúsdóttur og Jóns Stefánssonar fyrir jörðunum Jökulsá og Hvoli.<sup>999</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hvals er dagsett 17. júlí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 14. ágúst 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki milli Hvolls og Jökulsár eru þessi: Úr láginni framan undir melshorninu, sem er fyrir framan Jökulsána á börðunum beint upp í miðja lágina utan undir Ærhólnum og þar upp í Jökulsána, svo ræður Jökulsáin upp í miðja þverhryggi og upp í Jökulbotn, sem er í sveifinni framan og neðan við há ytra Dyrfjallið.

Dölum, 17. júlí 1884.

Sveinn Guðmundsson

Samþykkja eigendur Jökulsár.

Egill Árnason, Gísli Jónsson, Stefán Benidiktsson.

Landamerki milli Hvolls og Gilsárvalla: Frá Fjarðará upp Merkilæk, upp á Mæliskarð, upp Mælihrygg og upp í Dyrfjallsröðina framan við Dyrfjallsdyrnar.

Sveinn Guðmundsson – handsalað.

Samþykkt: Jón Stefánsson á Gilsárveli.

Eyolfur Þorkelsson í Gilsárvallahjáleigu.<sup>1000</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hvoll var metin á 2.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðina skorti upprekstrarland. Eigendur jarðarinnar voru Þórarinn Jónsson og Þorsteinn M. Jónsson.<sup>1001</sup>

<sup>997</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 360.

<sup>998</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>999</sup> Skjal nr. 2(799).

<sup>1000</sup> Skjal nr. 2(23).

<sup>1001</sup> Skjal nr. 2(156).

### 5.19.6 Þrándarstaðir í Borgarfirði

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Desjarmýrar metinn 20 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Desjarmýrarkirkja. Fram kemur að eyðihjáleigurnar Setberg og Þrándarstaðir hafi tilheyrt Desjarmýri.<sup>1002</sup>

Í byggingarbréfi Einars Einarssonar fyrir jörðinni Þrándarstöðum, dagsettu 7. júní 1843 og útgefnu af sr. Snorra Sæmundssyni, segir eftirfarandi um landamerki:

Hann rækti og vidhaldi og auki jardarinnar tún og úteingi eptir kröptum, enn verndi landid; (sem ad er til fjalls med Hrafná uppá heidar varp og svo, allt sem vötnum hallar ad Borgarfyrði eptir Þrándarhrygg í þan klett er stendst á vid Folaldsgrjót; og ad nedan jafnsídis med liptíng í Hrafná)<sup>1003</sup>

Í yfirliti sr. Snorra Sæmundssonar, dagsettu 9. desember 1843, yfir eignir Desjarmýrarkirkju er fjallað um Þrándarstaði. Þar segir eftirfarandi:

Þrándarstaðir í óskiptu landi, helgast þó eptir nýustu byggíngu halfur Hrafnadalur ad Hrafná og uppá a Þrándarhrygg, enn ad nedan jafnsídis vid svokalladann Liptíng, er eptirsvar sem af 4 hndr. og ½ ásaudar kúgýldi nýtilsett. – Sá Beneficiarius sem meigandi væri, þarfnast þessa lands, og ætti það bíli ecki ad eiga leigu hús, sem þarimóti Setbergi ættu ad tilheýra vegna Fjarlægðar. –<sup>1004</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Þrándarstaðir ekki metin sérstaklega en er skráð sem hjáleiga Desjarmýrar.<sup>1005</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Desjarmýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi er dagsett 17. maí 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 29. júní 1891. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki jarðarinnar Desjarmýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi eru þessi:

Að sunnanverðu til móts við Húsavík úr fjalli því, er „Náttmálafjall“ heitir beint á Húsavíkurheiðarvarp og eptir því eins og vötnum deilir, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn. Úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda „Hvítuhnjúka“, og þaðan út öll vörp út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru- og Litlu-Breiðuvíkur og Borgarfjarðar. Þaðan skilur svonefndur „Þrándarhryggur“ land Desjarmýrar frá Brúnavík. Landamerki milli Desjarmýrar og Hofstrandar eru úr mið strípnunum á svonefndum Grenishæðum, sjónhending ofan í miðja Folaldsgjót, og þaðan beint í Fjarðará.

Að norðanverðu ræður Fjarðará, allt þangað til Þverá fellur í hana, en úr því ræður Þverá, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá alla leið inn og suður í fjöll.

Kirkjan að Desjarmýri á samkvæmt máldögum Vilchins, Gísla, visitatiu Brynjólfs biskups Sveinssonar 1645 þessi ítök: Þriðjung í viðreka undir Uxafelli, allan viðreka í Hellisvík frá drang þeim, er stendur gegnt Rúnaskála, og inn til þess drangs, sem næstur út Laxá. Hvalreka hálfann í Hellisvík, og svo hvar sem kemur inn til drangs; viðreka allan og allan hvalreka í Mariubás. Saltfjöru í Geitavík milli lækja. Fiskivist að Ölduhamri, Sauðabeit út á sand. XXX Sauðabeit í Hafnarlandi og hellisskjól. Hálfan viðreka og hvalreka út á sandi. Hún á tveggja manna ágöngu á hval í Kjólsvík. Hún á 4. hverja vætt í hvalreka í Mariufjöru frá Laxá. Hún á allan viðreka og hálfan hvalreka út frá

<sup>1002</sup> Skjal nr. 2(82).

<sup>1003</sup> Skjal nr. 2(352).

<sup>1004</sup> Skjal nr. 2(437).

<sup>1005</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

drang og inn til Kambs. Kirkjan á ennfremur 30 sauðabeit í Háukinn í Snotrunesslandi og tveggja hrossagöngu í Bakkaþýfi og taka ei undan folöld. Hún á einnig 14 feta torfgröf í Jökulsárlandi árlega og 8. hverja vætt í hval í Uxafellsfjöru.

Desjarmýri, 17. maí 1890.

Sem umráðamaður Desjarmýrarkirkju

Einar Vigfússon.

Framanskriðuð landamerki Desjarmýrar til móts við Húsavík og Stóru-Breiðuvík samþykki jeg

Dvergasteini 22. apríl 1890

Björn Þorláksson

Framanskriðuð landamerki milli Desjarmýrar og Litluvíkur samþykki jeg hjer með.

Vestdalseyri, 19. júní 1890

fyrir hönd Jóns Arnesens Sigurður Jónsson.

Framanskriðuð landamerki samþykki jeg sem eigandi Dallands.

Dallandi, 22. júní 1890.

Ólafur Kjartansson.

Framanskriðuð landamerki samþykki jeg hjer með

Dallandsparti, júní 23/6 90

Jón Björnsson

Þessi landamerki samþykkjast hjer með.

Hofströnd, 11. júlí 1890.

Guðlaug Sigfúsdóttir

Framangreind landamerki samþykki jeg sem eigandi Brúnavíkur.

Brúnavík, 25. júlí 1890.

Steinn Sigurðsson.

Þessi landamerkjaskrá samþykki jeg sem eigandi og umráðamaður Snotruness.

Snotrunesi, 11. júlí 1890

Ármann Egilsson.

Framanritaða ítakaskrá samþykki jeg

Geitavík, 26. júlí 1890.

Jóhannes Jónsson.

Framanskriðuð ítök samþykkjum við sem sameigendur Bakka.

Runólfur Þorsteinsson, Egill Árnason.

Þessa landamerkjaskrá samþykki jeg sem umráðamaður og eigandi Gilsárvalla.

p.t. Desjarmýri, 27. júlí 1890

Jón Stefánsson.

Fyrir hönd sóknarprestsins í Vallanesi, séra Bergs Jónssonar

Þorsteinn Magnússon eptir fullmakt.

Hjer með gef jeg herra hreppstjóra Þorsteini Magnússyni í Höfn fullmakt til fyrir mína hönd að undirskrifa ítakaskrá Desjarmýrar kirkju í Borgarfirði; hvað snertir hvalreka í Maríufjöru í Hafnarlandi á þann hátt sem til er tekið í Wilchinsmáldaga, þar sem svo er tiltekið að Desjarmýrarkirkja eigi fjórðu hverja vætt hvalreka í Maríufjöru, en aptur er sagt í visitatíu Brynjólfs biskups Sveinssonar að Desjarmýrarkirkja eigi 9<sup>du</sup> hverja vætt í hvalreka í Maríufjöru, og ber þetta ekki saman við Wilchinsmáldaga, en með þessu er þó gefin viðurkenning um, að kirkjan eigi hvalreka í Maríufjöru.

Vallanesi, 25. júnímán. 1890

B. Jónsson.<sup>1006</sup>

Í virðingargjörð á kirkjujarðarhjáleigunni Þrándarstöðum í Borgarfjarðarhreppi, dagsettri 15. júlí 1915, segir að jörðin sé fjögur hundruð að fornu mati og liggja sunnan megin Borgarfjarðar, um mílufjórðung frá sjó. Landamerkjum er lýst þannig:

Ummerki jarðarinnar fynnst hjer hvergi skrásett, enn eptir sögum gamalla og nýrra skilríkja ábúenda eru þau þannig:

Að landamerki Hofstrandar ráða að austan, landamerki Brúnavíkur, eða Þrándarhryggur til Gagnheiðar, að sunnan, þá ræður fjallgarðurinn inn á móts við upptök Hrafnár. Svo ræður Hrafná að vestan, og Fjarðará að norðan.<sup>1007</sup>

Að lokum var jörðin metin með því sem henni fylgdi á 800 kr.<sup>1008</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Þrándarstaðir var metin á 1.000 kr. Fram kemur að jörðin átti upprekstur í Desjarmýrarlandi. Eigandi hennar var Desjarmýrarkirkja. Um landamerki segir eftirfarandi:

III. Landamerki eru sögð: Milli Desjarmýrar og Þrándarstaða ræður „Hrafná“ að vestan. En um hin landamerki vísast til Desjarmýrar.<sup>1009</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Desjarmýrar, með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi, er dagsett 10. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 16. júlí 1923. Þar segir m.a.:

Landamerki

jarðarinnar Desjarmýri með hjáleigunum Þrándarstöðum – og – Setbergi

Að sunnanverðu á Desjarmýri land til móts við Húsavík af Skúmhattardalsvarpi yfir Skúmhöttinn og eftir hæstu fjallaröðum út í fjall það, er Náttmálafjall heitir og úr Náttmálafjalli eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnúk.

Landamerki milli Desjarmýrar og Litluvíkur eru bein lína ofan úr Hvítserkshnúk í mitt fremra eða stærra Gæsavatn.

Landamerki milli Desjarmýrar og Breiðuvíkur eru bein lína úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhnúka í Gattfjall og þaðan út hæstu fjallaraðir út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru og Litlu Breiðuvíkur og Borgarfjarðar.

Landamerki milli Desjarmýrar og Brúnavíkur eru bein lína af Gagnheiði í efri enda á svonefndum Þrándarhrygg og eftir honum meðan hann nær og síðan beint úr honum í Miðstrýp á svonefndum Grenishæðum.

<sup>1006</sup> Skjal nr. 2(30).

<sup>1007</sup> Skjal nr. 2(533).

<sup>1008</sup> Skjal nr. 2(533).

<sup>1009</sup> Skjal nr. 2(164).

Landamerki milli Desjarmýrar og Hofstrandar eru úr Miðstrýp á Grenishæðum beint ofan í miðja Folaldsgjót að ofan og úr henni miðri að neðan beina línu í Fjarðará móts við landamerki Jökulsár og Bakkagerðis.

Að norðanverðu ræður Fjarðaráin – milli Desjarmýrar að sunnan og Jökulsár, Hvals og Gilsárvalla að norðan, frá merkivörðu, sem er á norðurbakka Fjarðarár utan Grjótár – alt þangað til Þverá fellur í hana; en úr því ræður Þverá milli Desjarmýrar að austan og sunnan og Gilsárvalla, Grundar og Hvannstóðs að norðan og vestan, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá milli Desjarmýrar að sunnan og Gilsárvalla að norðan – alla leið inn og suður í Skúmhattardalsbotn og beina línu þaðan upp á Skúmhattardalsvarp.<sup>1010</sup>

### 5.19.7 Hofströnd í Borgarfirði

Í máldaga Desjarmýrarkirkju frá 1354 segir meðal annars:

kirkian æ land allt æ desiarmyre til motz vid husuijkinga. so sem med fornu hefer stadid. og allan hrafnsdal oc ut til motz vid hofstrandar land.<sup>1011</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 16. maí 1754 var upplesið kaupbréf sr. Halldórs Gíslasonar fyrir fjórum hundruðum í jörðinni Hofströnd í Borgarfirði af Árna Vigfús-syni í umboði Gyriðar Hjörleifsdóttur, skrifað Geriðar. Kaupbréfið var dagsett 28. júní 1753. Við sama þing var upplesið kaupbréf sr. Gísla Gíslasonar, vegna hans sonar Árna, dagsett 25. september 1752, fyrir fjórum hundruðum og hálfri jörðinni Hofströnd í Borgarfirði af Þorkeli Þorsteinssyni.<sup>1012</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hofstrandar metinn átta hundruð. Eigendur jarðarinnar voru Gísli Halldórsson og Jón Árnason.<sup>1013</sup>

Hinn 6. maí 1841 seldi og afhenti Sveinn Snjólfsson á Snotrunesi Vilborgu Guðmundsdóttur að Hofströnd fjögur hundruð í jörðinni Hofströnd fyrir hálfa jörðina Kjólsvík, þrjú hundruð að fornu mati. Makaskiptabréfið var þinglesið þann 24. júní 1842. Sýslumaður gat þess að hlutaðeigendur hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir jörðunum Hofi, Strönd og Kjólsvík.<sup>1014</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hofströnd metin átta hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.<sup>1015</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hofströnd:

Hofströnd

Túnid fóðrar 2½ kyr, utheyid med fjörubeit og landbeit 30 ær 40 saudi 20 lömb og 2 hesta; tún og eingi greidt en sendid og hardslægt; úthey rétt gott afgiafa, hentugt kríngum tún til ræktunar, medalærnyt á sumri 25 pottar, kyrnyt á mál á sumri 4 merkur; medal saudur skérst med 13-14 pundum kvíær med 5 pundum, fiöru og landbeit sæmi-leg; lyng nóg en kvistur eingin; griót nóg og nærri; hellu má fá, vatni má veita sumstadar á tún; mótak allgott og nóg; reki, sem adsönnu er mestallur ítök frá öðrum

<sup>1010</sup> Skjal nr. 2(31).

<sup>1011</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 96–98, skjal nr. 4(23).

<sup>1012</sup> Skjal nr. 2(785).

<sup>1013</sup> Skjal nr. 2(81).

<sup>1014</sup> Skjal nr. 2(254).

<sup>1015</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

jörðum vidheldur húsum alltað loptum og þiljum; síófarafli svari alltað 1½ mannelði; stundum veidast veturgamlir selir til jafnadar 2 á ári, <sup>lending slæm:</sup> torfskéra ónýtt, reidíngur eingin, aurhlaup víða og land mjög blásíð upp í mela; sandfok mikid á tún og eingi; jörðin er mjög svo eingialítill. Hæfilegur lidsafli á jörðinni þykir vera 3 karlmenn 2 kvenmenn og 1 smali; afrétt þarf að kaupa. – Þessi jörð var vyrðt á 350 (. þriú hundrud og fimtíu) rbd. af 4<sup>um</sup> af vyrðíngarmönnunum þar hreppst H Benedictsson er eigandi að nokkrum hluta þessarar jarðar og varð að vikja þá.<sup>1016</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hofstrandar er ódagsett en hún var þínglesin við manntalsþíng að Desjarmýri 4. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki jarðarinnar Hofstrandar í Borgarfirði eru þessi: Að utan ræður Laxá frá sjó upp til fjalls í vorðu á Brúnavíkurskarði; svo inn eptir fjallaröðum inn á Grenishæðir. Að innan eru landamerki svokölluð Folaldsgjót niður í Fjarðará og beina stefnu upp í Miðstríp á Grenishæðum; að neðan Fjarðará út að sjó.

Gísli Benidiktsson eig. Hofstrandar

Snjólfur Sveinsson bóndi á Þrándarstöðum

Þorsteinn Magnússon bóndi í Höfn.<sup>1017</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hofströnd var metin á 3.200 kr. Tilgreint er að landamerkjum hafi verið þínglýst. Fram kemur að jörðinni átti ekkert upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Sigfús Gíslason.<sup>1018</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Hofstrandar er dagsett 25. ágúst 1922 en hún var þínglesin við manntalsþíng á Borgarfirði 16. júlí 1923. Efni hennar er svohljóðandi:

Milli Desjarmýrar og Hofstrandar: Úr Miðstrýp á Grenishæðum beint ofan í Folaldsgjót að ofan, þá ræður hún, og úr henni miðri að neðan beint niður í Fjarðará móts við landamerki Jökulsár og Bakkagerðis.

Milli Hofstrandar og Brúnavíkur eru landamerki: Frá áðurnefndum Miðstrýp á Grenishæðum út fjallaraðir í vörðu framan við veginn á Brúnavíkurskarði.

Milli Hafnar og Hofstrandar eru landamerki: Laxá frá sjó að upptökum hennar og í áðurnefnda vörðu á Brúnavíkurskarði.

Að norðan: Frá Grænutópt Fjarðaráin í sjó fram.

Að Hofströnd eiga reka ítök hvals og viðar, þessar jarðir: Gilsárvellur og Grund – hér í hreppi – frá svokallaðri Hvíthellu í Hofstrandarkrók og þaðan vestur eftir sandinum þar til er sér á Hafnarhólma fram undan Lághamri. Desjarmýrarkirkja á þaðan frá og það norður mótsvið Lómstjarnarkíl, þar sem hann bugar beint að innan og út að sandinum. (Á áðurnefndu svæði á Desjarmýrarkirkja hálfan viðar og hvalreka). Þá á nefnd kirkja allan viðar og hvalreka í Maríubás fyrir inn Laxá.

Þá á Jökulsá rekaítak frá áðurnefndum kíll norður í Fjarðaráró.

Hofströnd 25. ágúst 1922

Sigfús Gíslason (eigandi Hofstrandar)

Jón Stefánsson (handsalað) eigandi að Gilsárvelli

<sup>1016</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>1017</sup> Skjal nr. 2(34).

<sup>1018</sup> Skjal nr. 2(165).



Framanrituð landamerki milli Desjarmýrar og Hofstrandar er eg undirritaður samþykkur.

Vigfús I. Sigurðsson sóknarprestur.

Framanskráðum landamerkjum milli Hofstrandar og Hafnar og sömuleiðis hvað rekaítak Gilsárvala snertir, er eg samþykkur.

Magnús Þorsteinsson (eigandi að Höfn og Gilsárveli)

S. Filippusson eigandi að Brúnavík

Framanrituð landamerki milli Bakkagerðis og Hofstrandar er fyrir hönd h/f Hinar samein. ísl. verzl. Borgarfirði samþykkur

Jón Stefánsson<sup>1019</sup>

### 5.19.8 Höfn í Borgarfirði

Í máldaga Vilchins fyrir kirkju Jóhannesar skírara í Vallanesi frá um 1397 segir meðal annars:

Kirkia hins heilaga Jóhannis baptistæ j Wallanesi a heimaland allt oc Hvams land. Sandhaga land allt oc Wjkingstanda land.

[...]

Item lagdi til sira Jngi Hafnar land i Borgarfirdi firir spioll.

[...]

Item skipadi sira Oddur kirkiunni j Wallanesi til eignar jord j Hofn i Borgarfirde. er adur laukst j stadarspioll. og adra jord ad Ose j Vtmanasveit. og skipadi ad þar skyldi kirkiutiund oc prestztiund af hvorri sem i sokninni liggur.<sup>1020</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hafnar metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Vallaneskirkja.<sup>1021</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Höfn metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Vallaneskirkju.<sup>1022</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Höfn:

Höfn

Túnid fóðrar 3 kyr utheyid med fiörubeit og landbeit 50 ær 50 saudi 20 lömb og 3 hesta, túnid er víðast þyft, eingiar heldur ógreidar og fiærri, úthey fremur lett, lítið kríngum tún til útgræðslu; ærnyt 28 pottar, kyrnyt í mál 4-5 merkur á sumri; saudir með 14 pundum til jafnadar kvíær með 4 pundum; lyng nokkurt í landinu, kvistur eingin, griót nog en vondt; hellu má fá; motak lítið og næstum ónytt; fiöru og landbeit sæmilega góð, reki töluverdur og heldur uppi húsum; Auk þessara ítaka á honum sem Desiamyrar kyrkiu eru eignud, á Eyda kyrkia ½ Kolbeinsfiöru; sjáfargagn svari 2 manndum; kopa má fá herumbil 2 á ári; lending all góð, torfskéra næstum ónytt; afrétt<sup>þarf</sup> ad kaupa; heyskortur stundum af vetrum; aurhlaup töluverd; siórok á tún skemmir stundum á vorin þegar þess er; nægilegt lid vyrdist vera 4 karlmenn 3 kvennmenn og 1 smali; þessi jörd var vyrdt á 600 (sex hundrud) rbd.<sup>1023</sup>

<sup>1019</sup> Skjal nr. 2(35).

<sup>1020</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 204–207, skjal nr. 4(53).

<sup>1021</sup> Skjal nr. 2(80).

<sup>1022</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>1023</sup> Skjal nr. 2(132).

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hafnar er dagsett 16. apríl 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 29. júní 1883. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki milli Hafnar og Hofstrandar hef jeg vitað höfð í Laxá, eptir því sem hún fellur úr Brúnavíkurskarði til sjóar; og milli Brúnavíkur og Hafnar, úr miðju Brúnavíkurskarði út miðjar fjallaraðir út á Stekkhvammsfell, þaðan austur Almenningsröð og í mitt Almenningsflesjarsund.

Önnur lönd en þessi liggja ekki að Hafnarlandi.

Höfn 16. apríl 1883

Þorsteinn Magnússon

Ofanskrifuðum landamerkjum milli Hafnar og Brúnavíkur er jeg að öllu leyti samþykkur.

Steinn Sigurðsson (ábúandi Brúnavíkur).

Ofanskrifuðum landamerkjum milli Hafnar og Hofstrandar er jeg samþykkur.

Gísli Benidiktsson (ábúandi Hofstrandar)<sup>1024</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 30. júlí 1887 var friðlýst æðarvarpi, lunda og skarfavarpi fyrir Hafnarlandi.<sup>1025</sup>

Hinn 29. ágúst 1908 var tekið fyrir að gera lýsingu og mat á jörðinni Höfn. Jörðin var metin á 3.000 kr.<sup>1026</sup>

Samkvæmt uppkasti að afsalsbréfi ráðherra Íslands, dagsettu 30. september 1909, var jörðin Höfn seld til Magnúsar Þorsteinssonar fyrir 3.400 kr.<sup>1027</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Höfn var metin á 4.800 kr. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Magnús Þorsteinsson. Um landamerki segir eftirfarandi:

III. Landamerki eru þessi: Milli Hafnar og Hofstrandar, Laxá frá upptökum til sjávar. Milli Hafnar og Brúnavíkur úr Brúnavíkur-skarði út fjallaraðir á Stekkhvamsfjalli, þaðan austur Almenningsröð og í mitt Almenningsflesjarsund.<sup>1028</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Hafnar er dagsett 28. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Milli Hafnar og Hofstrandar: Laxá frá fjöru og í fjall upp og frá upptökum hennar að vörðu, sem er framan við veginn í Brúnavíkurskarði. Er milli Hafnar og Brúnavíkur: Úr miðju Brúnavíkurskarði út miðjar fjallaraðir út á Stekkhvammsfell. Þaðan austur Almenningsröð og í mitt Almenningsflesjarsund.

Aðrar jarðir en áður nefndar liggja ekki að Hafnarlandi.

Desjarmýrarkirkja mun eiga reka-ítak í „Hellisfjöru“.

Varphólmi fyrir Hafnarlandi er eign Njarðvíkurkirkju.

Höfn 28. des. 1921

<sup>1024</sup> Skjal nr. 2(32).

<sup>1025</sup> Skjal nr. 2(684).

<sup>1026</sup> Skjal nr. 2(866).

<sup>1027</sup> Skjal nr. 2(867).

<sup>1028</sup> Skjal nr. 2(166).

Magnús Þorsteinsson – eigandi jarðarinnar

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við að öllu leyti samþykkir.

J.S. Filippusson eigandi Brúnavíkur.

Sigfús Gíslason eigandi Hofstrandar.

Undirskrift vantar frá forsvarsmanni Desjarmýrar

Bjargi 31. janúar 1922

Hannes Sigurðsson<sup>1029</sup>

## 5.20 Nærliggjandi jarðir í Víkum

### 5.20.1 Glettingsnes í Víkum

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 5. ágúst 1641 segir að árið 1500 hafi tvö hundruð í Glettingsnesi verið seld til Þorvarðar prior á Skriðu.<sup>1030</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 14. júní 1837 var boðið upp eyðibýlið Glettingsnes með fylgjandi trjáreka til fimm ára. Hæstbjóðandi var Hallgrímur Ólafsson bóndi á Hólshúsum. Næstbjóðandi var Abraham Ólafsson hreppstjóri á Bakka.<sup>1031</sup>

Í sáttabók Borgarfjarðarumdæmis er skráð þann 24. október 1839 að sáttafundur hafi farið fram eftir klögun Hallgríms Ólafssonar um að Benóný Guðlaugsson á Hvalvík hafi haft skipsuppsáttur og gripagöngu á Glettingsnesi án leyfis, en Hallgrímur hafi leigt Glettingsnes. Sátt náðist milli aðila að Benóný hefði bát sinn á nesinu óátalinn og skepnur eftir þörfum fyrir borgun. Á móti skyldi Hallgrímur greiða Benóný fyrir þær spítur sem hann kynni að bjarga á Glettingsnesi.<sup>1032</sup>

Hinn 6. júlí 1844 lögfesti Sigurður Guðmundsson, umboðsmaður Skriðuklausturs, jörðina Glettingsnes. Lögfestan var þinglesin 10. júlí sama ár og er texti hennar eftirfarandi:

Sigurður Guðmundsson umbodsmadr Skriðuklaustrs lögfesti hérmed Skriðuklaustr Jordina Glettinganes liggjandi innan Desjarmýrar kyrkiusóknar og þinglagi með öllu landi og Landsnyttjum sem tédu byli með réttu tilheyrá frá Glettingsgiá og í veg nidrundan Glettingsbrún, allt umkríng að Gili því sem adskilur Glettinganes frá Kiólsvíkurlandi og Steinin stóra sem stendur á Laungumöl; Lögfesti eg Holt og Haga, Tödr og Eingiar, Reka allan fyrir greindu landi, þáng og þara og hvöriar adrar Landsnyttiar sem vera kunna. Fyrirbíd eg öllum þar ad nota og sér ad reyna nema þeim sem leyfi hafa til, af klaustrsins réttu umbodsmönnum; Legg eg og Lögsókn vid, ef móti er giört, og bíd eg öllum er í grend búa ad á frá lögfestu þessa ef þeir þykíast þurfa, enn henni til Stadfestu er undirskrifad nafn mitt og híaprykkt Signet ad Eyólfssstöðum á Völlum þann 6t Julii 1844<sup>1033</sup>

<sup>1029</sup> Skjal nr. 2(33).

<sup>1030</sup> Skjal nr. 2(421).

<sup>1031</sup> Skjal nr. 2(760).

<sup>1032</sup> Skjal nr. 2(330).

<sup>1033</sup> Skjal nr. 2(259).

Við manntalsþing að Desjarmýri 20. júlí 1846 var eyðibýlið Glettingsnesi uppboðið til ábúðar og festu frá fardögum 1847 og var Abraham Ólafsson hæstbjóðandi.<sup>1034</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Glettingsnes ekki metin að dýrleika en er skráð sem eign Skriðuklaustursumboðs. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1696 hafi Glettingsnes talist fjögur hundruð að dýrleika.<sup>1035</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Glettingsnes:

Glettinganes

túnid géfur 8 hesta af tödu; og á þeim, úthevi fiöru og landbeit má framfæra 20 ær 16 saudi 8 lömb; eingi ógreitt snöggt og grytt; hey gott afgangar; rækta má dálítid innanum griótid; ærnyt á sumri 25 pottar; saudir skérast með 23 pundum til jafnadar kvíær með 3 pundum; torfskéra lítil en brúkandi; griót nóg hella eingi; mótak lítilfjörlegt og erfitt, fiöru og landbeit seig; lyng ekkert, kvistur ekki; vatni ekki hægt að veita; afrett eingin; land mjög svó lítid; skridr, aurhlaup og griótkast nóg, reki heldur uppi húsum; sjáfargagn svari 1 manneli – lending rétt góð; tilhlydilegur mannaflí 2 karlmenn og 1 kvenmaður. Jörðin svo vyrðt á 130 (eitt hundrad og þriátíu) rbd.<sup>1036</sup>

Í ódagsettu bréfi, líklega frá um 1855 og ritað af Benóný Guðlaugssyni, er óskað eftir því að börn bréfrítara fái að vera á Glettingsnesi með sömu kjörum og hann, hvort sem hann lifi eða deyi. Þá segir um þrætuland að það þurfi að leggjast til Glettingsness því annars sé ólifandi þar og að munur hafi verið þegar Björn Björnsson hafi verið í Brúnavík því þá hafi bréfrítari mátt hafa þau afnot af Hvalvík sem hann gat haft. Varðandi áreið kvaðst bréfrítari ekki hafa efni á henni en bætti við að hann teldi að umboðsmaður klausturjarða ætti að sjá til þess að ekkert gengi undan jörðunum sem þær kynnu að eiga.<sup>1037</sup>

Hinn 6. apríl 1855 vitnaði Magnús Jónsson á Glettingsnesi um landamerki Hvalvíkur og Glettingsness. Í vitnisburði hans er lýst mælingu sem framkvæmd var með vaturpassa en vitnisburðurinn hljóðar svo:

Ég fór á sjó norður á skjer það fram-undann sem liggur framundann svo nefndu gusugili, eður glettjngs gjá, og tókumm við mælingu eptir watur <sup>passa</sup>, frá sjómáli beina stefnu uppí mel þann, er liggur í brúninni fyrir ofann tjéða gjá að norðann verðu, og svo þaðann beina stefnu norðann við tind þann, er stendur á há fjalsbruninni, hvalvíkur meiginn.<sup>1038</sup>

Sama vitnaði E. Einarsson á Þrándarstöðum með vitnisburði dagsettum 6. apríl 1855.<sup>1039</sup>

Í skjalasafni Skriðuklausturs er ódagsettur uppdráttur af svæðinu milli Brúnavíkur og Glettingsness, líklega frá 1855, en þar má meðal annars sjá þrætuland milli jarðanna. Uppdrátturinn var gerður af Benóný Guðlaugssyni en á honum koma fyrir örnefnin Kjólsvíkurá, Kjólsvíkursandur, Fálkatindur, Glettingskollur syðri, Glettingskollur

<sup>1034</sup> Skjal nr. 2(761).

<sup>1035</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>1036</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>1037</sup> Skjal nr. 2(620).

<sup>1038</sup> Skjal nr. 2(623).

<sup>1039</sup> Skjal nr. 2(624).

nyrðri, Nónfjall, Súlutindur, Geldingaskörð, Eiturtindur og Bæjartindur. Þrætulandið er afmarkað með línunum og markað við ákveðin örnefni, einkum Glettingskoll syðri, Glettingskoll nyrðri og Gusugil eða Gusugilstanga.<sup>1040</sup> Annar uppdráttur gerður af Benóný er varðveittur í sama skjalasafni, dagsettur 5. júlí 1855. Á hann hafa Einar Einarsson, Egill Árnason og Björn Björnsson ritað nöfn sín til að staðfesta að uppdrátturinn sé réttur. Efst á honum er færður inn texti til skýringa, s.s. á afmörkun og mælingaraðferðum. Neðst eru svipaðar skýringar um ýmis örnefni en einkum um mælingu á svæðinu. Þá er á miðjum uppdrættinum gerð grein fyrir staðsetningu ýmissa örnefna og þeim gerð nánari skil. Texti sem skráður er milli örnefnanna „Hvalbás“ og „Löngumalar“ segir að þar séu landamerki Kjólsvíkur og Glettingsness. Um þrætulandið segir eftirfarandi:

[Texti ofan við afmörkun þrætulands] Þrætuland þetta er hier stendur i efre hlu'a glettings fialls þessa, uppifir nesi þessu; er a hæd ofann af kolls brun og á uppgaungu 400 hundrud fadmar, en á breidd, eitt hundrad og 70 fadmar. glettings gjá; eða nu kölluð gusu gils gja, er a hæd eða leing<sup>d</sup> ofan fra upptökum gils eða gjáar, 3 hundrud fad<sup>m</sup>ar, enn breidd hennar firir stafninn, 100<sup>o</sup>g 3 fadmar. ofan i stafn hennar a dipt eru 100 fadmar og litid gr[e]jinir þa ofan eptir færirst

[Texti innan afmörkunar þrætulandsins] A. hier er glettings kollurinn sem þetta þrætustikki liggur austann i, hier í hvollfinu eða efre hluta glettings Fiallsins; þessum landsblett sinist ad vil<sup>ia</sup> kalla til nessins þa stadder hia kofanum) glétting<sup>s</sup>b<sup>r</sup>úninn hvalvíkur meiginn er so mikid hærrí enn hammra rødinn eða bruninn uppifir glettings nesi [hin ...] lægre mikid, sem sia ma, þar sem tølustafirnir 1234 standa firir ofann linu<sup>r</sup>nar) líka er það ad sia þa menn horfa til af sio og so lika af landi) ad þræt<sup>o</sup>landi þessu þa vel er ad giætt hallar ad glettings gja þerri er liggur aust an undir hvalvik er nær Fra tøluni 4<sup>o</sup> og 5 allt ofann i sio nidur ad tølustafnum 4ir nefnilega Fra

[...]

Þessi strik sina hvørt þess landi hallar sem eru vatns rasir eptir hrida<sup>r</sup> a sumrumm

hier er sliett lendid a flaa þessum

tølustafurinn 3 stendur uppifir uppgaunguklauf þeirri<sup>i</sup> er Skuli biörnso<sup>n</sup> vill hafa landamerki sin og ætlast til ad það skulu gia vera köllud stafurinn B er stendur i uppgaungu klauf þessari hun er a hæd 203 fadmar en a breidd 15 fadmar

Þetta land er uppdreigid 1855

1234 Framan a þessari rød eða hamrabrun stendur þessi kofi (1 golf a stærð) hann siest ecki fra glettinganesi

3 hier er grasklauf su er Skuli vill [eyga]<sup>1041</sup>

Á uppdráttinn er skráður inn texti varðandi afstöðu Hvalvíkur. Þar segir meðal annars:

[Texti efst, í kringum Súlutind] hier endar glettinganes

nonfjall

Þetta heitir sulutindur er stendur firir hvalvikur stafninum

[...]

<sup>1040</sup> Skjal nr. 2(621). Mynd af uppdrættinum er aftast í kafla 5.13.

<sup>1041</sup> Skjal nr. 2(622). Mynd af uppdrættinum er aftast í kafla 5.13.

[Ritað á hlið] hier er glettingsbrunn<sup>inn</sup> hvalvýkur meiginn

[Ritað á hlið] þettað hallast að hvalvík

hvalvík á, allt sitt land fialla tinda í milli austur j glettings gja, seigir Brini<sup>o</sup>lfur biskup, í tuttugustu brefa Bok sinni 16 h. 72 1673<sup>1042</sup>

E. Einarsson á Þrándarstöðum skrifaði vitnisburð 9. febrúar 1856 um þrætulandið utan í fjallinu yfir Glettingsnesi og lýsti því þannig:

Þar eð Benóný Guðlaugsson biður mig um álit mitt skriflegt um það, hvurjum mér vírdist til heira það þrætuland það, er liggur utan í fjallinu uppyfir Glettingsnesi, fyrir austan hvalvík, og Brúnavík á búandi Sk: B: S: vill að henni til heiri ásamt með reka fjöru sem liggur níður undan austari brún á téðu þrætu landi, þeim megin sem veit að glettingsnesi. Þá ~~let~~<sup>gef</sup> ég undir skrifaður álit mitt þanninn. að mér vírdist allur efri partur lands þessa horfa að nesinu hér um 2 þriðju partar rumir, enn einn part<sup>inn</sup> þess sem er sá neðsti og norðasti, síníst mér muni liggja að því stóra hamragíli eða gja er hefur sín upptök í miðjufjalli þessu, sem skírsla fjrir Hvalvík vísar að séu landamerki.<sup>1043</sup>

Að ósk Benónýs Guðlaugssonar á Glettingsnesi skoðuðu Bjarni Jónsson á Breiðuvík og Guðmundur Eiríksson á Kjósvík land sem liggur upp af Glettingsnesi og sem Skúli Björnsson á Brúnavík vildi að tilheyrði Hvalvík. Vitnisburður Bjarna og Guðmundar, dagsettur 5. mars 1856, um skoðun sína hljóðar svo:

bóndinn Benóný Guðlaugsson á Glettingsnesi, hefur beðið okkur undirskrifaða að fjrlíta Land það er Liggur upp af Glettingsnesi, utan í fjallinu, er bóndinn Skúli Björnsson á Brúnavík, Vill að heiri til Hvalvíkur Lands, okkur Sínist að Efri og meiri partur Lands þessa lúti að nesinu, jafn Vel þó Vatns Rásirnar Liggja að So nefndu gusugilili, Enn neðri og minni hluti Lands þessa Snúi til Síóar, og Liggur að nokkruleiti fjrir norðann Stefnu af niður landi nessins, So nefndur gusugils Sandur Liggur fjrir Sunnann firr nefnt gusugil þar sem það kémur að Sjónum<sup>1044</sup>

Hinn 9. mars 1856 vitnuðu Bjarni Jónsson og Guðmundur Eiríksson um mælingu sem framkvæmd var á landamerkjum Glettingsness og Hvalvíkur. Þeir sögðust hafa á vissum stað á klöppinni fyrir austan Gusugilssand borið upp þráð með lóðs þannig að hann vísaði beina stefnu úr Gusugilsþröng við sjóinn og á Hádegistind, sunnan Hvalvíkur. Að þeirra sögn var mælingin gerð að ósk Benónýs Guðlaugssonar á Glettingsnesi.<sup>1045</sup>

Hinn 29. mars 1856 vitnaði Björn Björnsson á Bóndastöðum um landa- og rekamörk Glettingsness og Hvalvíkur. Fram kemur að Hvalvík hafi verið afbýli tilheyrandi jörðinni Brúnavík en vitnisburður Björns hljóðar svo:

Þegar Eg firir 27 árumm fluttist í borgarfiörd þá hafði Hiorleifur Sál Arnason verandi a Snotrunesi nefndt glettingsnes til allra nota og Efftirgialds og hafði haft það umm í mörg ár átölulaust í allastadi úr gusugilsgjá Sem Er á milli Hvalvíkur og Glettingsness. og að Sunnann á moti Kiólsvíkur Eigendum í Klöppina Sunnann við laungumöl og úr báduumm þessumm örnefnumm að nedann og á tinda upp, næstur Hiorleifi Sál tók það til biggingar og Sömu nota Jón Sal Einarss. umm 5 ar hann var þá bóndi á litlúvík.

<sup>1042</sup> Skjal nr. 2(622).

<sup>1043</sup> Skjal nr. 2(625).

<sup>1044</sup> Skjal nr. 2(626).

<sup>1045</sup> Skjal nr. 2(627).

Efftir hann fekk þessa Sömu klaustursins Eign til bigingar Proprietarius Hallgrímur Ólafsson á Húsavík umm 5 ár og honum næstur fekk Benóní Guðlaugsson Nesid til allra leigulida afnota og hafði hann þá í fullu leifi Hallgríms algjörlega flutt þágangad bigd Sína og hefur Sídan búid þar umm næstl. 15 ár,

Jón nokkur Petursson Sem var í Brúnavík ifir í 50 ár first Sem vinnumadur og Sidann firir búi þar, og Seinast skiólstædingur og deidi þar áttædur arid 1843. Einar Sál Biarnarson Sem næstur á undan mér bió á Brúnavýk og var þar lidug 30 ár og jeg Sem þar dvaldi Sem búfastur í 11<sup>æ</sup> við höfdumm aldrey neina vidleitni til (þvj vid vissumm Ekki nokkura stædu) að vefeingia hid minsta lands Edur rekamörk millum Hvalvíkur og glettingsness þar Einginn tvjmæli léku á að þaug Ekki væru í allastaði Rett

jeg hefi Séð og lesið 2<sup>æ</sup> lögfestur firir Brúnavík aðra af 1840 og hina dáterada nálægt næstl. aldamótumm og þessar lögfestur öldungis Samhljóða og bigðar á Besictelsis-forrettingu giörðri nálægt miðri 18<sup>du</sup> öld og í alla stadi mun vera lögformleg uppá þá tidkanlegann hátt þvj þá var Brúnavýk Sett niður umm 4 hndr. Efftir úrskurði við komandi ifirvalda vegna Serlegra landbrota Sem á Jördunni skédu<sup>1046</sup>

Hinn 11. júlí 1856 skrifaði Pétur Havsteen amtmaður til umboðsmanns Skriðu-klausturs, Björns Skúlasonar, vegna landaþrætu milli Glettingsness og Brúnavíkur. Meðfylgjandi voru 10 skjöl frá Benóný Guðlaugssyni, þar á meðal tveir uppdrættir yfir land Glettingsness.<sup>1047</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Glettingsness er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 5. júlí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

Glettingsnes á land uppá á Glettingsbrún, og reka að norðan í Vog niður undan Glettingsbrún, en að sunnanverðu reka í Klöpp, sem stendur við Löngumalarenda að sunnanverðu.

Magnús Benóníson (ábúandi á Glettingsnesi)

Steinn Sigurðsson (eigandi Brúnavíkur)

Guðni Stefánsson, (ábúandi Kjólsvíkur)

Jón Sveinsson.<sup>1048</sup>

Hinn 12. apríl 1893 rituðu virðingarmennirnir Ármann Egilsson og Þorsteinn Ólafsson skýrslu um skoðun á jörðinni Glettingsnesi í kjölfar skriðuhlaupa sem þar áttu sér stað vorið 1892. Lýst er í skýrslunni legu jarðarinnar og skemmdum sem urðu á landsnytjum hennar.<sup>1049</sup> Páll Ólafsson, umboðsmaður Múlasýslujarða, ritaði amtmanni 23. september 1893 um niðurfellingu 2/3 hluta landskuldar Glettingsness vegna skemmda á jörðinni af völdum skriðuhlaupa.<sup>1050</sup> Amtmaður áframsendi erindi til landshöfðingja og lagði til að landskuldin yrði lækkuð, sem landshöfðingi samþykkti með bréfi dagsettu 29. nóvember 1893.<sup>1051</sup>

<sup>1046</sup> Skjal nr. 2(628).

<sup>1047</sup> Skjal nr. 2(629).

<sup>1048</sup> Skjal nr. 2(38).

<sup>1049</sup> Skjal nr. 2(506).

<sup>1050</sup> Skjal nr. 2(507).

<sup>1051</sup> Skjöl nr. 2(508)–2(509).

Í matsgerð dómkvaddra matsmanna á jörðinni Glettingsnesi, dagsettri 4. júní 1912, segir að jörðin sé 4,2 hundruð að dýrleika og að hún liggi suðaustan í fjallgarði þeim sem gengur út sunnan við Borgarfjörð, og aðskilji Kjólsvík og Brúnavík.<sup>1052</sup>

Með bréfi dagsettu 12. ágúst 1912 sendi Sveinn Ólafsson, umboðsmaður Múlasýslu-umboðs, skjöl til Stjórnarráðsins um jörðina Glettingsnes vegna beiðni um ábúanda um kaup á jörðinni. Umboðsmaður fór yfir kosti og galla jarðarinnar en mælti að lokum ekki með sölu hennar.<sup>1053</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Glettingsnes var metin á 800 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst en að þau séu ekki ágreiningslaus gagnvart Brúnavík. Ekki er getið um upp-  
rekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Múlasýslumboð.<sup>1054</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 18. mars 1930 var Gunnlaugi Jóhannessyni byggð þjóðjörðin Glettingsnes. Í bréfinu segir eftirfarandi um landamerki jarðarinnar:

Glettinganes á land upp á Glettingsbrún og reka að norðan í vog niður undan Glettingsbrún, en að sunnan verðu í Klöpp, sem stendur við Löngumalarenda að sunnanverðu.<sup>1055</sup>

Í afriti af bréfi Stjórnarráðs Íslands til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dagsettu 16. október 1964, er fjallað um upphæðir á sýsluvegagjaldi ákveðinna jarða. Þar eru meðal annars taldar upp jarðirnar Jórvík, Hrjótur, Glettinganes, Hjálmárströnd og Klyppstaður.<sup>1056</sup>

Í afriti af bréfi bæjarfógeta Seyðisfjarðarkaupstaðar og sýslumanns Norður-Múlasýslu, dagsettu 10. september 1965, er fjallað um reikninga um sýsluvegagjöld fyrir árið 1965, skv. 23. gr. vegalaga nr. 71/1963. Eftirtaldar fasteignir ríkisins í sýslunni eru taldar upp í bréfinu: Jórvík, Hrjótur, Glettinganes, Hjálmárströnd, Hjaltastaður I, Svínafell, Klyppstaður og Bæjarstæði.<sup>1057</sup>

### 5.20.2 *Kjólsvík í Vikum*

Hinn 29. júlí 1497 gaf Björn Guðnason og seldi Ragnhildi Bjarnadóttur konu sinni jarðir fyrir þær jarðir sem hún átti á Austfjörðum. Þeirra á meðal voru jarðirnar Nes, Seljamýri, Bárðarstaðir, Sellátrar og Helgustaðir. Þá segir einnig að með hafi fylgt í Hlíð 80 álna partur annars hundraðs í Kjólsvík.<sup>1058</sup>

Í skýrslu sr. Þorsteins Jónssonar á Eiðum yfir kúgildi og inntektir á jörðum biskups, þ.e. Brynjólfs Sveinssonar, í Borgarfirði og Seyðisfirði 1672–1673 segir eftirfarandi um jörðina Kjólsvík:

<sup>1052</sup> Skjal nr. 2(534).

<sup>1053</sup> Skjal nr. 2(535).

<sup>1054</sup> Skjal nr. 2(168).

<sup>1055</sup> Skjal nr. 2(653).

<sup>1056</sup> Skjal nr. 2(648).

<sup>1057</sup> Skjal nr. 2(649).

<sup>1058</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 368–370, skjal nr. 4(133).



Kiölsvík á allt sitt land ítölulaust á millum fjallatinda á bádar síður og vestur á Hávörp. Reka allan ítölulausan. Ad nordan í steininn stóra sem stendur í löngu möl við gilid hiá Glettinganesi. Ad sunnan móts við Breiðavík stóru.<sup>1059</sup>

Sama lýsing kemur fram í tuttugustu bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, fyrir árin 1672 og 1673, samkvæmt afriti sr. Jóns Austfjörð frá 1846.<sup>1060</sup>

Í jarðabók 1693–1697 kemur fram að sýslumaðurinn í Árnesþingi, Vigfús Hannesson, eigi jarðirnar Brúnavík, Hólaland, Hvalvík, Kjólsvík og Breiðavík.<sup>1061</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 9. júlí 1756 var boðin upp eignarjörðin Kjólsvík til ábúðar fyrir yfirstandandi ár en engin boð komu fram.<sup>1062</sup>

Í umfjöllun um Stóru-Breiðuvík í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 segir að eyðjarðirnar Kjólsvík og Hvalvík hafi verið nýttar sem beitiland.<sup>1063</sup>

Hinn 6. maí 1841 seldi og afhenti Sveinn Snjólffson á Snotrunesi Vilborgu Guðmundsdóttur að Hofströnd fjögur hundruð í jörðinni Hofströnd fyrir hálfa jörðina Kjólsvík, þrjú hundruð að fornu mati. Makaskiptabréfið var þinglesið þann 24. júní 1842. Sýslumaður gat þess að hlutaðeigendur hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir jörðunum Hofi, Strönd og Kjólsvík.<sup>1064</sup>

Hinn 8. júlí 1842 fór fram sáttafundur hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis um mál sr. Jóns Austfjörð vegna Klyppstaðarkirkju gegn Hallgrími og Kjartani Ólafssonum á Dallandi vegna hvalbrots sem rekið hafði á land við ófærur milli Stóru-Breiðuvíkur og Kjólsvíkur eða undir svokölluðum Grenmó. Fram kemur að Hallgrímur og Kjartan helguðu Húsavíkurkirkju allan reka í Kallasteinsfjöru en sr. Jón sagði hvalinn hafa rekið þar sem Klyppstaðarkirkja hefði rekarétt, með öðrum orðum kallaðist fjaran ekki Kallasteinsfjara norðan við bás einn þar sem hvalinn hafði rekið að landi. Sátt náðist ekki og var málinu vísað til landslaga og réttar.<sup>1065</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 voru teknar fyrir vitnaleiðslur í sökinni milli sr. Jóns Austfjörð á Klyppstað og bræðranna Hallgríms Ólafssonar í Húsavík og Kjartans Ólafssonar á Dallandi vegna hvalreka í bás við Kallasteinsfjöru. Sr. Jón lagði fram nokkur skjöl en Hallgrímur og Kjartan kölluðu til nokkur vitni sem gáfu skýrslu um reka á svæðinu. Einnig voru framlagðir skriflegir vitnisburðir. Vitnin voru meðal annars spurð um afmörkun Kallasteinsfjöru en fram kom að Ólafur heitinn í Húsavík hafi eignað Húsavík reka á svæðinu, allt suður í Svínavík. Þá var við réttinn framlagt kort af svæðinu sem vitni höfðu merkt inn á þekkt örnefni. Málinu var frestað.<sup>1066</sup> Það var tekið fyrir að nýju við aukarétt að Stóru-Breiðuvík 18. júlí 1843. Fjöldmörg skjöl voru lögð fram og þá voru nokkur vitni innstefnd. Rétturinn færðist og

<sup>1059</sup> Skjal nr. 2(286).

<sup>1060</sup> Skjal nr. 2(619).

<sup>1061</sup> Skjal nr. 13(3).

<sup>1062</sup> Skjal nr. 2(740).

<sup>1063</sup> Skjal nr. 2(78).

<sup>1064</sup> Skjal nr. 2(254).

<sup>1065</sup> Skjal nr. 2(332).

<sup>1066</sup> Skjal nr. 2(686).

var settur að nýju á sjó við þrætustaðinn þar sem hinir umhöndluðu staðir og rekamerki voru skoðuð. Að því loknu var rétturinn settur að nýju í Stóru-Breiðuvík. Vitni gáfu skýrslu um rekamörk og örnefni. Í dóma- og þingbókina eru eingöngu skráð svörin en ekki spurningarnar sjálfar. Í réttinn var framlagt kort af svæðinu sem vitnin kynntu sér og staðfestu með eiði. Sr. Jón Austfjörð bað um að málinu yrði frestað þar til búíð væri að fá afrit af skjölum frá Kaupmannahöfn. Málinu var í framhaldinu frestað.<sup>1067</sup> Málið var að nýju tekið fyrir 25. júlí 1844, 26. september 1844 og 10. október 1844 þar sem lögð voru fram ný skjöl og vitni gáfu skýrslu. Einkum var leitað upplýsinga um svokallaðan Kallastein en einnig vitnaðist að þeir hafi verið tveir í samnefndri fjöru.<sup>1068</sup> Meðal gagna málsins var dýptarmæling sem framkvæmd var þann 14. september 1844 en þar var mælt dýpi undir klettinum milli nyrðri hvalfjörunnar og báss þess sem hvalinn rak í árið 1842.<sup>1069</sup> Að loknum aukaréttinum 10. október 1844 var málið tekið upp til dóms.<sup>1070</sup>

Hinn 7. september 1844 vitnuðu Högni Högnason, Jón Hjörleifsson og Gyríður Jónsdóttir um breytingar sem hafi orðið við Kjólsvík þannig að áður hafi verið hægt að ganga þaðan undir Glettingi og út á Glettingsnes, en síðustu ár hafi ágangur sjávar komið í veg fyrir að þessi leið hafi verið fær.<sup>1071</sup>

Við aukarétt 21. nóvember 1844 var kveðinn upp dómur í sökinni milli sr. Jóns Austfjörð og bræðranna Hallgríms Ólafssonar í Húsavík og Kjartans Ólafssonar á Dallandi áhrærandi hvalreka. Í dómnum er farið yfir málsatvik þar sem segir að Hallgrímur hafi látið skera hvalkálfs sem rak upp þann 4. júlí 1842 en sr. Jón Austfjörð gerði tilkall til hans þar sem hann hafi rekið á land Stóru-Breiðuvíkur, kirkjujarðar Klyppstaðar. Þá er fjallað um rekaréttindi Vallaness- og Valþjófsstaðarkirkna á svæðinu, einkum í Svínavík, og farið yfir vitnisburði og önnur gögn sem lögð hafi verið fram í málinu. Samhliða rekamálinu voru tekin fyrir orð sr. Jóns um Ólaf, föður Hallgrím og Kjartan, sem ráns- og gripdeildarmaður og dæmd dauð og marklaus. Að lokum var dæmt í málinu og eru dómsorðin svohljóðandi:

Jörðin Stórabreiðuvík í Borgarfyrði sem er Tillagsjörð til Klifstadar Prestakalls dæmist að hafa Rétt til allra Rekaplátsa fyrir sinu Landi frá Landamerkiunum milli hennar og Jardarinnar Kiólsvíkur og allt sudur að þeim Grióthaug sem stendur á Sandinum fyrir sunnan Litlanes að undantekinni allri Kaldasteins eda Kallasteinsfjöru eda þeim 2 Fiörum eda Básam sem kalladir eru nyrðri og Sydri Hvalfiara og Svínavíkinni frá Litlanesi að Skipavogunum, hvör Rekapláts tildæmast Husavíkur Kyrkiu i Borgarfyrði hvar hiá þeir Innstefndu Proprietairus Hallgrímur Olafsson á Húsavík og Kiartan Olafsson á Dallandi eiga enn fyrir báda og bádir fyrir einn að borga til Prestsins Síra Gudmundar Erlendssonar sem beneficiato til Klifstadar 6/8 parta af virði þess Hvalkálfs sem Sumarid 1842 rak upp i Bás nokkurn undir Grenmo eptir óvidkomandi af Réttinum útnefndra Manna álit.

<sup>1067</sup> Skjal nr. 2(714).

<sup>1068</sup> Skjöl nr. 2(715)–2(717).

<sup>1069</sup> Skjal nr. 2(290).

<sup>1070</sup> Skjal nr. 2(717).

<sup>1071</sup> Skjal nr. 2(287).

Ad því leiti Stefnandinn hefur giört uppástand um að fá sér til dæmda hina 2/8 Parta af Hvalsverdinu frávíssast Sökinni.<sup>1072</sup>

Hinn 3. júní 1844 lögfestu Sveinn Snjólfsson og sameignamenn hans, lendur og rekæign jarðarinnar Kjólsvíkur í Borgarfjarðarhreppi. Lögfestan var þinglesin á manntalsþingsrétti að Desjarmýri þann 10. júlí 1844 undir mótmælum Hallgríms Ólafssonar í Húsavík vegna réttinda Húsavíkurkirkju og sr. Jóns Austfjörð vegna Klyppstaðarkirkju. Texti lögfestunnar og fyrrgreindra mótmæla er eftirfarandi:

Eg Sveinn Snjólfsson lögfesti hérmed mína og Sameignarmanna Eign, Lendur og Reka Eign Jarðarinnar Kiólsvík liggjandi í Borgarfiardar Hrepp og Norðr múla Sysslu með fylgjandi Takmörkum: frá Súlutindi út með Vörpum á Midmundafialli, Grimshnaus og útá Glettingskoll, þaðan beint nidur til Siáfar Sandur í Laungumöl, þaðan Fjörur og Reka allan sudur á Hlein þá sem nærst geingur ut fyrir nordan svokallada Kalda edr Kalla steinsfjörur undir Grenmó, sem nærst geingur ut fyrir nordan svokallada Kalda edr Kalla steinsfjörü undir Grenmó, sem nærsthæfis mun vera í Stefnu Línu í Vörp á Grenmó, þaðann uppá Grenmós Koll, og svo eptir Vörpum beina línu á Kéllingarfiáll, þaðan með Vörpum eptir Háamelshrigg allt í adr greindan Súlutind; Fyrirbýd eg öllum innan tédra Ummerkia til Lands og Vatns, eda Siáfar, sér ad yrkia edr nokkud af ad nota, án míns edr Landrádanda Leyfis, undir Lagasektir, og fylgir það af þessari minni Lögfestu; ad eg tel okkur Kiólsvíkur Eigendur Hval þann allann sem fyrir 2 árum rak undir Grenmo nordan verdt vid Grenmóskoll og þræta er af risin, nema það, ef nokkur væri sem skýlausir löggyldir máldagar kynnu öðrum helga.

Snotrunesi í Borgarfyrði þann 3jaJuni 1844.

Sveinn Snjólfsson

Upplesid fyrir Manntalsþingsrétti ad Desjarmyri þann 10d Julii 1844, hvar Presturinn Sra Jon Austfiord og proprietarius Hallgrimur Olafsson á Húsavík protesterudu á móti þessari Lögfestu ad svo miklu leiti hún kemur í Strid með Réttindum Husavíkur kyrkiu og Klippstaðar kyrkiu, hvar hérmed vitnast.

J.C. Voigt<sup>1073</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kjólsvík metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.<sup>1074</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kjólsvík:

Kjólsvík

Túnid fóðrar 1½ kú, útheyid með landbeit og lítilli siáfarbeit 30 ær 20 saudi 20 lömb 2 hesta; tún greidt en grytt; eingi ógreidt grytt og reitingssamt mestallt í fiarlægð; úthey sæmilegt afgiafar, óhentugt kríngum tún til ræktunar; medal ærnytt á sumri 40 pottar og kynnyt 7 merkur í mál, saudir skérast til jafnadar með 14 pundum ær kvíær með 4-5 pundum; lyng er til kvistur ekki; griót nóg, mótak óreynt; vetrararbeit þegar til nær heldur góð, reki heldur vid húsum alltað bordvid; torfskéra ónytt, hella eingi, vatni verður ekki veitt hvorki á tún né eingiar; afrétt adkeypt en rúmt heymaland samt grytt allt og blásid; fiárhættur vid sió. Þokur miklar og ópurkar. til ad heynyta jörðina þykir þurfa 2 karlmenn 2 kvenmenn og 1 smala. Þessi jörð var vyrdt á 200 (.tvö hundrud.) rbd.<sup>1075</sup>

<sup>1072</sup> Skjal nr. 2(718).

<sup>1073</sup> Skjal nr. 2(264) og 2(686).

<sup>1074</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>1075</sup> Skjal nr. 2(132).

Við manntalsþing að Desjarmýri 13. júlí 1853 var þinglýst lóðseðli eftir Guðrúnu Sveinsdóttur þar sem Gunnari Frímanni Sigbjörnssyni var lagt út eitt hundrað í Snotrunesi og 40 álnir í Kjólsvík.<sup>1076</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1855 var auglýst kaupbréf, dagsett 25. apríl 1854, fyrir hálfri Kjólsvík frá Guðmundi og Stefáni Hjörleifssonum til Gunnhildar Jónsdóttur.

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Kjólsvík var metin á 1.500 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar séu ekki innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu og að þau séu ekki ágreiningslaus. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Þorsteinn Magnússon.<sup>1077</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Kjólsvíkur er dagsett 31. janúar 1922 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Á milli Kjólsvíkur og Stóru-Breiðuvíkur eru landamerki þannig: Af Súlutindi á Háahrygg út eftir vörpum yfir Grenmóskoll, þaðan út á Stóratind ofan röð á Flugahorn, þaðan beint í sjó.

Á milli Kjólsvíkur og Brúnavíkur (Hvalvíkur) úr Súlutindi út hæstu fjallaraðir á Glettingskoll þar sem hann er hæstur. Á milli Kjólsvíkur og Glettingsness skilur bein lína af Glettingskollu á klett syðst á svokallaðri Löngumöl.

Kjólsvík 20. desember 1921

Eigandi jarðarinnar: Guðmundur Magnússon

Fyrir hönd eiganda Stóru-Breiðuvíkur: Páll Sveinsson

Undirskrift vantar frá eiganda Brúnavíkur, og forsvarsmanni Glettingsness.

Bjargi 31. janúar 1922.

Hannes Sigurðsson<sup>1078</sup>

### 5.20.3 Stóra-Breiðavík í Víkum

Í máldaga Vilchins fyrir Húsavíkurkirkju frá um 1397 segir að kirkjan í Húsavík eigi jörðina Breiðuvík.<sup>1079</sup> Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar.<sup>1080</sup>

Hinn 24. ágúst 1672 settu Brynjólfur biskup Sveinsson og sr. Einar Jónsson og staðfestu landamerki milli jarðanna Stóru-Breiðuvíkur og Litlu-Breiðuvíkur. Landamerkjalyfingin er svohljóðandi í afriti frá 31. ágúst 1843:

ad su varda, sem hladin var fyrir ofan flæðarmál, skyldi ráða landa og fiöru mörkum midli þessara jarða, sem hun hefur ad fornu og nyu radid, sidan skylldi landamerkiura rada rett sionhendíng ur fyrirskrifadri vördu, sem sa gardur tilvisar sem vid hana hladin var í vor 1672, 25 Maji, vid votta í eignarmannanna umbodsmanna vidurvist: Hiallta Jonssonar vegna biskupsins M. Bryniolfs Sveinssonar en Biarna Einarssonar ýngra

<sup>1076</sup> Skjal nr. 2(703).

<sup>1077</sup> Skjal nr. 2(169).

<sup>1078</sup> Skjal nr. 2(39).

<sup>1079</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 223, skjal nr. 4(38).

<sup>1080</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XV, bls. 688, skjal nr. 4(39).

vegna Sira Einars Jonssonar í vidurvist Árna Thomassonar, Sigvardar Bárðarsonar og Odds Gudmundssonar, uppi melshornid vid ána, og so upp eptir ánni í háfiöll j móts uid Desiarmyrar landamerki, so sem vötn deyla; höfdu fyrr skrifadir menn fullnadar handsöl her uppá ad þessi skylldu æfinlig landamerki þessara jarda i milli, og obrygdanlega haldast í allan mata<sup>1081</sup>

Í skýrslu sr. Þorsteins Jónssonar á Eiðum yfir kúgildi og inntektir á jörðum biskups, þ.e. Brynjólfs Sveinssonar, í Borgarfirði og Seyðisfirði 1672–1673 segir eftirfarandi um jörðina Stóru-Breiðuvík:

Breiðavík stóra á allt sitt land ítölulaust. Ad sunnan úr vördu vid sand í melshorn, þadan er áin landamerki vestur á Fossabrekkur, þadan í Gæsavötn, þadan nordur eptir fiallgörðum út á Grænmó þversýnis, þadan út eptir tindum og út á Sióarbiörg þar til vötnum hallar. Reka allan fyrir sínu landi utan á Svínavíkursandi og Kallasteinsfiöru (○: því það á Húsavíkur kirkia).<sup>1082</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt afrit af landamerkjabréfi, dagsettu 24. ágúst 1681, sem Brynjólfur Sveinsson biskup og sr. Einar Jónsson, fjárhaldsmaður Húsavíkurkirkjujarða, skráðu um landamerki Litlu- og Stóru-Breiðuvíkur. Afritið er frá 28. nóvember 1785. Í skjalinu segir meðal annars:

ad Sü Varda, Sem hladen Var fyrer Ofann flædar mál Skillde Ræda Landar og Fiöru mórkuumm mille þessara Jarda, sem Hun hefur ad Fornu og Nýu Ræded; Sydann Skillde Landa Merkiuum ræda riett Siönhending ür firr skrifadre Vördu, sem sá gardur tilvysar, sem Vid hana hladen Var j Vor, MDCLXXII, 25<sup>th</sup> Maii, Vid Votta, J Eignarmannanna Ummbods Manna Vidur Vist, Hiallta Jönssonar, Vegna Biskupsens M. Brinjulfs Sveinssonar enn Biarna Einarssonar Yngra, Vegna S. Einars Jonssonar, j Vidur Vist Arna Thomassonar, Sigurdar Bárðarsonar, og Odds Gudmundssonar, uppi Melshorned Vid Äna, og so uppeffter Anne, j Hä Fiöll, j möts Vid Desiarmyrar Landamerke, Sosem Vötn deila<sup>1083</sup>

Í jarðabók 1693–1697 kemur fram að sýslumaðurinn í Árnesþingi, Vigfús Hannesson, eigi jarðirnar Brúnavík, Hólaland, Hvalvík, Kjólsvík og Breiðavík.<sup>1084</sup>

Í skjali, dagsettu 9. júní 1704, yfir jarðeignir Björns Péturssonar kemur fram að meðal eigna hans voru jarðirnar Eyjólfsstaðir á Völlum, Hellisfjörður, Bakki í Borgarfirði, Hvannstóð, Breiðavík við Borgarfjörð og Hamragerði.<sup>1085</sup>

Hinn 4. nóvember 1778 undirrituðu Everth Wium og Þórður Árnason kaupbréf fyrir Eiðum í Eiðapinghá hvar Everth seldi Þórði bóndaeign Eiða, alls 30 hundruð. Auk þess fylgdu með hálf jörðin Hóll í Útmannasveit, Gröf, Ormsstaðir, Tókastaðir og Þuríðarstaðir allar í Eiðapinghá. Á móti seldi Þórður Everth Mjóanes í Vallahreppi með afbýlinu Gunnlaugsstöðum alls 20 hundruð og átta hundruð í Breiðuvík í Borgarfirði.<sup>1086</sup>

Með kaupbréfi, dagsettu 19. júlí 1785, seldu Árni Gíslason í Höfn og Gísli Halldórsson á Snotrunesi hvor um sig tvö hundruð í jörðinni Stóru-Breiðuvík til Jóns

<sup>1081</sup> Skjal nr. 2(285).

<sup>1082</sup> Skjal nr. 2(286).

<sup>1083</sup> Skjal nr. 2(236).

<sup>1084</sup> Skjal nr. 13(3).

<sup>1085</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII*, bls. 410–413, skjal H-11.

<sup>1086</sup> Skjal nr. 2(550).

Vigfússonar. Kaupbréfið var upplesið fyrir manntalsþingsrétti að Desjarmýri 26. júní 1787.<sup>1087</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Stóru-Breiðuvíkur metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Klyppstaðarprestakall. Fram kemur að eyðijarðirnar Kjólsvík og Hvalvík hafi verið nýttar sem beitiland.<sup>1088</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 16. ágúst 1837 kemur fram að Húsavíkurkirkja hélt öllum sínum eignum og ítökum, en einnig er getið ágreinings um Innri-Álftavík sem liggja á landamerkjum Húsavíkur annars vegar og Ness í Loðmundarfirði hins vegar.<sup>1089</sup> Sama kemur fram í prófastsvísitasíu frá 14. júlí 1842. Þar segir einnig að upp sé kominn ágreiningur um hval sem rak upp fyrir landi Stóru-Breiðuvíkur.<sup>1090</sup> Í prófastsvísitasíu frá 14. ágúst 1841 segir að ágreiningarnir séu til lykta leiddir.<sup>1091</sup>

Hinn 8. júlí 1842 fór fram sáttafundur hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis um mál sr. Jóns Austfjörð vegna Klyppstaðarkirkju gegn Hallgrími og Kjartani Ólafssonum á Dallandi vegna hvalbrots sem rekið hafði á land við ófærur milli Stóru-Breiðuvíkur og Kjólsvíkur eða undir svokölluðum Grenmó. Fram kemur að Hallgrímur og Kjartan helguðu Húsavíkurkirkju allan reka í Kallasteinsfjöru en sr. Jón sagði hvalinn hafa rekið þar sem Klyppstaðarkirkja hefði rekarétt, með öðrum orðum kallaðist fjaran ekki Kallasteinsfjara norðan við bás einn þar sem hvalinn hafði rekið að landi. Sátt náðist ekki og var málinu vísað til landslaga og réttar.<sup>1092</sup>

Hinn 18. september 1842 skrifaði sr. Jón Austfjörð á Klyppstað biskupi bréf með beiðni um að fá senda útdrætti úr biskupsvísitasíum viðvíkjandi rekaítökum í landi Stóru-Breiðuvíkur í Víkum. Forráðamaður Húsavíkurkirkju gerði tilkall til nefndra ítaka sem Jón taldi tilheyra Klyppstaðarkirkju.<sup>1093</sup> Biskup svaraði sr. Jóni með bréfi dagsettu 15. nóvember 1842. Í bréfinu er vitnað í máldaga Vilchins og Gísla biskups Jónssonar varðandi rekaréttindi Húsavíkurkirkju. Einnig er vitnað í vísitasíur. Þá segir frá skjali í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar um landa- og fjörunerki Stóru- og Litlu-Breiðuvíkur frá 1672 sem og reka- og landamerki Breiðuvíkur, Kjólsvíkur, Hvalsvíkur og Brimsvíkur, líklega átt við Brúnavík.<sup>1094</sup>

Hinn 22. maí 1843 skrifaði sr. Jón Austfjörð á Klyppstað í Loðmundarfirði biskupi bréf vegna deilu hans við forráðamenn Húsavíkurkirkju um rekaítök í landi Stóru-Breiðuvíkur. Sr. Jón kvartaði yfir því að forráðamenn Húsavíkurkirkju hefðu heimildarlaust hagnýtt sér hvalreka á fjöru sem hann áleit tilheyra Klyppstaðarkirkju. Svæðið sem um var deilt náði norðan frá Kallasteinsfjöru og suður til Svínavíkur.<sup>1095</sup>

<sup>1087</sup> Skjöl nr. 2(237) og 2(832).

<sup>1088</sup> Skjal nr. 2(78).

<sup>1089</sup> Skjal nr. 2(468).

<sup>1090</sup> Skjal nr. 2(470).

<sup>1091</sup> Skjal nr. 2(469).

<sup>1092</sup> Skjal nr. 2(332).

<sup>1093</sup> Skjal nr. 2(573).

<sup>1094</sup> Skjal nr. 2(604).

<sup>1095</sup> Skjal nr. 2(574).

Sr. Jón skrifaði biskupi annað bréf 25. maí 1843 með fylgigögnum til stuðnings máls-höfðun sinni á hendur forráðamönnum Húsavíkurkirkju fyrir ólöglega hagnýtingu á hval er rak í bás norðan við Kallasteinsfjöru í landi Stóru-Breiðuvíkur í Víkum. Sr. Jón óskaði eftir stuðningi biskups við málareksturinn.<sup>1096</sup> Biskup skrifaði til amtmanns þann 12. ágúst 1843 og skýrði honum frá málinu auk þess að tilkynna að sr. Jón á Klyppstað hafi óskað eftir gjafsókn. Biskup lagði til að kölluð yrðu til vitni og gert yrði afstöðukort af svæðinu.<sup>1097</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 voru teknar fyrir vitnaleiðslur í sök-inni milli sr. Jóns Austfjörð á Klyppstað og bræðranna Hallgríms Ólafssonar í Húsavík og Kjartans Ólafssonar á Dallandi vegna hvalreka í bás við Kallasteinsfjöru. Sr. Jón lagði fram nokkur skjöl en Hallgrímur og Kjartan kölluðu til nokkur vitni sem gáfu skýrslu um reka á svæðinu. Einnig voru framlagðir skriflegir vitnisburðir. Vitnin voru meðal annars spurð um afmörkun Kallasteinsfjöru en fram kom að Ólafur heitinn í Húsavík hafi eignað Húsavík reka á svæðinu, allt suður í Svínavík. Þá var við réttinn framlagt kort af svæðinu sem vitni höfðu merkt inn á þekkt örnefni. Málinu var frestað.<sup>1098</sup> Það var tekið fyrir að nýju við aukarétt að Stóru-Breiðuvík 18. júlí 1843. Fjöldmörg skjöl voru lögð fram og þá voru nokkur vitni innstefnd. Rétturinn færðist og var settur að nýju á sjó við þrætustaðinn þar sem hinir umhöndluðu staðir og rekamerki voru skoðuð. Að því loknu var rétturinn settur að nýju í Stóru-Breiðuvík. Vitni gáfu skýrslu um rekamörk og örnefni. Í dóma- og þingbókina eru eingöngu skráð svörin en ekki spurningarnar sjálfar. Í réttinn var framlagt kort af svæðinu sem vitnin kynntu sér og staðfestu með eiði. Sr. Jón Austfjörð bað um að málinu yrði frestað þar til búið væri að fá afrit af skjölum frá Kaupmannahöfn. Málinu var í framhaldinu frestað.<sup>1099</sup> Málið var að nýju tekið fyrir 25. júlí 1844, 26. september 1844 og 10. október 1844 þar sem lögð voru fram ný skjöl og vitni gáfu skýrslu. Einkum var leitað upplýsinga um svokallaðan Kallastein en einnig vitnaðist að þeir hafi verið tveir í samnefndri fjöru.<sup>1100</sup> Meðal gagna málsins var dýptarmæling sem framkvæmd var þann 14. september 1844 en þar var mælt dýpi undir klettinum milli nyrðri hvalfjörunnar og bás þess sem hvalinn rak í árið 1842.<sup>1101</sup> Að loknum aukaréttinum 10. október 1844 var málið tekið upp til dóms.<sup>1102</sup>

Hinn 3. október 1844 vitnaði Hrólfur Björnsson að hann hafi heyrt nefnda tvo Kalda-steina undir fjallinu Grenmá. Sá er væri norðar væri sunnan til undir Röðinni en hinn

<sup>1096</sup> Skjal nr. 2(575).

<sup>1097</sup> Skjal nr. 2(606).

<sup>1098</sup> Skjal nr. 2(686).

<sup>1099</sup> Skjal nr. 2(714).

<sup>1100</sup> Skjöl nr. 2(715)–2(717).

<sup>1101</sup> Skjal nr. 2(290).

<sup>1102</sup> Skjal nr. 2(717).

nokkuð sunnar og væri hann kallaður Stærri-Kaldasteinn.<sup>1103</sup> Sama vottaði Jón Magnússon með vitnisburði dagsettum 4. október 1844.<sup>1104</sup>

Við aukarétt 21. nóvember 1844 var kveðinn upp dómur í sökinni milli sr. Jóns Austfjörð og bræðranna Hallgríms Ólafssonar í Húsavík og Kjartans Ólafssonar á Dallandi áhrærandi hvalreka. Í dómnum er farið yfir málsatvik þar sem segir að Hallgrímur hafi látið skera hvalkálfs sem rak upp þann 4. júlí 1842 en sr. Jón Austfjörð gerði tilkall til hans þar sem hann hafi rekið á land Stóru-Breiðuvíkur, kirkjujarðar Klyppstaðar. Þá er fjallað um rekaréttindi Vallaness- og Valþjófsstaðarkirkna á svæðinu, einkum í Svínavík, og farið yfir vitnisburði og önnur gögn sem lögð hafi verið fram í málinu. Samhliða rekamálinu voru tekin fyrir orð sr. Jóns um Ólaf, föður Hallgrím og Kjartan, sem ráns- og gripdeildarmaður og dæmd dauð og marklaus. Að lokum var dæmt í málinu og eru dómsorðin svohljóðandi:

Jörðin Stórabreiðuvík í Borgarfyrði sem er Tillagsjörð til Klifstadar Prestakalls dæmist að hafa Rétt til allra Rekaplátsa fyrir sinu Landi frá Landamerkiunum milli hennar og Jardarinnar Kíólsvíkur og allt sudur að þeim Grióthaug sem stendur á Sandinum fyrir sunnan Litlanes að undantekinni allri Kaldasteins eda Kallasteinsfjöru eda þeim 2 Fiörum eda Básum sem kalladir eru nyrdri og Sydri Hvalfiara og Svínavíkinni frá Litlanesi að Skipavogunum, hvör Rekapláts tildæmast Husavíkur Kyrkiu í Borgarfyrði hvar hiá þeir Innstefndu Proprietairus Hallgrímur Ólafsson á Húsavík og Kiartan Ólafsson á Dallandi eiga enn fyrir báda og bádir fyrir einn að borga til Prestsins Síra Gudmundar Erlendssonar sem beneficiato til Klifstadar 6/8 parta af virði þess Hvalkálfs sem Sumarid 1842 rak upp í Bás nokkurn undir Grenmo eptir óvidkomandi af Réttinum útnefndra Manna álit.

Að því leiti Stefnandinn hefur giört uppástand um að fá ser til dæmda hina 2/8 Parta af Hvalsverdinu frávisast Sökinni.<sup>1105</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Stóra-Breiðavík metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Klyppstaðarkirkju. Í neðanmálgrein kemur fram að 1760 og fyrr hafi Stóra-Breiðavík talist bændaegn. Þar er einnig endurtekið það sem segir í jarðamatinu 1804 að þá hafi Stóra-Breiðavík haft beitarafnot af Kjósvík og Hvalvík.<sup>1106</sup>

Hinn 23. september 1848 var á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir rekamál prófastanna sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi og sr. Stefáns Árnasonar á Valþjófsstað annars vegar og bræðranna Hallgríms og Kjartans Ólafssona hins vegar vegna tilkalls þeirra fyrrnefndu til áttungs úr hval sem rekið hafði þann 4. júlí 1842 í bás undir Grenmó í landi Stóru-Breiðuvíkur. Fram kemur að 6/8 hlutar hvalsins höfðu verið dæmdir til Klyppstaðarkirkju með dómi dagsettum 21. nóvember 1844. Ýmis skjöl voru lögð fyrir sáttafundinn, meðal annars um að skipa þyrfti nýja sáttanefnd þar sem hinir upprunalegu nefndarmenn hefðu of mikil tengsl við málsaðila. Bræðurnir Hallgrímur og Kjartan neituðu að greiða til sækjenda tvo áttunga úr hvalnum og um-

<sup>1103</sup> Skjal nr. 2(288).

<sup>1104</sup> Skjal nr. 2(289).

<sup>1105</sup> Skjal nr. 2(718).

<sup>1106</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.



boðsmaður prófastanna kvaðst enga heimild hafa til að gefa eftir kröfur þeirra. Málinu var því vísað frá nefndinni til úrskurðar dómstóla.<sup>1107</sup>

Við aukarétt 31. maí 1849 var tekið fyrir annað mál tengt hvalnum sem rak upp við Grenmó í landi Stóru-Breiðuvíkur árið 1842. Prófastarnir Guttormur Pálsson í Vallanesi og Stefán Árnason á Valþjófsstað gerðu tilkall til Hallgríms og Kjartans Ólafssona um að fá greidda 2/8 hluta af andvirði hvalsins.<sup>1108</sup> Málinu var framhaldið við aukarétti 16. júlí, 15. ágúst og 21. september 1849 en var að lokum vísað frá.<sup>1109</sup>

Hinn 10. janúar 1850 sendu sr. Stefán Árnason á Valþjófsstað í Fljótssdal og sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi á Völlum biskupi bréf þar sem lýst var málavöxtum viðvíkjandi hvalrekanum í landi Stóru-Breiðuvíkur sumarið 1842, þar sem forráðamenn Húsavíkurkirkju hagnýttu sér hvalinn sem presturinn á Klyppstað í Loðmundarfirði taldi eign Klyppstaðarkirkju. Dómur gekk í málinu 1844 sem skikkaði Húsavíkurmenn til að greiða Klyppstaðarkirkju skaðabætur. Bréfritarar töldu að Valþjófsstaðar- og Vallaneskirkjum hefði borið hvorri áttungur hvalsins þar sem hann hefði rekið í ófæru og leituðu því stuðnings biskups vegna fyrirhugaðs málarekstrar fyrir Landsrétti vegna þessa.<sup>1110</sup> Hinn 9. janúar 1850 sendu sr. Stefán Árnason á Valþjófsstað í Fljótssdal og sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi á Völlum konungi bréf þar sem þeir fóru fram á að fá að reka ofangreint mál fyrir landsrétti.<sup>1111</sup> Biskup svaraði bréfi þeirra frá 10. janúar 1850 með bréfi dagsettu 22. mars 1850 og lagði til að þeir myndu hefja mál sitt í undirrétti í héraði í stað þess að áfrýja áður sögðum dómi, sem þeir voru ekki aðilar að, til yfirrettarins.<sup>1112</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Stóru-Breiðavík:

#### Stóra Breiðavík

Túnid fóðrar 2½ kú, útheið með útbeitinni 80 ær 80 saudi 40 lömb og 4 hesta; tún heldur ógreiðt, en eingið greiðt, hey heldur gott afgiafar, óhentugt kríngum tún til ræktunar, ærnyt á sumri 34 pottar, kynyt í mál hæst 7 merkur, saudir skérast til jafnadar með 14 pundum kvíær með 4 pundum vetrarþeir allgód, þá skjaldan til nær; síóabeit eingi nema flúdir á vorum; lyng nóg, kvistur ekki; griót má fá langt í burtu; hella fæst smá; mótak er til óreynt, jörðin á heimaland stórt svo ekki þarf að kaupa afrétt. Reki svarar viðum í 30 kynda kofa á ári; síafaraflí svari 1 mannelði; torfskéra vond, reidíngur eingin, vatni verður ekki veitt á tún eda eingiar; gripahættur á landi og við síó; aurhlaup víða og skridur; lending næsta vond; miklar þokur og óþurkar. Til að nota jörðina þykir þurfa 4 karlmenn 4 kvenmenn og 1 smali. Þessi jörd var virdt á 650 (.sex hundrud og fimtíu.) rbd.<sup>1113</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Stóru-Breiðuvíkur er dagsett 10. október 1889 en hún var þinglesin við manntalsþing að Desjarmýri 31. júlí 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

<sup>1107</sup> Skjal nr. 2(335).

<sup>1108</sup> Skjal nr. 2(833).

<sup>1109</sup> Skjöl nr. 2(719)–2(721).

<sup>1110</sup> Skjal nr. 2(579).

<sup>1111</sup> Skjal nr. 2(580).

<sup>1112</sup> Skjal nr. 2(615).

<sup>1113</sup> Skjal nr. 2(132).

Landamerki

Stóru-Breiðuvíkur í Borgarfjarðarhreppi, sem er eign Klyppstaðarkirkju, eru þessi:

Merkín liggja að sunnanverðu úr sjávarmáli frá þeim stað, þar sem Brunkutindur ber yfir Bringuhorn, þaðan beint í Bringuhorn, sem er melur austan við Víkurána, því næst upp eftir ánni í innra Gæsavatn, að því búnu úr miðju þessu Gæsavatni upp í Hvítahnjúk, þaðan út eftir eggjum yfir Gagnheiði á Súlutind, af Súlutindi á Háahrygg og þaðan eftir vörpum út á Grenmóskoll og niður að sjó. Héðan og að landamerkjum hennar að sunnanverðu til móts við Litlu-Breiðuvík á hún allan reka, að undantekinni Karlasteinsfjöru eða þeim 2 básum, sem kallaðir eru nyrðri og syðri Hvalfjara, svo og Svínavík milli Skipavogs og Litlanness, þar sem reki er dæmdur Húsavíkurkirkju.

Dvergasteini, 10. október 1889

Björn Þorláksson.

Framanskriðuð landamerki samþykkjum vér undirskrifaðir.

Vestdalseyri, 12. október 1889.

Fyrir hönd eiganda LitluvÍkur Sigurður Jónsson.

Steinn Sigurðsson (eig. Brúnavíkur)

Guðni Stefánsson (ábúandi Kjólsvíkur)

Fyrir hönd Desjarmýrarkirkju: Einar Vigfússon.<sup>1114</sup>

Hinn 12. júlí 1911 var tekið fyrir að gera lýsingu og meta til peningaverðs jörðina Stóru-Breiðuvík. Í lýsingu matsmanna segir eftirfarandi um jörðina:

Jörð þessi liggur sunnarlega í hreppnum, hún er 12 hundruð að forngildu mati, en 21,4 hundr. eptir nýju jarðamatsbókinni; landrymi hennar er mikið, og nær frá fjöru til fjals, tún stórt, enn ósljett, útengi mikið, og fremur þægilegt, Mótak allgott. T[r]járeki talsverður, og vetrararbeit góð, eptir því sem hjer gjöríst. Landhættur eru miklar, fyrir fje, sjerstaklega haust og vor. Lending er afar slæm. Aðflutningar eru fremur erfðir, á öllu því sem kaupa þarf, og þar er ákaflega óþurkasamt að sumrinu til.<sup>1115</sup>

Jörðin var loks metin á 2.200 kr.<sup>1116</sup>

Í virðingargjörð á kirkjujörðinni Stóru-Breiðuvík, dagsettri 15. júlí 1915, segir að jörðin sé 12 hundruð að fornu mati og um 21,4 hundruð að nýju mati. Einnig segir að hún liggja sunnarlega í hreppnum, sé skilin frá Kjólsvík og Borgarfirði með háum fjallgarði og að landrymi ná frá fjöru til fjalls. Loks var jörðin metin með öllu sem henni fylgdi á 2.400 kr.<sup>1117</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Stóra-Breiðavík var metin á 3.500 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar séu innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Páll Sigurðsson.<sup>1118</sup>

<sup>1114</sup> Skjal nr. 2(40).

<sup>1115</sup> Skjal nr. 2(865).

<sup>1116</sup> Skjal nr. 2(865).

<sup>1117</sup> Skjal nr. 2(536).

<sup>1118</sup> Skjal nr. 2(170).

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Stóru-Breiðuvíkur er dagsett 15. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Stóru-Breiðuvíkur og Litlu-Breiðuvíkur: Úr sjávarmáli frá þeim stað, þar sem Brunkutindur ber yfir Bringuhorn, þaðan beint í Bringuhorn, sem er melur sunnan við Víkurána. Þaðan eftir ánni í innra Gæsavatni.

Landamerki milli Stóru-Breiðuvíkur og Desjarmýrar: Úr miðju innra Gæsavatni upp í Hvítahnúk, þaðan út eftir eggjum á Gagnheiði.

Landamerki milli Stóru-Breiðuvíkur og Brúnavíkur: Af Gagnheiði, út eggjar í Súlutind.

Landamerki milli Stóru-Breiðuvíkur og Kjólsvíkur: Af Súlutindi á Háahrygg út eftir vörpum yfir Grenmóskoll. Þaðan út á Stóratind ofan röð á Flugahorn, þaðan beint í sjó.

Héðan og að landamerkjum hennar að sunnanverðu, til móts við Litlu-Breiðuvík, á hún allan reka að undantekinni Karlasteinsfjöru, eða þeim tveim básum, sem kallaðir eru nyrðri og syðri Hvalfjara, svo og Svinavík milli Skipavogs og Litla ness, þar sem reki er dæmdur Húsavíkurkirkju.

Njarðvík 15. desember 1921

Fyrir hönd eiganda jarðarinnar Páll Sveinsson

Framanskriðuð landamerki samþykkjum vér undirskrifaðir:

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens, Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki milli Stóru-Breiðuvíkur og Desjarmýrar, samþykki ég undirritaður.

Desjarmýri 28. desember 1921

Vígfús Í. Sigurðsson (prestur að Desjarmýri.)

Framanrituð landamerki milli Stóru-Breiðuvíkur og Kjólsvíkur samþykki eg undirritaður.

p.t. Borgarfirði 4/1. 1922

Guðmundur Magnússon eigandi Kjólsvíkur

Undirskrift vantar frá eiganda Brúnavíkur

Bjargi 31. janúar 1922.

Hannes Sigurðsson<sup>1119</sup>

#### 5.20.4 *Litla-Breiðavík í Vikum*

Í máldaga Vilchins fyrir Húsavíkurkirkju frá um 1397 segir að kirkjan í Húsavík eigi jörðina Breiðuvík.<sup>1120</sup> Sömu upplýsinga koma fram í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar.<sup>1121</sup>

Hinn 2. júlí 1618 seldi Jón Björnsson Pétri Pálssyni jörðina Lýtingsstaði í Skagafirði, 60 hundruð að dýrleika, fyrir Húsavík, 30 hundruð að dýrleika, Breiðavík hina minni,

<sup>1119</sup> Skjal nr. 2(41).

<sup>1120</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 223, skjal nr. 4(38).

<sup>1121</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XV, bls. 688, skjal nr. 4(39).

Hólaland, tíu hundruð að dýrleika, Hvol, átta hundruð að dýrleika og Hvannstóð, sex hundruð að dýrleika. Þessar jarðir fylgdu eiginkonu Péturs, Þorbjörgu sálugu Bjarnadóttur, á giftingardegi þeirra.<sup>1122</sup>

Hinn 24. ágúst 1672 settu Brynjólfur biskup Sveinsson og sr. Einar Jónsson og staðfestu landamerki milli jarðanna Stóru-Breiðuvíkur og Litlu-Breiðuvíkur. Landamerkjalyésingin er svohljóðandi í afriti frá 31. ágúst 1843:

ad su varda, sem hladin var fyrir ofan flæðarmál, skyldi ráða landa og fiöru mörkum midli þessara jarda, sem hun hefur ad fornu og nyu radid, sidan skylldi landamerkiura rada rett sionhendíng ur fyrrskrifadri vördu, sem sa gardur tilvisar sem vid hana hladinn var í vor 1672, 25 Maji, vid votta í eignarmannanna umbodsmanna vidurvist: Hiallta Jonssonar vegna biskupsins M. Bryniolfs Sveinssonar en Biarna Einarssonar ýngra vegna Sira Einars Jonssonar í vidurvist Árna Thomassonar, Sigvardar Bárðarsonar og Odds Gudmundssonar, uppi melshornid vid ána, og so upp eptir ánni í háfiöll j móts uid Desiarmyrar landamerki, so sem vötn deyla; höfdu fyrr skrifadir menn fullnadar handsöl her uppá ad þessi skylldu æfinlig landamerki þessara jarda i milli, og obrygdanlega haldast í allan mata<sup>1123</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt afrit af landamerkjabréfi, dagsettu 24. ágúst 1681, sem Brynjólfur Sveinsson biskup og sr. Einar Jónsson, fjárhaldsmaður Húsavíkurkirkjujarða, skráðu um landamerki Litlu- og Stóru-Breiðuvíkur. Afritið er frá 28. nóvember 1785. Í skjalinu segir meðal annars:

ad Sü Varda, Sem hladenn Var fyrer Ofann flædar mäl Skillde Ræda Landar og Fiöru mörkumm mille þessara Jarda, sem Hun hefur ad Fornu og Nýu Ræded; Sydann Skillde Landa Merkiura rada riett Sionhendíng ür firr skrifadre Vördu, sem sá gardur tilvysar, sem Vid hana hladenn Var j Vor, MDCLXXII, 25ta Maii, Vid Votta, j Eignarmannanna Ummbods Manna Vidur Vist, Hiallta Jönssonar, Vegna Biskupsens M. Brinjulfs Sveinssonar enn Biarna Einarssonar Yngra, Vegna S. Einars Jonssonar, j Vidur Vist Arna Thomassonar, Sigurdar Bárðarsonar, og Odds Gudmundssonar, uppi Melshorned Vid Ána, og so uppeffter Anne, j Hä Fióll, j móts Vid Desiarmyrar Landamerke, Sosem Vötn deila<sup>1124</sup>

Í jarðabók 1693–1697 kemur fram að sýslumaðurinn í Árneshöfði, Vigfús Hannesson, eigi jarðirnar Brúnavík, Hólaland, Hvalvík, Kjólsvík og Breiðavík.<sup>1125</sup>

Í skjali, dagsettu 9. júní 1704, yfir jarðeignir Björns Péturssonar kemur fram að meðal eigna hans voru jarðirnar Eyjólfstaðir á Völlum, Hellisfjörður, Bakki í Borgarfirði, Hvannstóð, Breiðavík við Borgarfjörð og Hamragerði.<sup>1126</sup>

Hinn 4. nóvember 1778 undirrituðu Everth Wium og Þórður Árnason kaupbréf fyrir Eiðum í Eiðahöfði hvar Everth seldi Þórði bóndaeign Eiða, alls 30 hundruð. Auk þess fylgdu með hálf jörðin Hóll í Útmannasveit, Gröf, Ormsstaðir, Tókastaðir og Þuríðarstaðir allar í Eiðahöfði. Á móti seldi Þórður Everth Mjóanes í Vallahreppi með

<sup>1122</sup> Jarðabréf frá 16. og 17. öld, bls. 272, skjal H-10.

<sup>1123</sup> Skjal nr. 2(285).

<sup>1124</sup> Skjal nr. 2(236).

<sup>1125</sup> Skjal nr. 13(3).

<sup>1126</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII, bls. 410–413, skjal H-11.

afbýlinu Gunnlaugsstöðum alls 20 hundruð og átta hundruð í Breiðuvík í Borgarfirði.<sup>1127</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Húsavíkurkirkju frá 26. ágúst 1791 kemur fram að Litla-Breiðavík hafði verið í eyði í fimm ár.<sup>1128</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Litlu-Breiðuvíkur metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Húsavíkurkirkja.<sup>1129</sup>

Við úttekt á Húsavíkurkirkju 29. október 1832 kom fram að jörðin Litla-Breiðavík hafði verið tekin út og uppskrifuð um vorið.<sup>1130</sup>

Í ódagsettu uppkasti að greinargerð um skiptingu kirkjujarðarinnar Húsavíkur milli eigendanna, Hallgríms og Kjartans Ólafssona, líklega frá fyrri hluta nítjándu aldar, segir að jörðin öll sé metin 60 hundruð, hvar af kirkjan átti helming. Hún hafi svo verið metin og seld Ólafi Hallgrímssyni fyrir 40 hundruð og eftir því skipt á milli hans erfingja, hvar af bændaeygnin var metin á 20 hundruð. Þá segir að samkvæmt máldögum sé býlið Litla-Breiðavík innifalið í matinu. Það hafi ekki fundist hafa verið byggt fyrir en fjallað er um það í biskupsvísitasíu Brynjólfs Sveinssonar, þótt landið hafi ætíð verið talið með Húsavíkureign.<sup>1131</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Litla-Breiðavík metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem eign Húsavíkurkirkju.<sup>1132</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Litlu-Breiðuvík:

Litla Breiðavík

Túnid fóðrar 1½ kú, útheyid með síafar og landbeiti 40 ær 30 saudi 20 lömb og 2 hesta; tún og eingi greidd úthey gott afgiafar; óhentugt kríngum tún til ræktunar og það liggur síálft fyrir skémdum af kali á vorum; ærnyt á sumri 36 pottar; kyrnyt á sumri 7 merkur í mál; saudir skérast með 14 pundum til jafnadar kvíær með 4 til 5 pundum; lyng er lítið til kvistur ekki, torfskera brúkanði; griót má fá notanlegt, vatni má veita á tún; mótak ekki fundid; vetrarbeiti allgóð þá skialdan til nær; jörðin á afrett fyrir sig; síafarbeiti lítil en ekki slæm; reki heldur uppi húsum alltað fjalvið; síafargagn svari ¼ manneldi; hella fæst ekki, gripahættur miklar ~~við síó en minni~~ á landi einkum í svonefndum Litluvíkur-skridum. Þokur og ópurkar miklir; nægilegt lid vyrdist vera 2 karlmenn 2 kvenmenn og 1 smali. Þessi jörð var vyrdd á 325 (þriú hundrud tuttugu og fimm.) rbd.<sup>1133</sup>

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Húsavíkur, sem er dagsett 17. maí 1887, er Hólshúsa, Dallands, Dallandsparts, Álftavíkur og Litlu-Breiðuvíkur getið. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing að Seyðisfjarðaröldu 2. júní 1893 og að Desjarmýri 24. júní 1893. Efni hennar er svohljóðandi:

<sup>1127</sup> Skjal nr. 2(550).

<sup>1128</sup> Skjal nr. 2(466).

<sup>1129</sup> Skjal nr. 2(77).

<sup>1130</sup> Skjal nr. 2(467).

<sup>1131</sup> Skjal nr. 2(362).

<sup>1132</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>1133</sup> Skjal nr. 2(132).

Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði – en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álptavík og Litla-Breiðavík – eru þessi:

að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álptavík beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjallið Skæling, og þar næst fram og norður eptir fjallgörðum á fjall, er heitir Skúmhöttur, að því búnu eptir vatnalínu á fjallgörðunum innan við Húsavík beina leið til Borgarfjarðar allt á Náttmálafjall, þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunna við ána, og því næst beint til sjóar eptir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar, yfir Melshornið eða Bringu.

Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla, visitaziubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðarþinghá, og áttung suður frá Greipsgjá til almenningafjöru (þetta er hvorttveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins- eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svínavík (þetta hvorttveggja í Stóru-Breiðuvík)

Dvergasteini, 17. maí 1887.

Fyrir hönd síra Jónasar Hallgrímssonar á Skorrastað, eiganda Húsavíkur, Hólshúsa og Álptavíkur

Björn Þorláksson

Dallandi og Dallandsparti, 21. júní 1887.

Ólafur Kjartansson eigandi Dallands.

Kristín Sæbjörnsdóttir eigandi Dallandsparts.

Vestdalseyri, 17. maí 1887.

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens

Sigurður Jónsson.

Af hálfu Desjarmýrarkirkju, er á land á löngu svæði til móts við Húsavík, samþykkist hið framanritaða

Desjarmýri, 18. maí 1887.

Einar Vigfússon.

Sem umsjónarmaður Klyppstaðarkirkju, er á land til móts við Húsavík á fleirum stöðum, samþykki jeg hið framanritaða.

Klyppstað, 21. júní 1887

Finnur Þorsteinsson.

Lagt fram í aukarjetti Norður-Múlasýslu 27. júní 1889 –

Einar Thorlacius.<sup>1134</sup>

<sup>1134</sup> Skjal nr. 2(43).

Í prófastsvísitasíu fyrir Húsavíkurkirkju frá 28. júlí 1890 segir að landamerkjaskrá hafi verið samin fyrir eignir kirkjunnar en ekki samþykkt af öllum hlutaðeigendum og því ekki þinglesin.<sup>1135</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Litla-Breiðavík var metin á 2.000 kr. Óvíst var hvort landamerki jarðarinnar væru innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Jón Arnesen.<sup>1136</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Litlu-Breiðuvíkur er dagsett 15. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Borgarfirði 17. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Úr Gríðarnestá, þeirri er skagar lengst í sjó, beina stefnu í Sólfjallstind. Ræður svo Sólfjallið, síðan Leirufjallið landamerkjum, miðað við fjallseggjar inn á Hvítserkshnúk. Úr honum beina stefnu í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eftir henni, alt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunnan við ána, og því næst beint til sjávar eftir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar yfir Melshornið eða Bringu.

Jörðin á part í Húsavíkurkirkju, hlutfallslega við jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspart og Álftavík eftir hundraðatali.

Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla, vísitazíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780 þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðaþinghá, og áttung suður frá Greipsgjá, til Almenningafjöru (þetta er hvortveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svinavík (þetta hvortveggja í Stóru-Breiðuvík)

p.t. Húsavík 15. desember 1921

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens

Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki samþykkjum vér undirritaðir.

Húsavík 15. desember 1921

Árni J. Sigurðsson (eigandi Húsavíkur)

Elís Guðjónsson ábúandi Hólshúsa

Sveinn Pálsson eigandi Dallands

Björn Sveinsson eigandi á Dallandsparti

Fyrir hönd eiganda Stóru-Breiðuvíkur: Páll Sveinsson

Vigfús I. Sigurðsson (prestur á Desjarmýri).<sup>1137</sup>

<sup>1135</sup> Skjal nr. 2(472).

<sup>1136</sup> Skjal nr. 2(171).

<sup>1137</sup> Skjal nr. 2(42).

## 5.21 Nærleggjandi jarðir í Loðmundarfirði

### 5.21.1 Seljamýri í Loðmundarfirði

Hinn 29. júlí 1497 gaf Björn Guðnason og seldi Ragnhildi Bjarnadóttur konu sinni jarðir fyrir þær jarðir sem hún átti á Austfjörðum. Þeirra á meðal voru jarðirnar Nes, Seljamýri, Bárðarstaðir, Sellátrar og Helgustaðir. Þá segir einnig að með hafi fylgt í Hlíð 80 álna partur annars hundraðs í Kjólsvík.<sup>1138</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 5. ágúst 1641 segir að árið 1525 hafi jörðin Seljamýri verið seld til Þorvarðar prior á Skriðu.<sup>1139</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Seljamýrar metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Klyppstaðarkirkja.<sup>1140</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Seljamýri metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem eign Klyppstaðarkirkju. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1760 var Seljamýri talin meðal stiftsjarða og 1674 var hún metin á 10 hundruð.<sup>1141</sup>

Hinn 21. maí 1845 lögfesti sr. Guðmundur Erlendsson land og reka kirkjujarðarinnar Seljamýrar. Lögfestan var þinglesin fyrir manntalsþingsrétti að Dvergasteini þann 22. maí sama ár og er texti hennar eftirfarandi:

Sóknarprestur til Klippstadar og Húsavíkur lögfestir hermed i Dag þessu prestakalli tillagda Jörd Seljarmyri, liggiandi innan Lodmundarfjardarhrepps og Nordurmula Syslu með Töðum og úteingium, holtum og Haga til Fialls og Fiöru með öllum Landsnytiium hennar: Innan eptirskrifadra Landamerkia: að innanverdu móti vestri Kellingadals Stafn og Midqvislin, sem rennur ofan eptir nefndum Dal, þar eptir allt þar til 3 Qvislarnar falla saman nidrá Fitiunum til ad giöra Stórahrauná – skiptir áminnst Qvisl Landamerkium milli hennar og klaustursjardarinnar Stakkahlídar og síðan Stórahrauná siálf í Sió nidr. Að Nordanverdu Kellingadals stafn, þadan móti austri á Kellingarfiall, þadan á Skúmhött; þadan á Búngufell; þadan úteptir Fiallaeggium þeim, sem skipta landeign milli hennar og Borgarfiardar, og Húsavíkur, uns Hrafnagilid (sem hefr upptök sín nedar í brekkunum) er öndverdt, ad réttri Siónhending þá madr stendur á Slettunni nidr undan. Sídan skiptir Merkilækkrin landi millum hennar og klausturjarðarinnar Ness, móti sudaustri i Sió nidur. Banna eg einum og serhvörium án míns edr Fullmektugsleyfis, allan áverka og óheimila brúkun á landi Jardarinnar innan framanskrifadra Takmarka svo sem med vidar eda lingsrifi, Slætti, Hagbeit, Grasatekiu, Torfskurði eda hvörium öðrum Averka sem heita kynni, – undir 2falda Landnámssekt um næstu 12 mánudi og fyrir áqvedid Lagastraff framvegis. Undireins Lögfesti eg Rekann fyrir Landeign Jarðarinnar með Siónum framm ad utanverdu eda nl: frá Merkilækjarútfalli innad Stórahrauná.<sup>1142</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Seljamýri:

Seljamýri

Túnid fóðrar 1 kú og 1 vetrúng og á útheyi, land og síáfarbeit framfleytast 30 ær, 40 saudir, 20 lömb og 2 hestar; túnid er heldur greidt en lítid grasgéfíd; Eingiar vídslægar og greidar, en graslitlar. Málnytta sæmileg og þrif góð; bædi land og flúdabeit vid fiöru

<sup>1138</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 368–370, skjal nr. 4(133).

<sup>1139</sup> Skjal nr. 2(421).

<sup>1140</sup> Skjal nr. 2(119).

<sup>1141</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>1142</sup> Skjöl nr. 2(265) og 2(822).



gód á vetrum þegar til þeirra nær, lítil reka von; útræði all gott um há sumar en stopullt á öðrum tíma sökum hafnarleysis; jörðin á afrétt fyrir síálfa sig; torfskéra sæmileg; lyng nokkurt er til í landinu en kvistur ekki til [jarðir]; um móttak vita menn ekki. Hætta eru við fiöru fyrir skepnur. Til að nota jörðina þykir þurfa 2 karlmenn, 2 kvenmenn og smala. Þessa jörd vyrdu 3 af virðingarmönnum á 350<sup>rbd</sup>, 1 á 325<sup>rbd</sup> og 1 á 300<sup>rbd</sup>; verður þá virðingar summan 335 (. þriú hundrud þríátíu og fimm.) rbd.<sup>1143</sup>

Með bréfi dagsettu 24. febrúar 1887 sendi amtmaður landshöfðingja skýrslu og fylgiskjöl varðandi nokkrar landamerkjaprætur milli jarða í Loðmundarfirði. Amtmaður ritaði umsögn og tillögu um þrætumál varðandi þjóðjörðina Stakkahlíð og kirkjujörðina Seljamýri. Hann sagði ágreininginn snúast um allstórt fjallstykki milli Skúmhattudalsár og Kerlingardalsár, sem hafi verið notað frá Stakkahlíð. Amtmaður lagði til að presturinn í Klyppstaðarkirkju, eigandi Seljamýrar, yrði skipað að skýra stiftsyfirvöldum frá málgögnum og framhaldið yrði ákveðið af landshöfðingja. Með sama bréfi skýrði amtmaður frá kröfu Klyppstaðarprests um reka sem kæmi upp á Stakkahlíð og lagði til að farið væri með þann ágreining með sama hætti og ágreining um landamerki Stakkahlíðar og Seljamýrar.<sup>1144</sup> Landshöfðingi svaraði með bréfi dagsettu 7. maí 1887 og samþykkti tillögur amtmanns um málsframvindu. Þá sendi landshöfðingi stiftsyfirvöldum bréf, dagsett sama dag, um að kallað yrði eftir málgögnum frá prestinum á Klyppstað.<sup>1145</sup> Frekari bréfsendingar gengu síðan milli amtmanns og landshöfðingja í júní 1887 um málgögnin.<sup>1146</sup>

Með bréfi dagsettu 5. janúar 1888 sendu stiftsyfirvöldin málgögn prestsins á Klyppstað varðandi landamerkjамál Stakkahlíðar og Seljamýrar og rekaréttindi í landi Stakkahlíðar til landshöfðingja. Tilgreind þrjú fylgiskjöl liggja ekki með bréfinu í skjalasafni landshöfðingja.<sup>1147</sup> Landshöfðingi endursendi málskjölin með bréfi dagsettu 14. janúar 1888 og krafðist frekari gagna.<sup>1148</sup> Með bréfi til landshöfðingja, dagsettu 21. desember 1888, tilkynntu stiftsyfirvöldin að ekki væri tilefni til málsóknar vegna landamerkja- og rekaítakkröfu prestsins á Klyppstað og að sú ákvörðun hafi verið tilkynnt prófasti Norður-Múlaprófastsdæmis.<sup>1149</sup> Amtmaður ritaði landshöfðingja 22. nóvember 1889 spurðist fyrir um málsframvinduna og var tilkynnt um ákvörðun stiftsyfirvalda um að láta málið falla niður með bréfi dagsettu 6. janúar 1890.<sup>1150</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Seljamýrar er dagsett 4. mars 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing á Seyðisfirði 17. júní 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

<sup>1143</sup> Skjal nr. 2(133).

<sup>1144</sup> Skjal nr. 2(495).

<sup>1145</sup> Skjal nr. 2(496).

<sup>1146</sup> Skjal nr. 2(497)–2(498).

<sup>1147</sup> Skjal nr. 2(499).

<sup>1148</sup> Skjal nr. 2(500).

<sup>1149</sup> Skjal nr. 2(501).

<sup>1150</sup> Skjal nr. 2(502)–2(503).

Landamerki

kirkjujarðarinnar Seljamýrar í Loðmundarfirði eru þessi:

Merkin byrja við sjó við Merkilækjarútfall og liggja upp eftir Merkilæk upp í Hrafnagil til fjalls, þar er vötnum hallar, síðan eftir fjallaeggjum allt á Skúmhött, þaðan eftir Skúmhattudalsá og er henni lýkur, eftir Stóru-Hrauná allt til sjávar. Jörðin á allan reka fyrir sínu landi.

Dvergasteini, 4. marz 1890.

Björn Þorláksson

Ofanskrifuð landamerki samþykki eg:

Hallfreðarstöðum, 6. marz 1890

Páll Ólafsson<sup>1151</sup>

Hinn 25. júní 1894 skráðu J. B. Jóhannesson, Jón Þorleifsson og Einar Eiríksson niður afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi. Þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16. maí 1894 með vísan í reglugjörð um fjallskil í Norður-Múlasýslu, staðfestri af amtsráðinu 22. ágúst 1893. Í afréttarland Seljamýrar mátti reka 60 kindur en afréttarlandið skyldi vera frá Grenishólum inn að Skúmhattudalsá.<sup>1152</sup>

Hinn 9. júlí 1911 var tekið fyrir að meta og gera lýsingu um jörðina Seljamýri. Jörðin var metin af matsmönnum á 2.000 kr.<sup>1153</sup>

Með afsalsbréfi dagsettu 29. júní 1914 seldi ráðherra Íslands jörðina Seljamýri til Jóns Þorsteinssonar fyrir 2.300 kr.<sup>1154</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Seljamýri var metin á 2.300 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að upprekstrarland sé nægjanlegt fyrir afréttarfé ábúanda. Eigandi jarðarinnar var Jón Þorsteinsson.<sup>1155</sup>

Í afriti af bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 5. maí 1942, kemur fram að ráðuneytið lofaði Gunnlaugi Sigurbjörnssyni að kaupa af honum eignarjörðina Seljamýri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, m.a. að hann tæki upp erfðaábúð á jörðinni.<sup>1156</sup>

### 5.21.2 Stakkahlíð í Loðmundarfirði

Í afriti af skjali sem varðveitt er í Landsbókasafni og skráð er árið 1601 er fjallað um eignir Klyppstaðarkirkju þegar sr. Þórður Jónsson tók við kirkjunni. Skráð er efst í afritið að það hafi verið þann 28. júní 1574. Meðal eigna og ítaka kirkjunnar var skógur í Stakkahlíð milli Hraunsár og Titlingshóls og fjórtán feta torfgröf í sama landi.<sup>1157</sup>

<sup>1151</sup> Skjal nr. 2(47).

<sup>1152</sup> Skjal nr. 2(319).

<sup>1153</sup> Skjal nr. 2(863).

<sup>1154</sup> Skjal nr. 2(864).

<sup>1155</sup> Skjal nr. 2(184).

<sup>1156</sup> Skjal nr. 2(650).

<sup>1157</sup> Skjal nr. 2(661).

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 28. ágúst 1706 er sagt frá skjölum sem voru hjá kirkjunni. Þar er meðal annars fjallað um lögfestu Skriðuklaustursjarða í Loðmundarfirði frá 1688.<sup>1158</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Stakkahlíðar metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Skriðuklaustursumboð.<sup>1159</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Stakkahlíð skoðuð 9. september 1828. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Abúendurnir ségiast heyrta hafa og þeir hafi brúkað svo, að Landamerki jarðarinnar séu að framan, úr Læk þeim sem rennr úti Tiörnina fyrir framan og nedan Túnid, upp Skagann miðjan milli Klippstada og Stackahlydar beint uppí Kallfellsröd, enn að utann rædr Hrauná, alt inná Fitjar, þá norðr miðjan Skúmhattadal, og þaðan fram á Hraundalsvarp. Rekamörk Jarðarinnar eru frá Hrauná til Melrackapúfu.<sup>1160</sup>

Úttektarmennirnir Jón Jónsson og Jón Árnason staðfestu úttektir sínar á Skriðuklaustursjörðum við aukarétt að Ketilsstöðum 2. október 1828. Í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829 var þann 12. mars 1829 skráð að Johnson amtmaður hafi með bréfi dagsettu 21. febrúar 1829 lýst sig óánægðan með úttektirnar. Sýslumaðurinn Páll Melsted skráði svo að réttur amtsins væri að taka þær til rannsóknar og álits á kostnað Bergvins Þorbergssonar umboðsmanns og dánarbús Guðmundar Pálssonar.<sup>1161</sup>

Hinn 4. janúar 1840 skrifaði Jón Austfjörð prestur á Klyppstað biskupi og bað um útskipt af máldaga Klyppstaðarkirkju vegna deilu hans við abúendur í Stakkahlíð um rekamörk.<sup>1162</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Stakkahlíð skoðuð 16. apríl 1841. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Landamerki Jarðarinnar er að framan, úr syðstu Kallfells Röð nedan til <sup>og</sup> ofaní græna Hnaus þaðan í miðjann Skagan nedan til og ofan í Fjarðar-á; síðan rædur Áinn úti Lóninn, og þaðan beint til Sjóar eptir því sem téð A rennur innann dalinn. Að utan rædur Hrauná inná Fitjar; þaðan Skúmhattudals á.

Reka mörk hennar eru frá Hrauná að beinni línu midadri úr Melrackapúfu í Alfastein.<sup>1163</sup>

Í ódagsettu skjali, líklega frá fyrri hluta nítjándu aldar og sem lagt var fram við aukarétt Norður-Múlasýslu 30. ágúst 1890, segir eftirfarandi um jörðina Stakkahlíð:

Stakkahlíð

Landamerki eru að framan úr syðstu Kallfellsröd neðan til og ofan í græna-Hnaus, þaðan í miðjann Skagann neðan til og ofan í Fjarðará – síðan ræður áin út í lónin og þaðan beint til sjóar, eptir því sem téð á rennur innan dalinn

Að utan ræður Hrauná inni Fitjar þaðan Skúmhattudalsá

<sup>1158</sup> Skjal nr. 2(422).

<sup>1159</sup> Skjal nr. 2(118).

<sup>1160</sup> Skjal nr. 2(675).

<sup>1161</sup> Skjal nr. 2(675).

<sup>1162</sup> Skjal nr. 2(564).

<sup>1163</sup> Skjal nr. 2(647).

Rekamörk hennar (jarðarinnar) eru frá Hrauná að beinni línu miðaðri úr Melrakkaþúfu í Alfastein<sup>1164</sup>

Við manntalsþing að Dvergasteini 22. maí 1845 var uppboðnar klausturjarðirnar hálf Skriðuklaustur og hálf Stakkahlíð.<sup>1165</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Stakkahlíð metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Skriðuklaustursumboðs.<sup>1166</sup>

Við manntalsþing að Dvergasteini 31. maí 1848 friðlýsti sr. J. Austfjörð á Klyppstað, með skjali dagsettu 26. apríl 1848, öllum selalátrum fyrir Sævarendalandi allt frá landamerkjum milli Stakkahlíðar og téðrar jarðar og allt út að Hjálmá og bannaði einnig öll skot og selaslög fyrir Sævarendalandi.<sup>1167</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Stakkahlíð:

Stakkahlíð

Túnid fóðrar 3 kyr og á útheyi, útbeit og fiörubeit framfleytast 60 ær, 60 saudir, 50 lömb, 3 hestar; túnid er mestallt greidt en sumstadar grytt; eingiar fremur vídslægar en snöggvar; medal ærnyt á sumri 30 pottar; kyrrnyt í mál á sumri 6 merkur; útbeit á vetrum seig en síófarbeit lítil; nokkur rekavon; útrædi nokkurt og dálitla silungsveidi má telja, lyng nóg í hrís og brúkast til eldsneytis; mótak all gott en erfitt; torfskéra er til en ördug, reidíngur fæst til heimilis brúkunar; hættur fyrir gripi bædi á landi og vid síó; landid miög grytt, hellu má fá en slæma. Nægilegt lid á jörðinni þykir vera 4 karlmenn og 4 kvenmenn. Jörðin var vyrðt á 600 (. sex hundrud) rbd.<sup>1168</sup>

Við manntalsþing að Dvergasteini 9. júní 1883 var friðlýst æðarvarpi í Stakkahlíð og kærði bóndinn þar Jón Baldvin Jóhannesson að æðarfuglar væru iðulega drepnir af Færeyingum sem róa frá Seyðisfirði.<sup>1169</sup>

Með bréfi dagsettu 24. febrúar 1887 sendi amtmaður landshöfðingja skýrslu og fylgiskjöl varðandi nokkrar landamerkjaprætur milli jarða í Loðmundarfirði. Amtmaður ritaði umsögn og tillögu um þrætumál varðandi þjóðjörðina Stakkahlíð og kirkjujörðina Seljamýri. Hann sagði ágreininginn snúast um allstórt fjallstykki milli Skúmhattudalsár og Kerlingardalsár, sem hafi verið notað frá Stakkahlíð. Amtmaður lagði til að presturinn í Klyppstaðarkirkju, eigandi Seljamýrar, yrði skipað að skýra stiftsyfirvöldum frá málgögnum og framhaldið yrði ákveðið af landshöfðingja. Með sama bréfi skýrði amtmaður frá kröfu Klyppstaðarprests um reka sem kæmi upp á Stakkahlíð og lagði til að farið væri með þann ágreining með sama hætti og ágreining um landamerki Stakkahlíðar og Seljamýrar.<sup>1170</sup> Landshöfðingi svaraði með bréfi dagsettu 7. maí 1887 og samþykkti tillögur amtmanns um málsframvindu. Þá sendi landshöfðingi stiftsyfirvöldum bréf, dagsett sama dag, um að kallað yrði eftir málgögnum frá prestinum á Klypp-

<sup>1164</sup> Skjal nr. 2(302).

<sup>1165</sup> Skjal nr. 2(822).

<sup>1166</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>1167</sup> Skjal nr. 2(831).

<sup>1168</sup> Skjal nr. 2(133).

<sup>1169</sup> Skjal nr. 2(687).

<sup>1170</sup> Skjal nr. 2(495).

stað.<sup>1171</sup> Frekari bréfsendingar gengu síðan milli amtmanns og landshöfðingja í júní 1887 um málgögnin.<sup>1172</sup>

Með bréfi dagsettu 5. janúar 1888 sendu stiftsyfirvöldin málgögn prestsins á Klyppstað varðandi landamerkjumál Stakkahlíðar og Seljamýrar og rekaréttindi í landi Stakkahlíðar til landshöfðingja. Tilgreind þrjú fylgiskjöl liggja ekki með bréfinu í skjalasafni landshöfðingja.<sup>1173</sup> Landshöfðingi endursendi málskjölin með bréfi dagsettu 14. janúar 1888 og krafðist frekari gagna.<sup>1174</sup> Með bréfi til landshöfðingja, dagsettu 21. desember 1888, tilkynntu stiftsyfirvöldin að ekki væri tilefni til málsóknar vegna landamerkja- og rekaítakakröfu prestsins á Klyppstað og að sú ákvörðun hafi verið tilkynnt prófasti Norður-Múlaprófastsdæmis.<sup>1175</sup> Amtmaður ritaði landshöfðingja 22. nóvember 1889 spurðist fyrir um málsframvinduna og var tilkynnt um ákvörðun stiftsyfirvalda um að láta málið falla niður með bréfi dagsettu 6. janúar 1890.<sup>1176</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Stakkahlíðar er dagsett 6. mars 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing á Seyðisfirði 16. júní 1892. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki klausturjarðarinnar Stakkahlíðar í Loðmundarfirði eru þessi:

Merkin eru talin byrja að framan og liggja úr suðurröð á Karlfelli í Grænahnaus, þaðan í miðjan Skaga neðst, beint í Fjarðará. Síðan liggur merkja línan út eptir Fjarðará allt þar til er kemur að þeirri línu, er dregin verður úr flæðarmáli beint yfir Melrakkaþúfu (hún er neðan við varptjarnirnar) í Álfastein þann, sem yztur stendur á brekkunni framan við Norðdalsá. Síðan ræður þessi lína merkjum í sjó út. Í ánni eru 2 hólmar, Kríuhólmi og Stóri hólmi, er tilheyra Sævarenda. Frá sjó liggja merkin upp eptir Stóruhrauná upp á svo nefndar Fitjar og því næst upp eptir Skúmhattudalsá á varp upp, og eptir það eptir vörpum allt í kring þar til Karlfellsröðin syðri tekur við.

Jörðin á 2 þriðjunga í öllum reka fyrir sínu landi.

Hallfreðarstöðum, 6. marz 1890.

Páll Ólafsson

Ofanskrifuð landamerki samþykki jeg.

Staddur á Hallfreðarstöðum, 6. marz 1890

Björn Þorláksson prestur á Dvergasteini.<sup>1177</sup>

Hinn 25. júní 1894 skráðu J. B. Jóhannesson, Jón Þorleifsson og Einar Eiríksson niður afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi. Þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16. maí 1894 með vísan í reglugjörð um fjallskil í Norður-Múlasýslu, staðfestri af amtsráðinu 22. ágúst 1893. Í afréttarland Stakkahlíðar mátti reka 80 kindur en afréttarlandið

<sup>1171</sup> Skjal nr. 2(496).

<sup>1172</sup> Skjal nr. 2(497)–2(498).

<sup>1173</sup> Skjal nr. 2(499).

<sup>1174</sup> Skjal nr. 2(500).

<sup>1175</sup> Skjal nr. 2(501).

<sup>1176</sup> Skjal nr. 2(502)–2(503).

<sup>1177</sup> Skjal nr. 2(48).

skyldi vera Hraundalur og Kerlingadalur innan við Fitjahjalla út í Skúmhattudalsá ofan við Lönguhlíð.<sup>1178</sup>

Með bréfi dagsettu 10. júní 1896 óskaði J. Baldvin Jóhannesson við landshöfðingja að fá keypta jörðina Stakkahlíð og veitti Tryggva Gunnarssyni bankastjóra umboð til að ganga frá kaupunum fyrir sína hönd.<sup>1179</sup>

Hinn 5. september 1896 seldi landshöfðingi þjóðjörðina Stakkahlíð til J. Baldvins Jóhannessonar fyrir 2.600 kr.<sup>1180</sup>

Í skrá yfir seldar þjóðjarðir 1884–1890 kemur fram að jörðin Stakkahlíð var seld árið 1896 fyrir 2.600 kr.<sup>1181</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Stakkahlíð var metin á 6.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að upprekstrarland sé nægjanlegt fyrir afréttarfé ábúanda. Eigandi jarðarinnar var J. Baldvin Jóhannesson.<sup>1182</sup>

### 5.21.3 *Klyppstaður í Loðmundarfirði*

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið á Klyppstað.<sup>1183</sup>

Í máldaga Klyppstaðarkirkju frá 1367 segir meðal annars:

Mariukirkia a Klifstad j Lodmundarfirdi ä alltt heima land med gögnum oc giædum. skog j stackahljdar land firir ofan reidgötur nedri vt til Hraunär so langt sem skogur vex vpp. og til geilar þeirrar sem geingur fyrer framan titlingshol. Hun á xiiij fota torfgröf j sama jardar land fyrer vtan skaga skog j vlfstada land. frä hofsä til lækiar þess er næstr fellur fyrer framan fremri hops gierdi. Annann skog j sama land vt frä mel ä til lækiar er næstur er oc klyfs vppi skog j arnastada land frä melä til lækiar er næstvr rennur arnastödum. Skog j hleidargardz land fra fremra skeide til ytra skeidz ofan ad myre. fyrer nedann äs enn næsta oc vpp j fliot.

[...]

hun a fiordung j reka frä Grimkelsgile til Hialmär. allann reka fra Hialmä til melrackaþufu. sem stendur vt fra vatni fætinum nedra j Stackahljld. sem kollud er fiskitiornn sionhending j sio vt. þadann þridiung j ollum reka til Hraunar. skipgöngu j alvidrisvogi j neslandi.<sup>1184</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Maríukirkju á Klyppstað frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

Mariukirkia a Klyfstodumm a alltt heimaland med gognumm oc giædum.

Skogarteig j Stackahljdar lannd firir ofann reidgötur til Hraunär oc geilar þeirrar sem geinngur firir framann Titlingshol.

<sup>1178</sup> Skjal nr. 2(319).

<sup>1179</sup> Skjal nr. 2(517).

<sup>1180</sup> Skjal nr. 2(514).

<sup>1181</sup> Skjal nr. 2(527).

<sup>1182</sup> Skjal nr. 2(183).

<sup>1183</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 4, skjal nr. 4(21).

<sup>1184</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 239–240, skjal nr. 4(121).

xiiij fota gröf i þad sama lannd.

Skogarteig j Vlfstada lannd milli Melär oc lækiar þess er þar fellur næstur.

Skogarteig i Hleidrargardz merki.<sup>1185</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Klyppstaðarkirkju:

Kirkian ad Kliffstødum. ä alltt heimaland med giædum.

Skogarteig i Stackahljidarland fijrer offan reidgötur [nedre til Hraunär. og geilar theirrar sem geingur fijrer framan Titlingshöl.

xiiij fota gröff i thad sama land.

Skögarteig i Vlfstadaland. mille Melär og lækiar thess er thar fellu[r] næstur. Skogarteig i Hleidrargardz merke.

thridiung i öllum reka mille Hiälmär og Hraunär.

[...]

[Jorden a Sæfar[en]da .leiga .... aura.<sup>1186</sup>

Í afriti af skjali sem varðveitt er í Landsbókasafni og skráð er árið 1601 er fjallað um eignir Klyppstaðarkirkju þegar sr. Þórður Jónsson tók við kirkjunni. Skráð er efst í afritið að það hafi verið þann 28. júní 1574. Meðal eigna og ítaka kirkjunnar var jörðin Sævarendi, þriðjungur í öllum reka í Stakkahlíð, fjórðungur úr reka á Hjálmárströnd, skógur í Stakkahlíð milli Hraunsár og Titlingshóls og fjórtán feta torfgröf í sama landi. Einnig átti kirkjan skóg í Úlfsstaðalandi milli Hofsár og þess lækjar sem næst féll fyrir framan Fremra-Hofgerði. Þá átti kirkjan annan skóg í sama landi frá Melá og til þess lækjar sem næst féll þar fyrir utan. Loks átti kirkjan skóg í Árnastaðalandi frá Melá og til þess lækjar sem næstur var Árnastöðum.<sup>1187</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Maríukirkju á Klyppstað frá 8. ágúst 1645 segir meðal annars:

Marjukyrckja aa Kliffstódum aa Heimalannd allt med gógnum og giædum, Skögarteig J Stackahljidarland fyrer offan reidgötur til Hraunär (kyrckjuskräen skyrer so, fyrer offan Reidgötur Nedre Vt til hraunär, suo langt sem Skögur vex vpp) og til Geilar þeirrar sem geingur fyrer framan Titlijngshöl. Fiörtän fötagróff J þad sama land (fyrer vtan skaga, kyrckjuskräen.) Skogarteig J Vlfstadaland Millum Melär og lækjar þess þar fellur næstur (kyrckjuskräen helldur so, Skog J Vlfstadaland fra Hoffis Ä, til lækjar þess er næstur fellur fyrer framan fremra Hoffsgjerde, Annann Skög J Sama lannd Vt fraa Melä, til lækjar, er næstur er, og Klyffst vpp J. Skog J Arnastadaland frá Melä, til lækjar er næst rennur Arnastódum). Skogarteig J Hleidrargardsmercke (Skraenn Skög J Hleidrargardsland frá fremra Skeide til ytra Skeids offan ad Myre fyrer offan Aasenn næsta og Vpp J fliöt Hun aa fjordung J Reka fra Grijmkjelsgile til hiälmär allann Reka fra Hjälmä til Melrackapuffu sem Stendur Vt fra Vatz fætenum nedra J Stackahljíd sem kóllud er fiske tjörn, Sjonhendijng J Sjö vt, þadan þridjung J öllum Reka til Hraunär, Skipgaungu J Alvidress Voge J Neslande) Visitatiubökenn Skyrer so, þridjung J öllum Reka Millum Hjälmär og Hraunär, Hun ä Sæffarenda, leigest .x. aurum Skal .S.

<sup>1185</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 223–224, skjal nr. 4(40).

<sup>1186</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XV, bls. 688–689, skjal nr. 4(41).

<sup>1187</sup> Skjal nr. 2(661).

Þoruóerdur Arnason taka heffdar Vitne Stadarenz og Jardarennar, og senda handskriffað til Skalholltz.<sup>1188</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 30. júní 1727, 23. september 1763 og 22. febrúar 1780 og prófastsvísitasíum frá 9. september 1790, 21. ágúst 1805, 28. september 1813, 28. ágúst 1824, 13. ágúst 1841, 13. júlí 1842, 10. ágúst 1844, 20. ágúst 1847 og 7. september 1852 og texta í kirkjustól Klyppstaðarkirkju frá 6. ágúst 1748.<sup>1189</sup> Í prófastsvísitasíunni 28. september 1813 er þess getið að þriðjungur í reka fyrir landi Stakkahlíðar sé undan kirkjunni genginn. Í prófastsvísitasíunum frá 28. ágúst 1824 og 13. ágúst 1841 segir að ágreiningur sé milli Stakkahlíðar og Klyppstaðar um rekamörk og honum er lýst nánar í vísitasíunni frá 13. júlí 1842.<sup>1190</sup> Í vísitasíunni frá 10. ágúst 1844 er enn fjallað um rekaágreining fyrir landi Stakkahlíðar og þá segir þar frá óútkljáðum ágreiningi um hval sem rak þann 4. júlí 1842 undir ófærum við Grenmó sem sé innan landamerkja Breiðuvíkur, kirkjujarðar Klyppstaðar.<sup>1191</sup> Í prófastsvísitasíu frá 19. júní 1845 er enn fjallað um rekaágreining fyrir landi Stakkahlíðar.<sup>1192</sup> Í vísitasíunni frá 7. september 1852 segir að upp sé risinn ágreiningur um landamerki Stakkahlíðar og Seljamýrar.<sup>1193</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Klyppstaðar metinn 10 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Klyppstaðarkirkja.<sup>1194</sup>

Í skýrslu sr. Jóns Austfjörð á Klyppstað frá 30. ágúst 1839 yfir prestsinntekt í Loðmundarfjarðarsókn er lýst Jón ítökum staðarins, túni þess og slægjum. Sr. Jón lýsti landkostum og gat þess að engin afrétt fylgdi.<sup>1195</sup>

Hinn 4. janúar 1840 skrifaði Jón Austfjörð prestur á Klyppstað biskupi og bað um útskift af máldaga Klyppstaðarkirkju vegna deilu hans við ábúendur í Stakkahlíð um rekamörk.<sup>1196</sup>

Hinn 8. júlí 1842 fór fram sáttafundur hjá sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis um mál sr. Jóns Austfjörð vegna Klyppstaðarkirkju gegn Hallgrími og Kjartani Ólafssonum á Dallandi vegna hvalbrots sem rekið hafði á land við ófærum milli Stóru-Breiðuvíkur og Kjólsvíkur eða undir svokölluðum Grenmó. Fram kemur að Hallgrímur og Kjartan helguðu Húsavíkurkirkju allan reka í Kallasteinsfjöru en sr. Jón sagði hvalinn hafa rekið þar sem Klyppstaðarkirkja hefði rekarétt, með öðrum orðum kallaðist fjaran ekki Kallasteinsfjara norðan við bás einn þar sem hvalinn hafði rekið að landi. Sátt náðist ekki og var málinu vísað til landslaga og réttar.<sup>1197</sup>

<sup>1188</sup> Skjal nr. 2(410). Sjá einnig skjal nr. 2(411).

<sup>1189</sup> Skjöl nr. 2(412)–2(414), 2(473)–2(479), 2(481) og 2(483)–2(484).

<sup>1190</sup> Skjöl nr. 2(476) og 2(478)–2(479).

<sup>1191</sup> Skjal nr. 2(481).

<sup>1192</sup> Skjal nr. 2(482).

<sup>1193</sup> Skjal nr. 2(484).

<sup>1194</sup> Skjal nr. 2(117).

<sup>1195</sup> Skjal nr. 2(563).

<sup>1196</sup> Skjal nr. 2(564).

<sup>1197</sup> Skjal nr. 2(332).



Hinn 18. september 1842 skrifaði sr. Jón Austfjörð á Klyppstað biskupi bréf með beiðni um að fá senda útdrætti úr biskupsvísitasíum viðvíkjandi rekaítökum í landi Stóru-Breiðuvíkur í Víkum. Forráðamaður Húsavíkurkirkju gerði tilkall til nefndra ítaka sem Jón taldi tilheyra Klyppstaðarkirkju.<sup>1198</sup> Biskup svaraði sr. Jóni með bréfi dagsettu 15. nóvember 1842. Í bréfinu er vitnað í máldaga Vilchins og Gísla biskups Jónssonar varðandi rekaréttindi Húsavíkurkirkju. Einnig er vitnað í vísitasíur. Þá segir frá skjali í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar um landa- og fjörunerki Stóru- og Litlu-Breiðuvíkur frá 1672 sem og reka- og landamerki Breiðuvíkur, Kjólsvíkur, Hvalsvíkur og Brimsvíkur, líklega átt við Brúnavík.<sup>1199</sup>

Hinn 22. maí 1843 skrifaði sr. Jón Austfjörð á Klyppstað í Loðmundarfirði biskupi bréf vegna deilu hans við forráðamenn Húsavíkurkirkju um rekaítök í landi Stóru-Breiðuvíkur. Sr. Jón kvartaði yfir því að forráðamenn Húsavíkurkirkju hefðu heimildarlaust hagnýtt sér hvalreka á fjöru sem hann áleit tilheyra Klyppstaðarkirkju. Svæðið sem um var deilt náði norðan frá Kallasteinsfjöru og suður til Svínavíkur.<sup>1200</sup> Sr. Jón skrifaði biskupi annað bréf 25. maí 1843 með fylgigögnum til stuðnings málshöfðun sinni á hendur forráðamönnum Húsavíkurkirkju fyrir ólöglega hagnýtingu á hval er rak í bás norðan við Kallasteinsfjöru í landi Stóru-Breiðuvíkur í Víkum. Sr. Jón óskaði eftir stuðningi biskups við málareksturinn.<sup>1201</sup> Biskup skrifaði til amtmanns þann 12. ágúst 1843 og skýrði honum frá málinu auk þess að tilkynna að sr. Jón á Klyppstað hafi óskað eftir gjafsókn. Biskup lagði til að kölluð yrðu til vitni og gert yrði afstöðukort af svæðinu.<sup>1202</sup>

Í uppteiknan yfir eignir og ítök Klyppstaðarkirkju frá 23. desember 1843 er fjallað um kirkjujarðir, skógarítök og rekaítök. Um reka við Hjálmárströnd segir eftirfarandi:

Eptir ádurgreindum skilríkjum er kyrkjuni eignadur  $\frac{1}{4}$ ungur úr öllum Reka á Hjálmárströnd, ad sönnu hefur þar ekkert rekið sidann eg kom hingad, enn i tid formanns mins hafði þar tré ad landi borid, og hann átölulaust feingid úr því sinn hluta, og itakid, er ad minni vitund, vidurkennt af Dvergasteins prestum Klippstadar kyrkju eign.<sup>1203</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1844 voru teknar fyrir vitnaleiðslur í sökinni milli sr. Jóns Austfjörð á Klyppstað og bræðranna Hallgríms Ólafssonar í Húsavík og Kjartans Ólafssonar á Dallandi vegna hvalreka í bás við Kallasteinsfjöru. Sr. Jón lagði fram nokkur skjöl en Hallgrímur og Kjartan kölluðu til nokkur vitni sem gáfu skýrslu um reka á svæðinu. Einnig voru framlagðir skriflegir vitnisburðir. Vitnin voru meðal annars spurð um afmörkun Kallasteinsfjöru en fram kom að Ólafur heitinn í Húsavík hafi eignað Húsavík reka á svæðinu, allt suður í Svínavík. Þá var við réttinn framlagt kort af svæðinu sem vitni höfðu merkt inn á þekkt örnefni. Málinu var

<sup>1198</sup> Skjal nr. 2(573).

<sup>1199</sup> Skjal nr. 2(604).

<sup>1200</sup> Skjal nr. 2(574).

<sup>1201</sup> Skjal nr. 2(575).

<sup>1202</sup> Skjal nr. 2(606).

<sup>1203</sup> Skjal nr. 2(480).

frestað.<sup>1204</sup> Það var tekið fyrir að nýju við aukarétt að Stóru-Breiðuvík 18. júlí 1843. Fjöldmörg skjöl voru lögð fram og þá voru nokkur vitni innstefnd. Rétturinn færðist og var settur að nýju á sjó við þrætustaðinn þar sem hinir umhöndluðu staðir og rekamerki voru skoðuð. Að því loknu var rétturinn settur að nýju í Stóru-Breiðuvík. Vitni gáfu skýrslu um rekamörk og örnefni. Í dóma- og þingbókina eru eingöngu skráð svörin en ekki spurningarnar sjálfar. Í réttinn var framlagt kort af svæðinu sem vitnin kynntu sér og staðfestu með eiði. Sr. Jón Austfjörð bað um að málinu yrði frestað þar til búið væri að fá afrit af skjölum frá Kaupmannahöfn. Málinu var í framhaldinu frestað.<sup>1205</sup> Málið var að nýju tekið fyrir 25. júlí 1844, 26. september 1844 og 10. október 1844 þar sem lögð voru fram ný skjöl og vitni gáfu skýrslu. Einkum var leitað upplýsinga um svokallaðan Kallastein en einnig vitnaðist að þeir hafi verið tveir í samnefndri fjöru.<sup>1206</sup> Meðal gagna málsins var dýptarmæling sem framkvæmd var þann 14. september 1844 en þar var mælt dýpi undir klettinum milli nyrðri hvalfjörunnar og báss þess sem hvalinn rak í árið 1842.<sup>1207</sup> Að loknum aukaréttinum 10. október 1844 var málið tekið upp til dóms.<sup>1208</sup>

Við aukarétt 21. nóvember 1844 var kveðinn upp dómur í sökinni milli sr. Jóns Austfjörð og bræðranna Hallgríms Ólafssonar í Húsavík og Kjartans Ólafssonar á Dallandi áhrærandi hvalreka. Í dómnum er farið yfir málsatvik þar sem segir að Hallgrímur hafi látið skera hvalkálfs sem rak upp þann 4. júlí 1842 en sr. Jón Austfjörð gerði tilkall til hans þar sem hann hafi rekið á land Stóru-Breiðuvíkur, kirkjujarðar Klyppstaðar. Þá er fjallað um rekaréttindi Vallaness- og Valþjófsstaðarkirkna á svæðinu, einkum í Svínávík, og farið yfir vitnisburði og önnur gögn sem lögð hafi verið fram í málinu. Samhliða rekamálinu voru tekin fyrir orð sr. Jóns um Ólaf, föður Hallgrím og Kjartan, sem ráns- og gripdeildarmaður og dæmd dauð og marklaus. Að lokum var dæmt í málinu og eru dómsorðin svohljóðandi:

Jörðin Stórabreiduvík í Borgarfyrði sem er Tillagsjörð til Klifstadar Prestakalls dæmist að hafa Rétt til allra Rekaplátsa fyrir sinu Landi frá Landamerkiunum milli hennar og Jardarinnar Kiólsvíkur og allt sudur að þeim Grióthaug sem stendur á Sandinum fyrir sunnan Litlanes að undantekinni allri Kaldasteins eda Kallasteinsfjöru eda þeim 2 Fiörum eda Básunum sem kalladir eru nyrðri og Sydri Hvalfiara og Svínávíkinni frá Litlanesi að Skipavogunum, hvör Rekapláts tildæmast Husavíkur Kyrkiu í Borgarfyrði hvar hiá þeir Innstefndu Proprietairus Hallgrímur Ólafsson á Húsavík og Kiartan Ólafsson á Dallandi eiga enn fyrir báda og bádir fyrir einn að borga til Prestsins Síra Gudmundar Erlendssonar sem beneficiato til Klifstadar 6/8 parta af virði þess Hvalkálfs sem Sumarid 1842 rak upp í Bás nokkurn undir Grenmo eptir óvidkomandi af Réttinum útnefndra Manna álit.

Að því leiti Stefndandinn hefur giört uppástand um að fá ser til dæmda hina 2/8 Parta af Hvalsverdinu frávíst Sökinni.<sup>1209</sup>

<sup>1204</sup> Skjal nr. 2(686).

<sup>1205</sup> Skjal nr. 2(714).

<sup>1206</sup> Skjöl nr. 2(715)–2(717).

<sup>1207</sup> Skjal nr. 2(290).

<sup>1208</sup> Skjal nr. 2(717).

<sup>1209</sup> Skjal nr. 2(718).

Í prófastsvísitasíu Húsavíkurkirkju frá 21. ágúst 1847 segir að rekamál milli Húsavíkureiganda og prests á Klyppstað sé útkljáð og að Húsavík hafi verið útdæmdar svokallaðar Kallasteinsfjörur, annars nefndar nyrðri og syðri Hvalfjara.<sup>1210</sup> Sama kemur fram í prófastsvísitasíu Klyppstaðarkirkju frá 20. ágúst 1847.<sup>1211</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Klyppstaður ekki metin að dýrleika en er skráð sem eign kirkjunnar (beneficium). Í neðanmálgrein kemur fram að árin 1696 og 1804 hafi Klyppstaður verið metinn á 10 hundruð og árið 1670 sé talin með henni ónefnd eyðihjáleiga.<sup>1212</sup>

Skýrsla um skóga og skógarítök Klyppstaðarkirkju er dagsett 28. ágúst 1848 en í henni segir að skógur í heimalandi hafi verið gjörfallinn. Aðrir skógarteigar sem kirkjan ætti væru í löndum Hleiðargarðs, Stakkahlíðar, Árnastaða og Úlfsstaða. Hann tiltók einnig að Húsavíkurkirkja ætti engin skógarítök.<sup>1213</sup>

Hinn 23. september 1848 var á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir rekamál prófastanna sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi og sr. Stefáns Árnasonar á Valþjófsstað annars vegar og bræðranna Hallgríms og Kjartans Ólafssona hins vegar vegna tilkalls þeirra fyrrnefndu til áttungs úr hval sem rekið hafði þann 4. júlí 1842 í bás undir Grenmó í landi Stóru-Breiðuvíkur. Fram kemur að 6/8 hlutar hvalsins höfðu verið dæmdir til Klyppstaðarkirkju með dómi dagsettu 21. nóvember 1844. Ýmis skjöl voru lögð fyrir sáttafundinn, meðal annars um að skipa þyrfti nýja sáttanefnd þar sem hinir upprunalegu nefndarmenn hefðu of mikil tengsl við málsaðila. Bræðurnir Hallgrímur og Kjartan neituðu að greiða til sækjenda tvo áttunga úr hvalnum og umboðsmaður prófastanna kvaðst enga heimild hafa til að gefa eftir kröfur þeirra. Málinu var því vísað frá nefndinni til úrskurðar dómstóla.<sup>1214</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Klyppstað:

Klippstaðr

Túnid fóðrar 2½ kú og á jördinni má hafa 70 ær, 50 saudi, 50 lömb og 4 hesta; túnid er mestallt slett og sæmilega grasgefid þegar ekki skemmist af kali; eingiar bæði vídslægar og grasgéfna; málmyta í medallagi og þríf sæmileg; útbeit á veturnum notanleg þegar til hennar nær; stadnum fylgia rekaítök sem eignud eru Klippstaðar kyrkiu nl. 1/3 úr reka fyrir Stakkahlíðarlandi og ¼ úr Strandarreka; eru ítök þessi opt ardlítill; ná má til síafar þegar afli kémur; mótak er til gott en erfídt; lýng er til og lítid vidarkropp í tróð; torfskéra fæst varla nema langt frá bæ; túnid er stundum á vorin undirorpid stórum skémdum af kali og liggur fyrir grióthlaupum úr tveimur ám; gripahættur hinar mestu og snióþyngsli á veturnum. Til að vinna upp jörðina og nota álist nægilegt lið 4 karlmenn, 4 kvenmenn og smali. Jordin var vyrðt á 600 (. sex hundrud) rbd.<sup>1215</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Klyppstaðar er dagsett 4. mars 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing á Seyðisfirði 17. júní 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

<sup>1210</sup> Skjal nr. 2(471).

<sup>1211</sup> Skjal nr. 2(483).

<sup>1212</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 362.

<sup>1213</sup> Skjal nr. 2(576).

<sup>1214</sup> Skjal nr. 2(335).

<sup>1215</sup> Skjal nr. 2(133).

Landamerki og ítök

kirkjujarðarinnar Klyppstaðar í Loðmundarfirði eru þessi:

Merki eru talin byrja að utan og liggja úr suðurröð á Karlfelli í Grænahnaus, þaðan í miðjan Skaga neðst, beint í Fjarðará. Þaðan liggur merkjalínan upp eftir Fjarðará, þar til er Norðdalsá rennur í hana, þar næst upp eftir Norðdalsá eftir endilöngum Norðdal upp á Norðdalsvarp, og loks eftir eggjum yfir Oddskarð, Miðfell og Miðdalsvarp og útsuður eftir Karlfelli í áðurnefnda röð þess.

Kirkjan á Klyppstað á skógarteig í Stakkahlíðarlandi fyrir ofan reiðgötur neðri út til Hraunár og til geilar þeirrar, sem gengur fyrir framan Titlingshól, fjórtán fóta torfgróf í sama land, skógarteig í Úlfsstaðalandi milli Melaár og lækjar þess, er þar fellur næstur; allan reka frá Hjálmá að þeim stað í flæðarmáli, er bein lína verður dregin yfir Melrakkabúfu (hún er neðan við varptjarnir) á Álfastein þann, er yztur stendur á brekkunni framan við Norðdalsá; þar næst þriðjung í öllum reka frá þessum stað allt að Hrauná eða fyrir öllu Stakkahlíðarlandi.

Dvergasteini, 4. marz 1890.

Björn Þorláksson.

Hinsvegar rituð (ofanrituð) landamerki og ítök samþykki eg

Hallfreðarstöðum, 6. marz 1890

Páll Ólafsson.

Hinsvegar (ofan) rituð landamerki og ítök samþykki eg

Úlfsstöðum, 5. apríl 1890.

Jón Þorleifsson.<sup>1216</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 29. júlí 1890 kemur fram að Klyppstaðarkirkja haldin öllum eignum sínum og óskertum. Þá segir að landamerkjaskrá sé samin og samþykkt fyrir allar eignir kirkjunnar.<sup>1217</sup>

Hinn 25. júní 1894 skráðu J. B. Jóhannesson, Jón Þorleifsson og Einar Eiríksson niður afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi. Þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16. maí 1894 með vísan í reglugjörð um fjallskil í Norður-Múlasýslu, staðfestri af amtsráðinu 22. ágúst 1893. Í afréttarland Klyppstaðar mátti reka 70 kindur en afréttarlandið skyldi vera Norðdalur fyrir innan Skriðulæk og ofan efri Valnahjalla út í Kirkjuá neðan við Miðdal og einnig Miðdalur.<sup>1218</sup>

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Klyppstaðarprestakalls í Loðmundarfirði, dagsettri 20. desember 1899, er fjallað um land jarðarinnar. Þá segir að engin sérstök hlunnindi fylgi jörðinni og einnig segir frá dýrleika kirkjujarðanna sem og rekaítökum.<sup>1219</sup>

Við aukarétt Norður-Múlasýslu 19. mars 1917 voru J. B. Jóhannesson, hreppstjóri í Stakkahlíð, og Hjálmar Guðjónsson, veitingamaður á Seyðisfirði, útnefndir til að lýsa og meta til peningaverðs kirkjujörðina Klyppstað í Loðmundarfirði.<sup>1220</sup>

<sup>1216</sup> Skjal nr. 2(49).

<sup>1217</sup> Skjal nr. 2(415).

<sup>1218</sup> Skjal nr. 2(319).

<sup>1219</sup> Skjal nr. 2(586).

<sup>1220</sup> Skjal nr. 2(773).

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Klyppstaður var metin á 4.600 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að upprekstrarland sé nægjanlegt fyrir afréttarfé ábúanda. Eigandi jarðarinnar var Klyppstaðarkirkja.<sup>1221</sup>

Í afriti af bréfi Stjórnarráðs Íslands til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dagsettu 16. október 1964, er fjallað um upphæðir á sýsluvegagjaldi ákveðinna jarða. Þar eru meðal annars taldar upp jarðirnar Jórvík, Hrjótur, Glettinganes, Hjálmárströnd og Klyppstaður.<sup>1222</sup>

Í afriti af bréfi bæjarfógeta Seyðisfjarðarkaupstaðar og sýslumanns Norður-Múlasýslu, dagsettu 10. september 1965, er fjallað um reikninga um sýsluvegagjöld fyrir árið 1965, skv. 23. gr. vegalaga nr. 71/1963. Eftirtaldar fasteignir ríkisins í sýslunni eru taldar upp í bréfinu: Jórvík, Hrjótur, Glettinganes, Hjálmárströnd, Hjaltastaður I, Svínafell, Klyppstaður og Bæjarstæði.<sup>1223</sup>

#### 5.21.4 Úlfsstaðir í Loðmundarfirði

Hinn 30. ágúst 1506 sendi Þorvarður príor á Skriðuklaustri Þorvarði Bjarnasyni jarðir, þeirra á meðal allt Snotrunes í Borgarfirði en á móti seldi Þorvarður Bjarnason Þorvarði príor meðal annars jarðirnar Nes og Úlfsstaði í Loðmundarfirði.<sup>1224</sup>

Í afriti af skjali sem varðveitt er í Landsbókasafni og skráð er árið 1601 er fjallað um eignir Klyppstaðarkirkju þegar sr. Þórður Jónsson tók við kirkjunni. Skráð er efst í afritið að það hafi verið þann 28. júní 1574. Meðal eigna og ítaka kirkjunnar var skógur í Úlfsstaðalandi milli Hofsar og þess lækjar sem næst féll fyrir framan Fremra-Hofgerði. Þá átti kirkjan annan skóg í sama landi frá Melá og til þess lækjar sem næst féll þar fyrir utan.<sup>1225</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Úlfsstaða metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Skriðuklaustursumboð. Fram kemur að eyðijörðin Árnastaðir hafi verið talin með í matinu.<sup>1226</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Úlfsstaðir skoðuð 8. september 1828. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Eptir frásögn Leigulidanna um Landamerki jarðarinnar að framan verdu úr Skialdarsteini, er stendur við Fjardará, beint til Fialls. Fyrir sunnan Fjardará tilheyrir Jörðunni Land á milli Hofsar og Melár allt til Fialls, þó á Klippstada Kyrkia þar í Skógarhögg. Var svo Uttektarforrétting á þessari jörðu sluttud, ut Supra.<sup>1227</sup>

Úttektarmennirnir Jón Jónsson og Jón Árnason staðfestu úttektir sínar á Skriðuklaustursjörðum við aukarétt að Ketilsstöðum 2. október 1828. Í dóma- og þingbók

<sup>1221</sup> Skjal nr. 2(182).

<sup>1222</sup> Skjal nr. 2(648).

<sup>1223</sup> Skjal nr. 2(649).

<sup>1224</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 119–120, skjal nr. 4(135).

<sup>1225</sup> Skjal nr. 2(661).

<sup>1226</sup> Skjal nr. 2(116).

<sup>1227</sup> Skjal nr. 2(675).

Norður-Múlasýslu 1804–1829 var þann 12. mars 1829 skráð að Johnson amtmaður hafi með bréfi dagsettu 21. febrúar 1829 lýst sig óánægðan með úttektirnar. Sýslumaðurinn Páll Melsted skráði svo að réttur amtsins væri að taka þær til rannsóknar og álits á kostnað Bergvins Þorbergssonar umboðsmanns og dánarbús Guðmundar Pálssonar.<sup>1228</sup>

Við manntalsþing að Dvergasteini 22. júní 1842 var upplesið makaskiptabréf H. Sigurðssonar stúdents fyrir jörðinni Úlfsstöðum, dagsett 5. september 1841.<sup>1229</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Úlfsstaðir metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bænda eign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Úlfsstaðir hafi verið eign Skriðuklaustursumboðs til ársins 1837.<sup>1230</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Úlfsstaði:

Úlfsstaðir

Túnid fóðrar 3½ kú og á jörðinni má framfleyta 70 ám, 40 saudum og 50 lömbum, 4 hestum; tún er grasgéfíð en að mestu leiti þyft; eingiar vídslægar en gras litlar og á einstöku stöðum gryttar; málmyta í medallagi og þrif sæmileg; síósokn er ardlitil vegna fiarlægðar; lyng er til, mótak nokkurt en slæmt; vidarkropp í tróð; jörðin á afrétt fyrir sig; hentugt er í kríngum tún til ræktunar; torfskera ördug; gripahættur eru í landinu; og skriduhlaup nokkurt. Til að nota jörðina þykir þurfa 4 karlmenn, 4 kvenmenn og smala. Þessi jörð var vyrðt á 600 (. sex hundruð.) rbd. af 4 af vyrðingarm; þar H. Sigurðss. er eigandi hennar.<sup>1231</sup>

Ekkert landamerkjabréf fyrir jörðina Úlfsstaði er fært inn í landamerkjabækur Norður-Múlasýslu.

Með bréfi dagsettu 24. febrúar 1887 sendi amtmaður landshöfðingja skýrslu og fylgiskjöl varðandi nokkrar landamerkjaprætur milli jarða í Loðmundarfirði. Amtmaður ritaði umsögn og tillögu um þrætumál varðandi þjóðjörðina Árnastaði og bænda eignina Úlfsstaði. Hann sagði þrætuna snúast um eyrar sem myndist af Fjarðará og þveránni Melá, en lagði til að Skriðuklaustursumboð legði málið í dóm.<sup>1232</sup> Landshöfðingi svaraði með bréfi dagsettu 7. maí 1887 og samþykkti tillögur amtmanns um málsframvindu.<sup>1233</sup> Frekari bréfsendingar gengu síðan milli amtmanns og landshöfðingja í júní 1887 um málgögnin.<sup>1234</sup>

Landamerkjalyking Jóns Þorleifssonar fyrir Úlfsstöðum er dagsett 27. júní 1889. Skjalið var lagt fram í aukarétti 27. júní 1889 og öðrum aukarétti 5. júlí 1894. Texti þess er svohljóðandi:

Landamerki þau sem til heyra eignarjörð minni Úlfsstöðum í Loðmundarfjarðarhreppi, eru þessi: að innan og undan Fjarðará úr Skjaldasteini í svo nemda Landamerkjapúfu í Goðahnúk á Herfelli; að utan og norðan Norðdalsá fyrir norðan Kolshraun á vörp; að utan og sunnan frá Norðdalsárós Fjarðará í Hofsá svo Hofsá upp fjallið; – að innan og sunnan Fjarðará, Mela ofann fjallið beint yfir eyrarnar í Fjarðará. –

<sup>1228</sup> Skjal nr. 2(675).

<sup>1229</sup> Skjal nr. 2(810).

<sup>1230</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 362.

<sup>1231</sup> Skjal nr. 2(133).

<sup>1232</sup> Skjal nr. 2(495).

<sup>1233</sup> Skjal nr. 2(496).

<sup>1234</sup> Skjal nr. 2(497)–2(498).

St. á Seyðisfirði, 27. júní 1889

Jón Þorleifsson

Lögð fram í aukarjetti Norður-Múlasýslu, 27. júní 1889. –

Einar Thorlacius.

Hins vegar rituð landamerki Úlfsstaða samþykkjast að því er til Klippstaðar og Sævarenda kemur.

Dvergasteini 6. júlí 1889

Björn Þorláksson

Sömmuleiðis fyrir Bárðarstaði

Bárðarstöðum 10. Júlí

Jón Ögmundsson

Lögð fram í aukarjetti Norður-Múlasýslu í Stakkahlíð 5. júlí 1894<sup>1235</sup>

Hinn 27. júní 1889 var tekið fyrir mál Jóns Þorleifssonar gegn Páli Ólafssyni umboðsmanni út af landamerkjum jarðanna Árnastaða og Úlfsstaða. Lögð voru fram skjöl og þá voru útnefndir menn í landamerkjadóm.<sup>1236</sup> Málinu var framhaldið 1. ágúst 1890 þar sem meðal annars var riðið á merki jarðanna.<sup>1237</sup> Þá var málið tekið fyrir að nýju 30. ágúst 1890 þar sem lögð voru fram frekari skjöl og yfirheyrður var Einar Pálsson á Ósi í Seyðisfirði en hann kvaðst muna að þrætustykkið milli Melár og Fjarðarar hafi tileinkað Úlfsstöðum.<sup>1238</sup> Meðal gagna í máli Jóns Þorleifssonar, eiganda Úlfsstaða, gegn Páli Ólafssyni, umboðsmanni þjóðjarðarinnar Árnastaða, um landamerki milli jarðanna er varnarskjal Páls, dagsett 27. ágúst 1890. Páll gerði þá kröfu að Árnastöðum yrði dæmt hið umrædda þrætustykki og að Melá réði mörkum milli jarðanna þar sem hún féll ofan fjallið og þar til hún félli í Fjarðará.<sup>1239</sup>

Hinn 30. ágúst var dæmt í landamerkjamáli Árnastaða og Úlfsstaða. Fram kemur í dómnum að málið hafi verið ófullkomlega úr garði gert þar sem kæran til sáttanefndar, dagsett 15. september 1886, beri ekki með sér hvaða landspildu hafi verið um að ræða eða stærð hennar. Þá hafi sóknaraðili lagt fram landamerkjalyásingu þremur árum síðar en af henni að dæma hafi ekki verið hægt að sjá hvaða ágreiningsefni hafi verið lagt til sátta. Þá hafi vantað afstöðuupdrátt. Málinu var því vísað frá réttinum og var sóknaraðili dæmdur til að greiða málskostnað upp á 46,50 kr.<sup>1240</sup>

Með bréfi dagsettu 9. apríl 1891 sendi amtmaður landshöfðingja afrit af tveimur landamerkjadómum, uppkveðnum 29. og 30. ágúst 1890. Annað málið sneri að mörkum Úlfsstaða og Árnastaða.<sup>1241</sup> Landshöfðingi ritaði amtmanni bréf þann 6. maí 1891 og

<sup>1235</sup> Skjal nr. 2(310).

<sup>1236</sup> Skjal nr. 2(834).

<sup>1237</sup> Skjal nr. 2(835).

<sup>1238</sup> Skjal nr. 2(836).

<sup>1239</sup> Skjal nr. 2(301).

<sup>1240</sup> Skjöl nr. 2(529) og 2(837).

<sup>1241</sup> Skjal nr. 2(504).

samþykkti tillögur amtmanns um viðbrögð við landamerkjadómunum og endursendi afrit þeirra.<sup>1242</sup>

Hinn 16. júní 1891 skrifaði Jón Þorleifsson til sáttanefndar Brimnessáttaumdæmis og bað um að mál hans og Páls Ólafssonar um landamerki Úlfsstaða og Árnastaða yrði tekið fyrir. Fram kemur að landspildan sem deilt var um kallaðist Eyrar, var grasi vaxin og lá frá hinum gamla farvegi Fjarðarár, þangað sem Melá félli í hana. Jón krafðist þess að nefnd landspilda yrði dæmd sín eign samkvæmt kaupbréfi sínu fyrir Úlfsstöðum frá 1880. Sáttafundur fór fram 6. júlí 1891 en sáttum var ekki komið á.<sup>1243</sup>

Hinn 25. júní 1894 skráðu J. B. Jóhannesson, Jón Þorleifsson og Einar Eiríksson niður afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi. Þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16. maí 1894 með vísan í reglugjörð um fjallskil í Norður-Múlasýslu, staðfestri af amtsráðinu 22. ágúst 1893. Í afréttarland Úlfsstaða mátti reka 320 kindur en afréttarlandið skyldi vera annars vegar land það sem Úlfsstaðir ættu sunnan Fjarðarár og hins vegar í Norðdal úr Geldingabotnum í Kolahraun og þar fyrir innan svo langt sem Úlfsstaðir ættu land.<sup>1244</sup>

Hinn 5. júlí 1894 var við aukarétt Norður-Múlasýslu tekið fyrir mál Jóns Þorleifssonar gegn Páli Ólafssyni umboðsmanni um landamerki Árnastaða og Úlfsstaða. Fram voru lögð skjöl í málinu og þá voru útnefndir menn í landamerkjadóm. Loks var úrskurðað að Páll Ólafsson fengi 18 mánaða frest til að útvega frekari gögn.<sup>1245</sup>

Hinn 4. júlí 1896 vitnaði Einar Pálsson að í sínu ungdæmi hafi Halldór Sigurðsson á Úlfsstöðum komið til föður síns, Páls Guttormssonar, og tjáð honum að hann ætti allar eyrarnar milli Melár og Fjarðarár í Melárkrók en þetta hafi þeir ekki getað komið sér saman um. Síðar hafi svo Björn Halldórsson á Úlfsstöðum og Árni Jónsson á Árnastöðum gert samning sín á milli þannig að Árni skyldi slá teig í Úlfsstaðatúni fyrir afnot á eyrunum.<sup>1246</sup>

Landamerkjamáli Jóns Þorleifssonar gegn Páli Ólafssyni um landamerki Árnastaða og Úlfsstaða var framhaldið 13. ágúst 1896 þar sem dómsmenn og málsaðilar riðu á merkin þar sem þrætan var um.<sup>1247</sup> Dómnum var framhaldið að merkjagöngu lokinni og voru þá lögð fram frekari gögn. Umboðsmaður Páls Ólafssonar óskaði eftir sex daga fresti sem var synjað en í framhaldinu bað hann að bókuð yrðu andmæli gegn nokkrum skjölum málsins og einnig að krafa Páls um merkin væri að merkjadómur dæmdi að þau væru úr Fjarðará og réði Melá merkjum fyrir sunnan ána allt til fjalls.<sup>1248</sup> Með skjali dagsettu 13. ágúst 1896, sem lagt var fram í landamerkjadómnum, krafðist Jón Þorleifsson þess að jörðinni Úlfsstöðum yrðu dæmdar eyrar í Melárkrók.<sup>1249</sup>

<sup>1242</sup> Skjal nr. 2(505).

<sup>1243</sup> Skjal nr. 2(309).

<sup>1244</sup> Skjal nr. 2(319).

<sup>1245</sup> Skjal nr. 2(838).

<sup>1246</sup> Skjal nr. 2(312).

<sup>1247</sup> Skjal nr. 2(839).

<sup>1248</sup> Skjal nr. 2(840).

<sup>1249</sup> Skjal nr. 2(311).



Við landamerkjarétt 14. ágúst 1896 var dæmt í máli um landamerki milli Úlfsstaða og Árnastaða. Í dómsmála- og lögregluréttarabók Norður-Múlasýslu 1890–1897 er farið yfir málsatvik og kröfur málsaðila.<sup>1250</sup> Afrit af dómnum er fært inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1883–1951 en ekki er getið þinglýsingardags. Hann er svohljóðandi:

Því dæmist rjett að vera:

Landamerkjum milli Úlfsstaða og Árnastaða ráði Melá, frá Fjarðará og til fjalls. – Af kostnaði við rjettargjöld og til dómsmanna, til samans 64 kr. 41 eyr. greiði sækjandi, Jón Þorleifsson, helminginn, en hinn helmingurinn greiðist úr landssjóði. Að öðru leyti falli málskostnaður niður. –

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Eggert Briem settur.

Skapti Jóseppsson, Jón Þorsteinsson, Einar Eiríksson, Stefán Ásbjarnarson.

Vottar:

Kristján Hallgrímsson

Árni Jóhannsson.

Rjett eptirrit staðfestir

Eggert Briem settur.<sup>1251</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Úlfsstaðir var metin á 5.000 kr. Fram kemur að óvíst sé um skráningu landamerkja jarðarinnar. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Þorsteinn Jónsson.<sup>1252</sup>

### 5.21.5 *Bárðarstaðir í Loðmundarfirði*

Hinn 29. júlí 1497 gaf Björn Guðnason og seldi Ragnhildi Bjarnadóttur konu sinni jarðir fyrir þær jarðir sem hún átti á Austfjörðum. Þeirra á meðal voru jarðirnar Nes, Seljamýri, Bárðarstaðir, Sellátrar og Helgustaðir. Þá segir einnig að með hafi fylgt í Hlíð 80 álna partur annars hundraðs í Kjólsvík.<sup>1253</sup>

Hinn 14. ágúst 1651 fór fram kaupgjörningur milli Brynjólfs biskups Sveinssonar og Bjarna Oddssonar þar sem Brynjólfur seldi Bjarna meðal annars alla jörðina Dvergastein með Kolsstöðum og Selsstöðum og jörðina Bárðarstaði í Loðmundarfirði.<sup>1254</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Bárðarstaða metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var S. Petersen sýslumaður.<sup>1255</sup>

<sup>1250</sup> Skjal nr. 2(841).

<sup>1251</sup> Skjöl nr. 2(50) og 2(841).

<sup>1252</sup> Skjal nr. 2(181).

<sup>1253</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* VII, bls. 368–370, skjal nr. 4(133).

<sup>1254</sup> Skjal nr. 2(199).

<sup>1255</sup> Skjal nr. 2(115).

Við manntalsþing að Egilsstöðum 10. júní 1815 var þinglesið makaskiptabréf frá Árna Jónssyni og Jóni Árnasyni, dagsett 23. janúar 1815, þar sem þeir skiptu 12 hundruðum í jörð sinni Gilsárteigi til bóndans Péturs Hildibrandssonar í skiptum fyrir Bárðarstaði í Loðmundarfirði, 12 hundruð að dýrleika.<sup>1256</sup>

Hinn 24. febrúar 1844 afhenti Jón Árnason ellefu hundruð í jörðinni Bárðarstöðum til Jóns Thorarenssonar og fékk á móti 10 hundruð í jörðinni Hólalandi. Makaskiptabréfið var þinglesið þann 10. júlí sama ár.<sup>1257</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Bárðarstaðir metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.<sup>1258</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Bárðarstaði:

Bardarstadir

Túnid fódrar 3 kyr og á jorðinni framfleytast 60 ær, 50 saudir, 50 lömb og 3 hestar; túnid er grytt en greidt og grasgéfið; eingin vídslæg og sæmilegt grasfall; málnyta í medallagi og eins þrif; útbeit á vetrum lítil fyrren fram á lídur; jörðin á afrétt fyrir sig og gétur lánad öðrum land fyrir 100 fiár; mór finnst ekki á landinu, en lyng er til og lítid vidarkropp; síósókn ardlítill sökum vegaleingdar, torfskéra slæm, gripahættur nokkrar og allt land liggur fyrir stórum skémdum af skriduhlaupi; hæfilegt lid álíst að vera 3 karlmenn, 3 kvenmenn og smali. Þessa jord vyrdu 4 af vyrðingarmönnum á 550<sup>rbd.</sup>, 1 á 500 verður því vyrðingarsumman 540 (. fimm og fiörutíu.) rbd.<sup>1259</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Bárðarstaða er dagsett 3. júní 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Dvergasteini 9. júní 1883. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki þau, er tilheyra eignarjörð minni Bárðarstöðum í Loðmundarfjarðarhreppi eru þessi: að utan úr svonefndum Skjaldarsteini í landamerkjapúfu utan við Hjáleigu engjar, svo beina línu í Goðahnúk á Herfelli; að sunnan Fjarðará að Hrævardalsárós, síðan Hrævardalsá upp fjallið; að innan á miðja heiði (Tó) og þaðan útvörp að Hrævardalsá og Goðahnúk.

Bárðarstöðum 3. júní 1883

Jón Ögmundsson.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við undirskrifuð samþykkt.

Jón Þorleifsson (eigandi Úlfsstaða)

Þorbjörg Pálsdóttir (ábúandi Árnastaða)<sup>1260</sup>

Hinn 25. júní 1894 skráðu J. B. Jóhannesson, Jón Þorleifsson og Einar Eiríksson niður afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi. Þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16. maí 1894 með vísan í reglugjörð um fjallskil í Norður-Múlasýslu, staðfestri af amtsráðinu 22. ágúst 1893. Í afréttarland Bárðarstaða mátti reka 130 kindur en afréttarlandið skyldi vera frá Hrævardalsá svo langt sem Bárðarstaðir ættu land inn á Tó, að Klifá að norðan.<sup>1261</sup>

<sup>1256</sup> Skjal nr. 2(685).

<sup>1257</sup> Skjöl nr. 2(260) og 2(686).

<sup>1258</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 362.

<sup>1259</sup> Skjal nr. 2(133).

<sup>1260</sup> Skjöl nr. 2(50) og 2(687).

<sup>1261</sup> Skjal nr. 2(319).

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Bárðarstaðir var metin á 3.200 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að upprekstrarland sé nægjanlegt fyrir afréttarfé abúanda. Eigendur jarðarinnar voru Einar Sölvason og Sófoníus Stefánsson.<sup>1262</sup>

### 5.21.6 Árnastaðir í Loðmundarfirði

Í afriti af skjali sem varðveitt er í Landsbókasafni og skráð er árið 1601 er fjallað um eignir Klyppstaðarkirkju þegar sr. Þórður Jónsson tók við kirkjunni. Skráð er efst í afritið að það hafi verið þann 28. júní 1574. Meðal eigna og ítaka kirkjunnar var skógur í Árnastaðalandi frá Melá og til þess lækjar sem næstur var Árnastöðum.<sup>1263</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 28. ágúst 1706 er sagt frá skjölum sem voru hjá kirkjunni. Þar er meðal annars fjallað um lögfestu Skriðuklaustursjarða í Loðmundarfirði frá 1688.<sup>1264</sup>

Í umfjöllun um Úlfsstaði, 12 hundruð að dýrleika, í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 segir að Árnastaðir hafi verið taldir með í matinu.<sup>1265</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Árnastaðir skoðuð 9. september 1828. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Landmerki hennar qvedst abúandinn heyrnt hafa ad væru: fyrir utan úr Fjardará rædr Melá alt til Fialls, enn ad framan rædr Hräfardalsá.<sup>1266</sup>

Úttektarmennirnir Jón Jónsson og Jón Árnason staðfestu úttektir sínar á Skriðuklaustursjörðum við aukarétt að Ketilsstöðum 2. október 1828. Í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829 var þann 12. mars 1829 skráð að Johnson amtmaður hafi með bréfi dagsettu 21. febrúar 1829 lýst sig óánægðan með úttektirnar. Sýslumaðurinn Páll Melsted skráði svo að réttur amtsins væri að taka þær til rannsókna og álits á kostnað Bergvins Þorbergssonar umboðsmanns og dánarbús Guðmundar Pálssonar.<sup>1267</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Árnastaðir skoðuð 14. apríl 1841. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Landamerki ad nedan er Fjardará; ad utan Melá; og ad innan innri Midmunda-á; nú umm Partinn milli hennar og Hräfardalsár er Agreiningur millumm leigulidans og Abúandans á Bárðarstöðum.<sup>1268</sup>

Með vitnisburði, dagsettum 29. maí 1859, vitnaði Páll Guttormsson á Árnastöðum að hann hafi í 22 ár brúkað allt land milli Melaár og Hräfardalsár, bæði í efra og neðra.<sup>1269</sup>

<sup>1262</sup> Skjal nr. 2(180).

<sup>1263</sup> Skjal nr. 2(661).

<sup>1264</sup> Skjal nr. 2(422).

<sup>1265</sup> Skjal nr. 2(116).

<sup>1266</sup> Skjal nr. 2(675).

<sup>1267</sup> Skjal nr. 2(675).

<sup>1268</sup> Skjal nr. 2(647).

<sup>1269</sup> Skjal nr. 2(303).

Í ódagsettu skjali, líklega frá fyrri hluta nítjándu aldar og sem lagt var fram við auka-rétt Norður-Múlasýslu 30. ágúst 1890, segir eftirfarandi um jörðina Árnastaði:

Arnastaðir

Landamerki, að neðan er Fjarðará Að utan er Melá, og að innan Hræfardalsá<sup>1270</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Árnastaðir metin sex hundruð að dýr-leika og skráð sem eign Skriðuklaustursumboðs.<sup>1271</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Árnastaði:

Arnastadir

Túnid fóðrar 1½ kú og á jörðinni framfleytast 30 ær, 20 saudir, 20 lömb og 2 hestar; tún þyft en snögg, eingi vídslægt en snögg; málmyta og þrif í betra lagi; útbeit góð þegar hennar nýtur, lyng er í landinu en um mótak vita menn ekki, torfskéra góð; jörðin á afrétt fyrir sig, gripahættur nokkrar, síósókn örðug vegna vegaleingdar; nægilegt lið álist að vera 2 karlmenn, 2 kvenmenn og smali; Þessi jörð var vyrðt á 250 (. tvo hundruð og fimtíu.) rbd.<sup>1272</sup>

Ekkert landamerkjabréf fyrir jörðina Árnastaði er fært inn í landamerkjabækur Norður-Múlasýslu.

Með bréfi dagsettu 24. febrúar 1887 sendi amtmaður landshöfðingja skýrslu og fylgiskjöl varðandi nokkrar landamerkjaprætur milli jarða í Loðmundarfirði. Amtmaður ritaði umsögn og tillögu um þrætumál varðandi þjóðjörðina Árnastaði og bændaeygnina Úlfsstaði. Hann sagði þrætuna snúast um eyrar sem myndist af Fjarðará og þveránni Melá, en lagði til að Skriðuklaustursumboð legði málið í dóm.<sup>1273</sup> Landshöfðingi svaraði með bréfi dagsettu 7. maí 1887 og samþykkti tillögur amtmanns um málsframvindu.<sup>1274</sup> Frekari bréfsendingar gengu síðan milli amtmanns og landshöfðingja í júní 1887 um málgögnin.<sup>1275</sup>

Hinn 31. desember 1888 ritaði Páll Ólafsson umboðsmaður til amtmanns og tjáði honum að Þórarinn Jónsson hafi gert tilkall um að fá keypta jörðina Árnastaði.<sup>1276</sup>

Með bréfi til amtmanns, dagsettu 22. mars 1889, óskaði Jón Ögmundsson eftir að fá jörðina Árnastaði til ábúðar. Jón kvaðst fyrst hafa sótt um kaup á jörðinni vorið 1887 og fengið kaupréttinn frá ábúandanum, ekkjunni Þorbjörgu Pálsdóttur, en síðan hafi umboðsmaður svarað honum að hann hefði ekki kauprétt. Jón ítrekaði við amtmann að hann hefði áhuga á að fá jörðina til ábúðar og síðar rétt til að kaupa hana.<sup>1277</sup>

Hinn 27. júní 1889 var tekið fyrir mál Jóns Þorleifssonar gegn Páli Ólafssyni umboðsmanni út af landamerkjum jarðanna Árnastaða og Úlfsstaða. Lögð voru fram skjöl og þá voru útnefndir menn í landamerkjadóm.<sup>1278</sup> Málinu var framhaldið 1. ágúst 1890

<sup>1270</sup> Skjal nr. 2(302).

<sup>1271</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 361.

<sup>1272</sup> Skjal nr. 2(133).

<sup>1273</sup> Skjal nr. 2(495).

<sup>1274</sup> Skjal nr. 2(496).

<sup>1275</sup> Skjal nr. 2(497)–2(498).

<sup>1276</sup> Skjal nr. 2(531).

<sup>1277</sup> Skjal nr. 2(530).

<sup>1278</sup> Skjal nr. 2(834).

þar sem meðal annars var riðið á merki jarðanna.<sup>1279</sup> Þá var málið tekið fyrir að nýju 30. ágúst 1890 þar sem lögð voru fram frekari skjöl og yfirheyrður var Einar Pálsson á Ósi í Seyðisfirði en hann kvaðst muna að þrætustykkið milli Melár og Fjarðarár hafi tileinkað Úlfsstöðum.<sup>1280</sup> Meðal gagna í máli Jóns Þorleifssonar, eiganda Úlfsstaða, gegn Páli Ólafssyni, umboðsmanni þjóðjarðarinnar Árnastaða, um landamerki milli jarðanna er varnarskjal Páls, dagsett 27. ágúst 1890. Páll gerði þá kröfu að Árnastöðum yrði dæmt hið umrædda þrætustykki og að Melá réði mörkum milli jarðanna þar sem hún féll ofan fjallið og þar til hún félli í Fjarðará.<sup>1281</sup>

Hinn 30. ágúst var dæmt í landamerkjamáli Árnastaða og Úlfsstaða. Fram kemur í dómnum að málið hafi verið ófullkomlega úr garði gert þar sem kæran til sáttanefndar, dagsett 15. september 1886, beri ekki með sér hvaða landspildu hafi verið um að ræða eða stærð hennar. Þá hafi sóknaraðili lagt fram landamerkjálýsingu þremur árum síðar en af henni að dæma hafi ekki verið hægt að sjá hvaða ágreiningsefni hafi verið lagt til sátta. Þá hafi vantað afstöðuupdrátt. Málinu var því vísað frá réttinum og var sóknaraðili dæmdur til að greiða málskostnað upp á 46,50 kr.<sup>1282</sup>

Með bréfi dagsettu 9. apríl 1891 sendi amtmaður landshöfðingja afrit af tveimur landamerkjadómum, uppkveðnum 29. og 30. ágúst 1890. Annað málið sneri að mörkum Úlfsstaða og Árnastaða. Um dóminn í fyrrnefnda málinu, lagði amtmaður til að láta þinglýsa honum og færa inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Að öðru leyti ræddi amtmaður upphæðir málskostnaðar í bréfi sínu.<sup>1283</sup> Landshöfðingi ritaði amtmanni bréf þann 6. maí 1891 og samþykkti tillögur amtmanns um viðbrögð við landamerkjadómunum og endursendi afrit þeirra.<sup>1284</sup>

Hinn 16. júní 1891 skrifaði Jón Þorleifsson til sáttanefndar Brimnessáttaumdæmis og bað um að mál hans og Páls Ólafssonar um landamerki Úlfsstaða og Árnastaða yrði tekið fyrir. Fram kemur að landspildan sem deilt var um kallaðist Eyrar, var grasi vaxin og lá frá hinum gamla farvegi Fjarðarár, þangað sem Melá félli í hana. Jón krafðist þess að nefnd landspilda yrði dæmd sín eign samkvæmt kaupbréfi sínu fyrir Úlfsstöðum frá 1880. Sáttafundur fór fram 6. júlí 1891 en sáttum var ekki komið á.<sup>1285</sup>

Hinn 25. júní 1894 skráðu J. B. Jóhannesson, Jón Þorleifsson og Einar Eiríksson niður afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi. Þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16. maí 1894 með vísan í reglugjörð um fjallskil í Norður-Múlasýslu, staðfestri af amtsráðinu 22. ágúst 1893. Í afréttarland Árnastaða mátti reka 60 kindur en afréttarlandið skyldi vera allt fjallið fyrir ofan Mýrarhjalla.<sup>1286</sup>

<sup>1279</sup> Skjal nr. 2(835).

<sup>1280</sup> Skjal nr. 2(836).

<sup>1281</sup> Skjal nr. 2(301).

<sup>1282</sup> Skjöl nr. 2(529) og 2(837).

<sup>1283</sup> Skjal nr. 2(504).

<sup>1284</sup> Skjal nr. 2(505).

<sup>1285</sup> Skjal nr. 2(309).

<sup>1286</sup> Skjal nr. 2(319).

Hinn 5. júlí 1894 var við aukarétt Norður-Múlasýslu tekið fyrir mál Jóns Þorleifssonar gegn Páli Ólafssyni umboðsmanni um landamerki Árnastaða og Úlfsstaða. Fram voru lögð skjöl í málinu og þá voru útnefndir menn í landamerkjadóm. Loks var úrskurðað að Páll Ólafsson fengi 18 mánaða frest til að útvega frekari gögn.<sup>1287</sup>

Þórarinn Jónsson ritaði sýslumanni Norður-Múlasýslu þann 10. febrúar 1895 og beiddist kaupa á ábýlisjörð sinni Árnastöðum og óskaði jafnframt eftir aðstoð við að útvega viðeigandi gögn.<sup>1288</sup> Sýslumaður Norður-Múlasýslu tilkynnti landshöfðingja, með bréfi dagsettu 7. maí 1895, að Þórarinn Jónsson hefði óskað eftir að fá að kaupa ábýlisjörð sína Árnastaði.<sup>1289</sup>

Í áliti umboðsmanns Skriðuklausturs á þjóðjörðinni Árnastöðum, dagsettu 28. febrúar 1895, segir jörðin sé að fornu mati sex hundruð að dýrleika en að nýju mati 8,2 hundruð. Lýst er túni jarðarinnar, engjum og landkostum. Þá segir að jörðin sé fremur landlítil og að vandasamt geti verið að ákveða verð jarðarinnar þar sem óútkljáð sé landaþræta um þrætuland milli Árnastaða og Úlfsstaða. Umboðsmaður kvaðst að endingu ekki vera mótfallinn sölu jarðarinnar.<sup>1290</sup>

Hinn 4. júlí 1896 vitnaði Einar Pálsson að í sínu ungdæmi hafi Halldór Sigurðsson á Úlfsstöðum komið til föður síns, Páls Guttormssonar, og tjáð honum að hann ætti allar eyrarnar milli Melár og Fjarðarár í Melárkrók en þetta hafi þeir ekki getað komið sér saman um. Síðar hafi svo Björn Halldórsson á Úlfsstöðum og Árni Jónsson á Árnastöðum gert samning sín á milli þannig að Árni skyldi slá teig í Úlfsstaðatúni fyrir afnot á eyrunum.<sup>1291</sup>

Landamerkjamáli Jóns Þorleifssonar gegn Páli Ólafssyni um landamerki Árnastaða og Úlfsstaða var framhaldið 13. ágúst 1896 þar sem dómsmenn og málsaðilar riðu á merkin þar sem þrætan var um.<sup>1292</sup> Dómnum var framhaldið að merkjagöngu lokinni og voru þá lögð fram frekari gögn. Umboðsmaður Páls Ólafssonar óskaði eftir sex daga fresti sem var synjað en í framhaldinu bað hann að bókuð yrðu andmæli gegn nokkrum skjölum málsins og einnig að krafa Páls um merkin væri að merkjadómur dæmdi að þau væru úr Fjarðará og réði Melá merkjum fyrir sunnan ána allt til fjalls.<sup>1293</sup> Með skjali dagsettu 13. ágúst 1896, sem lagt var fram í landamerkjadómnum, krafðist Jón Þorleifsson þess að jörðinni Úlfsstöðum yrðu dæmdar eyrar í Melárkrók.<sup>1294</sup>

Við landamerkjarétt 14. ágúst 1896 var dæmt í máli um landamerki milli Úlfsstaða og Árnastaða. Í dómsmála- og lögregluréttarbók Norður-Múlasýslu 1890–1897 er farið

<sup>1287</sup> Skjal nr. 2(838).

<sup>1288</sup> Skjal nr. 2(520).

<sup>1289</sup> Skjal nr. 2(519).

<sup>1290</sup> Skjal nr. 2(521).

<sup>1291</sup> Skjal nr. 2(312).

<sup>1292</sup> Skjal nr. 2(839).

<sup>1293</sup> Skjal nr. 2(840).

<sup>1294</sup> Skjal nr. 2(311).

yfir málsatvik og kröfur málsaðila.<sup>1295</sup> Afrit af dómnum er fært inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1883–1951 en ekki er getið þinglýsingardags. Hann er svohljóðandi:

Því dæmist rjett að vera:

Landamerkjum milli Úlfsstaða og Árnastaða ráði Melá, frá Fjarðará og til fjalls. – Af kostnaði við rjettargjöld og til dómsmanna, til samans 64 kr. 41 eyr. greiði sækjandi, Jón Þorleifsson, helminginn, en hinn helmingurinn greiðist úr landssjóði. Að öðru leyti falli málskostnaður niður. –

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Eggert Briem settur.

Skapti Jósefsson, Jón Þorsteinsson, Einar Eiríksson, Stefán Ásbjarnarson.

Vottar:

Kristján Hallgrímsson

Árni Jóhannsson.

Rjett eptirrit staðfestir

Eggert Briem settur.<sup>1296</sup>

Þórarinn Jónsson sendi kaupverð Árnastaða til landshöfðingja með bréfi dagsettu 14. september 1896.<sup>1297</sup> Landshöfðingi seldi honum jörðina þann 25. júní 1897 fyrir 1.100 kr.<sup>1298</sup>

Í skrá yfir seldar þjóðjarðir 1884–1890 kemur fram að jörðin Árnastaðir var seld árið 1897 fyrir 1.100 kr.<sup>1299</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Árnastaðir var metin á 1.600 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar séu ekki innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu og engin grein verið gerð fyrir þeim. Fram kemur að upprekstrarland sé nægjanlegt fyrir afréttarfé ábúanda. Eigandi jarðarinnar var Kristján Kristjánsson.<sup>1300</sup>

### 5.21.7 Sævarendi í Loðmundarfirði

Í afriti af skjali sem varðveitt er í Landsbókasafni og skráð er árið 1601 er fjallað um eignir Klyppstaðarkirkju þegar sr. Þórður Jónsson tók við kirkjunni. Skráð er efst í afritið að það hafi verið þann 28. júní 1574. Meðal eigna og ítaka kirkjunnar var jörðin Sævarendi.<sup>1301</sup>

<sup>1295</sup> Skjal nr. 2(841).

<sup>1296</sup> Skjöl nr. 2(50) og 2(841).

<sup>1297</sup> Skjal nr. 2(522).

<sup>1298</sup> Skjal nr. 2(518).

<sup>1299</sup> Skjal nr. 2(527).

<sup>1300</sup> Skjal nr. 2(179).

<sup>1301</sup> Skjal nr. 2(661).

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Sævarenda metinn fjögur hundruð. Eigandi jarðarinnar var Klyppstaðarkirkja.<sup>1302</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Sævarendi ekki metin sérstaklega en er skráð sem eign Klyppstaðarkirkju. Í neðanmálgrein kemur fram að sýslumaður telji Sævarenda sex hundruð að dýrleika en jörðin hafi árið 1804 verið talin fjögur hundruð.<sup>1303</sup>

Við manntalsþing að Dvergasteini 31. maí 1848 friðlýsti sr. J. Austfjörð á Klyppstað, með skjali dagsettu 26. apríl 1848, öllum selalátrum fyrir Sævarendalandi allt frá landamerkjum milli Stakkahlíðar og téðrar jarðar og allt út að Hjálmá og bannaði einnig öll skot og selaslög fyrir Sævarendalandi.<sup>1304</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Sævarenda:

Sævarendi

taln 6<sup>hndr</sup> að dýrleika, túnid fóðrar 1½ kú og á jörðunni framfleytast 35 ær, 50 saudir, 30 lömb, 2 hestar; túnid er greidt og grasgéfíð; eingiar vídslægar en erfidar og graslitlar; malnyta í betra lagi og þríf góð; landbeit og fiörubeit sémileg; heppin reki fylgir jörðinni; hentugt útræði og lendingar all góðar; til eldsneytis er moleist og tad en um mótak vita menn ekki; hætt er við skriduhlaupi og landbroti. Til að nota jörðina þykir þurfa 3 karlmenn, 2 kvenmenn og smala. Jörðin var vyrðt á 400 (. fiögur hundrud) rbd.<sup>1305</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 4. janúar 1869 var Einari Eiríkssyni byggð jörðin Sævarendi frá fardögum 1869 til fardaga 1870 og svo lengi sem hann héldi skilmála sem nefndir voru í bréfinu.<sup>1306</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Sævarenda er dagsett 4. mars 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing á Seyðisfirði 17. júní 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

kirkjujarðarinnar Sævarenda í Loðmundarfirði eru þessi:

Hofsá greinir land hennar frá landi Úlfsstaða allt frá Fjarðará til fjalls. Síðan liggur merkjalínan um fjallseggjar eftir því sem vötnum hallar að upptökum Hjálmár, sem allt til sjávar skilur land Sævarenda og Hjálmárstrandar. Að norðanverðu frá ósi Hofsfár ræður Fjarðará merkjum allt þar til er kemur að þeirri línu, er dregin verður úr flæðarmáli beint yfir Melrakkapúfu (hún er neðan við varptjarnir) í Álfastein þann, sem yztur stendur á brekkunni framan við Norðdalsá. Síðan ræður þessi lína merkjum í sjó út milli Sævarenda og Stakkahlíðar. Í Fjarðaránni eru 2 hólmar: Kríuhólmi undan túninu á Sævarenda og Stórhólmi, og tilheyra þeir báðir Sævarenda.

Dvergasteini, 4. marz 1890

Björn Þorláksson.

<sup>1302</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>1303</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 362.

<sup>1304</sup> Skjal nr. 2(831).

<sup>1305</sup> Skjal nr. 2(133).

<sup>1306</sup> Skjal nr. 2(313).



Ofanskrifuð landamerki samþykki eg:

Hallfreðarstöðum, 6. marz 1890

Páll Ólafsson.

Ofanskrifuð landamerki samþykki eg:

Úlfsstöðum, 5. apríl 1890.

Jón Þorleifsson<sup>1307</sup>

Hinn 25. júní 1894 skráðu J. B. Jóhannesson, Jón Þorleifsson og Einar Eiríksson niður afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi. Þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16. maí 1894 með vísan í reglugjörð um fjallskil í Norður-Múlasýslu, staðfestri af amtsráðinu 22. ágúst 1893. Í afréttarland Sævarenda mátti reka 90 kindur en afréttarlandið skyldi vera Hjálmárdalurinn norðan Hjálmár frá efri Strandarbrekku.<sup>1308</sup>

Hinn 25. janúar 1898 fór fram skoðunargjörð á varphólma á Sævarenda. Fram kemur að hólminn lá innanvert í Lónunum, spölkorn utan við túnið á Sævarenda. Stærð hans var í kringum dagslátt og Fjarðaráin rann meðfram að norðanverðu en að sunnan væri grynri farvegur þar sem áin rynni eptir í vöxtum.<sup>1309</sup>

Hinn 8. janúar 1898 vitnaði Hallgrímur Metúsalemsson á Hjálmárströnd að þegar faðir hans, Metúsalem Guttormsson, bjó á Hjálmárströnd hafi hann fengið leyfi til að taka árlega svörð í Sævarendalandi eftir að Einar Eiríksson varð ábúandi í Sævarenda og án borgunar, nema Einar hafi í eitt skiptið rekið lömb í Hjálmárstrandarland.<sup>1310</sup> Með vitnisburði dagsettu 27. janúar 1898 vottaði Hallgrímur Metúsalemsson, ábúandi á Hjálmárströnd, að hafa lánað Einari Eiríkssyni á Sævarenda hagagöngu fyrir lömb og einnig rjúpnaveiði í leigulandi sínu í skiptum fyrir mótak.<sup>1311</sup>

Hinn 1. mars 1898 vottuðu Jóhann Sveinsson og Sveinn Ásmundsson að enginn afréttur fyrir fráfernálömb væri í landi Sævarenda, aðeins hagar fyrir búsmala. Þá sögðu þeir að mótekja sem tilheyrði Sævarenda væri langsótt til fjalls.<sup>1312</sup>

Hinn 26. mars 1898 var tekið fyrir mál sr. Björns Þorlákssonar gegn Einari Eiríkssyni á Sævarenda vegna ábúðar hans á jörðinni. Sr. Björn fór fram á að Einar flytti burt af jörðinni. Meðal vitna sem kölluð voru fyrir var Hallgrímur Metúsalemsson á Hjálmárströnd. Hann var meðal annars spurður hve mörg ár faðir hans, Metúsalem Guttormsson, hafi búið á Hjálmárströnd eftir fardaga 1888 og hvort hann hafi léð Einari á Sævarenda upprekstur fyrir lömb etir að sr. Björn varð prestur til Klyppstaðar. Þá var hann spurður hvort annar eldiviður hafi verið brúkaður á Hjálmárströnd en svörður úr Sævarendalandi. Enn fremur var Hallgrímur spurður um rjúpnaveiði í landinu. Hallgrímur sagði föður sinn hafa búið tvö ár á Hjálmárströnd eftir fardaga 1888 en að hann hafi ekki léð Einari upprekstur. Þá sagði Hallgrímur að eitthvað af sauðataði hafi verið

<sup>1307</sup> Skjal nr. 2(52).

<sup>1308</sup> Skjal nr. 2(319).

<sup>1309</sup> Skjal nr. 2(315).

<sup>1310</sup> Skjal nr. 2(314).

<sup>1311</sup> Skjal nr. 2(316).

<sup>1312</sup> Skjal nr. 2(317).

brúkað með en megnið af því hafi verið borið á tún. Varðandi rjúpnaveiði kvaðst Hallgrímur hafa léð Finni Einarssyni veiðina um tvo vetur. Hallgrímur var spurður frekari spurninga, s.s. hvort Einar hafi fengið vetrararbeit í svonefndri Tó í Hjálmárstrandarlandi sem Hallgrímur kvaðst ekki vita.<sup>1313</sup>

Hinn 1. maí 1898 vottuðu J. Baldvin Jóhannesson og Jón Þorleifsson að þeir hafi nokkrum árum fyrr verið kosnir til að ákveða afréttarlönd í Loðmundarfirði. Fyrir Sævarenda ákváðu þeir að Hjálmárdalur skyldi vera afrétt fyrir 90 fjár. Með því væri meint hvort tveggja lömb sem fullorðið fé.<sup>1314</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Sævarenda var metin á 6.200 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Klyppstaðarkirkja.<sup>1315</sup>

Í virðingargjörð á jörðinni Sævarenda í Loðmundarfirði sem fór fram hinn 1. júní 1932 og undirrituð daginn eftir að Dvergasteini, hinn 2. júní 1932, kemur fram að jörðin var samkvæmt jarðamatsbókinni virt á 7.700 kr. en hafi svo árið 1929 verið virt á 8.200 kr. Að lokum segir að vegna mikilla landspjalla væri jörðin nú hæfilega metin á 4.500 kr. án húsa en 5.700 með húsum.<sup>1316</sup>

## 5.22 Nærleggjandi jarðir í Seyðisfirði

### 5.22.1 Dvergasteinn í Seyðisfirði og Dvergasteinskirkja

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið á Dvergasteini.<sup>1317</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Maríukirkju að Dvergasteini frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

Mariukirkia ad Dvergasteini a so micid j lanndi sem presti heyrer.

[...]

Hialmarströnd alla milli Hialmár oc Grijmkelzgilis.

Reka milli Hamarsness oc Gullsteins.

Reka milli Þorisvægs oc sudur ad Stali. Þridiung i ollumm vidreka.

Vidreka fyrer Kolstada lanndi til Selár oc halfann matreka.

v aura af Brimnesi. skal halftt hafa það prestur enn halft bondi.

Kirkiann a oc vervist a Sleitunausti med ollumm afluttningi.

Skogarteig milli Vijkurskåla oc Brimnes marks.<sup>1318</sup>

<sup>1313</sup> Skjal nr. 2(318).

<sup>1314</sup> Skjal nr. 2(320).

<sup>1315</sup> Skjal nr. 2(178).

<sup>1316</sup> Skjal nr. 2(537).

<sup>1317</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XII, bls. 4, skjal nr. 4(21).

<sup>1318</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 224–225, skjal nr. 4(27).

Hinn 3. ágúst 1526 dæmdu þrír klerkar og þrír leikmenn, útnefndir af Ögmundi biskupi í Skálholti, að jörðin Dvergasteinn skyldi vera eign kirkju og biskups fyrir fyrning, fornan reikningsskap, innstæðu og ornamenta.<sup>1319</sup>

Hinn 1. júlí 1549 seldi Páll Vigfússon Birni Jónssyni jörðina Dvergastein í Seyðisfirði fyrir jörðina Þrándarholt við Þjórsá.<sup>1320</sup>

Í Stefánsmáldaga um Dvergasteinskirkju frá 1491–1518 segir meðal annars:

Mariu kirkia a duergasteine a so mikit i landi sem presti heyrer. vij. kyr. xxxvj. ær.  
Hialmarstrond alla mille Hialmar oc Grimkelsgils.<sup>1321</sup>

Í máldaga Dvergasteinskirkju í Seyðisfirði frá árinu 1549 og fyrr segir eftirfarandi:

Kyrkian æ dvergasteini æ svo micid j landi sem presti heyrir til.

hialmarstravnd alla milli hialmæR oc grimkielsgils.

Reka millvm hamarsness oc gvlsteins.

Reka frá þorisvogi oc svdvr ad stali.

þridivng j ollvm vidReka fyrir kolstadalandi ad markhellu oc halfa matReka.

[...]

kirkian æ oc vervist æ sleitvnavsti med ollvm äflvtningi.

jtem kw j stocki j bRimnesslandi.

skogteig j millvm vijkvrskäla oc brimnessmarks.<sup>1322</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Dvergasteinskirkju:

Kirkian ä Duergasteine. ä miked so i lande sem preste hejrer til. Hialmar strönd alla.  
mille Hialmär og Grijmkelsgils.

reka mille Hamarsness og Gullsteinsreka frá Thorisvoge og sudur ad stale. thridiung i  
øllum vidreka fijrer Kolstadalande. ad Markhellu. og hälfann matreka v. aura aff  
Brimnese. Skal hälfitt haffa thad prestur. enn hälfitt bönde.

Jtem kv i stocke i Brimnes lande.

Kirkian ä og vervist ä Sliett[u] nauste med øllum äflutningi.

Skögarteig mille Vijkur skäla og Brimnesmarks.

[...]

[Jt[em] Kolstade landsk[y]lld] v aurar.<sup>1323</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Maríukirkju að Dvergasteini frá 9. ágúst 1645 segir meðal annars:

9 Augusti. Marjúkyrkja ad Duergasteine, aa so miked J lande sem Preste heyrer,  
Hjalmar Strönd alla Mille Hjälmar og Grijmkjelsgils, Reka Mille hamars Ness og  
Gullsteins/ Reka mille Þorers Vogs og Sudur ad Stäle Þridjung J øllum Vidreka fyrer  
Kolstadalande til Selär, og halfann matreka, (visitatiuboken seiger so Þridjung J øllum  
Vidreka [...] fyrer Kolstadalande ad Markhellu og halfann matreka) fimm aura aff

<sup>1319</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn IX*, bls. 370–371, skjal nr. 4(127).

<sup>1320</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn XI*, bls. 717–718, skjal nr. 4(26).

<sup>1321</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn VII*, bls. 23–24, skjal nr. 4(139).

<sup>1322</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn XI*, bls. 718–719, skjal nr. 4(28).

<sup>1323</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn XV*, bls. 689–690, skjal nr. 4(29).

Brimnese, Skal halfft haffa það Prestur en halfft bónde / Kyrckjan aa Vervist, ä Sleitunauste med óllum äfluttinjnge (visitatiuboken skriffar framar suo, Item Ku J Stocke J Brimness lande) Skögarteig millum Vijkur Skaala og Brimness Marks/<sup>1324</sup>

Hinn 14. ágúst 1651 fór fram kaupgjörningur milli Brynjólfs biskups Sveinssonar og Bjarna Oddssonar þar sem Brynjólfur seldi Bjarna meðal annars alla jörðina Dvergastein með Kolsstöðum og Selsstöðum og jörðina Bárðarstaði í Loðmundarfirði.<sup>1325</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í máldaga frá 1666, sem tekinn var saman eftir máldagabók Vilchins og vísitásiubók Gísla biskups Jónssonar, biskupsvísitásiu frá 18. febrúar 1780, prófastsvísitásiu frá 19. ágúst 1818 og biskupsvísitásiu frá 3. ágúst 1850.<sup>1326</sup> Í þeirri síðastnefndu segir að við prestakallið liggi afskrift af kálfskinnsbréfi sem varðveitt sé í Sívalaturninum í Kaupmannahöfn, en það sé dagsett 6. maí 1666 og sýni að Brynjólfur biskups Sveinsson keypti jörðina Dvergastein með tilteknum landamerkjum:

Hið Ytra í miðli Brimness og Dvergasteins í Markhellu, úr Markhellu rjettsýnis uppeptir fjallinu uppí það hæzt sem vötnum hallar en inn frá í Miðli Dvergasteins og Vestdals ræður Grýtuá, neðan frá sjó uppeptir í háfjall.<sup>1327</sup>

Í sömu biskupsvísitásiu er fjallað um gjafabréf, dagsett 11. apríl 1678, sem sýni gjöf Brynjólfs biskups á jörðinni Dvergasteini með Selsstöðum og Kolsstöðum til Dvergasteinskirkju. Presturinn kvaðst myndi færa bæði bréfin inn í kirkjubók.<sup>1328</sup>

Með gjafabréfi frá 11. apríl 1678 gaf Torfi Jónsson í Gaulverjabæ kaupahlutann í Dvergasteini, Selsstöðum og Kolsstöðum til uppheldis fyrir sóknarprest í Seyðisfjarðar- og Mjóafjarðarþingum. Kaupahluturinn var 12 hundruð að dýrleika og var það á ábyrgð biskups að úthluta honum til sóknarprests. Fjallað er um skilmála með gjöfinni og þar er meðal annars getið Hjálmárstrandar:

Fyrst ad þesse statur Duergsteirn me[d] kyrkiunne, hennar Inventario og utensilibus sieæ nu uttekinn effter næstkomande fardaga þessa Ars Anni 1678 ad forlagi Virdulegs Biskups Skalhollts Stiffis M. Þordar Thorlakssonar aff profastenum J Mulabynge Heidurlegum S<sup>ra</sup> Stephane Olafssyne edur þeim sem þeir þar um bioda og leggiest upp hiedan til æfenlegs presta adseturs og Beneficium þeim prestum sem þiona J Seidar og Miöafiarda þyngum til upphelldiss, enn utsuarest af mýnum umbods manne J Mulabynge, erlegum ungum manne Biarna Elldra Einarssýne, so sem hann er nu standande ad kyrkiunne sialfre, heima Jardarhusunum og tilliggiande Jarda og utlanda Selstada Kolstada og Hialmarstrandar, huortt þær eru nu bygdar edur J eyde, med fiorum mattgilldum kugilldum Aanalls ålags uppbootar og portiu reiknings

[...]

J þridia mata skil eg til ad af þe[s]sum Tolfhundurudum kaupahlutans J Duergasteine s[e]u æfenlega greiddar og golldnar alla Tyunder effter þessa giof, sem ädur, sinn fiordungur hiorjum sem hafa skal, nema preststyunden fellur til hans sialfs, vil eg og endelega ad [prest]jurinn sialfur [...] [o]g sitie a Jordunne Duergasteine, helldur enn odrum by[g]ge þuý so mun helldur kyrkiann endurbætast, og Jardarhusinn eflast og

<sup>1324</sup> Skjal nr. 2(393).

<sup>1325</sup> Skjal nr. 2(199).

<sup>1326</sup> Skjöl nr. 2(394), 2(396), 2(444) og 2(446). Sjá einnig skjal nr. 2(441).

<sup>1327</sup> Skjöl nr. 2(295) og 2(446).

<sup>1328</sup> Skjal nr. 2(446).

vidriettast. Huad ky[rk]junne hafe eignad verid nefnelege Hialmarstrond oll midlum Hialmár og Grymkiels gils [m]ed odru[m] eignum og Jtokum greina Maldagar sem Virdulegur Biskupinn mun prestenum J tie läta, Eigi veit eg logmætt klogumal liggia a þessare Jordu, þuý hun hefur ad vysu Tuttugu Ár, Atölulus leiged J eign þess sæla herra M: Brynjólfs Sveinssonar, enn kome það upp, þa verdur þuý sa ad gegna sem not hefur Dvergasteins, og hallda lagasuorum fyrir. Enn lagariffyngum lofa eg huorke uppa mig nie myna erfyngia ad suara þö afgang<sup>1329</sup>

Í kirkjustól Dvergasteins 1808–1855 er fært inn afrit af makaskiptabréfi Brynjólfs Sveinssonar og Bjarna Oddssonar á jörðunum Dvergasteini annars vegar og Fremri-Hlíð og Gröf í Vopnafirði hins vegar. Bréfið er dagsett 7. júlí 1666 og lýsir makaskiptunum sem áttu sér stað 6. maí 1666. Þar seldi Bjarni Brynjólfi allan staðinn Dvergastein með Selsstöðum og Kolsstöðum gegn jörðunum Fremri-Hlíð og Gröf í Vesturárdal í Vopnafirði. Í bréfinu segir eftirfarandi um Dvergastein og Dvergasteinskirkju:

Dvergasteins landamerki eru, hid ytra i midli Brimness og Dvergasteins i Markhelli, ur Markhelli rettsynis upp eptir fjallinu, uppi það hædst sem vötnum hallar, en fra i midli Dvergasteins og Vestdals rædur Grytua, nedan fra sjó upp eptir i háfjall.

Dvergasteinskirkja a Hjalmarströnd alla i midli Hjalmdalsár og Grimkelsgils. Þessi merki öll efa og þrætulus i allan máta<sup>1330</sup>

Í biskupsvísitásiu frá 12. september 1697 segir að bændaeign Dvergasteins hafi árið 1678 verið gefinn til kirkjunnar af sr. Torfa Jónssyni. Fram kemur að gjafabréfið sé í kirkjunni með níu manna undirskriftum og innsiglium.<sup>1331</sup>

Í úttekt á Dvergasteinskirkju frá 20. ágúst 1802 segir meðal annars:

Anno 1802 þann 20<sup>ta</sup> Augusti var nálægur ad Dvergasteine Prófasturenn Jón Högnason, med tilkölludum 2<sup>e</sup> Vurderings Mönnum, nefnelega: M<sup>e</sup> Skula Skulasyni á Selstöðum og M<sup>e</sup> Sveini Sveinssyni á Vestdal, at uttaka og afhenda Prestagardenn Dvergastein

[...]

þessu Prestakalle fylgia Jardernar liggande hér innann Sóknar: Austdalur 8 hndr. med hálfu ödru kugylde og Selstadir 6 hndr. med 1 kugylde, bádar i sæmelegu ásigkomulage ad sinne byggingu, og afhendaz hér ásamt ödru adur ummgétu tiltrædende Sóknarpreste<sup>1332</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Dvergasteins metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Dvergasteinskirkja. Fram kemur að eyðihjáleigan Hóll hafi verið talin með í matinu.<sup>1333</sup>

Hinn 19. janúar 1833 skrifaði sr. Ólafur Indriðason á Dvergasteini til biskups og sagði að þegar hann hafi komið þangað árið 1823 hafi kirkjukotið Hjálmarströnd legið um langan tíma í eyði og menn hafi nýtt það að eigin vild, s.s. til hagbeitar og afréttar. Sr. Ólafur kvaðst þó hafa komið því í byggingu árið 1826. Að þremur árum liðnum fór leiguliðinn og skyldi eftir hús sem hann hafði þar byggt, baðstofu, búr og eldhús. Annar maður hafi svo tekið við byggingu og nefndum húsum og sagði sr. Ólafur að kotið

<sup>1329</sup> Skjal nr. 2(382).

<sup>1330</sup> Skjöl nr. 2(295) og 2(442).

<sup>1331</sup> Skjal nr. 2(395).

<sup>1332</sup> Skjal nr. 2(443).

<sup>1333</sup> Skjal nr. 2(42).

Hjálmarströnd væri því nú sem stendur nokkurn veginn byggilegt. Sr. Ólafur spurði hvort kirkjan ætti ekki að kaupa nefnd hús til að reyna halda kotinu í byggð.<sup>1334</sup> Hinn 29. ágúst 1833 skrifaði sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi til biskups og sagði prestakallið bíða stóran skaða af byggingu Hjálmarstrandar svo að hvorki Dvergasteinn né Selsstaðir hefðu undanfæri með afrétt fyrir geldfé, sem nefnd Hjálmarströnd hafi frá gömlum tíðum verið brúkuð. Sr. Guttormur sagði álit sitt að það væri síður gjörlegt fyrir prest og kirkju á Dvergasteini að kaupa hús.<sup>1335</sup> Biskup svaraði sr. Guttormi með bréfi dagsettu 10. október 1833 og sagði að þar sem sr. Ólafur væri vikinn burt frá Dvergasteini og að húsinn hafi verið seld til Árna Guðmundssonar, ábúanda á Hjálmarströnd, þá væri húsatilboðið fallið niður.<sup>1336</sup>

Í skýrslu sr. Einars Hjörleifssonar á Dvergasteini, dagsettri 12. júní 1839, yfir inntektir og útgjöld Dvergasteins- og Fjarðarprestakalls segir að dýrleiki jarðarinnar sé óviss, en eftir jarðabók hafi hann verið sex hundruð. Hins vegar hafi biskupsvísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar sagt jörðina vera 12 hundruð með Kolsstöðum og Selsstöðum. Þá er Hjálmarstrandar getið í skýrslunni eða eins og fram kemur:

Prest Setrid Dvergasteinn er ovist að dýrleika eptir Jarðabokini skal hun vera anfærd fyrir 6 hndr. enn eptir kyrkjunnar Maldögum, og serilagi visitatiu mag Brinjólfs biskups – sem sjálfur gaf Jordina og gjörði að Beneficio, er Dvergasteinn með Kolstöðum og Selstöðum reiknadr 12 hndr., þaradauk er kyrkjuni eignadr 6 hndr. kot er sumir utleggja fyrir Part úr Heima Jördunni, er þa hefði átt að vera auk bóndaEignarinnar, en sumir firi Hjalmarströnd sem er kyrkjuni tilheyrand afréttarland fra Hjalma að Grímkelsgili, og hvar Fátæklingar einstöku sinnum hafa lafad vid kofa fá ár í senn; Fyrri meiningin er synist mér miklu likari og þá hefði Stadurin átt að fornu að vera með kyrkjuhnutanum 12 hndr. Engin Itök á Stadur eda Kyrkja, sem nockud af sér géfa, er nein Herlegheit til natur eda Sjáfar nema Reka milli Þorisvogs og Stáls, hvar stokusinum og kastar upp Spítu.<sup>1337</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 11. júlí 1845 segir að Dvergasteinskirkja haldi öllum eignum og ítökum nema landtungu milli Grítárkvíslanna, fram og upp undir fjallsöxlinni, svokallaðri Bungu. Þar séu til forna talin landamerki milli Dvergasteins og Vestdals. Þá er einnig fjallað um ágreining um lítilsháttar landtungu milli Selsstaða og Brimness.<sup>1338</sup>

Hinn 30. maí 1847 skrifaði sr. Einar Hjörleifsson á Dvergasteini til biskups um Kolsstaði og Selsstaði þar sem óljóst væri hvort þeir væru kirkjujarðir eða afbýli undan prestssetrinu.<sup>1339</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Dvergasteinn ekki metin að dýrleika en skráð sem eign kirkjunnar (beneficium). Í neðanmálgrein kemur fram að árin 1760 og 1804 hafi eyðihjáleigan Hóll talist með Dvergasteini. Þá segir að árin 1696 og 1804 hafi Dvergasteinn talist 12 hundruð að dýrleika.<sup>1340</sup>

<sup>1334</sup> Skjal nr. 2(588).

<sup>1335</sup> Skjal nr. 2(589).

<sup>1336</sup> Skjal nr. 2(616).

<sup>1337</sup> Skjal nr. 2(595).

<sup>1338</sup> Skjal nr. 2(445).

<sup>1339</sup> Skjal nr. 2(591).

<sup>1340</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 362.

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Þar segir að í heimalandi Dvergasteins væri enginn skógur, en lítilsháttar skógarkropp væri í Firði í Mjóafirði.<sup>1341</sup>

Hinn 3. júní 1849 lögfesti sr. Einar Hjörleifsson kirkjustaðinn Dvergastein með Selsstöðum og Kolsstöðum. Einnig er Hjálmarstrandar getið í lögfestunni en efni hennar er svohljóðandi:

Eg undirskrifaður prestur til Dvergasteins og Fjarðar lögfesti hermeð kirkjustaðinn Dvergastein með tilheyrandi jörðum eða hjáleigum Selsstöðum og Kolsstöðum innan þeirra landamerkja: hið ytra imiðli Brimness og Dvergasteins í Markhellu, ur Markhellu rettsynis upp eptir fjallinu, uppi það hæðt sem vötnum hallar; en innfrá, miðli Dvergasteins og Vestdals ræður Grytuá, neðan frá sjó upp eptir í hafjall; sömuleiðis lögfesti eg Hjálmarströnd alla milli Grímkelsgils og Hjálmar, einnig reka imiðli Þórisvogs og suður að stáli og reka millum Hamarsnefs og Gullsteins. Fyrirbyð eg einum og serhvörjum að nota sér áðurgreint land til nokkurskonar afnota hvörju nafni sem heitir til sjós og lands undir alvarlegustu lagasekkir, solengi sem ecki framkoma sannanir fyrir að þessi landamerki séu afhermd.<sup>1342</sup>

Lögfestan var lesin við manntalsþing að Dvergasteini 5. júní 1849 og þá var einnig lesin friðlýsing fyrir nótalögum í Dalalandi.<sup>1343</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Dvergastein:

Dvergasteinn

Túnid fóðrar 5 kýr og jörðin framfleytir 50 ám, 50 saudum, 30 lömbum og 4 hestum; tunið er stórt enn meir enn helfmíngur af því nýræktadur, og sumpart grýtt; útheyskapur hægur og eingjar ekki ógrasgéfna; sumarhagar litlir, málnya leleg og þrif eins; útbeit á vetrum lítil; útræði bjargvænlegt og lending góð; litla rekavon má telja fyrir heimalandi og staðnum tilheyrir rekaítak í Skálaness landi milli Þórisvogar og Stóls; torfskera frekar slæm og mótak ekki til. Til að nota jörðina þykir þurfa 4 karlmenn og 4 kvenmenn. – Jörðin var veyrdt á 400 (: fjögur hundruð.) rbd.<sup>1344</sup>

Í skýrslu sr. J. J. Björnson á Dvergasteini, dagsettri 30 september 1854, um tekjur og útgjöld Dvergasteinsprestakalls eftir fimm ára meðaltali frá fardögum 1849 til fardaga 1854 segir að heimajörðin sé sex hundruð að dýrleika. Um hjáleigur segir eftirfarandi

b. Hjáleigur heimajarðarinnar:

1. Hjálmsárströnd (afreitarpláts) Landskuld 400 al. geldst öll í Kaupstad með 4<sup>um</sup> Ríkisdöllum. 4 rbd.

2. Selstaður með eyðibylinu Kolstöðum, 6 hndr. að dýrleika<sup>1345</sup>

Hinn 16. maí 1881 voru við aukarétt Einar Hinriksson í Vestdal, Jón Hjálmarsson í Björgvin við Seyðisfjörð, Finnbogi Sigmundsson á Þórarinsstaðaeyri og Þórarinn Finnbogason á Vestdalseyri útnefndir til að gera yfirúttekt á prestssetrinu Dvergasteini.<sup>1346</sup>

<sup>1341</sup> Skjal nr. 2(597).

<sup>1342</sup> Skjal nr. 2(295).

<sup>1343</sup> Skjal nr. 2(711).

<sup>1344</sup> Skjal nr. 2(134).

<sup>1345</sup> Skjal nr. 2(592).

<sup>1346</sup> Skjal nr. 2(723).

Við manntalsþing að Dvergasteini 9. júní 1883 var þinglesið bann frá Jónasi Samsonarsyni gegn því að hestum væri beitt í leyfisleysi í Dvergasteinslandi.<sup>1347</sup>

Hinn 8. ágúst 1883 fór fram sáttafundur hjá sáttanefnd Brimnessáttaumdæmis en þar var tekið fyrir landamerkjumál milli sr. Jóns Bjarnasonar á Dvergasteini og Einars Hinrikssonar á Vestdal. Ágreiningur var um hvor Grýtuáin réði merkjum jarðanna. Sátt náðist ekki milli aðila.<sup>1348</sup>

Við aukarétt 10. september 1883 var tekið fyrir mál sr. Jóns Bjarnasonar fyrir hönd Dvergasteinskirkju gegn Einari Hinrikssyni bónda í Vestdal útaf ágreiningi um landamerki jarðanna. Framlögð voru ýmis skjöl og þá voru menn útnefndir í merkjadóm.<sup>1349</sup> Málinu var framhaldið 19. september og 26. september 1883 þar sem gengið var á merki jarðanna og frekari gögn voru lögð fram. Meðal gagna málsins voru afrit af máldaga fyrir Dvergasteini með hjáleigum, dagsettum 7. júlí 1666, og lögfesta frá 5. júní 1849.<sup>1350</sup> Þá var einnig lagður fram vitnisburður Sigurðar Jónssonar frá 19. september 1883 sem sagði aðeins ein á hafi verið nefnd Grýtá og það hafi verið sú sem nefnd hafi verið Innri-Grýtá, sem rynni til sjávar innan við hús B. Nagells.<sup>1351</sup> Annar vitnisburður dagsettur 19. september 1883 var undirritaður af Björgu Magnúsdóttur prestsekkju sem sagði að eigandi Vestdals hafi þóst eiga land út í Ytri-Grýtá með þeim rökum að hún væri dýpri en sú innri, en þeir sem hafi búið á Dvergasteini talið land Dvergasteins ná að Innri-Grýtá.<sup>1352</sup>

Við annan aukarétt 26. september var loks dæmt í málinu. Í dómsmálabók Norður-Múlasýslu 1880–1884 er rökstuðningi dómsins lýst svo og í framhaldinu dómsorðum:

Að öllu framantöldu íhuguðu getur rétturinn ekki komist að annari niðurstöðu en þeirri, að þrætutungu þá, er kennd er við Grýtáreyri og liggur milli samnefndra áa, beri að dæma eign Dvergasteins kirkju, þannig að hin innri-Grýtuá ráði landamerkjum milli Dvergasteins og Vestdals frá sjó fyrir innan hús B. Nagells norðmanns, en fyrir utan nýbylið Eiríksstaði uppeptir hinum gamla farvegi, þaðan skáhallt uppí Grafgil eptir sjónhendingu, þar sem það endar uppí fjallshlíðinni, síðan upp eptir þessu gili beina stefnu þartil vötnum hallar og ber að setja glögg landamerki þar eptir. –

Eptir þeim úrslitum er mál þetta hefur fengið virðist hinn stefndi eiga að greiða málkostnað-inn, þarámeðal dagpeninga til dómsmanna, 6 Krónur til hvers eða samtals 30 Krónur.

Því dæmist rétt að vera:

Þrætutunga sú, er kennd er við Grytáreyri og liggur milli samnefndra áa, á að vera eign Dvergasteinskirkju, þannig að hin svonefnda innri Grýtuá skal ráða landamerkjum milli jarðanna Dvergasteins og Vestdals, frá sjó innanvið hús B. Nagells norðmanns uppeptir hinum gamla árfarvegi fyrir utan nýbylið Eiríksstaði, þaðan skáhallt uppí Grafgil eptir sjónhendingu þar sem það endar uppí fjallshlíðinni, síðan uppeptir þessu gili beina stefnu þartil vötnum hallar.<sup>1353</sup>

<sup>1347</sup> Skjal nr. 2(687).

<sup>1348</sup> Skjal nr. 2(876).

<sup>1349</sup> Skjal nr. 2(724).

<sup>1350</sup> Skjal nr. 2(725)–2(727).

<sup>1351</sup> Skjal nr. 2(296).

<sup>1352</sup> Skjal nr. 2(297).

<sup>1353</sup> Skjal nr. 2(728).



Landamerkjaskrá jarðarinnar Dvergasteins með hjáleigunni Selsstöðum er dagsett 3. júní 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Dvergasteini 10. júní 1884. Í dómsmálabók Norður-Múlasýslu 1880–1884 segir í texta um manntalsþingið að Dvergasteini 10. júní 1884, þegar þinglesin voru landamerki fyrir Dvergasteini með hjáleigunni Selsstöðum og enn fremur fyrir Hjálmárströnd, að Hjálmárströnd sé byggð úr Dvergasteinslandi.<sup>1354</sup> Í landamerkjalýsingunni er að finna lýsingu á landamerkjum Dvergasteins gagnvart Brimnesi frá 26. september 1883, dómsorð um landamerki Dvergasteins og Vestdals, einnig frá 26. september 1883, og loks landamerkjalyýsingu Hjálmárstrandar frá 3. júní 1884. Efni skjalsins er svohljóðandi:

Dvergasteinn með hjáleigunni Selsstöðum:

Landamerki eru: hið ytra milli Dvergasteins og Brimness „í Markhelli“, og er krossmark klappað í innri Markhellubrún við sjóinn, en þaðan ræður sjónhendinga lína upp í fjallsbrún, utanvert við hæztu egg þar upp af. Hið innra ræður landamerkjum til móts við Vestdal, samkvæmt merkjadómi frá 26. september 1883, hin svo kallaða innri-Grýtuá.

Dómsatkvæðið hljóðar þannig:

„Ár 1883, miðvikudaginn 26. september, var á Vestdalseyri aukaréttur Norður-Múlasýslu settur og haldinn af sýslumanni Einari Thorlacius með meðdómsmönnum Sigurði Jónssyni, Stefáni Einarssyni, Birni Halldórssyni og Birni Hermannssyni; var þar í málinu:

Jón prestur Bjarnason fyrir hönd Dvergasteinskyrkju

gegn

Einari Hinrikssyni, bónda í Vestdal

út af ágreiningi um landamerki uppkveðinn svo látandi

dómur:

Því dæmist rétt að vera:

Þrætu tunga sú, sem kennd er við Grýtuáreyri og liggur milli samnefndra áa, á að vera eign Dvergasteinskyrkju, þannig, að hin svonefnda innri-Grýtuá skal ráða landamerkjum milli jarðanna Dvergasteins og Vestdals, frá sjó innan við hús B. Nagels Norðmanns upp eptir hinum gamla árfarvegi fyrir utan nýbýlið Eiríksstaði, þaðan skáhallt upp í „Grafgil“ eptir sjónhending þar sem það endar uppí fjallshlíðinni, síðan upp eptir ~~nefndu~~ þessu gili beina stefnu þar til vötnum hallar.

Einar Thorlacius.

Sigurjón Jónsson.

Stefán Einarsson.

B. Halldórsson.

Björn Hermannsson.“

Dvergasteinskyrkja á Hjálmárströnd alla í Loðmundarfirði í milli Hjálmár og Grímeksgils, og eru þessi landamerki skýrt mynduð af náttúrinni og geta því aldrei orðið vafa undirorpin. Sömmuleiðis þessi ítök: „reka milli Hamarsnefs og Gullsteins“ – þau örnefni bæði til og vafalaus í Þórarinsstaðalandi, ennfremur „reka milli Þórisvogs

<sup>1354</sup> Skjal nr. 2(729).

(vængs) og suður að Stáli“ í Skálanesslandi og vervist á Sleitunausti (í Brimnesslandi) með öllum flutningi (afflutningi). – Samkvæmt máldögum Vilchins og Gísla (1397 og 1575), kaupbréfi frá 1666 og lögfestu þinglýstri frá 1849, auk hins áður nefnda merkjadóms.

Seyðisfirði 3. júní 1884.

Jón Bjarnason

til nærkomandi fardaga kst. prestur í Dvergasteinsprestakalli. –

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir.

Einar Hinriksson bóndi í Vestdal.

Einar Eiríksson bóndi á Sævarenda.<sup>1355</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Dvergasteinn var metin á 5.500 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar hafi verið þinglesin ásamt landamerkjum Selsstaða. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Dvergasteinskirkja.<sup>1356</sup>

Í úttekt fyrir Seyðisfjarðarkirkju frá 6. janúar 1943 kemur fram að óupplýst var um afnot sóknarprestsins af landspildu úr Dvergasteinslandi.<sup>1357</sup>

### 5.22.2 *Brimnes í Seyðisfirði*

Brimness er getið í máldaga Vilchins fyrir Mariukirkju að Dvergasteini frá um 1397.<sup>1358</sup>

Hinn 1. júlí 1498 urðu jarðaskipti milli Narfa priors á Skriðu og Gríms Pálssonar þannig að Narfi seldi Grími nokkrar jarðir sem á móti seldi Narfa meðal annars jörðina Brimnes og 11 hundruð í Nesi.<sup>1359</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 5. ágúst 1641 er sagt frá skjölum sem voru hjá kirkjunni. Þar er meðal annars fjallað um kaupbréf Narfa prior á Skriðu frá 1498 fyrir jörðunum Brimnesi og Nesi.<sup>1360</sup> Sama kemur fram í biskupsvísitasíu frá 28. ágúst 1706.<sup>1361</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Dvergasteinskirkju frá 18. febrúar 1780 er fjallað um Brimnestoll sem greiddast átti til kirkjunnar. Ábúendum Brimnes var tilsagt að greiða tollinn.<sup>1362</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Brimness metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Eiðaprestakall.<sup>1363</sup>

<sup>1355</sup> Skjal nr. 2(55) og 2(729).

<sup>1356</sup> Skjal nr. 2(187).

<sup>1357</sup> Skjal nr. 2(447).

<sup>1358</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 224–225, skjal nr. 4(27).

<sup>1359</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 393–394, skjal nr. 4(134).

<sup>1360</sup> Skjal nr. 2(421).

<sup>1361</sup> Skjal nr. 2(422).

<sup>1362</sup> Skjal nr. 2(396).

<sup>1363</sup> Skjal nr. 2(112).

Við aukarétt 29. júlí 1807 var tekið fyrir að halda vitnaleiðslur um ásigkomulag jarðarinnar Brimness. Nokkur vitni voru kölluð til og svöruðu þau spurningum um dýrleika jarðarinnar, landskuld, byggingu hennar og svokallaðan Brimnes- eða bænhústoll. Sum vitna sögðu jörðina vera 12 hundruð að dýrleika en önnur sögðu að jörðin tilheyrði að 12 hundruðum til Eiðakirkju en fjögur hundruð til Dvergasteinspresta.<sup>1364</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Brimnes metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem lénsjörð Eiðaprestakalls. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1760 sé Brimnes talin til stiftsjarða og árið 1674 talin 20 hundruð að dýrleika. Í registri með jarðabókinni 1760 sé getið hjáleigunnar Sléttaness, milli Brimness og Selsstaða, sem sé talin eign Dvergasteinskirkju og sé í kirkjubók talin fjögur hundruð að dýrleika og þau fjögur hundruð áður verið hluti Brimness.<sup>1365</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 11. júlí 1845 segir að Dvergasteinskirkja haldi öllum eignum og ítökum nema landtungu milli Grítárkvíslanna, fram og upp undir fjallsöxlinni, svokallaðri Bungu. Þar séu til forna talin landamerki milli Dvergasteins og Vestdals. Þá er einnig fjallað um ágreining um lítilsháttar landtungu milli Selsstaða og Brimness.<sup>1366</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Brimnes:

Brimnes

á töðu framfleytast 4 kyr á útheyi og beit 60 ær, 60 saudir, 40 lömb og 3 hestar. – Túnid er stórt og nokkud grasgéfið enn þýft og seilusamt; eingjar mestpart á fjalli og skémmast opt af grjót hlaupi; málmyta rír og þrif eins; útbeit á vetrum nokkur; enn hættur við sjó og á landi bædi fyrir menn og sképnur; útræði skamt og höfn allgóð; lítin reka má nefna; mótak er til enn torfskéra léleg. – Nægilegur mannabli álitst að vera 4 karlmenn og 4 kvenmenn – Jörðin var vyrðt á 500 (: fim hundruð:) rbd.<sup>1367</sup>

Við manntalsþing að Dvergasteini 10. júní 1863 var þinglesin friðlýsing fyrir öllu Brimneslandi, fyrir skotum, fuglavarpi og eggjatekju.<sup>1368</sup>

Hinn 28. maí 1885 leigði Sigurður Jónsson til Björns Jónssonar og Andrésar Jónssonar hússtæði á Borgarhól í Brimneslandi. Einnig fengu þeir uppsátur í Borgarfjöru og hagagöngu í landi Brimness. Fram kemur í skjalinu að Sigurður afsalaði samningnum til Þórarins Guðmundssonar, verslunarstjóra á Seyðisfirði, eftir sætt 17. nóvember 1888. Svæðið afmarkaðist að vestan af læk sem rann milli Finnbogaskálahóls og borgarhóls, að norðan af neðsta klettabelti og að austan af landamerkjavörðu.<sup>1369</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Brimness er dagsett 29. maí 1889 en hún var þinglesin við manntalsþing á Seyðisfirði 1. júní 1889. Efni hennar er svohljóðandi:

Brimness

landamerki eru: Hið innra milli Dvergasteins og Brimness í Markhellu og er krossmark klappað í innri Markhellubrún við sjóinn, en þaðan ræður sjónhendingalína upp í

<sup>1364</sup> Skjal nr. 2(697).

<sup>1365</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 362.

<sup>1366</sup> Skjal nr. 2(445).

<sup>1367</sup> Skjal nr. 2(134).

<sup>1368</sup> Skjal nr. 2(698).

<sup>1369</sup> Skjal nr. 2(300).

fjallsbrún, untanvert við hæstu egg þar upp af, og er skammt fyrir ofan Markhelluna  
hlaðin 1 varða úr grjóti, sem miðuð frá krossmarkinu á fjallið sýnir stefnuna.

Hið ytra ræður landamerkjum milli Brimness og Hjálmárstrandar, eignar Dvergasteins-  
kirkju, svo nefnt Grímkelsgil úr fjöru upp á fjallsbrún.

Hér í milli á Brimnes allt land frá sjó upp á fjall þar til er vötnum hallar.

Brimnesi, 29. maí 1889.

Sigurður Jónsson (eigandi Brimness).

Landamerki þessi samþykki eg fyrir hönd Dvergasteinskirkju.

Björn Þorláksson.<sup>1370</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin  
Brimnes var metin á 20.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið  
þinglýst. Fram kemur að jörðin hafi nægilegt upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda.  
Eigandi jarðarinnar var Sigurður Jónsson.<sup>1371</sup>

### 5.22.3 Selsstaðir í Seyðisfirði

Hinn 14. ágúst 1651 fór fram kaupgjörningur milli Brynjólfs biskups Sveinssonar og  
Bjarna Oddssonar þar sem Brynjólfur seldi Bjarna meðal annars alla jörðina Dverga-  
stein með Kolsstöðum og Selsstöðum og jörðina Bárðarstaði í Loðmundarfirði.<sup>1372</sup>

Í kirkjustól Dvergasteins 1808–1855 er fært inn afrit af makaskiptabréfi Brynjólfs  
Sveinssonar og Bjarna Oddssonar á jörðunum Dvergasteini annars vegar og Fremri-  
Hlíð og Gröf í Vopnafirði hins vegar. Bréfið er dagsett 7. júlí 1666 og lýsir makaskipt-  
unum sem áttu sér stað 6. maí 1666. Þar seldi Bjarni Brynjólfi allan staðinn Dvergastein  
með Selsstöðum og Kolsstöðum gegn jörðunum Fremri-Hlíð og Gröf í Vesturárdal í  
Vopnafirði. Í bréfinu segir eftirfarandi um Dvergastein og Dvergasteinskirkju:

Dvergasteins landamerki eru, hid ytra i midli Brimness og Dvergasteins i Markhellu,  
ur Markhellu rettsynis upp eptir fjallinu, uppi það hædst sem vötnum hallar, en fra i  
midli Dvergasteins og Vestdals ræður Grytua, nedan fra sjó upp eptir i háfjall.

Dvergasteinskirkja a Hjalmarströnd alla i midli Hjalmardalsár og Grimkelsgils. Þessi  
merki öll efa og þrætulaus i allan máta<sup>1373</sup>

Með gjafabréfi frá 11. apríl 1678 gaf Torfi Jónsson í Gaulverjabæ kaupahlutann í  
Dvergasteini, Selsstöðum og Kolsstöðum til uppheldis fyrir sóknarprest í Seyðisfjarðar-  
og Mjóafjarðarþingum. Kaupahluturinn var 12 hundruð að dýrleika og var það á ábyrgð  
biskups að úthluta honum til sóknarprests. Fjallað er um skilmála með gjöfinni og þar  
er meðal annars getið Hjálmárstrandar:

Fyrst ad þesse statur Duergsteirn me[d] kyrkiunne, hennar Inventario og utensilibus  
sieæ nu uttekinn effter næstkomande fardaga þessa Ars Anni 1678 ad forlagi Vir duglegs  
Biskups Skalhollts Stiffis M. Þordar Thorlakssonar aff profastenum J Mulaþyng

<sup>1370</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>1371</sup> Skjal nr. 2(189).

<sup>1372</sup> Skjal nr. 2(199).

<sup>1373</sup> Skjöl nr. 2(295) og 2(442).

Heidurlegum S<sup>ra</sup> Stephane Olafssyne edur þeim sem þeir þar um bilda og leggiest upp hiedan til æfenlegs presta adseturs og Beneficium þeim prestum sem þiona J Seidar og Miöafiarda þyngum til upphelldiss, enn utsuarest af mýnum umbods manne J Mulaþyngge, erlegum ungum manne Biarna Elldra Einarssýne, so sem hann er nu standande ad kyrkiunne sialfre, heima Jardarhusunum og tilliggiande Jarda og utlanda Selstada Kolstada og Hialmarstrandar, huortt þær eru nu bygdar edur J eyde, med fiorum mattgilldum kugilldum Aanalls älags uppbootar og portiu reiknings

[...]

J þridia mata skil eg til ad af þe[s]sum Tolfhundurudum kaupahlutans J Duergasteine s[e]ju æfenlega greiddar og golldnar alla Tyunder effter þessa giof, sem ädur, sinn fiordungur hiorjum sem hafa skal, nema preststyunden fellur til hans sialfs, vil eg og endelega ad [prest]jurinn sialfur [...] [o]g sitie a Jordunne Duergasteine, helldur enn odrum by[g]ge þuý so mun helldur kyrkiann endurbætast, og Jardarhusinn eflast og vidriettast. Huad ky[rk]junne hafe eignad verid nefnelege Hialmarstrond oll midlum Hialmär og Grymkiels gils [m]ed odru[m] eignum og Jtokum greina Maldagar sem Virdulegur Biskupinn mun prestenum J tie läta, Eigi veit eg logmætt klogumal liggia a þessare Jordu, þuý hun hefur ad vysu Tuttugu Är, Atölulaus leiged J eign þess sæla herra M: Brynjólfs Sueinssonar, enn kome það upp, þa verdur þuý sa ad gegna sem not hefur Duergasteins, og hallda lagasuorum fyrer. Enn lagariffyngum lofa eg huorke uppa mig nie myna erfýngia ad suara þö afgange<sup>1374</sup>

Í úttekt á Dvergasteinskirkju frá 20. ágúst 1802 segir að prestakallinu fylgi meðal annars jörðin Selsstaðir, sex hundruð að dýrleika.<sup>1375</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Selsstaða metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Dvergasteinskirkja. Fram kemur að eyðijörðin Kolsstaðir hafi verið nytjuð.<sup>1376</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 6. nóvember 1828 byggði sr. Ólafur Indriðason Hermannni Halldórssyni jörðina Selsstaði. Í byggingarbréfinu er eftirfarandi landamerkjum jarðarinnar lýst:

nefnilega frá Markhellu ad utan, og ad innann í svokalladann Nónholslæk, enn ad nordanverdu hvervetna á Fiall upp til þess Vötnum hallar.<sup>1377</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 11. júlí 1845 segir að Dvergasteinskirkja haldi öllum eignum og ítökum nema landtungu milli Grítárkvíslanna, fram og upp undir fjallsöxlinni, svokallaðri Bungu. Þar séu til forna talin landamerki milli Dvergasteins og Vestdals. Þá er einnig fjallað um ágreining um lítilsháttar landtungu milli Selsstaða og Brimness.<sup>1378</sup>

Hinn 30. maí 1847 skrifaði sr. Einar Hjörleifsson á Dvergasteini til biskups um Kolsstaði og Selsstaði þar sem óljóst væri hvort þeir væru kirkjujarðir eða afbýli undan prestssetrinu.<sup>1379</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Selsstaðir metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem eign Dvergasteinskirkju. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1804 hafi land Kolsstaða, eyðijarðar Dvergasteinskirkju, verið nytjað frá Selsstöðum. Þá segir að

<sup>1374</sup> Skjal nr. 2(382).

<sup>1375</sup> Skjal nr. 2(443).

<sup>1376</sup> Skjal nr. 2(111).

<sup>1377</sup> Skjal nr. 2(860).

<sup>1378</sup> Skjal nr. 2(445).

<sup>1379</sup> Skjal nr. 2(591).

Kolsstaðir hafi árið 1760 verið metnir sex hundruð að dýrleika. Ábúandi Selsstaða hafi einnig um tíma nytjað Hjálmárströnd, eyðijörð Dvergasteinskirkju. Þar eigi Dvergasteinskirkja  $\frac{3}{4}$  hluta reka en Klyppstaðarkirkja  $\frac{1}{4}$  hluta reka.<sup>1380</sup>

Hinn 3. júní 1849 lögfesti sr. Einar Hjörleifsson kirkjustaðinn Dvergastein með Selsstöðum og Kolsstöðum. Einnig er Hjálmárstrandar getið í lögfestunni en efni hennar er svohljóðandi:

Eg undirskrifaður prestur til Dvergasteins og Fjarðar lögfesti hermeð kirkjustaðinn Dvergastein með tilheyrandi jörðum eða hjáleigum Selsstöðum og Kolsstöðum innan þeirra landamerkja: hið ytra imiðli Brimness og Dvergasteins í Markhellu, ur Markhellu rettsynis upp eptir fjallinu, uppi það hæðzt sem vötnum hallar; en innfrá, miðli Dvergasteins og Vestdals ræður Grytuá, neðan frá sjó upp eptir í hafjall; sömuleiðis lögfesti eg Hjálmárströnd alla milli Grímkelsgils og Hjálmar, einnin reka imiðli Þórisvogs og suður að stáli og reka millum Hamarsnefs og Gullsteins. Fyrirbyð eg einum og serhvörjum að nota sér áðurgreint land til nokkurskonar afnota hvörju nafni sem heitir til sjós og lands undir alvarlegustu lagasekkir, solengi sem ecki framkoma sannanir fyrir að þessi landamerki séu afhermd.<sup>1381</sup>

Lögfestan var lesin við manntalsþing að Dvergasteini 5. júní 1849 og þá var einnig lesin friðlýsing fyrir nótalögum í Dalalandi.<sup>1382</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Selsstaði:

Selstaðir

med eyðibýlinu Kolsstöðum. Túnin fódra 2 kýr og 1 vetrúng, útthey og beit 50 ær, 60 saudi, 40 lömb og 3 hesta; tún lítið enn grasgéfið; útheyskapur nærtækur og eingjar grasgefnar, málnyta frekar rír, enn þrif í medallagi, útbeit á vetrum sæmileg bæði á landi og í fiöru; hætt er við snjóflóðum; útræði bjargvænlegt enn lending frekar slæm; litla rekavon má telja; torfskéra brúkanleg og mótak líka; viðarkropp til tróðs. – Nægilegt lid þykir vera 3 karlmenn og 3 kvenmenn. – Jörd þessi var vyrðt á 400 (: fjögur hundruð:) rbd.<sup>1383</sup>

Í biskupsvísitasíu Dvergasteinskirkju frá 3. ágúst 1850 er fjallað um gjafabréf, dagsett 11. apríl 1678, sem sýni gjöf Brynjólfs biskups á jörðinni Dvergasteini með Selsstöðum og Kolsstöðum til Dvergasteinskirkju. Presturinn kvaðst myndi færa bréfið inn í kirkjubók.<sup>1384</sup>

Í skýrslu sr. J. J. Björnsen á Dvergasteini, dagsettri 30 september 1854, um tekjur og útgjöld Dvergasteinsprestakalls eftir fimm ára meðaltali frá fardögum 1849 til fardaga 1854 segir að Selsstaðir hafi verið með eyðibýlinu Kolsstöðum verið sex hundruð að dýrleika.<sup>1385</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Dvergasteins með hjáleigunni Selsstöðum er dagsett 3. júní 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Dvergasteini 10. júní 1884. Í henni er að finna lýsingu á landamerkjum Dvergasteins gagnvart Brimnesi frá 26. september 1883, dómsorð um landamerki Dvergasteins og Vestdals, einnig frá 26. september

<sup>1380</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 362.

<sup>1381</sup> Skjal nr. 2(295).

<sup>1382</sup> Skjal nr. 2(711).

<sup>1383</sup> Skjal nr. 2(134).

<sup>1384</sup> Skjal nr. 2(446).

<sup>1385</sup> Skjal nr. 2(592).

1883, og loks landamerkjalyýsingu Hjálmarstrandar frá 3. júní 1884. Sá hluti skjalsins sem geymir merkjalýsingu Dvergasteins og Selsstaða er svohljóðandi:

Dvergasteinn með hjáleigunni Selstöðum:

Landamerki eru: hið ytra milli Dvergasteins og Brimness „í Markhelli“, og er krossmark klappað í innri Markhellubrún við sjóinn, en þaðan ræður sjónhendinga lína upp í fjallsbrún, utanvert við hæztu egg þar upp af. Hið innra ræður landamerkjum til móts við Vestdal, samkvæmt merkjadómi frá 26. september 1883, hin svo kallaða innri-Grýtuá.<sup>1386</sup>

Með byggingarbréfi frá ágúst 1881 var Birni Hermannssyni byggð hjáleigan Selsstaðir. Um landamerki segir í bréfinu:

og eru landamerki Selstaða frá gamalli tíð ákveðin þannig: að utan Markhella, en innan svokallaðr Nónhólslæk; að norðanverðu nær Selstaða-land hvervetna á fjall upp til þess er vötnum hallar.<sup>1387</sup>

Með samningi dagsettum 4. maí 1891 sagði Björn Hermannsson lausri hjáleigunni Selsstöðum.<sup>1388</sup> Hinn 10. september 1893 vitnuðu Gísli Jónsson og Jón Sigurðsson að Björn Hermannsson hafi verið með fullu ráði þegar hann skrifaði undir samning við sr. Björn Þorláksson á Dvergasteini þann 4. maí 1891 um ábúð á Selsstöðum.<sup>1389</sup> Sr. Björn Þorláksson gerði samkomulag við Björn Hermannsson og Rannveigu Stefánsdóttur um að þau fengi að búa um eitt fardagaár á Selsstöðum og hefðu afnot af hálfu heimatúninu og hálfum engjum, að frátöldu Kolsstaðatúni.<sup>1390</sup>

Hinn 16. nóvember 1910 var tekið fyrir að meta og gera lýsingu um jörðina Selsstaði. Í matsgjörð um jörðina segir að landamerki hennar séu að utan frá Markhelli og að innan við svokallaðan Nónhólslæk, með vísan í byggingarbréf frá 6. nóvember 1828. Jörðin var metin af matsmönnum á 2.500 kr.<sup>1391</sup>

Með afsalsbréfi dagsettu 31. júlí 1913 seldi ráðherra Íslands jörðina Selsstaði til sr. Björns Þorlákssonar fyrir 3.000 kr.<sup>1392</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Selsstaðir var metin á 3.400 kr. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var sr. Björn Þorláksson. Um landamerki segir eftirfarandi:

III. Landamerki Dvergasteins, með Selstöðum eru innfærð í landamerkjabók Norðurmúlasýslu bls. 14-15. Þingl. 10. júní 1884 og eru Selstaðir þar nefnd hjáleiga frá Dvergasteini. Þetta mun ekki vera rétt, því bæði í jarðatali J. Johnsens frá 1847 og Nyju jarðamati frá 1861, eru Selstaðir taldir kirkjujörð en ekki hjáleiga og þar af leiðandi áttu landam. Selstaða að vera innfærð sérstaklega. Hinsvegar segir núverandi eigandi Selstaða og ábúandi á báðum jörðunum – Selst. og Dvergast. – að eftirfylgjandi landamerki séu haldin þessi, milli Selstaða og Dvergasteins: „Frá sjó eftir Nónholtslæk

<sup>1386</sup> Skjal nr. 2(55) og 2(729).

<sup>1387</sup> Skjal nr. 2(305).

<sup>1388</sup> Skjal nr. 2(306).

<sup>1389</sup> Skjal nr. 2(304).

<sup>1390</sup> Skjal nr. 2(307).

<sup>1391</sup> Skjal nr. 2(861).

<sup>1392</sup> Skjal nr. 2(862).

upp að Merkitungulæk, sem er innan við Töðuhvamm. Því næst eftir Merkitungulæk upp til fjalls eftir gili innan við Skógarhjalla.“<sup>1393</sup>

#### 5.22.4 *Kolsstaðir í Seyðisfirði*

Kolsstaða er getið í máldaga Vilchins fyrir Mariukirkju að Dvergasteini frá um 1397.<sup>1394</sup>

Hinn 14. ágúst 1651 fór fram kaupgjörningur milli Brynjólfs biskups Sveinssonar og Bjarna Oddssonar þar sem Brynjólfur seldi Bjarna meðal annars alla jörðina Dvergastein með Kolsstöðum og Selsstöðum og jörðina Bárðarstaði í Loðmundarfirði.<sup>1395</sup>

Í kirkjustól Dvergasteins 1808–1855 er fært inn afrit af makaskiptabréfi Brynjólfs Sveinssonar og Bjarna Oddssonar á jörðunum Dvergasteini annars vegar og Fremri-Hlíð og Gröf í Vopnafirði hins vegar. Bréfið er dagsett 7. júlí 1666 og lýsir makaskiptunum sem áttu sér stað 6. maí 1666. Þar seldi Bjarni Brynjólfi allan staðinn Dvergastein með Selsstöðum og Kolsstöðum gegn jörðunum Fremri-Hlíð og Gröf í Vesturárdal í Vopnafirði. Í bréfinu segir eftirfarandi um Dvergastein og Dvergasteinskirkju:

Dvergasteins landamerki eru, hid ytra i midli Brimness og Dvergasteins i Markhellu, ur Markhellu rettsynis upp eptir fjallinu, uppí það hædst sem vötnum hallar, en fra i midli Dvergasteins og Vestdals rædur Grytua, nedan fra sjó upp eptir i háfjall.

Dvergasteinskirkja a Hjalmarströnd alla i midli Hjalmdalsár og Grimkelsgils. Þessi merki öll efa og þrætulaus i allan máta<sup>1396</sup>

Með gjafabréfi frá 11. apríl 1678 gaf Torfi Jónsson í Gaulverjabæ kaupahlutann í Dvergasteini, Selsstöðum og Kolsstöðum til uppheldis fyrir sóknarprest í Seyðisfjarðar- og Mjóafjarðarþingum. Kaupahluturinn var 12 hundruð að dýrleika og var það á ábyrgð biskups að úthluta honum til sóknarprests. Fjallað er um skilmála með gjöfinni og þar er meðal annars getið Hjalmarstrandar:

Fyrst ad þesse statur Duergsteirn me[d] kyrkiunne, hennar Inventario og utensilibus sieæ nu uttekinn effter næstkomande fardaga þessa Ars Anni 1678 ad forlagi Virduglegs Biskups Skalhollts Stiffis M. Þordar Thorlakssonar aff profastenum J Mulabynge Heidurlegum S<sup>ra</sup> Stephane Olafssyne edur þeim sem þeir þar um bioda og leggiest upp hiedan til æfenlegs presta adseturs og Beneficium þeim prestum sem þiona J Seidar og Miöafiarda þyngum til upphelldiss, enn utsuarest af mýnum umbods manne J Mulabynge, erlegum ungum manne Biarna Elldra Einarssýne, so sem hann er nu standande ad kyrkiunne sialfre, heima Jardarhusunum og tilliggiande Jarda og utlanda Selstada Kolstada og Hjalmarstrandar, huortt þær eru nu bygdar edur J eyde, med fiorum mattgilldum kugilldum Aanalls älags uppbootar og portiu reiknings

[...]

J þridia mata skil eg til ad af þe[s]sum Tolfhundrudum kaupahlutans J Duergasteine s[e]u æfenlega greiddar og golldnar alla Tyunder effter þessa giof, sem ädur, sinn fiordungur hiorjum sem hafa skal, nema preststyunden fellur til hans sialfs, vil eg og endelega ad [prest]urinn sialfur [...] [o]g sitie a Jordunne Duergasteine, helldur enn

<sup>1393</sup> Skjal nr. 2(188).

<sup>1394</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 224–225, skjal nr. 4(27).

<sup>1395</sup> Skjal nr. 2(199).

<sup>1396</sup> Skjöl nr. 2(295) og 2(442).



odrum by[g]ge þuý so mun helldur kyrkiann endurbætast, og Jardarhusinn eflast og vidriettast. Huad ky[rk]junne hafe eignad verid nefnelege Hialmarstrond oll midlum Hialmár og Grymkiels gils [m]jed odru[m] eignum og Jtokum greina Maldagar sem Virdulegur Biskupinn mun prestenum J tie láta, Eigi veit eg logmætt klogumal liggia a þessare Jordu, þuý hun hefur ad vysu Tuttugu Ár, Atólulaus leiged J eign þess sæla herra M: Brynjolfs Sueinssonar, enn kome það upp, þa verdur þuý sa ad gegna sem not hefur Dvergasteins, og hallda lagasuorum fyrir. Enn lagariffyngum lofa eg huorke uppa mig nie myna erfyngia ad suara þö afgang<sup>1397</sup>

Hinn 30. maí 1847 skrifaði sr. Einar Hjörleifsson á Dvergasteini til biskups um Kolsstaði og Selsstaði þar sem óljóst væri hvort þeir væru kirkjujarðir eða afbýli undan prestssetrinu.<sup>1398</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 segir í neðanmálgrein um jörðina Selsstaði að árið 1804 hafi verið með henni yrkt eyðijörðin Kolsstaðir, sem hafi verið árið 1760 sex hundruð að dýrleika.<sup>1399</sup>

Hinn 3. júní 1849 lögfesti sr. Einar Hjörleifsson kirkjustaðinn Dvergastein með Selsstöðum og Kolsstöðum. Einnig er Hjálmarstrandar getið í lögfestunni en efni hennar er svohljóðandi:

Eg undirskrifaður prestur til Dvergasteins og Fjarðar lögfesti hermeð kirkjustaðinn Dvergastein með tilheyrandi jörðum eða hjáleigum Selstöðum og Kolstöðum innan þeirra landamerkja: hið ytra imiðli Brimness og Dvergasteins í Markhellu, ur Markhellu rettsynis upp eptir fjallinu, uppi það hæðzt sem vötnum hallar; en innfrá, miðli Dvergasteins og Vestdals ræður Grytuá, neðan frá sjó upp eptir í hafjall; sömuleiðis lögfesti eg Hjálmarströnd alla milli Grímkelsgils og Hjálmar, einnin reka imiðli Þórisvogs og suður að stáli og reka millum Hamarsnefs og Gullsteins. Fyrirbyð eg einum og serhvörjum að nota sér áðurgreint land til nokkurskonar afnota hvörju nafni sem heitir til sjós og lands undir alvarlegustu lagasekkir, solengi sem ecki framkoma sannanir fyrir að þessi landamerki séu afhermd.<sup>1400</sup>

Lögfestan var lesin við manntalsþing að Dvergasteini 5. júní 1849 og þá var einnig lesin friðlýsing fyrir nótalögum í Dalalandi.<sup>1401</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 er fjallað um Kolsstaði sem eyðibýli frá Selstöðum. Þar segir eftirfarandi:

Selstaðir

med eyðibýlinu Kolsstöðum. Túnin födra 2 kýr og 1 vetrúng, útthey og beit 50 ær, 60 saudi, 40 lömb og 3 hesta; tún lítið enn grasgéfíð; úttheyskapur nærtækur og eingjar grasgefna, málnyta frekar rír, enn þrif í medallagi, útbeit á vetrum sémileg bæði á landi og í fiöru; hætt er við snjóflóðum; útræði bjargvænlegt enn lending frekar slæm; litla rekavon má telja; torfskéra brúkanleg og mótak líka; viðarkropp til tróðs. – Nægilegt lid þykir vera 3 karlmenn og 3 kvenmenn. – Jörd þessi var vyrdt á 400 (: fjögur hundruð:) rbd.<sup>1402</sup>

<sup>1397</sup> Skjal nr. 2(382).

<sup>1398</sup> Skjal nr. 2(591).

<sup>1399</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 362.

<sup>1400</sup> Skjal nr. 2(295).

<sup>1401</sup> Skjal nr. 2(711).

<sup>1402</sup> Skjal nr. 2(134).

Í biskupsvísitasíu Dvergasteinskirkju frá 3. ágúst 1850 er fjallað um gjafabréf, dagsett 11. apríl 1678, sem sýni gjöf Brynjólfs biskups á jörðinni Dvergasteini með Selsstöðum og Kolsstöðum til Dvergasteinskirkju. Presturinn kvaðst myndi færa bréfið inn í kirkjubók.<sup>1403</sup>

Í skýrslu sr. J. J. Björnson á Dvergasteini, dagsettri 30 september 1854, um tekjur og útgjöld Dvergasteinsprestakalls eftir fimm ára meðaltali frá fardögum 1849 til fardaga 1854 segir að Selsstaðir hafi verið með eyðibýlinu Kolsstöðum verið sex hundruð að dýrleika.<sup>1404</sup>

### 5.22.5 Sunnuholt í Seyðisfirði

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979 er færður inn útdráttur úr byggingarbréfi jarðarinnar Sunnuholts, dagsettu 13. mars 1946. Þinglýsingardags er ekki getið. Fjallað er um landamerki jarðarinnar en þar segir:

Sunnuholt

í Seyðisfj.hr.

Útdráttur úr byggingabréfi (Ltr. A II. 36)

Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus sem hér segir, samkv. landamerkjagerð frá 13/3 1946:

Að vestan svonefndur Finnbogalækur, að norðan Norðanklettur, að austan Svarðarlækur frá Norðanklettsbrekkum niður á Hagakletta. Þá út Hagaklettana í mörk Dvergasteins og Selstaðalands. Að sunnan sjórinn. – Auk þess nýtur býlið beitarréttinda í Dvergasteinslandi eftir þörfum í hlutfalli við landstærð.

Seyðisfjarðarhreppi, 13. marz 1946

Þórarinn Sigurðsson – hreppstjóri

Sig. Vilhjálmsson – úttektarmaður

Ofanritaðri landamerkjaskrá er ég samþykkur

Filippus Sigurðsson<sup>1405</sup>

### 5.22.6 Vestdalur í Seyðisfirði

Við manntalsþing að Brimnesi í Seyðisfirði 10. ágúst 1801 var upplesið kaupbréf Sveins Sveinssonar, dagsett 18. nóvember 1799, fyrir jörðinni Vestdal.<sup>1406</sup> Kaupbréfið var aftur upplesið við manntalsþing á Hánefsstaðakaupstað í Seyðisfirði þann 10. september 1804. Kaupverðið var 270 ríkisdali og kvittaði seljandinn, Guðmundur Pétursson sýslumaður, þann 10. ágúst 1801 að kaupverðið væri að fullu greitt.<sup>1407</sup>

<sup>1403</sup> Skjal nr. 2(446).

<sup>1404</sup> Skjal nr. 2(592).

<sup>1405</sup> Skjal nr. 2(54).

<sup>1406</sup> Skjal nr. 2(801).

<sup>1407</sup> Skjal nr. 2(800).

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Vestdals, með eyðihjáleigunni Vestdalsgerði, metinn níu hundruð. Eigandi jarðarinnar var Sveinn Sveinsson hreppstjóri.<sup>1408</sup>

Við manntalsþing að Dvergasteini 11. maí 1836 var uppleið afsalsbréf, dagsett 29. ágúst 1835, þar sem Snjólfur Einarsson bóndi á Firði seldi Sveini Sveinssyni hreppstjóra eitt og hálf hundruð í jörðinni Vestdal. Við sama þing var uppleið annað afsalsbréf, dagsett 28. september 1835, þar sem Jón Ögmundsson bóndi á Firði seldi Sveini Sveinssyni hreppstjóra eitt og hálf hundruð í jörðinni Vestdal.<sup>1409</sup>

Hinn 16. október 1836 seldi Tómas Sveinsson þrjú hundruð í jörðinni Vestdal til Sveins Sveinssonar hreppstjóra á Vestdal. Afsalsbréfið var þinglesið þann 16. júní 1837.<sup>1410</sup>

Í prófastsvísitasíu Dvergasteinskirkju frá 11. júlí 1845 segir að Dvergasteinskirkja haldi öllum eignum og ítökum nema landtungu milli Grítárvíslanna, fram og upp undir fjallsöxlinni, svokallaðri Bungu. Þar séu til forna talin landamerki milli Dvergasteins og Vestdals. Þá er einnig fjallað um ágreining um lítilsháttar landtungu milli Selsstaða og Brimness.<sup>1411</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Vestdalur metin níu hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeygn. Í neðanmálgrein kemur fram að árin 1760 og 1804 hafi verið meðtalin eyðihjáleigan Vestdalsgerði og Vestdalur þá talist til Papeyjarumboðs.<sup>1412</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Vestdal:

Vestdalur

með eyðibýlinu Vestdalsgerði. Túnid fóðrar 3 kýr, á jörðunni má hafa 50 ær, 60 saudi, 40 lömb og 3 hesta; túnid ekki ógrasgéfið enn þýft, grýtt og bratt; eingjar víðlendar enn snöggvar sem optast; málnya léleg enn þrif í meðallagi; vetrarþing því nær eingin í egin landi; mjög er hætt við snjóflóðum á vetrum; landid er nokkud stórt enn í því eru gripahættur miklar; útræði bjargvænlegt og lending góð; dálitla rekavon má telja; mótak gott enn langsókt; torfskera nær því ónýtt. – Hæfilegt fólkshald álitst að vera 5 karlmenn og 4 kvenmenn. – Þar eð hreppstjóri Sveinn Sveinsson er eigandi þessarar jarðar, var hún af hinum 4<sup>um</sup> vyrðingarmönnum metin á 450 (: fjögur hundruð og fimtíu:) rbd.<sup>1413</sup>

Við manntalsþing að Dvergasteini 9. júlí 1851 var þinglýst kaupbréfi, dagsettu 19. apríl 1851, fyrir eignarhólma þeim er lá á landamerkjum Vestdals og Fjarðar, millum ósa þeirra er Vestdalsá rann í.<sup>1414</sup>

Hinn 8. ágúst 1883 fór fram sáttafundur hjá sáttanefnd Brimnessáttaumdæmis en þar var tekið fyrir landamerkjumál milli sr. Jóns Bjarnasonar á Dvergasteini og Einars

<sup>1408</sup> Skjal nr. 2(109).

<sup>1409</sup> Skjal nr. 2(795).

<sup>1410</sup> Skjöl nr. 2(247) og 2(778).

<sup>1411</sup> Skjal nr. 2(445).

<sup>1412</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 362.

<sup>1413</sup> Skjal nr. 2(134).

<sup>1414</sup> Skjal nr. 2(766).

Hinrikssonar á Vestdal. Ágreiningur var um hvor Grýtuáin réði merkjum jarðanna. Sátt náðist ekki milli aðila.<sup>1415</sup>

Við aukarétt 10. september 1883 var tekið fyrir mál sr. Jóns Bjarnasonar fyrir hönd Dvergasteinskirkju gegn Einari Hinrikssyni bónda í Vestdal útaf ágreiningi um landamerki jarðanna. Framlögð voru ýmis skjöl og þá voru menn útnefndir í merkjadóm.<sup>1416</sup> Málinu var framhaldið 19. september og 26. september 1883 þar sem gengið var á merki jarðanna og frekari gögn voru lögð fram. Meðal gagna málsins voru afrit af máldaga fyrir Dvergasteini með hjáleigum, dagsettum 7. júlí 1666, og lögfesta frá 5. júní 1849.<sup>1417</sup> Þá var einnig lagður fram vitnisburður Sigurðar Jónssonar frá 19. september 1883 sem sagði aðeins ein á hafi verið nefnd Grýta og það hafi verið sú sem nefnd hafi verið Innri-Grýta, sem rynni til sjávar innan við hús B. Nagells.<sup>1418</sup> Annar vitnisburður dagsettur 19. september 1883 var undirritaður af Björgu Magnúsdóttur prestsekkju sem sagði að eigandi Vestdals hafi þótt eiga land út í Ytri-Grýta með þeim rökum að hún væri dýpri en sú innri, en þeir sem hafi búið á Dvergasteini talið land Dvergasteins ná að Innri-Grýta.<sup>1419</sup>

Við annan aukarétt 26. september var loks dæmt í málinu. Í dómsmálabók Norður-Múlasýslu 1880–1884 er rökstuðningi dómsins lýst svo og í framhaldinu dómsorðum:

Að öllu framantöldu íhuguðu getur rétturinn ekki komist að annari niðurstöðu en þeirri, að þrætutungu þá, er kennd er við Grýtáreyri og liggur milli samnefndra áa, beri að dæma eign Dvergasteins kirkju, þannig að hin innri-Grýtuá ráði landamerkjum milli Dvergasteins og Vestdals frá sjó fyrir innan hús B. Nagels norðmanns, en fyrir utan nýbýlið Eiríksstaði uppeptir hinum gamla farvegi, þaðan skáhallt uppi Grafgil eptir sjónhendingu, þar sem það endar uppi fjallshlíðinni, síðan upp eptir þessu gili beina stefnu þartil vötnum hallar og ber að setja glögg landamerki þar eptir. –

Eptir þeim úrslitum er mál þetta hefur fengið virðist hinn stefndi eiga að greiða málkostnað-inn, þarameðal dagpeninga til dómsmanna, 6 Krónur til hvers eða samtals 30 Krónur.

Því dæmist rétt að vera:

Þrætutunga sú, er kennd er við Grytáreyri og liggur milli samnefndra áa, á að vera eign Dvergasteinskirkju, þannig að hin svonefnda innri Grýtuá skal ráða landamerkjum milli jarðanna Dvergasteins og Vestdals, frá sjó innanvið hús B. Nagells norðmanns uppeptir hinum gamla árfarvegi fyrir utan nýbýlið Eiríksstaði, þaðan skáhallt uppi Grafgil eptir sjónhendingu þar sem það endar uppi fjallshlíðinni, síðan uppeptir þessu gili beina stefnu þartil vötnum hallar.<sup>1420</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Vestdals er dagsett 5. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing á Seyðisfirði 7. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Samkvæmt merkjadómi 26. sept. 1883, ræður Grýta landamerkjum að austan, gagnvart Dvergasteinslandi, upp eftir hinum gamla farvegi sínum, utan við býlið Eiríksstaði,

<sup>1415</sup> Skjal nr. 2(876).

<sup>1416</sup> Skjal nr. 2(724).

<sup>1417</sup> Skjal nr. 2(725)–2(727).

<sup>1418</sup> Skjal nr. 2(296).

<sup>1419</sup> Skjal nr. 2(297).

<sup>1420</sup> Skjal nr. 2(728).

þaðan skáhalt í neðri enda svonefnds Grafgils, síðan upp eftir nefndu gili og beina stefnu úr efri enda þess upp á fjallseggar.

Að suðvestan og vestan ræður Vestdalsá, fyrst gagnvart Vestdalseyri þangað sem Vestdalsá steypist fram af svo nefndum Arnarklettum (efri Vestdalseyrarfoss) og síðan þaðan, gagnvart Fjarðarlandi, að upptökum árinna og þaðan beinalínu eftir síðast nefndri stefnu árinna og upp á hæstu fjallseggar.

Að norðan ráða svo hæstu fjallseggar milli framanskraðra merkja að vestan og austan.

Seyðisfirði 5. desember 1921

Í umboði eiganda jarðarinnar, Bened. Jónsson

Vér undirritaðir eigendur og umráðamenn nærliggjandi landa, viðurkennum framskráð landamerki rétt að vera og ritum því til staðfestu eiginhandar nöfn vor hér undir.

Seyðisfirði 5. desember 1921

Umráðamaður Dvergasteins Björn Þorláksson prestur á Dvergasteini

Eigendur Fjarðar Jón Jónsson

Í umboði eiganda Vestdalseyrar Bened. Jónsson

f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar Ari Arnalds<sup>1421</sup>

## 5.23 Eignir og ítök kirkna

### 5.23.1 Vallaneskirkja<sup>1422</sup>

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið í Vallanesi.<sup>1423</sup>

Í máldaga Vallaneskirkju sem Árni biskup Þorláksson setti sumarið 1270 segir meðal annars:

giallda skal hvert sem vill reka þann er liggur fyrir vestan lagar flíotz ös: þat er einn teigur þriv hvndrud. og a vallaness kirkia tvo hlvtu j vidreka: enn kirkivbæiar kirkia þridivnd: enn tuo hlute a kirkivbæiar kirkia j hvaleka. Vallanes kirkia a helming vidreka vid sledbriozt Menn. enn attvng j hualreka: attvng hvaleka j ofærv, þetta skvlv vera ij. kvgilldi: eda þriar m[erkr] vadmala<sup>1424</sup>

Í máldaga Jónskirkju í Vallanesi er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti er hann vígði kirkju 17. júlí 1367 segir meðal annars:

att ung j hualreka j ofærulekvm attvng j kilmanna teigh hálfulan vidreka vid sledbrott-menn j siau hvndradvm en fiordungh hualreka. vid kirkiubænga tueir hlutir vidreka j þrimr hundrodum oc suo j hualreka. þriar vetter liggia til vallanes a eyiarsandi. hálfa reka vid sandbrekkumenn j x hundrudvm hálfer osrekar bædi hualreka oc vidreka stærra en aálnar kefli. fiordung hualreka a gripdeilld toltung vid gallstódinga annan toltung milli þeistavags oc spakærdals oc slik[t] j flutninghi huargi sem a land kemr. fiordunghr j bualreka vid snotrunesmenn vnder Vægsfiol[l]om sunnan fra sundi oc til

<sup>1421</sup> Skjal nr. 2(56).

<sup>1422</sup> Hér er einkum gerð grein fyrir heimildum sem varða eignir og ítök Vallaneskirkju á því svæði sem mál nr. 1/2022 varðar. Ítarlegri umfjöllun um Vallaneskirkju og Vallanes er í kafla 5.8.1 í úrskurði í máli nr. 2/2022.

<sup>1423</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* XII, bls. 4, skjal nr. 4(21).

<sup>1424</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* II, bls. 83–84, skjal nr. 4(52).

gripsgiar tolf tungu a hrollaugstaða sandi. balfuan hualreka a eyri j borgarfirði milli drangs oc kambis attvngj j hual j brunauik oc j kiolsuik oc j hualuik oc j suinavik huargi sem a land kemr stiga aas allann grindar aas allan<sup>1425</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir kirkju Jóhannesar skírara í Vallanesi frá um 1397 segir um rekaréttindi kirkjunnar o.fl.:

Attung j hualreka j Ofæru rekumm.

[...]

attung j Kilmannateig.

Halfann vidreka vid Sledbrotz menn j vije.

einn fiordung j hualreka vid Kirkbæinga. ij hluter vidreka j þrimur hundrudumm oc so i hualreka.

[...]

Halfann reka vit Sandbreckumenn j x hundrudumm.

Halfer Osrekar bæde hvalreka oc vidreka stærra enn alnarkefli.

Fiordung hualreka a Gripdeilld.

Tolftung vid Sallstædinga.

annan tolf tungu milli Þeistavogs oc Spakardals oc slijkt j fluttningi huargi sem a land kiemur.

fiordung i hvalreka vid Snotronesmenn vnder Vogsföllumm sunnann fra sunndi og til Greipsgjær.

tolftung i Hrollaugstada lanndi.

Halfann hualreka a Eyri j Borgarfirdi milli Drangs oc Kambis.

attung i hval j Brunavijk og j Kiolsvijk og i hvalreka i Hualvijk.

fiordung og j Svijnavijk huar sem a land kiemur.

Stigaäs allann og Grindaräs allann.

[...]

Item lagdi til sira Jngi Hafnar land i Borgarfirdi firir spioll.

[...]

Item skipadi sira Oddur kirkiunni j Wallanesi til eignar jord j Hofn i Borgarfirde. er adur laukst j stadarspioll. og adra jord ad Ose j Vtmannasveit. og skipadi ad þar skylldi kirkiutiund oc prestztiund af hvorri sem i sokninni liggur.

fiordung j Osreka er Teitur Sockason gaf.<sup>1426</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Jónskirkju í Vallanesi sem Árni biskup Ólafsson setti árið 1419 og máldaga Sveins biskups Péturssonar frá 4. september 1471.<sup>1427</sup>

Í Stefánsmáldaga fyrir Vallaneskirkju frá 1491–1518 er ekki getið um jarðeignir, ítök eða hlunnindi.<sup>1428</sup>

<sup>1425</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* III, bls. 237–238, skjal nr. 4(123).

<sup>1426</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 204–207, skjal nr. 4(53).

<sup>1427</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 270–271; V, bls. 629–632; skjöl nr. 4(124)–4(125).

<sup>1428</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* VII, bls. 25–26, skjal nr. 4(139).

Í máldaga Vallaneskirkju frá 1541 og síðar segir m.a. að hún hafi átt Ós í Útmannasveit.<sup>1429</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir m.a. að Vallaneskirkja eigi:

ättung i hualreka i Öfæru rekum ättung i Kiilmannateig. hálfan vidreka vid Sledbrioztmenn. i sio hundrudum: einn fiordung i hualreka vid Kirkiubæinga tueir hluter vidreka i thremur hundrudum og so i hualreka iij vætter liggia til Vallaness ä Eijjarsandi. hálffann reka vid Sandbreckumen J x°. hálffer Ösrekar bædi hualreka og vidreka stærra enn alnar kieffle. fiordung hualreka ä Gripdeilld. tolfftung vid Saltstædinga. annann tolfftung mille Theistavogs og Spakardals. og slijkt i flutningi huar sem ä land kiemur. fiordung i hualreka vid Snotonesmenn(!) vnder Vogsföllum sunnan frá Sunde. og til Greipsgeitar (!) tolfftung i Hrollaugstada sande. hálffann hualreka i Eij i Borgarfirde mille Drängs og Kambs. attung i hual i Brunnavijk og i Kiölsvijk og i hualreka i Hualvijk fiordung og i Suijnavijk huar sem ä land kiemur. Stiga Äs allann. og Grindaräs allann.

Item ij°. fadma. Sandur. er Biarne bonde Ellendsson lagdi til kirkiunnar.<sup>1430</sup>

Hinn 4. janúar 1572 lýsti Guðríður Þorsteinsdóttir á Ketilsstöðum því yfir að hún gaf Vallaneskirkju tvö hundruð faðma rekasand fyrir Héraðsflóa. Hinn helmingurinn heyrði áfram undir Ketilsstaði.<sup>1431</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju Jóhannesar skírara að Vallanesi frá 9. ágúst 1641 er fjallað um réttindi kirkjunnar í Útmannasveit, Borgarfirði, Víkum og Loðmundarfirði. Þar segir meðal annars:

Johannis Baptistæ kyrkia ad Wallaness a heimaland alltt, og Hvams land, Saudhagaland, Wýkýngstada land, Strónd J Wallaness þýngum, epter Breffe Biskups Sveinz og Skrá er meinast vera S. Einars, heitinz Arna Sonar, og heffdarhalde, Hóffn J Borgarfirde, og adra Jórd ad öse J wtmannasveit, og ä aff þessum og Jordum Hoffn og Öse (epter Breffe Biskups Sveinz) ad lukast kyrkiutýund og Preststýund, þar aff huorre fyrer sig Sem J Soknenne liggur.

[...]

halffann hualreka A Eyre J Borgarfirde, mille drangs og kambs ättung J hual (oddgeyr, wilchinn Jon) Hualreka (Jon) (Sveirn.) J Brunavýk og kiölsvýk. og J hualreka J hualvýk (Wilchinn og Sveirn) og J hualvýk (Oddgeyr og Jön) fiördung J Svýna výk (Sveirn) fiördung og J svýnavýk (wilchinn) og J Svýnavýk (neffna eigi fiördung / (oddgeyr og Jon / Sosem samfleytt vid fyrerfarande attung J Brünavýk og kiölsvýk) huar sem a land kemur, Stiga äs allann og Grundar äs allann.<sup>1432</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Vallaneskirkju frá 7. september 1657 kemur fram að biskupi þótti vísitasía Vallaness frá 1641 óskilmerkileg varðandi ítök kirkjunnar. Biskup óskaði eftir að öll skjöl kirkjunnar yrðu við næstu prestastefnu tekin saman og opinberlega orðuð og sett í skilmerkilegan máldaga.<sup>1433</sup>

<sup>1429</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn X*, bls. 696–698, skjal nr. 4(126).

<sup>1430</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn XV*, bls. 683–684, skjal nr. 4(54).

<sup>1431</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 277, skjal H-10.

<sup>1432</sup> Skjal nr. 2(423).

<sup>1433</sup> Skjal nr. 2(424).

Í biskupsvísitasíu fyrir Vallaneskirkju frá 3. september 1663 voru fyrri vísitasíur, þ.e. frá 1641, 1654, 1657 og 1660 staðfestar. Þá er í vísitasíunni fjallað um rekarétt undir Vogsfjöllum í Borgarfirði, sunnan frá sundi og til Greipsgjár.<sup>1434</sup>

Í biskupsvísitasíum frá 8. september 1682, 1. september 1706, 28. maí 1727 og 20. ágúst 1763 koma í aðalatriðum fram sömu upplýsingar um eignir og ítök Vallaneskirkju og í eldri vísitasíum en í vísitasíunni frá 1. september 1706 er sagt frá ýmsum breytingum sem hafi orðið á ítökum og réttindum. Meðal annars er fjallað um rekaréttindi við Héraðsflóa og þá er fjallað um ýmis frumskjöl sem liggi í kirkjunni og varði nefnd ítök og réttindi.<sup>1435</sup>

Sömu upplýsingar um eignir og ítök Vallaneskirkju koma fram í biskupsvísitasíu frá 20. ágúst 1779 en þar er einnig getið landamerkjja staðarins með vísun í biskupsvísitasíu frá 1641.<sup>1436</sup> Sama kemur fram í prófastsvísitasíum frá 29. júní 1847 og 24. maí 1850, en í þeirri síðarnefndu segir að ágreiningur sé uppi um Grasdal milli Óss og Njarðvíkur og einnig um tilkall kirkjunnar til áttungs í hvalreka í Ófærurekum.<sup>1437</sup>

Í skoðun á kirkjueignum Vallaness, dagsettri 29. desember 1789, er fjallað um kirkjujarðir hennar og hjáleigur. Fram kemur að Ós og Heyskálar lágu í eyði.<sup>1438</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 29. júní 1818 og biskupsvísitasíu frá 29. júlí 1850 koma í meginatriðum fram sömu upplýsingar og áður um eignir og ítök.<sup>1439</sup>

Við manntalsþing að Hjaltastað 8. júlí 1829 var upplesið forboð prófastsins sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi hvar hann fyrirbauð að skotið yrði frá Ósum innanverðum og allt út þangað sem Njarðvíkurland tæki við.<sup>1440</sup> Forboð sr. Guttorms var einnig upplesið við manntalsþing að Desjarmýri 10. júlí 1829.<sup>1441</sup>

Hinn 1. júlí 1837 skrifaði sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi til stiftamtmanns og biskups varðandi réttindi Vallaneskirkju í Ósrekum. Fram kemur að ágreiningur var milli hans og Hallgríms Ólafssonar í Húsavík og réttindi Húsavíkurkirkju, en sr. Guttormur sagði máldaga Húsavíkur aldrei hafa verið þinglesna. Sr. Guttormur óskaði eftir gögnum og stuðningi yfirvalda til að verja rétt Vallaneskirkju.<sup>1442</sup> Biskup svaraði sr. Guttormi með bréfi dagsettu 24. ágúst 1837 og sendi staðfest afrit af máldögum Húsavíkurkirkju. Þá bætti hann við að ekkert benti til annars í gögnunum en að Húsavíkurkirkja mætti njóta 1/16 hluta rekans í Ósrekum.<sup>1443</sup>

Hinn 23. maí 1839 skrifaði Hallgrímur Ólafsson í Húsavík biskupi vegna rekaítaka Húsavíkurkirkju, nánar tiltekið svokallaðs Ósreka. Hallgrímur óskaði úrskurðar biskups

<sup>1434</sup> Skjal nr. 2(425).

<sup>1435</sup> Skjöl nr. 2(426)–2(429).

<sup>1436</sup> Skjal nr. 2(430).

<sup>1437</sup> Skjöl nr. 2(489)–2(490).

<sup>1438</sup> Skjal nr. 2(486).

<sup>1439</sup> Skjal nr. 2(488).

<sup>1440</sup> Skjal nr. 2(825).

<sup>1441</sup> Skjal nr. 2(679).

<sup>1442</sup> Skjal nr. 2(590).

<sup>1443</sup> Skjal nr. 2(617).



um hvar nákvæmlega viðkomandi rekaítak væri og kvartaði yfir því að aðrir umráðamenn kirkjuhluta Húsavíkurjarðar hafi hirt reka og ekki deilt með sér.<sup>1444</sup> Biskup skrifaði Hallgrími þann 15. ágúst 1839 og sagði honum að þetta félli undir úrskurð dómstóla.<sup>1445</sup>

Í skýrslu sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi, dagsettri 18. júní 1839, yfir inntektir Vallanesprestakalls samkvæmt lögum frá 18. desember 1838, segir m.a. um ítök:

Hálfann Vidreka við Sledbrjótsmenn í 7 hndr. hálfann Reka við Sandbrekkur menn í 10 hndr. hálfá Ós-Reka bæði Hvalreka og Vidreka stærri enn álnar Kébli. Fjórðung Hvalreka á Gripdeild. Fjórðung í Hvalreka við Snotruness-menn undir Vogs-fjöllum, sunnan frá Sandi og til Gripsgjár er meinast sama sem nú svokallad Uxafall. Tólftung í Hrollaugsstada-Sandi. Hálfan Hvalreka á Eyri í Borgarfyrði milli Dránga og Kambs. Áttung í Hval í Brúnavík og í Kjólsvík og í Hvalreka í Hvalvík. Fjórðung í Svínavík, hvar sem á Land kemur. – Skógarteigur milli Þræla-Ár og Hólkna-Ár vita menn ei hvar leigid hefir, ekki heldur um Hvalreka í Ófæru-Rekum, Kilmannateig eda Reka Kyrkjubæinga, í hvörjum kyrkjuni eignast Fjórðungur í Hvalreka. Enn þeir 2 Hlutir Hvalreka í 3 hndr. sýnist líklegt að sé á svoköllum Mária-Reka, er svara á þessari Leingd, enn hvar Kyrkjubæar-Máldagar eigna Hallormsstada Kyrkju, eptir sem eg hefi heyrt, þetta Itak. 3 Vættir er liggja til Vallaness á Eyasandi, géra Menn sér í grun að sé á Huseyjar-Sandi sem liggur undir Kyrkjubæ. Tólftungur við Saltstædinga er rangt lesid og skrifad istadin fyrir Galtstædinga, hvör Jörd Galtastadir ytri í Kyrkjubæar Sókn komst undir Kyrkjubæ fyrir Makaskifti; Hvarum Upplýsingu má finna í Visitatiu Brýnjulfs Biskups Sveinssonar yfir Vallaness Kirkju af 1641. Enn bæði gat þetta Itak þá undangeingid við Skiptin og líka er Galtastada Sandur nú með öllu tapadur. Reki milli Peistavegs og Spakárdals vita menn nú ei hvar liggur. Stiga-As og Grindar-As vita menn ei heldur með Vissu hvar liggja, þó nokkur Líkindi séu til að það séu Fjallhryggir 2 í Os-landi. Enn um þann 200 Fadma Sand er Kyrkjuni eignast vita menn ekkert.<sup>1446</sup>

Hinn 7. desember 1842 skrifuðu Sigurður Jónsson og Sigurður Gíslason í Njarðvík bréf til biskups þar sem þeir óskuðu upplýsinga frá stiftsyfirvöldum um eignarhald á Grasdal. Bréfritarar sögðu Guttorm Pálsson prófast í Vallanesi hafa slegið eign sinni, fyrir hönd Vallanesskirkju, á Grasdal sem þeir töldu að væri eign Njarðvíkurkirkju.<sup>1447</sup> Biskup svaraði með bréfi dagsettu 27. mars 1843 og sagði Hoppe stiftamtman hafa gengið í gegnum gögn hjá stiftamtinu og biskupsdæminu án þess að finna upplýsingar um Grasdal. Þá segir að ekkert bréf hafi borist frá sr. Guttormi varðandi efnið.<sup>1448</sup>

Við manntals- og skattaþing að þingmúla 13. júlí 1844 var þinglesin lögfesta, dagsett 14. maí 1840, þar sem G. Pálsson prófastur lögfesti meðal annars ítök Vallanesskirkju.<sup>1449</sup>

Hinn 23. september 1848 var á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir rekamál prófastanna sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi og sr. Stefáns Árnasonar á Valþjófsstað annars vegar og bræðranna Hallgríms og Kjartans Ólafssona hins vegar vegna tilkalls þeirra fyrrnefndu til áttungs úr hval sem rekið hafði þann 4. júlí 1842 í bás undir

<sup>1444</sup> Skjal nr. 2(562).

<sup>1445</sup> Skjal nr. 2(609).

<sup>1446</sup> Skjal nr. 2(593).

<sup>1447</sup> Skjal nr. 2(572).

<sup>1448</sup> Skjal nr. 2(605).

<sup>1449</sup> Skjal nr. 2(807).

Grenmó í landi Stóru-Breiðuvíkur. Fram kemur að 6/8 hlutar hvalsins höfðu verið dæmdir til Klyppstaðarkirkju með dómi dagsettum 21. nóvember 1844. Ýmis skjöl voru lögð fyrir sáttafundinn, meðal annars um að skipa þyrfti nýja sáttanefnd þar sem hinir upprunalegu nefndarmenn hefðu of mikil tengsl við málsaðila. Bræðurnir Hallgrímur og Kjartan neituðu að greiða til sækjenda tvo áttunga úr hvalnum og umboðsmaður prófastanna kvaðst enga heimild hafa til að gefa eftir kröfur þeirra. Málinu var því vísað frá nefndinni til úrskurðar dómstóla.<sup>1450</sup>

Við aukarétt 31. maí 1849 var tekið fyrir mál tengt hvalnum sem rak upp við Grenmó í landi Stóru-Breiðuvíkur árið 1842. Prófastarnir Guttormur Pálsson í Vallanesi og Stefán Árnason á Valþjófsstað gerðu tilkall til Hallgríms og Kjartans Ólafssona um að fá greidda 2/8 hluta af andvirði hvalsins.<sup>1451</sup> Málinu var framhaldið við aukarétti 16. júlí, 15. ágúst og 21. september 1849 en var að lokum vísað frá.<sup>1452</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir m.a. um Vallanes að undir staðinn liggja rekaítök fyrir Héraðsflóa og í Borgarfirði.<sup>1453</sup>

Hinn 10. janúar 1850 sendu sr. Stefán Árnason á Valþjófsstað í Fljótssdal og sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi á Völlum biskupi bréf þar sem lýst var málavöxtum viðvíkjandi hvalrekanum í landi Stóru-Breiðuvíkur sumarið 1842, þar sem forráðamenn Húsavíkurkirkju hagnýttu sér hvalinn sem presturinn á Klyppstað í Loðmundarfirði taldi eign Klyppstaðarkirkju. Dómur gekk í málinu 1844 sem skikkaði Húsavíkurmenn til að greiða Klyppstaðarkirkju skaðabætur. Bréfritarar töldu að Valþjófsstaðar- og Vallaneskirkjum hefði borið hvorri áttungur hvalsins þar sem hann hefði rekið í ófæru og leituðu því stuðnings biskups vegna fyrirhugaðs málarekstrar fyrir Landsrétti vegna þessa.<sup>1454</sup> Hinn 9. janúar 1850 sendu sr. Stefán Árnason á Valþjófsstað í Fljótssdal og sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi á Völlum konungi bréf þar sem þeir fóru fram á að fá að reka ofangreint mál fyrir landsrétti.<sup>1455</sup> Biskup svaraði bréfi þeirra frá 10. janúar 1850 með bréfi dagsettu 22. mars 1850 og lagði til að þeir myndu hefja mál sitt í undirrétti í héraði í stað þess að áfrýja áður sögðum dómi, sem þeir voru ekki aðilar að, til yfirrettarins.<sup>1456</sup>

Við manntalsþing að Ketilsstöðum á Völlum 22. maí 1854 var þinglesin lögfesta með hverri G. Pálsson prófastur lögfesti land Vallaness með ítökum, dagsett 14. maí 1840.<sup>1457</sup>

Í skýrslu sr. Einars Hjörleifssonar, dagsettri í október 1854, um tekjur og útgjöld Vallanesprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1849–1853 segir að dýrleiki jarðarinnar með hjáleigu í eyði sé óviss. Í skýrslunni eru taldar upp aðrar hjáleigur og dýrleiki þeirra. Um ítök og hlunnindi segir m.a.:

<sup>1450</sup> Skjal nr. 2(335).

<sup>1451</sup> Skjal nr. 2(833).

<sup>1452</sup> Skjöl nr. 2(719)–2(721).

<sup>1453</sup> Skjal nr. 2(874).

<sup>1454</sup> Skjal nr. 2(579).

<sup>1455</sup> Skjal nr. 2(580).

<sup>1456</sup> Skjal nr. 2(615).

<sup>1457</sup> Skjal nr. 2(821).

2. Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem fylgja prestakallinu eptir maldögunum og öðrum skjölum

a. Brúkuð af prestinum sjálfum.

[...]

2. hálfur viðreiki við Sleðbrjótsminni 700 f. [...]

3. hálfur viðreiki við Sandbrekkuminni 1000 f. [...]

4. hálfir Ósrekar [...]

5 attung úr hvalreka í ófærum, attungur hval í Brunavík og í Kjölsvík og í hvalreka í hvalvík; fjordungur í Svinavík, hvar sem á land kemur. Fjórdungur hvalreka í Gripdeild ~~tílfungur í Hrollaugstaðasandi~~

[...]

b. Ónotuð

[...]

Attungur ur hvalreka í Kilmannateig – veit engin hvar er fjordungur ur hvalreka við Kyrkjubæinga, 2 hlutir viðreka í 300, og svo í hvalreka; 3 vættir liggja til Vallaness a Eyasandi – Um þessi 3 ítök er mesta óvisni, og eru því að líkindum töpuð.

Tolftungur hvalreka við Saltstæðinga; annar tólfungur milli Teistavogs og Spakárdals þessi ítök veit enginn hvar eru – Fjórdungur úr hvalreka við Snotruness menn undir Vogsfjöllum – Þetta itak meina menn að se innan landamerkjja Kirkjujardarinnar Hafnar sem áður er getid. Stíga ás allur og Grindarás allur, somuleiðis 200 faðma sandur – þessi ítök þekkir enginn framur.<sup>1458</sup>

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1883–1951 er fært inn skjal frá eigendum Njarðvíkur sem skjal við ítakalýsingu prófasts í Vallanesi, dagsettri 13. febrúar 1884. Skjal Njarðvíkureigenda er dagsett 27. febrúar 1884 og var þinglesið 2. júlí sama ár. Texti þess er svohljóðandi:

Ítakalýsing kyrkjunnar í Vallanesi frá prófasti séra B. Jónssyni, dags. 13. febr. þ.á., svörum vér á þessa leið:

Sjá má af skjölum Njarðvíkurkyrkju að Vallanesskyrkja á ¼ af hvalreka í Gripdeild. En enginn veit hér hvar Eyri og Drangur er, en Kamb þekkjja menn að er til. Sama er um Teistuvog og Spakárdal að menn vita eigi um þau örnefni. –

Vér samþykkjum því fjórdung hvalreka í Gripdeild, en hin ítökin eigi. –

Njarðvík, 27. febrúar 1884

Njarðvíkureigendur.<sup>1459</sup>

Engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu fyrir Vallaness.

Í úttekt yfir prestssetur Vallaness, dagsettri 21. október 1970, er fjallað um hlunnindi sem fylgdu Vallanesi og eru þar talin upp þrjú rekapláss á Héraðssandi. Þá segir um fjórða plássið, Ósreka við Unaós, að það hafi ekki verið nytjað í tíð síðustu þriggja presta í Vallanesi.<sup>1460</sup> Sama kemur fram í skjali um afhendingu staðarins þann 27. júní 1977.<sup>1461</sup>

<sup>1458</sup> Skjal nr. 2(594).

<sup>1459</sup> Skjal nr. 2(7).

<sup>1460</sup> Skjal nr. 2(492).

<sup>1461</sup> Skjal nr. 2(493).

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1982 var Eymundi Magnússyni byggð jörðin Vallanes frá fardögum 1982 til lífstíðarábúðar. Í byggingarbréfinu segir að Vallanes eða Vallaneskirkja hafi átt rekaítök við Héraðsflóa en réttur þeirra ítaka væri óljós og því væru þau ekki meðtalin í byggingarbréfinu.<sup>1462</sup>

Yfirlýsing um eignarrétt íslenska ríkisins að jörðinni Vallanesi er dagsett 24. júní 2008. Í henni kemur fram að jörðin var á forræði landbúnaðarráðuneytisins með vísan í reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007 og jarðalög nr. 81/2004. Einnig var vísað í lög nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem kvæði á um eign íslenska ríkisins yfir kirkjujörðum og öðrum kirkjueignum. Yfirlýsingin var þinglesin og innfærð í afsals- og veðmálabók 8. júlí 2008.<sup>1463</sup>

### 5.23.2 Valþjófsstaður í Fljótsdal<sup>1464</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Maríukirkju á Valþjófsstað frá um 1397 segir um rekaítök kirkjunnar:

hualreka allan a sueResteig.

attung j hual oc fiordung j ollum vfæru rekum oc æ ketilstada sande.

attung j hual j sanduik.

þridiung j hual j seley.

Jon suartr gaf kirkiunni halfann vidreka oc hualreka þann sem hann atti med gilsarwelli oc liggr med ströndinni vt fra hofströnd.

[...]

jtem lagdi til síra sigmundr kirkiunnar. jörd ä arnhallzstodum fyrir x. c. oc xij. c. j rekum. kluptasandr halfr þar j.

allann vidreka j geitavík hinni ytri. halfan hualreka.

iiij hluti vidreka oc halfann hualreka j geitavík hinni jnnri. oc flutning a díla med ytri vik og iiij hluti med jnnri vik. oc allr sa hlutr er liggr til backa hins nedra. en halfann allann reka med backa hinum efra. oc hualreka med æskelsæ.

halfann huannstodsreka.

halfann hualreka med desiarmyri oc settung hualreka æ vxafallzfiöru er liggr til geitavika. oc þeirra hualreka er þar fara saman. oc ij hluter hualreka jnn fra vxafalls fiöru oc til vogs fiöru flesiar.

[...]

fiordung hualreka j hisvík.

halfr hualreki med crossvík og suo þott fluttr se.

allann hual j baasum baadum fyrir vtan hialmaströnd.

fiordung at krossi j hualreka oc hlasshual.<sup>1465</sup>

<sup>1462</sup> Skjal nr. 2(870).

<sup>1463</sup> Skjal nr. 2(869).

<sup>1464</sup> Hér er einkum gerð grein fyrir heimildum sem varða ítök Valþjófsstaðar á því svæði sem mál nr. 1/2022 varðar.

<sup>1465</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 209–212, skjal nr. 4(55).

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir um rekaítök Valþjófsstaðarkirkju:

hualreka allann ä Sueristeig. ättung i hual og fiordung i ollum Öfæreukum. og ä Ketelstada sandi. ättung i hual i Sandvijk. thridiung i hual i Seleij. Jön Suartur gaff kirkiunne. thann reka sem hann ätti med Gilzarvelle. og liggur med ströndinne vt frá Hoffströnd.

Jtem lagdi Sijra Sigmundur til kirkiunnar xij<sup>c</sup>. i rekum Kljptasandur halffur thar i og allann vidreka i Geitavijk enne ijtre. og hälf[an] hualreka. iij hlute vidreka og hälfann hualreka i Geitavijk enne Jnnre og fluttning ä Dijla med ytre vijk. og iij hlute med Jnnre vijk. og allur sa hlutur er liggur til Backans ens nedra. allann hälfann reka aff Backa enum effra. og hualreka med Äskelsä. hälfann Huannstodzreka. hälfann hualreka med Desiarmijre. og siettung hualreka ä Vxafallsfiörum. er liggur til Geitavijka og theirra hualreka sem thar fara samann og ij hlute hualreka Jnn frá Vxafallsfiöru. og til Vogsfjöru flesiar. hälfur fluttningur i Brunnavijk og vj vætter spikhuals. eff xx. vætter koma ä land eda meira. og ättung i ödru lage. fiordung hualreka i Husavijk hälfur hualreke med Krossavijk og Thott fluttur sie. allan reka i Bäsüm bädum fjrer vtann Hiälmarsströnd. fiordung ad Krosse i hualreka i hlasshual.<sup>1466</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Maríukirkju að Valþjófsstað frá 1641 er fjallað um réttindi kirkjunnar í Útmanasveit, Borgarfirði, Víkum og Loðmundarfirði. Þar segir meðal annars:

Jon Suartur gaf kyrkunni halfan Vireka og hualreka, þann sem hann atti me[d] Gilsaruelli, og liggur med ströndunni, ut frá Hofströnd

[...]

allann uidreka J geitauyk hinni ytri halfann hualreka þriä hluti uidreka, og halfann hualreka. J geitauyk hinni ynnri, Og flutning ä dyla, med ytri Vik og þriä hlute Jnnre vik Og allur sa hluti er liggur til backa hins nedra, enn halfann allann bæ reka med backa hinum efra, og hual rek med Askelsä, Halfann huannstads reka Halfann hualreka med desiarmyri, og Siottung hual reka a Vxafalls fiöru, er liggur til geita Vika og þeirra Hual reka er þar fara Samann, og tueir hluter hualreka Jnnfrá uxafalls fiöru, og til Vogs fiöru flesiar, Halfur flutningur J grunna Vik og 6 Wætter Spikhuals ef xx uætter koma a land edur meira Og attung J odru lage, Fiördung Hualreka J Hisuyk (nu nefnest Husauyk,) halfur hualreki med krossuyk, og So þott fluttur Sie, Allann hual J bäsüm badum, fyrer utann Hialmaströnd, Fiordung ad Krossi J Hualreka Og Hlasshual<sup>1467</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 23. júlí 1748 og 31. júlí 1850. Í þeirri fyrrnefndu segir þó að enginn viti lengur hvar örnefnin Uxafallsfjara og Vogsfjörufljesjar séu staðsett en í þeirri síðarnefndu segir að það ítak liggi fyrir Hafnarlandi í Borgarfirði.<sup>1468</sup> Í biskupsvísitasíu frá 20. júlí 1890 segir að eignir Valþjófsstaðarkirkju hafi verið þær sömu og taldar voru upp í biskupsvísitasíu 31. júlí 1850, nema Langhúshólmar hafi verið undangengnir með gjörðardómi 17. október 1885. Þá hafi Ranaskógur verið undangenginn með dómi en hualreki í Vöðlavík, áður Krossvík, verið staðfestur með undirdómi sem eign kirkjunnar.<sup>1469</sup>

<sup>1466</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn XV*, bls. 681, skjal nr. 4(57).

<sup>1467</sup> Skjal nr. 2(854).

<sup>1468</sup> Skjöl nr. 2(855)–2(856).

<sup>1469</sup> Skjal nr. 2(857).

Hinn 14. október 1837 tók sáttanefnd Borgarfjarðarumdæmis fyrir mál varðandi rekaítak Valþjófsstaðarkirkju í landi Efri- og Neðri-Bakka skv. máldaga Gísla biskups Jónssonar frá 1575, sem væri nú jörðin Bakki og eyðibýlið Bakakgerði. Sátt náðist þannig að Abraham Ólafsson, hreppstjóri á Bakka, lofaði að gjalda til Valþjófsstaðarkirkju allan hálfan viðarreka en ef hval bæri að landi þá yrði rekaplássinu skipt milli Bakka og Bakkagerðis. Abraham kvaðst einnig vilja að ítakið fyrir Neðri-Bakka yrði hér eftir skilið sem ítak fyrir landi Bakkagerðis. Að lokum sagðist Abraham vilja að hvalreki með Áskellsá væri í Fjarðarárósnum sem tilheyrði Valþjófsstaðarkirkju.<sup>1470</sup>

Við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842 var þinglesin lögfesta fyrir ítökum Valþjófsstaðarkirkju, dagsett 31. maí 1842.<sup>1471</sup>

Hinn 23. september 1848 var á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis tekið fyrir rekamál prófastanna sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi og sr. Stefáns Árnasonar á Valþjófsstað annars vegar og bræðranna Hallgríms og Kjartans Ólafssona hins vegar vegna tilkalls þeirra fyrrnefndu til áttungs úr hval sem rekið hafði þann 4. júlí 1842 í bás undir Grenmó í landi Stóru-Breiðuvíkur. Fram kemur að 6/8 hlutar hvalsins höfðu verið dæmdir til Klyppstaðarkirkju með dómi dagsettum 21. nóvember 1844. Ýmis skjöl voru lögð fyrir sáttafundinn, meðal annars um að skipa þyrfti nýja sáttanefnd þar sem hinir upprunalegu nefndarmenn hefðu of mikil tengsl við málsaðila. Bræðurnir Hallgrímur og Kjartan neituðu að greiða til sækjenda tvo áttunga úr hvalnum og umboðsmaður prófastanna kvaðst enga heimild hafa til að gefa eftir kröfur þeirra. Málinu var því vísað frá nefndinni til úrskurðar dómstóla.<sup>1472</sup>

Við aukarétt 31. maí 1849 var tekið fyrir mál tengt hvalnum sem rak upp við Grenmó í landi Stóru-Breiðuvíkur árið 1842. Prófastarnir Guttormur Pálsson í Vallanesi og Stefán Árnason á Valþjófsstað gerðu tilkall til Hallgríms og Kjartans Ólafssona um að fá greidda 2/8 hluta af andvirði hvalsins.<sup>1473</sup> Málinu var framhaldið við aukarétti 16. júlí, 15. ágúst og 21. september 1849 en var að lokum vísað frá.<sup>1474</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir um rekaítök Valþjófsstaðar:

Þrjú rekaítök er staturinn á hér og hvar vid sjáfarsíðuna, veita honum stadfasta inntekt af sem svarar 4½ hundrudum.<sup>1475</sup>

Hinn 10. janúar 1850 sendu sr. Stefán Árnason á Valþjófsstað í Fljótssdal og sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi á Völlum biskupi bréf þar sem lýst var málavöxtum viðvíkjandi hvalrekanum í landi Stóru-Breiðuvíkur sumarið 1842, þar sem forráðamenn Húsavíkurkirkju hagnýttu sér hvalinn sem presturinn á Klyppstað í Loðmundarfirði taldi eign Klyppstaðarkirkju. Dómur gekk í málinu 1844 sem skikkaði Húsavíkurmenn til að greiða Klyppstaðarkirkju skaðabætur. Bréfritarar töldu að Valþjófsstaðar- og Vallanes-

<sup>1470</sup> Skjal nr. 2(329).

<sup>1471</sup> Skjal nr. 2(699).

<sup>1472</sup> Skjal nr. 2(335).

<sup>1473</sup> Skjal nr. 2(833).

<sup>1474</sup> Skjöl nr. 2(719)–2(721).

<sup>1475</sup> Skjal nr. 2(852).

kirkjum hefði borið hvorri áttungur hvalsins þar sem hann hefði rekið í ófæru og leituðu því stuðnings biskups vegna fyrirhugaðs málarekstrar fyrir Landsrétti vegna þessa.<sup>1476</sup> Hinn 9. janúar 1850 sendu sr. Stefán Árnason á Valþjófsstað í Fljótsdal og sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi á Völlum konungi bréf þar sem þeir fóru fram á að fá að reka ofangreint mál fyrir landsrétti.<sup>1477</sup> Biskup svaraði bréfi þeirra frá 10. janúar 1850 með bréfi dagsettu 22. mars 1850 og lagði til að þeir myndu hefja mál sitt í undirrétti í héraði í stað þess að áfrýja áður sögðum dómi, sem þeir voru ekki aðilar að, til yfirréttarins.<sup>1478</sup>

Landamerkjalyásing Valþjófsstaðar er dagsett 6. júní 1885 en hún var þinglesin 8. júní 1885. Einnig er í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1883–1951 fært inn skjal um ítök Valþjófsstaðarkirkju í Fljótsdal sem er dagsett 6. júní 1885 og var þinglesið 8. júní 1885. Í hvorugu skjalinu er getið um rekaítök.<sup>1479</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir um rekaítök Valþjófsstaðar:

Trjáviðarreki við Héraðssanda fylgir jörðinni er líklega mætti leigja fyrir c: 10-12 kr. afgjald.<sup>1480</sup>

<sup>1476</sup> Skjal nr. 2(579).

<sup>1477</sup> Skjal nr. 2(580).

<sup>1478</sup> Skjal nr. 2(615).

<sup>1479</sup> Skjöl nr. 2(849) og 2(858)–2(859).

<sup>1480</sup> Skjal nr. 2(853).

## 6 SJÓNARMÍÐ ADILA

### 6.1 Íslenska ríkið

Hér verður fyrst gerð grein fyrir almennum sjónarmiðum íslenska ríkisins en sjónarmiðum sem varða hvert kröfusvæði sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því að þau svæði sem gerðar eru kröfur til séu landsvæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á svæði 11 séu heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður og önnur atriði sem gerð er grein fyrir í umfjöllun um hvert svæði fyrir sig. Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

Af hálfu ríkisins er byggt á því að þau kröfusvæði sem fjallað sé um í greinargerð ríkisins hafi verið utan landnáms. Af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hversu langt inn til landsins landnám á svæðinu hafi náð. Verði því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðunum í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá að beinn eignarréttur, sem þannig kunni að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekin til takmarkaðra nota annarra. Fyrirliggjandi heimildir, m.a. um nýtingu, styðji það.

Jafnframt er byggt á því að ekki hafi komið til stofnunar beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum gildum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verði ekki annað ráðið en að kröfusvæðin hafi eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti, sem afréttarlönd eða til annarra sambærilegra nota. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess að tiltekna kirkjur eða jarðir hafi kallað til réttinda á kröfusvæðunum þá bendi þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst sé hvernig viðkomandi kirkjur eða jarðir hafi verið tilkomnar að þeim réttindum eða hvað hafi falist nánar í því tilkalli.

Að því er varðar öll kröfusvæðin er af hálfu ríkisins horft til staðháttar, gróðurfars og heimilda um nýtingu lands, m.a. í sýslu- og sóknalýsingum og öðrum heimildum. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfum og málsástæðum gagnaðila vegna hvers kröfusvæðis hafnað. Í greinargerð ríkisins er að öðru leyti fjallað um helstu heimildir, röksemdir og önnur atriði sem teljist styðja kröfur þess hvað hvert kröfusvæði varðar.

Um lagarök er af hálfu ríkisins vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og um eignarráð fasteignaeigenda. Jafnframt vísast til almennra reglna samninga- og kröfuréttar auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.



### 6.1.1 Ósafrétt og Grasdalur

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfuvæði sem af hálfu þess er nefnt *Ósafrétt og Grasdalur* sé fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfum Unaóss og Njarðvíkur. Þá sé litið til staðháttar, lýsingar á Ósafrétt í sýslu- og sóknalýsingum og heimilda um nýtingu aðliggjandi jarða.

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að misræmi sé á milli kröfulínu ríkisins og gagnaðila þess við Grasdal. Kröfulína ríkisins fari niður á Brimnes sunnan dalsins en kröfulína gagnaðila sé dregin út eggjar norðanmegin dalsins og fram á tanga sem skilji að Ólafssand og Gripdeild. Verði ekki annað ráðið en að um efnislegan ágreining sé að ræða er snúi að því hvort Grasdalur teljist innan eignarlands Njarðvíkur.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að innan kröfuvæðisins séu svæði sem ekki séu undirorpin beinum eignarrétti og hafi einungis verið nýtt til takmarkaðra nota. Sé hér m.a. um að ræða svæðin Ósafrétt, Grasdal, Gripdeild, Ósafles og Urðardal, Byrðu og Dyrfjalladal í Njarðvík. Um lýsingu og nýtingu Ósafréttar vísist m.a. til sóknarlýsingar Hjaltastadasóknar frá 1842, þar sem komi fram eftirfarandi lýsing sem taki til hluta kröfuvæðisins: „Ósafrétt (alm. Ósfjall), yst á fjallgarðinum í norðaustur frá Dyrfjalli. Það er lágt Hlíðarfjall og grasi vaxið upp eftir, en melar efst og skriður en yst flug og hengihamrar sem ganga langt í sjó út. Yst á fjallinu liggur dalur frá suðvestri til útausturs sem Grasdalur heitir.“ Einnig vísist til svars oddvita Hjaltastadahrepps frá 2. maí 1989 við fyrirsöfnun félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar s.á. um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt þar sem segi að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa.

Af hálfu ríkisins er á því byggt að fyrirliggjandi heimildir bendi til þess að sá hluti kröfuvæðisins sem vísað sé til sem Grasdals hafi aðeins verið nýttur til takmarkaðra nota. Auk þess sé litið til þess að ágreiningur hafi verið um langt árabil á milli Njarðvíkur og Óss um hvorri jörðinni svæðið hafi tilheyrt. Þyki það ekki benda til þess að svæðið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti. Um það atriði vísist til umfjöllunar um Njarðvík í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849-1850, þar sem vísað sé til Grasdals sem „dalverpis“ sem báðar jarðirnar vilji eigna sér. Einnig vísist til bréfaskipta og gagnstæðra vitnisburða sem varði ágreininginn, aðallega frá árunum 1840–1845.

Um Gripdeild og Ósafles er af hálfu ríkisins vísað til fjölmargra heimilda um reka og aðra takmarkaða nýtingu á þeim svæðum, m.a. kaupgjörnings frá 31. janúar 1539, lögfestu fyrir jörðina Ós frá 10. júní 1785, bréfs sr. Jóns Stefánssonar í Vallanesi frá 16. júlí 1786 þar sem vísað sé til sels við Gripdeild og Ósafles og fleiri síðari tíma heimildir.

Um afréttarsvæði í Urðardal, Byrðu og Dyrfjalladal vísast af hálfu ríkisins m.a. til umfjöllunar í Göngum og réttum þar sem fram komi: „Sérstaklega gott afréttarland er í Urðardal, Byrðu og Dyrfjalladal, enda gengur þar fjöldi fjár yfir sumarið, einkum Borgarfjarðarfé.“ Við afmörkun kröfuvæðisins um Njarðvík, þ.e. niður Innra-Hvanngil í Njarðvíkurá og þaðan í Seldalsá og upp á Grjótfjallstind, hafi verið leitast við að tryggja að þessi svæði féllu ekki utan kröfulýsingar.

Eldri heimildir um jörðina Njarðvík megi skilja á þann veg að hluti kröfusvæðisins falli innan merkja þeirrar jarðar. Um sé að ræða þann hluta kröfusvæðisins sem falli innan gagnkröfu eigenda Njarðvíkur I, Borgar (Njarðvíkur II) og Njarðvíkur III. Þó verði að gera sérstakan fyrirvara að því er varði línu sem sé þar dregin „fram á tanga (13) sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan“ í ljósi fyrrgreindra heimilda um nýtingu Grasdals og ágreining um hann, sem og varðandi afmörkun Urðardals, Byrðu og Dyrfjalladals. Af hálfu ríkisins er þess getið að í vitnisburði Þorvarðar Bjarnasonar frá 1. apríl 1530 sé vísað til þess að jörðin Njarðvík „liggr j borgarfirdi jtolvlavsa mille fiallz ok fiorn“ og að henni fylgi „landeign sua víjd sem vatzfoll deilazt at niarduik“. Einnig er bent á lögfestur vegna jarðarinnar Njarðvík, dags. 24. júní 1821, 31. maí 1833, 12. júní 1843, 23. maí 1845 og 21. apríl 1846, sem og landamerkjabréf, dags. 1. júlí 1885 og 8. janúar 1922. Hið sama megi og segja um heimildir um merki jarðarinnar Unaóss, sem sé í dag ríkisjörð, sbr. t.d. vitnisburð um Grasdal, dags. 1. apríl 1828, lögfestu kirkjujarðarinnar Unaóss, dags. 31. maí 1841, er hafi þó verið mótmælt f.h. Njarðvíkur, og landamerkjabréf Unaóss, dags. 8. maí 1885, þótt gera verði sérstakan fyrirvara hvað varði svæðin Ósafrétt, Gripdeild og Ósafles.

Að mati íslenska ríkisins verði að horfa til þess að tilvísanar merkjalýsingar séu hvorki með öllu samhljóða né fullskýrar, og þess að með tilliti til staðhátta og heimilda um nýtingu megi skilja þær sem svo að þar sé lýst merkjum landsvæða sem séu bæði undirorpin beinum og óbeinum eignarrétti. Í ýmsum heimildum sé þannig, að því er virðist, greint á milli heimalands jarðanna og annars lands þeirra. Hér verði jafnframt að líta til þess að aðrar heimildir, bendi til þess að kröfusvæðið, eða a.m.k. afmörkuð svæði innan þess, hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti og það ekki einungis af eignum jarðanna Njarðvíkur og Óss á hverjum tíma, þótt eigendur þessara jarða kunni að hafa talist eiga þar meiri rétt en aðrir. Þá hafi einnig þýðingu ágreiningur Njarðvíkur og Óss varðandi Grasdal, en sá ágreiningur virðist einnig hafa varðað merki jarðanna að öðru leyti. Um það vísast til lögfestu fyrir Vallaneskirkjujörðina Unaós (Ós) 31. maí 1841, er hafi verið mótmælt af eiganda Njarðvíkur, og gagnstæðra lögfesta fyrir Unaós og Njarðvík, sem lesnar hafi verið á manntalsþingi að Desjarmýri 23. júní 1843.

### 6.1.2 Hrafnabjargafrétt

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Hrafnabjargafrétt* sé fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Hrafnabjarga, þar sem merkjum Hrafnabjarga upp á fjallsbrún sé lýst. Þá sé litið til lýsingar í landamerkjabréfum Sandbrekku og Unaóss, sem séu aðliggjandi til suðurs og norðurs.

Í greinargerð ríkisins er tekið fram að misræmi sé á milli kröfulínu ríkisins og gagnaðila þess. Annars vegar séu kröfulínur dregnar með mismunandi hætti á austurmörkum kröfusvæðisins þótt aðilar miði þar báðir við að lína skuli dregin úr Knarrará í Geldinga-

skörð. Í því sambandi bendi gagnaðili ríkisins á að Knarrará sé ranglega staðsett á korti, en af hálfu íslenska ríkisins sé lagt í mat óbyggðanefndar að skera úr um það. Hins vegar sé misræmi á stuttum kafla á vesturmörkum kröfusvæðisins er skýrist af því að lína ríkisins sé dregin úr miðri Jökulsá í Knarrará, en kröfulína gagnaðila ríkisins fylgi fornum farvegi Jökulsár.

Um Hrafnabjargaafrétt vísast af hálfu ríkisins m.a. til sóknarlýsingar Hjaltastaðasóknar frá 1842 þar sem m.a. komi fram eftirfarandi lýsing sem taki til kröfusvæðisins: „Hrafnabjargaafrétt (alm. Hrafnabjargafjall), áfast Ósfjalli, gengur beint inn frá því og inn að Dyrfjalli. Það er að hæð, landkostum og landslagi líkt Ósfjalli og er hvörtveggi sæmilegt kostaland.“ Einnig til svars oddvita Hjaltastaðahrepps frá 2. maí 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar s.á. um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarétt, þar sem segi að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa.

Af hálfu ríkisins er tekið fram að skilja megi landamerkjabréf Hrafnabjarga, dags. 7. maí 1884, á þann veg að kröfusvæðið falli innan merkja jarðarinnar, a.m.k. að hluta. Til þess verði hins vegar að líta að ekki liggi fyrir eldri heimildir um merki jarðarinnar sem geti stutt að þau nái svo langt inn til landsins og til fjalla eins og landamerkjabréfið beri með sér, en með landamerkjabréfi hafi menn ekki getað aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Í þessu sambandi verði jafnframt að horfa til staðhátta og annarra heimilda sem bendi til þess að kröfusvæðið hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti, þótt eigendur Hrafnabjarga kunni að hafa talist eiga þar meiri rétt en aðrir.

Þá er tekið fram að fyrir liggi að kröfusvæðið Hrafnabjargaafrétt falli innan stærra svæðis sem hafi á árinu 2021 verið friðlýst á grundvelli laga nr. 60/2013, sbr. auglýsingu nr. 850/2021 um landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stórurð. Í þessu sambandi sé byggt á því af hálfu gagnaðila ríkisins að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamrýmanleg samskiptum og ákvörðunum í tengslum við friðlýsinguna og að í ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra um friðlýsingu felist staðfesting á stöðu landeigenda sem handhafa beins eignarréttar á svæðinu. Af hálfu ríkisins er byggt á því að ekki sé unnt að fallast á að tilvísuð friðlýsing, eða annað í því sambandi, geti haft þau réttaráhrif að kröfusvæðið teljist undirorpið beinum eignarrétti. Í því sambandi sé til þess að líta að hið friðlýsta svæði nái bæði til eignarlanda jarðanna Hrafnabjarga, Unaóss-Heyskála og Sandbrekku, og svæða sem teljist utan eignarlanda, en sem nefndar jarðir hafi kallað til réttinda yfir. Með vísan til þessa geti ekki talist óeðlilegt að haft hafi verið samráð og samstarf við eigendur nefndra jarða í tengslum við friðlýsinguna. Í því hafi eðli máls samkvæmt ekki falist afstaða ráðherra eða íslenska ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu þess landsvæðis sem friðlýst hafi verið, að öðru leyti en því að lagt hafi verið til grundvallar að innan þess væru að hluta til svæði sem teldust eignarlönd og önnur sem teldust það ekki. Í því sambandi er vísað til þess að aðeins á

einum stað í auglýsingu nr. 850/2021, þ.e. í 2. mgr. 3. gr. hennar, sé vísað til þess sérstaklega að hluti svæðisins falli innan marka jarðar.

Af hálfu ríkisins er tekið fram að einnig verði að athuga að hvorki við afmörkun hins friðlýsta svæðis né í tengslum við friðlýsinguna að öðru leyti hafi verið horft sérstaklega til heimilda um merki nefndra jarða eða lagt mat á þær sérstaklega. Það sé enda ekki hlutverk umhverfis- og auðlindaráðherra við friðlýsingu að skera úr um hver séu mörk eignarlanda eða mörk þeirra og þjóðlendna. Til viðbótar sé rétt að líta til þess að friðlýsing hafi átt sér stað á árinu 2021 og á þeim tíma hafi legið fyrir að svæðið hefði verið tekið til meðferðar m.t.t. aðgreiningar í eignarlönd og þjóðlendur skv. lögum nr. 58/1998, en krafa ríkisins í málinu hafi verið sett fram stuttu síðar eða í janúar 2022. Í þessu ljósi hafi vart getað skapast réttmætar væntingar landeigenda til beins eignarréttar að kröfusvæðinu eða til þess að ekki yrði gerð til þess þjóðlendukrafa.

### 6.1.3 Sandbrekkuafrétt

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Sandbrekkuafrétt* sé fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Sandbrekku, lýsingar á Sandbrekkuafrétt í sýslu- og sóknarlýsingum og afmörkunar á Sandbrekkuafrétt gagnvart Þórsnesi í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 2008. Jafnframt sé litið til afmörkunar á Hrafnabjörgum til norðurs og norðausturs, Dölum til vesturs og Hraundal og Kirkjutungum til suðurs.

Í greinargerð ríkisins er tekið fram að misræmi sé á milli kröfulínu ríkisins og gagnaðila þess að því er varði línu frá Sellæk í Jökulsá. Af hálfu ríkisins sé litið svo á að rétt sé að fylgja Sellæk til upptaka og að þaðan sé dregin lína í Jökulsá. Samkvæmt kröfum gagnaðila ríkisins ætti sú lína að liggja um Álfasteina ytri, en gagnaðilar ríkisins staðsetji þá hins vegar með mismunandi hætti. Ekki verði annað ráðið en að Álfasteinar ytri séu u.þ.b. rétt staðsettir hjá gagnaðila ríkisins vegna Sandbrekku, í punkti B á kröfulínukorti.

Um Sandbrekkuafrétt vísast af hálfu ríkisins m.a. til sóknarlýsingar Hjaltastaðasóknar 1842, þar sem komi fram eftirfarandi lýsing sem taki til kröfusvæðisins: „Sandbrekkuafrétt gengur inn frá Hrafnabjargafjalli fram fyrir neðan Dyrfjall, Sandadalsfjall og Beinageitarfjall. Hún er mest grashlíðar og fláar hið neðra.“ Einnig til svars oddvita Hjaltastaðahrepps frá 2. maí 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar s.á. um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt, þar sem segi að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa.

Af hálfu ríkisins er tekið fram að skilja megi landamerkjabréf jarðarinnar Sandbrekku, dags. 20. júní 1884, á þann veg að kröfusvæðið falli innan merkja jarðarinnar, a.m.k. að hluta. Til þess verði hins vegar að líta að ekki liggi fyrir eldri heimildir um merki jarðarinnar, sem geti stutt að þau nái svo langt inn til landsins og til fjalla eins og landamerkjabréfið beri með sér, en með landamerkjabréfi hafi menn ekki getað aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Í þessu sambandi vísist til

vitnisburðar Indriða Þorvarðssonar frá 1604 um landamerki á milli jarðanna Dala og Sandbrekku í Útmannasveit, en þar sé merkjum aðeins lýst utan kröfusvæðis, að því er best verði séð.

Þá er tekið fram að í þessu sambandi verði jafnframt að horfa til staðháttanna og annarra heimilda sem bendi til þess að kröfusvæðið hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti og ekki einungis af eigendum jarðarinnar Sandbrekku á hverjum tíma, þótt eigendur Sandbrekku kunni að hafa talist eiga þar meiri rétt en aðrir. Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segi t.a.m. um jörðina Sandbrekku að henni fylgi „afrétt á milli Bjarglandsár og Jökulsár sem gefur af sér í afréttartollum 4<sup>rbd</sup> á ári“, en jörðin hafi verið metin annars vegar „með afbýlinu og hlunnindum sínum“ og hins vegar „út af fyrir sig með því landi og landsnytjum sem henni fylgja“.

Af hálfu ríkisins er byggt á því að einnig beri að líta til þess ágreinings sem hafi verið um Hraundal, sem liggi að hluta innan kröfusvæðisins, sbr. mótmæli 26. maí 1845 við lögfestu Guttorms Þorsteinssonar á Hofi, að því marki sem hún hafi varðað Hraundal fyrir utan á þá sem eftir honum renni. Mótmælin hafi m.a. verið á þá leið að „eptir skikkanlegra og eldstu manna Vitnisburdum ásamt almenningi ordromi, var Hraundalur fyrir utan Ána sagdr og átölulaust brúkadur til allrar þeirrar notkunar sem í þá daga var tidkanleg sem Hjalastadar Hreppsmanna saméginleg Eign edr almenningr þángad til Prófastur sál S<sup>r</sup> Arni Þórsteinsson Lögfesti nefndan Hraundal edr Almenningstykkid undir Sandbrecku“.

Um málsástæður íslenska ríkisins varðandi friðlýsingu á árinu 2021, sem tekur til hluta kröfusvæðisins, vísast af hálfu ríkisins til umfjöllunar þar að lútandi vegna kröfusvæðisins Hrafnabjargaafreftar í kafla 6.1.2, sem eigi við um kröfusvæðið sem hér er til umfjöllunar að breyttu breytanda.

#### **6.1.4 Hraundalur og Kirkjutungur**

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Hraundalur og Kirkjutungur* sé fyrst og fremst litið til lýsingar á landsvæðinu Hraundal að framan og Kirkjutungum í landamerkjabréfi Hjalastada í Hjalastadahreppi, en þar segi að Hjalastadur eigi afréttarland Hraundal að framan og Kirkjutungur. Jafnframt sé litið til afmörkunar á Hríótum, Hamragerði og Kóreksstöðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, sem séu aðliggjandi til austurs og norðausturs. Í landamerkjabréfi Hjalastada sé kröfusvæðinu lýst með sjálfstæðum hætti og aðskildu frá öðru landi Hjalastada. Bendi það til þess að kröfusvæðið sé ekki undirorpið beinum eignarrétti og að ekki hafi verið litið á það sem hluta jarðarinnar.

Af hálfu ríkisins er bent á að vísað sé til kröfusvæðisins í öðrum heimildum um Hjalastad eða kirkjuna á Hjalastad með sambærilegum hætti og að ofan greini, að því marki sem það sé gert. Í vísitásiu fyrir Hjalastadakirkju frá 2. júní 1749 sé þess t.d. getið að kirkjan eigi land og selför á Hraundal „effter gömlumm lögfestum og vitnisburdum sem ä henne liggia, hvort Jtak velnefndur Stadarhalldarenn, skal hier effter

færa Sier til Riettvýslegra nota, og vel tilsiä ad Eckert undann kyrkiunne gange fyrer brukunar leyse, sem henne med Riettu fylgia ber“. Einnig í lögfestu vegna konungs- og kirkjujarðarinnar Hjaltastaðar frá 31. maí 1844 þar sem kröfusvæðinu virðist lýst, a.m.k. að hluta. Í umfjöllun um Hjaltastað í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segi jafnframt að eftir máldögum kirkjunnar fylgi jörðinni afréttarland framá Hraundal er nefnist Kirkjutungur, sem sé til lítilla afnota. Þá er þess einnig getið að í sóknarlýsingu Hjaltastaðasóknar 1842 komi fram að syðri hluti Hraundals sé almenningur og að kirkjan eigi „selstöðu á Hraundal utanverðum og tungu þá niður frá Botndalsfjalli norðanverðu sem verður milli Bjarglandsár og Höltnár sem fyrir er getið. Það land heitir Kirkjutungur“.

Af hálfu ríkisins er á því byggt að þrátt fyrir að fyrirliggjandi heimildir bendi til þess að Hjaltastaður hafi kallað til réttinda á kröfusvæðinu, sem sé aðskilið frá landi jarðarinnar af öðrum svæðum, sé einnig til þess að líta að ekki sé minnst á kröfusvæðið í elstu fyrirliggjandi heimildum um kirkjuna á Hjaltastað, þ.e. máldögum og vísitásiúm frá um 1397, 1570 og 1645, né heldur í síðari heimildum frá 1779–1851, þrátt fyrir að þar sé getið ýmissa réttinda kirkjunnar. Athygli sé einnig vakin á mótmælum hinn 26. maí 1845 við lögfestu Guttorms Þorsteinssonar á Hofi, sem þinglesin hafi verið á sama tíma, að því marki sem hún snerti Hraundal fyrir utan á þá sem eftir honum renni, sbr. umfjöllun um Sandbrekku í kafla 6.1.3.

### 6.1.5 Afréttarland Hólalands og Hvannstöðs

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Afréttarland Hólalands og Hvannstöðar* sé fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Hólalands, svo og til lýsinga á afréttarlandinu í sýslu- og sóknarlýsingum. Þá sé litið til lýsingar á afréttarlandi á Hólalandsfjalli í ritinu *Göngur og réttir*. Loks sé litið til afmörkunar á afréttarlandi Gilsárvala, sem sé aðliggjandi kröfusvæðinu til austurs, og heimalandi Gilsárvala, aðliggjandi til norðurs.

Um afréttarland Hólalands og Hvannstöðs er af hálfu ríkisins m.a. vísað til sóknarlýsingar Desjamýrarsóknar 1839-1840 þar sem sé að finna lýsingu á afréttarsvæðum inn af Borgarfirði, þar á meðal í Hólalands- og Hvannstöðsdal, sem ásamt öðrum afréttarsvæðum þar „er léður öllum Borgarfirði.“

Af hálfu ríkisins er tekið fram að skilja megi landamerkjabréf jarðarinnar Hólalands, dags. 4. júlí 1884 og 27. desember 1921, og jarðarinnar Hvannstöðs, dags. 24. nóvember 1921, á þann veg að kröfusvæðið falli innan merkja jarðanna, a.m.k. að hluta. Í eldra landamerkjabréfi Hólalands sé merkjum þannig lýst þannig að Fjarðará ráði „inn í Mýrnesskörð, síðan fjallgarðurinn alla leið þar sem vötn að draga út á ytri Tindfellsöxl; frá Tindfellsöxl ytri beint ofan í Mjóadal framan við háa Hrök“ og í landamerkjabréfi Hvannstöðs sé merkjum lýst þannig að Lambadalsá ráði „uppá fjallseggjar; að vestan ræður Fjarðará frá áður umgetnum merkjagarði og uppí svonefnd Mýrnesskörð, síðan ráða að sunnan fjallseggjar milli Fjarðará og Lambadalsár.“ Til þess verði hins vegar

að líta að ekki liggi fyrir eldri heimildir um merki jarðanna, sem geti stutt að þau nái svo langt inn til landsins og til fjalla eins og landamerkjabréfin beri með sér, en með landamerkjabréfi hafi menn ekki getað aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Í þessu sambandi verði jafnframt að horfa til staðháttanna og annarra heimilda sem bendi til þess að kröfusvæðið hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti og það ekki einungis af eigendum Hólalands, Hólalandshjáleigu eða Hvannstöðs á hverjum tíma.

### 6.1.6 Afréttarland Gilsárvala

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Afréttarland Gilsárvala* sé fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Gilsárvala þar sem kröfusvæðinu sé lýst sérstaklega. Þá sé litið til lýsinga í landamerkjabréfum Hólalands, sem sé vestan við kröfusvæðið, og Desjarmýrar að austan.

Í greinargerð íslenska ríkisins er tekið fram að misræmi hafi verið á milli kröfulínu ríkisins og gagnaðila þess, þar sem í upphaflegri kröfu ríkisins hafi verið miðað við að úr Lambadalsá væri farið upp á fjallsbrún á Kerlingardalsfjalli. Að athuguðu máli þyki rétt að miða við að úr Lambadalsá sé farið á Hvannstöðseggjar og þaðan austur á Skúmhattarraðir. Sé það í samræmi við afmörkun ríkisins á aðliggjandi kröfusvæðum og í samræmi við afmörkun gagnaðila ríkisins vegna Gilsárvala og Grundar á afréttarlandi Gilsárvala, á milli Lambadalsár og Skúmhattardalsár (Skúmhettuár) inn á vörp, sbr. landamerkjabréf Gilsárvala með Gilsárvallahjáleigu. Kröfu ríkisins hafi verið breytt þessu til samræmis og kröfukort uppfært, en breytingin rúmist innan upphaflegrar kröfu.

Um afréttarland Gilsárvala vísist m.a. til sóknarlýsingar Desjarmýrarsóknar 1839–1840, þar sem sé að finna lýsingu á afréttarsvæðum inn af Borgarfirði, þar á meðal í Lambadal, Kækjudal og Skúmhattardal, sem ásamt öðrum afréttarsvæðum þar „er léður öllum Borgarfirði.“

Fyrirliggjandi heimildir bendi til þess að Gilsárvellir hafi kallað til réttinda yfir kröfusvæðinu. Í ódagsettu landamerkjabréfi jarðarinnar Gilsárvala með Gilsárvallahjáleigu komi m.a. fram: „Afréttarland á Gilsárvöllur milli Lambadalsár og Skúmhettuár inn á vörp.“ Sömu lýsingu sé að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar Gilsárvala með Gilsárvallhjáleigu (nú Grund), dags. 20. desember 1921. Í landskiptagerð vegna jarðanna Grundar I og II, dags. 8. september 1970, sé og vísað til þess að upprekstrarland sé sameiginlegt með Gilsárvöllum í Innfjöllum.

Ekki liggi fyrir eldri heimildir en framangreind landamerkjabréf sem bendi til þess að kröfusvæðið tilheyri Gilsárvöllum eða sem skýri nánar hvað hafi falist í réttindum jarðanna á svæðinu og á hverju þau hafi grundvallast. Í þessu sambandi verði jafnframt að athuga að land jarðanna Gilsárvala og Gilsárvallahjáleigu (Grundar) sé aðskilið kröfusvæðinu af öðru landsvæði, og megi því ætla að í landamerkjabréfunum sé kröfu-

svæðinu lýst sem landsvæði sem jörð hafi nýtt af án þess að það fylgi henni sem annað land hennar.

### 6.1.7 *Desjarmýrarafrétt*

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfuvæði sem af hálfu þess er nefnt *Desjarmýrarafrétt* sé fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Desjarmýrar. Þá sé litið til afmörkunar á jörðinni Setbergi, sem sé aðliggjandi, í byggingarbréfi frá 2. apríl 1855 þar sem fjallað sé um merki Setbergs gagnvart kröfuvæðinu. Loks sé litið til lýsinga á Húsavík, sem sé aðliggjandi kröfuvæðinu til suðurs.

Um Desjarmýrarafrétt er af hálfu ríkisins m.a. vísað til sóknarlýsingar Desjarmýrar-sóknar 1839–1840, þar sem sé að finna lýsingu á afréttarsvæðum inn af Borgarfirði, þar á meðal í Kækjudal og Skúmhattardal, sem ásamt öðrum afréttarsvæðum þar „er léður öllum Borgarfirði.“

Af hálfu íslenska ríkisins er tekið fram að ýmsar eldri heimildir um jörðina Desjarmýri megi skilja á þann veg að kröfuvæðið hafi talist tilheyra jörðinni. Í máldaga Desjarmýrarkirkju frá árinu 1354 segi að kirkjan eigi allt land „til motz vid husuijkinga“. Jafnframt er af hálfu ríkisins vísað til lögfestu frá 31. maí 1772 vegna Desjarmýrar með landi Setbergs, hálfum Skúmhattardal, öllum Hrafnsdal og Mosdal. Hið sama eigi við um landamerkjabréf Desjarmýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi, dags. 17. maí 1890 og 10. desember 1921.

Af hálfu ríkisins er bent á að sömu lýsingu og greini í máldaganum frá árinu 1354 sé ekki að finna í máldögum frá árunum 1397 og 1570, auk þess sem sú lýsing kunnir að takmarkast við svæði sem falli utan kröfuvæðis íslenska ríkisins. Einnig verði að líta til þess að í öðrum heimildum frá svipuðum tíma sé vísað til kröfuvæðisins með öðrum hætti, og þannig að fremur sé gefinn til kynna óbeinn en beinn eignarréttur. Af hálfu ríkisins er vísað til biskupsvísitasíu frá 6. ágúst 1645 þar sem segi að Maríukirkja að Desjarmýri eigi Setberg „og Skumhattardal halffann ad heffdarhalde.“ Jafnframt verði að líta til þess að ágreiningur hafi verið á milli Desjarmýrar og Húsavíkur um landsvæði við Gæsavötn og Hvítserk, en samkvæmt prófastvísitasíu fyrir Desjarmýri 15. ágúst 1841 sé um að ræða „landstykki ofan fra Husavik, er heldur varpi nidur ad Selhúsalæk efra frá Kroka ad vestanverdu og til Gjæsirvatna ad austanverdu“, en til landstykksins virðist vísað sem Efri-Fitjar. Þá verði jafnframt að horfa til staðháttanna og annarra heimilda sem bendi til þess að kröfuvæðið hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti og það ekki einungis af eigendum jarðarinnar Desjarmýrar eða hjáleigna á hverjum tíma.



### 6.1.8 Hvalvík

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfussvæði sem af hálfu þess er nefnt *Hvalvík* sé fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Brúnavíkur.

Af hálfu ríkisins er á því byggt að kröfussvæðið Hvalvík hafi verið utan landnáms. Víkurinnar sé ekki getið í landsnámslýsingum og verði því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um stofnun beins eignarréttar yfir kröfussvæðinu í öndverðu. Verði hins vegar talið að kröfussvæðið kunni að hafa verið numið í heild eða að hluta er á því byggt að beinn eignarréttur, sem þannig kunni að hafa stofnast, hafi fallið niður og svæðið síðar verið tekið til takmarkaðra nota. Af fyrirliggjandi heimildum að dæma virðist það hafa gerst tiltölulega snemma. Þótt heimildir bendi til þess að búseta hafi verið reynd þar á 18. og 19. öld þá virðist hún hafa verið skammvinn og stopul.

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að í elstu fyrirliggjandi heimildum sé getið um Hvalvík sem sjálfstæðs svæðis sem falli ekki innan merkja Brúnavíkur eða annarra jarða. Í skýrslu sr. Þorsteins Jónssonar á Eiðum yfir kúgildi og inntektir á jörðum biskups, þ.e. Brynjólfs Sveinssonar, í Borgarfirði og Seyðisfirði 1672–1673 segi þannig að „Hvalvík á allt sitt land ítölulaust fjallatinda á milli austr á Glettingsgjá“. Í sömu heimild komi fram að „Brúnavík á allt sitt land ítölulaust fram á Þrándarhriegg og upp á hædstu fiöll á báðar síður þar til vötnum hallar“. Sömu lýsingar á Brúnavík og Hvalvík sé að finna í afriti sr. Jóns Austfjörð, dags. 5. maí 1846, tekið úr tuttugustu bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar yfir árin 1672 og 1673. Ekki verði annað ráðið en að á þessum tíma hafi verið litið á Hvalvík sem sjálfstætt svæði, aðskilið frá Breiðuvík.

Af hálfu ríkisins er bent á að samkvæmt manntali 1703 hafi þá verið búið í Hvalvík. Hvalvík virðist síðan hafa lagst í eyði aftur snemma á 18. öld, en a.m.k. ekki síðar en um aldamótin 1800, en í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 sé í tengslum við jörðina Stóru-Breiðuvík vísað til þess að eyðijörðin Hvalvík hafi þá verið nýtt sem beitiland. Einnig sé vísað til þess í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 að Stóra-Breiðavík hafi beitarafnot af Hvalvík. Hvalvíkur sé fyrst getið í tengslum við jörðina Brúnavík í lögfestu fyrir Brúnavík frá 1811, þar sem Hvalvík sé sögð „meðfylgjandi“ Brúnavík. Í lögfestu fyrir Brúnavík frá 1842 sé síðan getið um Hvalvík sem „meðfylgjandi afbýli Hvalvíkurland-eign“. Í síðari heimildum sé síðan getið með sambærilegum hætti um tengsl Hvalvíkur við Brúnavík. Í jarðamati 1849–1850 sé þannig fjallað um jörðina Brúnavík með eyðibýlinu Hvalvík og í vitnisburði Björns Björnssonar á Bóndastöðum frá 29. mars 1856 komi fram að Hvalvík hafi verið afbýli tilheyrandi jörðinni Brúnavík. Í landamerkjabréfi Brúnavíkur, dags. 3. júlí 1884, sé merkjum þeirrar jarðar síðan lýst sérstaklega þannig að afmarkist gagnvart Hvalvík „af Gagnheiði og út fjallaraðir í Æðarsker“, en síðan sé tekið fram að „Hvalvík á allt sitt land ítölulaust fjallatinda á milli austur í Glettingsgjá“. Þá sé vísað til þess í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 að jörðin Brúnavík hafi gott upprekstrarland og hrossabeit í Hvalvík.

Af hálfu ríkisins er tekið fram að ekkert liggi fyrir um hvenær eða á hvaða grundvelli Hvalvík hafi farið að fylgja Brúnavík með þeim hætti sem framangreindar heimildir beri að nokkru með sér. Ekkert bendi hins vegar til stofnunar eða yfirfærslu beins eignarréttar að kröfusvæðinu Hvalvík, til handa eigendum jarðarinnar Brúnavíkur, með lögformlegum hætti. Að mati ríkisins þyki gögn málsins fremur gefa til kynna að aldrei hafi stofnast til beins eignarréttar að Hvalvík, eða þá hitt, að til beins eignarréttar hafi stofnast í öndverðu, en hann síðan fallið niður. Síðar hafi svæðið síðan verið tekið til takmarkaðra nota af hálfu Brúnavíkur og annarra nærliggjandi jarða, m.a. Stóru-Breiðuvíkur. Engu breyti í því sambandi að mati ríkisins þótt manntal beri með sér að tilraunir hafi gerðar til búsetu í Hvalvík á fyrri hluti 18. og 19. aldar, enda virðist verða að leggja til grundvallar að þær tilraunir hafi verið skammvinnar og stopular.

Við mat á eignarréttarlegri stöðu Hvalvíkur hafi að mati ríkisins ekki sérstaka þýðingu þótt eigandi Brúnavíkur hafi gert landamerkjabréf á árinu 1922, þar sem vísað sé til þess að Brúnavík og Hvalvík séu sameign og merkjum lýst í einu lagi þannig að taki til beggja víkna. Landamerkjabréfið eigi sér ekki stoð í eldri heimildum, sbr. sú regla að með gerð landamerkjabréfs geti menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði.

### 6.1.9 *Ytri-Álftavík*

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Ytri-Álftavík* sé fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjadómi frá 29. ágúst 1890 þar sem merkjum Innri-Álftavíkur, sem sé aðliggjandi, sé lýst. Þá sé einnig litið til staðarháttar þar sem nær engar heimildir hafi fundist um kröfusvæðið, svo og til lýsingar á landsvæðinu í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 2008.

Að mati ríkisins sé ljóst að mörkin milli kröfusvæðanna *Ytri-Álftavíkur* og *Innri-Álftavíkur* séu dregin með mismunandi hætti af hálfu ríkisins og gagnaðila þess vegna beggja kröfusvæða. Ekki verði þó annað ráðið en að aðilar miði kröfur sínar við sömu heimildir, sbr. helst áður nefndan landamerkjadóm, og að mörkin liggi frá Miðmundarfjallskolli niður Miðmundarfjallsraðir. Snúi misræmi á milli kröfulína á kröfukorti fyrst og fremst að því hvernig Miðmundarfjallsraðir liggi frá Miðmundarfjallskolli í sjó. Af kortum þyki mega ætla að tilvísaðar fjallraðir liggi u.þ.b. þar sem kröfulína ríkisins sé dregin, en e.t.v. aðeins vestar. Í kröfu ríkisins séu mörkin við sjó miðuð við Höfðasand en í kröfum gagnaðila sé miðað við Mávabrík, framan og vestan við Höfðasand. Örnefnið Mávabrík virðist aðeins koma fram í landamerkjabréfi Ytri-Álftavíkur frá 30. desember 1921, en það virðist staðsett á sama eða svipuðum stað og örnefnið Stallklettur, sem miðað sé við í fyrirnefndum landamerkjadómi og „sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álftavík, en framan eða vestan við svokallaðann Höfðasand“. Ljóst megi vera að ekki sé langt á milli annars vegar Höfðasands og hins vegar Mávabríkur eða Stallkletts, hvoru tveggja framan eða vestan við Höfðasand, en staðsetning

Þessara örnefna liggi að mati ríkisins ekki ljós fyrir. Með vísan til þessa þyki ekki ástæða til að hreyfa við kröfu eða kröfulínu íslenska ríkisins vegna umrædds misræmis.

Af hálfu ríkisins er á því byggt að kröfusvæðið Ytri-Álftavík hafi verið utan landnáms, en svæðisins sé ekki getið í landsnámslýsingum. Verði því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðinu í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðið kunni að hafa verið numið í heild eða að hluta er á því byggt að beinn eignarréttur, sem þannig kunni að hafa stofnast, hafi fallið niður og svæðið síðar verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Af fyrirliggjandi heimildum að dæma virðist það hafa gerst tiltölulega snemma.

Þá er af hálfu ríkisins tekið fram að Ytri-Álftavíkur sé ekki getið í elstu heimildum um jörðina Húsavík eða Húsavíkurkirkju. Í máldögum og vísitasíum frá tímabilinu 1397 til 1832 sé t.a.m. ekki minnst á Ytri-Álftavík, þrátt fyrir að þar sé getið eigna, ítaka og réttinda kirkjunnar. Hið sama eigi við um auglýsingu frá 17. júní 1722, þar sem getið sé þeirra jarða sem þá hafi verið undir Húsavíkurkirkju. Kröfusvæðisins virðist fyrst getið í prófastvísitasíu fyrir Húsavíkurkirkju frá 25. september 1778, þar sem fram komi að bóndinn á Nesi í Lodmundarfirði vilji hafa öll afnot af „takmarkinu“ sem kallað sé Álftavík ytri, sem þó tilheyri Húsavík, en prófastur tilsagði að halda skyldi því „takmarki“ til kirkjunnar.

Í greinargerð ríkisins segir að skilja megi lögfestu frá 2. ágúst 1705 þannig að þar sé merkjum kirkjustaðarins Húsavík lýst þannig að taki til kröfusvæðisins, sbr. lýsinguna: „ad sunanverdu rettvýslega til Nesslands í Lodmundarfyrði j Stallklett fyrir innan Álftavýkur, þadan a fjall upp til þess vötnum hallar“. Það sé þó ekki víst, m.a. ef litið sé til þess að í síðari lögfestum, frá árunum 1829, 1835 og 1855, sé lýsingin að þessu leyti með öðrum hætti, þ.e. vísað sé í Stallklett, sem nú kallist Stigaklettur, fyrir innan svokallaða Innri-Álftavík. Í landamerkjabréfi kirkjujarðarinnar Húsavíkur, dags. 17. maí 1887, þar sem Álftavíkur sé getið sem jarðar ásamt Hólshúsum, Dallandi, Dallandsparti og Litlu-Breiðuvík, sé merkjum lýst með sama hætti og í síðarnefndu lögfestunum, þ.e. fyrir innan svokallaða Innri-Álftavík. Í landamerkjabréfi Ytri-Álftavíkur, dags. 30. desember 1921, sé merkjum á milli Ytri- og Innri-Álftavíkur síðan lýst úr Mávabrík, upp raðir í Miðmundarfjallstopp. Ekki verði skýrlega ráðið hvað ráði mismunandi merkjalýsingum samkvæmt fyrirliggjandi heimildum, en þær þyki ekki veita því sérstaka stoð að kröfusvæðið hafi verið eða sé undirorpið beinum eignarrétti. Í því sambandi er af hálfu ríkisins vísað til þeirrar reglu að með gerð landamerkjabréfs eða annars konar merkjalýsinga hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði.

Af hálfu ríkisins er tekið fram að engar heimildir séu um byggð til forna í Ytri-Álftavík. Hins vegar liggi fyrir heimildir um að búseta hafi verið reynd þar á 19. öld, að því er virðist fyrir tilstuðlan eða með leyfi eiganda Húsavíkur en hún hafi verið skammvinn og stopul. Í bréfi eiganda Hólshúsa til biskups frá 28. desember 1832 sé þannig tekið fram að Álftavík sé „uppbygd á ny fyrir fáum árum síðann, á Nesi, sunnann til við

Húsavíkina“. Í þessu sambandi er einnig vísað til heimilda um útbyggingu og þrúsetu frá árunum 1854–1856 og byggingarbréfa frá árunum 1856–1881. Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 og jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 sé jörðin Álftavík sögð hjáleiga Húsavíkur. Þá hafi verið ágreiningur á milli eiganda Húsavíkur og umráðamanns þjóð-jarðarinnar Ness í Loðmundarfirði um mörk milli Innri-Álftavíkur, sem Nes hafi kallað til réttinda yfir, og Ytri-Álftavíkur, sem Húsavík hafi kallað til réttinda yfir. Hafi þeim ágreiningi lyktað með fyrrnefndum landamerkjadómi frá 29. ágúst 1890 um að landamerki skyldu vera sem að framan greini.

Við mat á eignarréttarlegri stöðu kröfusvæðisins geti að mati ríkisins ekki haft sérstaka eða sjálfstæða þýðingu að gagnaðili ríkisins geti rakið tilkall sitt til svæðisins fyrir erfðir með þeim hætti sem gert sé í kröfulýsingu gagnaðila. Að sama skapi geti ekki haft sérstaka eða sjálfstæða þýðingu að Ytri-Álftavík eða Glaumbær sé skráð sem jörð kvæmt fasteignaskrá.

### 6.1.10 Innri-Álftavík

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfuvæði sem af hálfu þess er nefnt *Innri-Álftavík* sé fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjadómi frá 29. ágúst 1890, þar sem merkjum Ytri-Álftavíkur gagnvart Nesi í Loðmundarfirði sé lýst. Þá sé litið til lýsingar í landamerkjabréfi Húsavíkur þar sem sé að finna sambærilega lýsingu á umræddum merkjum.

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að ljóst sé að mörkin á milli kröfusvæðanna *Ytri-Álftavíkur* og *Innri-Álftavíkur* séu dregin með mismunandi hætti af hálfu ríkisins og gagnaðila þess vegna beggja kröfusvæða. Ekki verði þó annað ráðið en að aðilar miði kröfur sínar við sömu heimildir, sbr. helst áðurnefndan landamerkjadóm, og að mörkin liggi frá Miðmundarfjallskolli niður Miðmundarfjallsraðir. Snúi misræmi á milli kröfulína á kröfukorti fyrst og fremst að því hvernig Miðmundarfjallsraðir liggi frá Miðmundarfjallskolli í sjó. Af kortum þyki mega ætla að tilvísaðar fjallraðir liggi u.þ.b. þar sem kröfulína ríkisins sé dregin, en e.t.v. aðeins vestar. Í kröfu ríkisins séu mörkin við sjó miðuð við Höfðasand, en í kröfum gagnaðila sé miðað við Mávabírk, framan og vestan við Höfðasand. Örnefnið Mávabírk virðist aðeins koma fram í landamerkjabréfi Ytri-Álftavíkur frá 30. desember 1921 en það virðist staðsett á sama eða svipuðum stað og örnefnið Stallklettur sem miðað sé við í fyrrnefndum landamerkjadómi og „sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álftavík, en framan eða vestan við svokallaðann Höfðasand“. Ljóst megi vera að ekki sé langt á milli annars vegar Höfðasands og hins vegar Mávabríkur eða Stallkletts, hvoru tveggja framan eða vestan við Höfðasand, en staðsetning þessara örnefna liggi að mati ríkisins ekki ljós fyrir. Með vísan til þessa þyki ekki ástæða til að hreyfa við kröfu eða kröfulínu íslenska ríkisins vegna umrædds misræmis.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að kröfusvæðið Innri-Álftavík hafi verið utan landnáms, en svæðisins sé ekki getið í landsnámslýsingum. Verði því engar

afdráttarlausar ályktanir dregnar um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðinu í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðið kunni að hafa verið numið í heild eða að hluta sé á því byggt að beinn eignarréttur, sem þannig kunni að hafa stofnast, hafi fallið niður og svæðið síðar verið tekið til takmarkaðra nota. Af fyrirbyggjandi heimildum að dæma virðist það hafa gerst tiltölulega snemma.

Þá er af hálfu ríkisins tekið fram að heimildir um Innri-Álftavík séu af skornum skammti, en svæðisins hafi helst verið getið í tengslum við ágreining á milli Ness og Húsavíkur um nýtingu svæðisins og merki milli Innri- og Ytri-Álftavíkur. Kröfusvæðisins virðist þannig fyrst getið í vitnisburði Björns Skúlasonar um nýttjar í Innri-Álftavík í Víkum frá 6. apríl 1837, en af vitnisburðinum megi ráða að óljóst hafi verið hvort svæðið hafi tilheyrt Nesi eða Húsavík. Í prófastvísitasíu Húsavíkurkirkju frá 16. ágúst 1837 og 14. júlí 1842 sé einnig getið um ágreining um Innri-Álftavík og við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842 hafi verið þinglesin mótmæli um að Syðri-Álftavík skyldi notuð frá Húsavík. Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 sé jafnframt vísað til þrætulands sem heiti Innri-Álftavík sem sé afrétt fyrir 30 til 40 kindur. Við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1855 hafi og verið auglýst lögfesta, dags. 2. júní 1855, fyrir jörðinni Húsavík og hafi umboðsmaður Skriðuklausturs mótmælt henni hvað Innri-Álftavík snerti.

Í greinargerð ríkisins segir að um merki á milli Innri- og Ytri-Álftavíkur sé fjallað í ýmsum heimildum, sbr. helst byggingarbréf vegna hjáleigunnar Álftavíkur (Ytri-Álftavíkur) frá 1856, 1861 og 1881, en í síðastnefnda bréfinu sé einnig minnst á þrætuland milli Álftavíkur og Ness. Þá megi geta þess að með bréfi, dags. 24. febrúar 1887, hafi amtmaður lagt til að ekki yrði látið undan kröfum eiganda Húsavíkur í þrætumáli Ness og Húsavíkur. Í bréfinu segi að Innri-Álftavík sé afrétt góð og beutiland og að þræta hafi verið um svæðið í u.þ.b. 40 ár, en vitnisburðir gangi allir í þá átt „að víkin hafi um langan tíma verið notuð af Nesbændum, og verið álitin heyra undir Nes“. Einnig vísi amtmaður til þess að málsgögn Húsavíkureiganda nefni ekki Álftavík en að því sé þó ómótmælt að hjáleiga ein frá Húsavík nefnist Álftavík. Niðurstaða amtmanns sé að Innri-Álftavík heyri til Nesi og að réttast sé að láta eigi undan kröfum eiganda Húsavíkur, heldur leggja ágreininginn í dóm. Þrætunni um merki á milli Innri- og Ytri-Álftavíkur virðist síðan ljúka með fyrrnefndum landamerkjadómi frá 29. ágúst 1890.

Þá segir að ekki liggi fyrir landamerkjabréf vegna Ness eða Neshjáleigu. Landamerkja jarðanna sé þó getið í öðrum heimildum, t.a.m. í úttekum á Skriðuklaustursjörðum 10. september 1828 og 15. apríl 1841 og lögfestu frá 19. maí 1845 vegna lands klausturjarðarinnar Ness. Þessar heimildir megi skilja sem svo að kröfusvæðið hafi tilheyrt Nesi eða Neshjáleigu, en á því sé byggt að í því hafi ekki falist annað og meira en takmörkuð réttindi. Sé til þess að líta að aðrar fyrirbyggjandi heimildir bendi ekki til annars en að kröfusvæðið hafi aðeins verið nýtt með takmörkuðum hætti og að það hafi ekki tilheyrt jörðunum með sama hætti og annað land þeirra. Til viðbótar framangreindu megi um þetta vísa til þess að í skrá um afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi frá 25.

júní 1894 sé tiltekið að afréttarland Ness og Neshjáleigu skyldi vera Innri-Álftavík með Nesflugum, en jafnframt sé vísað til afréttarlands jarðanna í lýsingu J. Baldvins Jóhannessonar, dags. 28. febrúar 1895.

### 6.1.11 *Hjálmarströnd*

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfuvæði sem af hálfu þess er nefnt *Hjálmarströnd* sé fyrst og fremst litið til lýsingar á landsvæðinu Hjálmarströnd í landamerkjabréfi Dvergasteins. Þá sé litið til landamerkjabréfa jarðanna Sævarenda og Brimness, sem séu aðliggjandi kröfuvæðinu til vesturs og austurs.

Af hálfu ríkisins er tekið fram að ljóst sé af landamerkjabréfi Dvergasteins og öðrum fyrirliggjandi heimildum að kröfuvæðið sé í elstu heimildum talið heyra undir kirkjuna að Dvergasteini í Seyðisfirði. Sé á því byggt að í því hafi ekki falist annað og meira en takmörkuð réttindi. Í framangreindu landamerkjabréfi sé kröfuvæðinu lýst með sjálfstæðum hætti og aðskildu frá öðru landi Dvergasteins, sem bendi ekki til þess að kröfuvæðið hafi verið eða sé undirorpið beinum eignarrétti og að ekki hafi verið litið svo á. Að því marki sem vísað sé til kröfuvæðisins í öðrum heimildum um Dvergastein eða kirkjuna þar sé það gert með sambærilegum hætti og í tengslum við takmörkuð not. Í því sambandi er vísað til máldaga og annarra heimilda um kirkjuna að Dvergasteini frá um 1397, 1549, 1570, 1645 og 1666 þar sem vísað sé til þess að kirkjan að Dvergasteini eigi Hjálmarströnd alla milli Hjálmar og Grímkelsár. Einnig gjafabréfs frá 11. apríl 1678 og í lögfestu vegna kirkjustaðarins Dvergasteins með Selsstöðum og Kolsstöðum, dags. 3. júní 1849. Til viðbótar er af hálfu ríkisins á það bent að fyrir liggi heimildir um að aðrir hafi átt eða kallað til réttinda á kröfuvæðinu, sbr. heimildir um rekaítak kirkjunnar á Klyppstöðum.

Af hálfu ríkisins er bent á að í ákveðnum heimildum sé vísað til Hjálmarstrandar sem jarðar. Það virðist fyrst gert í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 þar sem vísað sé til Hjálmarstrandar sem kirkjujarðar frá Dvergasteini en þess einnig getið að Skúli Skúlason hreppstjóri hafi nýtt Hjálmarströnd. Ekkert liggi hins vegar fyrir um að búið hafi verið að Hjálmarströnd á þeim tíma eða fyrr. Á 19. öld virðist hafa verið gerðar skammvinnar og stopular tilraunir til búsetu þar, sjá bréf sr. Ólafs Indriðasonar á Dvergasteini til biskups frá 19. janúar 1833 þar sem vísað sé til þess að árið 1823 hafi kirkjukotið Hjálmarströnd legið um langan tíma í eyði og menn hafi nýtt það að eigin vild, s.s. til hagbeitar og afréttar. Í bréfinu sé svo vísað til skammvinnrar tilraunar til búsetu þar á árinu 1826. Í skýrslu sr. Einars Hjörleifssonar á Dvergasteini, dags. 12. júní 1839, yfir inntektir og útgjöld Dvergasteins- og Fjarðarprestakalls, segi m.a. um Hjálmarströnd „sem er kyrkjunni tilheyrand afréttarland fra Hjalmá ad Grímkelsgili, og hvar Fátæklingar einstöku sinnum hafa lafad vid kofa fá ár í senn“. Í öðrum síðari tíma heimildum sé jafnframt vísað til þess að búið hafi verið að Hjálmarströnd. Sjá t.d. jarðamat Norður-Múlasýslu 1849–1850 þar sem komi fram að Hjálmarströnd hafi oft

legið í eyði og sé nú nýlega tekin til ábúðar. Samkvæmt manntali hafi verið búið að Hjálmárströnd 1850, en ekki 1855, 1860 eða 1870, og svo aftur 1880, 1890 og 1901, en ekki eftir það.

## 6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins

Hér verður gerð grein fyrir sjónarmiðum gagnaðila íslenska ríkisins. Í þeim tilvikum þar sem sami lögmaður gæti hagsmuna vegna margra jarða er fyrst getið sameiginlegra sjónarmiða vegna viðkomandi jarða en sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega eru svo gerð skil í undirköflum, eftir því sem við á.

### 6.2.1 Sandbrekka og Hrafnabjörg í Útmannasveit; Njarðvík, Hólaland og Desjarmýri í Borgarfirði; Brúnavík í Víkum og Nes og Neshjáleiga í Loðmundarfirði

Hér verður gerð grein fyrir sameiginlegum sjónarmiðum þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem eru eigendur jarðanna Sandbrekku og Hrafnabjarga í Útmannasveit; Njarðvíkur, Hólalands og Desjarmýrar í Borgarfirði; og Brúnavíkur, Ness og Neshjáleigu í Víkum en sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Framangreindir gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að land sem kröfulýsingar þeirra taki til séu eignarlönd, í skilningi 1. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998, og því beri að fallast á kröfur þar um. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* segi að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Ekkert bendi til að ágreiningssvæðin, sem eftir atvikum sé vísað til sem afrétta, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðanna. Þá liggi ekki fyrir að land jarðanna hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttir. Réttarreglur Grágásar um afréttir hafi átt við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt sé að líta á þær reglur sem sameignarreglur fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Voggi geri í ritgerðinni *Almenningar og afréttir*, að afrétt sé beitaréttur en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hafi óbyggðanefnd hafnað. Afrétt vísi fyrst og fremst til þeirra nota að unnt hafi verið að halda fé frá byggðasvæði. Það hafi verið sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka hafi þurft lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau verið nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkist því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir.<sup>1481</sup>

Af hálfu gagnaðila ríkisins er tekið fram að ekki verði fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hafi líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafi ávallt verið úrskurðuð eignarlönd, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á séu t.d. úrskurðir óbyggðanefndar í málum 5/2001, Bær í Lóni, nr. 1/2008

<sup>1481</sup> Sjá nánari umfjöllun um málatilbúnað gagnaðila ríkisins hvað varðar stöðu afrétta í skjali nr. 20.

vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals og nr. 1/2009, Þorvaldsdalsafrétt. Til hliðsjónar og samanburðar verði þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur. Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendi allt til þess að svæðin hafi verið numin, enda séu mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem séu og hafi alla tíð verið greinileg, t.d. af láglandi Njarðvíkur og Borgarfjarðar. Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar verði taldar styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllum svæðunum, enda séu þau ekki fjarri byggð. Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land sé þegar sýnt hafi verið fram á að land sé innan upphaflegs landnáms og lýsingar í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hafi verið tekið af óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Byggt er á því að land jarðanna, eins og því hafi verið lýst, hafi verið innan landnámssvæða og því er mótmælt að takmarkaðar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðanna verði dregin í efa. Þá er vísað til 2. og 3. kap. Landabrigðisþáttar Grágásar og 6. kap. Landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja en undanþágur hafi verið frá merkjagöngu þar sem séu fjöll þau er vatnsföll deilist á millum héraða. Sýni það vel hugmyndir og endurspegli stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga með lögum nr. 5/1882, og síðar með lögum nr. 41/1919, hafi verið kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því sé staðan sú, í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verði ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda séu byggðar á eignarheimildum sem grundvallist á fyrrgreindum lögum. Kröfur íslenska ríkisins komi landeigendum því á óvart þar sem þeir hafi athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu. Samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalyðingu jarðar verði ekki hnekkkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telji að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttinasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda njóti verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafi í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðanna væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi aðgerðir ríkisins fram að umþrættri kröfulýsingu ríkisins aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.



Málsmeðferð þjóðlendumála lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væri að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinna jarða, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Landamerkjabréf séu oftast eina gagnið sem landeigendur hafi undir höndum sem sanni beinan eignarrétt þeirra.

Um lagarök er af hálfu landeigenda vísað til þjóðlendlaga nr. 58/1998, meginreglna í eignarrétti og eignarnámsákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar, jafnræðisreglu hennar, meginreglna um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki, laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglu, jafnræðisreglu og rannsóknarreglu, laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

#### 6.2.1.1 Sandbrekka í Útmanasveit

Af hálfu eiganda jarðarinnar Sandbrekku er á því byggt að afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu byggji á landamerkjalyýsingu jarðarinnar, dags. 20. júní 1884, en lýsingin taki til alls lands jarðarinnar, þ.m.t. Hlaupandagerðis sem hefði verið hjáleiga frá jörðinni í líklega 1.000 ár. Hlaupandagerði hafi verið selt sem sérstök jörð um árið 1895 en nafni jarðarinnar hafi verið breytt í Þórsnes árið 1914 og gert hafi verið sérstakt landamerkjabréf fyrir Þórsnes, dags. 10. nóvember 1921. Kröfusvæði ríkisins falli innan kröfulýsingar Sandbrekku, sbr. landamerkjabréf jarðarinnar. Rétt sé það sem fram komi í greinargerð ríkisins að heimild um landamerki Sandbrekku frá 1604 varði einungis afmarkað svæði niður við Selfljót á merkjum Dala og Sandbrekku utan kröfusvæðis ríkisins.

Af hálfu landeiganda er byggt á því að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing *Landnámu* á landnámi á svæðinu feli í sér að svæðið hafi verið numið, enda hafi það í raun verið í alfaraleið, bæði vegna umferðar um Eiríksdal og Sandaskörð til Borgarfjarðar og um Hraundal til Loðmundarfjarðar. Þá séu landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgi jafnan allt það beitarland sem þær hafi þurft og fáar heimildir um samnotaafrétti. Eðli máls samkvæmt hafi jarðir á láglandissvæðum getað sóst eftir afréttarnýtingu til fjalla og sýnt sé að eigendur Sandbrekku hafi veitt hagagöngu í landi sínu gegn greiðslu og/eða annarri umbun eða velvilja, sbr. t.d. upplýsingar um tekjur af hagatollum í jarðamati.

Byggt er á því að landamerkjabréf Sandbrekku falli í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar en beri þess merki að svæði nefnt

Sandbrekkuafrétt tilheyri Sandbrekku eins og annað land jarðarinnar. Beitarnotin hafi mótað örnefnið um þann hluta jarðarinnar án þess að nokkur skýr afmörkun eigi við um upphaf þess svæðis. Af hálfu ríkisins sé gerð þjóðlendukrafa til lands Sandbrekku fyrir ofan Sellæk sem falli í Bjarglandsá og frá upptökum lækjarins í Jökulsá en engar sérstakar forsendur liggi að mati gagnaðila ríkisins til grundvallar þeirri kröfulínu. Ós framangreinds Sellækjar sé fyrst nefndur í landamerkjalyásingu Sandbrekku frá 1884 og hafi þá þýðingu að afmarka línu hinum megin Bjarglandsár við Dali.

Í greinargerð landeiganda segir í umfjöllun um greinargerð íslenska ríkisins að í 27. t. l. sé fjallað um staðsetningu Álfasteina ytri, en framsetning örnefnisins á korti samkvæmt kröfulýsingu Sandbrekku og Þórsness (Hlaupandagerðis) hafi verið mismunandi. Ríkið vísi til þess að staðsetning samkvæmt kröfulýsingu Sandbrekku kunni að vera rétt. Í örnefnalyásingu Sandbrekku segi m.a. að Álfasteinar séu utan í Háls múlanum, þar sem landamerki sé milli Sandbrekku og Þórsness. Suður af Álfasteinum sé Eiríksdalur en gegnt Álfasteinum sé Urðardalur. Af skoðun loftmynda sé að mati landeiganda glöggt að tveir stórir steinar séu staðsettir í Háls múlanum rétt við ármót Urðardalsár og Eiríksdalsár en þangað sé kröfulína Þórsness dregin. Ekki sé forsendur til að véfengja þá staðsetningu miðað við fyrirliggjandi gögn. Virðist Þórsnesi þannig hafa verið úthlutað hæfilegu séreignarlandi. Þá verði að telja rétt, sbr. landamerkjabréf Þórsness, að Sellæk sé fylgt á Háubrún og þaðan dregin bein lína í Álfasteina. Sú landamerkjalyásing sé rökrétt og myndi nokkuð beina stefnu upp með Sellæk og í Álfasteina.

Af hálfu landeiganda er tekið fram að það sé rangt sem komi fram í greinargerð ríkisins um að ekki liggi fyrir eldri heimildir en landamerkjabréf frá 1884 um merki jarðarinnar, sbr. það sem rakið sé í kröfulýsingu um heimildir fyrir lögfestum. Þá hafi komið fram lögfesta frá 6. júní 1872, þinglesin 1. júlí sama ár. Þar sé landamerkjum lýst upp með Jökulsá (þ.m.t. upp í Urðardal þar sem áin sé nú jafnan kölluð Urðardalsá þar til hún komi saman við Eiríksdalsá) upp í Fremra Dyrfjall, þaðan á há Eiríksdalsvarp og svo þaðan á Hraundalsvarp (þ.e. fyrir botni Hraundals) og svo ráði Bjarglandsáin út á móts við Dalarétt. Einnig liggi fyrir lögfesta frá 26. maí 1852. Landamerkjalyásingin á svæðinu sé svo orðuð: „úr téðu Selfljóti réttlínis í svokallaðann Bol eður þann gamla farveg Hrafnabjargarár allt í hana sjálfa þá hún þareptir ræður landamerkjum allt uppá Eiríksdalsvarp og svo þaðan í Hraundalsvarp og ofan aptur á Hraundalinn allt eptir því sem Bjarglandsá rennur úteptir sem skamtar landamerki allt til fyrstgreindu takmarka móts við Dalarétt.“ Með Hrafnabjargará sé þarna átt við Jökulsá. Þá komi fram í lýsingunni að lögfestan sé grundvölluð á lögfestu frá 1798 og öðrum bæði eldri og yngri landamerkjaskjölum.

Af hálfu landeiganda er á því byggt að óbein heimild um forn merki Sandbrekku sé jafnframt fólgin í lýsingu Hrafnabjarga samkvæmt vitnisburði frá 1598, sem virðist mega skrifa upp á þennan veg: „Í millum Knarrár og Jökulssár er sjóning úr upptökum greindrar Knarrár og sjónhending úr upptökum greindrar ár í fjall upp og þar frá alla Súlnahjalla allt í Urðardal og fyrr sagða Jökulsá“. Heimildarmaðurinn hafði dvalið í

Útmannasveit, þá í 54 ár. Þá sé einnig vísað til þess sem fram komi í kaupbréfi um Hrafnabjörg frá 29. janúar 1659: „med óllum þeim gógnum og giædum sem greindre iórdu fylger og fylgt hefur ad fornu og nyu til ytstu ummmerkia mötz vid adrar Jarder“. Textinn birti þá grundvallarhugsun að merki Hrafnabjarga séu gagnvart öðrum jörðum, þ.m.t. Sandbrekku. Í grunninn lýsi þessi heimild best fornu jarðaskipulagi í Hjaltastaðabínghá og ekki tilefni til annars en að ætla að jörðum hafi tilheyrt land á vatnaskil við Borgarfjörð og Loðmundarfjörð. Heimildir af þessu tagi leiði til þess að það væri afkáraleg beiting sönnunarreglna að telja að jarðir á svæðinu eigi ekki land á fjöll upp.

Þá komi fram merkjalýsing í byggingarbréfi Hrafnabjarga frá 1660: „Landamerke þeirrar Jarðar greinast ad utann ut Selflioti uppepter Knararä Þangad sem hun klífur Riupna fell. Og alla Sulna hialla medfylgandi Jordanne, og J urdardals ä rædur hun so upp J fioll, enn ad framann rædur Jokulzä fylger allur Eyreksdalur Hrafnabiorgum ad Jokulsa enn hun ofan J gegn J Selfliot“. Í dag sé vísað til Eiríksdals, einkum ofan ármóta Eiríksdalsár og Urðardalsár, en dalurinn heiti einnig Eiríksdalur eftir að þær komi saman. Þessi lýsing varðandi Eiríksdal skýri e.t.v. efni lögfestunnar frá 1852 þar sem vísað sé til Hrafnabjargarár að upptökum á Eiríksdalsvarpi. Þarna sé um að ræða ákveðinn óskýrleika miðað við núverandi örnefnanotkun. Hvað sem nákvæmum merkingum jarðanna upp frá ármótum Urðardalsár og Eiríksdalsár (sbr. núverandi örnefni) líði, þá séu lýsingar afdráttarlausar heimildir um eignarréttarlega stöðu landsins. Lönd Sandbrekku og Hrafnabjarga hafi náð saman.

Byggt er á því að andmæli við lögfestu sr. Guttorms, líklega frá 1845 varðandi Hjaltastað, hafi einnig vikið að lögfestu sem sr. Árni Þorsteinsson hafði gert áður. Óánægja virðist hafa verið um að greiða hafi þurft hagatolla vegna geldfjárreksturs á Sandbrekkuafrétt á því svæði Hraundals sem liggi innan við Stangará. Mótmælalögfestan verði ekki skýrð á þann hátt að eignaréttur Sandbrekku á svæðinu verði véfengdur.

Sjónarmiðum ríkisins um að staðhættir og aðrar heimildir mæli gegn því að land Sandbrekku hafi verið réttilega afmarkað með landamerkjabréfi 1884 er mótmælt af hálfu gagnaðila. Þvert á móti beri fornar heimildir, þar sem þær séu til, um að lönd jarða á svæðinu hafi náð á fjöll upp og þá á vatnaskil við næstu sveitir. Jafnframt beri þær um að hjáleigur og afbýli hafi haft óraskaða stöðu lengur fram eftir öldum en víða séu dæmi um. Þannig megi nefna að Hlaupandagerðis hafi verið getið í Droplaugarsona sögu og enn verið hjáleiga þar til seint á 19. öld. Einnig megi nefna hjáleiguna Heyskála frá Unaósi.

Vegna umfjöllunar í greinargerð íslenska ríkisins um sóknarlýsingu frá 1842 sé byggt á að nýting hluta lands Sandbrekku sem afréttar hvíli á beinum eignarrétti eiganda Sandbrekku á landinu og beri þess merki, þ.m.t. sú umfjöllun sem komi fram í sóknarlýsingu frá 1842. Svæðinu sé lýst og taldir upp Eiríksdalur, Sandadalur og Hraundalur (hálfur), sem yfir liggi vegurinn til Loðmundarfjarðar. Þar sé beinlínis vísað til þess að landið tilheyri Sandbrekku, enda segi að undir þá jörð heyri Sandbrekkuafrétt. Í raun

beri upplýsingar sem greina megi af jarðamati frá 1849 um stöðu Sandbrekkuafréttar sem eignarlands jarðarinnar. Þannig sé ljóst að ábúandinn hafi fengið afréttartolla af jörðinni, 4rbd, á ári. Það beri fyrst og fremst um að afréttin hafi verið eignarland Sandbrekku.

Af hálfu landeiganda er jafnframt byggt á því að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamræmanleg þeim samskiptum sem hafi átt sér stað af hálfu íslenska ríkisins eftir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998. Sérstaklega sé vísað til samskipta við stjórnvöld og ákvörðun ráðherra um landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð, sbr. auglýsingu nr. 850/2021. Við undirbúning friðlýsingarinnar hafi Umhverfisstofnun leitað til landeigenda á þeirri forsendu að þeir væru landeigendur við Stóruð að hluta og Urðardal. Landeigandi hafi verið samþykktur vinnu við friðlýsingu og hafi allur undirbúningur málsins markast af því. Með ákvörðun ráðherra, sbr. einkum 4. gr., 12. gr. og 16. gr. auglýsingarinnar, hafi falist staðfesting ráðherra á stöðu landeigenda sem handhafa beins eignarréttar lands á svæðinu. Sú afstaða sé fyrirvaralaus.

Krafa um þjóðlendu á svæðinu sé ósamræmanleg því forræði sem íslenska ríkið hafi á þjóðlendum, sbr. einkum 1. gr., 2. gr. og aðrar reglur um forræði ríkisins á þjóðlendum og málsforræði fyrir óbyggðanefnd í lögum nr. 58/1998. Vísað sé til Hæstaréttardóms í máli nr. 617/2012 þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999, sem hafi tekið til hluta svæðis sem íslenska ríkið hafi gert þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, hafi verið talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti. Einnig sé vísað til Hæstaréttardóms í máli nr. 94/2017 þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 hafi leitt til þess að viðurkenning hafi verið talin liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum sé fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.

### 6.2.1.2 Hrafnabjörg í Útmannasveit

Af hálfu eiganda jarðarinnar Hrafnabjarga er á því byggt að afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvíli á landamerkjalyýsingu Hrafnabjarga, dags. 7. maí 1884. Í kröfugerðinni sé undir merkjapunktum 3–5 vísað til eggja á landamerkjum frá Geldingaskörðum að eggjum á fremra Dyrfjalli. Þá séu hnitpunktar Knarrarár merktir til áréttingar 1a–1d, en kort hafi lengi sýnt örnefnið Knarrará miðað við vatnsfall neðar sem komi ekki úr Geldingaskörðum.

Á því er jafnframt byggt að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing *Landnámu* á landnámi á svæðinu feli í sér að svæðið hafi verið numið enda hafi það í raun verið í alfaraleið, bæði vegna umferðar um Eiríksdal og Sandaskörð til Borgarfjarðar. Þá séu landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgi jafnan allt það beitarland sem þær hafi þurft og fáar heimildir um samnotaafrétti. Eðli máls samkvæmt

hafi jarðir á láglandssvæðum getað sóst eftir afréttarnýtingu til fjalla og sýnt að eigendur Hrafnabjarga hafi veitt hagagöngu í landi sínu gegn greiðslu og/eða annarri umbun eða velvilja, sbr. t.d. upplýsingar um tekjur af hagatollum í jarðamati.

Byggt er á því að landamerkjabréf Hrafnabjarga falli í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar, þótt fáar séu, en beri þess merki að svæði nefnt Hrafnabjargaafrétt tilheyri Hrafnabjörgum eins og annað land jarðarinnar, en beitarnotin hafi mótað örnefnið um efri hluta jarðarinnar án þess að nokkur skýr afmörkun eigi við um upphaf þess. Þá komi engin efnisleg sjónarmið fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind séu þjóðlendusvæði innan landamerkja Hrafnabjarga. Gerð sé krafa um að þjóðlendusvæði sé land Hrafnabjarga fyrir ofan staði sem nefndir séu „mið Knarrará“ og „mið Jökulsá“ en engar sérstakar forsendur liggi til grundvallar þeirri kröfulínu.

Í umfjöllun gagnaðila um kröfugerð íslenska ríkisins segir að í upphaflegri kröfulýsingu þess, dags. 25. janúar 2022, hafi öll umfjöllun um jörðina Hrafnabjörg miðast við landamerkjabréf jarðarinnar Hrafnabjarga í Jökulsárhlíð. Eðli máls samkvæmt hafi óljós staða lands jarðarinnar getað verið óskýr. Með tölvubréfi dags. 3. febrúar 2022, hafi landeigandi komið því á framfæri að villa hafi verið í kröfulýsingunni því þar hafi verið lagt út frá landamerkjabréfi annarrar jarðar. Viðbrögð ríkisins hafi verið að breyta kröfulýsingu og koma að „viðauka I, leiðréttingar á kröfulýsingu“, dags. 4. febrúar 2022. Telja verði að íslenska ríkið hafi fremur átt að falla frá kröfugerð um þjóðlendu á svæðinu og sé skorað á ríkið að gera það hið fyrsta.

Þá er af hálfu landeiganda tekið fram að í 21. tl. greinargerðar íslenska ríkisins sé rakið ákveðið ósamræmi um það hvernig kröfulína ríkisins og kröfulína landeiganda falli saman. Réttilega sé þar tilgreint að mörk kröfusvæðis ríkisins falli ekki ofan í kröfulýsingu landeiganda að austan, þ.e. að utan, enda sé kröfulína landeiganda dregin eftir þeim hluta Knarrarár sem falli beinustu leið úr Geldingaskörðum. Kröfulýsing ríkisins fylgi hins vegar öðru vatnsfalli sem renni í Knarrará og eigi upptök sín nokkuð frammar í landinu. Þetta misræmi hafi enga þýðingu varðandi eignarréttarlega stöðu lands, enda land innan merkja Unaóss án efa eignarland. Misræmi á kröfulínum að vestan, þ.e. innan, sé ekki réttilega útskýrt í greinargerð ríkisins. Ljóst sé að bæði kröfulýsing Hrafnabjarga og jarðanna Þórsness og Sandbrekku liggi eftir Jökulsá. Ástæða þess að kröfulína ríkisins sé staðsett utar virðist einungis að rekja til ónákvæmni í gerð korta. Það hafi enga stöð í gögnum málsins að kröfulínur landeiganda séu dregnar í gamlan farveg Jökulsár á því svæði. Ekki sé um neitt slíkt að ræða og virðist kröfulínur landeiganda vera dregnar réttilega miðað við farveg Jökulsár. Það sé fyrst niður á sléttlendi, langt fyrir neðan kröfulínu ríkisins, þar sem merki Hrafnabjarga miðist við svokallaðan „Bol“ sem sé gamall farvegur Jökulsár, nálægt þeim stað sem Jökulsá falli í Selfjót.

Vegna staðhátta og örnefna skuli nefnt að Urðardalsá renni undan Dyrfjöllum og í Eiríksdalsá. Nú nefnist áin Jökulsá eftir það. Örnefnið Eiríksdalur sé hins vegar tengt

við dalinn áfram, allt niður á „Höllin“, enda nái Hálsmúlinn sem myndi dal nokkru niður með Jökulsá. Örnefnalýsing vísi til þess að slegnar hafi verið engjar á Eiríksdal og þ.a.l. á svæði sem kröfulýsing ríkisins nái til. Þá hafi verið haft í seli frá Hrafnabjörgum á Eiríksdal. Í bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar séu að finna vitnisburði frá 1598 og 1602. Hrafnabjörg hafi samkvæmt þeim haft til selstöðu og slægjur í Heyskálalandi, sem hafi fylgt Unaósi, þ.e. fyrir norðan Selfljót. Í vitnisburðinum frá 1602 komi fram að hinir „elstu menn“ hafi sagt að Ós (Unaós) hafi haft rétt til selfarar í Eiríksdal og mánaðarþeir 800 fjár. Þetta beri um gagnkvæm ítök milli jarðanna. Texti skjala virðist vísa til Heyskálalands, en vísað sé til presta Vallaness, enda hafi Vallaneskirkja átt Unaós.

Sömu heimildir beri um forn merki Hrafnabjarga, þ.e. vitnisburðurinn frá 1590, og þá komi fram merkjalýsing í byggingarbréfi Hrafnabjarga frá 1660. Lýsingarnar séu í meginráttum í samræmi við núgildandi landamerki, en Geldingaskarð sé þar sem Súlnahjöllum sleppi. Hvað varði lýsingu í byggingarbréfinu sé þar þó vísun til þess að allur Eiríksdalur fylgi Hrafnabjörgum. Í dag sé vísað til Eiríksdals, einkum ofan ármóta Eiríksdalsár og Urðardalsár, en Eiríksdalur heiti einnig eftir að þær komi saman. Sýnt sé að lýsingin sé afdráttarlaus heimild um eignarréttarlega stöðu landsins innan jarðarinnar Hrafnabjarga. Þá sé einnig vísað til þess sem fram komi í kaupbréfi frá 29. janúar 1629 en textinn birti þá grundvallarhugsun að merki Hrafnabjarga séu gagnvart öðrum jörðum, þ.m.t. Sandbrekku, Njarðvík og Unaósi.

Vegna umfjöllunar í greinargerð íslenska ríkisins um sóknarlýsingu frá 1842 er af hálfu landeiganda byggt á að nýting hluta lands Hrafnabjargar sem afréttar hvíli á beinum eignarrétti eiganda Hrafnabjarga á landinu og beri þess merki, þ.m.t. sú umfjöllun sem komi fram í sóknarlýsingunni. Þar sé beinlínis vísað til þess að landið tilheyri Hrafnabjörgum, enda segi að undir þá jörð heyri Hrafnabjargaafrétt. Reyndar séu heimildir um fjölbreytileg not svæðisins, s.s. slægjur, á Eiríksdal. Vegna umfjöllunar í 22. tl. greinargerðar ríkisins um að ekki séu heimildir fyrir því að Hrafnabjörg eigi land á kröfusvæði ríkisins, þá sé tekið fram af hálfu gagnaðila að það sé alrangt. Ekki að það hafi skipt öllu máli, enda sé staðhættir og nýting svæðisins fyllilega í samræmi við að um eignarland sé að ræða.

Af hálfu landeiganda er jafnframt byggt á því að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamræmanleg þeim samskiptum og ákvörðunum sem hafi átt sér stað af hálfu íslenska ríkisins eftir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998. Sérstaklega sé vísað til samskipta við stjórnvöld og ákvörðun ráðherra um landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð, sbr. auglýsingu nr. 850/2021. Við undirbúning friðlýsingarinnar hafi Umhverfisstofnun leitað til landeigenda á þeirri forsendu að þeir væru landeigendur við Stóruð að hluta og Urðardal. Landeigandi hafi verið samþykkuð vinnu við friðlýsinguna og hafi allur undirbúningur málsins markast af því. Með ákvörðun ráðherra, sbr. einkum 4. gr., 12. gr. og 16. gr. auglýsingarinnar, hafi falist staðfesting ráðherra á stöðu

landeigenda sem handhafa beins eignarréttar lands á svæðinu. Sú afstaða sé fyrirvaralaus.

Krafa um þjóðlendu á svæðinu sé ósamræmanleg því forræði sem íslenska ríkið hafi á þjóðlendum, sbr. einkum 1. gr., 2. gr. og aðrar reglur um forræði ríkisins á þjóðlendum og málsforræði fyrir óbyggðanefnd í lögum nr. 58/1998. Vísað er til Hæstaréttardóms í máli nr. 617/2012, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999, sem hafi tekið til hluta svæðis sem íslenska ríkið hafi gert þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, hafi verið talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti. Einnig er vísað til Hæstaréttardóms í máli nr. 94/2017 þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 hafi leitt til þess að viðurkenning hafi verið talin liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum sé fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.

Vegna umfjöllunar í greinargerð ríkisins um friðlýsingu, sbr. auglýsingu nr. 850/2021, sé af hálfu gagnaðila ríkisins vakin athygli á texta friðlýsingarinnar. Samkvæmt 1. gr. auglýsingar séu jarðirnar Unaós-Heyskálar, Hrafnabjörg og hluti Sandbrekku friðlýstar. Þannig sé ljóst að ekki séu önnur svæði friðlýst en land tilgreindra jarða. Fullyrðing undir 25. tl. í greinargerð ríkisins um að friðlýsing nái til „svæða sem teljast utan eignarlanda, en sem nefndar jarðir hafa kallað til réttinda yfir“, standist ekki miðað við eðlilega textaskýringu. Það sé svo í fyllilegu samræmi við þessa grunnforsendu friðlýsingarinnar að þess sé getið að Stóruð sé innan lands Hrafnabjarga, sbr. 2. mgr. 3. gr. Það sé fráleit skýring í greinargerð ríkisins að álykta megi að aðrir hlutar friðlýstra svæða séu ekki innan tilgreindra jarða. Þá sé vísað til stöðu landeigenda, sbr. t.d. 16. gr. varðandi veiðirétt sem einungis fylgi eignarlandi.

### 6.2.1.3 Njarðvík í Borgarfirði

Af hálfu eigenda jarðarinnar Njarðvíkur er á því byggt að afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvíli á gildandi landamerkjalyýsingu Njarðvíkur dags. 8. janúar 1922. Landamerkjalyýsingin sé nær samhljóða landamerkjalyýsingu jarðarinnar frá 1. júlí 1885. Á því sé byggt á því að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing *Landnámu* á upphaflegu landnámi Njarðvíkur sé sérstaklega skýr. Landnámið feli í sér afdráttarlausu afmörkun á landnámi innan fjallahrings sem sé svo til allur bersýnilegur af láglandi. Lýsingar allra skjala sem fyrir liggi beri að sama brunni að um eignarland Njarðvíkur sé að ræða. Í þeim endurspeglit í raun heildstætt skipulag jarða frá landnámi, þar sem merki miðist jafnan við vatnaskil. Þá séu landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgi jafnan allt það beitarland sem þær hafi þurft og engar heimildir um samnotaafrétti.

Byggt er á því að landamerkjabréf Njarðvíkur falli í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki Njarðvíkur. Þá komi engin efnisleg sjónarmið

fram í kröfulýsingu ríkisins um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind séu þjóðlendusvæði innan landamerkja Njarðvíkur. Umþrætt svæði sé þar nefnt Ósafrétt og Grasdalur en land í innri hluta Njarðvíkur og þar upp af hafi enga tengingu við örnefnið Ósafrétt. Örnefnið vísi einungis til hluta lands Unaóss. Þá sé Grasdalur í raun aðeins lítið svæði sem ljóst sé að landamerkjaþræta hafi staðið um milli Vallaneskirkjuprests, sem eiganda Unaóss, og eigenda Njarðvíkur á 19. öld. Samkvæmt kröfulýsingu ríkisins sé gerð krafa um að þjóðlendusvæði sé land Njarðvíkur, annars vegar svæðið Grasdalur og landið upp af ströndinni frá Brimnesi að tanganum sem skilji að Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan, og hins vegar allur innri hluti Njarðvíkur, þ.e. land fyrir innan Innri Hvangilsá og Seldalsá. Af hálfu landeigenda er jafnframt tekið fram að svæði sem nefnist Grasdalur liggi ofan brattrar hlíðar, en svonefnd Afréttará falli úr dalnum. Lýsi það þeirri stöðu að Njarðvíkingar hafi tekið geldfé með ströndinni, t.d. fráfarulömb, í land Njarðvíkur fyrir utan ána þannig að aðheldi hafi fengist og búpeningur hafi ekki getað runnið til baka. Grasdalurinn ofan hlíðar hafi orðið tilefni landamerkjadeilna, en virðist það geta skýrst af því að svæðið sé að hluta aðgengilegra frá Unaósi en Njarðvík, þótt það liggi upp af landi Njarðvíkur meðfram ströndinni. Þetta endurspeglar í þeim framburði Björns Ólafssonar frá 8. maí 1841 um að Grasdalur hafi verið afrétt Njarðvíkinga en að ábúendur á Unaósi hafi nýtt dalinn á síðustu 30 árum. Grasdalur sé mjög grasgefinn og þar hafi jafnvel verið stundaður heyskapur. Þá séu ekki til sérstök örnefni sem vísi til innri hluta Njarðvíkur sem Njarðvíkurafréttar. Svæðið hafi verið notað sem beitiland en jafnframt til hvers kyns annarra mögulegra nota, enda liggi þjóðlendulínan um botn dalsins í um 40-50 m.y.s.

Í greinargerð landeigenda Njarðvíkur segir í umfjöllun um greinargerð íslenska ríkisins að undir 13. tl. hennar sé fjallað um afmörkun svæðisins. Ljóst sé að það svæði sem nefnt hafi verið Ósafrétt, þ.e. þar sem afréttarlausar jarðir á „Sandinum“ í Hjaltastaðaþinghá hafi fengið heimild til upprekstrar í Óslandi, sé mun minna en kröfusvæði ríkisins ná til. Ósafrétt hafi verið bundinn við land Unaóss. Um helmingur kröfusvæðis sé land innan Njarðvíkur sem aldrei hafi verið vísað til sem Ósafréttar. Grasdalur sé svo á mörkum jarðanna út við Héraðsflóa. Með vísan til þessa og umfjöllunar undir 14. tl. greinargerðar ríkisins sé eðlilegt að skipta umfjöllun um kröfusvæðið í þrennt, þ.e. svæði innan merkja Unaóss, Grasdal, þ.m.t. rekasvæði neðan Grasdals, og loks innri hluta Njarðvíkur, þ.m.t. Dyrfjalladal, Mjóadal, Byrðu og Urðardal. Vegna örnefnisins Urðardals sé sérstaklega áréttað að ekki sé um að ræða sama Urðardal og liggur að Stóruð í landi Hrafnabjarga. Urðardalur í Njarðvík liggi á móti Grjótdal í Borgarfirði og þar á milli sé Urðardalsvarp.

Af hálfu landeigenda er á því byggt að land innan landamerkja Unaóss virðist allt háð beinum eignarrétti. Heyskálar sé án efa forn hjáleiga eða afbýli en ljóst sé að ekki hafi verið um sjálfstæða jörð að ræða. Þannig séu Heyskálar nefndir undir Ós í jarðabók frá 1695. Engar forsendur séu til þess að ætla að stærstur hluti landnámsjarðarinnar Unaóss, sem hafi verið vel í sveit sett og í alfaraleið, teljist eigendalaust svæði. Hey-



skálar hafi verið hjáleiga í landi jarðarinnar. Um eignarréttarlega stöðu lands Unaóss sé eðlilegt að hafa til hliðsjónar gögn um landamerki Hrafnabjarga frá 1598 og 1660.

Varðandi Grasdal og fjörur neðan Grasdals er af hálfu landeigenda á því byggt að eldri heimildir beri um að land Njarðvíkur hafi náð að Gripdeild að fornu og nýju, þ.e. að Ólafssandur (Ólafsvogssandur) hafi tilheyrt Njarðvík. Landið þar fyrir ofan sé í raun Grasdalur og landamerki liggi nú að tanga þeim sem skilji að Gripdeild og Ólafssand. Byggt sé á því að Njarðvík hafi ekki átt land í Gripdeild en Njarðvík hafi þó tilheyrt þar fjórðungur úr hvalreka, sbr. máldaga frá 1397. Ítak í Gripdeild sé þar sérstaklega nefnt sem beri um að það svæði liggi utan lands Njarðvíkur. Njarðvík hafi átt að Gripdeild en ekki Gripdeildarsvæðið sjálft og allar líkur séu á því að Gripdeild liggi innan marka Unaóss. Ástæðan sé í grunninn sú að þar hafi stofnast rekaítök sem hvíli á því að land hafi verið eignarrétti háð og þá verið hluti jarðarinnar Óss. Ósfles sé sker, kennt við jörðina beint út af Gripdeild. Um viðskipti með rekaítök megi t.d. nefna að þegar skv. máldaga Vallaneskirkju 1397 eigi kirkjan Ósreka hálf. Jafnframt hafi kirkjan eignast fjórðung úr Ósreka er Teitur Sockason hafi gefið. Þannig hafi Ósreki verið skilinn frá kirkjunni og það eflaust áður en kirkjan hafi eignast Ós, enda hefði kirkjan varla „einkavætt“ Ósreka eftir að hún hafi eignast Unaós. Sama eigi við um reka á Gripdeildarfjörrunni þar sem ítök hafi stofnast áður en Vallaneskirkja hafi eignast Unaós. Vallanes hafi átt fjórðung í hvalreka á Gripdeild. Þá verði einnig að hafa í huga að greinarmunur sé á því hvort kirkju hafi tilheyrt jörð eða því að kirkjújörð ætti reka á grundvelli eignarréttar á landi. Því hafi orðið að tiltaka kirkjureka og önnur ítök sérstaklega, jafnvel þótt kirkja hafi eignast jörð. Reki sem kirkjújörðin hafi átt hafi getað fallið til ábúanda kirkjujarðar en ekki kirkjunnar sjálfar. Þessi staða beri þó um að ítak hafi stofnast áður en kirkja hafi eignast jörð eða rekinn tekinn varanlega undan ábúanda kirkjujarðar. Einnig megi nefna að Hallormstaðakirkja hafi skv. máldaga 1397 átt sextánda hlut í hálfum hval í hálfum Ósrekum. Jafnframt hafi Áskirkja í Fellum átt í Ósrekum, sbr. Gíslamáldaga 1576.

Þá er af hálfu landeigenda vísað til þess að Þingmúlakirkja hafi samkvæmt máldaga 1397 átt rekaítak í Ólafssandi, sbr. einnig Gíslamáldaga frá 1570, en þetta sé ekki Ólafsvogssandur, heldur annar Ólafssandur við Héraðsflóa. Þess skuli getið að Þingmúlakirkja hafi einnig átt Backaland, þ.e. jörðina Bakka í Borgarfirði sem getið hafi verið í *Landnámu*. Ólafskirkjur hafi verið helgaðar Ólafi helga Noregskonungi. Ólafur helgi hafi látist 1030 og verið tekinn í dýrðlingatölu ári síðar. Þetta ítak hafi því stofnast snemma. Það liggi því ekkert fyrir um að nokkuð rekaítaka hafi stofnast í Ólafsvogssandi, eða öðru landi Njarðvíkur. Réttur Njarðvíkur til reka hafi hvílt á meginreglunni um að eiga reka á eigin landi, að frátöldum fjórðungs reka í Gripdeild.

Við skoðun máldaga kirkna á Austurlandi megi greina gríðarlegan fjölda rekaítaka. Ítökin hafi stofnast á svæðum sem óumdeilt sé að legið hafi fyrir eignarlandi. Ekki sé einungis um að ræða kirknaítök heldur hafi einstakar bændajarðir einnig átt ítök, sbr. rekaskrá Héraðsands, t.d. Sandaskrár frá 1579 og 1674. Stofnun ítaka hafi orðið til með

gagnkvæmum ítakaskiptum eða viðskiptum/gjöfum. Þá sé einnig mögulegt að við skiptingu landnámsjarða hafi reka ekki verið skipt og þau orðið ítak jarðar sem ekki hafi átt land að fjöru eftir slík landskipti. Þetta geti skýrt að hluta hve algengt hafi verið að kirkjur hafi átt fjórðung eða helming tiltekins reka, þ.e. kirkja hafi eignast reka eftir landskipti.

Ítök sem hafi stofnast í Gripdeild hafi bæði legið hjá kirkjum og öðrum jörðum. Viðskipti hafi farið fram með kaupgjörningi, dags. 31. janúar 1539, þar sem Björn Jónsson hafi keypt Gripdeildarreka af Eiríki Móðólfssyni en þar segi að rekinn liggi á milli Selvogssness og Ólafssands í Borgarfirði. Sama rekaítak hafi verið selt að hluta 4. nóvember 1792 með kaupgjörningi þar sem Eiríkur Hallsson hafi selt Gísli Halldórssyni hálfu fjöruna milli Ólafssands og Selvogssness sem kallist Gripdeild. Hinn hlutinn hafi verið seldur 4 árum síðar. Stofnun ítaksins og viðskipti beri um að ítakið sé í eignarlandi, enda hefði ekki verið unnt að selja ítak í almenningi.

Eignarhald reka samkvæmt vitnisburði Þorvarðar Bjarnasonar frá 1. apríl 1530 sé tilgreint norðan frá Gripdeild og suður á Bölmóð. Sé það í fullu samræmi við mörk jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi sem hefi verið gert 350 árum síðar, þ.e. að mörkin við Unaós séu á tanga við Gripdeild og mörkin við Snortrunes séu við Bölmóðshlein. Ákvæði vitnisburðarins frá 1. apríl 1530, um að landeign sé svo víð sem vötn deilist til Njarðvíkur, verði skilin í samhengi við útmerki Njarðvíkur, þ.e. milli Gripdeildar og Bölmóðs. Vitnisburðurinn segi beinlínis að Njarðvík eigi land milli fjalls og fjöru og fjara Njarðvíkur nákvæmlega tilgreind. Jafnframt vísi lýsingin til þeirra landfræðilegu aðstæðna að við Ólafsvogssand nái nesið milli Héraðsflóa og Njarðvíkur lengst í sjó fram og það sé nyrsti hluti nessins.

Af hálfu landeigenda er tekið fram að upphaf þrætumála um Grasdal virðist að einhverju leyti mega rekja til þess að árið 1786 hafi Vallanesprestur gert athugasemd við að Njarðvíkingar hafi tekið seli við Gripdeild. Þótt Njarðvík ætti fjórðung úr reka í Gripdeild stæði réttur þeirra ekki til selveiða. Í bréfi prests sé vísað til þess að Gripdeild og Ósfles liggi fyrir landi Óss. Það hafi svo gerst að Gísli Halldórssón í Njarðvík hafi keypt árið 1792 og 1796 frekara rekaítak í Gripdeild. Þá sé líklegt að lögfesta fyrir Njarðvík, dags. 24. júní 1821, af tilefni „óforsvaranlegs og óþolandi gripaágangi annarra“ hafi vísað til nágrannanna á kirkjujörðinni Ósi en á þessum árum hafi hjáleiga Óss, Heyskálar, einnig verið byggð. Lögfestan sé enda lesin upp á Hjaltastaðamann-  
talsþingi, en ekki Desjarmýrar. Eftir þetta komi m.a. fram vitnisburður frá 1. apríl 1828 sem beri um að Grasdalur tilheyri Njarðvík. Í lögfestunni sé vandlega vísað til forns fjórðungs reka Njarðvíkur í Gripdeild auk keypts rekaítaks. Í næstu lögfestu fyrir Njarðvík frá 21. maí 1833 sé vísað í „alan svonefndan Gripdeildarreka“. Þá sé rétt að nefna að bréf Guttorms Pálssonar á Vallanesi, frá 24. nóvember 1840, vísi til þess að Sigurður Jónsson í Njarðvík hafi skrifað presti bréf 14. maí 1833 og kynnt að Grasdalur væri eign Njarðvíkur.

Landamerkjaprætan sé þarna komin skýrt fram. Ljóst sé að afstaða Guttorms prests hvíli einkum á skoðunum hans á staðháttum að Njarðvík afmarkist af Skjaldarfjalli og það fjall gangi fram í Njarðvík. Það takmarki Njarðvíkina að utanverðu og virðist þannig vísa til orðalags þar sem vísað sé til þess að vötn falli að Njarðvík. Augljóslega hafi þarna verið um landamerkjadeilu að ræða sem hafi hvílt á textaskýringum af hálfu Vallanessprests. Sú textaskýring, sem greinargerð ríkisins byggir einnig á nú, taki ekki tillit til þess að frá 1530 hafi útmerki Njarðvíkur verið óumdeild, þ.e. að Gripdeild. Vitnisburðurinn frá 1530 vísi til þess að land á vatnasviði þessar strandlengju sé Njarðvík. Þessi skipan sé í fullu samræmi við fleiri landamerkjálýsingar þar sem nægjanlegt og skilmerkilegt hafi verið að tilgreina útmerki í sjó fram. Af umfjöllun um landamerkjaágreininginn um 1840 megi greina að vitnisburðir hafi verið skýrir um að Njarðvík hafi að fornu notað Grasdalinn, og talið Njarðvíkureign, þótt Ós hafi nýtt hann næstu 20 ár þar á undan. Grasdalurinn hafi verið notaður sem afrétt, m.a. nautaafrétt, en það rýri ekki eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Varðandi innri hluta Njarðvíkur, þ.m.t. Urðardal, Byrða og Dyrfjalladal er í greinargerð landeigenda tekið fram að undir 18. tl. í greinargerð ríkisins sé vísað til þess að afmörkun kröfusvæðis um Innra Hvanngil og Seldalsá sé gerð til að tryggja að svæði féllu ekki utan kröfulýsingar. Með öðrum orðum, engar heimildir styðji að kröfulína skuli dregin um þau svæði. Sjónarmiðum ríkisins um þýðingu ritsins Göngur og réttir sé alfarið hafnað. Ekki sé hins vegar véfengt að innan svæðisins sé gott afréttarland, sem þýði einfaldlega að þar séu góðir sumarhagar. Þá sé eðlilegt að margt Borgarfjarðarfé hafi gengið í Urðardal, Byrðu og Dyrfjalladal, enda liggi varp milli Grjótdals Borgarfjarðarmegin og Urðardals. Eflaust hafi fé alltaf leitað úr Borgarfirði, enda sé þar þéttbýl sveit. Vegna svæðisins sé vísað til fylgiskjals um stöðu afrétta. Það skuli haft í huga að Njarðvík hafi verið margbýl um aldir og ábúð byggð á eignarhlutum í vikinni. Jörðin hafi verið hálfkirkja en bændahlutinn gengið kaupum og solum þar sem einstök býli hafi átt tiltekin hundruð í Njarðvík. Hlutar Njarðvíkur hafi sannarlega verið afrétt, en það rýri í engu eignarréttarlega stöðu svæðanna. Nefna megi að úr Grasdal renni svokölluð Afréttará, sem beri um að fé/naut hafi verið rekin ströndina yfir ána frá Njarðvík og geldfé þannig komið í afrétt, svo gripirnir myndu síður ganga til baka í haga búsmala Njarðvíkurbænda.

Loks er sjónarmiðum í 20. tl. greinargerðar ríkisins um að merkjalýsingar séu óglöggar mótmælt af hálfu landeigenda. Merkjalýsing samkvæmt vitnisburði frá 1530, sem tilgreini fjöru Njarðvíkur og að jörðin eigi ítölulaust land milli fjalls og fjöru eins og vötnum halli, sé efnislega samhljóða landamerkjabréfi Njarðvíkur. Þá sé mikilvægt að hafa í huga að Njarðvík hafi verið hálfkirkja þar sem kirkjan hafi átt helming í heimalandi. Heimaland kirkju vísi til lands kirkjujarðarinnar, til aðgreiningar frá mögulegum kirkjujörðum eða öðrum landsvæðum. Þegar talað sé um heimaland Njarðvíkur verði alls ekki gagnályktað að Njarðvík fylgi önnur landsvæði.

#### 6.2.1.4 Hólaland og Hólalandshjáleiga í Borgarfirði

Af hálfu eigenda jarðanna Hólalands og Hólalandshjáleigu er á því byggt að afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvíli á gildandi landamerkjalyýsingu Hólalands, dags. 27. desember 1921. Í kröfugerðinni sé undir merkjapunktum 5–8 vísað til helstu fjalla á vatnaskilum; Tindfells, Grjótfjalls og Beinageitarfjalls. Landamerkjalyýsingin lýsi sömu merkjum og landamerkjalyýsing jarðarinnar frá 4. júlí 1884, en eldri lýsing greini merkin réttisælis. Hólalandshjáleigu sé ekki getið í jarðamötum á 19. öld en ritað sé undir landamerkjabréf Hólalands, dags. 27. desember 1921, af hálfu eiganda Hólalands annars vegar og Hólalandshjáleigu hins vegar. Engjaskipti hafi verið milli jarðanna og hafði Hólalandshjáleiga m.a. til afnota engi innan við Selá.

Byggt er á því að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing *Landnámu* á upphaflegu landnámi Borgarfjarðar sé sérstaklega skýr. Landnám Borgarfjarðar feli í sér afdráttarlausa afmörkun á landnámi innan fjallahrings sem sé svo til allur bersýnilegur af láglendi. Land Hólalands sé nánast allt sýnilegt af bæjarhólnum og fjarstæðukennt sé að telja það hafa mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þá séu landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgi jafnan allt það beitarland sem þær hafi þurft og fáar heimildir um samnotaafrétti. Nýting hluta lands Hólalands sem afrétt hvíli á beinum eignarrétti landeigenda á landinu og beri þess merki, þ.m.t. sú umfjöllun sem komi fram í sóknarlýsingu frá 1839. Þar sé beinlínis vísað til þess að landið tilheyri Hólalandi, en afréttur sé „léður“ öðrum. Reyndar séu heimildir um fjölbreytileg not svæðisins, s.s. slægjur o.fl., og sérstaklega sé vísað til örnefnalyýsingar jarðarinnar vegna þess.

Landamerkjabréf Hólalands falli í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar, þótt fáar séu, beri þess merki að Hólalandsdalur tilheyri Hólalandi eins og annað land jarðarinnar. Þá sé ljóst að kröfusvæði íslenska ríkisins á svæðinu falli innan landamerkja jarðanna Hólalands og Hvannstöðs. Merki milli jarðanna séu skýr og nái í Mýrnesskörð. Ekki verði séð að sjónarmið sem fram komi í 40. tl. greinargerðar ríkisins hafi sérstaka þýðingu til stuðnings kröfugerð ríkisins. Þvert á móti verði ráðið að landsvæðið sé allt innan landamerkja jarða skv. landamerkjabréfum. Þá komi engin efnisleg sjónarmið fram í kröfulýsingu ríkisins um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind séu þjóðlendusvæði innan landamerkja Hólalands. Þar sé umþrætt svæði nefnt afréttarland Hólalands. Þess skuli getið að ekki sé sérstakt örnefni sem vísi til afréttar í landi Hólalands, þótt landið hafi verið nýtt sem slíkt, enda þörf á að skilja geldfé frá öðru fé við búskap á jörðinni. Ljóst sé að innan kröfusvæðisins séu svæði sem nýtt hafi verið af eigendum Hólalands eins og jarðar eiganda hafi verið heimilt, t.a.m. hafi engjar verið slegnar víða innan Selár. Þar sé jafnframt víða að finna fornar kolagrafir og merki um svarðartekju. Einnig hafi Hólalandssel verið innan Selár, sem skýri nafngift árinna.

Af hálfu landeigenda er byggt á því að jarðirnar innst í norðanverðum Borgarfirði hafi án efa byggst úr jörðinni Bakka eða Gilsárvöllum. Þótt Bakka sé getið í landnáms-

frásögn kunnri Gilsárvellir að hafa stofnast um svipað leyti og séu Hvannstóð og Hólaland án efa einnig fornar jarðir og stofnaðar úr Gilsárvöllum. Á Bakka hafi Sveinungi búið, sonur Þóris landnámsmanns í Breiðuvík. Bróðir Sveinunga, Gunnsteinn, hafi búið á Desjarmýri handan Fjarðarár og Þverár. Því hafi verið velt upp hvort synirnir hafi kvongast dætrum Veturliða landnámsmanns í Borgarfirði sem skýrt gæti af hverju synir landnámsmanns Breiðuvíkur hafi sest að í landnámi Veturliða í Borgarfirði. Jarðir þeirra bræðra hafi getað verið innan við bústað Veturliða landnámsmanns sem velt hafi verið upp að hafi verið á Hofströnd, utar með firðinum.

Forsaga jarða innst í Borgarfirði gefi tilefni til forvitnilegra álitamála um hvernig rekaréttindi jarða hafi komið til. Ákvæði 2. kap. Landabrigðisþáttar Grágásar hafi gert grein fyrir að telja ætti upp reka við landkaup. Þá hafi í 16. kap. verið fjallað um þá stöðu að m.a. ætti að skipta rekum við landskipti, þótt búar sæu ekki skipti á landi. Í Grágás séu annars ítarleg ákvæði um þá stöðu að annar eigi reka en landeigandi, sem beri um að sú staða hafi verið algeng og stofnast þegar í öndverðu. Heimildir séu um að til staðar hafi verið Hvannstóðsrekar og einnig rekaréttindi Gilsárvallda. Sama aðstaða sé við Héraðsflóa þar sem fornar jarðir séu langt inn í landi Jökulsárhlíðar og Hróars-tungu og Hjaltastaðarþinghá hafi átt reka við Héraðsflóa. Líklegt sé að stofnun rekaréttinda slíkra fornjarða hafi komið til við landskipti þegar í kjölfar landnáms og á gildistíma Grágásar. Við skiptingu jarða hafi verið tryggt að jarðir fengju rekaréttindi þó þær fengju ekki land við sjó. Í raun hafi stofnun rekaréttinda orðið með svipuðum hætti og margra afrétta, þar sem við landskipti hafi orðið að tryggja nýjum jörðum á láglandi aðgang að sumarbeitilandi sem fylgt hafði upprunalegu landnámi eða fornjörð. Á Austurlandi hafi hins vegar víðast hvar verið auðvelt að skipta landi þannig að við landskipti fengi hver jörð sumarhaga.

Báðar jarðirnar Hólaland og Hvannstóð hafi verið í einkaeigu um aldir, en Hólaland hafi þó verið persónuleg eign Brynjólfs biskups Sveinssonar á 17. öld. Það sé því eðlilegt að ekki liggi fyrir eldri heimildir en landamerkjabréf um landsvæði sem heyri undir jarðirnar. Þessi heimildaskortur sé einmitt tilefni til ályktana í þá átt að ekkert bendi til þess að neinir aðrir en eigendur Hólalands hafi átt réttindi yfir svæðinu sem kröfulýsing jarðarinnar nái til. Ef á svæðinu væri sameignarafrétt eða almenningur, líkt og íslenska ríkið virðist halda fram, væru til heimildir um slík réttindi. Svo sé ekki. Greining á staðháttum mæli með engu móti með því að land Hólalands eða Hvannstóðs sé þjóðlenda. Hóland sé ekki stór jörð á austfirskan mælikvarða og í raun megi nánast sjá yfir allt kröfusvæði ríkisins, þ.e. Hólalandsdal og fjallahringinn um hann, af bæjarhólum við Hólaland. Þetta hafi ágætlega sést í vettvangsferð, þar sem stoppað hafi verið við bæjarhlaðið í Hvannstóði.

#### 6.2.1.5 *Desjarmýri í Borgarfirði*

Af hálfu eiganda jarðarinnar Desjarmýrar er á því byggt að afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvíli á gildandi landamerkjalyýsingu jarðarinnar, dags. 10. desember 1921,

sem jafnframt hafi tekið til hjáleiganna Þrándarstaða og Setbergs. Við afmörkun kröfugerðar hafi sérstaklega verið tekið tillit til þess að land fyrrum hjáleigunnar Þrándarstaða hafi verið skilið frá Desjarmýri og jörðin sé nú sjálfstæð fasteign. Það hafi gerst með því að nýbýlið Sólbakki hafi verið reist árið 1938 og náð yfir landið sem jafnan hafi fylgt hjáleigunni Þrándarstöðum, þ.e. ysta hluta fyrrum lands Desjarmýrar sem hafi legið að Hofströnd, Brúnavík og Breiðuvík að nokkru marki. Svæðið liggi utan þjóðlendukröfu ríkisins. Setberg hafi verið hjáleiga frá Desjarmýri og land sem hjáleigunni hafi fylgt verið hluti lands Desjarmýrar.

Staðhættir og mat á heimildum bendi eindregið til þess að land innan merkja Desjarmýrar sé allt eignarland. Í raun sé landið láglent og ekki um stóra jörð að ræða á austfirskan mælikvarða. Svæðið hafi allt verið alfaraleið milli Borgarfjarðar og Víkna, þegar frá landnámi. Nýting hluta lands Desjarmýrar sem afréttar hvíli á beinum eignarrétti eiganda Desjarmýrar á landinu og beri þess merki, þ.m.t. sú umfjöllun sem komi fram í sóknarlýsingu frá 1839. Reyndar séu heimildir um fjölbreytileg not svæðisins, s.s. slægjur o.fl.

Landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing *Landnámu* á upphaflegu landnámi Borgarfjarðar sé sérstaklega skýr. Landnám Borgarfjarðar feli í sér afdráttarlausu afmörkun á landnámi innan fjallahrings sem sé svo til allur bersýnilegur af láglendi. Lýsingar allra skjala sem fyrir liggi beri að sama bruni að um eignarland Desjarmýrar sé að ræða. Heimildirnar séu til þar sem um kirkjujörð sé að ræða, en í þeim endurspeglis í raun heildstætt skipulag jarða frá landnámi, þar sem merki miðist jafnan við vatnaskil. Þá séu landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgi jafnan allt það beitarland sem þær hafi þurft og engar heimildir um samnotafrétti. Heitið Desjarmýrarafrétt vísi til slíkra nota og aðstæðna að unnt hafi verið að halda fé frá byggðasvæði. Þá sé ljóst að Borgarfjörður hafi í raun þéttbýl sveit á austfirskan mælikvarða og jarðir utar í firðinum landminni en þær sem framur liggi. Því hafi eigendur Desjarmýrar getað heimilað afréttarnýtingu. Heimildir séu um víðtækari not á svæðinu en venjuleg beitarnot, til dæmis um heyskap.

Af hálfu landeiganda er byggt á því að landamerkjabréf Desjarmýrar falli í öllum meginatriðum saman við eldri heimildarskjöl. Þá komi engin efnisleg sjónarmið fram í kröfulýsingu ríkisins um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind séu þjóðlendusvæði innan landamerkja Desjarmýrar. Gerð sé krafa um að þjóðlendusvæði sé land Desjarmýrar fyrir innan þau merki sem lýst hafi verið fyrir hjáleiguna Setberg í byggingarbréfi á árinu 1855. Sérstök athygli sé vakin á ósamræmi í afmörkun svæðisins samkvæmt textanum og kröfulínukorti ríkisins, sbr. til hliðsjónar kort af byggingarbréfsmerkjum Setbergs. Af hálfu landeiganda er hvers kyns lagasjónarmiðum hafnað um að merki Setbergs samkvæmt byggingarbréfi frá 1855 og/eða öðrum heimildum um önnur merki Setbergs, sem gerð séu í krafti eignarhalds á jörðinni Desjarmýri, hafi nokkra þýðingu varðandi þjóðlendusvæði. Staða Setbergs sem hjáleigu og/eða e.t.v. kirkjujarðar, á grundvelli eignarréttarlegra heimilda eiganda Desjarmýrar

til að byggja jörðina eða afmarka land úr Desjarmýri, hafi með engu mót rýrt eða takmarkað eignarréttarlega stöðu heildarlands Desjarmýrar. Sjónarmið ríkisins séu ekki í samræmi við stöðu og eðli hjáleigna að íslenskum rétti.

Í greinargerð landeiganda segir í umfjöllun um greinargerð íslenska ríkisins að Desjarmýri sé forn jörð sem Gunnsteinn, sonur Þóris landnámsmanns í Breiðuvík, hafi búið á. Bróðir Gunnsteins, Sveinungi, hafi búið á Bakka. Því hafi verið velt upp hvort synirnir hafi kvongast dætrum Veturliða landnámsmanns í Borgarfirði, sem skýrt gæti af hverju synir landsnámsmanns Breiðuvíkur hafi sest að í landnámi Veturliða í Borgarfirði. Jarðir þeirra bræðra hafi getað verið innan við bústað Veturliða landnámsmanns sem velt hafi verið upp að hafi verið á Hofströnd, utar með firðinum. Máldagar Desjarmýrar séu frá upphafi skýrir um mörk Desjarmýrar út eftir, þ.e. að mörkin hafi miðast við Hrafnadal á móts við Hofstrandarland. Í greinargerð íslenska ríkisins sé vakin athygli á því að texti allra máldaga sé ekki eins ítarlegur og máldagans frá 1354. Í máldaganum sé vísað til þess að kirkjan eigi land allt á móts við Húsvíkinga. Land Desjarmýrar á móts við Húsvíkinga geti aðeins verið fremst í Borgarfirði, þ.e. úr hlíðum Skúmhattardals. Þó megi hafa í huga að Litla-Breiðuvík (Litlavík), virðist hafa orðið kirkjujörð Húsavíkur snemma, sbr. t.d. máldaga Húsavíkurkirkju 1397, og lönd Desjarmýrar hafi því náð á móts við Litlu Breiðuvík einnig.

Lýsing máldaga 1397, sem máldagi 1570 endurtaki, á landi Desjarmýrar vísi til heimalands alls og markanna á móts við Hofstrandarland. Lýsingin sé ekki frábrugðin öðrum lýsingum lands jarða á fjöll upp og vatnaskil sem algengar séu. Í ljósi þeirra grundvallarreglna sem hafi birst bæði í Grágás og Jónsbók, að tíðkanlegt væri að merki lægju á vatnaskilum, hafi ekki verið talin nauðsyn á lýsingu svo skýrra merkja. Þetta hafi einnig birst í því að engin af eldri lýsingum Desjarmýrar vísi til þess að Fjarðará, Þverá og upptök hennar um Krossá og í Skúmhattardal, séu merki gagnvart öðrum jörðum í Borgarfirði. Lýsingar máldaganna 1397 og 1570 vísi því til sama svæðis og eldri máldagi, en því sem augljóst hafi þótt sé sleppt. Engar vísbendingar séu um að land hafi gengið undan Desjarmýri milli 1354 til 1397. Þá megi vegna ofangreindrar umfjöllunar um máldagann frá 1570 hafa í huga að samkvæmt afhendingu Desjarmýrarkirkju frá 1574, hafi skýrlega verið vísað til lands Desjarmýrar á móts við Húsvíkingana.

Að mati landeiganda standist ekki skoðun, í ljósi hinna fornu heimilda, að vísun biskupsvísitasíu frá 1645 í eignarhald hálfes Skúmhattardals „að heffdarhallde“ bendi til óbeinna eignaréttinda. Eignarréttartilfall Desjarmýrar sé einstaklega skýrt, enda Desjarmýri nefnd sem jörð sem stofnuð hafi verið úr landnámi Bogarfjarðar. Vísun til hefðarhalds sé e.t.v. ekki rétt, miðað við nútíma lögfræðiviðhorf um stofnun eignarréttar, en sannarlega felist ekki í þessu orðlagi nein tilvísun til óbeinna eignaréttinda yfir svæðinu.

### 6.2.1.6 *Brúnavík*

Af hálfu eigenda jarðarinnar Brúnavíkur er á því byggt að afmörkun samkvæmt kröfulýsingu hvíli á gildandi landamerkjalyýsingu Brúnavíkur og Hvalvíkur, dags. 25. janúar 1922, en yfirskrift hennar sé „Landmerki Brúnavíkur og Hvalvíkur sem er sameign“. Landamerkjalyýsing, dags. 3. júlí 1884, lýsi merkjum Brúnavíkur og Hvalvíkur sérstaklega og séu heildarmerki jarðanna þau sömu þótt að hluta sé vísað til annarra kennileita eða örnefna á merkjaleiðinni.

Byggt er á því að landamerkjabréf Brúnavíkur falli í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar þegar tekið hafi verið tillit til lands sem Hvalvík hafi tilheyrt. Nýting hluta lands Brúnavíkur og Hvalvíkur sem afréttar hvíli á beinum eignarrétti á jörðinni og beri þess merki. Í kröfulýsingu ríkisins komi engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind séu þjóðlendusvæði innan landamerkja Brúnavíkur. Lagasjónarmið að baki þjóðlendukröfunni séu óskýr og mögulega telji íslenska ríkið að um Hvalvík gildi að eignarréttur yfir landi jarðarinnar hafi glatast, fremur en að telja að eignarréttur hafi aldrei stofnast. Ekkert bendi til annars en að þessi hluti austasta hluta Íslands hafi verið numinn, enda hafi landnámsmenn komið þar að landi í fyrstu og Hvalvík verið talið fornþýli. E.t.v. sé ríkið að horfa til sjónarmiða sambærilegra og á hafi reynt í Hæstaréttardómi í máli nr. 496/2005 varðandi jörðina Breiðármörk. Um Hvalvík gildi að jörðin hafi verið í eigu sama aðila og jörðin Brúnavík árið 1682 og gögn beri með sér að hún hafi síðar orðið hluti jarðarinnar Brúnavíkur. Afsöl um Brúnavík beri að skoða í ljósi þessarar stöðu. Þá sé sýnt að Hvalvík hafi hentað vel til þess brúks að halda fé frá byggðasvæði eftir að hún hafi orðið hluti lands Brúnavíkur.

Í greinargerð gagnaðila ríkisins vegna Brúnavíkur er fjallað nánar um eignarhald Hvalvíkur og Breiðuvíkur frá 17. öld og fleiri jarða Brynjólfs biskups á svæðinu. Þá er sérstaklega tekið fram í umfjöllun um 50. tl. greinargerðar íslenska ríkisins að ekkert liggja sjónarmiðum ríkisins til stuðnings um að Hvalvík hafi ekki verið numin. Sú staða sé með fádæmum ósennileg í ljósi legu Víkna og hvernig Austurland hafi legið við landnámi. Vegna 51. tl. greinargerðar ríkisins sé af hálfu landeigenda tekið undir þá afstöðu ríkisins að Hvalvík hafi verið sérstök eign og upphaflega ótengd Brúnavík. Í greinargerð ríkisins sé vísað til Hvalvíkur sem „svæðis“. Engin gögn styðji að rétt sé að vísa til Hvalvíkur með öðrum hætti en „jarðar“ eða eftir atvikum eyðijarðar. Jarðirnar séu tilgreindar í jarðabókum 1696 og 1760, hvor í sínu lagi.

Gömul landamerkjalyýsing fyrir jörðina sé til í skýrslu sr. Þorsteins Jónssonar á Eiðum yfir kúgildi og inntektir á jörðum Brynjólfs biskups, árin 1672–1673. Sýnt sé að lýsingin sé ástæðan fyrir því að á síðari tímum sé stundum gerð sérstök lýsing merkja gömlu Hvalvíkur og Brúnavíkur, sbr. landamerkjabréf. Það eigi við þótt lítið hafi verið á eignirnar sem tiltekna eignarheild allt frá gerð lögfestunnar frá 1811, sbr. einnig síðari lögfestu frá 1842. Álitamál um landamerki Brúnavíkur og Glettingsness, sem hafi komið upp um 1855, beri um að deilan hafi varðað lítið svæði þar sem óskýrt hafi verið



hvort vötnum hafi hallað til Hvalvíkur eða á Glettingsnes. Gögn um deiluna beri með sér eignatengsl Brúnavíkur og Hvalvíkur.

Heimildir úr bréfabókum Brynjólfs biskups beri um að eignarhald Hvalvíkur og Brúnavíkur hafi verið aðgreint og ótengt, áður en hann hafi keypt báðar eignirnar. Sjálfstæðar heimildir séu um kaup hans á báðum jörðunum frá miðri 17. öld. Eignarhald Brúnavíkur og Hvalvíkur hafi verið á sömu hendi frá miðri 17. öld og nýting jarðanna hafi verið eftir hentisemi eiganda á hverjum tíma, en ljóst að Hvalvík hafi ekki haldist í stöðugri byggð. Eignarréttur að jörðunum hafi verið skýrlega tryggður, sbr. m.a. skráningu í jarðabækur og þinglýsingu kaupbréfa á Alþingi 1733.

Í jarðamati 1804 hafi verið vísað til þess að Hvalvík hafi verið nýtt frá Stóru Breiðuvík ásamt annarri eyðijörð, Kjólsvík. Ekkert sé óeðlilegt við það og slíkt rýri með engu eignarréttarlega stöðu jarðarinnar Hvalvíkur. Í greinargerð ríkisins sé vísað til þess að Hvalvík hafi verið nýtt af Stóru Breiðuvík samkvæmt *Jarðatali* Johnsens frá 1847. Þessi umfjöllun sé röng/villandi en í jarðatalinu neðanmáls við Kjólsvík sé vísað til þess að Hvalvík sé bændaeign. Þá sé neðanmáls, vegna Stóru Breiðuvíkur, einungis vísað til þess sem komið hafi fram við jarðamatið 1804, að Hvalvík hafi þá verið notuð af Stóru Breiðuvík. Ekki sé tiltekið að Hvalvík hafi verið notuð af Stóru Breiðuvík árið 1847. Það væri líka ólíklegt, sbr. lögfestur frá árunum 1811 og 1842, gerðar af eiganda Hvalvíkur og Brúnavíkur, sem þá hafi verið einn og sami maðurinn. Einnig vegna þess að Hvalvík hafi verið byggð ábúanda á hluta þessa tíma.

Byggt er á því að staða Hvalvíkur sem formlegs hluta Brúnavíkur hafi verið staðfest í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* frá 1861, en matið hafi farið fram 1849. Þar sé Hvalvík með skýrum hætti tilgreind með Brúnavík. Undir 54. tl. greinargerðar ríkisins komi fram að ekkert liggi fyrir um á hvaða grundvelli Hvalvík hafi farið að fylgja Brúnavík. Þessi staðhæfing sé ekki rétt, enda beri gögn með sér að sami eigandi hafi verið að jörðunum frá því þær hafi báðar komist í eigu Brynjólfs biskups á miðri 17. öld. Ljóst sé að vegna rýrra kosta Hvalvíkur hafi eigandinn sameinað jarðarinnar og það ekki verið gert síðar en 1849. Það standist enga skoðun að staða Hvalvíkur, sem hluta af Brúnavík, hvíli ekki á eignarréttarlegum grundvelli. Fullyrðing um að Brúnavík hafi lagt undir sig Hvalvík sem hafi verið eigandalaust svæði styðjist ekki við nein gögn og sé í beinni andstöðu við gögn málsins.

Vegna stöðu Hvalvíkur sem fornrar jarðar, þar sem til hafi verið eldri heimildir um landamerki frá því hún hafi verið sjálfstæð eign, hafi merki Hvalvíkur verið tilgreind sérstaklega við gerð landamerkjabréfs Brúnavíkur. Algengt sé að í landamerkjabréfum komi fram fornrytar og gamlar lýsingar á merkjum jarðar, þar sem landeigendur hafi litið svo á að skrá ætti landamerki miðað við eldri heimildir um merki jarða. Slíkar heimildir hafi getað verið skriflegar, eins og í tilviki Brúnavíkur og Hvalvíkur, en einnig munnlegar. Hafa megi í huga að oft sé landamerkjum aðliggjandi jarða lýst með ólíku orðalagi eða úr sitt hvorri áttinni, en merkin staðfest athugasemdalaust. Það beri um að merki jarða hafi oft varðveist í munnlegri geymd eða í skjölum, sjálfstætt á hverri jörð,

en við gerð landamerkjabréfa hafi menn lagt þá lýsingu fyrir nágrannann, þar sem önnur gögn eða „þula“ um landamerkin hafi verið til staðar. Mörg landamerkjamál hafi sprottið af þessari stöðu.

#### 6.2.1.7 Nes og Neshjáleiga

Af hálfu eigenda jarðanna Ness og Neshjáleigu er á því byggt að afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvíli á gildandi landamerkjalyásingum varðandi land jarðanna en heildstæðu landamerkjabréfi hafi ekki verið þinglýst vegna þeirra. Innsti hluti Ness liggja á móti Seljamýri í Loðmundarfirði, sbr. landamerkjabréf, dags. 4. mars 1890, samþykktu af Páli Ólafssyni sem umboðsmanni Ness. Á fjallseggjum og vörpum liggja land Ness á móti landi Húsavíkur og hvíli lýsingin á landamerkjabréfi Húsavíkur, dags. 26. desember 1921, samþykktu af Halldóri Pálssyni eiganda Ness þann 15. janúar 1922. Loks sé bent á landamerkjabréf Álftavíkur, dags. 30. desember 1921, sem Halldór Pálsson eiganda Ness, og tilgreindur eigandi Innri-Álftavíkur samþykkti. Jafnframt sé í lýsingunni notað til nánari fyllingar dómsorð í landamerkjamáli milli Ness og Álftavíkur, dags. 29. ágúst 1890. Sú lýsing sé að hluta fyllri en síðari lýsing, en þar sé vísað til Stallkletts, sem ætla verði að sé sami klettur og svokölluð Mávabrák. Landamerkjalyásing Ness falli í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir. Í kröfulýsingu ríkisins komi engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind séu þjóðlendusvæði innan landamerkja Ness.

Af hálfu landeigenda er m.a. vísað til þess að land það sem nefnt sé Innri-Álftavík í kröfulýsingu sé í raun hluti Ness og Neshjáleigu. Vegna málsins sé mikilvægt að halda því til haga að á mörgum kortum sé Innri-Álftavík skráð nærri litlu víkinni suður af Ytri-Álftavík en það sé röng staðsetning. Sú smávík heiti í raun Höfðasandur, en Höfðinn sé í syðri hluta lands Ytri-Álftavíkur. Örnefnið Innri-Álftavík vísi með réttu til landsvæðis sem séu grastorfur og óverulegt láglendi í hlíðinni Loðmundarfjarðarmegin við bergflug og skriður sem aðskilji Álftavíkurnar. Stallklettur sé þar niður af.

Þá sé ekki til heildstæð landamerkjalyásing fyrir Nes. Ef til vill virðist það að rekja til þess að landamerkjaágreiningur hafi verið til staðar við Álftavík, sem nú beri heitið Glaumbær, sem virðist hafa orðið sjálfstæð jörð seint á 19. öld en hafi áður verið ein hjáleigna Húsavíkur. Niðurstöðu landamerkjadómsins frá 1890 hafi verið þinglýst, en jafnframt hafi Páll Ólafsson, umboðsmaður Skriðuklaustursjarða, komið að því að samþykkja merkjalýsingar gagnvart Seljamýri og síðar gagnvart Húsavík.

Ekki séu til þinglýst landskipti milli Ness og Neshjáleigu en ljóst sé að engjaskipti hafi verið milli jarðanna. Í gögnum sem liggja með örnefnalyásingum jarðanna sé að finna þrjá vitnisburði um þau skipti. Í skýrslu Helgu Rustikusdóttur, dags. 13. febrúar 1928, segi að engjum hafi verið skipt milli Ness og Neshjáleigu þannig að Nes eigi engjar, allt sem slægt sé fyrir framan Hjáleigulæk upp í Sniðabrekkur fram að Merkilæk milli Ness og Seljamýrar. Neshjáleiga eigi engjar frá Hjáleigulæk út að Dalsá og upp að Dalsmelum. Landsendinn og Dalurinn séu taldir bithagi beggja jarðanna. Sama sé að

segja um annað graslendi, hvar sem væri í landinu. Allt beutiland sé óskipt milli jarðanna. Svarðartekja fari eftir engjamerkjum. Hún segi að Neshjáleiga hafi átt reka fyrir utan Hjáleigulæk. Jón Bergsveinsson segi lýsinguna rétta og bæti við að það sem í Innri-Álftavík hafi rekið hafi Neshjáleiga átt að  $\frac{1}{4}$  og en Nes  $\frac{3}{4}$ , sbr. skýrslu dags. 12. júlí 1929. Sveinn Jóhannsson votti þessar skýrslur réttar, sbr. skýrslu, dags. 26. ágúst 1929. Lýsing þessi samræmist vel jarðamati 1861. Innri-Álftavík, Nesflug og fleiri hlutum jarðarinnar hafi ekki verið skipt, enda hafi það enga þýðingu haft varðandi engjaskipti. Ljóst sé að jarðirnar hafi sameiginlega nýtt hluta Nesjarðarinnar, sem hafi fallið utan við engjaskipti, þ.m.t. Innri-Álftavík.

Þá er byggt á því að lagasjónarmið að baki þjóðlendukröfunni séu óskýr og mögulega telji íslenska ríkið að eignarréttur yfir landi jarðarinnar hafi glatast, fremur en að telja að eignarréttur hafi aldrei stofnast. Ekkert bendi til annars en að þessi hluti austasta hluta Íslands hafi verið numinn, enda hafi landnámsmenn komið þar að landi í fyrstu og svæðið bersýnilegt af hafi og þýðingarmikið fyrir búskap. E.t.v. sé ríkið að horfa til sjónarmiða sambærilegra og á hafi reynt í Hæstaréttardómi í máli nr. 496/2005 varðandi jörðina Breiðármörk. Um svæðið sem beri örnefnið Innri-Álftavík sé ekkert tilefni til að ætla að það hafi nokkru sinni fallið undan eignarráðum Ness. Efalaust hafi fé verið rekið á Innri-Álftavík um aldir, en mikilvægi þess svæðis komi m.a. fram í örnefnalýsingum einstaklinga sem fæddir hafi verið fyrir aldamótin 1900.

Af hálfu landeigenda er vísað til þess að í 64. og 65. tl. greinargerðar íslenska ríkisins sé fjallað um afmörkun kröfusvæðis. Kröfulína ríkisins sé dregin í Höfðasand, en engar heimildir séu fyrir því að skil Húsavíkur og Ness liggi þar um. Línán nái í svokallaða Mávabrick sem sé sami klettur og nefndur sé Stigi, Stigaklettur eða Stallklettur. Kletturinn hafi einstakt útlit og ofan hans liggi Stigahlíð, nefnd eftir útliti klettsins. Í kröfulýsingum landeigenda sé vísað til Mávabríkur, sbr. það að heiti á Stallkletti/Stigakletti komi í raun aðeins fyrir í landamerkjabréfi Álftavíkur frá 1921. E.t.v. hafi kletturinn fengið nýtt nafn en einnig kunni að vera um misskilning að ræða, enda sé kletturinn Mávabrick í Snotruneslandi vel þekktur. Hvað sem þessu líði sé ljóst að Mávabrick sé sami klettur áður nefndist Stigi, Stigaklettur eða Stallklettur.

Af hálfu landeigenda er á því byggt að svæðið Innri-Álftavík hafi án nokkurs vafa verið innan landnáms. Það hafi tilheyrt landnámi Loðmundarfjarðar og verið þýðingarmikið vegna reka, beitar og annarra nytja. Landnámsmenn hafi komið af sjó og numið og nýtt landið eftir þörfum. Engar forsendur séu fyrir ályktunum um að svæðið hafi ekki verið numið. Allar heimildir beri um að svæðið Innri-Álftavík sé í raun hluti af Nesi, en svæðið liggi út með ströndinni og sé framhald af Nesflugum. Eðlilega séu ekki verulegar heimildir til um svæðið Innri-Álftavík, enda það hluti af jörðinni Nesi í Loðmundarfirði. Svæðið hafi aldrei verið sjálfstæð fasteign eða aðskilin með nokkrum hætti frá Nesi.

Elstu heimildir um svæðið og stöðu þess gagnvart jörðum af svæðinu falli saman við elstu heimildir um landamerki jarðanna Ness í Loðmundarfirði og Húsavíkur í Víkum

og sé fullt samræmi milli þessara heimilda. Um Húsavík þurfi að hafa í huga að um hálfkirkju hafi verið að ræða, þ.e. kirkjan hafi átt hálf heimaland Húsavíkur, sbr. máldaga 1397 og einnig síðari heimildir. Kirkjan hafi svo átt meiri rétt til reka í Svínvík og einnig rekaítök utan Húsavíkur. Elsta landamerkjaheimild sé lögfesta, dags. 2. ágúst 1705. Í varðveittu afriti af lögfestunni, dags. 1. maí 1798 og 29. maí 1843, komi fram fyllri lýsing og þar séu Álftavíkur komnar í fleirtölu. Í lýsingunni sé vísað til Stallkletts til nánari skýringar um mörk við Nes. Í lögfestum frá 1829, 1835 og 1855 komi fram önnur tilvísun, þ.e. að merkin liggi „réttvíslega til Ness lands í Loðmundarfyrði í Stigaklett /:sem áður kallaðist Stallklettur/ fyrir innan svokallaða innri Álftavík“.

Elsta fyrirliggjandi heimild fyrir landamerkjum Ness sé úttekt á Skriðuklaustursjörðum, dags. 10. september 1828. Í lögfestu Ness, dags. 3. júní 1842, komi fram lýsing merkja Ness þar sem vísað sé til Stafkletts við sjó. Í byggingarbréfum fyrir hjáleigu Húsavíkur, Álftavík (ytri), hafi verið fjallað nánar um klettinn. Sú skýring að Stallklettur sé sami klettur og Stafklettur komi í raun fram í landamerkjadóminum frá ágúst 1890 en umrætt landamerkjamál styðji með engu móti þjóðlendukröfu ríkisins. Þvert á móti beri það um að um eignarlönd hafi verið að ræða og elstu heimildir vísi til þess að land Húsavíkur og Ness hafi sannarlega legið saman.

Af hálfu landeigenda er því haldið fram að sú þræta sem hafi orðið um landamerki við Innri-Álftavík skýrist af því hvernig skráning landamerkja hafi verið gerð fyrir tíð landamerkjalöggjafar. Eigendur aðliggjandi jarða hafi þá ekki skrifað upp á landamerkjalýsingar til samþykkis. Þá sé algjört grundvallaratriði að landamerkjabréf hafi verið gerð miðað við afstöðu til staðháttu frá viðkomandi jörð. Ljóst sé að Húsvíkingar, umráðamenn bændakirkjunnar í Húsvík, hafi miðað landamerkjalýsingu við afstöðuna frá Húsavík. Elsta lögfesta Húsavíkur vísi til Álftavíkur í eintölu og þá rökrétt að kletturinn hafi verið fyrir innan víkina frá Loðmundarfyrði, enda sé Álftavík ytri áberandi. Í síðari lögfestum Húsvíkur sé textinn farinn að vísa til Álftavíkna í fleirtölu. Þá sé í byggingarbréfum farið að vísa til þess að kletturinn sé innan við Innri-Álftavík. Þar geti verið um misskilning að ræða byggðan á yngri útgáfum lögfestunnar eða einfaldlega að Stallklettur sé sagður fyrir innan Innri-Álftavík, frá Húsvík séð. Kletturinn sé fyrir innan Innri-Álftavík, ef miðað sé við afstöðu frá Húsavík. Landamerkjamál hafi sprottið af öðrum eins misskilningi. Upphaflega örnefnið Innri- og Ytri-Álftavík miðist við stöðu víknanna frá Loðmundarfyrði. Það sé fyllilega eðlilegt að landamerkjaágreiningur hafi skapast. Samkvæmt landamerkjadóminum komi í raun fram að Stallklettur/Stigi væri einfaldlega ekki til þar sem Álftvíkingar hafi bent á hann og vitnisburðir hafi borið um eignarráð Ness. Staða Innri-Álftavíkur sem hluta lands Ness sé einnig rökrétt við skoðun á landfræðilegum aðstæðum, sbr. t.d. loftmynd af svæðinu. Innri-Álftavík sé óaðgengileg til hvers kyns nytja frá Ytri-Álftavík.

Nýting hluta lands Ness, þ.m.t. Neshjáleigu, sem afrétt, hvíli á beinum eignarrétti eigenda jarðanna á landinu og beri þess merki. Skrá um afréttarlönd í Loðmundar-

fjarðarhreppi, dags. 25. júní 1894, beri um eignarhald jarðanna á svæðinu. Sérstaklega sé vísað til skilgreiningar fjallskilasamþykktar Noður-Múlasýslu um afmörkun afréttar.

### 6.2.2 Þórsnes í Útmannasveit

Af hálfu eiganda jarðarinnar Þórsnes í Útmannasveit er á því byggt að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti þeirra sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994 (MSE). Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji landeigandi að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjskr. sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að við mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis, sem eigi hlut á. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Það sé mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild sinni. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við matið hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum, hvernig farið hafði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti og afskiptalessi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE í máli Papamichaloppulos gegn Grikklandi, dóms yfirdeildar MDE í máli Fyrrum Grikklandskonungs og fleiri gegn Grikklandi og dóms yfirdeildar MDE í máli Beyeler gegn Ítalíu.

Þá byggi landeigandi einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögættar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær eru byggðar á sanngjörnu og réttlætunlegu trausti á réttargerning, sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE í máli Pine Valley Developments Ltd. og fleiri gegn

Írlandi, dóms MDE í máli Stretch gegn Bretlandi og dóms yfirdeildar MDE í máli Kopecký gegn Slóvakíu.

Við setningu landamerkjaganna nr. 5/1882, og síðan nr. 41/1919, hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnunum hverjum í sínu umdæmi borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst. Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um það hvaða land eða landgæði fylgi jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt, þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag að landeigandi hafi átt beit og annan gróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt. Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hveðrar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Á því sé byggt af hálfu landeigeada að landsvæðið sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það. Af hálfu landeiganda vísist til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt þeirra í gegnum tíðina. Landamerki Þórness (áður Hlaupandagerðis) séu mjög gömul, en jarðarinnar sé getið í fornum ritum. Jörðin hafi verið hjáleiga frá Sandbrekku og nytjuð þaðan 1842–1895, þá undir nafninu Hlaupandagerði, og hafi hún síðan verið keypt og nafninu breytt í Þórsnes og hafi verið sjálfstæð bújörð síðan, sbr. t.d. *Jarðatal* Johnsens frá 1842 og jarðamat Norður-Múlasýslu 1849–1850. Sérstaklega sé vísað til landamerkjaskráa fyrir jarðirnar Sandbrekku, dags. 20. júní 1884, og Þórsnes, dags. 10. nóvember 1921, þar sem landamerkjum jarðarinnar sé lýst. Landamerkjaskrárnar séu áritaðar um samþykki eigenda aðliggjandi jarða og þinglesnar. Þá sæki landamerkjaskrárnar stoð í eldri heimildir, m.a. í lögfestu fyrir Sandbrekku og Hlaupandagerði, dags. 9. apríl 1852, þar sem lögfest hafi verið land jarðarinnar Sandbrekku með hjáleigunni Hlaupandagerði með vísun í lögfestu frá 1798. Einnig lögfestu fyrir Sandbrekku og Hlaupandagerði, dags. 6. júní 1872, þar sem landamerkjum sé lýst með svipuðum hætti.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað sé til í málinu sé ljóst að allt sameiginlegt og óskipt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsing landeigeada hljóði á um, sé háð beinum eignarrétti og tilheyri allt land innan þeirra merkja Þórsnesi. Af hálfu landeiganda er byggt á því, með vísan til lýsinga í *Landnámu*, að hið umþrætta land hafi verið í óslitinni einkaeign frá landnámi en ekki

almennigur eða samnotaafrétt. Landeigandi telji því að fyrir liggi að allt land í Múlaþingi hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og samnotaafréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi og tilheyrt ákveðnum jörðum. Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land Þórness sé greinilega allt innan landnáms, og hafi verið byggt á því alla tíð að ágreiningsvæðið sé eign jarðarinnar og innan landamerkja þeirrar jarðar á sama máta og annað landsvæði hennar. Krafa ríkisins um að viðurkennt verði að land þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti eða sá eignarréttur síðar fallið niður fái ekki staðist, sbr. hina löngu eignaskráningu á jörðinni. Landsvæðið sé beintengt hinum hluta jarðarinnar og ekkert sérstakt sem aðskilji það frá hinum hluta jarðarinnar á þann hátt að ótækt sé að telja það hluta jarðarinnar sem eignarland, rétt eins og aðra hluta hennar.

Á því sé byggt að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu, og styðji fornar merkjalýsingar við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðjist við eldri eignarheimildir sé eignarland, sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Megi í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Hrd. 722/2009, Hvammur /Hvammshéiði, Þistilfirði, og Hrd. 748/2009, Vatnsendi á Álandstungu, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt).

Byggt er á því að landamerkjalyýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjaganna 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna sem landeigandi telji að leiði til þess að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétti þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeiganda. Þess sé krafist að land sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland. Á þessi sjónarmið hafi óbyggðanefnd fallist í almennum niðurstöðum sínum og sú niðurstaða hafi verið staðfest í meginatriðum af Hæstarétti, sbr. mál nr. 48/2004, þó þannig að rétturinn telji að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig. Þegar landamerkjabréf þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu landsvæði. Merkjalýsingar nái hér víða upp á háfjöll á vatnaskil. Engar heimildir séu um afréttaralmennig, heldur beri heimildir með sér að allt land á þrætusvæðinu heyri vissum jörðum til.

Af hálfu landeiganda er tekið fram að Þórnes í Útmannasveit sé jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem ekki fari í bága við eldri heimildir. Þess vegna hafi ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að innan merkja jarðarinnar sé þjóðlendu að finna. Hér sé því um eignarland að ræða, og því beri að hafna þjóðlendukröfu til þess. Vísað sé til þess að þó heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm, hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Sjá m.a. Hrd. 48/2004, (Úthlíð og efstu lönd í Biskupstungum),

Hrd. 65/2012 (Reykjahlið), Hrd. nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), Hrd. 722/2009 (Hvammur/Hvamsheiði) og Hrd. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls). Þessu svæði hafi ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendi til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landsvæði styðji við þá niðurstöðu að jörðin öll sé öll undirorpin beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið, að stórum hluta. Þar að auki sé jörðin aðliggjandi landsvæðum sem talin hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar slíkar jarðeignir á svæðinu. Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnast um slíkt. Þau fáu skrif sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða líkt og áður hafi verið rakið. Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afréttar, né heldur hafi þær staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afréttir „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman.“ Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparhátum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að svæðið hafi verið numið til eignar.

Í ljósi ofangreinds sé því haldið fram að land innan þinglýstra landamerkjanna Þórsness sé allt eignarland, og styðjist það við ofangreindar eignarheimildir, en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkjanna jarða teljist eignarland.

Hefð megi rekja allt til rómaréttar og sé hún vissulega skyld námi þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Fyrstu grein hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimila eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í fyrri Landmannaafréttardómnunum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. þjóðlendulaga i.f.

Talið hafi verið af fræðimönnum að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur sé afrétt eða almenningur ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt en að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla. Því sé þó alls ekki haldið fram að umþrætt landsvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum, heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, m.a. í ljósi gróðurfars og heimilda um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðila. Af hálfu landeiganda er tekið fram að eigendur hafi farið með



öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Í H.1997:2792 (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afreittarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H.1939:28 (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Í ljósi ofangreindra heimilda telji landeigandi að hann, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirbyggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfum þeirra sé fullkomin eign hans. Þessar væntingar landeiganda njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að ofan greini hafi MDE túlkað 1. gr. samningsviðauka nr. 1. MSE, þannig að hún veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. STS. Í þessu ljósi verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að landeigandi þurfi að sýna frekar fram á, en þegar hafi verið gert, að umrætt landsvæði, eins og það sé afmarkað í landamerkjabréfum, sé utan þjóðlendu.

Kröfugerð landeiganda byggir m.a. á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem hann hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum. Á því sé byggt að landamerkjabréf jarðanna séu löglega frá gengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Af hálfu landeiganda er lögð áhersla á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem hann færi fram til sönnunar á eignatilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekin sé í þinglýstum eignarheimildum. Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigeada um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti.

Vísað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sem byggir á almennum óskráðum meginreglum stjórnarsýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12 gr. ssl., beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi er taki til íþyngjandi ákvarðana. Landeigandi verði á þeim grundvelli ekki sviptur eignarréttindum sínum bótalaust, né á hann lögð óhófleg sönnunarbyrði.

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála sbr. ákvæði VI.–XII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991. Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist (Hrd. 1961:629). Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkomin eign landeiganda.

Landeigandi telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörð sinni. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki á mót, heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land landeiganda sé ekki fullkomin eign hans. Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland, og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fari ekki í bág við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar. Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands komist að í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. Hrd. 48/2004, þó rétturinn hafi talið að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

Af hálfu landeiganda er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig hafi verið litið til þess af Mannréttindadómstóli Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 MSE, með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. MSE. En það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum MDE verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni friðhelgi eignarréttarins hafi háttsemi talist vera brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Landeigandi hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningu ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á hann en aðra landeigendur á Íslandi.

Af hálfu landeiganda er vakin athygli á því að um kröfugerð ríkisins gildi ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 (ssl). Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12. gr. ssl., beri ríkisvaldinu að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls. Kröfugerð ríkisins um þjóðlendur frá 25. janúar 2022, og greinargerð dags. 13. desember 2023, inná landsvæði landeiganda, sé mótmælt. Svo virðist sem einkum sé byggt á því að land það sem um ræði hafi ekki verið numið í öndverðu eða eignarréttur á því hafi síðar fallið niður, og að það hafi einkum verið nýtt sem afréttur. Þetta leiði til þess að landið sé þjóðlenda. Þessum sjónarmiðum sé mótmælt af hálfu

landeiganda. Með kröfum ríkisins um framangreint landsvæði sé farið inn á land jarðarinnar Þórness.

Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfellt. *Landnáma* hafi einnig í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti, sbr. dóm Hæstaréttar í máli frá 1960, bls. 726 og dóm Hæstaréttar frá 1994, bls. 2228, sbr. og Mýrdalsdóma Hæstaréttar. Landeigandi telji að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis órökstuddar, enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi. Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, t.d. Hrd. 748/2009 (Vatnsendi) og Hrd. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðihóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólsfjöllum), að landnám hafi almennt verið samfellt á Íslandi, sjá einnig nýlegan dóm Landsréttar í máli nr. 490/2020 (Ystutunguafrétt) og Hrd. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Af hálfu landeiganda er tekið fram að ósannaðar séu röksemdir fjármálaráðherra þess efnis að svæðin hafi ekki verið numin til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota eða eignarréttur á því síðar glatast eða fallið niður. Svæðin hafi verið numin og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta. Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Sé þetta skýlaus sönnun þess að land þetta land sé háð beinum eignarrétti.

Að mati landeiganda virðist sem kröfugerð íslenska ríkisins byggist einkum á landfræðilegri legu jarðarinnar og staðhátum. Með kröfugerð ríkisins sé farið inn á landsvæði jarðarinnar suðaustast á jörðinni við upptök Sellækjar í Jökulsá (punktar 4 og 5 á kröfulínukorti íslenska ríkisins). Við afmörkun hafi íslenska ríkið fyrst og fremst horft til landamerkjabréfs Sandbrekku, en einnig lýsingar á Sandbrekkuafrétt í *Sýslu- og sóknarlýsingum* Múlasýslna og afmörkunar á Sandbrekkuafrétt gagnvart Þórsnesi í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 2008. Jafnframt komi fram að litið hafi verið til afmörkunar á Hrafnabjörgum til norðurs og norðausturs sem sé gagnvart Þórsnesi. Að mati landeiganda staðfesti eldri gögn landamerki Sandbrekku sem og að Hlaupandagerði sé hjáleiga Sandbrekku, sbr. lögfestu dags. 9. apríl 1852. Samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar Sandbrekku, dags. 20. júní 1884, sem Þórsnes hafi þá tilheyrt sem hjáleigan Hlaupandagerði, sé hin svonefnda Sandbrekkuafrétt tilgreind innan landamerkja jarðarinnar.

Landeigandi telji ljóst að „Sandbrekkuafrétt“ tilheyri jörðinni Sandbrekku, líkt og annað eignarland þeirrar jarðar. Svæðið sé ekki almenningur eða þjóðlenda líkt og

Íslenska ríkið virðist byggja kröfugerð sína á. Þetta sæki m.a. stoð í *Sýslu- og sóknarlýsingum* Múlasýslna þar sem segi um Sandbrekku að „Henni tilheyrir öll Sandbrekku-afrétt.“ Það eitt að svæðisins sé getið sem afrétt geti ekki leitt til þess að svæðið sé þjóðlenda. Að því er varði eignarréttarlegt inntak hugtaksins afrétt bendi landeigandi á að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geti allt eins verið eignarlönd, eins og marg dæmt hafi verið, sbr. meðal annars Hrd. 448/2006 (Stórhöfði) og Hrd. 536/2006 (Hvítmaga).

Að mati landeiganda sé ljóst að innan merkjalýsingar í landamerkjabréfi Sandbrekku rúmist landamerki Þórsness eins og þeim sé lýst skv. landamerkjalyýsingu dagsettri að Þórsnesi 5. maí 1916. Nokkuð síðar hafi nafnið Hlaupandagerði vikið frá og jörðin farin að þekkjast undir nafninu Þórsnes. Landamerkjum Þórsness í Hjaltastaðahreppi sé lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 10. nóvember 1921. Samkvæmt lýsingunni telji landeigandi ljóst að Þórsnes eigi land inn í svokallaða „Álfasteina ytri“ sem séu staðsettir töluvert fyrir innan þjóðlendukröfu ríkisins. Einnig ráði Jökulsá upp að árósum Eiríksdals og Urðardalsáa sem sé töluvert fyrir innan kröfusvæðið. Landeigandi telji ljóst að íslenska ríkið hafi metið landamerki jarðarinnar ranglega. Þá skorti rökstuðning fyrir því að lína sé dregin á milli punkta 4 og 5 í kröfugerð ríkisins. Engar heimildir finnast fyrir þeirri landamerkjalinu, og telji landeigandi hana bersýnilega ranga og sé henni mótmælt sem slíkri. Á það sé bent að lög um landamerki hafi verið til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki séu þinglýst athugasemdalaust og hafi verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Landeigandi telji rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki, að teknu tilliti til og til samræmis við orðalag fyrirbyggjandi landamerkjabréfa og legu jarða á svæðinu almennt. Landeigandi byggir á því að rétt sé að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt sé á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað sé við hvert regndropi falli, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár). Því sé harðlega mótmælt að landfræðileg lega og gróðurfar svæðisins að öðru leyti, og ágiskanir um nýtingu þess í gegnum árin út frá því, geti leitt til þess að svæðið teljist þjóðlenda líkt og ríkið virðist byggja á í kröfulýsingu sinni. Bent sé sérstaklega á í þessu tilliti að landsvæðið sé ekki frábrugðið fjölmörgum svæðum sem talin hafi verið til eignarlanda.

Um lagarök er vísað til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. Einnig sé vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá sé vísað til landamerkjalaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð og laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Vísað sé til venjuréttar og til almennra reglna samninga og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt sé vísað til almennra meginreglna stjórnsýslu-

réttar sem ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 séu byggð á. Sérstaklega sé vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu. Vísað sé til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr. Þá sé vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Jafnframt sé vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur, einkum 1., 5., 15., 17., 11. og 2. mgr. 12. gr. Krafa um málskostnað byggi á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

### 6.2.3 *Gilsárvellir, Grund og Hvannstóð í Borgarfirði*

Af hálfu eigenda jarðanna Gilsárvalla, Grundar og Hvannstóðs í Borgarfirði er á því byggt að umrætt land sem íslenska ríkið hafi lýst þjóðlendukröfum í hafi verið numið í öndverðu og sé því fullkomið eignarland. Allt það land sé innan landnáms Veturliða sem hafi numið land í Borgarfirði og búið þar. Landið sé því að mati landeigenda undirorpið beinum eignarrétti þeirra og verði ekki af þeim tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinnar þar um, sbr. og 1. gr. samningsviðauka nr. 1. við MSE, sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994. Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum sé eignarréttur manna friðhelgur og engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þjóðlendulög veiti ekki heimild til að svipta menn eignum sínum, hvorki eignarlöndum né öðrum réttindum.

Landeigendur byggja á því að sögulegar heimildir staðfesti að land jarðanna sé ekki minna en það sem lýst sé í landamerkjabréfum þeirra. Þá sýni aðrar sögulegar heimildir og gögn ótvírætt fram á að umrætt land hafi ávallt verið háð einkaeignarrétti og að sá eignarréttur hafi flust á milli manna með venjubundnum hætti. Land innan framan- greindra landamerkjabréfa hafi aldrei verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi. Öllum kröfum íslenska ríkisins sé því mótmælt enda sé enga þjóðlendu að finna innan landamerkja jarðanna.

Í greinargerðum landeigenda segir að þegar norrænir landnámsmenn hafi hafið landnám á Íslandi sé talið að þeir hafi fyrst komið að landi á Austfjörðum og þannig hafi Austfirðir snemma verið numdir. Borgarfjörður eystri sé um þrettán býla land, en svæðið sé skýrlega afmarkað af fjöllum. Þótt *Landnáma* tilgreini ekki með nákvæmum hætti landfræðilega afmörkun landnáms Veturliða í Borgarfirði bendi lega landsins eindregið til þess að landnámið hafi afmarkast við fjallgarðinn, og því tekið til alls Borgarfjarðar eystri. Lýsing *Landnámu* á upphaflegu landnámi Borgarfjarðar sé skýr. Landnám Borgarfjarðar feli í sér afdráttarlausu afmörkun innan fjallahrings, sem sé svo til allur bersýnilegur af láglandi. Þeirri málsástæðu ríkisins sé því mótmælt að *Landnáma* sé ekki skýr með það hve langt inn til landsins landnám nái.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendi allt til þess að landið hafi verið numið, enda séu mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem séu og hafi alla tíð verið greinileg af láglandi Borgarfjarðar. Staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfar verði talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það

ekki fjarri byggð, en ýmsar heimildir séu um engjanýtingu og tengd afnot af svæðinu. Ekki verði heldur séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfar bendi til þess að svæðin hafi síðar orðið undirorpin beinum eignarrétti en aðliggjandi svæði, en að ágreinings-svæðinu liggi eignarlönd til allra átta. Eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða séu þannig meðal þeirra atriða sem máli skipti við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020.

Landfræðilegar aðstæður á Austurlandi séu þannig að jörðum fylgi jafnan allt það beitarland sem þær hafi þurft og fáar heimildir séu um samnotaafrétti. Í því sambandi vísist meðal annars til svars Hannesar Sigurðssonar við fyrirspurn Stjórnarráðsins frá 29. desember 1919 um almenninga með bréfi dagsettu 23. júní 1920, á þá leið að enginn almenningur og ekkert afréttarland væri í hreppnum sem ekki hafi tilheyrð einhverju lögbýli, og svars oddvita Borgarfjarðarhrepps með bréfi, dags. 8. nóvember 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarétt frá 20. febrúar sama ár, þar sem hann sagði enga afrétti vera að finna í hreppnum.

Landeigendur byggi á þeirri skýringu sem Jón Jónsson lögmaður setji fram í umfjöllun sinni í framlögðu fylgiskjali með greinargerðum til óbyggðanefndar vegna málsmeðferðar á svæði 11, þ.e. að hugtakið afrétt vísi fyrst og fremst til þeirra nota að unnt væri að halda fé frá byggðasvæði. Það hafi verið sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka hafi þurft lömb frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti. Afréttir takmarkist því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Vísun til lands sem afréttar á Austurlandi feli ekki í sér neina vísbendingu um að það land hafi verið eigendalaust. Afrétt hafi nú verið skilgreind sem landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hafi verið notað til sumarbeitar fyrir búfé, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd flokki afréttir í þrennt á grundvelli uppruna sbr. kafla 4.4 og 4.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Í fyrsta lagi sé þar um að ræða samnotaafréttir, í öðru lagi afréttir einstakra jarða og stofnana, og í þriðja lagi jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafi verið lagðar til afréttar. Þannig sé ljóst að það eitt að landsvæði hafi verið brúkað sem afréttarland geti ekki eitt og sér haft þá þýðingu að viðkomandi landsvæði hafi ekki verið háð einkaeignarrétti.

Landeigendur byggi á því að afrétt Hvannstöðs, sem raunar sé ekki afrétt, sé þá í besta falli dæmi um afrétt einstakra jarða og hafi því sömu eignarréttarlegu stöðu og aðrir hlutar jarðarinnar og sé sem slík undirorpin beinum eignarrétti. Í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar hafi einnig komið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Ekkert bendi til þess það að landsvæði sem vísað sé til sem afréttar hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Til stuðnings þessu megi benda á það að engar heimildir hafi fundist um „Afréttarland Gilsárvalla“ eða „Afréttarland Hvannstöðar og Hólalands“. Skýrist það sennilega af því

að framangreint séu ekki sérstök örnefni sem vísi til afréttar í landi jarðanna þótt landið hafi verið nýtt sem slíkt eftir atvikum af landeigendum hverju sinni.

Landeigendur hafi óskoraðan eignarrétt fyrir jörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Þannig hafi landeigendur farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin opinber gjöld. Byggi landeigendur á því að ríkisvaldið undanfarnar aldir hafi margsinnis viðurkennt að umræddar jarðir, innan þeirra landamerkjja sem kröfulýsingar landeigenda byggi á, sé undirorpin fullkomnum eignarrétti og hafi ríkisvaldið aldrei haldið öðru fram fyrir en nú. Byggt sé á því að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild, líkt og landeigendur jarðarinnar hafi, sé talinn eiga tilsvarendi réttindi yfir eigninni þar til annað sannist. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umræddur hluti jarðanna sé ekki fullkomin eign þeirra. Þá byggja landeigendur á því að einkaréttur þeirra til þeirra nota sem krafist sé í varakröfu sé byggður á reglum um hefð, enda hafi þeir og fyrri eigendur jarðarinnar einir nýtt gæði jarðanna allt frá landnámi.

Um lagarök er af hálfu landeigenda fyrst og fremst vísað til þjóðlendlaga nr. 58/1998. Þá er vísað til eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar, meginreglna eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglna um eignarráð fasteignareiganda, almennra reglna samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1998, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar. Þá er að lokum vísað til staðbundinnar venju um skil landamerkjja við vatnaskil og skilgreiningu hugtaksins fjallsbrún. Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. laganna.

#### *6.2.3.1 Gilsárvellir og Grund í Borgarfirði*

Af hálfu eigenda jarðanna Gilsárvala og Grundar er á því byggt að nýting landsins, lega þess og staðhættir almennt renni stöðum undir stöðu þess sem eignarlands. Landsvæði það er íslenska ríkið hafi lýst þjóðlendukröfu í sé ekki aðliggjandi öðrum hlutum jarða landeigenda heldur standi sér innar í firðinum. Þetta eigi sér sögulegar ástæður. Sögulegar heimildir sýni fram á það að jörðin Gilsárvellir hafi verið umtalsvert stærri í upphafi, en í gegnum tíðina hafi hlutar smám saman verið seldir frá henni. Þrátt fyrir þetta hafi landskiki sá sem um sé deilt í þessu máli ekki verið seldur enda hafi það þótt mikilvæg jarðgæði á Austurlandi að eiga afréttarland fyrir fé sitt. Landeigendur byggi á því að með þessu sé komin fram skýring á því að Gilsárvellir eigi landskika til fjalla, sem sé slitinn frá jörðinni.

Við sjónskoðun á landsvæðinu við vettvangsgöngu haustið 2023 hafi sést að svæðið sé vel aðgengilegt. Vel sjáist inn í Lambadal, Kækjudal og Skúmhattardal frá láglandi og séu dalirnir allir stuttir og vel grónir. Gömul þjóðleið og vinsæl gönguleið liggja um Kækjudal yfir til Loðmundarfjarðar. Hafi þetta verið helsta þjóðleið Borgfirðinga á leið

sinni til Seyðisfjarðar þaðan er þeir hafi sótt ýmsa þjónustu á öldum áður. Á landsvæðinu sjáist móta fyrir heytóftum á víð og dreif sem bendi til þess að engjar hafi verið nýttar á svæðinu. Þá séu til gamlar heimildir um fjárhús neðst í Kollatungum sem sé innan þess svæðis sem íslenska ríkið hafi nú lýst kröfu sinni í.

Í umfjöllun landeigenda um kröfur íslenska ríkisins segir að fjallað sé um *Afréttarland Gilsárvala* í greinargerð íslenska ríkisins, dags. 13. desember 2023. Reisi íslenska ríkið kröfur annars vegar á sóknarlýsingu Desjarmýrarsóknar frá 20. janúar 1840 og hins vegar á orðnotkunni „afrétt“ í landamerkjabréfum jarðarinnar Gilsárvala. Áður greinda sóknarlýsingu Desjarmýrarsóknar hafi sr. Snorri Sæmundsson gert sem hafi verið vígður til prests að Desjarmýri, Borgarfirði eystri árið 1837 og flutt þangað ári síðar. Hafði Snorri því einungis búið á Borgarfirði eystri í stuttan tíma er hann hafi ritað sóknarlýsinguna og verði að hafa það í huga við lestur lýsinga hennar. Segi Snorri þannig sjálfur í formála að sóknarlýsingunni að hann hafi illa getað gert lýsingu þessa m.a. þar sem hann „má heita nær ókunnugur“. Af lýsingu hans á meintri afrétt sé óumdeilt að hálfur Lambadalur, Kækjudalur og hálfur Skúmhattardalur sé eign Gilsárvala, sbr. síðari landamerkjalyýsingar og kröfulýsingu landeigenda. Tali Snorri um að dalirnir tilheyri Gilsárvalli. Segi aukinheldur að afrétt Dysjarmýri (Desjarmýri), sé afrétt sem sé léð öllum Borgarfirði. Þetta rími þannig við staðhætti enda ávallt talað um Desjarmýrarafrétt en hið umdeilda landsvæði hafi aldrei nefnst afrétt í daglegu tali eða í örnefnaskrá. Sé litið til þess að Desjarmýri hafi verið prestsetur og kirkjujörð renni það frekari stöðum undir að afrétt þeirrar jarðar kunni að hafa verið afrétt í skilningi þess hugtaks.

Vísað sé til þess í greinargerð íslenska ríkisins að kröfusvæðið sé aðskilið frá öðru landsvæði jarðanna Gilsárvala og Grundar. Megi ætla að skýring á því sé líkt og áður greinir fundin í því að Gilsárvallir hafi verið fyrsti bærinn til að byggjast í innsveitum Borgarfjarðar. Þannig hafi jörðinni í nokkur skipti verið skipt upp í fleiri jarðir allt frá árinu 1485. Megi ætla að jörðunum Hvannstöð og Hólalandi hafi þannig m.a. verið skipt út úr Gilsárvöllum og að landeigendur Gilsárvala hafi þannig tekið ákvörðun um að halda eftir kröfusvæðinu í sinni eigu til að geta nýtt það m.a. sem afrétt og upprekstrarland. Sé í elsta landamerkjabréfi Gilsárvala talað um kröfusvæðið sem afréttarland. Segi þannig í ódagsettu landamerkjabréfi jarðarinnar Gilsárvala með Gilsárvallahjáleigu: „Afréttarland á Gilsárvöllum milli Lambadalsár og Skúmhettuár inn á vörp.“ Sömu lýsingu sé síðan að finna í landamerkjabréfi frá 20. desember 1921.

Af hálfu landeigenda er á því byggt að með afréttarlandi sé þarna átt við afrétt einstakra jarða, sbr. umfjöllun um eðli afrétta. Um sé að ræða svæði sem landeigendur hafi einir haft stjórn á og nýtt einir eða þá eftir atvikum heimilað öðrum að nýta svæðið með leyfi sínu. Ekki sé um sameignarafrétt eða almenning að ræða, sbr. m.a. svar hreppstjóra Borgarfjarðarhrepps frá 1920 um að enga afrétt sé að finna í hreppnum sem ekki sé í eigu einstakra jarða. Íslenska ríkið hafi ekki lagt fram nein gögn eða stutt það neinum rökum að með landamerkjabréfum frá 1884 og 1921 hafi landeigendur með einhverjum



hætti aukið við land sitt eða rétt umfram það sem verið hafði. Þvert á móti samþykki eigendur aðliggjandi jarða landamerkjalyðingu Gilsárvala í báðum landamerkjabréfum, þ.m.t. landareign Gilsárvala að kröfusvæðinu.

### 6.2.3.2 Hvannstóð í Borgarfirði

Af hálfu eigenda jarðarinnar Hvannstóðs er á því byggt að nýting landsins, lega þess og staðhættir almennt renni stöðum undir stöðu þess sem eignarlands. Þannig sé stór hluti þess landsvæðis sem íslenska ríkið hafi lýst þjóðlendukröfu í sjáanlegt sé staðið við bæinn á jörðinni og liggi nærri að mörk þjóðlendu samkvæmt kröfum ríkisins taki til heimatúna, svo nærri bænum liggi mörkin.

Við sjónskoðun á landsvæðinu við vettvangsgöngu haustið 2023 hafi sést að svæðið sé heldur láglent. Vel sjáist inn í Hvannstóðsdal, frá bænum að Hvannstöði og/eða frá fjárhúsunum. Engjar hafi í gegnum tíðina verið nýttar á því svæði sem íslenska ríkið hafi nú gert þjóðlendukröfu í. Þannig megi m.a. finna örnefnið Innstastykki, Miðstykki og Ystastykki inni í dalnum, innan kröfusvæðis ríkisins. Í dalnum sé einnig að finna vísanir til að þar hafi verið sel frá Hvannstöði og séu seltóftir að finna í dalnum við Ystastykki. Þá séu og heytóftir víðs vegar í dalnum. Landsvæðið sé heldur láglent eða allt inn að Þrætutungum og Klifum en þar hækki landið heldur án þess þó að vera ókleift eða ónýtanlegt og gangi fé að sumarlagi á landsvæðinu öllu sem sé allt smalað að hausti. Þá hafi um árabíl verið þjóðleið til Héraðs um Sandaskörð sem séu innan kröfumarka íslenska ríkisins. Tíðar ferðir hafi þannig jafnan verið um landsvæðið. Sandaskörð séu Hólalandsdalsmegin en við ferðalöngum hafi blasið við landareign Hvannstóðs hinum megin í dalnum. Hvannstóð eigi og land í Lambadal að vestanverðu. Sömu sjónarmið eigi að miklu leyti um það svæði. Þannig sé Lambadalur opinn og breiður dalur sem vel sjáist allur af láglendi. Dalurinn sé að mestu gróinn utan efst í Lambadalsbotni og gangi fé í honum öllum.

Í sögulegri greinargerð komi fram að engin gögn hafi fundist um afréttarlönd Hólalands og Hvannstóðs. Skýrist þetta eflaust á því að slík afrétt sé í raun ekki til, þ.e.a.s. landsvæðið sem sé undir í málinu hafi aldrei verið kallað afrétt af landeigendum eða af íbúum Borgarfjarðar. Þá fjalli örnefnaskrár í engu um „afrétt“ á þessu landi. Hið rétta sé að landsvæðið kallist Hvannstóðs- og/eða Hólalandsdalur eftir því hvoru megin við Fjarðará í dalnum verið sé.

Í umfjöllun landeigenda um kröfur íslenska ríkisins segir að fjallað sé í einu máli um *Afréttarland Hólalands og Hvannstóðar* í greinargerð ríkisins, dags. 13. desember 2023. Reisi íslenska ríkið kröfur sínar að því er virðist nær eingöngu á sóknarlýsingu Desjarmýrarsóknar frá 20. janúar 1840. Sóknarlýsingu þessa hafi sr. Snorri Sæmundsson gert sem hafi verið vígður til prests að Desjarmýri, Borgarfirði eystri árið 1837 og flutt þangað ári síðar. Hafði Snorri því einungis búið á Borgarfirði eystri í stuttan tíma er hann hafi ritað sóknarlýsinguna og verður að hafa það í huga við lestur lýsinga hennar. Segi Snorri þannig sjálfur í formála að sóknarlýsingunni að hann hafi illa getað

gert lýsingu þessa m.a. þar sem hann „má heita nær ókunnugur“. Sé sóknarlýsing þessi eina heimildin sem til sé bæði fyrir og síðar um meinta afrétt að Hvannstóði, sbr. kröfugerð íslenska ríkisins. Af lýsingu hans á meintri afrétt sé óumdeilt að Hólalands- og Hvannstóðsdalur sé eign samnefndra bæja og að auki Lambadalur hálfur eign Hvannstóðs, sbr. síðari landamerkjalyásingar og kröfulýsingu landeigenda Hvannstóðs. Segi aukinheldur að Hólalands- og Hvannstóðsdalur sé þeirra afrétt en að afrétt Dysjarmýri (Desjarmýri), sé afrétt sem sé léð öllum Borgarfirði. Þetta rími þannig við staðhætti enda ávallt talað um Desjarmýrarafrétt en sem áður segi sé þetta eina ritaða heimildin um Hvannstóðsafrétt. Sé litið til þess að Desjarmýri hafi verið prestsetur og kirkjujörð renni það frekari stoðum undir að afrétt þeirrar jarðar kunni að hafa verið afrétt í skilningi þess hugtaks.

Vísað sé til þess í greinargerð íslenska ríkisins að ekki séu að finna eldri heimildir um merki jarðarinnar Hvannstóðs heldur en í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 24. nóvember 1921. Hafi það enda ekki verið fyrir en við það tímamark sem fyrst hafi verið farið í að þinglesa landamerkjum jarðarinnar sem áður höfðu talist óumdeild, sbr. m.a. eldri heimildir um eign jarðarinnar á Lambadal að vestanverðu. Þrátt fyrir að landamerkjum Hvannstóðs hafi einungis fyrst verið lýst 1921 þá liggi fyrir eldri landamerkjabréf aðliggjandi jarða. Þannig sé landamerkjabréf Hólalands frá 4. júlí 1884 og landamerkjabréf Gilsárvalla frá sama degi. Samræmast þessi landamerkjabréf landamerkjum Hvannstóðs sem þinglesin hafi verið 1921. Hafi íslenska ríkið ekki lagt fram nein gögn eða stutt það neinum rökum að með landamerkjabréfi frá 1921 hafi landeigendur með einhverjum hætti aukið við land sitt eða rétt umfram það sem verið hafði. Þvert á móti samþykki landeigendur aðliggjandi jarða landamerkjalyásingu Hvannstóðs frá 1921 og áriti hana sem rétta.

#### 6.2.4 Ytri-Álftavík

Af hálfu eiganda jarðarinnar Ytri-Álftavíkur er byggt á því að land jarðarinnar sé eignarland í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998. Landið hafi verið numið og þannig hafi eignarréttur stofnast. Landeigandi mótmæli því að óljósar lýsingar *Landnámu* geti orðið til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja verði dregnar í efa.

Skjalfestar heimildir séu samhljóða um að Ytri-Álftavík hafi tilheyrt landnámsjörðinni Húsavík. Heimildir um Ytri-Álftavík þurfi því að skoða samhliða heimildum um Húsavík sem og landamerkjum gagnvart Innri-Álftavík sem sé aðliggjandi og tilheyri landi Ness í Loðmundarfirði. Landamerkjum sé lýst með sambærilegum hætti í lögfestum, vísitásium, landamerkjaskrá, landamerkjabréfum, byggingarbréfum og öðrum heimildum auk þess sem fyrir liggi dómur í landamerkjamáli vegna landamerkja Innri- og Ytri-Álftavíkur. Elsta skráða heimildin sé væntanlega lögfesta sr. Bjarna Einarssonar um kirkjustaðinn Húsavík í Borgarfirði frá 2. ágúst 1705 og sé þar vísað til *Stallkletts* til skýringar um mörk við land Ness í Loðmundarfirði. Afmörkun sé með

sambærilegum hætti í lögfestum frá 1829, 1835 og 1855. Þessar heimildir séu frá því áður en landamerkjalog hafi verið sett og þar með áður en skylt hafi verið að skjala landamerki skriflega. Eins og rakið sé í dómi Hæstaréttar í máli nr. 41/2020 (26. málsgrein) hafi slíkar heimildir þýðingu við úrlausn þess hvort landsvæði teljist undirorpið beinum eignarrétti, sérstaklega ef þær styðji við yngri heimildir, svo sem landamerkjabréf eins og í máli þessu.

Það hafi fyrst verið með setningu landamerkjalaga árið 1882 sem kveðið hafi verið á um að stjórnvöld skyldu hafa frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi en landamerki Húsavíkur og Ytri-Álftavíkur hafi verið skráð eftir setningu landamerkjaganna. Í landamerkjaskrá jarðarinnar Húsavíkur, dags. 17. maí 1887, sé Álftavíkur getið. Landamerkjabréf Ytri-Álftavíkur sé frá 1921 og undirritað af hálfu eigenda aðliggjandi landsvæða og auk þess þinglesið. Feli landamerkjabréfið því í sér ríka sönnun um að um eignarland sé að ræða, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar í málum nr. 345/2005 og nr. 722/2009. Yngra landamerkjabréf Húsavíkur sé dagsett 26. desember 1921 og taki eðli máls samkvæmt mið af því að Ytri-Álftavík hafi þá verið skipt úr landi Húsavíkur.

Þá séu röksemdir og lagasjónarmið að baki kröfu íslenska ríkisins óskýr. Ríkið hafi fallið frá þjóðlendukröfu vegna Hvalvíkur, sem sé hluti Húsavíkur, án skýringa og hefði að mati landeiganda með réttu átt að falla frá kröfum vegna Ytri-Álftavíkur jafnframt með vísan til jafnræðisreglu. Eins og rakið sé í dómi Hæstaréttar í máli nr. 41/2020 hafi niðurstaða í dómaframkvæmd Hæstaréttar í þjóðlendumálum um hvort landsvæði teljist hafa verið numið í öndverðu og hvort það teljist eignarland eða þjóðlenda meðal annars ráðist af samanburði við niðurstöður um aðliggjandi landsvæði sem telja verði sambærileg, meðal annars með tilliti meðal gróðurfars og hæðar yfir sjávarmáli.

Röksemdum íslenska ríkisins um að eignarréttur hafi hugsanlega glatast sé jafnframt hafnað með vísan til þýðingar Ytri-Álftavíkur fyrir búskap, nytjar, staðhátta og landslags. Þar sé tún, búskapur á tímabili, útræði gott og mjög stutt á fiskimið. Náttúrleg höfn sé í Lotnu, fjörubeit góð og einnig hagbeit. Örnefni, svo sem *Norskafjara* og *Norskalgá*, eigi samkvæmt örnefnaskrá að draga nafn sitt af því að norskir sjómenn hafi gert tilraun til þess að ræna nauti sem þar hafi verið höfð til göngu að sumarlagi. Örnefni *Bæjarfjara*, *Lambarákar*, *Skjónapúfa*, *Folaldabás* og fleiri vísi til búskapar á jörðinni og þá sé staðfest búseta á jörðinni á 19. öld.

Landeigandi árétti að sönnunarbyrði hvíli í máli þessu á íslenska ríkinu. Gögn málsins beri með sér að landið hafið verið undirorpið eignarrétti og hafi landeigandi haft til þess réttmætar væntingar í ljósi skráðra heimilda um eignarhaldið og landamerki Ytri-Álftavíkur og þar áður Húsavíkur. Hlutverk óbyggðanefndar og dómstóla sé ekki að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt og færa eignarréttindi með þeim hætti til íslenska ríkisins, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 48/2004.

Byggt er á því að Húsavík sé forn jörð sem hafi verið numin af Þorsteini Klegga landnámsmanni, sbr. túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu *Landið og Landnáma*. Engar forsendur séu fyrir þeirri ályktun í greinargerð íslenska ríkisins að Ytri-Álftavík hafi verið utan landnámsins. Landnámsmenn hafi komið af sjó, numið land og nýtt það eftir þörfum. Landeigandi vísi því til þess að staðhættir, gróðurfar og möguleikar til nýtingar landsins styðji ótvírætt að jörðin hafi verið numin í öndverðu. Nýting landsins hafi verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Húsavík hafi verið svokölluð hálfkirkja, þ.e. kirkjan hafi átt hálf heimaland Húsavíkur. Í máldaga Vilchins fyrir Húsavíkurkirkju frá um 1397 segi um eignir og ítök kirkjunnar að kirkjan eigi í öllum samreka „firir helming hiona j Hvsavíjk oc helming firir Dallannð. Allann reka j Svijnavíjk“. Með þessu sé vísað til rekaréttinda á grundvelli eignarhalds á landi. Einnig sé vísað til máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og vísitásiu Brynjólfs biskups frá 1645 þar sem sama komi fram.

Á þeim tíma hafi Ytri-Álftavík verið óútskipt land úr landi jarðarinnar Húsavík. Þorsteinn Kleggi hafi búið á jörðinni og hafi Húsavík orðið kirkjustaður um árið 1200. Ytri-Álftavík hafi lengst af verið hluti jarðarinnar Húsavík og því liggi ekki fyrir margar skráðar heimildir um Ytri-Álftavík eðli máls samkvæmt. Ytri-Álftavík hafi svo orðið hjáleiga frá Húsavík, sbr. t.d. Jarðabók frá 1861, en síðar verið skipt út úr landi Húsavíkur á tímabilinu 1887–1914. Fleiri jarðir hafi verið hjáleigur frá Húsavík eins og Hólshús sem einnig séu í eigu landeiganda en Hólshús séu óútskipt land.

Það hafi verið Húsavík, og síðar Hólshús, sem hafi nytjað Ytri-Álftavík, bæði til upprekstrar og til þess að sækja sjó auk þess sem rekafjara hafi verið við Örvasand. Ýmsar heimildir gefi vísbendingar um byggð í Ytri-Álftavík. Samkvæmt ýmsum heimildum hafi verið bær í Ytri-Álftavík og megi á loftmyndum og ljósmyndum greinilega sjá rústir bæjarins. Ólafur Olavíus hafi verið á ferðinni um svæðið um eða uppúr 1775 og geti þess í *Ferðabók* sinni að öll býlin á jörðinni hafi verið stórskemmd af skriðum eða sjógangi. Það gefi skýra vísbendingu um byggð í Ytri-Álftavík fyrir 1775, allavega til útgerðar, sem virðist þó hafa lagst af á tímabili en síðan hafi verið þar óslitin byggð frá 1829 til um 1904. Í ýmsum heimildum um byggð í Víkum við Borgarfjörð eystra sé þess getið að byggð hafi verið í Ytri-Álftavík til ársins 1903 eða 1904 en þá hafi jörðin lagst í eyði eða á sama tíma og kotbúskapur hafi almennt lagst af hér á landi. Við bæinn hafi verið tún, þótt það hafi ekki verið landmikið. Þar hafi einnig verið frábærar aðstæður til að stunda fiskveiðar og væntanlega ein besta náttúrulega höfn landsins í Lotnu sem sé vík sem tilheyrir jörðinni. Í Lotnu hafi farið allt að 60 tonna bátar á síðari árum. Ytri-Álftavík hafi því fyrr á öldum verið útgerðarbýli út frá Húsavík, enda skammt að róa á fiskimið frá útnesjum Ytri-Álftavíkur. Samkvæmt heimildum hafi verið gert út frá Ytri-Álftavík fram á 19. öld. Þá hafi verið skráður búfénaður og heimilismenn í bænum að Ytri-Álftavík í kirkjubókum og ýmsum öðrum heimildum fyrr á öldum. Í greinargerð íslenska ríkisins sé í neðanmálgrein 13 vísað til þess að samkvæmt manntali hafi verið búið í Ytri-Álftavík 1845 og 1880 en ekki 1703, 1816,

1835, 1840, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 1901, 1910 eða 1920. Framangreindar upplýsingar séu ekki í samræmi við upplýsingar í Sóknarmannatölum fyrir Desjarmýrarkirkju og Klyppsstaðakirkju frá 1789–1950 þar sem byggð sé talin samfelld frá 1829 til um 1900 en ekki njóti við heimilda á árunum 1878–1888.

Í kröfulýsingu og greinargerð landeiganda er farið yfir tilurð eignarheimildar landeiganda að svæðinu og vísað til þess að gagnaðili málsins sé réttur og löglegur eigandi Ytri-Álftavíkur. Landeigandi hafi hlotið hreindýraarð af jörðinni í samræmi við eignarheimild sína sem Umhverfisstofnun hafi hlotið undanfarið ár á grundvelli laga. Landeigandi telji eignarheimild sína ótvíræða og að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Telji landeigandi að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.

## 7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 7.1 Inngangur

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vikið að fyrirbyggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

### 7.2 Almenn atriði

#### 7.2.1 *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem fylgdu úrskurðum á svæðum 7B, 8A, 8B, 10A, 10B og í málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga höfðu með sama hætti verið uppfærðar með umfjöllun um almenn atriði úr úrskurðum á næsta svæði á undan. Þegar úrskurðað var um svæði 9A, 9B og 10C þótti hins vegar ekki þörf á að uppfæra þær að nýju með efni úr úrskurðum á svæðunum á undan. Nú hafa *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* að nýju verið uppfærðar með efni úr úrskurðum í málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga um nýgengna dóma og álitafni um stjórnskipulegt gildi 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, laga-grundvöll málsmeðferðar samkvæmt því ákvæði og réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 7.4 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og þar er vísað til þeirra eftir því sem við á.

#### 7.2.2 *Dómafordæmi í þjóðlendumálum*

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar eða Landsréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir í málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga voru kveðnir upp 17. október 2024. Hæstiréttur hefur ekki kveðið

upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem áður fyrir samtals 69 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998.

Frá því að framangreindir úrskurðir voru kveðnir upp hefur á hinn bóginn orðið ljóst að fjórir dómar Landsréttar í þjóðlendumálum sem kveðnir voru upp 7. júní 2024 munu ekki koma til kasta Hæstaréttar og eru því endanlegir, sbr. ákvarðanir Hæstaréttar 24. október 2024 nr. 2024-96, 2024-97, 2024-98 og 2024-99 þar sem beiðnum um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar var í öllum tilvikum hafnað. Um er að ræða dóma Landsréttar 7. júní 2024 í málum nr. 430/2022 (Hamraendar), 431/2022 (Stóru-Hnausar), 432/2022 (Miðvellir) og 433/2022 (Hellnar). Hins vegar liggur enn ekki fyrir hvort dómar Landsréttar 10. október 2024 í málum nr. 40/2023 (Stóra-Vatnshornsmúli) og 41/2023 (Jörfa-afreitur), sem vörðuðu úrskurð óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 2/2016 (Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár), komi til kasta Hæstaréttar og því verður ekki fjallað nánar um þá hér að sinni.

Framangreindir dómar Landsréttar í málum nr. 430–433/2022, sem fyrir liggur að eru endanlegir, vörðuðu allir úrskurð óbyggðanefndar frá 15. ágúst 2019 í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans) um að landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls væri þjóðlenda. Í öllum málunum, sem höfðuð voru af eigendum fjögurra jarða sem töldu til réttinda á umræddu svæði, staðfesti Landsréttur niðurstöður óbyggðanefndar.

Meginágreiningsefnið í öllum málunum laut að túlkun á lýsingum í landamerkjabréfum viðkomandi jarða á merkjum þeirra til fjalla. Eigendur jarðanna byggðu á því að merki þeirra næðu upp á vatnaskil milli norðurs og suðurs á Snæfellsnesi, á Snæfellsjökli og austan hans, en íslenska ríkið byggði á því að draga ætti beinar línur á milli efstu merkjapunkta samkvæmt landamerkjabréfunum. Í úrskurði óbyggðanefndar var við túlkun landamerkjabréfanna m.a. litið til staðháttar og samanburðarskýringar á landamerkjabréfum jarða vestan og austan við ágreiningssvæði málsins. Efstu merkjapunktar til fjalla samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna sem deilt var um voru tiltekin örnefni sem eru talsvert langt frá jöklinum og vatnaskilunum sem landeigendur byggðu á að miða bæri við. Mat nefndarinnar var að gögn málsins styddu ekki að merki jarðanna næðu lengra til fjalls en að umræddum örnefnum og þar sem merkjum milli efstu merkjapunkta væri ekki lýst væri eðlilegast, að teknu tilliti til staðháttar, að draga beinar línur þar á milli, m.a. með vísan til dóms Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga, Prestsbakki og Prestsbakkakot). Í því sambandi var m.a. horft til þess að rannsókn nefndarinnar leiddi í ljós að í landamerkjabréfum jarða vestan ágreiningssvæðisins væri merkjum almennt lýst berum orðum í Snæfellsjökul eða örnefni við jökulrönd og í landamerkjabréfum austan svæðisins væri merkjum almennt lýst berum orðum í vatnaskil. Það var ekki gert í landamerkjabréfum jarðanna sem deilt var um og því var orðalag þeirra talið mæla gegn því að merki jarðanna næðu að jöklinum eða vatnaskilum. Þá var jafnframt litið til þess að línur sem dregnar væru beint á

milli efstu merkjapunkta í landamerkjabréfum jarðanna væru á eða nærri frambrún fjallanna sem risu nokkuð skarpt upp frá láglandi þeirra, en þar fyrir ofan tæki við aflíðandi land upp að vatnaskilum og jöklinum. Staðhættir voru því taldir mæla með afmörkun íslenska ríkisins á landi jarðanna.

Í öllum framangreindum dómum Landsréttar var, að virtum gögnum málanna, fallist á framangreindar röksemdir og niðurstöður óbyggðanefndar um túlkun á afmörkun jarðanna sem deilt var um.

Gagnaðilar ríkisins í öllum málunum byggðu einnig á því að íslenska ríkið hefði með fyrri athöfnum sínum í tengslum við ríkisjörðina Arnarstapa, sem liggur að ágreinings- svæði málanna, skapað öðrum landeigendum á svæðinu réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Í úrskurði óbyggðanefndar var því hafnað með vísan til þess að þær athafnir sem vísað væri til, m.a. útleiga lóðar innan ágreinings- svæðisins til námurekstrar árið 1936, beindust ekki að öðrum landeigendum og væru því ekki til þess fallnar að skapa öðrum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Í dómi Landsréttar í máli nr. 430/2022 var fallist á þá niðurstöðu nefndarinnar með svofelldum rökstuðningi:

Þá hafa áfrýjendur vísað til þess að stefndi hafi um árabíl farið með ríkisjörðina Arnarstapa eins og væri hún undirorpin eignarrétti ríkisins upp að vatnaskilum á því svæði sem það telji nú þjóðlendu. Þannig hafi umboðsmaður þjóðjarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði leigt út lóð til námurekstrar á Arnarstapa árið 1936 en leigusamningurinn var staðfestur fyrir hönd atvinnu- og samgöngumálaráðherra. Vikurnámur voru á jökulhálsinum suðaustan við Snæfellsjökul en námuvinnsla mun hafa lagst þar af um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar. Einnig liggur fyrir minnisblað Ríkiseigna 25. febrúar 2019 þar sem kemur fram að Arnarstapaland hafi verið í eigu stjórnvalda frá árinu 1556. Landamerkjalyásingar jarðarinnar frá 1887 á austur- og vesturmerkjum ná frá sjó og upp í fjallshlíðar en lýsi ekki hvernig mörkum sé háttað þar fyrir ofan. Segir í minnisblaðinu að litið sé svo á að landamerkjalinur jarðarinnar náí upp í jökulrætur. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur verið litið svo á að tiltekna athafnir ríkisins geti skapað ákveðnar væntingar hjá aðilum og haft þýðingu við úrlausn á eignarréttarlegri stöðu viðkomandi lands, sbr. dóma réttarins 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005, 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 og 28. september 2017 í málum nr. 93/2017 og 94/2017. Hér háttar á hinn bóginn svo til að þessar athafnir og yfirlýsingar íslenska ríkisins, sem eru tiltölulega nýtilkomnar, samrýmast ekki eldri heimildum og lutu auk þess einvörðungu að jörðinni Arnarstapa en beindust ekki að aðliggjandi jörðum. Verður því ekki fallist á það með áfrýjendum að þær hafi verið til þess fallnar að skapa öðrum landeigendum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu ágreinings- svæðisins.

Sama eða sambærilegan rökstuðning um þetta atriði er að finna í hinum dómum Landsréttar sem hér eru til umfjöllunar. Í dómunum var staðfest túlkun óbyggðanefndar á dómaframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á eignarréttarlega stöðu lands sem deilt er um á grundvelli þjóðlendulaga. Af þeim verður ráðið að svo til álita geti komi hvort tiltekna athafnir ríkisins hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu lands, þannig að þýðingu hafi við úrlausn þjóðlendumála, þá verði þær að hafa beinst að öðrum en ríkinu sjálfu eða jörðum í eigu þess. Af þeim verður einnig ráðið að athafnir eða yfirlýsingar ríkisins sem beinast að tiltekinni jörð



geti almennt ekki skapað eigendum annarra nærliggjandi jarða réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu þeirra. Athafnir og yfirlýsingar ríkisins verði að hafa beinst að tiltekinni jörð og eigendum hennar svo að til álita komi hvort þær hafi skapað viðkomandi eigendum síkar væntingar.

### 7.3 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>1482</sup> Má í þessu sambandi t.d. vísa til dóms Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur í Nesjum).

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Eins og þar kemur fram greinir *Landnáma* frá því að Uni Garðarsson hafi komið á land á Unaósi og reist sér þar bæ. Þá hafi hann numið land fyrir sunnan Lagarfljót, allt Hérað til Unalækjar. Einnig kemur þar fram að Þorkell fullspakur hafi numið Njarðvík alla og búið þar, Veturliði Arnbjarnarson hafi numið Borgarfjörð og búið þar, Þórir lína hafi numið Breiðuvík og búið þar og Þorsteinn kleggi hafi numið Húsavík og búið þar. Fram kemur að Loðmundur gamli hafi numið Loðmundarfjörð og búið þar. Í Sturlubók *Landnámu* segir að hann hafi búið þar þennan vetur en í Hauksbók segir að hann hafi búið þar þrjá vetur. Eftir það hafi hann numið land austan Jökulsár á Sólheimasandi.

Af framangreindum frásögnum *Landnámu* og með hliðsjón af staðháttum þykja miklar líkur á að þjóðlendukröfusvæði ríkisins hafi verið numin, a.m.k. að mestu leyti. Gera verður þann fyrirvara að ekki kemur fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð og því ekki hægt að fullyrða með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Óvissa um þetta atriði er meiri eftir því sem ofar dregur á svæðunum.

### 7.4 Útmannasveit, Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður

Í þeim undirköflum sem hér fylgja á eftir verða þjóðlendukröfusvæði ríkisins, sem eru ellefu í þessu máli, tekin til skoðunar með aðgreindum hætti. Tilhögun þeirrar umfjöllunar er þannig að fyrst verður fjallað um þjóðlendukröfusvæði ríkisins í Útmannasveit og Njarðvík, en þau eru *Ósafrétt* og *Grasdalur*, *Hrafnabjargafrétt*, *Sandbrekkuafrétt* og *Hraundalur* og *Kirkjutungur*. Næst verður fjallað um kröfusvæði ríkisins í Borgarfirði, þ.e. *Afréttarland Hólalands* og *Hvannstóðar*, *Afréttarland Gilsárvalla* og *Desjarmýrarafrétt*. Þar á eftir verður fjallað um *Hvalvík* í Víkum og loks um

<sup>1482</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

kröfusvæði ríkisins í Loðmundarfirði, en þau eru *Ytri-Álftavík*, *Innri-Álftavík* og *Hjálmárströnd*.

Fyrst verður fjallað um staðhætti einstakra þjóðlendukröfusvæða málsins og þá verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki kröfusvæðanna og aðliggjandi jarða. Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar svæðanna er rakin í 5. kafla hér að framan. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæða ríkisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða þau, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendum á svæðunum byggjast að mestu leyti á því að kröfusvæði ríkisins hafi aðra eignarréttarlega stöðu en heimaland þeirra jarða sem um ræðir þrátt fyrir að þeim sé lýst innan landamerkja viðkomandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, að nokkru eða öllu leyti. Á þjóðlendukröfusvæðunum sem nefnd eru *Hvalvík*, *Ytri-Álftavík* og *Hjálmárströnd*, byggir ríkið hins vegar á því að um sé að ræða sérstök afmörkuð landsvæði sem hafi aðeins verið nýtt með takmörkuðum hætti og ekki hafi stofnast til beins eignarréttar. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðanna.<sup>1483</sup>

#### 7.4.1 Ósafrétt og Grasdalur

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Ósafrétt og Grasdalur*. Að svæðinu norðaustanverðu liggur óumdeilt eignarland jarðarinnar Njarðvíkur í samnefndri vík. Gerð er krafa vegna jarðarinnar til syðri hluta kröfusvæðis ríkisins. Að suðaustanverðu liggja að kröfusvæðinu óumdeild eignarlönd jarðanna Bakka, Jökulsár og Hvols í Borgarfirði. Að sunnanverðu liggur að kröfusvæðinu það kröfusvæði íslenska ríkisins sem nefnt er *Hrafnabjargafrétt*. Að vesturmörkum kröfusvæðisins liggur syðst óumdeilt eignarland Hrafnabjarga, þar norðan við óumdeilt eignarland Unaóss í Útmannasveit og að norðvestanverðu og norðanverðu liggur kröfusvæðið að sjó við austanverðan Héraðsflóa. Á þeim hluta kröfusvæðisins sem er vestan vatnaskila milli Útmannasveitar og Njarðvíkur er aðeins gerð gagnkrafa syðst af hálfu eiganda Hrafnabjarga. Að öðru leyti er ekki gerð gagnkrafa vegna þessa hluta kröfusvæðis ríkisins. Af málalíbúnaði ríkisins og gögnum málsins er ljóst að sá hluti svæðisins hefur tengsl við Unaós, sem er ríkisjörð.

<sup>1483</sup> Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, loft- og gervitunglamyndum, drónamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að ekki sé gerð krafa til hluta svæðisins af öðrum en íslenska ríkinu er eignarréttarleg staða þess hluta engu að síður til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, sem fór fram 19. mars 2024, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Þjóðlendukröfusvæðið er í fjallgarðinum milli ysta hluta Útmannasveitar og Njarðvíkur og tekur þar einkum til Ósfjalls í vestanverðum fjallgarðinum. Þrátt fyrir að sá hluti fjallgarðsins sem kröfusvæðið tekur til sé jafnan nefnt einu nafni Ósfjall bera einstakir tindar á svæðinu líka sérstök heiti. Á svæðinu eru t.a.m. Geldingafjall, Sönghofs-fjall, Grjótfjall, Kerlingarfjall og Tóarfjall, auk þess sem kröfusvæðið tekur til Grasdals sem er yst í fjallgarðinum, ofan við Brimnes. Þá tekur svæðið einnig til stórs hluta Njarðvíkur, austan fjallgarðsins, þ.e. þess hluta sem er innan við Selá og Innra-Hvannagil. Inn úr Njarðvík ganga nokkrir dalir sem jafnframt eru innan kröfusvæðisins; hálfur Seldalur, Urðardalur, Dyrfjalladalur og Mjóidalur inn af honum. Svæðið er lægst nyrst þar sem það liggur að sjó en hækkar inn til landsins á fjallgarðinum milli Útmannasveitar og Njarðvíkur. Hæstu tindar þar eru í um 600–700 m hæð. Í Njarðvík tekur kröfusvæðið til talsverðs láglandis, þar sem nokkur hluti svæðisins er undir 100 m hæð, en hækkar til fjalla umhverfis dalina inn úr Njarðvík. Þeir eru að mestu leyti í um 600–700 m hæð, en hæsti tindur er á Miðfelli í um 1.100 m hæð syðst á svæðinu. Svæðið er að mestu leyti vel gróið en gróðurþekja minnkar þó eftir því sem ofar dregur. Frá bæjarstæði Unaóss að þeim hluta kröfusvæðisins sem næst liggur eru um 800 m í beinni loftlínu en frá bæjarstæði Njarðvíkur að þeim hluta kröfusvæðisins sem næst liggur eru um 2 km.

Í kafla 7.4.1.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki svæðisins, svo og jarða og landsvæða sem liggja að kröfusvæði ríkisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar aðila á kröfusvæðinu. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á kröfusvæðinu byggist einkum á því að því sé lýst í heimildum sem afréttarsvæði. Í málinu er því einkum uppi það álitaefni hvort stofnast hafi til beins eignarréttar að kröfusvæðinu. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og

úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignar-  
réttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.1.2.

#### 7.4.1.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki kröfu-  
svæðis ríkisins.

Upphafspunktur kröfulínu ríkisins er í Knarará, austan við ásinn Valsunga, og henni er síðan fylgt til upptaka í Geldingaskörðum. Þaðan er fjallshryggnum umhverfis Njarð-  
vík fylgt til suðurs og svo austurs að Innra-Hvannagili. Þá er Innra-Hvannagili fylgt  
niður í Njarðvíkurá, sem er svo fylgt út að þeim stað þar sem Selá rennur í hana. Þaðan  
fer kröfulínan beint upp á Grjótfjallstind og svo eftir fjallstindum út með fjallshryggnum  
milli Útmannasveitar og Njarðvíkur til norðausturs allt niður að sjó við Brimnes. Þaðan  
fylgir kröfulína ríkisins strandlengjunni til vesturs og svo suðurs, m.a. um Gripdeild,  
Selvog, Stapavík, Miðvík og Fossvík að ósi Selfljóts sem svo er fylgt suður að ósi  
Nautár. Þaðan er Nautá fylgt á Hádegisfjall, en þaðan er dregin bein lína í upphafspunkt.

Eins og áður segir er gerð gagnkrafa til þess hluta kröfusvæðis ríkisins sem er í  
Njarðvík vegna samnefndrar jarðar með vísan til landamerkjabréfs hennar frá 8. janúar  
1922. Á þeim hluta kröfusvæðisins sem telst til Útmannasveitar, þ.e. vestan vatnaskila  
gagnvart Njarðvík, er aðeins gerð gagnkrafa syðst vegna Hrafnabjarga með vísan til  
landamerkjabréfs jarðarinnar frá 7. maí 1884, en að öðru leyti gerir íslenska ríkið eitt  
kröfu til svæðisins. Samkvæmt því má skipta kröfusvæði ríkisins í þrennt, þ.e. þann  
hluta sem er í Njarðvík og gerð er krafa til vegna Njarðvíkur, hluta sem ekki er gerð  
gagnkrafa til en sem heimildir benda til að tengist Unaósi, og loks hluta sem gerð er  
krafa til vegna Hrafnabjarga.

Eftirfarandi umfjöllun um merki svæðisins verður skipt í þrennt í samræmi við þetta.  
Fyrst kemur til skoðunar sá hluti sem gerð er krafa til vegna Hrafnabjarga.

Krafa vegna Hrafnabjarga styðst, eins og áður segir, við landamerkjabréf jarðarinnar  
frá 7. maí 1884. Þar er merkjum gagnvart Unaósi lýst um Knarará frá Selfljóti upp á  
Geldingaskörð. Ljóst er að ágreiningur ríkisins og eiganda Hrafnabjarga varðar  
einungis staðsetningu Knarará, sem báðir aðilar miða kröfur sínar við en staðsetja með  
mismunandi hætti. Af hálfu ríkisins er miðað við á sem á kortum er merkt Knarará og  
rennur vestan við Rjúpnafell. Af hálfu gagnaðila ríkisins er hins vegar byggt á því að  
Knarará sé, og hafi um langan tíma verið, merkt rangt á kort og að hin raunverulega  
Knarará sé í reynd aðeins austar. Sú á rennur austan við Rjúpnafell undir Geldinga-  
skörðum. Í umfjöllun um kröfusvæði ríkisins á *Hrafnabjargaafrétt* í kafla 7.4.2.1 er  
þetta atriði tekið til sérstakrar skoðunar og komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að miða  
við þann farveg sem gagnaðili íslenska ríkisins byggir á að sé farvegur Knarará. Með  
vísan til umfjöllunar í kafla 7.4.2.1 er ljóst að sá hluti svæðisins sem gerð er krafa til  
vegna Hrafnabjarga er innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884  
og eldri fyrirliggjandi heimildir um merki jarðarinnar styðja við þá niðurstöðu. Með

vísan til sömu umfjöllunar er jafnframt ljóst að kröfusvæði ríkisins á *Hrafnabjarga-afrétt*, sem er sunnan þess kröfusvæðis sem hér er til umfjöllunar, er að öllu leyti innan merkja Hrafnabjarga samkvæmt umræddu landamerkjabréfi jarðarinnar.

Næst kemur til skoðunar sá hluti svæðisins sem ekki er gerð gagnkrafa til en ljóst er, samkvæmt málatilbúnaði ríkisins og gögnum málsins, að hefur tengsl við Unaós sem er ríkisjörð.

Í landamerkjabréfi Unaóss, ásamt „afbýlinu“ Heyskálum, frá 8. maí 1885, sem var þinglýst 2. júní 1886, er merkjum gagnvart Hrafnabjörgum til suðvesturs lýst með sama hætti og í áðurnefndu landamerkjabréfi Hrafnabjarga, þ.e. um Knarará frá Selfljóti upp í Geldingaskörð. Á láglandi, vestan Selfljóts, er merkjum jarðarinnar lýst um línu sem dregin er úr Selfljótsbakka á móts við Bjarglandsárós „beint í neðsta heygarð og eftir sömu stefnu til sjávar“. Til fjalla, milli Unaóss og Njarðvíkur, er merkjum lýst frá þeim stað þar sem Hrafnabjargalandi sleppir, þ.e. úr Geldingaskörðum, „út vörp og eggjar út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall í Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann, sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan“. M.ö.o. er merkjum til fjalla lýst um fjallseggjar á fjallgarðinum milli Unaóss og Njarðvíkur, allt frá Geldingaskörðum og norðaustur til sjávar norðan við Grasdals.

Samkvæmt þessu, og að teknu tilliti til niðurstöðu um staðsetningu Knarará, er ljóst að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sem ekki er gerð gagnkrafa til er innan merkja Unaóss samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1885.

Fyrir liggur nokkur fjöldi skjala frá árunum 1828–1884 sem varða ágreining milli forsvarsmanna Vallaneskirkju, sem átti Unaós, og eigenda Njarðvíkur um eignarhald á Grasdals, sem er yst í fjallgarðinum milli jarðanna. Af þeim verður ráðið að eigendur beggja jarða hafi talið Grasdals eign viðkomandi jarða. Svo virðist sem búið hafi verið að leysa deiluna þegar landamerkjabréf Unaóss var gert árið 1885, þar sem merkjum milli jarðanna er lýst eftir fjallgarðinum á milli þeirra og út eggjar norðan megin Grasdals þannig að hann fellur innan merkja Njarðvíkur. Sömu lýsingu er að finna í landamerkjabréfi Njarðvíkur frá 1. júlí 1885, eins og vikið verður að síðar.

Þrátt fyrir að flest skjöl sem tengjast Unaósi frá þessum tíma varði fyrst og fremst Grasdals liggur fyrir lögfesta fyrir jörðina frá 31. maí 1841 þar sem heildarmerkjum jarðarinnar er lýst svo:

... að innan frá Knarará, eptir sem hún fellur af vörpum ofan niðr í Selfliót og frá greindu Selflióti og Siáfarströndu austur á Fjallgarda og vörp öll þángad sem Vötn taka að deilast til Njarðvíkur innann frá greindri Knarará allt útá Skjaldarfjalls ytri enda, og í Sió niðr ...

Merkjum til fjalla er lýst eftir vatnaskilum gagnvart Njarðvík, frá Knarará út á Skjaldarfjall, sem er suðaustan Grasdals, og þaðan til sjávar. Merkjalýsingin tekur þannig til þess hluta kröfusvæðis ríkisins sem er í Útmannasveit og ekki er gerð gagnkrafa til, auk Grasdals en eins og áður segir stóð mikill ágreiningur um hann á þessum tíma. Lögfestunni var enda mótmælt á manntalsþingum að Desjarmýri 24. júní 1842 og 10. júlí 1844 af hálfu eiganda Njarðvíkur og ætla má að það hafi verið vegna ágreinings-

ins um Grasdal. Henni var einnig mótmælt á síðarnefnda manntalsþinginu af hálfu prestsins í Húsavík vegna ágreinings um hlutdeild Húsavíkurkirkju í reka fyrir landi Unaóss.

Í lýsingu Hjaltastaðasóknar frá 1842 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna er fjallað um Ósafrétt, einnig nefnd Ósfjall, sem er sögð yst á fjallgarðinum norðaustur frá Dyr-fjalli, utan við Hrafnabjargaafrétt. Í umfjöllun um Unaós í sömu sóknarlýsingu segir að Ósafrétt liggja undir jörðina.

Í svari oddvita Hjaltastaðahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar 1989 um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa. Um afmörkun segir aðeins eftirfarandi: „Að hreppamörkum við Borgarfjörð (Loðmundarfjörð) og Eiðabínghá.“ Ekki er fjallað nánar um innbyrðis afmörkun þessara svæða eða afmörkun þeirra gagnvart heimalöndum.

Eins og áður segir er ljóst að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sem ekki er gerð gagnkrafa til er innan merkja Unaóss samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1885. Önnur fyrirbyggjandi skjöl um jörðina ýmist styðja við þá afmörkun eða mæla henni a.m.k. ekki í mót.

Loks kemur til skoðunar sá hluti svæðisins sem gerð er krafa til vegna jarðarinnar Njarðvíkur í samnefndri vík.

Í landamerkjabréfi Njarðvíkur frá 8. janúar 1922, sem var þinglýst 17. júlí sama ár, er merkjum lýst svo:

1. Milli Njarðvíkur og Snotruness: Úr Bölmóðshlein beint upp á fjall og inn eftir vörpum.
2. Milli Njarðvíkur og Geitavíkur: Eftir vörpum þaðan sem Nesland þrýtur.
3. Milli Njarðvíkur og Bakka: Þaðan sem Geitavíkurland þrýtur inn eftir vörpum og eggjum, inn undir Dyrfjöll og inn á Mjóadalsvarp.
4. Milli Njarðvíkur og Hrafnabjarga: Af Mjóadalsvarpi út eggjar norðan megin víkurinnar þangað til Óssland tekur við.
5. Milli Óss og Njarðvíkur: Þaðan sem Hrafnabjargalandi sleppir út vörp og eggjar út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall á Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan.

Samkvæmt landamerkjabréfinu á jörðin sér skýr landfræðileg mörk. Merkjum er lýst eftir vörpum og fjallseggjum umhverfis Njarðvík frá Bölmóðshlein að norðaustan, gagnvart Borgarfirði, og að tanga sem skilur Ólafssand og Gripdeild að norðvestan, gagnvart Útmannasveit. Af því leiðir að vikin öll, ásamt þeim dölum sem ganga inn úr henni, er innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfinu, auk Grasdals. Það er í samræmi við málatalibúnað gagnaðila íslenska ríkisins vegna Njarðvíkur og afmörkun kröfulínu vegna jarðarinnar og einnig í samræmi við lýsingu landamerkjabréfs Unaóss frá 1885 um merki milli jarðanna.

Fyrir liggur eldra landamerkjabréf fyrir Njarðvík frá 1. júlí 1885, sem var þinglýst 14. ágúst sama ár, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst með sama hætti og einnig fleiri eldri heimildir með sambærilegum merkjalýsingum, eins og nú verður rakið.

Í vitnisburði frá 1. apríl 1530 um Njarðvík kemur m.a. fram að land jarðarinnar sé milli fjalls og fjöru.

Í lögfestu Njarðvíkur frá 24. júní 1821 er merkjum lýst svo: „ad Nordann úr Gripdeilld, og svo i kríng sudur med sió allt til Bølmóds, og til Fialls ad Krossinum, og á bádar sýdur sem vatns-föll deila til Vikurinnar“. Gripdeild er norðvestan Grasdals en Bölmóður er örnefni í fjörunni undir Njarðvíkurskriðum milli Njarðvíkur og Borgarfjarðar. Frá þessum örnefnum er merkjum lýst til fjalla eftir því sem vötnum hallar til Njarðvíkur. Í öðrum lögfestum Njarðvíkur frá 31. maí 1833, 12. júní 1843, 23. maí 1845 og 21. apríl 1846, svo og vitnisburði um landamerki og rekamörk Njarðvíkur frá 16. mars 1841, er merkjum lýst með efnislega sama hætti.

Líkt og áður segir liggur fyrir nokkur fjöldi skjala frá árunum 1828–1884 um ágreining milli forsvarsmanna Vallaneskirkju, eiganda Unaóss, og eiganda Njarðvíkur um eignarhald á Grasdal en sá ágreiningur virðist úr sögunni við gerð landamerkjabréfa jarðanna árið 1885, þar sem Grasdal er lýst innan merkja Njarðvíkur en ekki Unaóss.

Af framangreindum heimildum er ljóst að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sem gerð er krafa til af hálfu eigenda Njarðvíkur er allur innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar frá 1922 og sú afmörkun fær einnig stoð í eldri heimildum um merki jarðarinnar, allt aftur á 16. öld.

Næst koma til skoðunar heimildir um aðliggjandi jarðir. Eins og áður segir liggur kröfusvæði ríkisins að norðan- og norðvestanverðu að sjó. Að vestanverðu liggur það að óumdeildu eignarlandi Unaóss og Hrafnabjarga, sem þegar hefur verið fjallað um. Að sunnanverðu liggur að kröfusvæðinu það kröfusvæði ríkisins sem nefnist *Hrafnabjargaafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.2. Líkt og áður segir er það kröfusvæði allt innan merkja Hrafnabjarga samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884. Að norðausturmörkum kröfusvæðisins liggur óumdeilt eignarland Njarðvíkur sem þegar hefur verið fjallað um. Aðeins stendur því eftir að kanna heimildir um merki jarða sem liggja að suðausturmörkum kröfusvæðisins. Frá norðri til suðurs er þar um að ræða jarðirnar Bakka, Jökulsá og Hvol, allar í Borgarfirði.

Í landamerkjabréfi Bakka frá 20. desember 1921, sem var þinglýst 17. júlí 1922, er merkjum til fjalla lýst svo: „Að ofan eru fjallavörpin landamerki frá ytra Dyrfjalli út undir Geitavíkurbúfu“.

Í landamerkjabréfi Jökulsár frá 25. ágúst 1922, sem var þinglýst 16. júlí 1923, er merkjum til fjalls gagnvart Bakka að norðanverðu lýst um Grjótárgil „upp í fjallavörpin“ og að sunnanverðu gagnvart Hvol er merkjum lýst upp í „Jökulbotn, sem er í sveifinni framan og neðan undir ytra Dirfjallinu“.

Í landamerkjabréfi Hvols frá 17. júlí 1884, sem var þinglýst 14. ágúst 1885, er merkjum til fjalls að norðanverðu gagnvart Jökulsá lýst með sama hætti, þ.e. upp í

Jökulbotn undir Ytra-Dyrfjalli en að sunnanverðu gagnvart Gilsárköllum upp í „Dyrfjallsröðina framan við Dyrfjallsdyrnar“.

Í öllum tilvikum er merkjum þessara aðliggjandi jarða í Borgarfirði lýst upp í fjalls-tinda eða vörp milli Borgarfjarðar og Njarðvíkur, sem er í samræmi við afmörkun aðila á suðausturmörkum svæðisins.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að kröfusvæði ríkisins sé allt innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum Hrafnabjarga frá 1884, Unaóss frá 1885 og Njarðvíkur frá 1922. Það á sér einnig stöð í eldri heimildum um merki jarðanna og heimildum um merki aðliggjandi jarða. Jafnframt er niðurstaða nefndarinnar að gögn málsins styðji ekki aðgreiningu ríkisins milli óumdeilds eignarlands umræddra jarða og kröfusvæðisins við norðaustur- og vesturmörk svæðisins.

#### 7.4.1.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða kröfusvæðis ríkisins. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til hluta svæðisins er eignarréttarleg staða þess hluta til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli áður nefnds fyrirvara íslenska ríkisins þess efnis að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar væri þess óskað að óbyggðanefnd kannaði og skæri úr um hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda.

Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Uni Garðarsson hafi komið á land á Unaósi og reist sér þar bæ. Þá hafi hann numið land fyrir sunnan Lagarfljót, allt Hérað til Unalækjar. Einnig kemur þar fram að Þorkell fullskapur hafi numið Njarðvík alla og búið þar.

Af þessum frásögnum *Landnámu* og með hliðsjón af staðháttum eru að mati nefndarinnar mjög miklar líkur á að svæðið hafi verið numið. Gera verður þann fyrirvara að ekki kemur fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð og því ekki hægt að fullyrða með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hversrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda



hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins væri allt innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum Hrafnabjarga frá 1884, Unaóss frá 1885 og Njarðvíkur frá 1922. Það á sér einnig stoð í eldri heimildum um merki jarðanna og heimildum um merki aðliggjandi jarða. Eins og áður segir er krafa íslenska ríkisins um þjóðendu einkum á því byggð að kröfusvæðinu sé lýst sem afrétt í gögnum málsins. Í málinu er því einkum uppi það álitaefni hvort kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeild eignarlönd jarðanna sem um ræðir, þrátt fyrir að vera lýst innan merkja í landamerkjabréfunum án neinnar aðgreiningar.

Umfjöllun um afmörkun svæðisins hér að framan var skipt í þrennt. Fyrst var fjallað um þann hluta sem gerð er krafa til vegna Hrafnabjarga, næst um þann hluta sem ekki er gerð gagnkrafa til en tengist ríkisjörðinni Unaósi, og loks þann hluta sem gerð er krafa til vegna Njarðvíkur. Eins og áður greinir er svæðið innan merkja þessara jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Í eftirfarandi umfjöllun verður fyrst fjallað um þann hluta sem er innan merkja Hrafnabjarga og tengist náðið umfjöllun um það kröfusvæði ríkisins sem nefnist *Hrafnabjargaafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.2. Síðan verður fjallað um þá hluta sem samkvæmt framansögðu eru innan merkja Unaóss og Njarðvíkur samkvæmt landamerkjabréfum þeirra.

Líkt og áður segir snýst ágreiningur ríkisins og eiganda Hrafnabjarga á þessu svæði fyrst og fremst um staðsetningu Knararár á mörkum Hrafnabjarga og Unaóss. Eins og þar kemur fram, sbr. einnig kafla 7.4.2.1, telur nefndin að rétt sé að miða við þann farveg sem gagnaðili íslenska ríkisins byggir á að sé farvegur Knararár. Að fenginni þeirri niðurstöðu, og að öðru leyti með vísan til umfjöllunar um Hrafnabjörg og Hrafnabjargaafrétt í kafla 7.4.2.2, er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sem er innan merkja Hrafnabjarga samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar sé þjóðlenda.

Næst koma til skoðunar heimildir um eignarréttarlega stöðu lands innan merkja Unaóss samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar.

Fyrir liggur nokkur fjöldi skjala frá 17. öld og síðar sem varða reka fyrir landi Unaóss, einkum á svæðinu milli Ólafssands og Selvogs sem nefnist Gripdeild og er nyrst á kröfussvæði ríkisins, vestan Grasdals. Það svæði er innan merkja Unaóss samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1885. Af skjölum málsins verður ráðið að þrátt fyrir að talið hafi verið að Gripdeild væri í landi Unaóss ættu aðrir þar ítök, t.d. Áskirkja í Fellum, Húsavíkirkirkja og Hallormsstaðarkirkja.

Í lýsingu Hjaltastaðarsóknar frá 1842 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna er fjallað um Ósafrétt, einnig nefnd Ósfjall, sem er sögð yst á fjallgarðinum norðaustur frá Dyrfjalli, utan við Hrafnabjargaafrétt. Í umfjöllun um Unaós í sömu sóknarlýsingu segir að Ósafrétt liggir undir jörðina.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 kemur fram að á Unaósi sé afréttarland „sem álitíð er að gefi bóndanum 4<sup>rd</sup> inntekt á ári hverju“. Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur einnig fram að jörðinni fylgi upprekstrarland sem gefi af sér u.þ.b. 20 kr. árlega.

Líkt og áður segir liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Unaós frá 1885 og einnig lög-festa frá 1841 þar sem heildarmerkjum jarðarinnar er lýst. Þær lýsingar taka til alls þess hluta af kröfussvæði ríkisins sem ekki er gerð gagnkrafa til án þess að gerður sé greinarmunur á landi innan merkjanna.

Í svari frá Hjaltastaðarhreppi við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands frá 29. desember 1919 um almenninga segir að enginn almenningur og ekkert afréttarland sé í hreppnum sem ekki tilheyri einhverju lögbýli.

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979 er færður inn ódagsettur útdráttur úr lóðarsamningi vegna jarðarinnar Unaóss. Þar kemur fram að eigandi Unaóss hafi selt hlutafélaginu Framtíðinni á leigu lóð undir fjögur hús við Óshöfn í landi Unaóss, auk þess sem afmörkun lóðarinnar er lýst. Óshöfn er við Krosshöfða við ós Selfljóts, þar sem það rennur í Héraðsflóa, innan kröfussvæðis ríkisins. Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 2008 segir að á Krosshöfða hafi verið verslunarstaður á tímabilinu 1902–1945, nefndur Óshöfn. Þar kemur einnig fram að verslunin Framtíðin á Seyðisfirði hafi rekið þar verslun 1907–1923. Ætla má að fyrrnefndur lóðarsamningur hafi verið gerður vegna verslunarhúsa félagsins á svæðinu.

Í svari oddvita Hjaltastaðahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar 1989 um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa.

Fyrir liggur að sá hluti kröfussvæðis ríkisins sem er innan merkja Unaóss samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar er allur innan marka svæðis sem umhverfis- og auðlinda-ráðherra friðlýsti 2. júlí 2021 sem landslagsverndarsvæði með auglýsingu nr. 850/2021 á grundvelli 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 1. gr. auglýsingarinnar kemur fram að með henni séu friðlýstar jarðirnar Unaós-Heyskálar, Hrafnabjörg og hluti Sandbrekku. Af auglýsinguinni verður þannig ráðið að litið hafi verið svo á að hið friðlýsta

svæði hafi að öllu leyti verið innan merkja jarða og ekki er gerður fyrirvari um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Næst koma til skoðunar heimildir um eignarréttarlega stöðu lands innan merkja Njarðvíkur samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar.

Elstu fyrirliggjandi heimildir um Njarðvík eru skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 þar sem kirkju er getið í Njarðvík og máldagar Njarðvíkurkirkju frá 13. og 14. öld. Í máldaga frá 1397 kemur m.a. fram að kirkjan eigi svo mikið í heimalandi „sem prestskyýlldh heyrir“. Hið sama kemur fram í síðari heimildum um Njarðvíkurkirkju fram á 19. öld. Af gögnum málsins er ljóst að jörðin hefur að hluta verið kirkjueign og að hluta bændaegn. Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 segir t.d. að jörðin sé eign Njarðvíkurkirkju að hálfu og að hálfu bændaegn. Ýmsar heimildir liggja fyrir frá 16. öld og síðar um eigendaskipti á þeim hluta jarðarinnar sem var bændaegn, ýmist fyrir gjöf, kaup eða erfðir.

Í lýsingu á Desjamýrarsókn frá 1839–1840 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna kemur m.a. fram að selstöður hafi verið frá Njarðvík inni í vikinni „en ekki brúkaðar svo menn viti marga mannsaldrá“. Þar er einnig fjallað um afrétti í sókninni en ekki er getið um slíka í Njarðvík.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir m.a. um Njarðvík að jörðin eigi afrétt nóga og allgóða fyrir sitt fé og geti lánað öðrum afrétt fyrir um 200 fjár. Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin hafi nægilegt upprekstrarland fyrir ábúendur en ekki sé tekið fé frá öðrum.

Í svari frá Borgarfjarðarhreppi við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands frá 29. desember 1919 um almenninga segir að enginn almenningur og ekkert afréttarland sé í hreppnum sem ekki tilheyri einhverju lögbýli.

Líkt og áður segir liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Njarðvík frá 1922, eldra landamerkjabréf frá 1884 og nokkrar lögfestur fyrir Njarðvík frá 1821, 1833, 1843, 1845 og 1846 þar sem heildarmerkjum jarðarinnar er lýst. Þær lýsingar taka til alls svæðisins sem gerð er krafa til vegna jarðarinnar án þess að gerður sé greinarmunur á landi innan merkjanna.

Í ritinu *Göngur og réttir* V frá 1987 er fjallað um afréttarmál í Njarðvík í sérstökum kafla. Þar segir m.a. að Njarðvík eigi gott og víðáttumikið afréttarland, „kjarriaxin fjöll, hjalla, hlíðar og höfða, grösuga hvamma, bakka, mýrar, botna og móa. Þar sprettur allur hugsanlegur fjallagróður. [...] Þarna eru ágætir sumarhagar fyrir búpening og kjarnmikil vetrararbeit“. Einnig kemur m.a. fram að á Grasdal gangi margt fé á sumrum, einkum Héraðsfé, sem reynist mjög vænt. Fyrr á árum hafi trippi og geldneyti verið höfð á Grasdal yfir sumarið. Þá segir að neðan við Grasdal heiti Afrétt, sem sé stórt svæði þar sem brattir grasjaðrar liggja að sjó fram. Margt fé gangi á Afrétt, einkum Njarðvíkurfé, og þar sé gott sauðland. Einnig kemur fram að í Urðardal, Byrðu og Dyr-fjalladal sé sérstaklega gott afréttarland, enda gangi þar fjöldi fjár yfir sumarið, einkum Borgarfjarðarfé.

Í svari oddvita Borgarfjarðarhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar 1989 um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt segir að engar afréttir séu í hreppnum.

Auk framangreindra heimilda um Unaós og Njarðvík liggja einnig fyrir ýmis skjöl frá árunum 1828–1884 um ágreining milli eigenda jarðanna um eignarhald á Grasdal, líkt og áður hefur verið fjallað um. Af þeim verður ráðið að eigendur beggja jarða hafi álitnið Grasdal hluta jarða sinna. Við gerð landamerkjabréfa Unaóss og Njarðvíkur árið 1885 virðist deilan hafa verið leyst, enda er merkjum jarðanna í báðum landamerkjabréfunum lýst með sama hætti vestan Grasdals sem samkvæmt því fellur innan merkja Njarðvíkur.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hveurrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Sem fyrr segir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að þeir hlutar kröfusvæðis ríkisins sem hér eru til umfjöllunar séu að öllu leyti innan merkja Unaóss og Njarðvíkur samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna frá 1885 og 1922. Þar er heildarmerkjum jarðanna lýst og kröfusvæðið er ekki aðskilið frá öðru landi þeirra. Enginn greinarmunur er gerður á einstökum hlutum jarðanna og að mati nefndarinnar bendir það til þess að ekki hafi verið munur á eignarréttarlegri stöðu svæða innan merkja jarðanna. Þá eiga merkjalýsingar landamerkjabréfanna sér stoð í eldri heimildum um merki jarðanna, eins og áður er getið, og ekki liggja fyrir eldri heimildir sem mæla þeirri afmörkun í mót.

Þrátt fyrir að ágreiningur hafi verið um eignarhald á Grasdal á 19. öld bera gögn málsins með sér að hann hafi snúið að því hvort hann tilheyrði Unaósi eða Njarðvík. Af hálfu íslenska ríkisins er m.a. á því byggt að ágreiningurinn bendi til þess að svæðið hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti en að mati nefndarinnar benda gögn málsins þvert á móti til þess að það hafi verið afdráttarlaus afstaða eigenda jarðanna að Grasdalur hafi verið undirorpinn beinum eignarrétti og að gögn málsins styðji það. Þau benda m.a. til þess að Grasdalur hafi verið talsvert nýttur og að sú nýting hafi verið talin þýðingarmikil fyrir búskap á jörðunum. Að öðrum kosti hefðu svo miklar og langvarandi deilur varla risið. Telja verður að andmæli við lögfestum frá þessum tíma hafi verið vegna þessa ágreinings en ekki vegna óvissu um inntak eða eðli eignarréttinda á þeim svæðum sem um ræddi.

Kröfusvæði ríkisins er nokkuð vel gróið, sérstaklega á láglandari hlutum þess og nærri árfarvegum. Gróðurþekja minnkar þó eftir því sem ofar dregur. Að mati nefndarinnar mæla gróðurfur og staðhættir að öðru leyti ekki gegn því að stofnast hafi til beins

eignarréttar á svæðinu. Að svæðinu sunnanverðu liggur annað kröfusvæði ríkisins sem er til umfjöllunar í kafla 7.4.2 og þar sunnan við tekur við annað kröfusvæði ríkisins sem er til umfjöllunar í kafla 7.4.3. Þessi kröfusvæði ríkisins eru einnig í fjallgarðinum milli Útmannasveitar og Borgarfjarðar og þar eru gróðurfar og staðhættir sambærilegir. Sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu er þar um að ræða eignarlönd.

Íslenska ríkið byggir einkum á því að sá hluti þjóðlendukröfusvæðisins sem hér er til umfjöllunar sé afrétt sem einungis hafi verið undirorpin óbeinum eignarréttindum. Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Að mati óbyggðanefndar verður ekki fram hjá því litið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á landi innan þjóðlendukröfusvæðisins en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að notkun hugtaksins afrétt vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarluta sem beitolandi fremur en að endurspeglar mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðarinnar, sbr. til hliðsjónar úrskurð óbyggðanefndar frá 14. nóvember 2003 í máli nr. 5/2001 (Lón), að því er varðar jörðina Bæ í Lóni. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum Múlasýslna á 19. öld var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 2. gr. reglugerðar um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu, dags. 22. ágúst 1893, segir að það skuli heita afréttarland, er búsmala er eigið haldið í á sumrum og skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk á milli. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið *afrétt* hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa því með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til annars en að viðkomandi landeigendur hafi í gegnum tíðina farið með umráð og hagnýtingu yfir þjóðlendukröfusvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi tilheyrt eða verið nýtt af öðrum án leyfis landeigenda. Þvert á móti liggja fyrir heimildir um að landeigendur hafi leyft öðrum að nýta kröfusvæðið og jafnvel haft tekjur af því, sbr. umfjöllun um jarðirnar í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að kröfusvæði ríkisins hafi nokkru sinni haft stöðu samnotaafréttar. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að kröfusvæðið sé háð beinum eignarrétti.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til

þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

#### 7.4.2 Hrafnabjargaafrétt

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Hrafnabjargaafrétt*. Að svæðinu norðanverðu liggur óumdeilt eignarland Hrafnabjarga í Útmannasveit en krafa er gerð vegna jarðarinnar til alls ágreiningssvæðisins. Að svæðinu norðaustanverðu liggur það kröfusvæði ríkisins sem nefnt er *Ósafrétt og Grasdalur*, en austast liggur að svæðinu óumdeilt eignarland jarðanna Hvols og Gilsárvalla í Borgarfirði. Að svæðinu sunnanverðu liggur það kröfusvæði ríkisins sem nefnt er *Sandbrekkuafrétt* og að svæðinu vestanverðu liggur óumdeilt eignarland Þórsness í Útmannasveit.

Þjóðlendukröfusvæðið er í fjallgarðinum milli Útmannasveitar og Borgarfjarðar. Það tekur til hálfis Urðardals, norðan Urðardalsár, sem gengur inn í fjallgarðinn undir Dyrunum í Dyrfjöllum. Í Urðardal er m.a. náttúruvættið Stóruurð, sem var friðlýst sem slíkt árið 2021, og um dalinn rennur Urðardalsá sem sameinast Eiríksdalsá við dalsmynnið og heitir eftir það Jökulsá. Svæðið afmarkast af Urðardalsá og Jökulsá að sunnan- og vestanverðu en fjallseggjum ofan Urðardals frá upptökum Urðardalsár að Geldingaskörðum og svo Knarará að austan- og norðaustanverðu. Svæðið er lægst í um 200 m hæð á norðvesturmörkum þess við Jökulsá og Knarará en hækkar eftir því sem sunnar og austar dregur inn til fjalla og rís hæst í um 1.100 m hæð á Miðfelli á austurmörkunum. Svæðið er að miklu leyti vel gróið, sérstaklega á láglendari hlutum þess og nærri árfarvegum. Gróðurþekja minnkar þó eftir því sem ofar dregur. Frá bæjarstæði Hrafnabjarga er aðeins um 1 km í beinni loftlínu að þeim hluta ágreiningssvæðisins sem næst liggur.

Í kafla 7.4.2.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu byggist einkum á því að vísað sé til svæðisins sem afréttar Hrafnabjarga. Ágreiningur aðila snýr því einkum að því hvort ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.2.2.

#### 7.4.2.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða.

Kröfusvæði ríkisins afmarkast að mestu leyti af vatnsföllum og fjallgarðinum ofan Urðardals. Upphafspunktur kröfulínu ríkisins er í Knarará, austan við ásinn Valsunga. Þaðan er Knarará fylgt til upptaka í Geldingaskörðum, milli Útmannasveitar og Njarðvíkur. Svo er farið suður og austur eftir fjallgarðinum, um Súlur, Mjóadalsvarp, Miðfell og að upptökum Urðardalsár í Fremra-Dyrfjalli. Þaðan er Urðardalsá fylgt til vesturs um Urðardal þar til hún sameinast Eiríksdalsá og verður Jökulsá en Jökulsá er svo fylgt norðvestur á móts við upphafspunkt, þar sem dregin er bein lína úr Jökulsá í upphafspunkt í Knarará.

Eins og áður segir er gerð krafa til alls ágreiningssvæðisins vegna Hrafnabjarga með vísan til landamerkjabréfs jarðarinnar frá 7. maí 1884. Einkum er byggt á því að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfinu og sé eignarland á þeim grundvelli.

Í umræddu landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 7. maí 1884, sem var þinglýst 2. júní sama ár, er merkjum jarðarinnar lýst svo:

1. Milli Óss og Hrafnabjarga ræður Knarará alla leið frá Selfjótí upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan inn eggjar til upptaka Urðardalsár, ræður þá nefnd á landamerkjum af egg ofan Urðardal.
2. Þar er aðliggjandi Sandbrekkuland og rennur Urðardalsá í svo nefnda Jökulsá, sem ræður landamerkjum ofan fjallið þar til ofan á sléttlendi; þá ræður sá forni farvegur Jökulsár þaðan eins og hann liggur norðvestur í Selfjót ...

Samkvæmt landamerkjabréfinu ræður Knarará merkjum milli Hrafnabjarga og Unaóss, frá Selfjótí á láglandi og upp í Geldingaskörð. Þaðan ráða fjallseggjar að upptökum Urðardalsár. Gagnvart Sandbrekku að sunnan- og vestanverðu ráða svo Urðardalsá og Jökulsá merkjum. Samkvæmt þessu er ágreiningssvæðið allt innan merkja Hrafnabjarga eins og þeim er lýst í landamerkjabréfinu, en auk ágreiningssvæðisins tekur landamerkjalýsingin til óumdeilds eignarlands jarðarinnar norðan þess, allt að Selfjótí.

Í málinu liggja fyrir tvær eldri heimildir um merki Hrafnabjarga. Í vitnisburði frá 1602 er sagt frá landamerkjum jarðarinnar en þeim er lýst milli Knarará og Jökulsár og til fjalla eftir fjöllum ofan Urðardals milli upptaka ána tveggja.

Í byggingarbréfi fyrir Hrafnabjörg frá 1660 er merkjum jarðarinnar að norðanverðu lýst um Knarará þangað sem hún klýfur Rjúpnafell, en Rjúpnafell stendur undir Geldingaskörðum. Svo segir að Urðardalsá ráði merkjum upp á fjöll, en að framan ráði Jökulsá. Loks er þess getið að allur Eiríksdalur fylgi Hrafnabjörgum að Jökulsá, en að hún ráði merkjum að Selfjótí. Eiríksdalur er næsti dalur sunnan við Urðardal. Í byggingarbréfinu virðist merkjum þannig bæði lýst um Urðardalsá, sem rennur um Urðardal, og einnig þannig að hálfur Eiríksdalur tilheyri Hrafnabjörgum. Hið síðar-nefnda kann að skýrast af því að Urðardalur er stundum talinn ganga inn úr Eiríksdal

og þrátt fyrir að innsti hluti Eiríksdals sé sunnan Urðardals haldi fyrrnefndi dalurinn áfram neðan við ármót Eiríksdalsár og Urðardalsár. Þar eru t.d. Eiríksdalshlíðar austan Jökulsár, innan ágreiningssvæðisins. Því kann að vera að með þeirri lýsingu að Eiríksdalur tilheyri Hrafnabjörgum að Jökulsá sé átt við þann hluta dalsins sem er austan Jökulsár og utan Urðardals.

Í öllu falli er ljóst að ágreiningssvæðinu er öllu lýst innan merkja Hrafnabjarga í þessum tveimur skjölum frá 17. öld og þau styðja þannig við lýsingu á merkjum jarðarinnar í landamerkjabréfinu frá 1884. Í málinu liggja ekki fyrir önnur skjöl sem lýsa merkjum jarðarinnar.

Í svari oddvita Hjaltastaðahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar 1989 um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa. Um afmörkun segir aðeins eftirfarandi: „Að hreppamörkum við Borgarfjörð (Loðmundarfjörð) og Eiðabínghá.“ Ekki er fjallað nánar um innbyrðis afmörkun þessara svæða eða afmörkun þeirra gagnvart heimalöndum.

Aðilum málsins ber í öllum aðalatriðum saman um afmörkun ágreiningssvæðisins en þá greinir á um hvaða á sé Knarará, sem ræður norðausturmörkum svæðisins. Af hálfu ríkisins er miðað við á sem á kortum er merkt Knarará og rennur vestan við Rjúpnafell. Af hálfu gagnaðila ríkisins er hins vegar byggt á því að Knarará sé, og hafi um langan tíma verið, merkt rangt á kort og að hin raunverulega Knarará sé í reynd aðeins austar. Sú á rennur austan við Rjúpnafell undir Geldingaskörðum. Í ritinu *Sveitir og jarðir í Múlapingi* frá 1975 kemur fram að Knarará sé austan við þá á sem nafngreind er sem slík á kortum. Í byggingarbréfinu frá 1660 segir enn fremur að merki jarðarinnar séu um Knarará, þangað sem hún klýfur Rjúpnafell. Sú á sem gagnaðili ríkisins byggir á að miða eigi við rennur úr skarði í austanverðu Rjúpnafelli og lýsingin á ánni í byggingarbréfinu verður talin eiga betur við um hana heldur en ána sem íslenska ríkið miðar við. Þar að auki á fyrrnefnda áin greinilegri upptök við Geldingaskörð, en eins og áður segir lýsir landamerkjabréf jarðarinnar því að Knarará ráði merkjum milli Hrafnabjarga og Unaóss frá Selfljóti í Geldingaskörð. Að teknu tilliti til alls þessa fellst nefndin á að rétt sé að miða við þann farveg sem gagnaðili íslenska ríkisins byggir á að sé farvegur Knarará.

Að ágreiningssvæðinu norðaustanverðu liggur það kröfussvæði ríkisins sem nefnt er *Ósafrétt og Grasdalur* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.1. Norðan þess svæðis er óumdeilt eignarland Unaóss í Útmannasveit en gerð er krafa til syðri hluta svæðisins vegna jarðarinnar Njarðvíkur í samnefndri vik. Í landamerkjabréfi Unaóss frá 8. maí 1885 er merkjum gagnvart Hrafnabjörgum lýst með sama hætti og í landamerkjabréfi Hrafnabjarga, þ.e. um Knarará frá Selfljóti upp í Geldingaskörð. Í landamerkjabréfi Njarðvíkur frá 1. júlí 1885 er merkjum gagnvart Hrafnabjörgum lýst svo:

Milli Njarðvíkur og Hrafnabjarga: Af Mjóadalsvarpi út eggjar norðan megin vikurinnar þangað til Óssland tekur við.



Báðar þessar lýsingar eru í samræmi við afmörkun aðila á norðausturhluta ágreiningssvæðisins.

Að austanverðu liggur að ágreiningssvæðinu óumdeild eignarlönd jarðanna Hvols og Gilsárvallda í Borgarfirði. Í landamerkjabréfi Hvols frá 17. júlí 1884 er merkjum að utanverðu lýst til fjalls í Ytra-Dyrfjall en að innanverðu „upp í Dyrfjallsröðina framan við Dyrfjallsdyrnar“. Í landamerkjabréfi Gilsárvallda er merkjum til fjalla lýst upp í Dyrfjall að utanverðu en Tindfellsöxl að innanverðu. Í báðum landamerkjabréfunum er merkjum jarðanna lýst upp í fjallshrygginn milli Útmannasveitar og Borgarfjarðar sem er í samræmi við afmörkun aðila á austurmörkum ágreiningssvæðisins.

Að svæðinu sunnanverðu liggur kröfusvæði ríkisins sem nefnt er *Sandbrekkuafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.3. Þar norðan við liggur óumdeilt eignarland Þórsness í Útmannasveit að vesturmörkum ágreiningssvæðisins. Gerð er krafa til alls kröfusvæðis ríkisins á *Sandbrekkuafrétt* vegna Sandbrekku í Útmannasveit, en einnig er gerð krafa til hluta þess vegna Þórsness. Báðar kröfurnar byggjast á landamerkjabréfi Sandbrekku frá 20. júní 1884, en á þeim tíma var Þórsnes, sem þá hét Hlaupandagerði, hjáleiga frá Sandbrekku. Í umræddu landamerkjabréfi er merkjum gagnvart Hrafnabjörgum lýst um Jökulsá, allt frá Selfljóti og upp í Jökul, sem liggur undir Fremra-Dyrfjalli í Urðardal, og þaðan upp á háeggjar. Að teknu tilliti til staðháttanna á svæðinu er ljóst að í landamerkjabréfinu er heitið Jökulsá einnig notað um Urðardalsá, allt til upptaka í Urðardal. Lýsing landamerkjabréfsins er þannig í samræmi við afmörkun aðila á suður- og vesturmörkum kröfusvæðisins.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu eigi sér stoð í gögnum málsins, að því undanskildu að gögn málsins styðja ekki afmörkun íslenska ríkisins á norðausturhluta ágreiningssvæðisins sem miðast við Knarará. Hins vegar er niðurstaða nefndarinnar að rétt sé að miða við þann farveg sem gagnaðili íslenska ríkisins byggir á að sé farvegur Knarará. Að teknu tilliti til þessa er ljóst að ágreiningssvæðið er allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1884. Eldri heimildir um merki jarðarinnar og heimildir um merki aðliggjandi jarða og landsvæða styðja við þá niðurstöðu.

#### 7.4.2.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Uni Garðarsson hafi komið á land á Unaósi og reist sér þar bæ. Þá hafi hann numið land fyrir sunnan Lagarfljót, allt Hérað til Unalækjar.

Af þessari frásögn *Landnámu* og með hliðsjón af staðháttum eru að mati nefndarinnar miklar líkur á að ágreiningssvæðið hafi verið numið, a.m.k. að mestu leyti. Gera verður þann fyrirvara að ekki kemur fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð og því ekki hægt að fullyrða með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í mál-dögum, vísitási- og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Fram-afréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfussvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja Hrafnabjarga samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884. Eins og áður segir er krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu einkum á því byggð að ágreiningssvæðinu sé lýst sem afrétt Hrafnabjarga í sóknarlýsingu Hjaltastaðasóknar frá 1842, auk þess sem fram kemur í svari oddvita Hjaltastaðahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar 1989 um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt að Hrafnabjargafjall sé meðal svæða þar sem íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt. Í málinu er því einkum uppi það álitaefni hvort ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar, þrátt fyrir að vera lýst innan merkja í landamerkjabréfinu án neinnar aðgreiningar.

Elsta fyrirbyggjandi skjal um Hrafnabjörg er vitnisburður frá 1598 um að Hrafnabjörg eigi selför í Heyskálalandi. Sá sem gaf vitnisburðinn kvaðst jafnframt hafa heyrt elstu menn segja að Unaós ætti selför í Eiríksdal í landi Hrafnabjarga. Fyrir liggur annar vitnisburður frá 1602 þar sem kemur fram að Hrafnabjörg eigi selför í Heyskálalandi. Þar er einnig fjallað um merki jarðarinnar sem áður hefur verið vikið að.

Fyrir liggja ýmis skjöl sem varða yfirfærslu eignarréttar að jörðinni, í heild eða að hluta, allt frá 17. öld og fram á 19. öld.

Í lýsingu Hjaltastaðasóknar frá 1842 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna er fjallað um Hrafnabjargaafrétt. Þar segir að hún sé áföst Ósfjalli og gangi beint inn frá því og inn að Dyrfjalli, en milli Súlna og Dyrfjalls liggja dalur sá er heiti Urðardalur. Í umfjöllun um Hrafnabjörg í sömu sóknarlýsingu kemur fram að Hrafnabjargaafrétt liggja undir jörðina.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir m.a. um Hrafnabjörg að „í afréttartollum gjaldast bóndanum árlega hérumbil 2<sup>rd</sup>“ og í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðinni fylgi upprekstrarland fyrir u.þ.b. 500 fjár, en engar tekjur hafi fengist af því undanfarin ár.

Í svari oddvita Hjaltastaðahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar 1989 um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa.

Fyrir liggur að ágreiningssvæðið er allt innan marka svæðis sem umhverfis- og auðlindaráðherra friðlýsti 2. júlí 2021 sem landslagsverndarsvæði með auglýsingu nr. 850/2021 á grundvelli 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem hluti ágreiningssvæðisins, í Urðardal, var með sömu auglýsingu friðlýstur sem náttúruvættið Stóruð á grundvelli 48. gr. laganna. Í 1. gr. auglýsingarinnar kemur fram að með henni séu friðlýstar jarðirnar Unaós-Heyskálar, Hrafnabjörg og hluti Sandbrekku. Af auglýsinguinni verður þannig ráðið að litið hafi verið svo á að hið friðlýsta svæði hafi að öllu leyti verið innan merkja jarða og ekki er gerður fyrirvari um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hveftrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Sem fyrr segir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins sé allt innan merkja Hrafnabjarga samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884. Þar er heildarkerkjum jarðarinnar lýst og kröfusvæðið er ekki aðskilið frá öðru landi hennar. Enginn greinarmunur er gerður á einstökum hlutum jarðarinnar og að mati nefndarinnar bendir það til þess að ekki hafi verið munur á eignarréttarlegri stöðu svæða innan merkjanna. Þá á lýsing landamerkjabréfsins á merkjum jarðarinnar sér stoð í eldri heimildum frá 17. öld og ekki liggja fyrir eldri heimildir sem mæla þeirri afmörkun í mót.

Ágreiningssvæðið er að miklu leyti vel gróið, sérstaklega á láglandari hlutum þess og nærri árfarvegum. Gróðurþekja minnkar þó eftir því sem ofar dregur. Að mati nefndarinnar mælir gróðurfar þannig ekki gegn því að stofnast hafi til beins eignarréttar,

einkum þegar horft er til þess að aðliggjandi svæði til austurs, handan Dyrfjalla í Borgarfirði, er um margt mjög sambærilegt gróðurfarslega en engu að síður óumdeilt eignarland jarða í Borgarfirði. Ekki verður séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfar bendi til þess að ágreiningssvæðið hafi síður orðið undirorpið beinum eignarrétti en þessi aðliggjandi svæði. Þessi atriði eru til þess fallin að styðja við niðurstöðu um að réttindi innan kröfusvæðisins hafi falist í beinum eignarrétti fremur en óbeinum, enda er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Að svæðinu norðaustanverðu og sunnanverðu liggja önnur kröfusvæði ríkisins sem eru til umfjöllunar í köflum 7.4.1 og 7.4.3. Sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu er þar um að ræða eignarlönd.

Íslenska ríkið byggir einkum á því að þjóðlendukröfusvæðið sé afrétt sem einungis hafi verið undirorpin óbeinum eignarréttindum. Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Að mati óbyggðanefndar verður ekki fram hjá því litið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á landi innan ágreiningssvæðisins en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að notkun hugtaksins afréttur vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitolandi fremur en að endurspeglar mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðarinnar, sbr. til hliðsjónar úrskurð óbyggðanefndar frá 14. nóvember 2003 í máli nr. 5/2001 (Lón), að því er varðar jörðina Bæ í Lóni. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum Múlasýslna á 19. öld var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 2. gr. reglugerðar um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu, dags. 22. ágúst 1893, segir að það skuli heita afréttarland, er búsmala er eigið haldið í á sumrum og skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk á milli. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið *afrétt* hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa því með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til annars en að viðkomandi landeigendur hafi í gegnum tíðina farið með umráð og hagnýtingu yfir þjóðlendukröfusvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi tilheyrt eða verið nýtt af öðrum án leyfis landeigenda. Þvert á móti liggja fyrir heimildir um að land-

eigendur hafi haft tekjur af því að leyfa öðrum að nýta ágreiningssvæðið. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að kröfusvæði ríkisins hafi nokkru sinni haft stöðu samnotaafréttar. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er einnig byggt á því að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamrýmanleg þeirri ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2021 að friðlýsa svæðið sem landslagsverndarsvæði, og að hluta sem náttúruvætti, með auglýsingu nr. 850/2021. Byggt er á því að umhverfis- og auðlindaráðherra hafi með umræddri ákvörðun, og í aðdraganda hennar, fyrirvaralaust lagt til grundvallar að hluti hins friðlýsta svæðis væri háð beinum eignarrétti gagnaðila ríkisins. Til stuðnings þessari málsástæðu er vísað til dóma Hæstaréttar í málum nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) og 94/2017 (Hvassafellsdalur). Í þessum dómum réðu tilteknar athafnir ríkisins, sem taldar voru ósamrýmanlegar síðari þjóðlendukröfum, niðurstöðum um að þau svæði sem deilt var um væru eignarlönd en ekki þjóðlendur. Um þetta atriði má einnig vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) og úrskurða óbyggðanefndar í málum nr. 3/2016 (Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár) og 4/2018 (Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla). Hins vegar er niðurstaða óbyggðanefndar að önnur atriði sem hér hefur verið fjallað um leiði til þeirrar niðurstöðu að ágreiningssvæðið sé ekki þjóðlenda og í því ljósi kemur þessi málsástæða gagnaðila ríkisins ekki til frekari skoðunar.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

### 7.4.3 Sandbrekkuafrétt

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Sandbrekkuafrétt*. Að vestasta hluta norðurmarka svæðisins liggur óumdeilt eignarland Þórsness í Útmanasveit og þar vestan við, norðvestan þjóðlendukröfusvæðisins, er óumdeilt eignarland Sandbrekku í sömu sveit. Af hálfu eiganda Sandbrekku er gerð krafa til alls kröfusvæðis ríkisins en einnig er gerð krafa til lítils hluta af norðanverðu kröfusvæðinu af hálfu eiganda Þórsness. Þrátt fyrir að kröfur gagnaðila ríkisins skarist á kröfulínukorti er ljóst að þær miðast við sömu örnefni og fram kemur í greinargerð eiganda Sandbrekku að ekki sé ágreiningur milli gagnaðila ríkisins um afmörkun Þórsness. Að austari hluta norðurmarka svæðisins liggur það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Hrafnabjargaafrétt*. Að nyrsta hluta austurmarka svæðisins liggur óumdeilt eignarland Gilsárvalla í Borgarfirði en þar sunnan við liggur

Það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Afréttir Hólalands og Hvannstóðar* að austurmörkum svæðisins. Að syðsta hluta austurmarka svæðisins liggur óumdeilt eignarland Stakkahlíðar í Loðmundarfirði. Að svæðinu sunnanverðu og að syðsta hluta vestanverðs svæðisins liggur það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Hraundalur og Kirkjutungur*. Þar norðan við liggja að vestanverðu svæðinu óumdeild eignarlönd Kóreksstaða og Dala í Útmannasveit.

Þjóðlendukröfusvæðið er í fjallgarðinum milli Útmannasveitar og Borgarfjarðar, auk þess sem syðsti hluti þess er milli Útmannasveitar og Loðmundarfjarðar. Svæðið afmarkast að vestanverðu af Bjarglandsá og að austanverðu af fjallseggjum á fjallgarðinum, allt frá Fremra-Dyrfjalli í Urðardal í norðri að Hraundalsvarpi í Hraundal í suðri. Svæðið tekur þannig til hálfes Urðardals, Eiríksdals, Sandadals og hálfes Hraundals. Um svæðið renna nokkur vatnsföll. Bjarglandsá afmarkar svæðið að sunnan- og vestanverðu, frá upptökum í Hraundal og norður að þeim stað þar sem Sellækur rennur í hana. Bjarglandsá er einnig stundum nefnd Hraundalsá í Hraundal og svo Bjarglandsá þegar komið er út úr dalnum. Norðan Hraundals stendur Beinageitarfjall en ofan af því rennur Stangará til vesturs í Bjarglandsá um Stangarárfjall. Norðan Beinageitarfjalls er Sandadalur, sem afmarkast að norðanverðu af Grjótfjalli og Tindfelli, og um hann rennur Sandá frá Sandaskörðum til vesturs í Bjarglandsá. Norðan Tindfells og Grjótafjalls er Eiríksdalur en Lambamúli skilur hann frá Urðardal sem er næsti dalur þar norðan við. Um Eiríksdal rennur Eiríksdalsá ofan af Eiríksdalsvarpi en neðan við Lambamúla sameinast hún Urðardalsá sem rennur ofan úr Urðardal. Eftir að árnar sameinast nefnist áin Jökulsá. Norðurmörk svæðisins eru að hluta til miðuð við Urðardalsá og Jökulsá. Þau miðast einnig við Sellæk, sem rennur ofan af Háubrun undir Hálsmúla, sem er vestan Urðardals og Eiríksdals, niður í Bjarglandsá. Svæðið er lægst í um 100 m hæð á norðvesturmörkunum en stærstur hluti þess er í um 200–600 m hæð. Hæst rís svæðið á fjallstindum á austurmörkunum í allt að 1.100 m hæð. Svæðið er nokkuð vel gróið, sérstaklega á láglandari hlutum þess og nærri árfarvegum. Gróðurþekja minnkar þó eftir því sem ofar dregur. Frá bæjarstæðum Sandbrekku og Þórsness að þeim hluta ágreiningssvæðisins sem næst þeim liggur eru á bilinu 2–2,5 km.

Í kafla 7.4.3.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu byggist einkum á því að vísað sé til svæðisins í heimildum sem afréttar Sandbrekku. Ágreiningur aðila snýr því einkum að því hvort ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland þeirra jarða sem um ræðir. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins.

Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.3.2.

#### 7.4.3.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða.

Upphafspunktur kröfulínu íslenska ríkisins er á Hraundalsvarpi á vatnaskilum milli Útmannasveitar og Loðmundarfjarðar á suðausturhorni kröfusvæðisins. Að sunnan- og vestanverðu afmarkast kröfusvæðið af Bjarglandsá<sup>1484</sup> frá upptökum á Hraundalsvarpi norður að þeim stað þar sem Sellækur rennur í ána. Á vestasta hluta norðanverðs svæðisins er Sellæk fylgt að upptökum og er kröfulínan því næst dregin norður í Jökulsá. Kröfulínan er svo dregin til austurs eftir Jökulsá í Urðardalsá og eftir henni að upptökum í Dyrfjöllum. Þaðan er háeggjum á fjallgarðinum milli annars vegar Útmannasveitar og hins vegar Borgarfjarðar og Loðmundarfjarðar fylgt suður í upphafspunkt á Hraundalsvarpi. Afmörkun ríkisins á þjóðlendukröfusvæðinu styðst fyrst og fremst við landamerkjabréf Sandbrekku frá 20. júní 1884, lýsingar á Sandbrekkuafrétt frá 1842 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna og afmörkun á Sandbrekkuafrétt gagnvart Þórsnesi í *Árbók* Ferðafélags Íslands 2008. Eins og áður segir er gerð krafa til alls kröfusvæðisins vegna Sandbrekku og lítils hluta af norðanverðu kröfusvæðinu vegna Þórsness, sem áður hét Hlaupandagerði og var hjáleiga frá Sandbrekku. Kröfur gagnaðila ríkisins byggjast á því að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja þeirra og eignarland á þeim grundvelli.

Landamerkjabréf Sandbrekku frá 20. júní 1884, sem var þinglýst 2. júlí sama ár, var útbúið áður en Þórsnesi var skipt út úr jörðinni. Þar er heildarmerkjum jarðarinnar lýst og þau taka einnig til þess svæðis sem nú tilheyrir Þórsnesi. Í landamerkjabréfinu er merkjum gagnvart Hrafnabjörgum, næstu jörð norðan við Sandbrekku og Þórsnes, lýst úr Selfljóti um gamlan farveg Jökulsár, sem er sögð ráða landamerkjum allt í Jökul „er liggur undir Dyrfjalli“. Jökull er í botni Urðardals og því er ljóst að merkjum er lýst um Jökulsá og svo Urðardalsá að upptökum í Urðardal, en eins og áður segir sameinast Urðardalsá og Eiríksdalsá og heita eftir það Jökulsá. Í landamerkjalyðingunni er hins vegar talað um Jökulsá allt að upptökum Urðardalsár í Urðardal. Þaðan er merkjum lýst eftir háeggjum „sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp“ og svo eftir Bjarglandsá til vesturs og norðurs. Af samhengi við lýsingu landamerkjabréfsins á norðvesturmörkum jarðarinnar má ráða að Bjarglandsá ráði merkjum allt norður í Sellækjarós.

Að mati nefndarinnar er samkvæmt þessu ljóst að kröfusvæði ríkisins er allt innan merkja Sandbrekku samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884. Auk landa-

<sup>1484</sup> Eins og áður segir er Bjarglandsá einnig stundum nefnd Hraundalsá í Hraundal og svo Bjarglandsá þegar komið er út úr dalnum.

merkjabréfsins liggja fyrir eldri heimildir sem geta um afmörkun jarðarinnar eins og nú verður rakið.

Fyrir liggur afrit af vitnisburði frá 1604 um landamerki milli Sandbrekku og nágrannajarðarinnar Dala. Þar er merkjum lýst um tiltekin kennileiti milli bæjarstæða jarðanna, sem eru norðvestan ágreiningssvæðisins, og „austur í á“. Að teknu tilliti til staðháttá er ljóst að merkjum er lýst austur í Bjarglandsá, sem ræður vesturmörkum ágreiningssvæðisins.

Í lýsingu á Hjaltastaðarsókn frá 1842 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna er að finna umfjöllun um Sandbrekkuafrétt. Þar segir að hún gangi „inn frá Hrafnabjargafjalli fram fyrir neðan Dyrfjall, Sandadalsfjall og Beinageitarfjall“. Fram kemur að Sandbrekkuafrétt, sem sé langstærst afrétta í sókninni, tilheyrir Eiríksdalur, Sandadalur og hálfur Hraundalur, „Beinageitarfjalls megin upp á varp“.

Hinn 26. maí 1845 komu fram mótmæli við lögfestu sr. Guttorms Þorsteinssonar prófests á Hofi, að því marki sem hún varðaði hluta Hraundals. Sú lögfesta hefur ekki fundist við rannsókn málsins þrátt fyrir ítarlega leit. Í mótmælalögfestunni kemur fram að mótmælendur telji hluta Hraundals, þ.e. frá Hraundalsvarpi og út í Ytri-Stangará á sunnanverðu ágreiningssvæðinu, vera sameiginlega eign hreppsmanna eða almenning „eptir skikkanlegra og eldstu manna Vitnisburdum ásamt almennings ordromi“. Slíkir vitnisburðir hafa þó ekki fundist við rannsókn málsins. Þar kemur einnig fram að svæðið hafi fyrst verið eignað Sandbrekku í lögfestu sr. Árna Þorsteinssonar fyrir jörðina, en fyrir liggur að Árni var áður eigandi jarðarinnar, sbr. t.d. jarðamat Norður-Múlasýslu 1804 þar sem hann er skráður eigandi. Umrædd lögfesta hefur hins vegar heldur ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Þá kemur fram að hreppstjóri, sem bjó á Sandbrekku, „protesteradi i kröftugasta mata“ á móti mótmælalögfestunni á manntalsþinginu þar sem hún var þinglesin, og taldi Hraundal vafalaus eign ábýlisjarðar sinnar. Af þessari mótmælalögfestu má ráða að tvær aðrar eldri lögfestur fyrir Sandbrekku, sem ekki hafa fundist þrátt fyrir leit, hafi legið fyrir, önnur eftir sr. Guttorm Þorsteinsson og hin eftir sr. Árna Þorsteinsson. Miðað við efni mótmælalögfestunnar er líklegt að í þessum tveimur eldri lögfestum hafi merkjum Sandbrekku verið lýst allt suður í Hraundal.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir að Sandbrekku fylgi afrétt milli Bjarglandsár og Jökulsár.

Fyrir liggur lögfesta frá 9. apríl 1852 fyrir Sandbrekku með hjáleigunni Hlaupanda-gerði þar sem merkjum jarðarinnar er m.a. lýst. Sá hluti lögfestunnar sem viðkemur ágreiningssvæðinu er svohljóðandi:

að utanverðu úr téðu Selfljóti réttlínis í svokallaðann Bol eður þann gamla farveg Hrafnabjargarár allt í hana sjálfa þá hún þareptir ræður landamerkjum allt uppá Eiríksdalsvarp og svo þaðan í Hraundalsvarp og ofan aptur á Hraundalinn allt eptir því sem Bjarglandsá rennur úteptir sem skamtan landamerki allt til fyrstgreindu takmarka móts við Dalarétt.

Hér er merkjum lýst um Hrafnabjargará upp á Eiríksdalsvarp, þaðan áfram á Hraundalsvarp og svo eftir Bjarglandsá. Hrafnabjargará er ekki þekkt örnefni á svæðinu núna



en að teknu tilliti til staðháttu verður að ætla að átt sé við Jökulsá sem er á mörkum Hrafnabjarga og Sandbrekku samkvæmt landamerkjabréfum beggja jarða. Þegar ofar dregur skiptist Jökulsá í Urðardalsá, sem rennur um Urðardal, og Eiríksdalsá, sem rennur um Eiríksdal. Ármót þeirra eru neðan við Lambamúla sem skilur á milli Urðardals og Eiríksdals. Þar sem lögfestan lýsir merkjum upp á Eiríksdalsvarp má ætla að lýsingin miðist við þá kvísl Jökulsár sem kemur úr Eiríksdal og nefnist Eiríksdalsá þegar ofar dregur, þ.e. sunnan Lambamúla. Eins og áður segir lýsir landamerkjabréf Sandbrekku frá 1884 norðurmörkum jarðarinnar eftir Jökulsá upp í Jökul, sem er í botni Urðardals, og þessi lögfesta frá 1852 lýsir þeim hluta merkjanna því aðeins sunnar þar sem Eiríksdalur er næsti dalur sunnan Urðardals. Að öðru leyti er hún í samræmi við landamerkjabréfið frá 1884. Í lögfestunni frá 1852 segir að hún sé m.a. grundvölluð á lögfestu frá 1798. Lögfesta frá 1798 hefur ekki fundist við rannsókn málsins þrátt fyrir ítarlega leit. Í mótmælalögfestunni frá 1845 sem áður er fjallað um kemur fram að sr. Árni Þorsteinsson hafi lögfest land jarðarinnar og ætla má að lögfestan frá 1798, sem hér er vísað til, kunni að vera sú lögfesta, enda liggur fyrir að sr. Árni var a.m.k. orðinn eigandi Sandbrekku árið 1804 samkvæmt jarðamati Norður-Múlasýslu það ár. Þrátt fyrir að lögfestan frá 1798 hafi ekki fundist benda þessar tvær lögfestur frá 1845 og 1852 til þess að land Sandbrekku hafi verið lögfest árið 1798 og merkjum jarðarinnar þá lýst allt suður í Hraundal. Um það er þó ekki hægt að fullyrða.

Fyrir liggur önnur lögfesta Sandbrekku frá 6. júní 1872 þar sem merkjum jarðarinnar, að því er varðar ágreiningssvæðið, er lýst svo:

Að utanverðu úr téðu Selfljóti réttlínis í svo kallaðan Bol eður þann gamla farveg Jökulsáar allt í Jökulsána sjálfa og ræður þareptir hin jökullitaða á landamerkjum að upptökum sínum undir jöklinum neðan við fremra dýrfjall, og frá því takmarki ræður bein stefna uppá há Eyriksdalsvarp, og svo þaðan á Hraundalsvarp, og ofan aptur í Hraundalinn, allt eptir því sem Bjarglandsá rennur út eptir sem deilir löndum til fyrst greindra takmarka út á mots við Dalarétt.

Hér er norðurmörkum lýst með sama hætti og í landamerkjabréfinu frá 1884, eftir Jökulsá að upptökum í jöklinum neðan við Fremra-Dýrfjall, þ.e. í botni Urðardals, þaðan í Eiríksdalsvarp og áfram suður á Hraundalsvarp og svo eftir Bjarglandsá.

Í svari oddvita Hjaltastaðarhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins frá 20. febrúar 1989 um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa. Um afmörkun segir eftirfarandi: „Að hreppamörkum við Borgarfjörð (Loðmundarfjörð) og Eiðaþinghá.“ Mörkum er þar ekki lýst nánar, t.d. á milli mismunandi afrétta.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að ágreiningssvæðið er allt innan merkja Sandbrekku samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884. Landamerkjalykingin þar fær einnig stoð í eldri skjölum, lögfestum Sandbrekku frá 1852 og 1872, auk þess sem vísendingar eru um að tvær aðrar lögfestur, önnur frá 1798 og hin líklega frá 1845 eða skömmu áður, sem ekki hafa fundist, hafi lýst merkjum með sambærilegum hætti, þó að ekki sé hægt að fullyrða um það. Þá liggur fyrir mótmælalögfesta frá 1845 þar sem

Því er mótmælt að syðsti hluti ágreiningssvæðisins, þ.e. sunnan Ytri-Stangarár, tilheyrir Sandbrekku og því haldið fram að sá hluti svæðisins hafi verið almenningur. Það fær hins vegar ekki stoð í öðrum gögnum málsins, auk þess sem fyrir liggur að mótmælalögfestunni var andmælt þegar við þinglestur hennar á manntalsþingi.

Sem fyrr segir er gerð krafa vegna Þórsness til lítils hluta af norðanverðu ágreiningssvæðinu en óumdeilt eignarland Þórsness liggur að vestari hluta norðurmarka ágreiningssvæðisins. Þórsnes hét áður Hlaupandagerði en nafni jarðarinnar var breytt árið 1914. Hlaupandagerði var hjáleiga frá Sandbrekku fram að lokum 19. aldar þegar hún varð sjálfstæð jörð. Það var eftir gerð landamerkjabréfs Sandbrekku árið 1884 og 10. nóvember 1921 var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Þórsnes, sem var þinglýst 19. júlí 1922. Þar er merkjum jarðarinnar lýst svo:

Að sunnan ræður Sellækur þaðan sem hann fellur í Bjarglandsá og upp á Háubrun. Síðan beina stefnu úr Sellæk, þar sem hann fellur af Háubrun og austur í Álfasteina ytri og úr þeim í Jökulsá.

Að austan ræður Jökulsá alt þar til hennar gamli farvegur, er Bolur nefnist, liggur úr henni norður í Bjarglandsá. Í honum eru mörkin.

Að norðan og vestan ræður Bjarglandsá.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir um landamerki Þórsness:

1. Að framan ræður Sellækur frá Bjarglandsá uppá Háubrun, þaðan bein lína í Álfasteina ytri. 2. Að vestan og norðan ræður Bjarglandsá. 3. Að utan ræður gaddavirsgirðing frá Selfljóti í Jökulsá uppá árósum Eiríksdals og Urðardals-áa.

Þessar lýsingar eru í samræmi við afmörkun eiganda Þórsness á kröfu vegna jarðarinnar, sem eins og áður segir tekur til lítils hluta af norðanverðu ágreiningssvæðinu og afmarkast af línu sem dregin er frá Háubrun, þar sem Sellækur fellur fram af henni, til austurs í Álfasteina ytri og þaðan í Jökulsá sem svo er fylgt til norðvesturs.

Kröfulína ríkisins er hins vegar dregin með aðeins öðrum hætti á þessum hluta svæðisins. Hún fylgir Sellæk til upptaka og liggur svo þaðan beint norður í Jökulsá, en fylgir henni svo til fjalls. Ekki verður séð að fyrirliggjandi heimildir um merki Sandbrekku eða Þórsness veiti afmörkun ríkisins á þessum hluta svæðisins stoð.

Næst koma til skoðunar heimildir um aðliggjandi jarðir og landsvæði umhverfis kröfusvæði ríkisins.

Eins og áður segir liggur að austari hluta norðurmarka ágreiningssvæðisins það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Hrafnabjargaafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.2. Gerð er krafa til þess svæðis vegna Hrafnabjarga. Samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 7. maí 1884 ráða Jökulsá og Urðardalsá suðurmörkum hennar allt á fjall upp gagnvart Sandbrekku. Það er í samræmi við afmörkun aðila á austari hluta norðurmarka svæðisins.

Að nyrsta hluta austurmarka svæðisins liggur óumdeilt eignarland Gilsárvalla í Borgarfirði. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 20. desember 1921 er merkjum til fjalla að utanverðu lýst í Dyrfjall og að innanverðu á Tindfellsöxl, þ.e. í tinda á fjallgarðinum milli Útmannasveitar og Borgarfjarðar.

Að stærsta hluta austurmarka svæðisins liggur það kröfusvæði ríkisins sem nefnist *Afréttarland Hólalands og Hvannstóðar* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.5. Gerðar eru kröfur til þess svæðis vegna annars vegar Hólalands og Hólalandshjáleigu og hins vegar Hvannstóðs, en allar eru jarðirnar í Borgarfirði. Í landamerkjabréfi Hólalands frá 27. desember 1921 er norðurmerkjum jarðarinnar gagnvart Gilsárvöllum lýst með sama hætti og í landamerkjabréfi Gilsárvala, eða á Tindfellsöxl. Þaðan eru hæstu fjallaraðir sagðar ráða í Mýnesskörð, sem eru sunnarlega á austurmörkum ágreiningssvæðisins. Í landamerkjabréfi Hvannstóðs frá 24. nóvember 1921 er merkjum til fjalla lýst í Mýrnesskörð og svo eftir fjallseggjum að Lambadalsá, sem er austan ágreiningssvæðisins.

Að syðsta hluta austurmarka svæðisins liggur óumdeilt eignarland Stakkahlíðar í Loðmundarfirði. Landamerkjabréf jarðarinnar frá 6. mars 1890 lýsir merkjum m.a. „eptir Skúmhattudalsá á varp upp, og eptir það eptir vörpum allt í kring þar til Karlfellsröðin syðri tekur við“.

Samkvæmt framangreindu er merkjum jarða sem liggja að austurmörkum ágreiningssvæðisins lýst um fjallseggjar og tinda á fjallgarðinum sem skilur Útmanna sveit frá Borgarfirði og Loðmundarfirði. Það er í samræmi við afmörkun aðila á austurmörkum svæðisins.

Að svæðinu sunnanverðu og að syðsta hluta vestanverðs svæðisins liggur það kröfusvæði ríkisins sem nefnist *Hraundalur og Kirkjutungur* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.4. Í ódagsettu landamerkjabréfi Hjaltastaðar í Útmannasveit, sem var þinglýst 2. júlí 1884, er greint frá afréttarlandi í eigu staðarins. Þar er merkjum þess m.a. lýst um Bjarglandsá frá efstu fjallseggjum.

Að vestanverðu svæðinu að öðru leyti liggja óumdeild eignarlönd Kóreksstaða og Dala í Útmannasveit. Í landamerkjabréfi Kóreksstaða frá apríl og maí 1884 er sunnanverðum merkjum gagnvart Ánastöðum lýst beina stefnu úr Hölknárós, þ.e. þar sem Hölkná rennur í Bjarglandsá. Norðanverðum merkjum gagnvart Dölum er lýst í Söðulklett við Bjarglandsá. Þá segir að Bjarglandsá ráði merkjum milli Kóreksstaða og Sandbrekkuafréttar. Í landamerkjabréfi Dala frá 2. júlí 1884 er merkjum gagnvart Kóreksstöðum lýst með sama hætti og í bréfi Kóreksstaða, þ.e. úr Söðulkletti við Bjarglandsá. Merkjum er síðan lýst til vesturs og norðurs um ýmis örnefni milli jarðanna og loks austur úr Kerlingu beint í Sellækjarós, sem er á norðvesturmörkum ágreiningssvæðisins. Þá segir að Bjarglandsá skilji Sandbrekkuland og Dalaland frá Sellækjarósi og inn á móts við Söðulklett.

Merkjum jarða og landsvæða sem liggja að ágreiningssvæðinu sunnan- og vestanverðu er samkvæmt þessu lýst um Bjarglandsá, sem er í samræmi við afmörkun aðila á þeim hluta ágreiningssvæðisins.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu eigi sér stoð í gögnum málsins, að undanskildum þeim hluta af norðurmörkum kröfulínu ríkisins sem er dreginn frá upptökum Sellækjar í Jökulsá. Afmörkun gagnaðila ríkisins á þeim hluta svæðisins á sér hins vegar stoð í landamerkja-

bréfi Þórsness frá 1921. Í því sambandi er þess að gæta að þrátt fyrir að kröfulínur gagnaðila ríkisins skarist á korti miðast þær við sömu örnefni og þeir hafa lýst því yfir að ekki sé ágreiningur milli þeirra um afmörkunina. Að mati nefndarinnar er ljóst að ágreiningssvæðið er allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Sandbrekku frá 1884, sem útbúið var áður en Þórsnesi var skipt út úr jörðinni.

#### 7.4.3.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Uni Garðarsson hafi komið á land á Unaósi og reist sér þar bæ. Þá hafi hann numið land fyrir sunnan Lagarfljót, allt Hérað til Unalækjar.

Af þessari frásögn *Landnámu* og með hliðsjón af staðháttum eru að mati nefndarinnar miklar líkur á að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að mestu leyti. Gera verður þann fyrirvara að ekki kemur fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð og því ekki hægt að fullyrða með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hveirrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi

verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Sandbrekku frá 1884. Eins og áður segir er krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu einkum á því byggð að ágreiningssvæðinu sé lýst sem afrétt Sandbrekku í heimildum. Í málinu er því einkum uppi það álitaefni hvort kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar, þrátt fyrir að vera lýst innan merkja í landamerkjabréfinu án neinnar aðgreiningar.

Elsta fyrirbyggjandi skjal sem varðar Sandbrekku er frá 17. maí 1580 og varðar skipti á arfi nafngreindrar konu til tveggja dætra hennar, en Sandbrekka er meðal jarða sem komu í hlut annarrar þeirra. Í málinu liggja einnig fyrir önnur skjöl um yfirfærslu eignarréttar að jörðinni fram á 19. öld. Í þeim skjölum er ekki gerður greinarmunur á heimalandi eða afrétt jarðarinnar.

Fjallað er um Sandbrekkuafrétt í lýsingu á Hjaltastaðarsókn frá 1842 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna. Þar er afréttinni lýst og segir að hún sé langstærst afrétta í sókninni. Í umfjöllun um Sandbrekku í sömu lýsingu segir að jörðinni tilheyri öll Sandbrekkuafrétt.

Eins og áður segir liggur fyrir mótmælalögfesta frá 26. maí 1845 þar sem því var mótmælt að syðsti hluti ágreiningssvæðisins, þ.e. frá Hraundalsvarpi og út í Ytri-Stangará, væri hluti Sandbrekku og þar var það svæði sagt sameiginleg eign hreppsmanna eða almennings „eptir skikkanlegra og eldstu manna Vitnisburdum ásamt almennings ordromi“. Þar kemur einnig fram að hreppstjóri, sem bjó á Sandbrekku, „protesteradi i kröftugasta mata“ á móti mótmælalögfestunni á manntalsþinginu þar sem hún var þinglesin, og taldi Hraundal vafalaus eign ábýlisjarðar sinnar.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 kemur fram að Sandbrekku fylgi „afrétt milli Bjarglandsár og Jökulsár sem gefur af sér í afréttartollum 4<sup>rbd</sup> á ári“.

Líkt og áður segir liggja fyrir tvær lögfestur Sandbrekku frá 1852 og 1872 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst eins og áður hefur verið fjallað um. Í þeim báðum kemur einnig fram að öðrum séu bönnuð not af því landi sem um ræðir nema með leyfi eiganda eða ábúanda Sandbrekku.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að Sandbrekku fylgi stórt upprekstrarland sem gefi af sér 14 kr. upprekstartoll árlega.

Í svari oddvita Hjaltastaðarhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins frá 20. febrúar 1989 um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa.

Fyrir liggur að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er í Urðardal, austast á norðurhluta svæðisins, er innan marka svæðis sem umhverfis- og auðlindaráðherra friðlýsti 2. júlí 2021 sem landslagsverndarsvæði með auglýsingu nr. 850/2021 á grundvelli 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem hluti þess var með sömu auglýsingu friðlýstur sem náttúruvættið Stóruvöð á grundvelli 48. gr. laganna. Í 1. gr. auglýsingarinnar

kemur fram að með henni séu friðlýstar jarðirnar Unaós-Heyskálar, Hrafnabjörg og hluti Sandbrekku. Af auglýsingunni verður þannig ráðið að litið hafi verið svo á að hið friðlýsta svæði hafi að öllu leyti verið innan merkja jarða og ekki er gerður fyrirvari um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hveftrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Sem fyrr segir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins sé allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Sandbrekku frá 1884. Þar er heildarmerkjum jarðarinnar lýst og kröfusvæðið er ekki aðskilið frá öðru landi hennar. Enginn greinarmunur er gerður á einstökum hlutum jarðarinnar og að mati nefndarinnar bendir það til þess að ekki hafi verið munur á eignarréttarlegri stöðu svæða innan merkjanna. Þá á lýsing landamerkjabréfsins á merkjum jarðarinnar sér stoð í eldri heimildum um merkin og ekki liggja fyrir eldri heimildir sem mæla þeirri afmörkun í mót, að undanskilinni mótmælalögfestunni frá 1845 þar sem því er mótmælt að syðsti hluti ágreiningssvæðisins sé innan merkja Sandbrekku. Eins og áður segir verður hins vegar ekki séð að fullyrðingar þar um að sá hluti svæðisins hafi verið almenningur, eigi sér stoð í öðrum gögnum málsins, auk þess sem mótmælalögfestunni var andmælt af hálfu ábúanda Sandbrekku, sem einnig var hreppstjóri, þegar við þinglestur á manntalsþingi. Að teknu tilliti til þessa verður hún ekki talin draga úr gildi landamerkjabréfs Sandbrekku.

Ágreiningssvæðið er nokkuð vel gróið, sérstaklega á láglandari hlutum þess og nærri árfarvegum. Gróðurþekja minnkar þó eftir því sem ofar dregur. Að mati nefndarinnar mælir gróðurfur þannig ekki gegn því að stofnast hafi til beins eignarréttar, einkum þegar horft er til þess að sunnan Hraundals, í fjallgarðinum sem skilur á milli Héraðs og Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar, er gróðurfur mjög sambærilegt því sem er á ágreiningssvæðinu en þar eru engu að síður óumdeild eignarlönd. Ekki verður séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfur bendi til þess að ágreiningssvæðið hafi síður orðið undirorpið beinum eignarrétti en þessi nærliggjandi svæði. Þessi atriði eru til þess fallin að styðja við niðurstöðu um að réttindi innan kröfusvæðisins hafi falist í beinum eignarrétti fremur en óbeinum, enda er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Að svæðinu norðan-, austan- og sunnanverðu liggja önnur kröfufsvæði ríkisins sem eru til umfjöllunar í köflum 7.4.2, 7.4.5 og 7.4.4. Sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu er þar um að ræða eignarlönd í öllum tilvikum.

Íslenska ríkið byggir einkum á því að þjóðlendukröfufsvæðið sé afrétt sem einungis hafi verið undirorpin óbeinum eignarréttindum. Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Að mati óbyggðanefndar verður ekki fram hjá því litið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á landi innan ágreiningssvæðisins en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að notkun hugtaksins afréttur vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarluta sem beitolandi fremur en að endurspeglar mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðarinnar, sbr. til hliðsjónar úrskurð óbyggðanefndar frá 14. nóvember 2003 í máli nr. 5/2001 (Lón), að því er varðar jörðina Bæ í Lóni. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum Múlasýslna á 19. öld var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 2. gr. reglugerðar um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu, dags. 22. ágúst 1893, segir að það skuli heita afréttarland, er búsmala er eigið haldið í á sumrum og skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk á milli. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið *afrétt* hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa því með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til annars en að viðkomandi landeigendur hafi í gegnum tíðina farið með umráð og hagnýtingu yfir þjóðlendukröfufsvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi tilheyrt eða verið nýtt af öðrum án leyfis landeigenda. Þvert á móti liggja fyrir heimildir um að landeigendur hafi haft tekjur af því að leyfa öðrum að nýta ágreiningssvæðið, sbr. það sem áður segir um afréttartolla í jarðamati 1849–1850 og fasteignamati 1916–1918. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti.

Af hálfu eiganda Sandbrekku er einnig byggt á því að þjóðlenduakrafa ríkisins sé ósamrýmanleg þeirri ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2021 að friðlýsa hluta svæðisins sem landslagsverndarsvæði, og að hluta sem náttúruvætti, með auglýsingu nr. 850/2021. Byggt er á því að umhverfis- og auðlindaráðherra hafi með umræddri ákvörðun, og í aðdraganda hennar, fyrirvaralaust lagt til grundvallar að hluti hins friðlýsta svæðis væri háð beinum eignarrétti gagnaðila ríkisins. Til stuðnings þessari málsástæðu er vísað til dóma Hæstaréttar í málum nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfus-

afréttar) og 94/2017 (Hvassafellsdalur). Í þessum dómum réðu tilteknar athafnir ríkisins, sem taldar voru ósamrýmanlegar síðari þjóðlendukröfum, niðurstöðum um að þau svæði sem deilt var um væru eignarlönd en ekki þjóðlendur. Um þetta atriði má einnig vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) og úrskurða óbyggðanefndar í málum nr. 3/2016 (Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár) og 4/2018 (Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla). Hins vegar er niðurstaða óbyggðanefndar að önnur atriði sem hér hefur verið fjallað um leiði til þeirrar niðurstöðu að ágreiningssvæðið sé ekki þjóðlenda og í því ljósi kemur þessi málsástæða gagnaðila ríkisins ekki til frekari skoðunar.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

#### 7.4.4 Hraundalur og Kirkjutungur

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Hraundalur og Kirkjutungur*. Þjóðlendukröfusvæðið tekur til Hraundals í Hjaltastaðapinghá, sunnan Bjarglandsár,<sup>1485</sup> en dalurinn teygir sig austur milli Beinageitarfjalls að norðan og Botndalsfjalls að sunnan. Svæðið afmarkast að norðanverðu af Bjarglandsá upp á Hraundalsvarp, af vatnaskilum að austan- og sunnanverðu og af Hölná<sup>1486</sup> að vestanverðu.

Að nyrðri hluta vestanverðs svæðisins er aðliggjandi óumdeilt eignarland Ánastaða sem aðskilur kröfusvæðið frá óumdeildu eignarlandi Hjaltastaðar í Útmannasveit. Gögn málsins benda til þess að kröfusvæðið tengist Hjaltastað en ekki er gerð krafa í málinu vegna jarðarinnar sem er í eigu íslenska ríkisins. Sunnan Ánastaða liggur að vestanverðu svæðinu óumdeilt eignarland Hríjótur í Útmannasveit en að syðsta hluta vestanverðs svæðisins og vestari hluta sunnanverðs svæðisins liggur óumdeilt eignarland Hamragerðis í Eiðapinghá. Að svæðinu austanverðu liggja óumdeild eignarlönd Klyppstaðar og Stakkahlíðar í Loðmundarfirði. Að svæðinu norðanverðu liggur það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Sandbrekkuafrétt* en fjallað er um það í kafla 7.4.3. Gerð er krafa til þess svæðis vegna Sandbrekku í Útmannasveit en krafan skarast ekki við svæðið sem hér er til umfjöllunar. Engar gagnkröfur bárust vegna kröfusvæðisins og íslenska ríkið gerir því eitt kröfu til þess.

<sup>1485</sup> Í lýsingu á Hjaltastaðasókn frá 1842 er því lýst að Bjarglandsá eigi upptök sín í Hraundalsvarpi og renni ofan endilangan Hraundal. Samkvæmt ýmsum heimildum um örnefni nefnist áin Hraundalsá í dalnum en Bjarglandsá neðar, utan dalsins. Hér verður þó almennt notað heitið Bjarglandsá.

<sup>1486</sup> Áin er ýmist nefnd Hölná eða Hölná en hér verður síðarnefnda heitið notað.



Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að ekki sé gerð krafa til svæðisins af öðrum en íslenska ríkinu er eignarréttarleg staða kröfusvæðisins engu að síður til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, sem fór fram 19. mars 2024 þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Svæðið er lægst í um 300 m hæð á norðvesturhlutanum, þar sem Hölkná rennur í Bjarglandsá, en stærstur hluti þess er í um 300–500 m hæð. Hæst rís svæðið í rúmlega 1.000 m hæð á vatnaskilum við suðurmörkin. Frá vesturmörkum svæðisins að austurmörkum þess eru rúmlega 9 km í beinni loftlínu og frá norðurmörkum til suðurmarka svæðisins eru að jafnaði á bilinu 2–2,5 km í beinni loftlínu en um 4,5 km vestast. Mikið votlendi er á vesturhluta svæðisins sem er jafnframt allvel gróið en gróðurþekja minnkar eftir því sem austar og ofar dregur.

Í kafla 7.4.4.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki þjóðlendukröfusvæðisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar ríkisins á svæðinu sem krafa þess tekur til. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á kröfusvæðinu byggist á því að í landamerkjabréfi Hjaltastaðar, þinglesnu 2. júlí 1884, sé kröfusvæðinu lýst með sjálfstæðum hætti og aðskildu frá öðru landi Hjaltastaðar. Það bendi að mati ríkisins til þess að kröfusvæðið sé ekki undirorpið beinum eignarrétti og að ekki hafi verið litið á það sem hluta jarðarinnar. Um nánari afmörkun kröfu ríkisins vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.4.2.

#### 7.4.4.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki kröfusvæðis ríkisins.

Kröfulína íslenska ríkisins er dregin frá punkti þar sem Hölkná fellur í Bjarglandsá og síðarnefndu ánni er síðan fylgt að upptökum á vatnaskilum. Þaðan er fjallsbrúnum austan og sunnan Hraundals fylgt til suðurs og vesturs í Botndalsfjall og svo eftir Botndalsfjallsröð, um Kolluufs, vestur í Hölkná. Þaðan er ánni síðan fylgt til norðurs í upphafspunkt. Afmörkun ríkisins á þjóðlendukröfusvæðinu er fyrst og fremst sögð miðast við lýsingar í landamerkjabréfi Hjaltastaðar á landsvæðinu Hraundal og Kirkjutungum.

Í umræddu landamerkjabréfi Hjaltastaðar, sem er ódagsett en var þinglýst 2. júlí 1884, segir að Hjaltastaður „á [...] afréttarlandið Hraundal að framan og Kirkjutungur“, en merkjum þess er lýst um Bjarglandsá að norðan, um efstu fjallseggjar að ofan og loks um Hölkná. Af lýsingunni er ljóst að kröfusvæði ríkisins er allt innan merkja afréttarlands Hjaltastaðar samkvæmt landamerkjabréfinu, enda er afmörkun íslenska ríkisins á svæðinu byggð á þeirri merkjalýsingu.

Í lýsingu Hjaltastaðasóknar frá 1842 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna segir að afréttir Hjaltastaðapinghár liggja upp frá bæjunum fram með háfjöllum en dalirnir, sem einnig séu afréttir, liggja frá suðaustri til norðvesturs og „aðskilji tinda- eður háfjöllin; en allstaðar á fjallgarði þessum ráða eggjar á fjöllum en vörp í dölum löndum milli Hjaltastaðasóknar og þeirra sem hinumegin liggja við fjallgarðinn“. Í umfjöllun um afréttir segir að syðri hluti Hraundals með Botndalsfjalli sé almenningur en nyrðri hluti dalsins sé hluti af Sandbrekkuafrétt. Í umfjöllun um Hjaltastað segir að kirkjan þar eigi selstöðu á Hraundal utanverðum „og tungu þá niður frá Botndalsfjalli norðanverðu sem verður milli Bjarglandsár og Höltnár“, en það land heiti Kirkjutungur.

Í lögfestu fyrir Hjaltastað frá 31. maí 1844 segir m.a.:

Sömuleidis lögfesti eg Hraundalsland fyrir nordan Ána, sem eptir dalnum flóar frá því Vötnum hingat frá Hraundalsvarpi hallar allt úti Tungu Spordinn, þar sem á sú er fellur undir Botndalsfjallinu rennr út í Biarglandsana.

Hér er lýst svæði sem fellur innan kröfusvæðisins, milli Bjarglandsár frá Hraundalsvarpi og Hölknár, sem á upptök sín í Botndal undir Botndalsfjalli.

Í ritinu *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* frá 1975 segir að Hjaltastaður eigi stórt afréttarsvæði fráskilið heimajörð, Kirkjutungur ofan við Hölkná, og ennfremur Hraundal sunnan Hraundalsár<sup>1487</sup> að hreppamörkum við Eiðapinghá á Botndalsfjalli og Loðmundarfjörð á Hraundalsvarpi.

Í svari oddvita Hjaltastaðarhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins frá 20. febrúar 1989 um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa. Um afmörkun segir eftirfarandi: „Að hreppamörkum við Borgarfjörð (Loðmundarfjörð) og Eiðapinghá.“ Ekki er fjallað nánar um innbyrðis afmörkun þessara svæða eða afmörkun þeirra gagnvart heimalöndum.

Í örnefnaskrá fyrir Hraundal, sem þar er sagður afrétt, er örnefnum í dalnum inn að Hraundalsvarpi lýst án aðgreiningar á landi norðan og sunnan Hraundalsár. Þá segir að Kirkjutungur myndist milli Hraundalsár og Hölknár.

Næst koma til skoðunar heimildir um aðliggjandi jarðir og landsvæði umhverfis kröfusvæði ríkisins.

Óumdeilt eignarland Ánastaða í Útmannasveit aðskilur kröfusvæðið og óumdeilt eignarland Hjaltastaðar, norðanvestan svæðisins, en bæjarstæði Ánastaða er í austanverðum Geitabjargadal sunnan Hjaltastaðar. Landamerkjabréf Ánastaða frá 28. febrúar

<sup>1487</sup> Sem fyrr segir nefnist áin ýmist Bjarglandsá eða Hraundalsá.

1890 lýsir merkjum gagnvart Kóreksstöðum, sem eru norðan Ánastaða, m.a. „í Hölnár-ós, þar sem hún fellur saman við Bjarglandsá“. Samkvæmt þessu liggja landamerki Ánastaða og Kóreksstaða saman við upphafspunkt kröfulínu íslenska ríkisins, nyrst á vesturmörkum kröfusvæðisins. Landamerkjabréf Ánastaða lýsir síðan merkjum gagnvart Hrjóti, sem er næsta jörð sunnan Ánastaða og liggur að vestanverðu kröfusvæðinu, um „Merkihöfða fyrir ofan Hrjótará; þaðan beina stefnu í svo nefndan Goðrúnarstein uppá hálsabrún. Þaðan eptir sömu stefnu sjónhending austur í Hölná“. Í landamerkjabréfinu er bæði norður- og suðurmörkum lýst austur í tiltekna staði í Hölná.

Landamerkjabréf Hrjótar frá 29. apríl 1890 lýsir merkjum gagnvart Ánastöðum með sama hætti og áðurgreint landamerkjabréf Ánastaða, þ.e. austur í Hölná. Merkjum gagnvart Hamragerði, næstu jörð til suðurs, er m.a. lýst úr vörðu á eystri Sjórnarsbrún „beina stefnu í Hrjótarárbug út undir svokölluðum Gröndalshæðum, þaðan eptir sömu stefnu austur austur í Hölná“.

Í landamerkjabréfum Ánastaða og Hrjótar er merkjum lýst austur í Hölná og nærtækast er að túlka lýsingar þeirra svo að áin ráði austurmörkum beggja jarða þótt það sé ekki tilgreint sérstaklega.

Í ódagsettu landamerkjabréfi Hamragerðis, þinglesnu 6. júlí 1884, er norðanverðum merkjum jarðarinnar gagnvart Hrjóti lýst með svipuðum hætti og í landamerkjabréfi Hrjótar, þ.e. um svokallaðar „Gröndalshæðir“ og í „Holtná“. Sunnanverðum merkjum gagnvart Hreimsstöðum er lýst um ýmsar vörður á landamerkjum milli jarðanna og „þaðan sjónhending á fjall austur þangað sem vötnum hallar að hjeraði“.

Samkvæmt framangreindum lýsingum liggja austurmörk Ánastaða og Hrjótar um Hölná og merkjum Hamragerðis er lýst austur að vatnaskilum milli Héraðs og Loðmundarfjarðar. Er afmörkun jarðanna samkvæmt landamerkjabréfum þeirra því í samræmi við afmörkun ríkisins á vestur- og suðurmörkum kröfusvæðisins.

Austan vatnaskila milli Héraðs og Loðmundarfjarðar liggur óumdeilt eignarland Klyppstaðar í Loðmundarfirði að austari hluta suðurmarka kröfusvæðisins. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 4. mars 1890 er merkjum m.a. lýst „upp eftir Norðdalsá eftir endilöngum Norðdal upp á Norðdalsvarp, og loks eftir eggjum yfir Oddskarð, Miðfell og Miðdalsvarp og útsuður eftir Karlfelli í áðurnefnda röð þess“.

Norðaustan Klyppstaðar liggur óumdeilt eignarland Stakkahlíðar í Loðmundarfirði að austurmörkum kröfusvæðisins. Landamerkjabréf jarðarinnar frá 6. mars 1890 lýsir merkjum m.a. „eptir Skúmhattudalsá á varp upp, og eptir það eptir vörpum allt í kring þar til Karlfellsröðin syðri tekur við“.

Landamerkjabréf framangreindra jarða í Loðmundarfirði lýsa merkjum upp á þau vörp sem ráða austanverðum suðurmörkum og austurmörkum kröfusvæðisins.

Sem fyrr segir liggur að kröfusvæðinu norðanverðu það kröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Sandbrekkuafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.3. Gerð er krafa til alls svæðisins vegna Sandbrekku í Útmannasveit en landamerkjabréf jarðarinnar frá 20. júní 1884 lýsir merkjum m.a. í jökul sem liggja undir Dyrfjalli og „þaðan

eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir“. Landamerkjabréfið lýsir því merkjum Sandbrekku á þessu svæði um Bjarglandsá allt frá Hraundalsvarpi, sem er í samræmi við afmörkun ríkisins á norðurmörkum svæðisins.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu eigi sér stöð í gögnum málsins og styður afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra einnig þá niðurstöðu. Að mati nefndarinnar er ljóst að kröfusvæðið er að öllu leyti innan merkja afréttarlands Hjaltastaðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar.

#### 7.4.4.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þjóðlendukröfusvæðisins. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til svæðisins er eignarréttarleg staða þess til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli áður nefnds fyrirvara íslenska ríkisins þess efnis að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar væri þess óskað að óbyggðanefnd kannaði og skæri úr um hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda.

Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Uni Garðarsson hafi komið á land á Unaósi og reist sér þar bæ. Þá hafi hann numið land fyrir sunnan Lagarfljót, allt Hérað til Unalækjar.

Af þessari frásögn *Landnámu* og með hliðsjón af staðháttum eru að mati nefndarinnar miklar líkur á að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að mestu leyti. Gera verður þann fyrirvara að ekki kemur fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð og því ekki hægt að fullyrða með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í mál-dögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega

gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins væri allt innan merkja afréttarlands Hjaltastaðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar. Íslenska ríkið byggir einkum á því að svæðið hafi aðra stöðu en óumdeilt eignarland Hjaltastaðar og því kemur það atriði til nánari skoðunar.

Elsta fyrirleggjandi heimild um kröfusvæðið er vísitása fyrir Hjaltastaðarkirkju frá 2. júní 1749. Þar segir:

Framar er þess að gieta að kyr[k]jann á land og Selför á Hraundal, effter gömlumm lögfestum og vitnisburdumm sem á henne liggja, hvort Jtak velnefndur Stadarhalldar-enn, skal hier effter færa Sier til Riettvýslegra nota, og vel tilsiä ad Eckert undann kyrkiunne gange fyrer brukunar leyse, sem henne med Riettu fylgia ber.

Þarna er vísað til þess að um réttindi Hjaltastaðarkirkju í Hraundal sé fjallað í gömlum lögfestum og vitnisburðum, en slík gögn hafa ekki fundist við rannsókn málsins.

Í yfirliti yfir eignir og ítök Hjaltastaðarkirkju frá 31. desember 1843 kemur hið sama fram, þ.e. að kirkjunni tilheyri land og selför á Hraundal.

Í lýsingu Hjaltastaðasóknar frá 1842 í *Sýslu- og sóknalýsingu* Múlasýslna kemur fram að syðri hluti Hraundals með Botndalsfjalli sé almenningur. Þá segir í umfjöllun um Hjaltastað að kirkjan eigi selstöðu á Hraundal utanverðum og Kirkjutungum milli Bjarglandsár og Höltnár.

Í lögfestu Hjaltastaðar frá 31. maí 1844 segir m.a.:

Sömuleidis lögfesti eg Hraundalsland fyrir nordan Ána, sem eptir dalnum flóar frá því Vötnum hínag frá Hraundalsvarpi hallar allt úti Tungu Spordinn, þar sem á sú er fellur undir Botndalsfiallinu rennr út í Biarglandsana.

[...]

Fyrirbýd eg hédan af hvöríum manni i ad vinna edr hér ad nýta edr nokkurt gagn af ad hafa utan mitt sé Lof edr Last til ad vitni þeirra allra er ord mín méga heyra.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir um afréttarland Hjaltastaðar:

Eptir máldögum kyrkjunnar fylgir jörðunni afréttarland framá Hraundal er nefnist Kirkjutungur, enn er til lítilla afnota, því snjó tekur seint upp og afrétt þarf að kaupa fyrir gélðfé á sumrum; jörðunni fylgja annars eingin ítök eða hlynnindi.

Eins og áður segir lýsir landamerkjabréf Hjaltastaðar því að jörðin eigi afréttarland á Hraundal að framan og Kirkjutungum, en það er aðskilið frá heimalandi jarðarinnar.

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Hjaltastaðarprestakalls frá 26. febrúar 1899 er afréttarlandið Hraundalur fyrir framan Bjarglandsá með Kirkjutungum talið meðal ítaka og hlunninda sem notuð séu af prestinum sjálfum. Tekið er fram að það sé lítið notað.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðinni Hjaltastað fylgi upprekstrarland en ekki tilgreint hvar það er.

Í svari frá Hjaltastaðarhreppi við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands um almenninga frá 29. desember 1919 kemur fram að enginn almenningur og ekkert afréttarland sé í hreppnum sem ekki tilheyri einhverju lögbyli.

Í ritinu *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* frá 1975 segir að afréttum sveitarinnar sé skipt í fimm afréttarsvæði, og sé Hraundalur þeirra erfiðast fyrir gangnamenn, ef snjó hafi lagt í fjöll fyrir göngur. Þá er greint frá því að Hjaltastaður eigi stórt afréttarsvæði fráskilið heimajörð, Kirkjutungur, og ennfremur Hraundal sunnan Hraundalsár. Þá segir um gæði jarðarinnar:

H þótti varla stórhöfðingjabrauð sakir þeirra kosta og veldis, sem gerðu staði stóra. Kirkjajörð engin, hjáleiga ein, Svínafell, og annað vart teljandi. Tekjur 212 ríkisdalir 59 skildingar og brauðið nr. 12 í tekjum af 21 í Múlaþingi 1854. Heimajörðin er þá (Brauðmat) sögð erfið og mannfrek en þó „ekki affaraill“. Athyglisvert er, að kirkjan á engan reka á Héraðssöndum.

Í svari oddvita Hjaltastaðarhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt frá 2. maí 1989 segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hveirrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Sem fyrr segir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins sé allt innan merkja afréttarlands Hjaltastaðar eins og því er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar. Af landamerkjabréfinu verður ráðið að svæðið hafi ekki beinlínis verið innan merkja heimajarðarinnar Hjaltastaðar heldur sérstaklega afmarkað svæði sem fylgdi jörðinni, eða þar sem jörðin taldi til réttinda.

Í dómum Hæstaréttar hefur nokkrum sinnum verið fjallað um svæði sem eru landfræðilega aðskilin heimalandi jarðar og hefur sú aðstaða alloft leitt til niðurstöðu um þjóðlendu. Meðal þeirra atriða sem horft hefur verið til í því sambandi er hvort og þá hvernig svæði er lýst í landamerkjabréfi, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur) og frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur) þar sem Hæstiréttur taldi að landamerkjabréf jarðanna Hoffells annars vegar og Þorbrandsstaða hins vegar bæru með sér að ágreiningsvæði málsins hefðu ekki verið hlutar jarðanna. Einnig hefur verið horft til fjarlægðar

svæðis frá heimalandi jarðar og þess hvort margar jarðir liggi þar á milli, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 13. október 2016 í máli nr. 20/2016 (Arnarstaðatungur) þar sem þess var getið í dómnum að milli jarðarinnar Arnarstaða og ágreiningssvæðis málsins væru meira en 13 km í beinni loftlínu og að sjö jarðir lægju þar á milli. Það var talið mæla gegn beinum eignarrétti að ágreiningssvæði málsins. Þá hefur einnig verið horft til staðháttta, sbr. áður nefndan dóm Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur) þar sem þess var getið að ágreiningssvæðið væri gilskorið, erfitt yfirferðar og nánast allt yfir 400 m hæð, en hæsti tindur í 1.240 m hæð.

Í dómi Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) var niðurstaða um eignarland hins vegar m.a. byggð á því að þótt Péturseyjarjarðir ættu ekki land að Stórhöfða, sem um var deilt í málinu, mælti það ekki gegn eignarhaldi þeirra, enda hefðu landkostir verið þröngir og ábúendum borið nauðsyn til að tryggja fé sínu nægt beitarland.

Eins og áður segir er kröfusvæðið aðskilið heimalandi Hjaltastaðar en norðvesturmörk kröfusvæðisins eru um 5,5 km frá suðausturmörkum óumdeilds eignarlands Hjaltastaðar. Þar á milli liggur hins vegar einungis ein jörð. Þrátt fyrir að kröfusvæðið og heimaland Hjaltastaðar séu landfræðilega aðskilin er til þess að líta að gögn málsins bera með sér að beitarland í heimalandinu hafi verið takmarkað og ábúendum því borið nauðsyn að tryggja fé sínu nægt beitarland annars staðar. Í þessu sambandi vísast m.a. til jarðamats Norður-Múlasýslu 1849–1850 þar sem segir að þrátt fyrir að afréttarland á Hraundal og Kirkjutungum fylgi jörðinni þurfi að kaupa afrétt fyrir geldfé á sumrum, enda taki snjó oft seint upp á afréttarlandinu. Það bendir til þess að nauðsyn hafi borið til að tryggja beitarland utan heimalands jarðarinnar. Hér vísast einnig til umfjöllunar um jörðina í *Sveitum og jörðum í Múlapingi* frá 1975 þar sem m.a. kemur fram að jörðin hafi ekki þótt stórhöfðingjabrauð og að heimajörðin hafi verið sögð erfið. Að mati nefndarinnar er staðan að þessu leyti sambærileg þeirri sem uppi var í áður nefndum dómi Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og því er mat nefndarinnar að aðskilnaður frá heimalandi Hjaltastaðar mæli ekki endilega gegn beinu eignarhaldi á kröfusvæðinu. Í því sambandi er einnig til þess að líta að staðhættir á svæðinu eru talsvert ólíkir þeim sem voru til umfjöllunar í dómi Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur). Svæðið sem hér er til umfjöllunar er ekki gilskorið og erfitt yfirferðar og að mati nefndarinnar mæla staðhættir á svæðinu ekki beinum eignarrétti í mót.

Um eðli og inntak réttinda yfir svæðinu er þess að gæta að í heimildum um svæðið er notað orðalag á borð við að Hjaltastaðarkirkja eigi land á Hraundal. Orðalag á borð við þetta getur í sumum tilfellum bent til eignarlands en þess er að gæta í því sambandi að ekki kemur fram í framangreindum skjölum hvers eðlis réttindi kirkjunnar hafi verið eða um hvers konar land sé að ræða. Hæstiréttur hefur í dómum sínum tekið afstöðu til þess að ummæli í máldögum og vísitásum af þessu tagi geti ekki ráðið úrslitum um hvort átt hafi verið við beinan eignarrétt eða réttindi af öðrum toga, sbr. dóma Hæsta-

réttar frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 og frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 sem fjölluðu um sambærilegt orðalag í máldögum og vísitásiúm varðandi landsvæðin Mælifell og Steinvarartungu í Vopnafjarðarhreppi. Í báðum tilvikum var niðurstaða óbyggðanefndar um þjóðlendu staðfest. Hér má einnig benda á úrskurð óbyggðanefndar frá 22. desember 2020 í máli nr. 4/2020 (Hvannahlíð).

Í ýmsum heimildum sem eru raktar hér að framan er svæðisins fyrst og fremst getið í tengslum við beit eða önnur sambærileg takmörkuð not, líkt og á við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana. Þannig bendir ýmislegt til þess að inntak réttinda yfir svæðinu hafi verið bundið við þau óbeinu eignarréttindi sem felast í rétti til upprekstrar búfjár og annarra hefðbundinna afréttarnota. Svæðið hafi þannig hugsanlega lotið sjálfstæðri afmörkun sem afrétt en ekki sjálfstæð jörð. Í dómum Hæstaréttar og úrskurðum óbyggðanefndar hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Í þessu sambandi er þess að gæta að gögn málsins benda ekki til þess að svæðið hafi verið nýtt sem samnotaafrétt.

Þjóðlendukröfusvæðið er nokkuð vel gróið og að því liggur óumdeilt eignarland að vestan-, sunnan- og austanverðu, á svæðum sem eru mjög sambærileg kröfusvæðinu hvað gróðurfar og staðhætti snertir. Ekki verður séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfar bendi til þess að svæðið hafi síður orðið undirorpið beinum eignarrétti en aðliggjandi svæði. Þessi atriði eru til þess fallin að styðja við niðurstöðu um að réttindi innan kröfusvæðisins hafi falist í beinum eignarrétti fremur en óbeinum, enda er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Sem fyrr segir liggur að svæðinu norðanverðu annað kröfusvæði íslenska ríkisins sem er til umfjöllunar í kafla 7.4.3. Sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu er þar um að ræða eignarland.

Nokkur vafi er um eignarréttarlega stöðu kröfusvæðisins en til þess er að líta að nefndin telur miklar líkur á að kröfusvæði ríkisins hafi verið numið og að svæðið er ekki mjög víðáttumikið eða langt frá heimalandi Hjaltastaðar, auk þess sem það er þegar niðurstöður málsins eru virtar í heild, umlukið eignarlöndum á allar hliðar. Að mati nefndarinnar mæla staðhættir og gróðurfar á svæðinu ekki gegn beinum eignarrétti og þrátt fyrir að gögn málsins séu að einhverju marki misvísandi um eignarréttarlega stöðu svæðisins telur nefndin að þau bendi fremur til eignarlands. Í því ljósi er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. lag-



anna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

#### 7.4.5 *Afréttarland Hólalands og Hvannstóðs*

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Afréttarland Hólalands og Hvannstóðar*. Að svæðinu norðaustanverðu liggja óumdeild eignarlönd Hólalands, Hólalandshjáleigu og Hvannstóðs innst í Borgarfirði en kröfum er lýst vegna jarðanna sem taka til alls kröfusvæðis ríkisins. Sameiginleg krafa til vestari hluta þjóðlendukröfusvæðisins vegna Hólalands og Hólalandshjáleigu styðst við landamerkjabréf Hólalands frá 27. desember 1921 og eldra landamerkjabréf jarðarinnar sem er ódagsett en var þinglýst 4. júlí 1884. Krafa til eystri hluta þjóðlendukröfusvæðisins vegna Hvannstóðs styðst við landamerkjabréf jarðarinnar frá 24. nóvember 1921 og landamerkjabréf aðliggjandi jarða. Að norðvestan-, vestan- og suðvestanverðu liggur að ágreiningssvæðinu það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Sandbrekkuafrétt* og fjallað er um í kafla 7.4.3. Að suðaustanverðu liggur að ágreiningssvæðinu óumdeilt eignarland Stakkahlíðar í Loðmundarfirði og að austanverðu liggur að svæðinu það kröfusvæði ríkisins sem nefnist *Afréttarland Gilsárvalla* og fjallað er um í kafla 7.4.6.

Þjóðlendukröfusvæðið er innst í Borgarfirði og tekur til Hólalandsdals og Hvannstóðsdals sem eru landfræðilega einn dalur í suðvestanverðum Borgarfirði en ber mismunandi heiti sitt hvorum megin við Fjarðará sem rennur um dalinn. Þá tekur svæðið einnig til hálf Lambadals, sem er næsti dalur. Að austanverðu, í Lambadal, afmarkast svæðið af Lambadalsá og að sunnan- og vestanverðu afmarkast það af eggjum fjallgarðsins inn af Borgarfirði, frá upptökum Lambadalsár í suðaustri að Tindfelli í norðvestri. Að norðanverðu afmarkast svæðið af Selá og læk sem rennur úr Hlaupbotni. Svæðið er lægst í tæplega 100 m hæð þar sem Selá rennur í Fjarðará en rís hæst í um 1.100 m hæð á vatnaskilum á Beinageitarfjalli. Frá bæjarstæðum Hólalands og Hvannstóðs að þeim hluta ágreiningssvæðisins sem liggur næst bæjunum eru aðeins á bilinu 700–1.300 m. Svæðið er að mestu leyti mjög vel gróið en gróðurþekja minnkar þó eftir því sem ofar dregur.

Í kafla 7.4.5.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Ágreiningur aðila snýr einkum að því hvort

ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðanna. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.5.2.

#### 7.4.5.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og jarða sem liggja að því.

Kröfulína íslenska ríkisins er dregin frá punkti þar sem Selá rennur í Fjarðará og Selá er síðan fylgt að upptökum og upp á Tindfell. Þaðan er línan dregin eftir fjallseggjum umhverfis Hólalands- og Hvannstóðsdal um Grjótfjall, Upsahorn, Beinageitarfjall, Mýrnesskörð og Hvannstóðseggjar og í upptök Lambadalsár. Ánni er fylgt norður þar til hún sveigir til austurs í átt að Þverá og þaðan sjónhending í læk er rennur úr Hlaupbotni og eftir honum í upphafspunkt. Afmörkun ríkisins er fyrst og fremst sögð styðjast við lýsingar í landamerkjabréfi Hólalands, svo og lýsingar á afréttarlandi jarðanna í sóknarlýsingu Desjarmýrarsóknar frá 1839–1840. Þá er jafnframt litið til lýsingar á afréttarlandi á Hólalandsfjalli í ritinu *Göngur og réttir*. Loks er litið til afmörkunar á afréttarlandi Gilsárvalla, sem er aðliggjandi kröfusvæðinu til austurs, og heimalandi Gilsárvalla, sem er aðliggjandi til norðurs, samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar.

Gerð er sameiginleg krafa til vestari hluta kröfusvæðis ríkisins, í Hólalandsdal vestan Fjarðarár, vegna Hólalands og Hólalandshjáleigu með vísan til landamerkjabréfs Hólalands frá 27. desember 1921 og eldra landamerkjabréfs sem er ódagsett en var þinglýst 4. júlí 1884. Þá er gerð krafa vegna Hvannstóðs til eystri hluta kröfusvæðisins, í Hvannstóðsdal austan Fjarðarár og vesturhluta Lambadals, með vísan til landamerkjabréfs jarðarinnar frá 24. nóvember 1921, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða.

Gagnaðilar ríkisins byggja kröfur sínar á því að allt landsvæðið sem lýst er í landamerkjabréfum Hólalands og Hvannstóðs sé háð beinum eignarrétti. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki framangreindra jarða og annarra jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu.

Sem fyrr segir er gerð sameiginleg krafa til vestari hluta ágreiningssvæðisins vegna Hólalands og Hólalandshjáleigu en bæjarstæði þeirra og óumdeild eignarlönd eru norðaustan kröfusvæðisins. Af hálfu eigenda jarðanna er á því byggt að þessi hluti ágreiningssvæðisins sé óskipt land þeirra. Í yngra landamerkjabréfi Hólalands frá 27. desember 1921, sem var þinglýst 17. júlí 1922, er merkjum jarðarinnar lýst svo:

milli Hólalands annarsvegar og Grundar og Gilsárvalla hins vegar ræður bein lína úr merkivörðu niður við Fjarðará í krókinn á Merkilæknum, þar sem hann fellur úr Hlíðinni. Eftir það ræður lækurinn upp í Mjóadal og þaðan beint upp austan á Tindafellsöxl. Þá ráða hæstu fjallaraðir inn í Mýnesskörð. Þaðan ræður merkjum á milli Hólalands og Hvannstóðs Fjarðaráin, sem fellur úr Mýnesskörðum sunnanvert við aðal klifið og alla leið út á móts við áður greinda vörðu á Aurnum.

Í eldra landamerkjabréfi Hólalands, sem er ódagsett en var þinglýst 4. júlí 1884, er merkjum til fjalla lýst með efnislega sambærilegum hætti og gert er í bréfinu frá 1921.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 er tilgreint að landamerki Hólalands-hjáleigu séu sameiginleg með Hólalandi, aðeins túni og engjum hafi verið skipt.

Í landamerkjabréfi Hvannstóðs sem er dagsett 24. nóvember 1921 og þinglýst 17. júlí 1922 er heildarmerkjum jarðarinnar lýst en sá hluti merkjalýsingarinnar sem varðar ágreiningssvæðið er svohljóðandi:

Að norðan ræður forn landamerkjagarður er nær á milli Fjarðará og Þverá; að austan ræður Þverá og síðan Lambadalsá uppá fjallseggjjar; að vestan ræður Fjarðará frá áður umgetnum merkjagarði og uppí svonefnd Mýrnesskörð, síðan ráða að sunnan fjalls-eggjar milli Fjarðarár og Lambadalsár.

Landamerkjabréfin lýsa heildarmerkjum jarðanna sem um ræðir og lýsingarnar taka til alls ágreiningssvæðisins. Enginn greinarmunur er þar gerður á heimalandi og afréttum.

Næst koma til skoðunar heimildir um merki aðliggjandi jarða.

Að norðvestan-, vestan- og suðvestanverðu liggur að ágreiningssvæðinu það kröfuvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Sandbrekkuafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.3. Gerð er krafa til þess svæðis vegna Sandbrekku í Útmannasveit. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 20. júní 1884 er merkjum til fjalla lýst „í Jökul, er liggur undir Dyrfjalli; þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp“. Merkjunum er lýst eftir fjallgarðinum milli Útmannasveitar og Borgarfjarðar sem er í samræmi við afmörkun aðila á umræddum hluta ágreiningssvæðisins.

Merkjum Stakkahlíðar í Loðmundarfirði er lýst að suðausturmörkum ágreiningssvæðisins í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 6. mars 1890. Þar kemur m.a. fram að merki jarðarinnar nái upp á svonefndar Fitjar „og því næst upp eptir Skúmhettudalsá á varp upp, og eptir það eptir vörpum allt í kring þar til Karlfellsröðin syðri tekur við“. Það er einnig í samræmi við afmörkun aðila á umræddum hluta ágreiningssvæðisins.

Aðliggjandi ágreiningssvæðinu austanverðu er það kröfuvæði ríkisins sem nefnist *Afréttarland Gilsárvalla* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.6. Heimalönd jarðanna Gilsárvalla og Grundar liggja norðan við heimalönd Hólalands, Hólalandshjáleigu og Hvannstóðs. Í landamerkjabréfi Gilsárvalla frá 20. desember 1921 segir að jörðin eigi afréttarland milli Lambadalsár og Skúmhattardalsár inn á vörp. Vesturmörkin fylgja samkvæmt þessu Lambadalsá sem er í samræmi við austurmörk ágreiningssvæðisins.

Í landamerkjabréfum Hólalands og Hvannstóðs er merkjum lýst eftir vatnsföllum upp á fjöll umhverfis ágreiningssvæðið og lýsingarnar taka til alls svæðisins. Merkjalýsingar í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða falla síðan saman við lýsingarnar í landamerkjabréfum Hólalands og Hvannstóðs. Hvort tveggja styður afmörkun málsaðila á ágreiningssvæðinu og engum eldri heimildum er fyrir að fara sem mæla því í mót. Af hálfu ríkisins er byggt á því að norðausturmörk ágreiningssvæðisins séu á mörkum heimalands og afréttarlands jarðanna. Eins og áður segir er enginn greinarmunur gerður á landi innan merkja jarðanna samkvæmt landamerkjabréfunum og ekki verður séð að þessi hluti kröfulínu ríkisins fái stoð í gögnum málsins.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu eigi sér stoð í gögnum málsins, að undanskildum norðausturmörkum kröfulínu ríkisins. Ljóst er að ágreiningssvæðið er allt innan merkja Hólalands og Hvannstóðs samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna frá 1921.

#### 7.4.5.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Veturliði Arnbjarnarson hafi numið Borgarfjörð og búið þar.

Af þessari frásögn *Landnámu* og með hliðsjón af staðháttum eru að mati nefndarinnar miklar líkur á að ágreiningssvæðið hafi verið numið, a.m.k. að mestu leyti. Gera verður þann fyrirvara að ekki kemur fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð og því ekki hægt að fullyrða með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið væri að öllu leyti innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum Hólalands og Hvannstöðs frá 1921. Íslenska ríkið byggir fyrst og fremst á því að ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeild eignarlönd jarðanna sem að því liggja, einkum þar sem fyrir liggja heimildir sem lýsi svæðinu sem afréttarlandi. Því er tilefni til að kanna það atriði nánar.

Í lýsingu Desjarmýrarsóknar frá 1839–1840 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna segir m.a. í lýsingu á afréttum: „Inn af Borgarfirði, Hólalands- og Hvannstöðsdalur, þeirra afréttur og Lambadalur hálfur tilheyrir Hvannstöði“.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir um jörðina Hólaland: „afrétt saman við heimaland ekki nóg handa fénadi jardarinnar [...] Hestagaungu þarf að kaupa á sumrum í annara land.“ Um jörðina Hvannstöð segir í sama jarðamati: „hún á afrétt fyrir sitt fé og gétur tekid af öðrum herumbil 150 kyndur; þángað er borguð hestaganga frá Hólalandi.“

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jarðirnar Hólaland og Hvannstöð hafi nægjanlegt upprekstrarland.

Í ritinu *Göngur og réttir* frá árinu 1987 er afréttarlandi á Hólalandsfjalli lýst svo: „Afréttarlönd voru þá talin Hólalandsfjall innan Selár, Innfjöllin og Desjamýrarafrétt [...] Þó var nyrsti hluti Innfjallanna, Hvannstöðsfjall norðan „Tinds“ talið heimaland Hvannstöðs.“

Í svari Borgarfjarðarhrepps 23. júní 1920 til sýslumanns Norður-Múlasýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands um almenninga frá 29. desember 1919 kemur fram að enginn almenningur og ekkert afréttarland sé í hreppnum sem ekki tilheyri einhverju lögbýli. Í svari oddvita Borgarfjarðarhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt frá 20. febrúar 1989 segir að engar afréttir séu í hreppnum.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hveftrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Af hálfu íslenska ríkisins er vísað til lýsinga á afréttarsvæðum inn af Borgarfirði í framangreindri lýsingu Desjarmýrarsóknar frá 1839–1840 til stuðnings kröfu um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu. Í landamerkjabréfum Hólalands og Hvannstöðs er hins vegar ekki að finna neitt sem bendir til þess að ágreiningssvæðið hafi ekki verið háð beinum eignarrétti, enda svæðið allt skýrlega innan merkja jarðanna. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að svæðið hafi nokkru sinni haft stöðu samnotaafreftar.

Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeutiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Að mati óbyggðanefndar verður ekki fram hjá því litið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á landi innan ágreiningssvæðisins en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að lýsingar sem vísi til afrétta á svæðinu vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhlutum sem beutilandi fremur en að endurspegla mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðanna, sbr. til hliðsjónar úrskurð óbyggðanefndar frá 14. nóvember 2003 í máli nr. 5/2001 (Lón), að því er varðar jörðina Bæ í Lóni. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum Múlasýslna á 19. öld var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 2. gr. reglugerðar um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu, dags. 22. ágúst 1893, segir að það skuli heita afréttarland, er búsmala er eigið haldið í á sumrum og skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk á milli. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið *afrétt* hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa því með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Að mati nefndarinnar styður það við þann skilning á orðinu sem gagnaðilar ríkisins leggja til grundvallar í málinu. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til annars en að viðkomandi landeigendur hafi farið með umráð og hagnýtingu yfir ágreiningssvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi tilheyrt eða verið nýtt af öðrum án leyfis landeigenda. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti.

Íslenska ríkið byggir m.a. á því að þrátt fyrir að kröfusvæðið geti talist falla í heild eða hluta innan merkjalýsinga samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna liggja ekki fyrir eldri heimildir um merki jarðanna sem geti stutt að merki nái svo langt inn til landsins og til fjalla eins og landamerkjabréfin bera með sér. Í þessu sambandi er hins vegar einnig til þess að líta að ekki liggja heldur fyrir eldri heimildir um merki jarðanna sem lýsa merkjum skemur en í landamerkjabréfum jarðanna eða mæla þeim í mót. Sem fyrr segir er ágreiningssvæðið innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum Hólalands og Hvannstöðs. Þar er heildarmerkjum jarðanna lýst og ágreiningssvæðið er ekki sérstaklega aðskilið frá landi jarðanna að öðru leyti. Þá er enginn greinarmunur gerður á því landi jarðanna sem er innan og utan þjóðlendukröfusvæðisins en óumdeild eignarlönd jarðanna liggja norðaustan svæðisins. Að mati nefndarinnar bendir það til þess að ekki hafi verið munur á eignarréttarlegri stöðu þessara svæða.

Þá benda staðhættir og gróðurfar einnig að mati nefndarinnar eindregið til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti en það er vel gróið, sérstaklega á láglandari hlutum þess sem liggja nærri árfarvegum, þótt gróðurþekja minnki því ofar sem dregur. Ágreiningssvæðið er samliggjandi óumdeildu eignarlandi jarðanna, það er ekki stórt og fjarlægðir frá bæjarstæðum jarðanna eru litlar. Þegar niðurstöður óbyggðanefndar í málinu eru virtar heildstætt er enn fremur ljóst að ágreiningssvæðið er umlukið eignarlandi á allar hliðar.

Að öllu framangreindu virtu hefur íslenska ríkið ekki sýnt fram á að ágreiningssvæðið sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar séu eignarlönd, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

#### 7.4.6 Afréttarland Gilsárvala

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Afréttarland Gilsárvala*. Að norðvestur- og norðurmörkum svæðisins liggur óumdeilt eignarland Hvannstóðs í Borgarfirði en þar sunnan við liggur að vesturmörkum svæðisins það kröfusvæði ríkisins sem nefnt er *Afréttarland Hólalands og Hvannstóðar*. Að sunnanverðu liggur að svæðinu óumdeilt eignarland Stakkahlíðar í Loðmundarfirði og að austanverðu liggur að því það kröfusvæði ríkisins sem nefnt er *Desjarmýrarafreitt*. Gerð er krafa til alls ágreiningssvæðisins vegna Gilsárvala og Grundar en óumdeild eignarlönd jarðanna eru norðan ágreiningssvæðisins, aðskilin af nyrsta hluta af óumdeildu eignarlandi Hvannstóðs. Grund hét áður Gilsárvalahjáleiga og var, eins og nafnið gefur til kynna, hjáleiga Gilsárvala en varð síðar sjálfstæð jörð þegar heimalöndum jarðanna var skipt. Afréttarland þeirra mun þó enn vera óskipt.

Þjóðlendukröfusvæðið er innst í Borgarfirði og tekur til austurhluta Lambadals, Kækjudals og vesturhluta Skúmhattardals en Miðfjall og Þriggjahnjúkafjall skilja á milli dalanna og skaga norður úr fjallgarðinum sem skilur á milli Borgarfjarðar og Loðmundarfjarðar. Ágreiningssvæðið afmarkast af tveimur vatnsföllum, Lambadalsá og Skúmhattardalsá, og svo vatnaskilum á fjallgarðinum milli Borgarfjarðar og Loðmundarfjarðar, milli upptaka vatnsfallanna. Um mitt svæðið rennur Kækjudalsá um Kækjudal úr Kækjuskörðum. Svæðið er lægst í um 100 m hæð á nyrsta hluta þess við ármót Lambadalsár og Skúmhattardalsár en ríst hæst í um 880 m hæð á Innstahnjúk á Þriggjahnjúkafjalli á suðaustanverðu svæðinu. Svæðið er vel gróið, sérstaklega á láglandari hlutum þess og nærri árfarvegum. Gróðurþekja minnkar þó eftir því sem ofar dregur. Frá bæjarstæðum Gilsárvala og Grundvar að þeim hluta ágreiningssvæðisins sem næst þeim liggur eru um 3 km.

Í kafla 7.4.6.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu byggist einkum á því að vísað sé til svæðisins í heimildum sem afréttarlands Gilsárvallda og Grundar. Ágreiningur aðila snýr því einkum að því hvort ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland þeirra jarða sem um ræðir. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.6.2.

#### 7.4.6.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins.

Kröfulína íslenska ríkisins er dregin frá punkti þar sem Lambadalsá rennur í Þverá og Lambadalsá er fylgt alla leið inn í Lambadal og upp á Hvannstóðseggjjar. Þaðan er línan dregin til austurs á Skúmhattarraðir, síðan í upptök Skúmhattardalsár og ánni er fylgt aftur í upphafspunkt. Afmörkun ríkisins er fyrst og fremst sögð styðjast við lýsingar í landamerkjabréfi Gilsárvallda, þar sem kröfusvæðinu er lýst sérstaklega.

Gerð er sameiginleg krafa til alls kröfusvæðis ríkisins vegna Gilsárvallda og Grundar með vísan til landamerkjabréfs Gilsárvallda frá 1921 auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Gagnaðilar ríkisins byggja kröfur sínar á því að allt landsvæðið sem lýst er í landamerkjabréfinu sé háð beinum eignarrétti. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki framangreindra jarða og annarra aðliggjandi jarða og landsvæða.

Af hálfu gagnaðila ríkisins er á því byggt að ágreiningssvæðið sé óskipt land sem tilheyri Gilsárvöllum og Grund. Áður var Grund hjáleiga frá Gilsárvöllum og hét þá Gilsárvallahjáleiga en heimalöndum jarðanna hefur síðan verið skipt og Gilsárvallahjáleiga fengið nafnið Grund.

Í yngra landamerkjabréfi Gilsárvallda,<sup>1488</sup> frá 20. desember 1921, sem var þinglýst 17. júlí 1922, er merkjum jarðarinnar lýst svo:

Milli Gilsárvallda og Hvals ræður lækur frá Fjarðará en frá upptökum hans bein stefna upp í Mælisskarð, þaðan upp Mælishrygg upp austan í Dyrfjall. Milli Gilsárvallda og Hólalands eru landamerki úr vörðu, sem er á aurnum upp í krókinn á Merkílæknum,

<sup>1488</sup> Í fyrirsögn landamerkjabréfsins kemur fram að það taki einnig til Gilsárvallahjáleigu, sem nú nefnist Grund. Sama máli gegnir um eldra landamerkjabréf jarðarinnar.



þar sem hann fellur úr Hlíðinni, eftir það ræður lækurinn upp í Mjóadal, og þaðan beint upp austan á Tindafellsöxl.

Milli Gilsárvala og Desjarmýrar ræður Þverá og svo Skúmhattudalsá inn á varp. En á milli Gilsárvala og Hvannstóðs ræður merkigarður, sem er á Tungunum. –

Afréttarland á Gilsárvöllum milli Lambadalsár og Skúmhattudalsár inn á vörp.

Í landamerkjabréfinu er fyrst lýst merkjum heimalands jarðarinnar gagnvart Hvoli að norðanverðu og Hólalandi og Hvannstóði að sunnanverðu. Í niðurlaginu segir svo að Gilsárvellir eigi afréttarland milli Lambadalsár og Skúmhattudalsár inn á vörp. Lýsing landamerkjabréfsins er í samræmi við afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu.

Í eldra landamerkjabréfi Gilsárvala, sem er ódagsett en var þinglýst 4. júlí 1884 er merkjum afréttarlandsins lýst með sama hætti: „Afréttarland á Gilsárvöllum milli Lambadalsár og Skúmhattuár inn á vörp.“

Af lestri landamerkjabréfanna er ljóst að ágreiningssvæðið er aðskilið frá heimalöndum Gilsárvala og Grundar en land jarðarinnar Hvannstóðs liggur á milli. Hins vegar er ágreiningssvæðið nálægt heimalöndunum, en norðurmörk ágreiningssvæðisins eru um 3 km frá bæjarstæðum Gilsárvala og Grundar og aðeins um 1,5 km frá suðurmörkum heimalands jarðanna.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 er tilgreint að landamerkjum Gilsárvala hafi verið þinglýst en að þau séu sameiginleg með Grund, fornri hjáleigu Gilsárvala. Í landskiptagerð vegna Grundar I og II frá 8. september 1970 kemur einnig fram að Grund eigi sameiginlegt upprekstrarland með Gilsárvöllum í Innfjöllum en merki þess eru ekki tilgreind.

Ekki liggja fyrir frekari heimildir um merki ágreiningssvæðisins. Koma því næst til skoðunar heimildir um merki aðliggjandi jarða.

Að ágreiningssvæðinu norðvestan- og norðanverðu liggur óumdeilt eignarland Hvannstóðs en þar sunnan við liggur að vesturmörkum ágreiningssvæðisins það kröfussvæði ríkisins sem nefnt er *Afréttarland Hólalands og Hvannstóðar*, og er til umfjöllunar í kafla 7.4.5. Krafa vegna Hvannstóðs tekur til austurhluta þess svæðis. Í landamerkjabréfi Hvannstóðs frá 24. nóvember 1921 er merkjum lýst að norður- og vesturmörkum ágreiningssvæðisins en þar segir m.a. að Lambadalsá ráði „uppá fjallseggar“. Það er í samræmi við afmörkun aðila á norður- og vesturmörkum ágreiningssvæðisins sem liggja um Lambadalsá.

Að sunnanverðu liggur að ágreiningssvæðinu óumdeilt eignarland Stakkahlíðar í Loðmundarfirði. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 6. mars 1890 er merkjum til norðurs gagnvart ágreiningssvæðinu lýst upp á svonefndar Fitjar „og því næst upp eptir Skúmhattudalsá á varp upp, og eptir það eptir vörpum allt í kring þar til Karlfellsröðin syðri tekur við“. Merkjum er þarna lýst upp á fjöllin sem skilja að Borgarfjörð og Loðmundarfjörð, sem er í samræmi við afmörkun aðila á suðurmörkum svæðisins.

Að austanverðu liggur að ágreiningssvæðinu það kröfussvæði ríkisins sem nefnt er *Desjarmýrarafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.7. Gerð er krafa til þess svæðis vegna Desjarmýrar. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 10. desember 1921 er vesturmörkum

hennar lýst að austurmörkum ágreiningssvæðisins. Þar kemur fram að Skúmhattardalsá ráði merkjum milli Desjarmýrar að sunnan og Gilsárvalla að norðan, alla leið inn og suður í Skúmhattardalsbotn og beina línu þaðan upp á Skúmhattardalsvarp.

Í landamerkjabréfum Gilsárvalla er merkjum afréttarlands jarðarinnar lýst eftir vatnsföllum upp á fjöll umhverfis ágreiningssvæðið og lýsingarnar taka til alls svæðisins. Merkjalysingar í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða falla síðan saman við lýsingarnar í landamerkjabréfum Gilsárvalla. Hvort tveggja styður afmörkun málsaðila á ágreiningssvæðinu og engum eldri heimildum er fyrir að fara sem mæla því í mót.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu eigi sér stoð í gögnum málsins. Ljóst er að ágreiningssvæðið er allt innan merkja afréttarlands Gilsárvalla eins og því er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1921.

#### 7.4.6.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Veturliði Arnbjarnarson hafi numið Borgarfjörð og búið þar.

Af þessari frásögn *Landnámu* og með hliðsjón af staðháttum eru að mati nefndarinnar miklar líkur á að ágreiningssvæðið hafi verið numið, a.m.k. að mestu leyti. Gera verður þann fyrirvara að ekki kemur fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð og því ekki hægt að fullyrða með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hversrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta

segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan merkja afréttarlands Gilsárvala samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1921. Þar er lýst sameiginlega merkjum Gilsárvala og Gilsárvallahjáleigu sem nú er sjálfstæð jörð og nefnist Grund. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu er einkum byggð á því að ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeild eignarlönd jarðanna sem eru aðskilin frá ágreiningssvæðinu, einkum þar sem svæðinu sé lýst í heimildum sem afréttarlandi. Því er tilefni til að kanna það atriði nánar.

Í lýsingu Desjarmýrarsóknar frá 1839–1840 í *Sýslu- og sóknalýsingum Múlasýslna* segir m.a. í lýsingu á afréttum: „Inn af Borgarfirði [...] hálfur Lambadalur, Kækjudalur og hálfur Skúmhattardalur tilheyrir Gilsárvelli“.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir m.a. um jörðina Gilsárvelli: „afrétt nog fyrir jörðina, og má taka í hana að auk hérum 120 kindur“.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram í færslu um Gilsárvelli að jörðin eigi upprekstrarland fyrir sig og í færslu um Grund að þar sé nægilegt upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda.

Í landskiptagerð vegna Grundar I og II frá 8. september 1970 kemur m.a. fram að Grund eigi sameiginlegt upprekstrarland með Gilsárvöllum í Innfjöllum.

Í ritinu *Göngur og réttir* frá árinu 1987 kemur fram að Gilsárvellir eigi afrétt á Kollungum norður af Miðfjalli milli Lambadalsár og Kækjudalsár.

Í svari Borgarfjarðarhrepps 23. júní 1920 til sýslumanns Norður-Múlasýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands um almenninga frá 29. desember 1919 kemur fram að enginn almenningur og ekkert afréttarland sé í hreppnum sem ekki tilheyri einhverju lögbýli. Í svari oddvita Borgarfjarðarhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt frá 20. febrúar 1989 segir að engar afréttir séu í hreppnum.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hveftrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Sem fyrr segir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins sé allt innan merkja afréttarlands Gilsárvalla samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar. Merkjalýsing þess tekur sameiginlega til Gilsárvalla og Gilsárvallahjáleigu sem nú er sjálfstæð jörð og nefnist Grund. Þegar heimalöndum Gilsárvalla og Grundar var skipt mun afréttarlandið hafa haldist áfram óskipt. Landamerkjabréfið lýsir heildarmerkjum og þrátt fyrir að ágreiningssvæðið sé landfræðilega aðskilið heimalöndum Gilsárvalla og Grundar mælir það ekki endilega gegn eignarhaldi á ágreiningssvæðinu, enda hafa landkostir verið þröngir og ábúendum því borið nauðsyn til að tryggja fé sínu nægt beitiland, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði), auk þess sem mjög stutt er milli ágreiningssvæðisins og heimalanda jarðanna.

Af hálfu íslenska ríkisins er einkum vísað til þess að ágreiningssvæðinu sé í landamerkjabréfum Gilsárvalla og öðrum heimildum lýst sem afréttarsvæði. Ríkið byggir á því að það bendi til þess að svæðið sé ekki háð beinum eignarrétti þótt einhverjir kunni að hafa notið þar óbeinna eignarréttinda.

Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Að mati óbyggðanefndar verður ekki fram hjá því litið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á landi innan ágreiningssvæðisins en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að lýsingar sem vísi til afrétta á svæðinu vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhlutum sem beitilandi fremur en að endurspeglar mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðanna, sbr. til hliðsjónar úrskurð óbyggðanefndar frá 14. nóvember 2003 í máli nr. 5/2001 (Lón), að því er varðar jörðina Bæ í Lóni. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum Múlasýslna á 19. öld var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 2. gr. reglugerðar um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu, dags. 22. ágúst 1893, segir að það skuli heita afréttarland, er búsmala er eigið haldið í á sumrum og skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk á milli. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið *afrétt* hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa því með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Að mati nefndarinnar styður það við þann skilning á orðinu sem gagnaðilar ríkisins leggja til grundvallar í málinu. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til annars en að viðkomandi landeigendur hafi farið með umráð og hagnýtingu yfir ágreiningssvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi tilheyrt eða verið nýtt af öðrum án

leyfis landeigenda. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ágreinings-  
svæðið sé háð beinum eignarrétti.

Íslenska ríkið byggir m.a. á því að ekki liggi fyrir eldri heimildir en framangreind  
landamerkjabréf sem bendi til þess að kröfusvæðið tilheyri Gilsárvöllum og Grund eða  
sem skýri nánar hvað hafi falist í réttindum jarðanna á svæðinu og á hverju þau hafi  
grundvallast. Í þessu sambandi er hins vegar einnig til þess að líta að ekki liggja fyrir  
eldri heimildir sem mæla því í mót að svæðið sé eignarland Gilsárvala og Grundar.

Þá benda staðhættir og gróðurfar einnig að mati nefndarinnar eindregið til þess að  
ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti en það er vel gróið, sérstaklega á láglandari  
hlutum þess sem liggja nærri árfarvegum, þótt gróðurþekja minnki því ofar sem dregur.  
Þrátt fyrir að ágreiningssvæðið sé aðskilið óumdeildum eignarlöndum jarðanna, er það  
ekki víðfeðmt og fjarlægðir frá bæjarstæðum jarðanna eru litlar. Þegar niðurstöður  
óbyggðanefndar í málinu eru virtar heildstætt er enn fremur ljóst að ágreiningssvæðið  
er umlukið eignarlandi á allar hliðar.

Að öllu framangreindu virtu hefur íslenska ríkið ekki sýnt fram á að ágreinings-  
svæðið sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.  
Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án  
þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr.  
58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun  
óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði  
nefndarinnar að skera úr um þau.

#### 7.4.7 *Desjarmýrarafrétt*

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er  
nefnt *Desjarmýrarafrétt*. Að norðanverðu liggur að svæðinu óumdeilt eignarland  
Desjarmýrar í Borgarfirði og gerð er krafa vegna jarðarinnar til alls ágreinings-  
svæðisins. Að austanverðu liggja að svæðinu óumdeild eignarlönd Litlu- og Stóru-  
Breiðuvíkur og Húsavíkur í samnefndum víkum og að sunnanverðu óumdeilt eignar-  
land Seljamýrar í Loðmundarfirði. Að vestanverðu liggur að svæðinu það kröfusvæði  
ríkisins sem nefnt er *Afréttarland Gilsárvala*.

Þjóðlendukröfusvæðið er innst í austanverðum Borgarfirði og teygir sig frá Skúm-  
hattardalsá í vestri að Víknaheiði og Húsavíkurheiði í austri, þar sem svæðið afmarkast  
af vatnaskilum gagnvart Beriðuvík og Húsavík. Að sunnanverðu afmarkast svæðið af  
vatnaskilum á fjallgarðinum milli Borgarfjarðar og Loðmundarfjarðar en að norðan-  
verðu af efri Selhúsalæk. Svæðið er lægst í um 100 m hæð á norðvesturmörkum þess  
og hækkar aflíðandi til suðurs og austurs en stærstur hluti svæðisins er í um 100–400 m  
hæð. Hæst rís það á Skúmhetti í um 870 m hæð á suðurmörkum svæðisins. Á austur-  
mörkum svæðisins eru Hvítserkur og Náttmálafjall áberandi í landslaginu og Hvítu-  
hjúkar á norðausturmörkum. Svæðið er vel gróið, sérstaklega á láglandari hlutum þess

og nærri árfarvegum. Gróðurþekja minnkar þó eftir því sem ofar dregur. Frá bæjarstæði Desjarmýrar að þeim hluta ágreiningssvæðisins sem næst liggur eru um 5 km.

Í kafla 7.4.7.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu byggist einkum á því að vísað sé til svæðisins í heimildum sem Desjarmýrarafréttar. Ágreiningur aðila snýr því einkum að því hvort ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.7.2.

#### 7.4.7.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og jarða sem liggja að því.

Kröfulína íslenska ríkisins er dregin frá punkti þar sem Skúmhattardalsá og Lambadalsá renna saman og mynda Þverá og er Skúmhattardalsá fylgt alla leið suður að upptökum á Skúmhattarröðum. Þaðan er línan dregin til norðausturs eftir fjallgarðinum á Náttmálafjall, síðan á Húsavíkurheiðarvarp og Hvítserk og þaðan beina línu norðvestur í stærra Gæsavatn. Þá er línan dregin upp á svonefnda Hvítuhjúka og þaðan suðvestur í Urðarhólavatn. Þaðan er línan dregin í fossinn í efri Selshúsalæk og svo eftir læknum í Skúmhattardalsá. Afmörkun ríkisins er fyrst og fremst sögð styðjast við lýsingar í landamerkjabréfi Desjarmýrar frá 1921. Þá er jafnframt vísað til lýsingar á merkjum hjáleigunnar Setbergs í byggingarbréfi frá 1855.

Gerð er krafa til alls kröfusvæðis ríkisins vegna Desjarmýrar með vísan til landamerkjabréfs jarðarinnar frá 1921. Gagnaðili ríkisins byggir kröfu sína á því að allt landsvæðið sem lýst er í landamerkjabréfinu sé háð beinum eignarrétti. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki framangreindrar jarðar og annarra jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu.

Í landamerkjabréfi Desjarmýrar, með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi, sem er dagsett 10. desember 1921 og var þinglýst 16. júlí 1923, er heildarmerkjum jarðarinnar lýst en sá hluti merkjalýsingarinnar sem varðar ágreiningssvæðið er svohljóðandi:

Að sunnanverðu á Desjarmýri land til móts við Húsavík af Skúmhattardalsvarpi yfir Skúmhöttinn og eftir hæstu fjallaröðum út í fjall það, er Náttmálafjall heitir og úr Náttmálafjalli eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnúk.

Landamerki milli Desjarmýrar og Litluvíkur eru bein lína ofan úr Hvítserkshnúk í mitt fremra eða stærra Gæsavatn.

Landamerki milli Desjarmýrar og Breiðuvíkur eru bein lína úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhnúka í Gattfjall og þaðan út hæstu fjallaraðir út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru og Litlu Breiðuvíkur og Borgarfjarðar.

[...]

Að norðanverðu ræður Fjarðaráin – milli Desjarmýrar að sunnan og Jökulsár, Hvals og Gilsárvalla að norðan, frá merkivörðu, sem er á norðurbakka Fjarðarár utan Grjótár – alt þangað til Þverá fellur í hana; en úr því ræður Þverá milli Desjarmýrar að austan og sunnan og Gilsárvalla, Grundar og Hvanntóðs að norðan og vestan, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá milli Desjarmýrar að sunnan og Gilsárvalla að norðan – alla leið inn og suður í Skúmhattardalsbotn og beina línu þaðan upp á Skúmhattardalsvarp.

Í landamerkjabréfinu er merkjum að vestanverðu lýst um Skúmhattardalsá allt suður að upptökum á Skúmhattardalsvarpi og til fjalla að sunnan- og austanverðu er merkjum lýst um hæstu fjöll og vörp, m.a. Náttmálafjall, Húsavíkurheiðarvarp, Hvítserk, stærra Gæsavatn og Hvítuhnúka. Því er ljóst að ágreiningssvæðið er allt innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfinu og þar er ekki gerður neinn greinarmunur á landi innan heildarmerkjanna.

Í eldra landamerkjabréfi Desjarmýrar, með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi, sem er dagsett 17. maí 1890 og var þinglýst 29. júní 1891, er merkjum jarðarinnar að því er varðar ágreiningssvæðið lýst með sama hætti. Bæði eldra og yngra landamerkjabréf Desjarmýrar eru m.a. árituð um samþykki vegna Húsavíkur og Litlu- og Stóru-Breiðuvíkur sem eru aðliggjandi ágreiningssvæðinu að suðaustan- og austanverðu.

Í máldaga Desjarmýrarkirkju frá 1354 kemur m.a. fram að: „kirkian æ land allt æ desiarmyre til motz vid husuivinga. so sem med fornu hefer stadid.“ Húsavík er suðaustan ágreiningssvæðisins þannig að vísun til þess að Desjarmýri tilheyri land á móts við Húsavíkinga verður ekki túlkuð á annan veg en að jörðinni sé eignað land allt að suðausturmörkum ágreiningssvæðisins.

Í máldögum Desjarmýrarkirkju frá 1397 og 1570 og öðru skjali um afhendingu kirkjunnar til nýs prests árið 1574 kemur fram að kirkjan eigi heimaland allt, en afmörkun þess er ekki lýst.

Í biskupsvísitasíu Desjarmýrarkirkju frá 1645 segir að kirkjan eigi Setberg, sem var hjáleiga, „og Skumhattardal halffann ad heffdarhallde“.

Hinn 24. ágúst 1672 staðfestu Brynjólfur biskup Sveinsson og sr. Einar Jónsson landamerki milli Stóru-Breiðuvíkur og Litlu-Breiðuvíkur, sem eru austan ágreiningssvæðisins, en merkjalýsingin er varðveitt í afriti frá 31. ágúst 1843. Þar kemur m.a. fram að merki jarðanna hafi náð: „upp eptir ánni í háfiöll j móts uid Desiarmyrrar landamerki, so sem vötn deyla“. Skjalið sýnir að litið hafi verið svo á að handan fjallanna, þar sem ágreiningssvæðið er, tæki við land Desjarmýrar.

Í lögfestu Desjarmýrar frá 31. maí 1772, sem var þinglýst 10. júlí 1844, er merkjum að því er varðar ágreiningssvæðið lýst svo:

... lögfesti hér i Dag Desjarmýrarkyrkiu Eign, med ollu Setbergs Landi, hálfann Skúmhattardal og svo sudr á Husavíkurheidi, þar til Vötnum hallar, og allt útá Fossabrekkur fyrir utan Giæsarvötn ...

Í yfirliti yfir eignir Desjarmýrarkirkju frá 9. desember 1843 segir m.a. eftirfarandi:

Á land til afréttar hálfan Skúmhattardal uppá vörp, þadan austur á hædsta Hnjuk á svokölluðu Nattmálafjalli, þadan í beirni línu í midt gjæsir vatn og gegnum það yfir víknaheidi í mótstandandi Fjallgard, þadan eptir vörpum á Þrándarhrigg, og eptir hönum í klett þann, sem stendst á við Folaldsgrov, þadan beinlínis nidur í Fjardará, eptir henni inn til Þverár og þartil hún mætir Skúmhattardalsá sem áður er á vikid. – Allt innan tédra takmarka er Disjarmýrar landareign, á hvörju standa 2 Hjábíli, hvorjum helgast eptir byggingu fyri nærverandi tíð.

Við manntalsþing 4. júní 1855 var auglýst lögfesta frá 2. júní sama ár fyrir jörðinni Húsavík og mótmælti presturinn á Desjarmýri þeim hluta hennar sem snerti stefnulínu af Húsavíkurheiðarvarpi í mitt Gæsavatn, því að hún skæri horn af Desjarmýrarlandi þeim megin fjallseggja, þó hann játaði að það land væri engri skepnu til nota.

Að öllu framangreindu virtu er ljóst að ágreiningssvæðið er allt innan merkja Desjarmýrar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1921, en það á sér einnig stoð í ýmsum öðrum heimildum, allt aftur á 14. öld.

Í landamerkjabréfum Desjarmýrar eru tilgreindar hjáleigurnar Þrándarstaðir og Setberg. Eins og áður segir er afmörkun ríkisins m.a. sögð styðjast við lýsingu á merkjum Setbergs sem liggur að norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Því verða heimildir um merki Setbergs kannaðar nánar.

Í áður nefndu yfirliti yfir eignir Desjarmýrarkirkju frá 9. desember 1843 segir m.a um Setberg:

gamalt Eidibýli með óþektum dýrleik, var byggt fyri innan 20 árum með 3 hndr. landskuld, án húsa og kúgýldis með um merkjum Efri Selshúsalækur og Mýrká að nordan og sunnan. Fjallgardurin og Þverá að vestan og austan

Í byggingarbréfi fyrir Setberg frá 2. apríl 1855 segir eftirfarandi um landamerki: „Landamerki Setbergs tel eg Myrká að utan Þverá að neðan og innan og svo Krossá, en að ofan úr Hvítahnúk í Urðarhólavatn og þaðan í fossinn í efri Selshúsalæk.“ Þá segir í bréfinu að jörðin eigi ókeypis afrétt saman við Desjarmýri.

Í virðingargjörð á kirkjuhjáleigunni Setbergi frá 15. júlí 1915 segir að hún sé fjögur hundruð að fornu mati. Einnig segir að hún liggi sunnan megin Borgarfjarðar, hér um bil mílu frá sjó. Landamerkjum er lýst þannig:

Ummerki jarðarinnar fynnst hjer hvergi skrásett, enn að sögn gamalla skilríkja ábúanda eru þau þannig:

Að austan ræður Mirká til Hvítuhnúka. Að sunnan ræður bein lína úr Hvítuhnúkum í bugðu á efri Selshúsalæk ofan við efra leiti, þá ræður lækur þessi inn í Krossá, svo Krossá að vestan og Þverá að norðan.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um landamerki Setbergs:

Landamerki eru sögð þessi: „Að austan ræður „Myrka“ til Hvítuhnúku. Að sunnan ræður bein lína úr „Hvítuhnúkum“, í bugðu á Efri-Selshúsalæk, ofan við Efri-Leiti þá ræður Selhúsalækur inn í Krossa að vestan og Þverá að norðan.“



Í framangreindum heimildum um merki hjáleigunnar Setbergs er merkjum að sunnanverðu lýst úr Hvítuhnjúkum í efri Selhúsálæk, og eftir læknum í Krossá, sem er annað heiti á Skúmhattardalsá. Það er í samræmi við afmörkun ríkisins á norðurmörkum ágreiningssvæðisins.

Af hálfu íslenska ríkisins er einnig vísað til þess að í lýsingu á Desjarmýrarsókn frá 1839–1840 í *Sýslu- og sóknalýsingum Múlasýslna* sé að finna eftirfarandi lýsingu á afrétt Desjarmýrar: „þá Dysjarmýri, hálfur Skúmhattardalur, Setbergsupsir, Krossmelar og Fitjar og allt til Gæsirvatna. Þessi afréttur er léður öllum Borgarfirði.“ Ágreiningssvæðið tekur m.a. til hálfis Skúmhattardals og örnefni Setbergsupsir, Krossmelar og Fitjar, allt að Gæsavötnum, eru öll innan svæðisins. Í lýsingunni er norðurmörkum afréttarinnar hins vegar ekki lýst.

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um merki jarðarinnar. Koma því næst til skoðunar heimildir um merki aðliggjandi jarða.

Að vestanverðu liggur að ágreiningssvæðinu það kröfussvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Afréttarland Gilsárvalla* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.6. Heimaland Gilsárvalla liggur síðan vestan við heimaland Desjarmýrar. Í landamerkjabréfi Gilsárvalla frá 20. desember 1921 segir að jörðin eigi afréttarland milli Lambadalsár og Skúmhattardalsár inn á vörp. Austurmörk afréttarlands Gilsárvalla fylgja samkvæmt þessu Skúmhattardalsá sem er í samræmi við vesturmörk ágreiningssvæðisins.

Merkjum óumdeilds eignarlands Seljamýrar í Loðmundarfirði er lýst að suðurmörkum ágreiningssvæðisins í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 4. mars 1890. Þar kemur m.a. fram að merki jarðarinnar nái „upp í Hrafnagil til fjalls, þar er vötnum hallar, síðan eftir fjallaeggjum allt á Skúmhött“. Það er í samræmi við afmörkun aðila á umræddum hluta ágreiningssvæðisins.

Að syðri hluta austurmarka ágreiningssvæðisins liggur óumdeilt eignarland Húsavíkur. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 26. desember 1921 er merkjum lýst upp á fjallið Skæling og „þar næst fram og norður eftir fjallgörðum á fjall er heitir Skúmhöttur, að því búnu eftir hæstu fjallaröðum út á svokallað Náttmálafjall og þaðan eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnúk“. Landamerkjabréfið er m.a. áritað um samþykki vegna Desjarmýrar sem sýnir að litið hefur verið svo á að jarðirnar lægju saman. Framangreind lýsing er einnig í samræmi við afmörkun aðila á umræddum hluta ágreiningssvæðisins.

Merkjum óumdeilda eignarlanda Litlu- og Stóru-Breiðuvíkur er lýst að nyrðri hluta austurmarka ágreiningssvæðisins. Í landamerkjabréfi Litlu-Breiðuvíkur frá 15. desember 1921 er merkjum að því er varðar ágreiningssvæðið lýst með eftirfarandi hætti: „Ræður svo Sólfjallið, síðan Leirufjallið landamerkjum, miðað við fjallseggjar inn á Hvítserkshnúk. Úr honum beina stefnu í fremra eða stærra Gæsavatn“. Í landamerkjabréfi Stóru-Breiðuvíkur frá sama degi kemur fram að merki milli Stóru-Breiðuvíkur og Desjarmýrar séu „úr miðju innra Gæsavatni upp í Hvítahnúk, þaðan út eftir

eggjum á Gagnheiði“. Framangreindar lýsingar eru í samræmi við afmörkun aðila á umræddum hluta ágreiningssvæðisins.

Í landamerkjabréfi Desjarmýrar er merkjum lýst eftir vatnsföllum upp á fjöll umhverfis ágreiningssvæðið og lýsingin tekur til alls svæðisins. Hún á sér stoð í eldri heimildum, allt aftur á 14. öld, og merkjalýsingum í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Hvort tveggja styður afmörkun málsaðila á ágreiningssvæðinu og engum eldri heimildum er fyrir að fara sem mæla því í mót.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu eigi sér stoð í gögnum málsins. Ljóst er að ágreiningssvæðið er allt innan merkja Desjarmýrar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1921.

#### 7.4.7.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Veturliði Arnbjarnarson hafi numið Borgarfjörð og búið þar.

Af þessari frásögn *Landnámu* og með hliðsjón af staðháttum eru að mati nefndarinnar miklar líkur á að ágreiningssvæðið hafi verið numið, a.m.k. að mestu leyti. Gera verður þann fyrirvara að ekki kemur fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð og því ekki hægt að fullyrða með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hversrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitásium og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við

staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið væri að öllu leyti innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Desjarmýrar frá 1921, sem ætti sér einnig stoð í eldri heimildum allt aftur á 14. öld. Íslenska ríkið byggir fyrst og fremst á því að ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar, einkum þar sem fyrir liggja heimildir sem lýsi svæðinu sem afréttarlandi. Því er tilefni til að kanna það atriði nánar.

Í lögfestu Desjarmýrar frá 31. maí 1772, sem var þinglýst 10. júlí 1844, er merkjalýsing sem, eins og áður segir, tekur til alls ágreiningssvæðisins. Þar segir einnig:

Fyrirbíd eg hédan af hvörjum Manni i ad vinna edr sér ad nýta, til Skógarnáms, Grasatekiu, hagbeitar Gripagaungu, edur nokkurra annara afnota, nema mitt sé leyfi til.

Ýmsar heimildir frá 1840–1843 fjalla um ágreining milli Desjarmýrar og Húsavíkur um landstykki innan ágreiningssvæðisins sem nefnist Efri-Fitjar. Deilt var um hvorri kirkjunni þrætuparturinn tilheyrði. Í prófastsvísitasíu fyrir Desjarmýri frá 15. ágúst 1841 segir eftirfarandi um staðsetningu landsins: „landstykki ofan fra Husavík, er heldur varpi nidur ad Selshúsalæk efra frá Kroka ad vestanverdu og til Gjæsirvatna ad austanverdu“. Hinn 23. júlí 1842 komst á sátt milli aðila með því að miða við hæsta hnúk á Náttmálafjalli „hvadan lína takist yfir úr Fjallgardinum sem skéri midt greint vatn og þar sem hún vill lenda á gagnstandandi Fjalli“.

Í áðurnefndu yfirliti yfir eignir Desjarmýrarkirkju frá 9. desember 1843 er merkjum jarðarinnar lýst og tekið fram að hún eigi „land til afréttar hálfan Skúmhattardal uppá vörp“. Þá segir að allt innan þeirra marka sem sé lýst í yfirlitinu sé Desjarmýrar landareign.

Í sóknarlýsingu Desjarmýrarsóknar frá 1839–1840 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna er, eins og áður segir, að finna eftirfarandi lýsingu á svæðinu: „Inn af Borgarfirði [...] þá Dysjarmýri, hálfur Skúmhattardalur, Setbergsupsir, Krossmelar og Fitjar og allt til Gæsirvatna. Þessi afréttur er léður öllum Borgarfirði.“

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 kemur fram að jörðin Desjarmýri „á afrétt fyrir síálfa sig og má taka á hana að auki 240 fjár“.

Í skýrslu um tekjur Desjarmýrarprestakalls, dagsettri 7. ágúst 1854, er lýst landi Desjarmýrar. Þar segir m.a. að afréttarland sé dagott og nóg fyrir geldfé staðarins, áfast við heimaland.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Desjarmýri hafi nægjanlegt upprekstrarland.

Í svari Borgarfjarðarhrepps 23. júní 1920 við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands um almenninga frá 29. desember 1919 kemur fram að enginn almenningur og ekkert

afréttarland sé í hreppnum sem ekki tilheyri einhverju lögbýli. Í svari oddvita Borgarfjarðarhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt frá 20. febrúar 1989 segir að engar afréttir séu í hreppnum.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hvefjar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Af hálfu íslenska ríkisins er m.a. vísað til lýsinga á afréttarsvæðum inn af Borgarfirði í sóknarlýsingu Desjamýrarsóknar frá 1839–1840 til stuðnings kröfu um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu. Í landamerkjabréfum Desjarmýrar og öðrum gögnum málsins er hins vegar ekki að finna neitt sem bendir til þess að ágreiningssvæðið hafi ekki verið háð beinum eignarrétti, enda svæðið allt skýrlega innan merkja jarðarinnar. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að svæðið hafi nokkru sinni haft stöðu samnotaafréttar.

Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Að mati óbyggðanefndar verður ekki fram hjá því litið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á landi innan ágreiningssvæðisins en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að lýsingar sem vísi til afrétta á svæðinu vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhlutum sem beitolandi fremur en að endurspeglar mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðanna, sbr. til hliðsjónar úrskurð óbyggðanefndar frá 14. nóvember 2003 í máli nr. 5/2001 (Lón), að því er varðar jörðina Bæ í Lóni. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum Múlasýslna á 19. öld var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 2. gr. reglugerðar um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu, dags. 22. ágúst 1893, segir að það skuli heita afréttarland, er búsmala er eigið haldið í á sumrum og skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk á milli. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið *afrétt* hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa því með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Að mati nefndarinnar styður það við þann skilning á orðinu sem gagnaðilar ríkisins leggja til grundvallar í málinu. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til

annars en að viðkomandi landeigendur hafi farið með umráð og hagnýtingu yfir ágreiningssvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi tilheyrt eða verið nýtt af öðrum án leyfis landeigenda. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti.

Merkjalýsingar í landamerkjabréfum Desjarmýrar ná til alls ágreiningssvæðisins og eldri heimildir, allt aftur á 14. öld, styðja við þá afmörkun. Þar er heildarmerkjum jarðarinnar lýst og ágreiningssvæðið er ekki sérstaklega aðskilið frá öðru landi jarðarinnar. Þá er enginn greinarmunur gerður á því landi jarðarinnar sem er innan og utan ágreiningssvæðisins en óumdeilt eignarland jarðarinnar er norðan svæðisins. Að mati nefndarinnar bendir það til þess að ekki hafi verið munur á eignarréttarlegri stöðu þessara svæða.

Þá benda staðhættir og gróðurfar að mati nefndarinnar einnig til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti en það er vel gróið, sérstaklega á láglandari hlutum þess sem liggja nærri árfarvegum, þótt gróðurþekja minnki eftir því sem ofar dregur. Ágreiningssvæðið er samliggjandi óumdeildu eignarlandi jarðarinnar, það er ekki stórt og fjarlægðir frá bæjarstæði jarðarinnar eru ekki miklar. Þegar niðurstöður óbyggðanefndar í málinu eru virtar heildstætt er enn fremur ljóst að ágreiningssvæðið er umlukið eignarlandi á allar hliðar.

Að öllu framangreindu virtu hefur íslenska ríkið ekki sýnt fram á að ágreiningssvæðið sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

#### 7.4.8 Hvalvík

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Hvalvík* en gerð er krafa til alls svæðisins vegna Brúnavíkur. Að svæðinu vestanverðu liggur óumdeilt eignarland Brúnavíkur, að sunnanverðu óumdeilt eignarland Kjólsvíkur og að austanverðu óumdeilt eignarland Glettinganess. Að norðanverðu liggur svæðið að sjó. Ágreiningssvæðið tekur til Hvalvíkur í Víkum. Það er skýrt afmarkað af náttúrunnar hendi, annars vegar af sjó og hins vegar fjallgarðinum umhverfis Hvalvík. Af helstu fjöllum þar má m.a. nefna Gletting, Víðidalsfjall, Súlutind, Geldingahnjúk og Dagmálafjall. Ágreiningssvæðið er allvel gróið, sérstaklega á láglandari hlutum þess og nærri vatnsföllum en gróðurþekja minnkar þó eftir því sem ofar dregur. Svæðið er lægst við sjó að norðanverðu en hæstu fjallstindar umhverfis víkina eru í um 550–570 m hæð. Stærstur hluti svæðisins er í 50–300 m hæð.

Í kafla 7.4.8.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða. Rétt er að taka skýrt fram að

í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu byggist einkum á því að svæðið hafi verið utan landnáms eða þá að beinn eignarréttur hafi fallið niður hafi hann stofnast yfir svæðinu í heild eða að hluta. Ágreiningur aðila snýr þess vegna að því hvort ágreiningssvæðið sé undirorpið beinum eignarrétti. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.8.2.

#### 7.4.8.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og jarða sem liggja að því.

Kröfulína íslenska ríkisins er dregin frá upphafspunkti á Æðarskerssandi móts við Æðarsker við norðvestanverða Hvalvík, þaðan upp í fjallsbrún og eftir fjallaröðum til suðurs á Súlutind. Þaðan er línan dregin til austurs með fjallgarðinum, eftir því sem vötnum hallar, í Glettingsgjá og til sjávar. Þaðan er strandlengjunni fylgt til vesturs í upphafspunkt. Afmörkun ríkisins er fyrst og fremst sögð styðjast við lýsingar í landamerkjabréfi Brúnavíkur frá 3. júlí 1884.

Gerð er krafa til alls ágreiningssvæðisins vegna Brúnavíkur með vísan til landamerkjabréfs Hvalvíkur og Brúnavíkur frá 1922. Af hálfu gagnaðila ríkisins er einkum byggt á því að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfinu og sé eignarland á þeim grundvelli. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki framangreindra jarða og annarra aðliggjandi jarða og landsvæða.

Í landamerkjabréfi Hvalvíkur og Brúnavíkur frá 25. janúar 1922, sem var þinglýst 17. júlí sama ár, er merkjum jarðanna tveggja lýst sameiginlega með eftirfarandi hætti:

Landamerki Brúnavíkur og Hvalvíkur sem er sameign, eru þessi:

Að sunnan úr næsta vog sunnan við Gusugilsfjöru, í Glettingsbrún, utan við Glettingsgrjót. Þaðan eftir röðum á Glettingskoll. Svo eftir hæstu fjallaröðum á Súlutind. Og svo eftir fjallsröð á Gagnheiði, þaðan norður Þrándarhrygg í miðinu strýp á Grenishæðum. Þaðan út fjallsraðir eftir því sem vötn falla til vikurinnar á Stekkhvammsfell; þaðan austur Almenningsröð og í mitt Almenningsflesjarsund.

Samkvæmt eldra landamerkjabréfi Brúnavíkur frá 3. júlí 1884, sem var þinglýst 4. júlí sama ár, á Hvalvík „allt sitt land ítölulaust fjallatinda á milli austur í Glettingsgjá“. Í sama landamerkjabréfi er merkjum Brúnavíkur lýst að vesturmörkum ágreiningssvæðisins, þ.e. „af Gagnheiði og út fjallaraðir í Æðarsker“.

Elsta fyrirbyggjandi heimild um merki Hvalvíkur er skýrsla yfir kúgildi og inntektir á jörðum biskups í Borgarfirði og Seyðisfirði 1672–1673, þar sem segir að Hvalvík eigi „allt sitt land ítölulaust fjallatinda á milli austr á Glettingsgjá. Reka norður í Æðasker.

Ad austan í vog nidur undan Glettingsbrún“. Í sömu skýrslu kemur fram að Brúnavík eigi „allt sitt land ítölulaust fram á Þrándarhriegg og upp á hædstu fiöll á bádar síður þar til vötnum hallar. Reka allan fyrir sínu landi ítölulausan, í midian Ædasand fyrir Ædaskeri, á móts við Hvalvík ad austan“. Sama lýsing á merkjum Hvalvíkur kemur fram í afriti frá 1846 á texta úr bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar yfir árin 1672 og 1673.

Í lögfestu Brúnavíkur ásamt Hvalvík frá 24. október 1811 er sameiginlegum merkjum jarðanna lýst með eftirfarandi hætti:

úr Fiallskerdingu utann til á Almennings-Fialle, og í midia Fles, og svo medframm Sió, allt í Gusugil, fyrir nordann Glettinganess, sidann eptir Eggjum sem hallar á Þrándar Hriegg, enn þaðann í Glettings-Koll allt í kring.

Í lögfestu fyrir Brúnavík með afbýlinu Hvalvík frá 26. mars 1842 kemur eftirfarandi fram um merki jarðanna:

ad Sunnanverdu frá Gusuguli fyrir nordan Glettinganes, uppa Glettings-Koll, síðan <sup>eptir</sup> sem votnum hallar til vikurinnar eptir fjallaeggjum – og vörpum á Þrándarhriegg, þaðan fyrir vikur botninn, og ut Fialla-Eggjar og vörp úti Jadarinn edur Rödina, a því svokallada Almennings-Fjalli, og <sup>svo rétt</sup> Stefni-Linu eptir henni ofaní Sjó; og reka allann edur Rekaplats med Sió, ~~med þe~~ frá þessum ummerkjum ad nordanverdu, og allt um kring vikurnar – Brunavik og Hvalvik – sudur ad Gusugili.

Ýmsar heimildir frá 1855–1856 fjalla um ágreining milli ábúenda Brúnavíkur og Glettingsness um lítið landsvæði austast á ágreiningssvæðinu undir Glettingskoll. Ljóst er af gögnum málsins að lítið var svo á að Hvalvík tilheyrði Brúnavík og deilt var um yfirráð yfir þrætupartinum. Í skjalasafni Skriðuklausturs er ódagsettur uppdráttur af svæðinu milli Hvalvíkur og Glettingsness, líklega frá 1855. Þrætulandið er afmarkað með línunum og markað við ákveðin örnefni, einkum Glettingskoll syðri, Glettingskoll nyrðri og Gusugil eða Gusugilstanga. Annar uppdráttur er varðveittur í sama skjalasafni, dagsettur 5. júlí 1855. Þar er um merki Hvalvíkur m.a. vísað í áður nefnda lýsingu úr bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar:

hvalvik á, allt sitt land fialla tinda i milli austur j glettings gja, seigir Brini<sup>o</sup>lfur biskup, i tuttugustu brefa Bok sinni 16 h. 72 1673

Ekki liggur fyrir hvort og þá hvernig leyst hafi verið úr þessum ágreiningi. Á hinn bóginn virðist sem sátt hafi verið um merki milli jarðanna þegar gerð voru landamerkjabréf fyrir þær en landamerkjabréf Brúnavíkur frá 1884, sem hefur að geyma lýsingu á merkjum Hvalvíkur, er áritað af ábúanda á Glettingsnesi og landamerkjabréf Glettingsness, sem er ódagsett en var þinglýst 1886, er áritað af eiganda Brúnavíkur.

Ekki liggja fyrir frekari heimildir um merki Hvalvíkur og koma því næst til skoðunar heimildir um merki aðliggjandi jarða.

Líkt og áður hefur komið fram er jörðin Brúnavík aðliggjandi vesturmörkum ágreiningssvæðisins samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 3. júlí 1884. Þá er einnig ljóst að ágreiningssvæðið er innan merkja Hvalvíkur og Brúnavíkur samkvæmt landamerkjabréfi frá 25. janúar 1922 þar sem merkjum þeirra er lýst í einu lagi.

Merkjum óumdeilds eignarlands Kjólsvíkur er lýst að suðurmörkum ágreiningssvæðisins í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 31. janúar 1922. Þar kemur fram að merki milli Kjólsvíkur og „Brúnavíkur (Hvalvíkur)“ séu „úr Súlutindi út hæstu fjallaraðir á Glettingskoll þar sem hann er hæstur“. Það er í samræmi við afmörkun aðila á umræddum hluta ágreiningssvæðisins.

Aðliggjandi ágreiningssvæðinu austanverðu er óumdeilt eignarland Glettingsness. Í landamerkjabréfi jarðarinnar sem er ódagsett en var þinglýst 5. júlí 1886 segir að jörðin eigi „land uppá á Glettingsbrún, og reka að norðan í Vog niður undan Glettingsbrún“. Sú afmörkun er í samræmi við afmörkun aðila á umræddum hluta ágreiningssvæðisins.

Í landamerkjabréfi Brúnavíkur frá 3. júlí 1884 og landamerkjabréfi Hvalvíkur og Brúnavíkur frá 25. janúar 1922, þar sem merkjum jarðanna er lýst sameiginlega, er merkjum lýst upp á fjöll umhverfis ágreiningssvæðið og lýsingin tekur til alls svæðisins. Merkjalýsingin á sér jafnframt stoð í eldri heimildum um merkin og merkjalýsingum í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Hvort tveggja styður afmörkun málsaðila á ágreiningssvæðinu og engum eldri heimildum er fyrir að fara sem mæla því í mót.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirbyggjandi heimildir styðji afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Hvalvíkur og Brúnavíkur frá 1922.

#### 7.4.8.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Veturliði Arnbjarnarson hafi numið Borgarfjörð og búið þar og Þórir lína hafi numið Breiðuvík og búið þar. Ekki er fjallað um landnám milli Borgarfjarðar og Breiðuvíkur í *Landnámu* en þar á milli liggja Kjólsvík, Hvalvík og Brúnavík. Færð hafa verið rök fyrir því að þessar víkur hafi líklega verið innan landnáms Þóris línu, þó að það verði ekki ráðið af texta landnámslýsingarinnar.<sup>1489</sup>

Þrátt fyrir að Hvalvík sé samkvæmt framansögðu ekki skýrlega innan landnámslýsinga í *Landnámu* eru að mati nefndarinnar, einkum að teknu tilliti til staðháttá og annarra heimilda um svæðið, mjög miklar líkur á að hún hafi verið numin.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvefrrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði,

<sup>1489</sup> Sjá t.d. *Landið og Landnáma*, bls. 363.



svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitásium og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Hvalvíkur og Brúnavíkur frá 1922. Það á sér einnig stoð í eldri heimildum um merki Hvalvíkur. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu byggist einkum á því að svæðið hafi verið utan landnáms eða þá að beinn eignarréttur hafi fallið niður hafi hann stofnast yfir svæðinu í heild eða að hluta. Um hið síðarnefnda er einkum vísað til þess að óljóst sé að mati ríkisins hvernig tengsl Brúnavíkur og Hvalvíkur séu til komin.

Elstu fyrirliggjandi heimildir sem varða Hvalvík eru bréf Brynjólfs biskups Sveinsonar frá 7. apríl 1670 um kaup á hálfri jörðinni Hvalvík og skýrsla yfir kúgildi og inntektir á jörðum biskups í Borgarfirði og Seyðisfirði 1672–1673 þar sem m.a. er fjallað um Hvalvík. Jafnframt liggja fyrir skjöl sem sýna að á svipuðum tíma komst Brúnavík í eigu Brynjólfs biskups og því ljóst að eignarhald á þessum tveimur jörðum var komið á sömu hendi á seinni hluta 17. aldar. Hvalvík og Brúnavík eru síðan skráðar sem tvær sjálfstæðar jarðir í jarðabókum frá 1686 og 1696.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 kemur fram að eyðijörðin Hvalvík hafi verið nýtt sem beutiland frá Stóru-Breiðuvík.

Fyrir liggur lögfesta fyrir Brúnavík „ásamt þar medfylgjande Hvalvikur“ frá 24. október 1811 og önnur fyrir Brúnavík ásamt „sinu medfylgjande afbyli Hvalvikur Landeign“ frá 26. mars 1842. Af þeim verður ráðið að Hvalvík hafi á þeim tíma fylgt Brúnavík og verið nýtt þaðan en eins og áður segir sýna gögn málsins að eignarhald á jörðunum tveimur var komið á sömu hendi á seinni hluta 17. aldar.

Í neðanmálgrein við umfjöllun um Kjólsvík í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er vísað til þess að Hvalvík sé bændaeign sem sé í eyði.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 er Hvalvík sögð eyðibýli og metin með Brúnavík.

Eins og áður segir fjalla ýmsar heimildir frá 1855–1856 um ágreining milli eigenda Brúnavíkur og Glettingsness um landsvæði austast á ágreiningssvæðinu í Hvalvík. Ljóst er af þessum heimildum að á þeim tíma var litið svo á að Hvalvík tilheyrði Brúnavík. Ekki liggur fyrir hvort og þá hvernig leyst hafi verið úr þessum ágreiningi.

Sem fyrr segir er merkjum Hvalvíkur lýst í landamerkjabréfi Brúnavíkur frá 3. júlí 1884 og í yngra landamerkjabréfi Brúnavíkur og Hvalvíkur frá 25. janúar 1922 er merkjum þeirra lýst sameiginlega. Einnig er sérstaklega tilgreint að Brúnavík og Hvalvík séu sameign.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að Brúnavík hafi gott upprekstrarland og hrossabeit í Hvalvík.

Í örnefnaskrá fyrir Brúnavík frá 1957 segir að jarðeignin Brúnavík sé tvær vikur sunnan Borgarfjarðar „er heita Brúnavík sú norðari og er næst Borgarfirði, en hin syðri Hvalvík og nær að Glettingsnesi“.

Samkvæmt manntali 1703 var þá búið í Hvalvík en svo virðist sem jörðin hafi fljótlega eftir það farið í eyði og verið nýtt frá Brúnavík. Aftur mun hafa verið búið á jörðinni í um áratug á fyrri hluta 19. aldar en ekki eftir það.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hvefrrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Sem fyrr segir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Hvalvíkur og Brúnavíkur frá 1922 þar sem heildarkerkjum er lýst sameiginlega. Þá á lýsing landamerkjabréfsins sér stoð í eldri heimildum og ekki liggja fyrir aðrar eldri heimildir sem mæla þeirri afmörkun í mót.

Af gögnum málsins verður ráðið að Hvalvík hafi verið sjálfstæð jörð fram á 18. öld en eignarhald á Hvalvík og Brúnavík hafi verið komið á sömu hendi á seinni hluta 17. aldar. Svo virðist sem byggð hafi lagst af í Hvalvík á fyrri hluta 18. aldar og hún hafi síðan aðallega verið nýtt frá Brúnavík, fyrir utan skammvinna búsetu á fyrri hluta 19. aldar. Í lögfestum fyrir Brúnavík frá 1811 og 1842 er Hvalvíkur getið á þann veg að hún fylgi Brúnavík, auk þess sem Hvalvík er metin með Brúnavík í jarðamati 1849–1850 og fasteignamati 1916–1918. Merkjum Hvalvíkur er svo lýst í landamerkjabréfi Brúnavíkur 1884 og sameiginlega með landamerkjum Brúnavíkur í landamerkjabréfi Hvalvíkur og Brúnavíkur 1922.

Að mati óbyggðanefndar styðja gögn málsins þannig við þann máltilbúnað gagnaðila ríkisins að Hvalvík hafi verið sjálfstæð jörð til forna en eftir að eignarhald á

Brúnavík og Hvalvík hafi verið komið á sömu hendi og byggð lagst af í Hvalvík hafi hún verið nýtt frá Brúnavík og eigandi jarðanna síðar sameinað þær, ekki síðar en 1849. Það hafi svo verið staðfest með landamerkjabréfum frá 1884 og 1922. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ágreiningssvæðið hafi frá öndverðu verið jörð eða hluti jarðar og sé háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli.

Þá mæla staðhættir, gróðurfar eða önnur atriði því ekki í mót að mati óbyggðanefndar að ágreiningssvæðið sé eignarland en það er lítið, allvel gróið og liggur að sjó. Að ágreiningssvæðinu liggja jafnframt óumdeild eignarlönd á allar hliðar í vikum þar sem staðhættir og gróðurfar er mjög sambærilegt.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlönda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

#### 7.4.9 Ytri-Álftavík

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Ytri-Álftavík* en gerð er krafa til alls svæðisins vegna samnefndrar jarðar.<sup>1490</sup> Aðliggjandi að suðvestanverðu er það kröfusvæði ríkisins sem nefnt er *Innri-Álftavík* og að svæðinu vestan- og norðanverðu liggur óumdeilt eignarland Húsavíkur.<sup>1491</sup> Ágreiningssvæðið er í syðsta hluta Víkna, milli Húsavíkur og Loðmundarfjarðar og nær frá sjó upp á fjallgarðinn milli þeirra. Það tekur til stærsta hluta Ytri-Álftavíkur, sem í sumum heimildum er einungis nefnd Álftavík og hér í framhaldinu verða bæði heitin notuð. Þrátt fyrir takmarkað undirlendi er svæðið allvel gróið upp í hliðar en skriður og klettabelti setja aðgengi að því talsverðar skorður. Innan svæðisins er Álftavíkurdalur, allbreiður og vel gróinn grashjalli í rúmlega 300 m hæð vestan undir Álftavíkurtindi, en um dalinn liggur aðalleiðin milli Ytri-Álftavíkur og Húsavíkur. Svæðið er lægst við sjó að austanverðu en rís hæst í rúmlega 640 m hæð á Miðmundafjalli.

Í kafla 7.4.9.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlönda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og

<sup>1490</sup> Jörðin Ytri-Álftavík nefnist nú Glaumbær í fasteignaskrá.

<sup>1491</sup> Auk jarðarinnar Húsavíkur eru í samnefndri vik einnig jarðirnar Hólshús, Dalland og Dallands-partur sem skipt var út úr Húsavíkurlöndinni en land jarðanna í vikinni er að mestu leyti óskipt. Til einföldunar verður einungis vísað til Húsavíkurlöndarinnar í eftirfarandi umfjöllun enda eru heimildir um landamerki tengdar henni.

afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu byggist einkum á því að svæðið hafi verið utan landnáms eða þá að beinn eignarréttur hafi fallið niður hafi hann stofnast yfir svæðinu í heild eða að hluta. Ágreiningur aðila snýr að því hvort ágreiningssvæðið sé undirorpið beinum eignarrétti. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.9.2.

#### 7.4.9.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða.

Upphafspunktur kröfulínu ríkisins er á Höfðasandi við sjó og þaðan er línan dregin beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll. Þaðan er fjallshryggnum fylgt norðaustur, yfir Hádegishnjúk og niður að sjó á Hafnarnesi. Þaðan er línan dregin með sjó í upphafspunkt. Við afmörkun kröfusvæðis ríkisins er fyrst og fremst litið til lýsingar í dómi um landamerki milli Álftavíkur og Ness í Loðmundarfirði frá 29. ágúst 1890.

Sem fyrr segir er gerð krafa til alls ágreiningssvæðisins vegna Ytri-Álftavíkur. Af hálfu gagnaðila ríkisins er byggt á því að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar frá 1921 og sé eignarland á þeim grundvelli, auk þess sem byggt er á áður nefndum landamerkjadómi frá 29. ágúst 1890 og landamerkjabréfi Húsavíkur, dags. 26. desember 1921.

Munur er á textalýsingum aðila á kröfulínum þeirra á norðvesturmörkum svæðisins. Ríkið lýsir því að kröfulína þess sé dregin yfir Hádegishnjúk „og niður á Hafnarnes“ en kröfulína gagnaðila ríkisins er sögð dregin úr norðari Álftavíkurtindi „og þaðan beint í sjó við Örvasand syðst“. Kröfulínur beggja aðila eru þó dregnar eins á kort og af mála-tilbúnaði þeirra er ljóst að ekki er uppi ágreiningur um afmörkun þess hluta svæðisins í málinu.

Við suðvesturmörk svæðisins er munur á því hvernig aðilar málsins draga kröfulínu milli sjávar og Miðmundarfjalls. Kröfulína ríkisins miðast við Höfðasand, fjallsröð og Miðmundarfjallskoll en kröfulínur gagnaðila ríkisins, bæði vegna Ness og Neshjáleigu annars vegar og Ytri-Álftavíkur hins vegar, miðast við Mávabrík, fjallsröð eða fjallsraðir og Miðmundarfjallskoll/-topp. Þótt allnokkur munur sé á því hvernig línurnar eru dregnar á kröfulínukort málsins, þá ber textalýsingunum saman fyrir utan þann hluta sem næstur er sjónum þar sem ríkið miðar við Höfðasand en gagnaðilar þess við Mávabrík sem er af hálfu eiganda Ness lýst svo að hún sé „framan og vestan við svokallaðan Höfðasand“. Í vefsíam Landmælinga Íslands er Höfðasandur mun nær Mávabrík en þeim stað þar sem íslenska ríkið hefur staðsett hann á kröfulínukorti og staðsetningin í vefsíanni fær stuðning af lýsingum í örnefnaskrá. Því verður hér lagt til grundvallar að afmörkun aðila á þessum hluta kröfusvæðisins beri saman ef frá er talinn lítill hluti næst sjónum. Sem fyrr segir liggur að ágreiningssvæðinu suðvestanverðu kröfusvæði

ríkisins sem nefnist *Innri-Álftavík* og vegna þessa munar á afmörkun ríkisins og gagnaðila tekur krafa vegna Ytri-Álftavíkur einnig til hluta þess. Til hins hlutans er gerð krafa vegna Ness og Neshjáleigu í Loðmundarfirði, sbr. kafla 7.4.10. Að öðru leyti er ekki ágreiningur um afmörkun svæðisins.

Landamerkjabréf Álftavíkur, þ.e. Ytri-Álftavíkur, frá 30. desember 1921 lýsir merkjum að suðvestanverðu gagnvart Innri-Álftavík um Mávabrík og „upp raðir í Miðmundarfjallstopp“. Gagnvart Húsavík að norðan- og norðvestanverðu er merkjum lýst „út Miðmundarfjallsraðir í norðari Álftavíkurtind og þaðan beint í sjó norðan við Örvasand“. Í landamerkjabréfinu er heildarmerkjum Ytri-Álftavíkur lýst og kröfusvæði ríkisins er að öllu leyti innan merkja jarðarinnar samkvæmt því.

Fyrir liggja ýmis eldri gögn um landamerki á svæðinu. Óumdeilt eignarland Húsavíkur liggur að svæðinu norðvestan- og norðanverðu og landamerkjabréf Húsavíkur frá 17. maí 1887 tekur m.a. til Álftavíkur, enda sést af ýmsum gögnum málsins að Ytri-Álftavík tengdist lengi Húsavík. Sem dæmi má nefna að lögfesta Húsavíkur frá 1705 tekur m.a. til Álftavíkur, í lýsingu Húsavíkurtorfunnar frá 1832 er Álftavíkur getið og tilgreint að hún sé „uppbygð á ny fyrir fáum árum síðann“ og í *Jarðatali* Johnsens 1847 og jarðamatinu 1849–1850 er hún sögð hjáleiga Húsavíkur. Í áðurnefndu landamerkjabréfi Húsavíkur 1887 er heildarmerkjum kirkjujarðarinnar Húsavíkur síðan lýst og tilgreint að innan þeirra séu Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álftavík og Litla-Breiðavík. Þeim hluta landamerkjanna sem varða ágreiningssvæðið er lýst á eftirfarandi hátt en innan þeirra merkja er Ytri-Álftavík og ágreiningssvæðið allt:

að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álftavík beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjallið Skæling

Af gögnum málsins um Húsavík og Álftavík verður ráðið að þegar hjáleigum jarðarinnar Húsavíkur í samnefndri vík var skipt út úr jörðinni og þær seldar hafi land jarðanna í vikinni að mestu haldist óskipt. Hins vegar hafi eignarhald á Álftavík, sem er skýrt aðgreind landfræðilega, fylgt Húsavíkurjörðinni, sbr. að í ýmsum gögnum frá síðari hluta 19. aldar kemur fram að eigandi þeirra sé sá sami. Eignarhaldið var hins vegar ekki lengur á sömu hendi þegar yngra landamerkjabréf Húsavíkur var gert 26. desember 1921 og það tekur ekki til Ytri-Álftavíkur. Þar er sunnanverðum merkjum Húsavíkur lýst „af Örvasandi syðst, beina línu upp í Álftavíkurtind og þaðan eftir hæstu fjallaröðum inn Álftavíkureggjar í Miðmundarþúfu“. Þaðan er merkjum m.a. lýst í Miðdegisfjall og eftir Fossadalssvarpi.

Eins og áður segir var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Ytri-Álftavík árið 1921 sem er dagsett fjórum dögum á eftir yngra landamerkjabréfi Húsavíkur. Lýsingum þessara tveggja landamerkjabréfa á merkjum milli jarðanna ber saman og þær eru í samræmi við afmörkun aðila á norðan- og norðvestanverðu svæðinu.

Hvað heimildir um sunnanverð merkin varðar liggur fyrir dómur frá 29. ágúst 1890 í landamerkjamáli milli eiganda Álftavíkur, sem var jafnframt eigandi Húsavíkur, og umráðamanns þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði. Þar segir:

Landamerki milli Álptavíkur í Borgarfirði og Ness í Loðmundarfirði skulu vera þessi: Úr „Stallkletti“, sem stendur fast við sjó, utan við svokallaða „Innri-Álftavík“, en framan eða vestan við svokallaðann „Höfðasand“ og þaðan beint upp fjallsröð upp á „Miðmundarfjallskoll“, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallað „Sandskeið“, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.

Hér segir að landamerki milli Álftavíkur, þ.e. Ytri-Álftavíkur, og Ness skuli vera um Stallklett við sjó og þaðan upp á Miðmundarfjallskoll. Tekið er fram að Stallklettur sé utan við Innri-Álftavík en vestan við Höfðasand, sem er syðst í Ytri-Álftavík.

Einnig er vísað til Stallkletts í ýmsum eldri gögnum. Elsta fyrirliggjandi heimild um landamerki Húsavíkur er brot úr lögfestu frá 2. ágúst 1705. Þar er merkjum að sunnanverðu lýst svo: „Ad Sunnanverdu Riettvyslega til Ness Lands i Lodmundarfirde, fyrrer Jnnann Alftavýk [þ]adann ä fiall upp til þess vótneu[m] hallar , sydann fram og nordur efter fiallgórdum þar til vótneum hallar ad Borgarfirde“. Í afriti af lögfestunni, sem er dagsett 1. maí 1798 og 29. maí 1843, er vísað til Stallkletts „fýrir innan Alftavýkur“ til skýringar um mörk við land Ness í Loðmundarfirði. Einnig er merkjum lýst frá Stallkletti og á fjall upp í lögfestu Húsavíkur frá 1829 og sama máli gegnir um lögfestur frá 1835 og 1855 en þar er vísað til hans sem Stigakletts „sem ádur kalladist Stallklettur fyrir innan svokallada innri Alftavík“. Þá segir í byggingarbréfi Álftavíkur í apríl 1856 að suðurmerkin séu „í sonefndan stiga eður stallklett innanverðt við sokallaða innri Alptavík“ og í fjórum byggingarbréfum til viðbótar frá árunum 1856–1881 er landamerkjum lýst með efnislega sama hætti. Enn fremur lýsti eigandi Álftavíkur árið 1884 landamerkjum hennar gagnvart Nesi á sama veg, þ.e. að þau miðuðust við Stallklett sem öðru nafni nefndist Stigi og væri innan við Innri-Álftavík.

Í öllum framangreindum heimildum um merki Húsavíkur og Ytri-Álftavíkur er suðurmörkum gagnvart Nesi í Loðmundarfirði lýst um Stiga, Stigaklett eða Stallklett og til fjalls, að undanskildu landamerkjabréfi Ytri-Álftavíkur frá 1921, sem lýsir sunnanverðum merkjum jarðarinnar um Mávabrík. Í gögnum málsins kemur skýrt fram að Stigi, Stigaklettur og Stallklettur séu mismunandi heiti á sama kennileiti. Örnefnið finnast ekki á kortum af svæðinu og staðsetningin er ekki fyllilega ljós. Í landamerkjadómi frá 1890 segir að kletturinn sé *utan* við Innri-Álftavík en eldri heimildir, sem fjallað hefur verið um hér að framan, greina frá því að Stallklettur, Stigi eða Stigaklettur sé fyrir *innan* Innri-Álftavík. Af gögnum landamerkjamálsins sem lauk með dómi 1890 verður ráðið að ágreiningur aðila hafi einkum snúist um staðsetningu Stiga- eða Stallkletts, þ.e. hvort hann væri innan eða utan við Innri-Álftavík og þar með hvort vikin tilheyrði Nesi eða Ytri-Álftavík. Eins og áður segir var niðurstaða dómsins að miða skyldi við Stallklett sem væri *utan* við Innri-Álftavík en framan eða vestan við Höfðasand, og Innri-Álftavík væri þar með innan merkja Ness. Samkvæmt því er Stallklettur

á sama eða svipuðum stað og Mávabrík sem vísað er til í landamerkjabréfi Ytri-Álftavíkur frá 1921. Eins og áður segir miðast kröfulínur gagnaðila ríkisins við Mávabrík frá sjó og til fjalls en kröfulína ríkisins miðast við Höfðasand. Því er ljóst að gögn málsins styðja við afmörkun gagnaðila ríkisins á umræddum hluta merkjanna en afmörkun ríkisins á þessum hluta verður ekki fundin stoð í gögnum málsins.

Í lýsingu Húsavíkurtorfunnar frá 28. desember 1832 er Álftavík tilgreind sem hluti hennar en hún sögð „afdeild við nattúrleg Takmörk, nefnil: Fjallsveggjar og Skridur“. Þá er um merki milli Álftavíkur og Húsavíkur í byggingarbréfi Álftavíkur í apríl 1856 vísað til þeirra landamerkja „sem viðtekin hafa verið hingað til“.

Eins og áður segir liggur kröfusvæðið að sjó að austan- og suðaustanverðu. Aðliggjandi að suðvestanverðu er síðan það kröfusvæði ríkisins sem nefnt er *Innri-Álftavík* en eigendur Ness og Neshjáleigu í Loðmundarfirði gera tilkall til meginhluta þess, auk þess sem krafa vegna Ytri-Álftavíkur tekur til hluta svæðisins en ekki er innbyrðis ágreiningur milli gagnaðila ríkisins um merki milli þessara jarða. Í málinu liggur ekki fyrir eiginlegt landamerkjabréf fyrir Nes eða Neshjáleigu en áður nefndur landamerkjadómur frá 1890 um merkin gagnvart Ytri-Álftavík var færður inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Þá er merkja milli Innri- og Ytri-Álftavíkur getið í áður nefndu landamerkjabréfi Ytri-Álftavíkur frá 1921 sem er áritað vegna Innri-Álftavíkur af eiganda Ness. Í báðum tilvikum miðast merkjalýsingarnar við Mávabrík og Miðmunda-fjallstopp.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirbyggjandi heimildir um merki Ytri-Álftavíkur styðji afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu, að því undanskildu að þau styðja ekki við afmörkun ríkisins á suðvesturmörkum svæðisins. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Ytri-Álftavíkur frá 1921. Það á sér einnig stoð í eldri heimildum um merki Húsavíkur, sem taka til Ytri-Álftavíkur.

#### 7.4.9.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Loðmundur gamli hafi numið Loðmundarfjörð og búið þar. Í Sturlubók *Landnámu* segir að hann hafi búið þar þennan vetur en í Hauksbók segir að hann hafi búið þar þrjá vetur. Eftir það hafi hann numið land austan Jökulsár á Sólheimasandi. Þá segir frá því að Þorsteinn kleggi hafi numið Húsavík og búið þar.

Af þessum frásögnum *Landnámu* og með hliðsjón af staðháttum eru að mati nefndarinnar mjög miklar líkur á að svæðið hafi verið numið.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði

sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Ytri-Álftavíkur frá 1921. Það á sér einnig stoð í eldri heimildum um merki Húsavíkur sem taka til Ytri-Álftavíkur. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu er einkum á því byggð að Ytri-Álftavíkur sé ekki getið í elstu heimildum um jörðina Húsavík eða Húsavíkurkirkju, þrátt fyrir að þar sé getið eigna, ítaka og réttinda kirkjunnar, auk þess sem engar heimildir séu um byggð til forna í Ytri-Álftavík.

Sem fyrr segir er vísað til Álftavíkur í elstu fyrirbyggjandi heimild um landamerki Húsavíkur, þ.e. lögfestu fyrir kirkjustaðinn Húsavík frá 2. ágúst 1705, en eins og áður segir er Ytri-Álftavík einnig oft nefnd Álftavík. Um Ytri-Álftavík er síðan fjallað í prófastsvísitasíu fyrir Húsavíkurkirkju frá 1778 þar sem ágreiningur var milli ábúanda Ness í Loðmundarfirði, sem á þessum tíma var í eigu Skriðuklausturumboðs, og Húsavíkurkirkju um nýtingu Ytri-Álftavíkur en niðurstaða prófasts var Húsavíkurkirkju í vil.

Hinn 14. mars 1832 fóru fram makaskipti á hluta úr Bakka í Borgarfirði fyrir hluta í jörðinni Húsavík en meðal skilmála fyrir makaskiptunum var að þegar þáverandi ábúandi Álftavíkur viki úr kotinu skildi hann við húsinn í leigufæru ásigkomulagi.

Í lýsingu Húsavíkurtorfunnar frá 28. desember 1832 er Álftavík tilgreind sem hluti hennar. Þar segir að Álftavík sé uppbyggð á ný fyrir fáum árum síðan en hún sé metin



4 hundruð. Textinn bendir til þess að byggð hafi áður verið í Ytri-Álftavík en fallið niður um tíma.

Í lýsingu á Klyppstaðarsókn frá 18. janúar 1842 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna er að finna lýsingu „Húsavíkurannexíu kirkjusóknar“. Það er fjallað um jörðina „Álftavík ytri, með hinni innri, sunnan í fjöllunum milli Húsavíkur og Loðmundarfjarðar“. Þá segir að víkin hafi lengi verið í eyði en sé nú byggð.

Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er Álftavík ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga Húsavíkur. Hún er einnig tilgreind sem hjáleiga Húsavíkur í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 og talin 4 hundruð. Þar segir jafnframt að afrétt sé aðkeypt og heimaland mjög lítið og hrjóstrugt.

Í málinu liggja fyrir heimildir frá árunum 1854–1855 um óánægju bóndans í Húsavík vegna ábúðar bóndans í Álftavík þar sem sá síðarnefndi sæti þar enn þrátt fyrir útbyggingu. Sátt náðist þeirra á milli við aukarétt að Desjarmýri 5. júní 1855 sem fólst í því að bóndinn í Álftavík lofaði að flytja þaðan á fardögum 1856 gegn því að Húsavíkurbóndinn krefðist ekki landskuldar fyrir hið nýbyrjaða fardagaár.

Á fundi sáttanefndar Borgarfjarðarumdæmis 2. júní 1859 náðist sátt milli óðalsbóndans í Húsavík og bóndans á Dallandi í Húsavík vegna máls sem hafði m.a. risið vegna vangoldinna skulda þess síðarnefnda meðan hann bjó í Álftavík. Með sáttinni lofaði hann að greiða álag við skemmubyggingu.

Í málinu liggja fyrir nokkur byggingarbréf fyrir Álftavík frá árunum 1856–1881. Í því yngsta er minnst á þrætuland milli Álftavíkur og Ness í Loðmundarfirði, en þar segir:

Einnig skal hann annast um að ekkert gangi það undan jörðinni sem henni hefur fylgt, fyrir brúkunarleysi hans; er það einkum þrætulandið inni Álftavík sem Nesmenn vilja einnig helga sér

Sem fyrr segir er Ytri-Álftavík innan heildarmerkja Húsavíkur samkvæmt eldra landamerkjabréfi jarðarinnar frá 17. maí 1887. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna Ness sem skýrist hugsanlega af landamerkjadeilu milli umráðamanns jarðarinnar og eiganda Ytri-Álftavíkur, sem var einnig eigandi Húsavíkur. Eins og áður segir var deilan til lykta leidd með landamerkjadómi 29. ágúst 1890, sem fjallað er um í kafla 7.4.9.1.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir um Álftavík að jörðin sé í eyði, en leigð Hólshúsum til afnota. Tekið er fram að túnið sé allt slétt frá náttúrunnar hendi, sumarhagar séu ágætir fyrir sauðfénað en lakari fyrir nautgripi og hross. Þá sé vetrararbeit fremur þrönglend og áveðurs en jarðsælt og snjólétt. Enn segir að útræði til fiskjar sé gott og oft aflasælt.

Af gögnum málsins verður ráðið að lengi hafi Álftavík talist hluti af jörðinni Húsavík. Þegar hjáleigum síðarnefndu jarðarinnar í samnefndri vík var skipt út úr jörðinni og þær seldar hafi eignarhald á Álftavík fylgt Húsavíkujörðinni, sbr. að Húsavík og Álftavík eru nefndar með aðgreindum hætti í ýmsum gögnum frá síðari hluta 19. aldar

en fram kemur að eigandi þeirra sé sá sami og merkjalýsingar Húsavíkur taka einnig til Álftavíkur. Eignarhaldið aðgreindist hins vegar snemma á 20. öld og árið 1921 var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Ytri-Álftavík þar sem merki jarðarinnar voru skrásett. Landamerkjabréfinu var þinglýst 17. júlí 1922.

Ýmsar heimildir liggja fyrir í málinu sem greina frá því að búið hafi verið í Ytri-Álftavík á 19. öld og í byrjun 20. aldar, auk þess sem vísbendingar eru um að þar hafi verið búseta áður en fallið niður um tíma.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hveurrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Sem fyrr segir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja Ytri-Álftavíkur samkvæmt landamerkjabréfi hennar frá 1921 þar sem heildarmerkjum er lýst. Þá á lýsing landamerkjabréfsins sér stoð í eldri heimildum um landamerki Húsavíkur frá 18. öld sem taka til Ytri-Álftavíkur og ekki liggja fyrir eldri heimildir sem mæla þeirri afmörkun í mót.

Þá mæla staðhættir, gróðurfar eða önnur atriði því ekki í mót að mati óbyggðanefndar að ágreiningssvæðið sé eignarland en það er lítið, nokkuð vel gróið og liggur að sjó. Þegar niðurstöður óbyggðanefndar í málinu eru virtar heildstætt er enn fremur ljóst að ágreiningssvæðið er umlukið eignarlandi á allar hliðar.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

#### 7.4.10 Innri-Álftavík

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Innri-Álftavík*. Að svæðinu vestanverðu liggur óumdeilt eignarland Ness og Nes-hjáleigu í Loðmundarfirði en gerð er sameiginleg krafa vegna jarðanna til meginhluta kröfusvæðis ríkisins. Að svæðinu norðvestanverðu liggur óumdeilt eignarland Húsavíkur í Víkum. Að norðaustanverðu liggur að svæðinu það kröfusvæði íslenska ríkisins sem nefnt er *Ytri-Álftavík* en gerð er krafa til þess svæðis vegna samnefndrar jarðar<sup>1492</sup>

<sup>1492</sup> Jörðin Ytri-Álftavík nefnist nú Glaumbær í fasteignaskrá en hér verður notað heitið Ytri-Álftavík.

auk þess sem krafan tekur jafnframt til austasta hluta ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar. Ágreiningssvæðið er við mörk Víkna og Loðmundarfjarðar og nær frá sjó upp á fjallgarðinn milli fjarðarins og Húsavíkur. Þrátt fyrir takmarkað undirlendi er svæðið allvel gróið upp í hlíðar en að mestu leyti er um að ræða brattar brekkur grónar lyngi og grasi. Svæðið er lægst við sjó að suðaustanverðu en rís hæst í um 640 m hæð á Miðmundafjalli.

Í kafla 7.4.10.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu byggist einkum á því að svæðið hafi verið utan landnáms eða að beinn eignarréttur hafi fallið niður hafi hann stofnast yfir svæðinu í heild eða að hluta. Ágreiningur aðila snýr að því hvort ágreiningssvæðið sé undirorpið beinum eignarrétti. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.10.2.

#### 7.4.10.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða.

Kröfulínu ríkisins er lýst á þann veg að upphafspunktur sé í sjó við Stigaklett og þaðan er línan dregin upp klettinn og á Viðáttufjall. Þaðan er fjallshryggnum fylgt á Sandskeið, þaðan til austurs eftir fjallshryggnum á Miðmundafjallskoll og niður fjallsröð að sjó við Höfðasand. Loks er línan dregin með ströndinni suðvestur í upphafspunkt. Við afmörkun kröfusvæðis ríkisins er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjadómi milli eiganda Álftavíkur og Ness í Loðmundarfirði frá 29. ágúst 1890.

Nokkur munur er á afmörkun krafna aðila við norðausturmörk svæðisins sem lýtur að því hvernig aðilar málsins draga kröfulínu milli sjávar og Miðmundafjalls. Kröfulína ríkisins miðast við Höfðasand, fjallsröð og Miðmundafjallskoll en kröfulínur gagnaðila ríkisins, bæði vegna Ness og Neshjáleigu annars vegar og Ytri-Álftavíkur hins vegar, miðast við Mávabrík, fjallsröð eða fjallsraðir og Miðmundafjallskoll/-topp. Þótt allnokkur munur sé á því hvernig línurnar eru dregnar á kröfulínukort málsins, þá ber textalýsingunum saman fyrir utan þann hluta sem næstur er sjónum þar sem ríkið miðar við Höfðasand en gagnaðilar þess við Mávabrík sem er af hálfu eiganda Ness lýst svo að hún sé „framan og vestan við svokallaðan Höfðasand“. Í vefsíam Landmælinga Íslands er Höfðasandur mun nær Mávabrík en þeim stað þar sem íslenska ríkið hefur staðsett hann á kröfulínukorti og staðsetningin í vefsíanni fær stuðning af lýsingum í

örnefnaskrá. Því verður hér lagt til grundvallar að afmörkun aðila á þessum hluta kröfussvæðisins beri saman ef frá er talinn lítill hluti næst sjónum. Mismunur á kröfulínunum þar veldur því að krafa vegna Ytri-Álftavíkur tekur til hluta þess kröfussvæðis sem hér er til umfjöllunar og kennt er við Innri-Álftavík en ekki er innbyrðis ágreiningur milli gagnaðila ríkisins um merkin. Gerð er sameiginleg krafa vegna Ness og Neshjáleigu til þess hluta kröfussvæðis ríkisins sem liggur vestan línu sem dregin er milli Miðmundafjalls og Mávabríkur. Til þess hluta kröfussvæðisins sem liggur austan línunnar er gerð krafa vegna Ytri-Álftavíkur, með vísan til landamerkjabréfs jarðarinnar frá 30. desember 1921 og áðurnefnds landamerkjadóms frá 1890. Eftirfarandi umfjöllun um merki verður skipt í tvennt í samræmi við þetta.

Fyrst kemur til skoðunar sá hluti sem gerð er krafa til vegna Ytri-Álftavíkur. Sú krafa styðst, sem áður segir, fyrst og fremst við landamerkjabréf jarðarinnar frá 30. desember 1921. Þar er merkjum gagnvart Innri-Álftavík lýst um Mávabrík og upp í Miðmundafjallstopp og kröfulína gagnaðila ríkisins tekur mið af því, en eins og áður segir miðar ríkið við Höfðasand. Þá er einnig stuðst við landamerkjadóm frá 1890 um merki milli Ness og Ytri-Álftavíkur. Í umfjöllun um kröfussvæði ríkisins sem nefnist *Ytri-Álftavík* í kafla 7.4.9.1 er þetta atriði tekið til sérstakrar skoðunar og komist að þeirri niðurstöðu að afmörkun gagnaðila ríkisins á þessum hluta svæðisins eigi sér stoð í gögnum málsins en ekki afmörkun íslenska ríkisins. Með vísan til þeirrar umfjöllunar er því ljóst að sá hluti ágreiningssvæðisins sem gerð er krafa til vegna Ytri-Álftavíkur, þ.e. austan línu sem dregin er milli Mávabríkur og Miðmundafjalls, er innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar frá 1921, sem einnig er í samræmi við landamerkjadóminn frá 1890.

Næst kemur til skoðunar meginhluti svæðisins sem gerð er krafa til vegna Ness og Neshjáleigu en eins og nafnið gefur til kynna var Neshjáleiga áður hjáleiga frá Nesi. Ekki hafa fundist eiginleg landamerkjabréf fyrir þessar jarðir þrátt fyrir leit við rannsókn málsins en fyrir liggja ýmis skjöl sem greina frá landamerkjunum. Í því sambandi er þýðingarmikill áðurnefndur landamerkjadómur frá 1890 sem var færður inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Eins og áður segir hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að afmörkun gagnaðila ríkisins á norðausturhluta svæðisins sé í samræmi við niðurstöðu dómsins. Í málinu var fjallað um landamerki Ness og Ytri-Álftavíkur og í niðurstöðu málsins fólst þannig viðurkenning á því að ágreiningssvæðið væri í heild innan merkja jarðanna. Annars vegar að lítill hluti við norðausturmörk svæðisins væri innan merkja Ytri-Álftavíkur, sbr. framangreinda niðurstöðu, og hins vegar að sá hluti ágreiningssvæðisins sem gerð er krafa til vegna Ness og Neshjáleigu, og tekur til Innri-Álftavíkur, væri innan merkja þeirra.

Í nokkrum fjölda fyrirliggjandi skjala frá því áður en dómurinn gekk er fjallað um merki milli Ness og Ytri-Álftavíkur og þau ýmist sögð vera innan eða utan við Innri-Álftavík, þ.e. Innri-Álftavík var ýmist sögð innan merkja Ness og Neshjáleigu eða Ytri-

Álftavíkur. Ágreiningur eigenda jarðanna um þetta var hins vegar leiddur til lykta með áðurnefndum dómi 1890.

Í byggingarbréfi fyrir Nesi frá 18. maí 1894 er landamerkjum að utanverðu milli Ytri-Álftavíkur og Ness lýst með sama hætti og í dóminum frá 1890, þ.e. frá sjó og upp í Miðmundarfjallskoll. Þaðan er merkjum lýst til vesturs eftir fjallgarðinum milli Loðmundarfjarðar og Húsavíkur. Að innanverðu er merkjum milli Ness og Seljamýrar lýst um tiltekin örnefni sem eru um 3,5 km vestan við ágreiningssvæðið. Samkvæmt því er sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar allur innan merkja Ness.

Eins og áður segir liggur ekki fyrir eiginlegt landamerkjabréf fyrir Nes eða Neshjáleigu en áðurnefndur landamerkjadómur frá 1890 um merkin gagnvart Ytri-Álftavík var færður inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Þá er merkja milli Innri- og Ytri-Álftavíkur getið í áðurnefndu landamerkjabréfi Ytri-Álftavíkur frá 1921 sem er áritað um samþykki vegna Innri-Álftavíkur af eiganda Ness. Í báðum tilvikum miðast merkjalýsingarnar við Mávabrík og Miðmundarfjallstopp sem er í samræmi við afmörkun gagnaðila ríkisins.

Í ódagsettri örnefnaskrá fyrir Nes segir að Neshjáleigulækur ráði merkjum milli jarðarinnar og Neshjáleigu. Landamerki séu þó sameiginleg gagnvart Húsavík, „enda beiti- og afréttarland sameiginlegt fyrir báða bæina“.

Framangreindar heimildir um merki Ness, Neshjáleigu og Ytri-Álftavíkur eru í samræmi við afmörkun gagnaðila ríkisins á merkjum jarðanna.

Norðan ágreiningssvæðisins liggur óumdeilt eignarland Húsavíkur í samnefndri vík en landamerkjabréf jarðarinnar frá 26. desember 1921 lýsir merkjum m.a. úr Miðmundarþúfu í Miðdegisfjall og þaðan eftir Fossadalsvarpi, yfir Nónfjall, eftir Neshálsi og upp á Skæling. Merkjum er þar lýst eftir fjallstindum í fjallgarðinum milli Loðmundarfjarðar og Húsavíkur, sem er í samræmi við afmörkun aðila á norðurmörkum svæðisins.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirliggjandi heimildir um merki Ness, Neshjáleigu og Ytri-Álftavíkur styðji afmörkun gagnaðila ríkisins á ágreiningssvæðinu. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti ágreiningssvæðisins sem gerð er krafa til af hálfu eigenda Ness og Neshjáleigu sé allur innan merkja jarðanna samkvæmt fyrirliggjandi heimildum um merki þeirra og að sá hluti svæðisins sem gerð er krafa til vegna Ytri-Álftavíkur sé allur innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar frá 1921 sem á sér einnig stoð í eldri heimildum um merkin. Aftur á móti verður ekki séð að afmörkun ríkisins á ágreiningssvæðinu eigi sér stoð í gögnum málsins.

#### 7.4.10.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða kröfusvæðis ríkisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Loðmundur gamli hafi numið Loðmundarfjörð og búið þar. Í Sturlubók *Landnámu* segir að hann hafi búið þar

þennan vetur en í Hauksbók segir að hann hafi búið þar þrjá vetur. Eftir það hafi hann numið land austan Jökulsár á Sólheimasandi. Þá segir frá því að Þorsteinn kleggi hafi numið Húsavík og búið þar.

Af þessum frásögnum *Landnámu* og með hliðsjón af staðháttum eru að mati nefndarinnar mjög miklar líkur á að svæðið hafi verið numið.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitásium og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að meginhluti ágreiningssvæðisins væri innan merkja Ness og Neshjáleigu og austasti hlutinn innan merkja Ytri-Álftavíkur samkvæmt fyrirliggjandi heimildum um merki jarðanna. Það á sér einnig stöð í heimildum um merki aðliggjandi jarða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu er m.a. á því byggð að kröfusvæðisins hafi helst verið getið í tengslum við ágreining á milli Ness og Húsavíkur og þrátt fyrir að heimildir bendi til þess að svæðið hafi tilheyrt Nesi eða Neshjáleigu hafi einungis verið um að ræða takmörkuð réttindi.

Eignarréttarleg staða lands innan merkja Ytri-Álftavíkur samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1921 er tekin til skoðunar í kafla 7.4.9.2. Sú umfjöllun á jafnt við um þann hluta ágreiningssvæðis innan merkja jarðarinnar sem hér er til umfjöllunar.

Með vísan til þeirrar umfjöllunar er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sé þjóðlenda.

Næst koma til skoðunar heimildir um eignarréttarlega stöðu lands innan merkja Ness og Neshjáleigu samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum.

Elsta fyrirbyggjandi heimild sem varðar Nes er máldagi Desjarmýrarkirkju frá 1354 þar sem þess er getið að kirkjan eigi áttatíu sauða beit í Neslandi. Fyrir liggja ýmis skjöl allt frá 15. öld sem fjalla um eigendaskipti að Nesi fyrir erfðir eða sölu.

Í málinu liggur fyrir vitnisburður fyrrum ábúanda á Nesi um nytjar í Innri-Álftavík frá 6. apríl 1837. Í vitnisburðinum segir:

ad áred átiánhundrud tólf þegar eg var edur för ad Nesi J Lodmundarf. þá heirde eg ecki nefnt umm áltavik Hid minsta ad hun ey heyrde til mier Semm ábúanda á Nesi til allra Ummráda enn firer þá Skulld ad Broder minn M<sup>r</sup> SkSs var þá á Húsavyk þá mætti Gieta vered þó hann liete mier óuppatalad þó eg Brúkade þessa ummtalada Jnnre Áltavyk ad hann hafi Giört það, bæde vegna þess ad hann hefur ey þvj midur, haft nockur Skiöl ~~haft~~ firer Húsavy edur hann hann hefde giört það vegna Bródurlegs kíerleika vid mig veyt eg Sliettey, Jafnvel þó eg heyrde tvystædu Margbreitta Umm þetta mál

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir að Innri-Álftavík heiti þrætuland milli Álftavíkur og Ness í Loðmundarfirði sem sé afrétt fyrir 30 til 40 kindur. Í sama mati segir m.a. í umfjöllun um Nes, með Neshjáleigu: „afrétt eingi og heimaland heldur lítið“.

Í bréfi amtmanns til landshöfðinga um landamerkjaprætur milli Ness og Húsavíkur um Innri-Álftavík, dags. 24. febrúar 1887, segir að víkin sé „afrjett góð og beutiland“. Amtmaður vísar til þess að af vitnisburðum megi ráða að þrætur um landsvæðið hafi staðið yfir í um 40 ár og gangi allir vitnisburðirnir í þá átt að víkin hafi um langan tíma verið notuð af Nesbændum og verið álitin heyra undir Nes. Í niðurlagi bréfsins álitur hann réttast að leggja ágreininginn í dóm. Í málinu liggja einnig fyrir ýmis önnur skjöl frá 19. öld sem fjalla um þennan ágreining. Sem fyrr segir var hann til lykta leiddur með landamerkjadómi árið 1890 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að miða skyldi landamerki Ness og Álftavíkur við „Stallklett“ sem væri *utan* við Innri-Álftavík en framan eða vestan við Höfðasand, og Innri-Álftavík þar með innan merkja Ness.

Fyrir liggur skjal frá 25. júní 1894 þar sem þrír nafngreindir menn skráðu afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi, en þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16. maí sama ár, með vísan til reglugerðar um fjallskil í Norður-Múlasýslu frá 22. ágúst 1893. Þar kemur fram að í afréttarland Ness og Neshjáleigu megi reka 140 kindur en afréttarlandið skuli vera Innri-Álftavík með Nesflugum.

Í lýsingu á Nesi og Neshjáleigu frá 28. febrúar 1895 kemur m.a. fram að afréttarland fylgi jörðinni „en illt er að nota það, vegna þess að ekki verður komist þangað, nema hættulega leið, eptir mjög miklum bratta og klettum. Útræði er þar bezt í sveitinni, þó er lendingin slæm, og brimsamt, einkum þegar á líður sumar“.

Í svari frá Loðmundarfjarðarhreppi við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands frá 29. desember 1919 um almenninga segir að enginn almenningur og ekkert afréttarland sé í hreppnum sem ekki tilheyri einhverju lögbýli.

Í afriti af vitnisburði um eignaskiptingu milli Ness og Neshjáleigu frá 1928, sem fylgir örnefnaskrá fyrir Neshjáleigu frá 1989, kemur fram að reki í Innri-Álftavík skiptist þannig að Neshjáleiga eigi einn fjórða en Nes þrjá fjórðu.

Í ritinu *Sveitir og jarðir í Múlapingi* frá 1975 segir að Innri-Álftavík sé óskipt eign Nesbæja. Þá segir að munnmæli séu um byggð þar en skriflegar heimildir engar nema tvíræðar.

Í svari oddvita Borgarfjarðarhrepps<sup>1493</sup> við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar 1989 um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt segir að engar afréttir séu í hreppnum.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hveggjar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Sem fyrr segir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sem hér er til umfjöllunar sé að öllu leyti innan merkja Ness og Neshjáleigu samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum um merki jarðanna. Eiginleg landamerkjabréf fyrir Nes og Neshjáleigu hafa ekki fundist þrátt fyrir leit við rannsókn málsins en títtnefndur landamerkjadómur frá 1890 um merki milli Ness og Ytri-Álftavíkur var færður inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu og hann hefur verulega þýðingu fyrir afmörkun kröfu gagnaðila ríkisins vegna jarðanna. Þá á afmörkun gagnaðila sér stoð í öðrum gögnum málsins sem lýsa merkjum jarðanna án sérstakrar aðgreiningar ágreiningssvæðisins. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ekki hafi verið munur á eignarréttarlegri stöðu ágreiningssvæðisins og óumdeilds eignarlands jarðanna.

Þrátt fyrir að ágreiningur hafi verið um eignarhald á Innri-Álftavík á 19. öld bera gögn málsins með sér að hann hafi snúið að því hvort hún tilheyrði Nesi og Neshjáleigu eða Ytri-Álftavík. Af hálfu íslenska ríkisins er m.a. á því byggt að ágreiningurinn bendi til þess að svæðið hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti en að mati nefndarinnar benda gögn málsins þvert á móti til þess að það hafi verið afdráttarlaus afstaða eigenda jarðanna að Innri-Álftavík hafi verið undirorpin beinum eignarrétti og að gögn málsins styðji það. Þau benda m.a. til þess að Innri-Álftavík hafi verið talsvert nýtt og að sú nýting hafi verið talin þýðingarmikil fyrir búskap á jörðunum. Að öðrum kosti hefðu umræddar deilur varla risið.

<sup>1493</sup> Loðmundarfjarðarhreppur sameinaðist Borgarfjarðarhreppi árið 1973.



Þrátt fyrir brattlendi er kröfusvæði ríkisins nokkuð vel gróið þó að gróðurþekja minnki eftir því sem ofar dregur. Svæðið er auk þess lítið og liggur að sjó. Að mati nefndarinnar mæla gróðurfar og staðhættir að öðru leyti ekki gegn því að stofnast hafi til beins eignarréttar á svæðinu. Þegar niðurstöður óbyggðanefndar í málinu eru virtar heildstætt er enn fremur ljóst að ágreiningssvæðið er umlukið eignarlandi á allar hliðar.

Íslenska ríkið vísar til þess að eldri heimildir fjalli um þjóðlendukröfusvæðið sem hér er til umfjöllunar sem afrétt sem hafi verið nýtt með takmörkuðum hætti og hafi einungis verið undirorpin óbeinum eignarréttindum. Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Að mati óbyggðanefndar verður ekki fram hjá því lítið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á landi innan ágreiningssvæðisins en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að notkun hugtaksins afrétt vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitolandi fremur en að endurspegla mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðarinnar, sbr. til hliðsjónar úrskurð óbyggðanefndar frá 14. nóvember 2003 í máli nr. 5/2001 (Lón), að því er varðar jörðina Bæ í Lóni. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum Múlasýslna á 19. öld var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 2. gr. reglugjörðar um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu, dags. 22. ágúst 1893, segir að það skuli heita afréttarland, er búsmala er eigið haldið í á sumrum og skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk á milli. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið *afrétt* hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa því með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Í málinu liggur fyrir að deilur hafi verið uppi um ágreiningssvæðið á miðri 19. öld sem voru útkljáðar með landamerkjadómi árið 1890. Að öðru leyti liggja ekki fyrir heimildir sem benda til annars en að óumdeilt hafi verið að viðkomandi landeigendur hafi í gegnum tíðina farið með umráð og hagnýtingu yfir ágreiningssvæðinu. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að kröfusvæði ríkisins hafi nokkru sinni haft stöðu samnotaafreftar.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber

jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

#### 7.4.11 *Hjálmarströnd*

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Hjálmarströnd*. Að svæðinu austan- og suðaustanverðu liggur óumdeilt eignarland Brimness í Seyðisfirði og að suðvestanverðu óumdeilt eignarland Selsstaða í Seyðisfirði. Að vestanverðu liggur að kröfusvæðinu óumdeilt eignarland Sævarenda í Loðmundarfirði og að norðanverðu liggur kröfusvæðið að sjó í sama firði. Engar gagnkröfur bárust vegna Hjálmarstrandar og íslenska ríkið gerir því eitt kröfu til svæðisins, en ríkið er skráð þinglýstur eigandi Hjálmarstrandar á grundvelli eignayfirlýsingar frá 2004.

Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafreittur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að ekki sé gerð krafa til svæðisins af öðrum en íslenska ríkinu er eignarréttarleg staða kröfusvæðisins engu að síður til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, sem fór fram 19. mars 2024, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Þjóðlendukröfusvæðið er við sunnanverðan Loðmundarfjörð, milli Hjálmar að vestan og Grímkelsgils að austan. Að sunnanverðu afmarkast svæðið af fjallgarðinum milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar frá Fjallshnaus í austri, um Ytra- og Innra-Rjúpnafell, og að upptökum Hjálmar í vestri. Kröfusvæðið tekur til hálfes Hjálmará, austan Hjálmar, og dalverpanna Innri-Sveifar, milli Innra- og Ytra-Rjúpnafells, og Ytri-Sveifar, milli Ytra-Rjúpnafells og Fjallshnauss. Svæðið er lægst nyrst þar sem það liggur að sjó en hækkar svo aflíðandi á stöllum og hjöllum til suðurs upp á fjallgarðinn milli fjarðanna, sem rís hæst í um 760 m hæð á Innra-Rjúpnafelli. Undirlendi er mjög takmarkað en svæðið er engu að síður nokkuð vel gróið upp í um 400–500 m hæð. Þar fyrir ofan taka við klettabelti undir hæstu hlutum fjallanna á suðurmörkum svæðisins.

Í kafla 7.4.11.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki svæðisins, svo og jarða og landsvæða sem liggja að kröfusvæði ríkisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar ríkisins á kröfusvæðinu. Krafa íslenska ríkisins

um þjóðlendu á kröfusvæðinu byggist einkum á því að því sé lýst í heimildum sem afréttarsvæði. Í málinu er því einkum uppi það álitaefni hvort stofnast hafi til beins eignarréttar að kröfusvæðinu. Um nánari afmörkun kröfu ríkisins vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.11.2.

#### 7.4.11.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki kröfusvæðis ríkisins.

Eins og áður segir afmarkast kröfusvæðið að vestanverðu af Hjálmá, frá upptökum árinna á vatnaskilum milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar, að ósi hennar. Þaðan er strandlengjunni fylgt til austurs að Grímkelsgili. Því er svo fylgt suður til fjalls að vatnaskilum milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar. Umræddum vatnaskilum er svo fylgt til vesturs að upphafspunkti við upptök Hjálmár. Við afmörkun kröfusvæðis ríkisins er fyrst og fremst litið til lýsingar á Hjálmárströnd í landamerkjabréfi Dvergasteins í Seyðisfirði frá 3. júní 1884, sem var þinglýst 10. júní sama ár. Um Hjálmárströnd segir í umræddu landamerkjabréfi:

Dvergasteinskyrkja á Hjálmárströnd alla í Loðmundarfirði í milli Hjálmár og Grímkelsgils, og eru þessi landamerki skýrt mynduð af náttúrinni og geta því aldrei orðið vafa undirorpin.

Samkvæmt landamerkjabréfinu er Hjálmárströnd í Loðmundarfirði milli Hjálmár og Grímkelsgils, sem er í samræmi við afmörkun ríkisins á svæðinu.

Í málinu liggur fyrir nokkur fjöldi annarra skjala sem lýsa merkjum Hjálmárstrandar með sama hætti, þ.e. milli Hjálmár og Grímkelsgils. Um er að ræða máldaga Dvergasteinskyrkju frá 1397, 1549, 1570 og 1666, biskups- og prófastsvísitásiur fyrir Dvergasteinskyrkju frá miðri 17. öld og fram á 19. öld, afrit af makaskiptabréfi frá 1666, gjafabréf frá 1678 fyrir hluta í Dvergasteini, lögfestu Hjálmárstrandar frá 1797, skýrslu yfir inntektir og útgjöld Dvergasteins- og Fjarðarprestakalls frá 1839, lögfestu Dvergasteins frá 1849, skjal um afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi frá 1894 og fasteignamat Norður-Múlasýslu 1916–1918. Ekki liggja fyrir nein skjöl sem lýsa merkjum Hjálmárstrandar með öðrum hætti og ekki liggja því fyrir skjöl sem mæla afmörkun svæðisins í landamerkjabréfi Dvergasteins frá 1884 í mót.

Næst koma til skoðunar heimildir um aðliggjandi jarðir.

Að austan- og suðaustanverðu liggur að kröfusvæði ríkisins óumdeilt eignarland Brimness í Seyðisfirði. Land jarðarinnar er að mestu leyti yst á norðurströnd Seyðisfjarðar en teygir sig þó inn í sunnanverðan Loðmundarfjörð, fyrir Borgarnes sem er milli fjarðanna. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 29. maí 1889 er merkjum gagnvart Hjálmárströnd, sem sögð er eign Dvergasteinskyrkju, lýst um Grímkelsgil „úr fjöru og upp á fjallsbrún“. Merkjum gagnvart Dvergasteini í Seyðisfirði er lýst um Markhelli, sem er örnefni við sjó, „en þaðan ræður sjónhendingalína upp í fjallsbrún, utanvert við

hæstu egg þar upp af“. Lína sem dregin er beint frá Markhelli upp á fjallsbrún lendir aðeins vestan við Innra-Rjúpnafell. Þessar lýsingar eru í samræmi við afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu.

Vestan við land Brimness í Seyðisfirði tekur við land Selsstaða, sem áður voru hjáleiga frá Dvergasteini. Óumdeilt eignarland Selsstaða liggur að suðvesturmörkum kröfusvæðisins. Í áðurnefndu landamerkjabréfi Dvergasteins frá 1884 er merkjum jarðarinnar lýst „með hjáleigunni Selstöðum“. Merkjum að utan, gagnvart Brimnesi, er þar lýst með sama hætti og í landamerkjabréfi Brimness, um Markhelli og upp í fjallsbrún. Merkjum að innanverðu, gagnvart Vestdal, er lýst um Innri-Grýtuá en hún er talsvert vestan við kröfusvæðið. Í landamerkjabréfinu er ekki gerður greinarmunur á landi Dvergasteins og hjáleigunnar Selsstaða en í byggingarbréfi fyrir Selsstaði frá 1881 segir að landamerki að utan séu í Markhelli en að innan liggja þau um Nónhólslæk. Svo segir að land hjáleigunnar að norðanverðu nái „hvarvetna á fjall upp til þess er vötnum hallar“. Þessar lýsingar eru í samræmi við afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu. Þær sýna jafnframt að Hjálmárströnd lá að suðvestanverðu saman við land Dvergasteins áður en Selsstöðum var skipt út úr landi jarðarinnar.

Vestan kröfusvæðisins liggur óumdeilt eignarland Sævarenda í Loðmundarfirði. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 4. mars 1890 er merkjum að austanverðu lýst um Hjálmá, frá upptökum hennar á vatnaskilum og til sjávar. Það er í samræmi við afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu.

Eins og áður segir liggur kröfusvæðið að norðanverðu að sjó. Heimildir um jarðir sem liggja að kröfusvæðinu að austan-, sunnan- og vestanverðu styðja samkvæmt framansögðu við afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu.

Að framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu sé í samræmi við afmörkun Hjálmárstrandar í landamerkjabréfi Dvergasteins frá 1884. Sú afmörkun á sér stoð í öðrum skjölum um Hjálmárströnd, bæði eldri og yngri, og heimildir um merki aðliggjandi jarða styðja einnig við hana.

#### 7.4.11.2 Eignarréttarleg staða

Þá kemur til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða svæðisins. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til svæðisins er eignarréttarleg staða þess til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli áðurnefnds fyrirvara íslenska ríkisins þess efnis að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar væri þess óskað að óbyggðanefnd kannaði og skæri úr um hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda.

Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Loðmundur gamli hafi numið Loðmundarfjörð og búið þar. Í Sturlubók *Landnámu* segir að hann hafi búið þar þennan vetur en í Hauksbók segir að hann hafi búið þar þrjá vetur. Eftir það hafi hann numið land austan Jökulsár á Sólheimasandi.

Af þessari frásögn *Landnámu* og með hliðsjón af staðháttum eru að mati nefndarinnar miklar líkur á að svæðið hafi verið numið.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafreittur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins væri allt innan merkja Hjálmárstrandar samkvæmt landamerkjabréfi Dvergasteins frá 1884. Það á sér einnig stoð í öðrum skjölum um Hjálmárströnd. Íslenska ríkið byggir einkum á því að Dvergasteinskirkja í Seyðisfirði hafi notið óbeinna eignarréttinda á svæðinu en það hafi ekki verið háð beinum eignarrétti.

Elsta fyrirbyggjandi heimild sem fjallar um Hjálmárströnd er máldagi Dvergasteinskirkju frá 1397 þar sem þess er getið að kirkjan á Dvergasteini eigi Hjálmárströnd alla milli Hjálmár og Grímkelsgils. Sambærilegt orðalag er að finna í ýmsum öðrum skjölum: máldögum kirkjunnar frá 1549, 1570 og 1666, biskups- og prófastsvísitasíum frá miðri 17. öld fram á 19. öld, afriti af makaskiptabréfi frá 1666 og gjafabréfi frá 1678 fyrir hluta í Dvergasteini.

Við manntalsþing að Brimnesi í Seyðisfirði 12. júní 1797 var upplestin lögfesta Skúla Skúlasonar hreppstjóra, dagsett sama dag, þar sem hann lögfesti Hjálmárströnd „með öllum hennar herlegheitum frá Grímkelsgili að utan og inn í Hjálmá þar til vötnum hallar“.

Fyrir liggja bréfaskipti frá árinu 1833 milli prestsins á Dvergasteini og biskups annars vegar og prófasts Suður-Múlaprófastsdæmis og biskups hins vegar um Hjálmárströnd. Í þeim kemur m.a. fram að árið 1823, þegar þáverandi prestur kom að Dvergasteini, hafi kirkjukotið Hjálmárströnd lengi legið í eyði og menn hafi nýtt það að eigin vild, s.s. til hagabeitar og afréttar. Því hafi hins vegar verið komið í byggingu árið 1826 og verið í byggingu síðan. Presturinn lýsti áhuga á að kirkjan keypti bæjarhúsin og héldi kotinu í byggð en prófastur lýsti efasemdum um það, enda hefði Hjálmárströnd frá gamalli tíð verið nýtt sem afrétt fyrir geldfé frá Dvergasteini og Selsstöðum. Fram kemur að málið hafi verið leyst með því að þáverandi ábúandi á Hjálmárströnd keypti húsin.

Í skýrslu yfir inntektir og útgjöld Dvergasteins- og Fjarðarprestakalls frá 12. júní 1839 kemur m.a. fram að Hjálmárströnd sé „kyrkjunni tilheyrandi afréttarland fra Hjálmá ad Grímkelsgili, og hvar Fátæklingar einstöku sinnum hafa lafad vid kofa fá ár í senn“. Í sambærilegri skýrslu frá 30. september 1854 er Hjálmárströnd talin upp meðal hjáleigna heimajarðarinnar, en einnig nefnd „afréttarpláts“.

Eins og áður segir er merkjum Hjálmárstrandar lýst í landamerkjabréfi Dvergasteins frá 3. júní 1884. Landamerkjabréfið var þinglesið á manntalsþingi að Dvergasteini 10. júní sama ár en í dómsmálabók Norður-Múlasýslu 1880–1884 segir í texta um umrætt manntalsþing að þinglesin hafi verið landamerki fyrir Dvergasteini með hjáleigunni Selsstöðum og enn fremur fyrir Hjálmárströnd, sem sé byggð úr Dvergasteinslandi.

Fyrir liggur skjal frá 25. júní 1894 þar sem þrír nafngreindir menn skráðu afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi, en þeir voru til þess kosnir á hreppamóti 16. maí sama ár, með vísan til reglugerðar um fjallskil í Norður-Múlasýslu frá 22. ágúst 1893. Þar kemur fram að í afréttarland Hjálmárstrandar megi reka 150 kindur, auk þess sem afmörkun þess er lýst.

Fyrir liggja vitnisburðir frá árinu 1898 sem varða m.a. samskipti ábúenda á Hjálmárströnd og nágrannajörðinni Sævarenda í Loðmundarfirði. Þar kemur fram að ábúandi á Hjálmárströnd hafi lánað ábúanda á Sævarenda hagagöngu fyrir lömb og einnig rjúpnaveiði í skiptum fyrir mótak.

Í svari Loðmundarfjarðarhrepps við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands frá 29. desember 1919 um almenninga kom fram að enginn almenningur og ekkert afréttarland væri í hreppnum sem ekki tilheyrði einhverju lögbýli.

Eins og að framan greinir er sú venja útbreidd víða um land að eignarlönd nái saman efst á fjöllum eða á vatnaskilum, sérstaklega þar sem staðhættir eru þannig að fremur mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli dala og fjarða. Sú er almennt raunin í landshlutum þar sem óbyggðanefnd hefur lokið málsmeðferð, þ.e. á langstærstum hluta landsins.<sup>246</sup> Þá hefur réttarframkvæmd ótvírætt leitt í ljós að hálend svæði geta eftir atvikum verið eignarlönd, þótt þau séu lítið eða jafnvel ekkert gróin og þótt nytjar af þeim séu litlar eða jafnvel engar. Séu merkjalýsingar landamerkjabréfa og annarra heimilda um merki óljósar eru þær jafnan túlkaðar með hliðsjón af atriðum á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð. Minni kröfur en ella hafa verið gerðar til skýrleika merkjalýsinga ef merki teljast glögg frá náttúrunnar hendi. Þá eru þess dæmi

<sup>246</sup> Ísafjarðarsýslur eru það fimmtánda af sextán svæðum á meginlandinu sem óbyggðanefnd úrskurðar um en fyrri svæðin fjórtán ná yfir 91% af meginlandinu.

að dregin hafi verið ályktun um merki út frá staðháttum, eftir atvikum með hliðsjón af landamerkjum nærliggjandi jarða, ef landamerkjabréf og aðrar skriflegar heimildir um merki skortir, eða ef ljóst þykir að heildarmerkjum jarðar sé ekki lýst í landamerkjabréfi. Í tilvikum þar sem ekki er fyrir að fara víðáttumiklu fjalllendi eða heiðarlöndum telur óbyggðanefnd, líkt og áður segir, alla jafna hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Að framan voru niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 3–4/2004 og 2–3/2005 annars vegar og í máli nr. 1/2018 hins vegar bornar saman og greint frá því að munur á staðháttum hafi meðal annars stutt við ólíkar niðurstöður. Almennt má að mati óbyggðanefndar segja um þau tilvik í Ísafjarðarsýslum þar sem deilt er um efstu hluta fjalla að þau eru mun líkari framangreindum tilvikum Esju og Smjörfjalla heldur en tilviki svæðisins sunnan og austan Snæfellsjökuls að því leyti að fjalllendi milli jarða er ekki víðfeðmt í samanburði við stærð óumdeilda eignarlanda jarðanna neðan þeirra fjallsbrúna sem íslenska ríkið miðar kröfur sínar við. Skoðun landamerkjabréfa og annarra heimilda um merki jarða í Ísafjarðarsýslum leiðir þó í ljós að þar er algengara en í tilvikum Esju og Smjörfjalla að merkjalýsingar til fjalla séu óljósar eða að merkjum sé yfirhöfuð ekki lýst til fjalla. Aftur á móti eru fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna í flestum tilvikum litlar og fjöllin mynda skýr náttúruleg skil. Að teknu tilliti til alls þess sem hér hefur verið rakið er því að mati óbyggðanefndar í flestum tilvikum þar sem deilt er um efstu hluta fjalla í Ísafjarðarsýslum rétt að leggja til grundvallar að land jarða nái saman á fjöllum og því séu ekki þjóðlendur þar. Á þetta við um flest ágreiningssvæði sem fjallað er um í málum nr. 1–4/2021 og hluta þeirra svæða sem fjallað er um í málum nr. 5/2021 og 7–8/2021, þ.e. svæði þar sem fremur mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli dala og fjarða. Þessi almennu sjónarmið eiga aftur á móti síður við í tilvikum þar sem staðhættir eru öðruvísi og deilt er um víðáttumeiri hálendissvæði. Við úrlausn um einstök ágreiningssvæði hér á eftir verður vísað til þessarar almennu umfjöllunar eftir því sem við getur átt hverju sinni.

[...]

## 15. VIÐAUKI 9: ÚR ÚRSKURÐUM Í MÁLUM NR. 1–5/2023

### 15.1. Almenn álitæfni um stjórnskipulegt gildi

#### 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998<sup>247</sup>

Gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á því að málsmeðferð á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 brjóti gegn 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvalds og 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Á þessum grundvelli er þess krafist að óbyggðanefnd vísi kröfum ríkisins um þjóðlendum frá nefndinni. Þar sem flestir gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á sjónarmiðum af þessu tagi þykir rétt að taka þau til almennrar umfjöllunar.

Með 4. gr. laga nr. 34/2020 um breytingu á lögum nr. 58/1998 bættist ný 7. mgr. 10. gr. við síðarnefndu lögin. Samkvæmt 1. másl. hennar er óbyggðanefnd heimilt að taka til meðferðar svæði, þ.e. landshluta, sem áður hafa sætt meðferð hennar, ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 34/2020 kemur fram að við útfærslu ákvæða sem heimila óbyggðanefnd að fjalla aftur um landshluta þar sem málsmeðferð er lokið hafi verið gætt að ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð og vernd eignarréttar. Samkvæmt því liggur fyrir mat löggjafans um að 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga samræmist stjórnarskrá að þessu leyti.

Í því sambandi er þess einnig að gæta að skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga fer um málsmeðferð á grundvelli ákvæðisins eftir málsmeðferðarreglum þjóðlendlaga. Mál sem rekin eru á þessum grundvelli fá því sömu málsmeðferð og önnur mál sem óbyggðanefnd hefur haft til úrlausnar. Sú málsmeðferð hefur verið talin standast ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu, líkt og fjallað hefur verið um í fjölda dóma Hæstaréttar<sup>248</sup> og jafnframt í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorláks Arnar Bergssonar o.fl. gegn Íslandi, nr. 46461/06. Í síðastnefnda málinu gat Mannréttindadómstóll Evrópu þess m.a. — til stuðnings því að málsmeðferðin bryti ekki gegn ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu — að í þjóðlendlögum væri því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila og jafnframt að með lögnum væri ekki verið að færa land í einkaeign í hendur ríkisins. Hið sama á við um málsmeðferð skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laganna. Með ákvæðinu er því ekki lýst yfir eða gefið í skyn að íslenska ríkið njóti eignarréttar sem skert geti eignarréttindi einkaaðila og ætlunin er eftir sem áður ekki sú að land í einkaeign færir í hendur ríkisins. Þvert á móti er óbyggðanefnd falið að leysa úr eignarréttarlegri stöðu þeirra landsvæða sem til umfjöllunar eru með sama hætti og í öðrum málum sem nefndin hefur haft til meðferðar. Við meðferð málanna hafa gagnaðilar íslenska ríkisins öll sömu tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á

<sup>247</sup> Kafli 7.2.3 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2023, dags. 17. október 2024.

<sup>248</sup> Í þessu sambandi vísast m.a. til fyrsta dóms Hæstaréttar í þjóðlendumáli frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 ((Framfréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þar sem nokkuð ítarlega er fjallað um atriði af þessu tagi.

framfæri og í öðrum málum fyrir óbyggðanefnd. Að mati nefndarinnar er því ekki tilefni til að telja að málsmeðferð á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrár eða mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi eignarréttar.

Athugasemdir gagnaðila ríkisins sem varða 2. gr. stjórnarskrárinnar byggjast á því að öll kröfusvæði ríkisins í málum nr. 1–5/2023 eru aðliggjandi svæðum sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað þjóðlendur og dómstólar hafa í flestum tilvikum tekið afstöðu til þeirra. Í öllum þeim tilvikum þar sem dómstólar hafa tekið afstöðu til úrskurða óbyggðanefndar um svæði aðliggjandi kröfusvæðum ríkisins í málum nr. 1–5/2023 voru niðurstöður óbyggðanefndar um þjóðlendur staðfestar.<sup>249</sup> Byggt er á því af hálfu gagnaðila ríkisins að í niðurstöðum dómstóla um að staðfesta úrskurði óbyggðanefndar um þjóðlendumörk hafi jafnframt falist bindandi úrlausn um að landsvæði utan þjóðlendumarka samkvæmt úrskurðunum væru eignarlönd. Með því að heimila nefndinni nú að taka svæði til meðferðar sem liggja að umræddum þjóðlendumörkum sé farið á svig við 2. gr. stjórnarskrárinnar þar sem dómstólar hafi þegar tekið afstöðu til eignarréttarlegrar stöðu meirihluta þeirra landsvæða sem til meðferðar eru í málum nr. 1–5/2023.

Í þessu sambandi er til þess að líta að sakarefni þeirra dómsmála sem rekin hafa verið á grundvelli 19. gr. laga nr. 58/1998 um gildi viðkomandi úrskurða óbyggðanefndar hefur í öllum tilvikum einskorðast við afmörkun og eignarréttarlega stöðu þeirra landsvæða sem óbyggðanefnd úrskurðaði þjóðlendur. Kröfugerð gagnaðila ríkisins í öllum málunum var á þá leið að felld yrðu úr gildi ákvæði í úrskurðum nefndarinnar um að land innan tiltekinna marka væri þjóðlenda. Í sumum tilvikum var þess einnig krafist að viðurkennt væri að innan sömu marka væri enga þjóðlendu að finna eða að viðurkennt væri að land innan sömu marka væri eignarland. Í öllum málunum var íslenska ríkið sýknað af kröfum gagnaðila þess. Með því voru staðfestar niðurstöður óbyggðanefndar um að umrædd landsvæði væru þjóðlendur. Eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða var hins vegar ekki til umfjöllunar í dómunum og þar með ekki hluti af sakarefni þeirra, enda var engin afstaða tekin til þeirra í úrskurðum óbyggðanefndar. Skv. 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur

<sup>249</sup> Um er að ræða dóma Hæstaréttar 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður), 22. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur), 7. október 2010 í máli nr. 517/2009 (Grimólfsártunga), 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin), 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur), 20. október 2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá); dóma Landsréttar 20. október 2020 í máli nr. 184/2019 (Auðkúluheiði) og 4. nóvember 2022 í máli nr. 515/2021 (Fjalllendi Hraunhrepps); dóm Héraðsdóms Austurlands frá 5. mars 2010 í máli nr. E-345/2007 (suðurhluti Kverkártungu), dóma Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 14. október 2013 í máli nr. E-75/2010 (Almenningur) og frá 15. október 2013 í máli nr. E-74/2010 (Bakkasel, syðri hluti), og dóm Héraðsdóms Norðurlands vestra frá 31. desember 2018 í máli nr. E-24/2015 (Skrapatunguafrétt). Í tilviki tveggja svæða sem nú eru til meðferðar liggja ekki fyrir dómsúrlausnir um úrskurði óbyggðanefndar um aðliggjandi landsvæði. Það eru Kornsártungur í máli nr. 2/2023 og svæði sunnan og austan Drangajökuls í máli nr. 4/2023.

sem eru dæmdar þar að efni til. Með öðrum orðum eru bindandi réttaráhrif dóms, *res judicata* áhrif, bundin við það sakarefni sem leyst er úr í viðkomandi dómi á grundvelli þeirra efniskrafna sem gerðar eru. Þeir dómur sem hér eru til umfjöllunar eru samkvæmt framansögðu bindandi um það álitæfni hvort þau landsvæði sem þá voru til umfjöllunar og eru aðliggjandi kröfusvæðum ríkisins í málum nr. 1–5/2023 séu þjóðlendur en ekki um eignarréttarlega stöðu kröfusvæðanna sem nú eru til meðferðar eða annarra landsvæða utan þeirra þjóðlendna sem voru til umfjöllunar í dómsmálunum. Umræddir dómur standa þannig ekki í vegi fyrir því að óbyggðanefnd fjalli um eignarréttarlega stöðu kröfusvæða ríkisins í málum nr. 1–5/2023. Að sama skapi er ekki fallist á að með 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 sé nefndinni ætlað að ganga inn á svið dómstóla og að með því sé brotið gegn 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Í öllu falli er ljóst að óbyggðanefnd, sem er stjórnvald og handhafi framkvæmdarvalds, hefur almennt ekki heimild til að víkja lögum eða einstökum lagaákvæðum sem henni er falið að vinna eftir til hliðar á þeim grundvelli að þau samræmist ekki stjórnarskrá. Ef nefndin gerði það stigi hún inn á svið dómstóla í andstöðu við 2. gr. stjórnarskrárinnar, enda er slíkt almennt aðeins á forræði dómstóla. Aðeins hefur verið talið að játa verði stjórnvöldum heimild til að láta hjá líða að beita lögum ef tiltekið lagaákvæði er bersýnilega í andstöðu við stjórnarskrá eða skýrt dómafordæmi liggur fyrir um það, en jafnframt að gera verði afar ríkar kröfur til þess að ósamræmi laga við stjórnarskrá sé bersýnilegt og slík niðurstaða sé hvorki háð vafa né flókinni lagatúlkun, sbr. dóm Hæstaréttar 25. október 2023 í máli nr. 9/2023. Að mati óbyggðanefndar eru slíkar aðstæður ekki uppi í máli þessu. Telji gagnaðilar íslenska ríkisins að vafi sé uppi um stjórnskipulegt gildi 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sem meðferð mála nr. 1–5/2023 byggist á, geta þeir látið á það reyna fyrir dómstólum að fengnum úrskurði óbyggðanefndar, að gættum skilyrðum réttarfarslaga. Í því sambandi er bent á að sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í, sbr. 1. mgr. 19. gr. þjóðlendulaga, og heimilt er að veita aðila gjafsókn í slíkum einkamálum, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Að öllu framangreindu virtu er ekki fallist á að vísa máli þessu frá eða hafna kröfum ríkisins á þeim grundvelli að 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrár eða mannréttindasáttmála Evrópu. Málsástæður sem varða réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins verða teknar til skoðunar í kafla 7.2.5.<sup>250</sup>

<sup>250</sup> Sjá kafla 15.3 hér á eftir.

## 15.2. Almenn álitaeftni um lagagrundvöll málsmeðferðar

### skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998<sup>251</sup>

Gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja í mörgum tilvikum á því að athugasemdir óbyggðanefndar við kröfugerð ráðherra í fyrri úrskurðum nefndarinnar, sem liggja til grundvallar meðferð mála nr. 1–5/2023, geti ekki talist vera *athugasemdir* í skilningi 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga. Á þessum grundvelli er þess krafist að óbyggðanefnd vísi kröfum ríkisins um þjóðlendur frá nefndinni. Þar sem margir gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á sjónarmiðum af þessu tagi þykir rétt að taka þau til almennrar umfjöllunar.

Líkt og áður segir var 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 bætt við lögum með 4. gr. laga nr. 34/2020. Skv. 1. másl. hennar er óbyggðanefnd heimilt að taka til meðferðar svæði, þ.e. landshluta, sem áður hafa sætt meðferð hennar, ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 34/2020 segir að markmiðið með þessari heimild sé að stuðla að því að niðurstöður ráðist af efnislegu mati á fyrirliggjandi heimildum og öðrum atriðum sem geta haft áhrif á sönnunarmat, frekar en því að svæði hafi orðið útundan í upphaflegri kröfugerð ríkisins vegna mistaka eða vegna þess að þýðingarmikil gögn voru ekki komin fram þegar kröfum var lýst. Lagt sé til að slík heimild verði bundin svæðum þar sem óbyggðanefnd hafi í úrskurðum gert athugasemdir við kröfur ríkisins, en í nokkrum úrskurðum hafi óbyggðanefnd vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda. Nefndinni hafi ekki verið heimilt að rannsaka svæðin nánar vegna þess að ekki voru uppi kröfur frá ríkinu þar að lútandi. Því leiki enn vafi á um hvort þau séu háð beinum eignarrétti. Jafnframt segir í athugasemdum með frumvarpinu að til að ná því markmiði þjóðlendlaga að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu sé mikilvægt að taka af öll tvímæli um að nefndinni sé heimilt að taka svæði af þessu tagi til meðferðar. Niðurstaða um hvort svæðin séu í reynd þjóðlendur eða eignarlönd ráðist sem endranær af mati á gögnum sem koma fram, innan marka kröfugerðar. Þá er tekið fram að ríkið geti ekki á grundvelli þessarar heimildar afmarkað kröfur sínar þannig að þær nái inn á land sem áður hefur sætt slíkum kröfum, enda væri þá um tvöfalda málsmeðferð að ræða sem vafi væri á að samræmdist 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Enn fremur eru í athugasemdum við frumvarpið talin upp þau tilvik sem sögð eru uppfylla skilyrði 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga um að óbyggðanefnd hafi í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra, fram að framlagningu frumvarpsins sem varð að lögum nr. 34/2020. Þar segir að um sé að ræða úrskurði óbyggðanefndar í málum:

- nr. 1/2005 (Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal) hvað varðar annars vegar mörk Skriðuklausturs gagnvart afréttarsvæðunum Rana og Undir

<sup>251</sup> Kafli 7.2.4 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2023, dags. 17. október 2024.

- Fellum og hins vegar mörk Valþjófsstaðar gagnvart svokölluðum Vestur-öræfum,
- nr. 4/2005 (Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur) hvað varðar annars vegar nyrsta hluta Grímólfsártungu og hins vegar Kverkártungu,
  - nr. 2/2008 (Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár) hvað varðar fjalllendi vestan Urðarvatna,
  - nr. 3/2008 (Hörgárbyggð austan Öxnadalsár) að því er varðar merki Vaskárdals, Almennings og Bakkasels,
  - nr. 5/2008 (Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár, ásamt Hofsjökli) hvað varðar annars vegar landsvæði norðan Eyvindarstaðaheiðar og hins vegar Hraunin svonefndu austan Eyvindarstaðaheiðar,
  - nr. 1/2013 (Skagi) hvað varðar annars vegar austasta hluta Skálahnjúks og hins vegar mörk Skrapatunguafréttar,
  - nr. 2/2013 (Húnavatnshreppur) hvað varðar annars vegar mörk milli Auðkúlu og Auðkúluheiðar og hins vegar hluta af svæðinu milli Kornsár og Kleppukvíslar, og
  - nr. 1/2014 (landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár) hvað varðar annars vegar norðausturmerki Svarfhóls og hins vegar svæði austan Hítardals.

Framsetning athugasemdanna í þessum úrskurðum er mismunandi en í öllum tilvikum er vakið máls á því að gögn málsins kunni að gefa til kynna óvissu um eignarréttarlega stöðu lands utan svæðis þar sem ríkið hafði gert þjóðlendukröfur en jafnframt tekið fram, oftast með vísan til dóma Hæstaréttar í málum nr. 367/2005 og 571/2006, að þar sem óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila geti ekki komið til skoðunar í málinu hvort þar sé um að ræða eignarland eða þjóðlendu.

Ljóst þykir að fyrrgreind talning sé tæmandi miðað við þann tíma þegar frumvarp til laga nr. 34/2020 var lagt fram, þ.e. 1. nóvember 2019. Eftir þann tíma, 21. febrúar 2020, kvað nefndin upp úrskurð í máli nr. 1/2019 sem hefur að geyma sambærilega athugasemd að því er varðar svæði sunnan og austan Drangajökuls, þar sem nefndin vakti máls á því að vafi kynni að vera um eignarréttarlega stöðu þess svæðis. Að mati nefndarinnar verður ekki litið fram hjá framangreindri talningu við mat á því hvað teljist vera athugasemd við kröfugerð ráðherra í skilningi 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 heldur beri að túlka ákvæðið með hliðsjón af henni. Af athugasemdum við frumvarpið er að mati nefndarinnar skýrt að vilji löggjafans var að ákvæðið yrði túlkað með þeim hætti. Þá verður einnig að túlka ákvæðið með hliðsjón af því markmiði þjóðlendulaga að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu og því markmiði með lögfestingu 7. mgr. 10. gr. laganna að niðurstöður ráðist af efnislegu mati á fyrirbyggjandi heimildum og öðrum atriðum sem geta haft áhrif á sönnunarmat.

Líkt og segir í bréfi óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra frá 11. ágúst 2022, er mat nefndarinnar, að teknu tilliti til athugasemda með frumvarpi er varð að lögum nr. 34/2020, að fullnægt sé skilyrðum 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að taka til meðferðar þau sautján landsvæði sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023.

Að þessu gættu er ekki fallist á að vísa kröfum íslenska ríkisins frá óbyggðanefnd á þeim grundvelli að athugasemdir óbyggðanefndar við kröfugerð ráðherra í fyrri úrskurðum nefndarinnar, sem liggja til grundvallar málsmeðferð í málum nr. 1–5/2023, geti ekki talist vera athugasemdir í skilningi 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga.

### 15.3. Almenn álitæfni um réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins<sup>252</sup>

Gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á því að kröfugerð ríkisins í málunum sé ósamrýmanleg kröfugerð ríkisins í eldri málum fyrir óbyggðanefnd. Með því að lýsa ekki kröfum til viðkomandi landsvæða í eldri málum hafi ríkið skapað réttmætar væntingar til þess að landsvæði sem ekki voru úrskurðuð þjóðlendur á þeim tíma væru eignarlönd. Þar sem flestir gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á sjónarmiðum af þessu tagi þykir rétt að taka þau til almennrar umfjöllunar. Til stuðnings þessari málsástæðu vísa gagnaðilar ríkisins til dóma Hæstaréttar 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) og 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Þessir dómur verða teknir til nánari skoðunar í þessu samhengi og einnig dómur Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II),<sup>253</sup> auk tveggja úrskurða óbyggðanefndar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) var um að ræða landsvæði á Skeiðarársandi sem var innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfi Skaftafells II en Hæstiréttur taldi þó að eldri heimildir styddu ekki að það hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Aftur á móti taldi rétturinn að með tilteknum gerðum í tengslum við áform um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hefðu menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð „ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra“. Dómkröfur ríkisins um að svæðið væri þjóðlenda væru þessu alls ósamrýmanlegar. Þau lögskipti sem þar um ræðir fólust m.a. í því að menntamálaráðherra undirritaði árið 1966 afsal fyrir hönd ríkisins sem kaupanda að landinu, þar sem vísað var til framangreinds landamerkjabréfs Skaftafells II, og Náttúruverndarráð gaf út yfirlýsingu árið 1987 um að ágreiningssvæðið utan þjóðgarðsins væri í eigu lögbýlisins.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) var sú staða uppi að íslenska ríkið var meðal þeirra sem seldu hluta ágreiningssvæðisins til Orku-

<sup>252</sup> Kafli 7.2.5 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2023, dags. 17. október 2024.

<sup>253</sup> Sjá einnig umfjöllun um þessa dóma í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og í úrskurði óbyggðanefndar 15. ágúst 2019 í máli nr. 4/2018 (Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla).



veitu Reykjavíkur 1999 og við kaupin var gengið út frá því að svæðið væri innan merkja jarða og háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli. Jafnframt var þar gengið út frá því að hið sama ætti við um svæði sem Orkuveitan keypti af eigendum nærliggjandi jarða. Réð þetta atriði úrslitum um þá niðurstöðu réttarins að svæðið væri eignarland en ekki þjóðlenda, þrátt fyrir að rétturinn teldi eldri heimildir mæla gegn þeirri lýsingu landamerkjabréfa umræddra jarða að svæðið væri innan merkja þeirra. Talið var að ríkið hefði með þeim gerðum sem um ræddi viðurkennt í lögskiptum sínum við Orkuveituna að svæðið sem deila hennar við ríkið laut að væri háð beinum eignarrétti. Krafa ríkisins um mörk þjóðlendu var talin alls ósamrýmanleg þessu.

Um þessa tvo dóma segir í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*:

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaus en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að lítið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Eftir að þetta var ritað féll einn dómur til viðbótar í Hæstarétti þar sem reyndi á sambærilegt álitaefni, þ.e. áður nefndur dómur Hæstaréttar í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Þar réðu fyrri lögskipti eiganda Hvassafells við íslenska ríkið úrslitum um þá niðurstöðu að Hvassafellsdalur væri eignarland, þrátt fyrir að rétturinn teldi að fyrirbyggjandi heimildir styddu „á engan hátt að land á svæðinu, sem málið varðar, hafi með námi orðið háð beinum eignarrétti“, heldur hnigju þær þvert á móti eindregið að því „að eigendur Hvassafells hafi notið óbeinna eignarréttinda yfir landinu, sem falist hafi í hefðbundnum notum til upprekstrar búfjár og öðru því sem afréttir hafa í aldanna rás almennt verið hafðir til“. Þau lögskipti sem um ræðir fólu í sér að landbúnaðarráðherra samþykkti landskipti á því landi sem deilt var um í málinu og töku þess úr landbúnaðarnotum á þeim grundvelli að um land jarðar væri að ræða. Í forsendum fyrir niðurstöðu dómsins segir:

Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk

Þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda. Er því óhjákvæmilegt að taka til greina kröfu áfrýjanda um að felld verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008 um að landsvæðið Hvassafellsdalur sé þjóðlenda, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012.

Á sambærilegt álitaefni reyndi einnig í úrskurði óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 3/2016 (Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár), að því er varðar Sauðafellsselland. Þar lá fyrir samningur um fjölnytjaskógrækt, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu fyrir hönd landbúnaðarráðherra, þar sem ótvírætt virtist gert ráð fyrir að svæðið sem samningurinn tók til og var innan ágreiningssvæðis málsins væri hluti af viðkomandi lögbýli og háð beinum eignarrétti. Óbyggðanefnd taldi að krafa fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um að sama svæði væri þjóðlenda væri ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds, sem girti jafnframt fyrir að unnt væri að fallast á kröfuna, a.m.k. að því er þann hluta ágreiningssvæðisins varðaði.

Einnig má nefna úrskurð óbyggðanefndar 15. ágúst 2019 í máli nr. 4/2018 (Fjallendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla). Þar lá m.a. fyrir að skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu hafði, fyrir hönd ráðherra, undirritað tvær yfirlýsingar 1964 um landamerki tiltekinna jarða sunnan Baulárvallavatns. Þá lá einnig fyrir afsal frá 1992, undirritað af landbúnaðarráðherra, vegna einnar jarðarinnar, þar sem vísað var um landamerki jarðarinnar til annarrar af landamerkjayfirlýsingunum frá 1964. Um þetta segir í úrskurði óbyggðanefndar:

Landbúnaðarráðherra og starfsmenn ráðuneytisins voru ekki til þess bærir að breyta eignarréttarlegri stöðu hins umdeilda svæðis með því að undirrita umræddar tvær yfirlýsingar um landamerki 1964 og afsala 1992 stærra svæði en áður tilheyrði Ytra-Lágafelli, sbr. þá meginreglu eignarréttar að eigandi fasteignar getur ekki afsalað viðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Þrátt fyrir það verður að telja að með þessum gerðum hafi íslenska ríkið viðurkennt gagnvart Ársæli Jóhannessyni, sem keypti Ytra-Lágafell 1992, að sameiginleg landamerki Ytra-Lágafells og Hofstaða væru þau sem greinir í yfirlýsingunni frá 1964. Jafnframt mátti ríkinu vera ljóst að eigendur Hofstaða og Elliða gætu lagt traust sitt á að í þessu fælist að ríkið viðurkenndi þau landamerki sem lýst er í yfirlýsingunum tveimur frá 1964 sem báðar eru undirritaðar af skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Breytir engu um þetta þótt sýslumannsembættið hafi þinglýst skjölunum með athugasemdum um að embættið hefði ekki borið landamerkjalyfingarnar saman við eldri heimildarskjöl um svæðin. Krafa ríkisins um þjóðlendu innan þeirra merkja sem lýst er í umræddum yfirlýsingum er þessu ósamrýmanleg, sbr. áður nefnda dóma Hæstaréttar í málum nr. 496/2005, 617/2012 og 94/2017, og er henni því hafnað.

Hér hefur verið rakin réttarframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á þjóðlendumál fyrir óbyggðanefnd og dómstólum. Í þeim tilvikum sem slíkt hefur haft áhrif á niðurstöður þjóðlendumála hafa tilteknar *athafnir* ríkisins verið taldar hafa skapað væntingar hjá landeigendum og verið ósamrýmanlegar síðari þjóðlendukröfum, en kröfunum hefur verið hafnað á þeim grundvelli. Allar þær athafnir ríkisins sem í áður nefndum dómum voru taldar ósamrýmanlegar þjóðlendukröfum ríkisins eiga það sam-

eiginlegt að hafa varðað tiltekin afmörkuð landsvæði og beinst að eigendum tiltekinna jarða. Umræddar athafnir ríkisins fólu þannig í sér viðurkenningu á því að afmörkuð landsvæði væru hlutar tiltekinna jarða og eignarlönd viðkomandi landeigenda á þeim grundvelli. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) var til umfjöllunar land á Skeiðarársandi sem menntamálaráðherra hafði afsalað fyrir hönd ríkisins árið 1966 þar sem um landamerki var vísað til landamerkjabréfs Skaftafells II, sem tók til ágreiningssvæðis málsins, auk þess sem fyrir lá yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá 1987 um að ágreiningssvæðið væri í eigu lögbýlisins. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) var um það að ræða að íslenska ríkið hafði verið meðal seljenda hluta ágreiningssvæðis málsins til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999 þar sem gengið var út frá því að svæðið væri innan merkja tiltekinna jarða. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur) var til umfjöllunar land þar sem landbúnaðarráðherra hafði samþykkt landskipti og töku þess úr landbúnaðarnotum á þeim grundvelli að um land tiltekinna jarðar væri að ræða. Það sama á við um úrskurði óbyggðanefndar sem hér hafa verið nefndir.

*Aðgerðaleyfi* ríkisins hefur á hinn bóginn almennt ekki verið talið nægja til að skapa slíkar væntingar. Sem dæmi má nefna að aðgerðaleyfi eða tómlæti ríkisins — t.d. þegar látið hefur verið hjá líða að gera athugasemdir eða aðhafast vegna skráningar á eignarhaldi lands á grundvelli eignarheimilda eins og landamerkjabréfa eða þinglýsingabóka — hefur ekki haft sérstaka þýðingu í dómaframkvæmd, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Slíkt aðgerðaleyfi ríkisins hefur ekki verið talið nægja til þess að skapa réttmætar væntingar um beinan eignarrétt ef fullnægjandi heimildir skortir um eignarhaldið. Athugasemdalaus þinglýsing landamerkjabréfs eða annarrar eignarheimildar hefur þannig ekki verið talin leiða til réttmætra væntinga eigenda jarðar um að beinn eignarréttur hafi með því unnist að landi sem ekki átti undir jörðina áður, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (Hofsafréttur).

Af framangreindri dómaframkvæmd verður ráðið að til þess að athafnir ríkisins geti skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að landsvæði sé eignarland hans verði þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sé hluti þeirrar jarðar. Í slíkum tilvikum virðast réttmætar væntingar geta haft sjálfstæða þýðingu að lögum og umfram þá vernd sem meintur rétthafi gæti reist á hefðbundnum heimildum að landsrétti. Í ljósi þeirrar þýðingarmiklu meginreglu eignaréttar að sá sem kallar til eignarréttinda yfir fasteign verði að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir rétti sínum ber að varast að túlka áðurnefnda dóma um sjálfstæða þýðingu réttmætra væntinga rúmt, enda verður beiting slíkra sjónarmiða að teljast undantekning frá fyrrgreindri meginreglu.

Þá hefur einnig þýðingu í þessu sambandi að þegar íslenska ríkið lýsti kröfum í öndverðu á hverju svæði, innan lögbundins kröfulýsingarfrests, lágu ekki öll gögn um svæðið fyrir. Undir rekstri hvers máls komu fram ýmsar heimildir og upplýsingar sem

ekki voru fyrir hendi þegar ríkið lýsti kröfum á svæðunum. Íslenska ríkinu var hins vegar ekki, fyrir gildistöku laga nr. 34/2020, heimilt að aðlaga kröfugerð sína að nýjum heimildum og upplýsingum ef í því fólst að aukið væri við kröfugerð ríkisins. Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 34/2020 segir um þetta atriði:

Samkvæmt dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum, einkum dómi frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafreittur), er óbyggðanefnd bundin af kröfugerð aðila við úrlausn mála og getur því ekki úrskurðað um þjóðlendir á öðrum svæðum en þeim sem kröfur ríkisins ná til. Kröfum ríkisins er lýst á því stigi málsmeðferðar þegar gagnaöflun vegna viðkomandi svæðis er einungis lokið að hluta, enda er leit í sumum heimildaflokkum það seinleg að ógerlegt væri að koma henni við án þess að takmarka hana við þau svæði sem þjóðlendukröfur varða nema ætla mun lengri tíma til verksins en hingað til hefur tíðkast. Við gagnaöflun sem á sér stað eftir að kröfum ríkisins er lýst geta komið fram skjöl sem breyta forsendum kröfugerðar og benda í sumum tilvikum til þess að þjóðlendukröfur ríkisins hefðu átt að taka til stærra svæðis eða fleiri svæða. Að óbreyttum lögum eru verulegar skorður reistar við aukningu krafna ríkisins eftir að upphaflegar kröfur hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. 10. gr. og 12. gr. laganna, sbr. t.d. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 (Hörgárbyggð austan Öxnadalsár) og dóma Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 11. október 2013 í máli nr. 71/2010 (Vaskárdalur), frá 14. sama mánaðar í máli nr. 75/2010 (Almenningur í Öxnadal) og frá 15. sama mánaðar í máli nr. 74/2010 (syðri hluti Bakkasels). Þar var því hafnað að kröfur ríkisins sem komu fram eftir tiltekið tímamark yrðu teknar til meðferðar og dómarnir standa allir óraskaðir af Hæstarétti. Þessi réttarstaða getur leitt til þess að svæði sem ættu að teljast til þjóðlendna samkvæmt almennum sönnunarreglum verði ekki úrskurðuð þjóðlendir vegna þess hvernig kröfum ríkisins var upphaflega hagað.

Að mati nefndarinnar þarf að hafa þessa réttarstöðu í huga við mat á því hvort réttmætar væntingar kunni eftir atvikum að hafa skapast á grundvelli upphaflegrar kröfugerðar ríkisins sem tók til landsvæða aðliggjandi þeim svæðum sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023.

Samkvæmt öllu framansögðu er ekki unnt að fallast á að almennar athafnir ríkisins, eins og þær að lýsa ekki kröfum til landsvæða í þjóðlendumálum fyrir óbyggðanefnd, geti verið til þess fallnar að skapa landeigendum réttmætar væntingar um að slík landsvæði séu eignarlönd þeirra. Hafa verður hugfast að í kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd felst almennt ekki afstaða til þess að afmörkuð landsvæði utan þjóðlendukröfuvæða ríkisins séu eignarlönd tiltekinnna jarða. Það er enda ekki hlutverk óbyggðanefndar að skera úr um mörk milli eignarlanda og slíkt er því ekki til umfjöllunar í málum fyrir nefndinni eða eftirfarandi dómsmálum í þjóðlendumálum.

Því er ekki fallist á að það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til þeirra landsvæða sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023 í eldri málum fyrir óbyggðanefnd hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar til þess að umrædd landsvæði væru eignarlönd þeirra og að hafna beri kröfum ríkisins á þeim grundvelli.

Þrátt fyrir það kunna að vera fyrir hendi tilvik þar sem fyrir liggja athafnir ríkisins sem ganga lengra en það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til viðkomandi landsvæða fyrir óbyggðanefnd. Slík tilvik verður að skoða sérstaklega út frá þeim sjónarmiðum sem fram koma í framangreindri dómaframkvæmd. Fjallað verður um slík tilvik eftir

því sem málatilbúnaður aðila og rannsókn óbyggðanefndar gefur tilefni til í tengslum við umfjöllun um eignarréttarlega stöðu hvers ágreiningssvæðis fyrir sig í kafla 7.4.

Sjónarmið um ósamrýmanleika fyrri athafna ríkisins og kröfugerðar ríkisins í þjóðlendumálum hafa einnig tengsl við sjónarmið um réttmætar væntingar í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, eins og þau hafa verið túlkuð af Mannréttindadómstól Evrópu. Dómstóllinn hefur byggt á því að réttmætar væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta tiltekinna eigna heyri undir vernd eignarréttarákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu. Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorláks Arnar Bergssonar o.fl. gegn Íslandi, nr. 46461/06, reyndi á gildi þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og túlkun Hæstaréttar á þeim í dómi réttarins frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2005 (Breiðármörk og Fjall). Kærendur byggðu m.a. á að þeir hefðu haft réttmætar væntingar til þess að þeir ættu beinan eignarrétt að hinu umþrætta landsvæði, m.a. þar sem íslenska ríkið hefði viðurkennt landamerkjabréf jarða þeirra, sem þeir byggðu rétt sinn á, og aldrei dregið þau í efa fyrir en þjóðlendukröfur voru gerðar árið 2000.

Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu kemur fram að þegar eign er í eðli sínu krafa megi líta svo á að sá sem telji til hennar hafi réttmætar væntingar ef nægilegur grundvöllur er fyrir henni í landslögum, t.d. ef föst dómaframkvæmd innanlands staðfestir að eignin sé til. Hins vegar sé ekki hægt að líta svo á að réttmætar væntingar séu fyrir hendi þegar deilur standi um réttan skilning á landslögum og dómstólar innanlands hafna röksemdum kæranda. Dómstóllinn taldi að beiting Hæstaréttar á reglum eignaréttar í tilviki kæranda hefði verið í samræmi við eigin fordæmi réttarins og að þess væru engin merki að þar hefði gætt geðþótta eða að niðurstaðan hefði verið andstæð þeim reglum landslaga sem við áttu. Að því virtu féllst dómstóllinn ekki á að kærendur hefðu átt eignarrétt sem væri nægilega fastur í sessi til að réttmætar væntingar gætu tengst honum. Því var talið að krafa þeirra til eignaréttar að hinu umdeilda landi hefði ekki verið eign í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í þessu sambandi má einnig nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Kopecký gegn Slóvakíu, nr. 44912/98. Þar fjallaði dómstóllinn m.a. um að gera þyrfti greinarmun á væntingum sem byggðust aðallega á voninni einni, sem nytu ekki verndar ákvæðisins, hversu skiljanleg sem sú von kynni að vera, og réttmætum væntingum, sem þyrftu að eiga sterkari rætur í öðru, svo sem settum lögum eða dómafordæmum.<sup>254</sup> Þar kom einnig fram að ekki væri unnt að fallast á að réttmætar væntingar væru fyrir hendi þegar ágreiningur væri um túlkun og beitingu landslaga og málatilbúnaði kæranda væri hafnað af innlendum dómstólum.<sup>255</sup>

<sup>254</sup> Sjá 49. mgr. í dómnum: „There was a difference [...] between a mere hope of restitution, however understandable that hope may be, and a “legitimate expectation”, which must be of a nature more concrete than a mere hope and be based on a legal provision or a legal act such as a judicial decision.“

<sup>255</sup> Sjá 50. mgr. í dómnum: „Similarly, no legitimate expectation can be said to arise where there is a dispute as to the correct interpretation and application of domestic law and the applicant’s submissions are subsequently rejected by the national courts.“

Af framangreindu, og annarri dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,<sup>256</sup> verður ráðið að við mat á því hvort um réttmætar væntingar í framangreindum skilningi sé að ræða skipti einkum máli hvort nægilegur grundvöllur sé fyrir þeim í landslögum, t.d. samkvæmt fyrirbyggjandi dómaframkvæmd. Væntingar sem ekki eiga sér nægilega traustan grundvöll í landslögum eða dómaframkvæmd njóta þannig ekki verndar eignarréttarákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram að eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu vernda ekki rétt manna til að öðlast eignir.<sup>257</sup>

Hér að framan hefur innlend dómaframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á þjóðlendumál verið tekin til skoðunar og komist að þeirri niðurstöðu að til þess að athafnir ríkisins geti skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að landsvæði sé eignarland hans verði þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sé hluti þeirrar jarðar. Telja verður að það sé fyrst og fremst í slíkum tilvikum sem landeigendur geta talist hafa réttmætar væntingar til beins eignarréttar að tilteknum landsvæðum í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, enda eiga slíkar væntingar sér stoð í fyrirbyggjandi dómaframkvæmd.

---

<sup>256</sup> Sjá t.d. dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í málum Gratzinger og Gratzingerova gegn Tékklandi, nr. 39794/98, Anheuser-Busch Inc. gegn Portúgal, nr. 73049/01, og Béláné Nagy gegn Ungverjalandi, nr. 53080/13.

<sup>257</sup> Sjá t.d. dóm Hæstaréttar 25. október 2023 í máli nr. 9/2023 og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Stummer gegn Austurríki, nr. 37452/02.

## VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR

Á fundi óbyggðanefndar 17. október 2024 úrskurðuðu nefndarmenn í máli nr. 2/2022 gagnaðilum íslenska ríkisins í málinu málskostnað að hluta sem hér segir, sbr. kafla 7.5 í úrskurði málsins:

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Jóns Jónssonar lögmanns:

- Fuglaverndarfélag Íslands vegna Njarðvíkur I; Jakob Sigurðsson og Margrét I. Benediktsdóttir vegna Borgar; og Múlaþing vegna Njarðvíkur III: 450.000 kr.
- Stóruð ehf. vegna Hrafnabjarga: 450.000 kr.
- Sigurður Thoroddsen vegna Sandbrekku: 550.000 kr.
- Sigurður Hannes Magnússon, Jökull Magnússon, Jón Már Halldórsson og Árn-dís Birgitta Georgsdóttir vegna Hólalands; og Jón Sveinsson vegna Hólalands-hjáleigu: 450.000 kr.
- Þjóðkirkjan vegna Desjarmýrar: 450.000 kr.
- Múlaþing og db. Jóns Sigurðssonar vegna Brúnavíkur: 450.000 kr.
- Gunnhildur Gunnarsdóttir og Einar Baldursson vegna Ness; og Þórhallur Eyjólfsson vegna Neshjáleigu: 450.000 kr.

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns:

- Vilborg Magnúsdóttir vegna Þórsness: 350.000 kr.

Vegna Sigmars Páls Jónssonar lögmanns:

- Ágústa Sveinsdóttir, Bjarni Sveinsson, Bóthildur Sveinsdóttir, Geirlaug Sveins-dóttir, Guðrún Hvönn Sveinsdóttir, Ingibjörg Sveinsdóttir, Jón Sveinsson og Karl Sveinsson vegna Hvannstöðs; Andrés Björnsson vegna Gilsárvalla 1–3; og Jón Sveinsson vegna Grundar 1 og 2: 700.000 kr.

Vegna Bjarka Más Baxter lögmanns:

- Db. Guðrúnar H. Hallgrímsdóttur vegna Ytri-Álftavíkur (Glaumbæjar): 700.000 kr.

Eins og fram kemur í kafla 7.5 er um hluta málskostnaðar gagnaðila ríkisins að ræða, vegna takmarkaðra fjárheimilda óbyggðanefndar. Málið verður endurupptekið í byrjun árs 2025 í því skyni að úrskurða um það sem eftir stendur af málskostnaðinum.

Áður hafði óbyggðanefnd, á fundi 19. desember 2023, úrskurðað gagnaðilum íslenska ríkisins í málinu málskostnað í tilvikum þar sem ekki var lengur ágreiningur um mörk jarða, sem hér segir:

Vegna Friðbjörns Garðarssonar lögmanns:

- Örn Hrafnsson, Margeir Hrafnsson, Elfar Þór Tryggvason og Þorsteinn Ragnarsson vegna Húsavíkur; Ingibjörn Kristinsson og Skúli Kristinsson vegna Dallands; Elfar Þór Tryggvason vegna Dallandsþarts; og db. Guðrúnar H. Hallgrímsdóttur vegna Hólshúsa: 700.000 kr., sem þegar hafa verið greiddar.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmannna, hefur þegar verið eða verður endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.



## FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ<sup>1</sup>

Þjóðlendur:	Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins
Borg:	Jakob Sigurðsson og Margrét I. Benediksdóttir
Brúnavík:	Múlaþing og db. Jóns Sigurðssonar
Desjarmýri:	Þjóðkirkjan
Gilsárvellir 1–3:	Andrés Björnsson
Grund 1 og 2:	Jón Sveinsson
Hólaland:	Sigurður Hannes Magnússon, Jökull Magnússon, Jón Már Halldórsson og Árndís Birgitta Georgsdóttir
Hólalandshjáleiga:	Jón Sveinsson
Hrafnabjörg:	Stóruð ehf.
Hvannstöð:	Ágústa Sveinsdóttir, Bjarni Sveinsson, Bóthildur Sveinsdóttir, Geirlaug Sveinsdóttir, Guðrún Hvönn Sveinsdóttir, Ingibjörg Sveinsdóttir, Jón Sveinsson og Karl Sveinsson
Nes:	Gunnhildur Gunnarsdóttir og Einar Baldursson
Neshjáleiga:	Þórhallur Eyjólfsson
Njarðvík I:	Fuglaverndarfélag Íslands
Njarðvík III:	Múlaþing
Sandbrekka:	Sigurður Thoroddsen
Ytri-Álftavík:	Db. Guðrúnar H. Hallgrímsdóttur
Þórsnes:	Vilborg Magnúsdóttir

---

<sup>1</sup> Auk þeirra sem hér eru nefnd var við meðferð málsins lýst kröfum vegna Húsavíkur í Víkum af hálfu Arnar Hrafnssonar, Margeirs Hrafnssonar, Elfars Þórs Tryggvasonar og Þorsteins Ragnarssonar; Dallands í Víkum af hálfu Ingibjarnar Kristinssonar og Skúla Kristinssonar; Dallandsþarfs í Víkum af hálfu Elfars Þórs Tryggvasonar; og Hólshúsa í Víkum af hálfu db. Guðrúnar H. Hallgrímsdóttur. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu framangreindir aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfur um málskostnað.

## FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ<sup>1</sup>

### a) Efnisflokkuð skjalaskrá<sup>2</sup>

#### Skjöl lögð fram í máli nr. 1/2022 (OBN 22120001)

Lagt fram af Eddu Andradóttur og Andra Andrasyni lögmönnum f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

1		Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 25.1.2022, leiðrétt 4.2.2022.
	1(1)	Skjalaskrá fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 25.1.2022.
	1(2)	Yfirlitskort, svæði 11. Kröfulínur fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 28.1.2021.
	1(3)	Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á svæði 11 og kröfulýsingarfrest, dags. 20.4.2021, ásamt yfirlitskortum og bréfi til lögmans ríkisins, dags. 20.4.2021. Nr. 24 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(4)	Bréf óbyggðanefndar um framlengdan kröfulýsingarfrest, dags. 5.10.2021, ásamt beiðni um viðbótarfrest frá lögmanni ríkisins, dags. 30.9.2021. Nr. 25 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(5)	Bréf óbyggðanefndar um framlengdan kröfulýsingarfrest, dags. 4.11.2021, ásamt beiðni um viðbótarfrest frá lögmanni ríkisins, dags. 1.11.2021. Nr. 26 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(6)	Bréf óbyggðanefndar um framlengdan kröfulýsingarfrest, dags. 3.12.2021, ásamt beiðni um viðbótarfrest frá lögmanni ríkisins, dags. 2.12.2021. Nr. 27 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(7)	Bréf óbyggðanefndar um framlengdan kröfulýsingarfrest, dags. 8.1.2022, ásamt beiðni um viðbótarfrest frá lögmanni ríkisins, dags. 5.1.2022. Nr. 28 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(8)	Bréf óbyggðanefndar um framlengdan kröfulýsingarfrest, dags. 24.1.2022, ásamt beiðni um viðbótarfrest frá lögmanni ríkisins, dags. 24.1.2022. Nr. 29 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(9)	Listi yfir jarðir og landnúmer þeirra á svæði 11. Nr. 19 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(10)	Uppskriftir úr landamerkjabók Norður-Múlasýslu, ásamt efnisyfirliti. Nr. 20–21 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(11)	Uppskriftir úr landamerkjabók Suður-Múlasýslu, ásamt efnisyfirliti. Nr. 22–23 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(12)	Minnisblöð frá Þjóðskjalasafni Íslands sem varða m.a.: 1) Ósafrétt og Grasdal, Hrafnabjargafrétt og Sandbrekkufrétt, 2) Hraundal og Kirkjutungur, 3) Desjarmýrarfrétt, afrétti Hólalands og Hvannstólar, og afréttarland Gilsárvala, 4) Hvalvík, Herjólfsvík, Ytri-Álftavík og Innri-Álftavík. Dags. 14.12.2021, 19.1.2022 og 21.1.2022. Nr. 4–5 og 7–9 í skjalaskrá, skjali 1(1).

<sup>1</sup> Skjöl undir nr. 2 eru afrakstur kerfisbundinnar gagnaöflunar á Þjóðskjalasafni Íslands. Tilvísanir til merkingar aftast í hverri færslu þar vísa til auðkenningar Þjóðskjalasafnsins, sbr. heildarskilabréf og greinargerð Þjóðskjalasafnsins, skjöl nr. 2 og 3(2), en þar er að finna nánari upplýsingar en skráðar eru hér í skjalaskrána um uppruna viðkomandi skjala.

<sup>2</sup> Skjöl undir nr. 2 og 4 eru ekki í númeraröð heldur efnisflokkuð, sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“ en þar eru m.a. upplýsingar um gagnaflokka: <https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/frumgagnayfirlit.pdf>

1(13)	Greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins í máli nr. 1/2022, dags. 13.12.2023.
-------	---

**Lagt fram af óbyggðanefnd:***Skilabréf og söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands:*

2		Heildarskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands; yfirlit um heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 26.6.2024.
3	3(1)	Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands í máli nr. 1/2022, 1. útg., dags. 14.7.2023.
	3(2)	Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands í máli nr. 1/2022, 2. útg., dags. 26.6.2024.
	3(3)	Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands um <i>The Old Icelandic Land Registers</i> eftir Björn Lárusson og frumrit jarðabóka, dags. 2.2.2024.
	3(4)	Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands vegna fyrirspurnar um tilskipun frá 20. febrúar 1754, dags. 16.5.2024

*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1):*

	2(1) a–b	Hjaltastaður í Útmannasveit, landamerki, ódagsett, þinglýst 2.7.1884. Merkt A.1.7a–b.
	2(2) a–b	Sandbrekka í Útmannasveit, landamerki, dags. 20.6.1884, þinglýst 2.7.1884. Merkt A.1.9a–b.
	2(3) a–b	Þórsnes í Útmannasveit, landamerki, dags. 10.11.1921, þinglýst 19.7.1922. Merkt A.1.116a–b.
	2(4) a–b	Hrafnabjörg í Útmannasveit, landamerki, dags. 7.5.1884, þinglýst 2.7.1884. Merkt A.1.10a–b.
	2(5) a–b	Unaós í Útmannasveit ásamt Heyskálum, landamerki, dags. 8.5.1885, þinglýst 2.6.1886. Merkt A.1.24a–b.
	2(6) a–b	Unaós í Útmannasveit, mörk lóðar við Óshöfn, ódagsett, þinglýsingardags ekki getið. Merkt A.1.143a–b.
